Alþingi 1991

SAMEINAÐ ÞING

1. fundur, 13. maí.

Þingsetning.

Árið 1991, mánudaginn 13. maí, var hundraðasta og fjórtánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og fyrsta aukaþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og níunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Geir Waage steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.
2. Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
5. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
9. Eiður Guðnason, 4. þm. Vesturl.
10. Einar Kr. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.
12. Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
13. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
14. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.
15. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
18. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
19. Guðrún Helgadóttur, 14. þm. Reykv.
20. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.
21. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
22. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
23. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
24. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.
25. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.
26. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
27. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
29. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
30. Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.
31. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
32. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
33. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykn.
34. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.
35. Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.
36. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
37. Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.
38. Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.
39. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
44. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
45. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
47. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
48. Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.
49. Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.
50. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.
51. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
52. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.
53. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.
54. Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.
55. Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.
56. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
58. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.
59. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
61. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
62. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
63. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 3. maí 1991 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 13. maí 1991.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1991.
Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 13. maí 1991."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Það þing sem hér hefur störf er 114. löggjafarþing Íslendinga frá því að Alþingi var endurreist. Það markar þau tímamót að þinghald hefst að þessu sinni að nýafstöðnum kosningum og að til starfa tekur hér í dag meiri fjöldi nýrra þingmanna en áður hefur verið á nýkjörnu þingi. Á nýrri vegferð njóta þeir trausts og liðsinnis þeirra mörgu sem um árabil hafa sinnt fyrir þjóðarhag verkefnum þessarar virðulegustu stofnunar hins íslenska lýðveldis.

Meginstyrkur okkar Íslendinga er metnaður okkar, hvers og eins, fyrir hönd ættjarðar okkar og þjóðar. Land, þjóð og sameiginlegar minningar á einni tungu, fortíð og nútíð samofin í eitt eru hornsteinar framtíðar. Á lýðræðiskjörna fulltrúa okkar er lögð sú ábyrgð að þeir stýri fleyi okkar til farsældar og að vera um leið aflgjafi þess að þegnar landsins trúi á landið og skynji innra með sjálfum sér að þeir eru ómissandi hluti af heilsteyptri þjóð sem með atorku sinni, þekkingu og vilja stefnir ætíð á bjarta tíma.

Ég óska alþingismönnum öllum góðrar stjórnvisku og ríkrar gæfu.

Bið ég yður nú að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestfjarðakjördæmis, að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Ég leyfi mér að bjóða alla þingmenn velkomna til þingstarfa. Sömuleiðis óska ég starfsfólki þingsins allra heilla í störfum og býð það velkomið til starfa. Ég óska nýskipaðri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum og á þá ósk að störf þessa þings verði landi og þjóð til heilla.

Fundi þessum er nú frestað til kl. 14 á morgun. — [Fundarhlé.]

SAMEINAÐ ÞING

frh. 1. fundar, þriðjudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Valgerði Sverrisdóttur, 3. þm. Norðurl. e., og Rannveigu Guðmundsdóttur, 11. þm. Reykn.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Samkvæmt 1. gr. þingskapa skal nú prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna. Ber að skipa þingmönnum í þrjár deildir. Forseti leggur til að kjördeildir verði skipaðar þannig:

1. kjördeild:

AÓB, ÁMM, EH, EKG, FrS, GB, GHelg, HBl, ISG, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, StH, SvG, VE.

2. kjördeild:

ÁRÁ, BBj, EgJ, EKJ, GHH, GHall, GunnS, HG, IP, JGS, JónK, KSG, KE, MB, ÓÞÞ, RA, SigG, SP, SJS, TIO, ÞorstP.

3. kjördeild:

ÁJ, DO, EG, FI, GuðjG, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JBH, JónS, KHG, LMR, ÓE, PP, RG, SighB, StG, StB, VS, ÖS.

Ef enginn hreyfir mótmælum skoðast þessi tilhögun samþykkt. Jafnframt er þess óskað að kjördeildirnar rannsaki kjörbréf varaþingmanna, þau sem útgefin hafa verið og verður þeim skipt jafnt á milli kjördeildanna. Fundarstaðir fyrir kjördeildir verða sem hér segir: 1. kjördeild í fundarsal Ed., 2. kjördeild í flokksherbergi Sjálfstfl. og 3. kjördeild í flokksherbergi Framsfl.

Ég bið hv. 9. þm. Reykn. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að kalla saman 1. kjördeild, hv. 5. þm. Reykn. Árna M. Árnason að kalla saman 2. kjördeild og hv. 3. þm. Suðurl. Árna Johnsen að kalla saman 3. kjördeild.

Samkvæmt ákvæðum í 1. gr. þingskapa skal 1. kjördeild taka við kjörbréfum þingmanna sem eru í 3. kjördeild, 2. kjördeild rannsakar kjörbréf þingmanna í 1. kjördeild og 3. kjördeild rannsakar kjörbréf þingmanna sem eru í 2. kjördeild.

Alþingi hafa borist tvö bréf, annað frá Heimastjórnarsamtökunum í Reykjavík þar sem er kært vegna meints stórfellds, ólöglegs kosningaáróðurs og kosningaspjalla. Helstu atriði sem eru kærð til landskjörstjórnar eru í fyrsta lagi sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði til starfandi þingflokka, sérstakir tímar í kosningasjónvarpi Ríkissjónvarpsins, birtingar á skoðanakönnunum tvær síðustu vikur fyrir kjördag og gróf mismunun frambjóðenda í fréttum til þjóðar.

Í öðru lagi er bréf frá Flokki mannsins þar sem tekið er undir þessar kærur. Ég vil geta þess að landskjörstjórn tók þessi bréf til meðferðar og þar var felldur svohljóðandi úrskurður:

„Landskjörstjórn er sammála um að efni erindis þessa falli ekki undir starfssvið landskjörstjórnar svo sem það er ákveðið í lögum. Um það var landskjörstjórn öll sammála."

Það er ósk mín til allra kjördeildanna að þessi bréf verði kynnt þar um leið og afgreidd eru kjörbréf þingmanna.

Nú verður gert hlé á þessum fundi á meðan kjördeildir starfa. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. kjördeildar (Jón Helgason):

Herra forseti. 1. kjördeild fékk til meðferðar kjörbréf þingmanna úr 3. kjördeild og varamanna þeirra og tók þau til athugunar ásamt öðrum erindum sem bárust deildinni. Það var í fyrsta lagi endurrit úr gerðabók Reykjaneskjördæmis ásamt tveimur innsigluðum umslögum með ágreiningsseðlum, svo og ljósrit af bréfi yfirkjörstjórnar til ráðuneytisins, dags. 24. apríl 1991. Ekki komu fram athugasemdir við úrskurð yfirkjörstjórnar um annan atkvæðaseðilinn og töldu menn augljóst að hann hefði verið ógildur. Hinn kjörseðillinn var merktur á bakhlið með X-B og komu fram ábendingar um að þarna væri augljóst hver vilji kjósandans hefði verið og gæti þessi merking stafað af því að kjörseðill í Reykjaneskjördæmi var þríbrotinn. Því gat verið að ekki hefði sést listi sá sem viðkomandi aðili óskaði að kjósa þegar hann var opnaður ef opnaðir voru báðir vængir seðilsins. En þrátt fyrir það var kjördeildin sammála því að gera ekki frekari ágreining um þetta atriði.

Þá barst einnig kæra Heimastjórnarsamtakanna í Reykjavík vegna alþingiskosninganna 20. apríl 1991 ásamt fylgiskjölum, þar á meðal úrskurður landskjörstjórnar frá 24. apríl 1991, og erindi Flokks mannsins, dags. 13. maí 1991, þar sem tekið er undir kæru Heimastjórnarsamtakanna. Þessi erindi voru kynnt í kjördeildinni og rædd. Að þeim umræðum loknum samþykkti kjördeildin einróma þau kjörbréf sem henni höfðu verið fengin, kjörbréf þingmanna úr 3. kjördeild og varamanna þeirra. Þessi kjörbréf eru:

1. Kjörbréf Árna Johnsens, 3. þm. Suðurl., og kjörbréf Arndísar Jónsdóttur, 2. varamanns Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi.
2. Kjörbréf Davíðs Oddssonar, 1. þm. Reykv., og kjörbréf Þuríðar Pálsdóttur, 1. varamanns Sjálfstfl. í Reykjavík.
3. Kjörbréf Eiðs Guðnasonar, 4. þm. Vesturl., og kjörbréf Gísla S. Einarssonar, 1. varamanns Alþfl.–Jafnaðarmannaflokks Íslands, í Vesturlandskjördæmi.
4. Kjörbréf Finns Ingólfssonar, 11. þm. Reykv., og kjörbréf Ástu R. Jóhannesdóttur, 1. varamanns Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
5. Kjörbréf Guðjóns Guðmundssonar, 5. þm. Vesturl., og kjörbréf Sigurðar Rúnars Friðjónssonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi.
6. Kjörbréf Guðna Ágústssonar, 5. þm. Suðurl., og kjörbréf Unnar Stefánsdóttur, 2. varamanns Framsfl. í Suðurlandskjördæmi.
7. Kjörbréf Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. Austurl., og kjörbréf Jónasar Hallgrímssonar, 1. varamanns Framsfl. í Austurlandskjördæmi.
8. Kjörbréf Inga Björns Albertssonar, 5. þm. Reykv., og kjörbréf Sigurbjargar Ástu Jónsdóttur, 5. varamanns Sjálfstfl. í Reykjavík.
9. Kjörbréf Jóhanns Ársælssonar, 3. þm. Vesturl., og kjörbréf Ragnars Elbergssonar, 1. varamanns Alþb. í Vesturlandskjördæmi.
10. Kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar, 7. þm. Reykv., og kjörbréf Magnúsar Jónssonar, 1. varamanns Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
11. Kjörbréf Jóns Sigurðssonar, 4. þm. Reykn., og kjörbréf Guðmundar Árna Stefánssonar, 1. varamanns Alþfl. í Reykjaneskjördæmi.
12. Kjörbréf Kristins H. Gunnarssonar, 5. þm. Vestf., og kjörbréf Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, 1. varamanns Alþb. í Vestfjarðakjördæmi.
13. Kjörbréf Láru Margrétar Ragnarsdóttur, 13. þm. Reykv., og kjörbréf Kristins Jónssonar, 8. varamanns Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
14. Kjörbréf Ólafs G. Einarssonar, 1. þm. Reykn., og kjörbréf Maríu E. Ingvadóttur, 1. varamanns Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
15. Kjörbréf Páls Péturssonar, 1. þm. Norðurl. v., og kjörbréf Elínar R. Líndal, 1. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
16. Kjörbréf Rannveigar Guðmundsdóttur, 11. þm. Reykn., og kjörbréf Jóns Gunnarssonar, 3. varamanns Alþfl. í Reykjaneskjördæmi.
17. Kjörbréf Sighvats Björgvinssonar, 4. þm. Vestf., og kjörbréf Péturs Sigurðssonar, 1. varamanns Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi.
18. Kjörbréf Stefáns Guðmundssonar, 4. þm. Norðurl. v., og kjörbréf Sverris Sveinssonar, 2. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
19. Kjörbréf Sturlu Böðvarssonar, 1. þm. Vesturl., og kjörbréf Elínbjargar Magnúsdóttur, 1. varamanns Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi.
20. Kjörbréf Valgerðar Sverrisdóttur, 3. þm. Norðurl. e., og kjörbréf Daníels Árnasonar, 2. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
21. Kjörbréf Össurar Skarphéðinssonar, 17. þm. Reykv., og kjörbréf Ragnheiðar Davíðsdóttur, 3. varamanns Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

1. kjördeild samþykkti, eins og áður sagði, einróma kjörbréf þessara þingmanna og varamanna og leggur til að þau verði samþykkt.

Frsm. 2. kjördeildar (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. 2. kjördeild hefur komið saman til fundar og farið yfir kjörbréf alþingismanna úr 1. kjördeild. Einnig voru lögð fram til kynningar í kjördeildinni bréf frá Heimastjórnarsamtökunum, dags. 10. maí 1991, bréf frá dómsmrn. til skrifstofustjóra Alþingis, dags. 8. maí 1991, bréf til dómsmrn. frá yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis, dags. 24. apríl 1991, og endurrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar í Reykjaneskjördæmi um úrslit alþingiskosninganna sem fram fóru hinn 20. apríl 1991 svo og tvö innsigluð umslög með ágreiningsseðlum og endurrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar sem varðar ágreiningin sérstaklega.

Varðandi tvö ágreiningsatkvæði komu fram þær ábendingar í kjördeildinni frá einstökum kjördeildarmönnum að atkvæði greitt T-lista væri gilt atkvæði. Þó telur kjördeildin ekki ástæðu til frekari aðgerða varð-

andi það mál og leggur til að eftirtalin kjörbréf aðalþingmanna og varaþingmanna verði samþykkt:

1. Kjörbréf Önnu Ólafsdóttur Björnsson, 9. þm. Reykn., og kjörbréf Kristínar Sigurðardóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi.
2. Kjörbréf Árna M. Mathiesens, 3. þm. Reykn., og kjörbréf Viktors B. Kjartanssonar, 3. varamanns Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
3. Kjörbréf Eggerts Haukdals, 6. þm. Suðurl., og kjörbréf Arnars Sigurmundssonar, 3. varamanns Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi.
4. Kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar, 3. þm. Vestf., og kjörbréf Jörgínu Jónsdóttur, 2. varamanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi.
5. Kjörbréf Friðriks Sophussonar, 2. þm. Reykv., og kjörbréf Guðmundar H. Garðarssonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
6. Kjörbréf Guðmundar Bjarnasonar, 1. þm. Norðurl. e., og kjörbréf Guðmundar Stefánssonar, 1. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
7. Kjörbréf Guðrúnar Helgadóttur, 14. þm. Reykv., og kjörbréf Guðmundar Þ Jónssonar, 2. varamanns Alþb. í Reykjavík.
8. Kjörbréf Halldórs Blöndals, 2. þm. Norðurl. e., og kjörbréf Svanhildar Árnadóttur, 1. varamanns Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
9. Kjörbréf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, 10. þm. Reykv., og kjörbréf Guðrúnar J. Halldórsdóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi.
10. Kjörbréf Jóhönnu Sigurðardóttur, 12. þm. Reykv., og kjörbréf Valgerðar Gunnarsdóttur, 2. varamanns Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
11. Kjörbréf Jóns Helgasonar, 2. þm. Suðurl., og kjörbréf Þuríðar Bernódusdóttur, 1. varamanns Framsfl. í Suðurlandskjördæmi.
12. Kjörbréf Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, 6. þm. Vestf., og kjörbréf Ágústu Gísladóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Vestfjarðakjördæmi.
13. Kjörbréf Kristínar Ástgeirsdóttur, 18. þm. Reykv., og kjörbréf Þórhildar Þorleifsdóttur, 3. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík.
14. Kjörbréf Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurl., og kjörbréf Ragnars Óskarssonar, 1. varamanns Alþb. í Suðurlandskjördæmi.
15. Kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar, 8. þm. Reykn., og kjörbréf Sigríðar Jóhannesdóttur, 1. varamanns Alþb. í Reykjaneskjördæmi.
16. Kjörbréf Pálma Jónssonar, 2. þm. Norðurl. v., og kjörbréf Hjálmars Jónssonar, 1. varamanns Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
17. Kjörbréf Salome Þorkelsdóttur, 2. þm. Reykn., og kjörbréf Gunnars I. Birgissonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
18. Kjörbréf Sigríðar A. Þórðardóttur, 10. þm. Reykn., og kjörbréf Lovísu Christiansen, 5. varamanns Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
19. Kjörbréf Steingríms Hermannssonar, 7. þm. Reykn., og kjörbréf Jóhanns Einvarðssonar, 1. varamanns Framsfl. í Reykjaneskjördæmi.
20. Kjörbréf Svavars Gestssonar, 9. þm. Reykv., og kjörbréf Auðar Sveinsdóttur, 1. varamanns Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi.
21. Kjörbréf Vilhjálms Egilssonar, 5. þm. Norðurl. v., og kjörbréf Runólfs Birgissonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.

2. kjördeild leggur til, samhljóða, að þessi kjörbréf sem ég hef nú lesið upp verði samþykkt.

Frsm. 3. kjördeildar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. 3. kjördeild fékk til athugunar kjörbréf þeirra þingmanna sem sátu í 2. kjördeild. Hún fékk einnig til athugunar endurrit úr gerðabók Reykjaneskjördæmis og þar til athugunar efni sem hefur verið greint frá af frsm. fyrri kjördeilda. Kjördeildin gerir ekki athugasemdir við þessa gerðabók og staðfestir því niðurstöðu yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis.

Þá fékk kjördeildin einnig til meðferðar kæru Heimastjórnarsamtakanna og erindi Flokks mannsins. Kjördeildin er sammála um að hafna kærunni og erindinu en leggur til að kjörbréf aðalmanna verði samþykkt, en þau eru:

1. Kjörbréf Árna R. Árnasonar, 5. þm. Reykn.
2. Kjörbréf Björns Bjarnasonar, 3. þm. Reykv.
3. Kjörbréf Egils Jónssonar, 3. þm. Austurl.
4. Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 4. þm. Reykv.
5. Kjörbréf Geirs H. Haarde, 8. þm. Reykv.
6. Kjörbréf Guðmundar Hallvarðssonar, 16. þm. Reykv.
7. Kjörbréf Gunnlaugs Stefánssonar, 5. þm. Austurl.
8. Kjörbréf Hjörleifs Guttormssonar, 4. þm. Austurl.
9. Kjörbréf Ingibjargar Pálmadóttur, 2. þm. Vesturl.
10. Kjörbréf Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, 6. þm. Norðurl. e.
11. Kjörbréf Jóns Kristjánssonar, 2. þm. Austurl.
12. Kjörbréf Karls Steinars Guðnasonar, 6. þm. Reykn.
13. Kjörbréf Kristínar Einarsdóttur, 15. þm. Reykv.
14. Kjörbréf Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf.
15. Kjörbréf Ólafs Þ. Þórðarsonar, 2. þm. Vestf.
16. Kjörbréf Ragnars Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
17. Kjörbréf Sigbjörns Gunnarssonar, 7. þm. Norðurl. e.
18. Kjörbréf Sólveigar Pétursdóttur, 6. þm. Reykv.
19. Kjörbréf Steingríms J. Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e.
20. Kjörbréf Tómasar Inga Olrichs, 5. þm. Norðurl. e.
21. Kjörbréf Þorsteins Pálssonar, 1. þm. Suðurl.

Kjördeildin leggur til að kjörbréf þessara þingmanna verði samþykkt.

Þá fékk kjördeildin einnig til athugunar kjörbréf varamanna þeirra þingmanna sem ég hef talið upp og

leggur til að þau verði samþykkt. Þessir varamenn eru:

1. Anna Þrúður Þorkelsdóttir, 8. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
2. Ásta Möller, 6. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
3. Davíð Stefánsson, 7. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
4. Drífa Hjartardóttir, 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi.
5. Einar Már Sigurðarson, 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi.
6. Guðjón A. Kristjánsson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi.
7. Guðlaug Björnsdóttir, 3. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
8. Guðmundur Magnússon, 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
9. Guðný Guðbjörnsdóttir, 2. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi.
10. Hermann Níelsson, 1. varamaður Alþfl. í Austurlandskjördæmi.
11. Hrafnkell A. Jónsson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi.
12. Karen Erla Erlingsdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi.
13. Kolbrún Jónsdóttir, 4. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
14. Kristján Guðmundsson, 4. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
15. Petrína Baldursdóttir, 2. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi.
16. Pétur Bjarnason, 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi.
17. Sigurður E. Arnórsson, 1. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
18. Sigurður B. Björnsson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
19. Sigurður Hlöðversson, 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra.
20. Sigurður Þórólfsson, 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi.
21. Stefanía Traustadóttir, 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra.

Kjördeildin leggur til að kjörbréf þessara varamanna verði einnig samþykkt.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Framsögumenn kjördeilda hafa hver fyrir hönd sinnar kjördeildar lagt til að kjörbréf sem deildirnar hafa rannsakað verði samþykkt og kosning og kjörgengi þingmanna og jafnmargra varamanna verði tekin gild. Þetta eru samhljóða tillögur og verða því bornar upp í einu lagi ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjördeildanna samþ. með 46 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Samkvæmt 2. gr. þingskapa ber þeim alþingismönnum, sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn, að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég vil biðja skrifstofustjóra að færa eftirtöldum þingmönnum heitstafinn til undirritunar, en þeir eru:

Árni R. Árnason, Árni M. Mathiesen, Björn Bjarnason, Davíð Oddsson, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Tómas Ingi Olrich og Össur Skarphéðinsson.

Áðurnefndir þingmenn undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Hv. þingmenn sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni að undanskildum Guðmundi Hallvarðssyni sem varð að fara af fundi en hann mun undirrita drengskaparheit sitt á næsta fundi.

Ég vil bjóða alla þessa þingmenn sérstaklega velkomna til starfa.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Salome Þorkelsdóttir,** 2. þm. Reykn., með 50 atkv. — Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Samkvæmt þessu er Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn., rétt kjörin forseti Sþ. Vil ég biðja hana að taka við fundarstjórn um leið og ég óska henni heilla og hamingju í starfi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. alþm. það traust sem þeir hafa sýnt mér með þessu kjöri og ég vænti þess að eiga við þá gott samstarf.

Fyrir þessu aukaþingi liggja mikilvæg mál er varða stjórnskipun landsins og starfshætti Alþingis. Það er því mikið í húfi að vel takist til og gifta fylgi störfum okkar. Það er von mín og ósk að sú samstaða og eindrægni sem ríkt hefur við undirbúning þeirra mála endist okkur til loka þannig að þessari æðstu stofnun þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga, sé sómi að.

Á þessu þingi mun ný ríkisstjórn kynna stefnumál sín og umræður verða um þau. Það er einlæg von mín að stjórn og stjórnarandstaða geti treyst réttlátri fundarstjórn úr þessum stóli þótt sjónarmið til þjóðmála kunni stundum að verða með ólíkum hætti.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., með 56 atkv. — Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl., hlaut 1 atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Jón Helgason er rétt kjörinn fyrri varaforseti sameinaðs þings. Ég óska honum til hamingju með þessa glæsilegu kosningu og óska honum jafnframt velfarnaðar í starfi.

Annar varaforseti var kosinn

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., með 47 atkv. — Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., hlaut 3 atkv., Egill Jónsson, 3. þm. Austurl., hlaut 1 atkv., Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., hlaut 1 atkv. en 2 seðlar voru auðir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Gunnlaugur Stefánsson er rétt kjörinn annar varaforseti sameinaðs þings. Ég óska honum til hamingju með kjörið og alls velfarnaðar í starfi.

Þessu næst voru kosnir skrifarar Sþ. að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÁMM, á B-lista VS. — Þar sem eigi voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Matthías Bjarnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Geir H. Haarde (A),
Guðni Ágústsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

Kosning til efri deildar.

Loks fór fram kosning 21 þingmanns til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram tveir listar. Á A-lista voru BBj, EgJ, EG, EKJ, KSG, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, StB, TIO, ÞorstP. Á B-lista voru HÁ, JHelg, JVK, KE, MF, StG, SJS, SvG, VS.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem ekki eru á listum nöfn fleiri þingmanna en kjósa á lýsi ég að rétt eru kjörnir til efri deildar hv. þingmenn:

Björn Bjarnason,
Halldór Ásgrímsson,
Egill Jónsson,
Jón Helgason,
Eiður Guðnason,
Eyjólfur Konráð Jónsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Karl Steinar Guðnason,
Kristín Einarsdóttir,
Lára Margrét Ragnarsdóttir,
Margrét Frímannsdóttir,
Ólafur G. Einarsson,
Stefán Guðmundsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Sigbjörn Gunnarsson,
Steingrímur J. Sigfússon,
Sturla Böðvarsson,
Svavar Gestsson,
Tómas Ingi Olrich,
Þorsteinn Pálsson,
Valgerður Sverrisdóttir.

EFRI DEILD

1. fundur, þriðjudaginn 14. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
2. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
3. Eiður Guðnason, 4. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.
5. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
6. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
7. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.
8. Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn.
9. Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.
10. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.
11. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
12. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
13. Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.
14. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.
15. Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.
16. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
17. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
18. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.
19. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
20. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
21. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.

Aldursforseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundur er settur í efri deild Alþingis. Ég býð hv. þingdeildarmenn velkomna til starfa á þessu þingi, sem

verður, ef fram fer sem horfir, í síðasta sinn sem til hennar er valið og henni kjörnir forsetar.

Ég vil biðja hv. 3. þm. Norðurl. e. Valgerði Sverrisdóttur og hv. 3. þm. Austurl. Egil Jónsson, margreynda skrifara þessarar hv. deildar, að gegna skrifarastörfum þar til skrifarar hafa verið kjörnir.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn., með 20 atkv., en 1 seðill var ógildur.

Aldursforseti (Salome Þorkelsdóttir):
Samkvæmt þessu er hv. þm. Karl Steinar Guðnason kjörinn forseti Ed. og mun hann nú taka við fundarstjórn. Ég óska honum til hamingju með glæsilega kosningu og alls velfarnaðar í starfi.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. deildarmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með þessu kjöri. Ég vænti góðs samstarfs við þingdeildarmenn.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv., með 21 atkv.
Annar varaforseti var kosinn
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl., með 21 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var LMR, en á B-lista var JVK. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnar væru án atkvæðagreiðslu:
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv., og
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna samkvæmt 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessari leið:

1. sæti hlaut Halldór Ásgrímsson,
2. sæti hlaut Sturla Böðvarsson,
3. sæti hlaut Jón Helgason,
4. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich,
5. sæti hlaut Svavar Gestsson,
6. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
7. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
8. sæti hlaut Egill Jónsson,
9. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
10. sæti hlaut Björn Bjarnason,
11. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
12. sæti hlaut Sigbjörn Gunnarsson,
13. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.

NEÐRI DEILD

1. fundur, þriðjudaginn 14. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti, Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:
1. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.
2. Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
5. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
6. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
7. Einar Kr. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.
8. Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
9. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
10. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.
11. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.
12. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
13. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
14. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
15. Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.
16. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.
17. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
18. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
19. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.
20. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.
21. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
22. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
23. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
24. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
25. Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.
26. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
27. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykn.
28. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
29. Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.
30. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
31. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
32. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
33. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
34. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
35. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
36. Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn.
37. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
38. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.
39. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.
40. Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.
41. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
42. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þær Önnu Ólafsdóttur Björnsson, 9. þm. Reykn., og Rannveigu Guðmundsdóttur, 11. þm. Reykn., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., með 36 atkv. — 1 atkv. var ógilt, en 1 seðill var auður.

Forseti (Matthías Bjarnason):
Samkvæmt þessu er Matthías Bjarnason rétt kjörinn forseti neðri deildar og vil ég þakka það traust sem mér hefur verið sýnt.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., með 34 atkv. — Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., 1 atkv. var ógilt, en einn seðill var auður.
Annar varaforseti var kosinn
Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv., með 28 atkv. — Rannveig Guðmundsdóttir, 11. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv., hlaut 1 atkv. en tveir seðlar voru auðir.
Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., og
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

15. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
16. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
17. sæti hlaut Páll Pétursson,
18. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
19. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir,
20. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
21. sæti hlaut Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
22. sæti hlaut Geir H. Haarde,
23. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson,
24. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson,
25. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson,
26. sæti hlaut Árni Johnsen,
27. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir,
28. sæti hlaut Finnur Ingólfsson,
29. sæti hlaut Einar Kr. Guðfinnsson,
30. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
31. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir,
32. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson,
33. sæti hlaut Ingibjörg Pálmadóttir,
34. sæti hlaut Árni R. Árnason,
35. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
36. sæti hlaut Guðmundur Bjarnason,
37. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir,
38. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir,
39. sæti hlaut Anna Ólafsdóttir Björnsson,
40. sæti hlaut Eggert Haukdal,
41. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
42. sæti hlaut Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
43. sæti hlaut Jóhann Ársælsson,
44. sæti hlaut Steingrímur Hermannsson,
45. sæti hlaut Guðni Ágústsson.

SAMEINAÐ ÞING

2. fundur, þriðjudaginn 14. maí,
að loknum deildafundum.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár mun hv. 16. þm. Reykv. Guðmundur Hallvarðsson undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni eins og honum ber að gera samkvæmt þingsköpum, en hv. þm. hafði ekki aðstöðu til þess að gera það á 1. fundi.

Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Geir H. Haarde:
Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að óska eftir því að kjöri í fastanefndir í sameinuðu Alþingi verði frestað og leitað verði afbrigða fyrir slíkri frestun.

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Það hefur verið rætt um það milli flokkanna að kjör í fastanefndir fari ekki fram í dag. Ég vil hins vegar láta það koma fram hér að þeirri afstöðu hefur verið lýst af hálfu Alþb. að við teljum eðlilegt að kjör í nefndir geti farið fram eftir því sem þörf er á meðan þetta þing stendur og á fundi sínum í dag gerði þingflokkur Alþb. þá samþykkt að óska eftir því strax að á morgun, í síðasta lagi á fimmtudag, fari fram kjör í utanrmn.
Í gær var einn af mikilvægustu fundum viðræðna milli Evrópubandalagsins og EFTA. Það hafa borist fréttir af þessum fundi sem nokkuð eru misvísandi. Í viðtali við hæstv. utanrrh. í Dagblaðinu í dag greinir hann frá því að samkomulag hafi náðst í fjölmörgum efnisatriðum á þessum viðræðufundi.
Samkvæmt lögum á utanrmn. að vera formlegur ráð-

gefandi vettvangur fyrir ríkisstjórn á sviði utanríkismála. Það er þess vegna fullkomlega óeðlilegt að meðan svo mikilvægir samningar standa yfir og lykilfundir utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins eru að ráða til lykta mikilvægum þáttum þessara samninga, þá sé utanrmn. Alþingis ekki starfandi. Alþb. hefur þess vegna ákveðið að óska eftir því að á morgun, eða í síðasta lagi á fimmtudag, verði utanrmn. kjörin hér í sameinuðu þingi þannig að þessi lögbundni, formlegi vettvangur þingsins til samráðs við ríkisstjórnina verði til strax.

Í öðru lagi höfum við ákveðið að óska eftir því við hæstv. forseta að um leið og utanrrh. kemur til landsins flytji hann þinginu hér úr ræðustól greinargerð eða lýsingu á því sem fram fór á utanríkisráðherrafundi Evrópubandalagsins og EFTA og í kjölfar þeirrar ræðu fari fram hér almenn umræða um viðræðurnar og samningana svo að þingið geti strax og utanrrh. kemur til landsins haft tækifæri til þess að ræða við hann um þær yfirlýsingar sem hann hefur verið að gefa utan þings um þessar samningaviðræður og aðrir utanríkisráðherrar sem sátu þennan fund hafa verið að gefa. Það er óeðlilegt að þingið fái ekki skýrslu um svo mikilvægt mál strax og utanrrh. kemur til landsins í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hann hefur gefið utan þings um fundinn í gær.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það fer þá fram atkvæðagreiðsla samkvæmt þeirri ósk sem hv. 8. þm. Reykv. bar hér fram um að afbrigði yrðu veitt um frestun á nefndakjöri.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra tilmæla sem fram komu í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar mun ég að sjálfsögðu koma á framfæri við utanrrh. þeim óskum sem þar komu fram. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að þinginu verði gerð grein fyrir því sem til tíðinda hefur dregið í þessum samningaviðræðum svo skjótt sem verða má og með þeim hætti sem heppilegastur er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og fer þá fram atkvæðagreiðsla um að kosningu til fastanefnda verði frestað, en til þess að svo megi verða þarf að leita afbrigða eins og áður hefur komið fram skv. 69. gr. þingskapa. (**Gripið fram í:** Frestað hve lengi, forseti?) Það er ótiltekið. (**ÓÞP:** Þetta stenst ekki samkvæmt lögum um utanríkismálanefnd.)

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hefði ég nú talið eðlilegt að hæstv. forseti hefði greint frá viðhorfum sínum til þeirrar beiðni sem kom fram frá hv. 8. þm. Reykn. hér áðan þannig að það komi fram hvort hæstv. forseti er reiðubúinn til að kanna það mál sérstaklega sem hv. þm. nefndi.

Í annan stað tel ég eðlilegt að atkvæðagreiðsla um þennan lið fari fram í tvennu lagi þannig að sérstaklega verði greidd atkvæði um utanrmn. Þar getur aðeins verið um mjög skamman og tímabundinn frest að ræða, til morguns eða hins dagsins í mesta lagi, og ég vil jafnframt fara fram á það af minni hálfu að um þann lið fari fram nafnakall þegar að atkvæðagreiðslu kemur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 9. þm. Reykv. vill forseti geta þess að hann sjálfur hefur komið að máli við forseta og óskað eftir því að það færu hér fram utandagskrárumræður á næstunni, að vísu ekki um þetta mál, en það hefur hins vegar komið fram hjá hv. þingmönnum Kvennalista ósk um slíka utandagskrárumræðu og forseti er að sjálfsögðu tilbúinn að taka slík mál öll til athugunar. Það eru nú ekki nema örfáar mínútur, má segja, síðan forseti Sþ. hefur verið kjörinn svo að hann þarf að fá tíma til að ræða við forseta deilda og formenn þingflokka um tilhögun þingstarfa hér á næstu dögum svo að ég bið hv. þm. að hafa biðlund á meðan þessi mál verða skoðuð.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ósk mín um frestun á kjöri í fastanefndir var ótiltekin, þ.e. það var óskað frests í óákveðinn tíma fyrir kjöri í allar þessar hefðbundnu fastanefndir eins og ég hygg að hafi oft komið fyrir hér á árum áður. Sú tillaga stendur að sjálfsögðu óbreytt. Hitt er annað mál að að mínum dómi er sjálfsagt að taka til athugunar hvort kjósa eigi fyrr í eina ákveðna nefnd en hinar ef um það næst samkomulag milli þingflokkanna. En ég tel rétt að bera þessi afbrigði upp í einu lagi eins og óskað hefur verið eftir af minni hálfu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Sú er sérstaða utanrmn. í hópi þeirra nefnda sem hér á að kjósa að utanrmn. er heils árs nefnd og hún hefur samkvæmt lögum sérstakar skyldur til þess að vera ríkisstjórn til ráðuneytis í mikilvægum málum og ríkisstjórnin hefur sérstakar skyldur að hafa samráð við utanrmn. um meðferð utanríkismála. Það er þess vegna fullkomlega óeðlilegt að kjöri í utanrmn. sé frestað um langan tíma þegar ljóst er að í gangi eru einhverjar mikilvægustu viðræður á sviði utanríkismála sem Íslendingar hafa staðið í um langt árabil.

Þær samræður flokkanna um að fresta kjöri annarra nefnda byggðust á því hvort hér kæmu fram á þinginu frumvörp eða þingsályktunartillögur sem hugsanlega þyrfti að vísa til þeirra nefnda. Hitt er hins vegar nú þegar orðið ljóst að utanrmn. hefur fengið upp í hendur mjög mikilvægt verkefni. Þær yfirlýsingar t.d. sem hæstv. utanrrh. gefur í viðtali við DV í dag eru þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að það fari bæði fram umræður hér á Alþingi strax og ráðherrann er kominn til landsins og eins fari fram á vettvangi utanrmn. trúnaðarviðræður við ráðherrann um samningafund utanríkisráðherra Evrópubandalagsins og EFTA í gær.

Ég ítreka þess vegna ósk mína um það sem þing-

flokkur Alþb. samþykkti að gera að tillögu sinni hér við þingið að utanrmn. yrði kjörin annaðhvort á morgun eða á fimmtudag og flokkarnir ættu að vera reiðubúnir til þess að kjósa í nefndina strax. Ég tel að það geti ekki verið háð því hvort samkomulag náist milli þingflokkanna eins og hv. þm. Geir Haarde orðaði það hér áðan. Það getur ekki verið háð samkomulagi þingflokka hvort hér á að kjósa utanrmn. eða ekki. Það er beinlínis skylda að sú nefnd sé starfandi.

Hins vegar finnst mér eðlilegt að forseti fái tíma til þess að ræða málið við forustumenn flokkanna og aðra embættismenn þingsins en tel nauðsynlegt, eins og hv. þm. Svavar Gestsson benti hér á, að það verði í atkvæðagreiðslu gerður greinarmunur annars vegar á utanrmn., sem þá verði frestað kjöri í um skamma hríð, og hins vegar kjöri á öðrum nefndum í Sþ.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill nú benda á það að samkvæmt þingsköpum ber að kjósa í fastanefndir þingsins á 2. fundi og þess vegna er einungis verið að leita þessara afbrigða að það er ekki þar með sagt að það eigi að fresta þessu til lengri tíma. Það má alveg eins tala um að það sé verið að fresta kosningu í fastanefndir til lengri eða skemmri tíma. Ég bið hv. þm. að hafa það í huga. Það er einungis verið að uppfylla skyldur þingskapa með þessari frestun og leita þessara afbrigða í dag.

Páll Pétursson *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Þegar samkomulag var gert á milli formanna þingflokka og formanna flokka, þá var gerður fyrirvari um það að svo gæti farið að hér þyrfti að ræða utan dagskrár Evrópskt efnahagssvæði og Evrópumálin. Það var engin athugasemd gerð við það og ég áskildi okkur rétt til að taka það mál upp þó að við reyndum að stilla öðrum umræðum, meginpólitískum umræðum í hóf þangað til í framhaldi af stefnuræðu forsrh. Ég tel með tilliti til þess sem er að gerast og hefur gerst nú á síðustu dægrum eðlilegt að fresta ekki lengi kjöri í utanrmn. Ég held að það sé óeðlilegt að þingið sé án utanrmn. í marga daga.

Ég tel hins vegar eðlilegt, og staðfesti það sem hér hefur komið fram, að ekki sé gengið til kosninga í aðrar fastanefndir þingsins að svo komnu máli fyrr en ljóst er hvort á þeim þurfi að halda, hvort þær hafi verk að vinna. Þess vegna legg ég til að við veitum afbrigði fyrir fresti á kosningu um sinn í nefndirnar, en með því fororði að á næsta fundi í Sþ. verði gengið til kosninga í utanrmn. Þetta legg ég til ráðs, frú forseti, að við stöndum að frestun núna samkvæmt þingsköpum, en forseti beiti sér fyrir kjöri í utanrmn. þegar á næsta fundi.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra fjölmörgu nýrra hv. þm. sem hér hafa nú tekið sæti þykir mér rétt að ítreka það sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., en í 15. gr. þingskapalaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir“ og síðan eru þær taldar upp og hirði ég ekki að gera það hér, en síðan segir um utanrmn.: „Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma.“

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.“

Ég vil ítreka það að hv. utanrmn. hefur þá sérstöðu hér í þinginu að hún er ráðgefandi afl fyrir ríkisstjórnina og hana ber að kjósa á 2. fundi Sþ. Ég tel þess vegna að þinginu sé beinlínis óheimilt að fresta lengur en í hæsta lagi til morguns eða til næsta fundar í Sþ. kosningu hv. utanrmn. Ég tel hins vegar að við gætum leitað afbrigða og frestað kosningu annarra nefnda, en mér sýnist að það sé í meira lagi hæpið að draga kosningu utanrmn. lengur en til næsta fundar.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Rétt til áréttingar og skýringar vil ég taka það fram að á sameiginlegum fundum sem haldnir hafa verið á vegum formanna flokka og þingflokka hefur ekki verið minnst sérstaklega á það að taka utanrmn. út úr þeirri frestun sem rætt hefur verið um. Það er nýtt og kemur hér fram í fyrsta sinn í dag. Það er hins vegar ekki þar með sagt að það sé óeðlilegt að gera það. Tillaga mín um frestun er til lengri eða skemmri tíma eftir atvikum og það má vel vera að það sé skynsamlegt að flýta kjöri í þessa tilteknu nefnd miðað við hinar. Hins vegar tel ég óhjákvæmilegt að afbrigðin séu afgreidd í einu lagi og það komi ekki til greina að skipta þeim upp í annars vegar það sem fresta á til lengri tíma og hins vegar til eitthvað skemmri tíma eins og hv. 8. þm. Reykn. orðaði það. Það ber samkvæmt þingsköpum að kjósa þessar fastanefndir á 2. fundi í Sþ. og ef það er ekki gert, þá þarf að samþykkja afbrigði fyrir frestun. Það er sú tillaga sem liggur fyrir. Ég mælist til þess að hún verði samþykkt og að í ljósi þess verði það skoðað milli þingflokka hvort sú hugmynd sem hér er fram komin um að kjósa utanrmn. við fyrsta tækifæri nái fram að ganga og sé samkomulagsgrundvöllur milli flokkanna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að þau mál sem nú eru helst á döfinni, Evrópska efnahagssvæðið og þær fréttir sem okkur berast núna um þá mikilvægu samninga sem e.t.v. er verið að vinna að, þurfa að fá góða og ítarlega umfjöllun með þeim hætti sem best verður gert. Um það hefur verið rætt á fundum þótt ekki hafi sérstaklega verið talað um að þörf væri á að kjósa í utanrmn., en ég tek undir það að mikilvæg rök hníga að því að farið sé að þingsköpum að þessu leyti og að það dragist ekki lengi að kjósa í utanrmn.

Jafnframt vil ég ítreka það að ég tel fulla þörf á því að það verði umræða hér í þinginu hið bráðasta utan dagskrár eða um skýrslu ráðherra. En hvort það er dregið deginum lengur eða skemur að kjósa í þessa

nefnd held ég að sé nú ekki úrslitaatriði svo framarlega sem að þessu er farið.

Ólafur P. Þórðarson *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Það hlýtur að vera skilningur þeirra sem gengu frá þessum lögum á sínum tíma að það sem ekki væri hægt að gera á 2. fundi bæri þá að gera á 3. fundi, en ekki hitt að með afbrigðum væri hægt að breyta lögunum og kippa út heilum greinum langan tíma. Mér þætti fróðlegt að fá upp hjá forseta hvar sú lögskýring hefur farið fram að það sé hægt með munnlegum tillöguflutningi um afbrigði að breyta þingsköpum á þann veg. Ég tel það sjálfgefið að sá frestur sem hér er verið að tala um sé aðeins til næsta fundar í Sþ.

Jafnframt vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að það er ekki vandi þingsins mestur ef ekki er kosið í utanrmn. Það er vandi ríkisstjórnarinnar. Hún brýtur þá lög. Hún hefur þá ekki samráð við nefndina einfaldlega vegna þess að nefndin er ekki starfandi. Og það er nú ekki beysin byrjun að byrja á því að brjóta lög. Ég tel þess vegna að það hljóti að vera umhugsunarefni hvort það er slíkt kappsmál að geyma í töskunni hjá Jóni Baldvini, hæstv. utanrrh., hvort sem hún er nú á vísum stað eða ekki þessa stundina, þessi gögn eða að utanrmn. fái þau til aflestrar.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:
Frú forseti. Það fór fram umræða á milli formanna flokka og formanna þingflokka í þeim tilgangi að ná fram sem skilvirkustum þingstörfum hér á þessu skamma aukaþingi. Ég taldi allgóða sátt um þann málatilbúnað og þá skipan mála sem þar var rætt um.

Ég vil á hinn bóginn staðfesta að það er rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann hafði fyrirvara varðandi umræður um Evrópskt efnahagssvæði ef þar mundi eitthvað gerast sem þætti umræðuvert. Það er hárrétt að sá fyrirvari kom fram og ég man ekki betur en menn hafi á fundinum almennt tekið vel undir þann fyrirvara.

Vegna þessara umræðna mundi ég vilja árétta að tillaga hv. 8. þm. Reykv. yrði samþykkt hér, en jafnframt tel ég eðlilegt að beita mér fyrir því að á fundi, til að mynda á fimmtudag, yrði kosið í utanrmn. og þá gæti átt sér stað stutt umræða, ef samþykkt yrði, um það efni sem menn kjósa að ræða hér og er í samræmi við þann fyrirvara sem gerður var á fundi formanna flokka og formanna þingflokka.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Vænti ég þá að það hafi komið nægjanlega skýrt fram að það er vilji hér til þess að koma til móts við þær óskir og þau viðhorf sem hér hafa komið fram með tilliti til þess að kjósa svo fljótt sem verða má í utanrmn.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu sem fram hefur komið frá hæstv. forsrh. um það að kosið verði í utanrmn. í síðasta lagi á fimmtudag, þá tel ég ástæðulaust að halda til streitu ósk minni um það að frestunin á utanríkismálanefndarkosningunni verði borin upp sérstaklega. Ég vil hins vegar segja hv. 8. þm. Reykv. það til fróðleiks og upplýsingar að ef þingmaður óskar eftir því að einstakir liðir í tillögum séu bornir upp sérstaklega, þá ber forseta að verða við því hvað svo sem tillögumanni sýnist um málið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um frestun kosninga í nefndir skv. 69. gr. þingskapa samþ. með 41 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir *(um þingsköp)*:
Hæstv. forseti. Til þess að tryggja það að þinghald allt megi nú fara fram hér með venjulegum hætti vil ég leyfa mér að benda á að í jómfrúarræðu sinni minntist hæstv. forsrh. á hér áðan að hann mundi bjóða upp á stutta umræðu um utanríkismál. Öllum hinum nýju þingmönnum til upplýsingar og þar með hæstv. forsrh. skal það sagt að hér er það hæstv. forseti þingsins sem ákveður hvernig umræður fara fram og lengd þeirra fer eftir þingsköpum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að upplýsa sérstaklega nýja þingmenn um ýmsa þætti þingskapa og það má segja að aldrei sé góð vísa of oft kveðin.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:
Frú forseti. Ég þakka leiðbeiningu fyrrv. forseta þingsins og veit að hún er alveg þess fullfær að veita mönnum leiðbeiningar. Ég hef heyrt þær sögur af hennar þingstjórn. En ég tel alveg sjálfgefið að þingmenn hafi leyfi til þess að lýsa því yfir að þeir vilji beita sér fyrir einu eða öðru.

EFRI DEILD

2. fundur, þriðjudaginn 14. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Björn Bjarnason *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Ég fer fram á að þessum dagskrárlið, kosningu í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa, verði frestað og leitað verði afbrigða fyrir slíkri frestun.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Ég vil vísa til þess sem fram kom á fundi í Sþ. hér áðan um afstöðu míns flokks og stjórnarandstöðunnar varðandi frestun á nefndakjöri. Sú afstaða felst í því að menn áskilja sér rétt til þess að fara fram á að nefndir verði kosnar ef ástæða þykir til eða

verkefni verða fyrir þær. Það á væntanlega einnig við um þingnefndir í deildum. Í því ljósi styðjum við það að afbrigði séu veitt á þessum fundi um frestun nefndakjörs.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Til þess að fresta kosningu fastanefnda þarf að leita afbrigða skv. 69. gr. þingskapa.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um að fresta kosningum í nefndir skv. 69. gr. þingskapa samþ. með 18 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

2. fundur, þriðjudaginn 14. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Í samræmi við þá ákvörðun sem tekin hefur verið í Sþ. fyrr í dag vil ég leyfa mér að óska eftir því að kjöri í fastanefndir þessarar hv. deildar verði frestað um óákveðinn tíma og leitað verði afbrigða til staðfestingar þeirri frestun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði um að fresta kosningum í nefndir skv. 69. gr. þingskapa samþ. með 30 shlj. atkv.

EFRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 15. maí,
kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, á þskj. 1.

Frv. þetta er flutt af fulltrúum allra þingflokka, enda um samkomulagsmál að ræða. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Halldór Ásgrímsson, Karl Steinar Guðnason og Kristín Einarsdóttir.

Frv. er algerlega samhljóða því frv. sem samþykkt var á síðasta þingi og er endurflutt hér til staðfestingar skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Staðfestingin er háð því að frv. breytist ekki í meðförum þingsins núna. Ef það gerðist yrði að rjúfa þing á ný og efna til kosninga og staðfesta þær breytingar á nýju þingi. Það er nauðsynlegt að menn hafi þetta í huga við umræðu núna og þá samstöðu sem myndaðist á síðasta þingi um málið og reyndar aftur nú.

Frv. var undirbúið á síðasta þingi af formönnum þingflokka að beiðni þáv. forseta þingsins og lagt fram í Nd. Það kom óbreytt til Ed. en hér voru gerðar á því tvær breytingar sem vörðuðu hæstaréttardómara, annars vegar kjörgengi þeirra og hins vegar eftirlaunarétt. Fyrra ákvæðið er í 8. gr. frv. sem er breyting á síðari málsgrein 34. gr. stjórnarskrárinnar og síðara atriðið sem breyttist hér í meðförum Ed. á síðasta þingi er í 26. gr. og varðar 3. málslið 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera í þessari framsöguræðu ítarlega grein fyrir þessu máli, svo mjög sem það var rætt á síðasta þingi. Kjarni þess er að afnema deildaskiptingu Alþingis og að Alþingi starfi framvegis í einni málstofu. Jafnframt er reynt með ýmsum hætti í frv. að styrkja stöðu Alþingis í stjórnkerfinu. Þannig mun Alþingi starfa allt árið sem er tvímælalaust mikið framfaraspor. Það mun annars vegar leiða til þess að nefndir þingsins geta starfað allt árið í fullu umboði og hins vegar til þess að Alþingi afsalar sér aldrei sínum hluta löggjafarvaldsins yfir til framkvæmdarvaldsins eins og verið hefur. Að vísu er það svo að ríkisstjórn mun áfram hafa heimild til þess að leggja til við forseta að gefa út bráðabirgðalög meðan þingfrestanir standa, en það er skilningur allra sem að þessu máli hafa staðið að til þess komi ekki nema í sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýi siður að verði þörf á skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, t.d. yfir sumartímann, þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til þess að afgreiða hana með eðlilegum hætti.

Þá er loks að minnast á þriðja meginefnisatriði þessa frv. Það er um þingrof og þá nýju skipan að Alþingi verði nú aldrei rofið nema frá kjördegi. Það mun leiða til þess að landið verður aldrei þingmannslaust eins og gerst hefur nokkrum sinnum, síðast haustið 1979. Að öðru leyti eru hinar 27 efnisgreinar frv. allar tengdar þessum meginhugmyndum og þá fyrst og fremst þeirri að Alþingi mun framvegis starfa í einni málstofu, og breytingar gerðar í samræmi við það.

Frá því að vinna hófst við þetta frv. á síðasta þingi, og í raun frá því að hugmyndir komu fram um að slíkt frv. yrði samið, hefur verið ljóst að breyta þyrfti þingsköpum Alþingis í mjög verulegum atriðum. Með frv. til stjórnarskipunarlaga voru á síðasta þingi lögð fram drög að nýjum þingsköpum og vil ég vísa til þeirra varðandi þær breytingar sem menn töldu þá að óhjákvæmilegar væru í kjölfar brottfalls deildaskiptingarinnar.

Hins vegar var það svo að tími til þess að ganga frá nýjum þingsköpum var ákaflega naumur í lok síðasta þings, og málið var ekki rætt ítarlega í nefnd þingflokksformanna sem fjallaði um þessi mál. Þó voru í

umræddum drögum að breytingum á lögum um þingsköp þær breytingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna afnáms deildaskiptingarinnar og jafnframt voru í drögunum ýmsar hugmyndir sem komu fram í hópi þingflokksformanna um aðra þætti í starfsemi Alþingis. Eftir kosningar og kjör nýrra þingmanna komu fráfarandi þingflokksformenn saman að nýju og ákváðu að halda málinu áfram. Það var gert í samráði við fráfarandi forseta Alþingis, bæði sameinaðs þings og deilda. Síðan komu inn í þá vinnu nýir þingflokksformenn eða fulltrúar þingflokkanna.

Í Nd. hefur samhliða þessu frv. verið útbýtt frv. til laga um þingsköp Alþingis á þskj. 2. Þar er afrakstur þeirrar vinnu sem fram hefur farið síðustu vikur eða síðustu daga. Þar er í megindráttum byggt á þeim drögum sem fylgdu stjórnarskrárfrv. á síðasta þingi en þó hafa verið gerðar á þeim nokkrar breytingar, sumar í samræmi við þær athugasemdir sem fram komu á þinginu. Ég mun gera hér stuttlega grein fyrir þessum breytingum vegna þess að eðlilegt hlýtur að teljast að þessi mál verði rædd að einhverju leyti í samhengi hér í deildinni þó að frv. til þingskapalaga sé nú til meðferðar í Nd.

Í fyrsta lagi hafa orðið breytingar á tillögum okkar að því er varðar stjórn Alþingis og forseta þess. Er þar annars vegar um að ræða að styrkja eftir því sem hægt er embætti forseta Alþingis. Forsetanum eru falin flest þau verkefni og völd sem áður voru á hendi forsetanna þriggja. Um þetta virðist vera gott samkomulag í hópi þingmanna. Enn fremur er gert ráð fyrir sérstakri forsætisnefnd sem yrði samráðsvettvangur forseta og varaforseta og ljóst að forsætisnefndin yrði að taka að sér ýmis þau verkefni sem nú eru samkvæmt gildandi lögum í höndum forseta Alþingis. Svo ég nefni dæmi um slík verkefni þá er það þannig í dag að forsetum Alþingis ber samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun að ráða ríkisendurskoðanda. Það getur ekki gengið að það sé á valdi eins forseta Alþingis. Því er lagt til að þetta, ásamt öðrum verkefnum færist til forsætisnefndarinnar.

Þá er í hinu nýja frv. ákvæði um að varaforsetar skuli nú kosnir listakosningu. Það felur í sér að þingflokkarnir eða stjórn og stjórnarandstaða leggja fram lista með nöfnum þeirra varaforseta sem kjósa á. Þetta fyrirkomulag er miklu einfaldara en það sem við búum nú við. Þó er að mestu leyti haldið eldra fyrirkomulagi að því er varðar forsetann sjálfan. Ég vil hins vegar að það komi mjög skýrt fram að það er vilji og ásetningur forustumanna þingflokkanna að þeirri hefð sem komst á fyrir 20 árum, að varaforsetar kæmu ekki síður úr röðum stjórnarandstæðinga en stjórnarsinna, verði haldið og jafnframt að öllum þingflokkum, eftir því sem unnt er, verði veitt aðild að stjórn þingsins, þ.e. sæti í forsætisnefndinni. Þess vegna er það von flestra að samkomulag geti tekist um kosningu varaforseta og að í framtíðinni muni aðeins koma fram einn sameiginlegur listi þingflokkanna þegar kosnir verða varaforsetar þingsins.

Önnur breytingin varðar fjárveitinganefnd. Nafni hennar og að nokkru leyti hlutverki er breytt. Hún verður kölluð fjárlaganefnd. Meginhugmyndin er sú að aðrar nefndir komi nú að vinnu fjárveitinganefndar milli 1. og 2. umr. þannig að einstökum málefnasviðum innan fjárlagafrv. verði dreift til viðkomandi fagnefnda. Þetta fyrirkomulag tíðkast mjög víða erlendis, m.a. hjá nágrannaþingum okkar og þykir hafa gefist vel. Þetta er hugsað þannig að fjárlaganefndin, nú fjárveitinganefnd, muni fyrst og fremst fjalla um meginþætti fjárlagafrv., ramma fjárveitinganna og um tekjuhlið frv. Fagnefndirnar munu þá fara hver yfir sitt málefnasvið, ræða við aðila utan þings eftir því sem ástæða er til og gera síðan tillögur til fjárlaganefndar um breytingar áður en 2. umr. fer fram. Fjárlaganefndin mundi síðan vinna úr þessum tillögum og ganga endanlega frá brtt. fyrir 2. umr. fjárlaga.

Þá má segja að afskiptum fagnefndanna af fjárlagafrv. væri lokið. Vinnan milli 2. og 3. umr. yrði alfarið hjá fjárlaganefnd og í samráði við ríkisstjórn á hverjum tíma. Í þessu sambandi má geta þess sérstaklega að hugmyndin er sú að tekjuhlið fjárlaga, sem fjallar um gjöldin, skattamálin og fleira, verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar til umfjöllunar þar og jafnframt þeim köflum lánsfjárlagafrv. sem fjalla um efnahags- og skattamál. Að öðru leyti yrði frv. til lánsfjárlaga hjá fjárlaganefnd.

Fyrir þessu skipulagi er í heild sú röksemd að rétt sé að saman fari fjárhagsstjórn og málefnastjórn í nefndunum, þ.e. að fagnefndirnar hafi ekki einungis með efnishlið málanna að gera heldur einnig fjárveitingar, hver á sínu sviði. Við teljum að fagnefndirnar muni vinna á ábyrgari hátt ef þær taka þátt í fjárlagaafgreiðslunni og þær verði ekkert síður í þeirri vinnu sem fram fer á vorþingi ábyrgari við umfjöllun frv. og tillagna sem hafa útgjöld í för með sér. Jafnframt teljum við að þetta skipulag yrði til þess að létta fjárlaganefndarmönnum vinnu þeirra. Þeir yrðu þá ekki bundnir yfir ýmsum smærri verkefnum sem hafa tekið mikinn tíma fjárveitinganefndar á undanförnum árum.

Í þriðja lagi hefur nefndakafli þingskapalagafrv. verið endurskoðaður. Þar er í sjálfu sér ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða. Hins vegar er gerð tillaga um að festa í lög ýmsar þær hefðir og venjur sem ríkt hafa um vinnu í nefndum þingsins en hvergi eru skráðar og hefur það oft skapað óvissu og átök í nefndarstörfum. Ágreiningur um ýmis atriði hefur komið fram hér á þingfundum, t.d. um það hvort setja megi nefndarfundi fyrr en meiri hluti nefndarmanna er kominn, um staðgengla í nefndum o.s.frv. Á öllu þessu er tekið í frv. um þingsköp.

Þá eru í fjórða lagi gerðar þær breytingar frá fyrri drögum að þingsköpum að sett eru mörk á umræður utan dagskrár sem áður hafa verið án tímamarka. Það er rétt að taka það fram að um þetta er ekki eins mikil samstaða og um aðrar breytingar á þingsköpunum. Tillagan í þingskapafrv. er sú að umræður utan dagskrár verði takmarkaðar þannig að málshefjandi og viðkomandi ráðherra hafi hálfa klukkustund, en aðrir þingmenn hafi 15 mínútur til að taka þátt í umræðunni. Ástæðan fyrir þessu er auðvitað sú að þessar umræður hafa þótt dragast fram úr öllu góðu hófi. Þess ber þó

að geta að utandagskrárumræður hafa verið sá vettvangur sem stjórnarandstaða hefur haft til þess að efna til meiri háttar umræðu á Alþingi um þjóðmálin og það verður að fara ákaflega varlega í að skerða þann rétt. Hins vegar eru þetta umræður utan dagskrár. Þær eru ekki samkvæmt fyrir fram prentaðri dagskrá og það er eina réttlætingin fyrir því að reyna að koma einhverjum *böndum á umræðuna en þingmenn munu að sjálfsögðu* áfram hafa óskert málfrelsi þegar til umræðu eru önnur þingmál.

Þá er þess að geta að reynt verður að setja nokkrar skorður á þingskapaumræður. Ræðutími hvers þingmanns sem talar um þingsköp verður takmarkaður við fimm mínútur, en þær verða ekki takmarkaðar að öðru leyti.

Þá er sú nýjung í þingskapafrv. að leyfa á sérstökum fundi í allt að hálftíma óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra. Hér er um tilraun að ræða sem gerð er til þess að lífga svolítið upp á þinghaldið og koma á eins beinskeyttum umræðum og hægt er. Ráðherrar verða á þingfundinum til svara en þingmenn geti staðið upp og borið fram í stuttu máli fyrirspurnir til þeirra sem þeir svara strax á fundinum. Svörin munu auðvitað taka mið af því að þau eru ekki sérstaklega undirbúin, en með þessu móti hafa þingmenn tækifæri til þess að spyrja ráðherra beint um þau mál sem efst eru á baugi í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Í sjötta lagi er rétt að minnast á það að í drögunum voru ákvæði um að banna eða fella niður skrifleg svör við fyrirspurnum. Nú hefur verið fallið frá því en reynt að setja slíkum skriflegum fyrirspurnum nokkur mörk. Verður við það miðað að skrifleg svör við fyrirspurnum verði ekki mikið lengri en þau svör sem ráðherrar flytja munnlega. Gert er ráð fyrir því að þingmenn geti aflað sér ítarlegri upplýsinga um mál með því að biðja um skýrslu ráðherra, enda eiga þeir þá betri möguleika á því að ræða slík mál þegar skýrslan kemur í þingið aftur. Það hefur stundum borið á því að þingmenn hafa haft ýmsar athugasemdir við skrifleg svör sem borist hafa frá ráðherrum en ekki haft tækifæri til þess að koma þeim á framfæri í þinginu.

Þá er þess jafnframt að geta að ræðutími í fyrirspurnatímum verður aðeins rýmkaður. Fyrirspyrjendur fá nú þrjár mínútur til þess að gera grein fyrir fyrirspurn sinni og þrjár mínútur til þess að gera athugasemdir við svör ráðherra. Þetta eru tvær mínútur í gildandi þingsköpum og var þannig í drögum sem lögð voru fram í fyrra. Þá er líka aðeins styttur sá frestur sem líða má frá því að fyrirspurn kemur fram og þar til ráðherra svarar. Þetta mun í framkvæmdinni þýða að þeim fyrirspurnum sem fram koma í hverri viku verður öllum svarað á fimmtudegi í næstu viku. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi verða þingmenn að skila fyrirspurnum inn á skrifstofu þingsins fyrir kl. 4 á miðvikudegi til þess að fá þeim svarað á fimmtudegi í vikunni á eftir.

Í sjöunda lagi er rétt að gera grein fyrir þeim möguleika að vísa skýrslum sem Alþingi berast til nefnda og þær geti hlotið umfjöllun í nefnd. Það væri æskilegt að ráðherrar legðu mál sem þeir eru með í vinnu fram í þinginu fyrst í skýrsluformi til að fá umræður um það og afstöðu þingflokkanna. Á margan hátt væri eðlilegt að um þessar skýrslur yrði fjallað í nefnd og nefnd gæti unnið málið eftir því sem tími ynnist til og skilað álitsgerð og hugsanlega ályktunartillögu um skýrsluna.

Í áttunda lagi er rétt að taka það fram að í drögunum *er nú sérstakur kafli um þingflokka og almennar* stjórnmálaumræður. Í gildandi þingsköpum eru eiginlega engin ákvæði um þingflokkana, svo mikilvægir sem þeir eru þó í störfum Alþingis. Í sérstökum kafla hefur verið safnað saman ákvæðum um þingflokka og jafnframt um almennar stjórnmálaumræður, þ.e. hið svokallaða eldhús sem við höfum haft hér á vorin og svo stefnuræðu forsrh. sem flytja á við upphaf þings.

Í níunda lagi er í þingsköpunum aðeins breytt orðalagi frá drögunum að því er varðar atkvæðagreiðslur, en stefnt er að því að sett verði upp nú í sumar atkvæðagreiðslukerfi þannig að þingmenn greiði atkvæði með því að ýta á hnapp og þau skilaboð komist til tölvu og úrslit atkvæðagreiðslu birtist á skjá í þingsalnum eftir nokkur augnablik. Það er talið að þetta fyrirkomulag muni í fyrsta lagi flýta afgreiðslu mála hér í þinginu, í öðru lagi verða allar atkvæðagreiðslur í raun og veru nafnaköll sem veldur því að miklu auðveldara verður að ná fram afgreiðslu og úrslitum í málum en verið hefur með því fyrirkomulagi að rétta upp hönd.

Þá er í tíunda lagi rétt að geta þess að ákvæði sem var inni í drögunum á síðasta þingi um sérstakan rétt forsrh. til að gera tillögu um takmörkun umræðna um staðfestingu bráðabirgðalaga hefur verið fellt brott. Þetta var gagnrýnt mjög við meðferð málsins og þingflokksformenn eru sammála um að í þingsköpunum séu önnur úrræði til þess að takmarka umræður ef við blasti að staðfestingarfrv. á bráðabirgðalögum væri að falla á tíma.

Í ellefta lagi, og það er ekki veigaminnst, hefur þeirri grein þingskapanna sem fjallar um afbrigði verið breytt. Í núgildandi ákvæðum segir að það þurfi $^3/_4$ greiddra aðkvæða til að veita afbrigði frá þingsköpum en þó nægi einfaldur meiri hluti um stjfrv. Nú er orðið samkomulag um það að um öll afbrigði frá þingsköpum gildi aukinn meiri hluti, þ.e. $^2/_3$. Þessi breyting er gerð með það í huga að nú erum við að fara úr deildaskiptu þingi í eina málstofu og þess vegna verður að tryggja það með einhverjum hætti að málum verði ekki flaustrað áfram eins og við hefur borið þegar koma þarf málum með hraði í gegnum tvær deildir.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir þeim breytingum sem þau drög, sem fylgdu stjórnarskrárfrumvarpinu á síðasta þingi, hafa tekið í meðferð þingflokksformanna eða fulltrúa þingflokka og koma fram á þskj. 2 sem er til umræðu í Nd. samtímis þessu frumvarpi. Ég vildi gera þetta, herra forseti, vegna þess að þessi tvö mál eru tengd órjúfanlegum böndum og þingskapamálið byggir á stjórnarskrárbreytingunni en forsenda stjórnarskrárbreytingarinnar var sú að þingflokkarnir næðu samkomulagi um þær breytingar á þing-

sköpum sem nauðsynlegar eru.

Ég legg að lokum til að þessu máli verði vísað til sérnefndar samkvæmt þingsköpum og hún verði skipuð níu þingmönnum. Jafnframt mælist ég til þess að nefndir beggja deilda vinni saman að þessum tveim þingmálum, frv. til stjórnarskipunarlaga og frv. til þingskapa.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til stjórnarskipunarlaga. Það er rétt sem fram kom hjá frsm., hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að hér var um samkomulagsmál að ræða, en það er jafnframt háð því að góð samstaða náist um annað frv. sem nú er til umræðu í Nd., þ.e. um þingsköp Alþingis.

Það var ekki hugmynd mín að fara út í langar umræður um frv. til stjórnarskipunarlaga en á síðari stigum mun frv. til laga um þingsköp Alþingis að sjálfsögðu koma til umfjöllunar hér í hv. Ed. Þessi frv. tengjast mjög mikið og það er vissulega gott að ræða þau í samhengi þó að ég hafi ekki ætlað mér að fara út í öll atriði að því er varðar þingsköpin.

Það er alveg rétt að að þessu máli hefur verið unnið af öllum þingflokkum. En það var hins vegar svo að lítill tími gafst til að ræða þingskapamálið á síðasta þingi og þingmenn uppteknir við margt annað þannig að okkur, sem ekki komum að málinu, gafst ekki tími til að fjalla ítarlega um það.

Nú er það svo að ýmsar breytingar hafa þegar verið gerðar á þessu frv. Við hljótum samt að taka ýmis atriði þess til umfjöllunar í þeirri nefnd sem kosin verður í þeim tilgangi að ná fram sem bestum þingsköpum sem geta staðið fyrir Alþingi Íslendinga um sem lengstan tíma. Þá má að sjálfsögðu ekki taka mið af þeim aðstæðum sem eru í dag heldur þeirri staðreynd að við verðum að hafa sem best þingsköp fyrir þá einu deild sem ætlað er að starfa í framtíðinni.

Hér er um mjög mikla breytingu að ræða og við vitum það sem höfum starfað í hv. Ed. að oft hefur komið fyrir að leiðrétta og breyta hefur þurft frv. sem ekki hafa hlotið nægilega góða umfjöllun. Því er mikilvægt að öll umfjöllun héðan í frá verði mun vandaðri en hingað til hefur verið. Við verðum að taka mið af þeirri staðreynd að nú eiga aðeins að fara fram þrjár umræður í hinni nýju skipan í stað sex áður. Þá er að mínu mati mikilvægt að það sé alveg skýrt að hægt sé að vísa máli til nefndar áður en 1. umr. er lokið. Það er að mínu mati mikill kostur að þingmenn geti kynnt sér mikilvæg mál og komist hjá því að vera að spyrja flm., sérstaklega ráðherra, út úr um ýmis ákvæði slíkra frv. og mikilvægara að hægt sé að taka þau strax fyrir í nefnd þannig að þingmenn séu sem best undirbúnir fyrir umræðuna. Mér þykir skorta að þetta sé nægilega skýrt í því frv. til þingskapalaga sem nú liggur fyrir. Í öðru lagi þykir mér skorta að það sé nægilega ljóst að hægt sé að biðja um 4. umr. í mjög mikilvægum málum, vandasömum málum, sem mér finnst full ástæða til að gera til að tryggja betri umfjöllun mála á Alþingi.

Það eru nokkur atriði sem ég tel mikilvægt að fjalla um og ég skal ekki eyða miklum tíma í að gera hér í umræðum en óska eftir því að verði rætt í þeirri nefnd sem málið fær til umfjöllunar. Það er í fyrsta lagi um starfssvið forsetanna og hvernig þeir skuli kosnir. Ég fagna því að það er ætlunin að tryggja að stjórnarandstaða á hverjum tíma hafi eðlilegan aðgang að stjórn þingsins. Ég tel það afar mikilvægt. Við minnumst þess að við höfum búið við það að stjórnarandstæðingur hefur stjórnað hér annarri deildinni og ég veit ekki betur en það hafi gengið mjög vel og allir aðilar hér á þingi verið ásáttir með það. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir þingið að sem bestur friður ríki um stjórn þess. Því verður að tryggja rétt minni hluta sem meiri hluta að því leytinu. Nú kemur það ekki skýrt fram í þessu þingskapalagafrv. með hvaða hætti það verður gert. Þar er að vísu vitnað til hefða og það er vel. En mér finnst að það hljóti að koma til álita að festa þær hefðir í lögum ef ætlunin er að viðhalda þeim. Það er ekkert því til fyrirstöðu að lögfesta góðar og gamlar hefðir og tryggja þannig að eftir þeim verði farið um ókomna framtíð meðan lögum er ekki breytt.

Ég tel einnig mikilvægt að átta sig á því hvert starfssvið forsetanna á að vera. Það var t.d. minnst á það af hv. frsm. að starfssvið forsetanna í dag er m.a. að stjórna mikilvægri stofnun Alþingis sem heitir Ríkisendurskoðun. Það er afar mikilvæg stofnun sem Alþingi getur beitt í mikilvægum málum auk þess sem Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun með framkvæmdarvaldinu. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að það sé rétt skipan að forsetar Alþingis séu yfirmenn þessarar stofnunar. Ég tel að forsetar Alþingis hafi í nægu öðru að snúast að stýra þinghaldi og öllu sem því fylgir. Ég held að á margan hátt geti komið til vissra árekstra í því máli. Því tel ég eðlilegt að það væri tekið til umfjöllunar hvort ekki væri rétt að breyta því nú, og að sérstök stjórn yrði kjörin yfir Ríkisendurskoðun og forsetar þingsins leystir undan þeirri ábyrgð. Ég er þeirrar skoðunar, eftir að hafa hugleitt þessi mál mjög mikið á sínum tíma, að það væri eðlilegri skipan mála að yfir Ríkisendurskoðun væri sérstök stjórn. Þegar forsetum er nú fjölgað — í reynd er þeim fækkað en hingað til hafa forsetar deildanna og forseti Sþ. verið þeir sem farið hafa með málefni Ríkisendurskoðunar en ekki varaforsetar, en nú skil ég það svo að ætlunin sé að forseti og varaforsetar, a.m.k. fimm talsins, fari með þessa stjórn.

Mér finnst jafnframt mikilvægt að það verði rætt hvernig taka skuli á málum eins og t.d. 15. gr. þar sem náðist samstaða um það eftir allmiklar ýtingar hér á Alþingi að „reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum."

Í lok janúar sl. upphófust langar umræður í hv. Ed. um þingsköp, óvenjulega langar því að þær stóðu í marga klukkutíma og voru mjög góðar. Upphafsmaður þeirra umræðna var hv. þm. Halldór Blöndal, sem nú á því miður ekki sæti lengur í þessari hv. deild. (**SvG:** Hann hefur málfrelsi hér.) Hann hefur þegar far-

ið fram á það en mér vitanlega hefur ekki verið fallist á það. En hann er nú hæstv. landbrh. og samgrh. Þá var því haldið fram, m.a. af þeim sem hér stendur, að það væri eðlilegt að alþingiskosningar yrðu annan laugardag í maí og þar með yrði farið inn á reglulegan kjördag samkvæmt lögum. Það tel ég eðlilega skipan. En hv. þm. Sjálfstfl. sérstaklega töldu það á engan hátt standast stjórnarskrá sem ég tel vera rangt og studdi það þeim rökum sem ég skal ekki endurtaka hér, en get þó gert síðar ef ástæða er til.

Hv. þm., núv. hæstv. landbrh. og samgrh., Halldór Blöndal hélt því fram að ef það væri ætlunin að komast inn á reglulegan kjördag, þá ætti að sjálfsögðu að kjósa fyrr. Hann benti mönnum á að það hefði náttúrlega verið best að kjósa sem fyrst eftir að þessi kjördagur var ákveðinn. Mér sýnist að okkur sé nokkur vandi á höndum því ef ætti t.d. að kjósa á næsta ári, þá hefði samkvæmt þessari tillögu átt að kjósa laugardaginn fyrir páska, þ.e. eftir föstudaginn langa. Ég er ekki viss um að það væri talinn mjög heppilegur kjördagur. Ef við ættum t.d. að kjósa á næsta ári, og ég hef ekkert á móti því og get út af fyrir sig vel fallist á að gera það jafnvel fyrr, þá er ég ekki viss um að hv. þm. þætti það mjög heppilegur kjördagur að kjósa laugardaginn fyrir páska og þá hefðu kosningarnar þurft að vera 11. apríl en ekki 18. apríl. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra og stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar: Er það skoðun þeirra að við eigum endanlega að vera fastir í vetrarkosningum? Telja þeir það heppilegt fyrirkomulag?

Ýmsir hafa þá reynslu af þeim kosningum sem nú er nýlega lokið að þeir lentu í margvíslegri ófærð og vondum veðrum og oft var erfitt með fundahöld. En sem betur fer var nú bærilegt veður á kosningadaginn og Vegagerðin stóð sig nokkuð vel í að ryðja vegi en þó var alls ekki hægt að opna alls staðar. Ég tel þetta mjög óheppilegt fyrirkomulag að við eigum að festast hér endanlega í vetrarkosningum ef við göngum út frá því að kjörtímabil verði að öllu eðlilegu fjögur ár og ég vænti þess að hæstv. núv. ríkisstjórn hafi ætlað sér að starfa allt kjörtímabilið. Eina leið hennar til þess að komast inn á reglulegan kjördag er að leggja það til — og það er vissulega á hennar valdi, forsrh. hefur þingrofsréttinn — að stytta kjörtímabilið. Ég sé ekki að hjá því verði komist fyrst hv. þm. Sjálfstfl. vildu alls ekki gangast inn á þá ágætu tillögu að efna til kosninganna í maí í ár. Við vorum hins vegar þannig sem stóðum að þáv. ríkisstjórn að við vildum allt gera til að tryggja sem best samstarf um kosningadaginn, sem við hljótum að þurfa að gera, en við hljótum með sama hætti að stefna að því að hafa sem best samstarf og samstöðu um komandi kjördag. Ég held að það sé rétt að taka það til umræðu nú þegar. Og mér finnst þá lágmark að við fáum upplýsingar um það hvort við getum þá a.m.k. ekki treyst því að kosið verði annan laugardag í maí innan þriggja ára því að það má alls ekki líða lengri tími til þess að komast inn á reglulegan kjördag. Við erum að sjálfsögðu til viðræðu um að hafa þennan kjördag mun fyrr, en það er nauðsynlegt að vita þetta sem allra fyrst og það er að sjálfsögðu mikilvægt að þjóðin fái upplýsingar um það hvað menn ætlast fyrir í þessum efnum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég tel áríðandi að fjallað verði um.

Eitt atriði til viðbótar sem ég tel líka mikilvægt að við fjöllum um í tengslum við þessa miklu breytingu er sú aðstaða sem Alþingi Íslendinga hefur eftir að þessi breyting hefur átt sér stað. Það skiptir afar miklu máli að húsakostur þingsins og öll aðstaða tryggi sem best vinnubrögð hér í þinginu. Eins og hv. þm. hafa orðið varir við, og ekki síst þeir sem nýir eru hér á Alþingi, er heldur þröngt hér í húsinu og starfsemi þingsins fer fram í mörgum húsum hér allt um kring. Það var tillaga forseta í eina tíð að byggt yrði nýtt hús hér við hliðina og þar með tryggt framtíðarhúsnæði fyrir Alþingi. Þessi tillaga reyndist afar kostnaðarsöm og ég á ekki von á því að það hafi mikið fylgi meðal alþingismanna að ráðast í svo dýrar framkvæmdir, sérstaklega ekki um þessar mundir þegar meginvandamál ríkisstjórnar og Alþingis er sú staðreynd að of mikill halli er á fjárlögum. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina að fara þá að ráðast í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er jafnframt staðreynd að mjög hefur verið þrengt að þinginu með byggingu ráðhúss þannig að mönnum líst ekki vel á að fara að reisa nýja stórbyggingu í líkingu við þau ósköp hér í næsta nágrenni þingsins. Mikil umfjöllun fór fram um þetta mál og að lokum varð um það góð samstaða hér í þinginu að það réttasta sem hægt væri að gera væri að kaupa hentugt húsnæði í nágrenni þingsins. Og það vildi svo til að til sölu var hús sem heitir Hótel Borg og Alþingi var um það bil að ná samningum um að kaupa það virðulega, gamla hótel. Þá kom skyndilega fram á sjónarsviðið borgarstjórinn í Reykjavík, sem var þá mikill áhugamaður um veitingarekstur í borginni og keypti gjarnan slík hús ef þau voru tóm og til sölu, og keypti húsið á augabragði. Þar með var ekkert hægt að gera hér á Alþingi og menn stóðu uppi ráðalausir.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé afar mikilvægt að fá þetta hús keypt og að það henti mjög vel fyrir framtíðarstarfsemi Alþingis. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort þeir séu tilbúnir til að beita sér fyrir því að Alþingi geti keypt þetta hús og hvort þeir séu tilbúnir að beita sér fyrir því í núverandi ríkisstjórn að skapa þannig góð samskipti við Alþingi sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á, sérstaklega forsrh., að taka upp viðræður við Reykjavíkurborg um að þetta hús verði keypt.

Nú vill svo vel til að enn þann dag í dag er núv. hæstv. forsrh. jafnframt borgarstjórinn í Reykjavík og aðalkaupmaður þessa húss. Og það vill líka svo vel til að núv. hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að hvað svo sem á gengur þá ætli hann sér að sitja áfram í borgarstjórn Reykjavíkur, hvernig sem það er samrýmanlegt fyrir forsrh. landsins, það fæ ég ekki skilið. En a.m.k. ætti þetta að geta orðið gott tækifæri til þess að endurskoða þetta mál og vita hvort Reykjavíkurborg fæst ekki til að selja húsið til Alþingis þannig að sómasamlega verði hægt að búa að starfsemi þingsins. Það hlýtur að vera metnaðarmál höfuðborgar landsins að sem best sé búið að þinginu sem á sér aðsetur hér í borginni samkvæmt lögum. Og svo mun að sjálfsögðu

verða að á meðan Reykjavík er höfuðborg, og við hljótum að reikna með að svo verði í framtíðinni sem hingað til, þá mun Alþingi Íslendinga starfa hér. Það er ekki aðeins metnaðarmál Alþingis að vel sé búið að þessari stofnun, það hlýtur jafnframt að vera metnaðarmál stjórnenda höfuðborgarinnar. Að mínu mati hefur ekki farið nægilega mikið fyrir þeim metnaði hjá stjórnendum höfuðborgarinnar. En ég vildi leyfa mér að óska þess að þar geti orðið breyting á.

Herra forseti. Ég ætlaði fyrst og fremst að taka þau atriði til umræðu sem við hljótum að fjalla um nú á næstunni við meðferð þessa mikilvæga máls. Við verðum að gæta þess að þingsköpin séu þannig úr garði gerð að sem lýðræðislegust vinnubrögð geti farið fram hér á Alþingi með því að tryggja þar rétt bæði meiri hluta og minni hluta; með því að tryggja að eðlilegar umræður geti farið fram um mál, með því að tryggja að Alþingi búi í góðu og eðlilegu starfsumhverfi og aðstaða þingsins sé sem best; að tengsl Alþingis við ríkisstjórn á hverjum tíma séu jafnframt góð og að starfssvið forseta þingsins sé með þeim hætti að þeir geti sem best sinnt skyldum sínum. Þar á ég ekki síst við að verði tekið til endurskoðunar hvort ekki sé rétt að yfirstjórn Ríkisendurskoðunar verði breytt.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var ein af þeim sem voru fylgjandi því frv. til stjórnarskipunarlaga sem nú er flutt hér í annað sinn og er ég þeirrar skoðunar að mjög margt geti verið til bóta við það að Alþingi starfi í einni málstofu. Einnig er hér gert ráð fyrir því að Alþingi sitji allt árið. Tel ég það líka til mjög mikilla bóta, sérstaklega með tilliti til þess að þá munu nefndir starfa allt árið og þá á að vera hægt að kalla Alþingi saman hvenær sem er þannig að ekki á að þurfa að setja bráðabirgðalög nema í hreinum undantekningartilvikum þegar um væri að ræða einhverja þá viðburði sem gerðu það að verkum að ekki væri hægt að koma því við að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara, en það ætti varla að geta komið fyrir. En til þess að vel takist til um þetta þurfa þingsköpin að vera með þeim hætti að ekki sé gengið á svig við lýðræðislegar hefðir og þau vinnubrögð sem eru Alþingi sæmandi.

Það frv. sem hefur kannski meira verið til umræðu hér en frv. til stjórnarskipunarlaga er 2. mál þessa þings, frv. til laga um þingsköp Alþingis. Þar er þingflokksformaður Kvennalistans einn af flm. en það breytir ekki því að við höfum ýmsa fyrirvara á um það mál. Ég vil fyrst nefna það sem síðasta hv. ræðumanni varð tíðræddast um, þ.e. um kjör varaforseta sem kemur fram í 3. gr. frv. Þar er talað um að varaforsetar verði kosnir samkvæmt reglum 68. gr. en þar er gert ráð fyrir listakosningum. Í athugasemd við 3. gr. er talað um að þetta sé talið miklu heppilegra og þar segir jafnframt, með leyfi forseta: „... tryggir einnig að forsætisnefndin (forseti og varaforsetar) sé skipuð í samræmi við þingstyrk flokkanna. Jafnframt er með þessu skipulagi svigrúm fyrir þingflokkana að semja um skiptingu varaforseta milli sín ef vilji er til þess, t.d. með því að skila einum lista. Eðlilegt er að halda þeirri hefð sem verið hefur frá 1971 að fyrsti varaforseti sé úr röðum stjórnarandstæðinga og jafnframt þykir æskilegt að sem flestir flokkar eigi aðild að forsætisnefnd."

Þarna finnst mér ekki nægilega fast að orði kveðið um það að stjórnarandstaðan eigi eðlilega aðild. Eins og hefðin hefur verið hafa verið níu forsetar samtals, þ.e. sex varaforsetar, og af þeim hafa þrír komið úr röðum stjórnarandstöðunnar. Yfirleitt hefur það þýtt að allir þingflokkar hafa átt þar aðild að nema ef um mjög marga litla þingflokka er að ræða, þá hafa að sjálfsögðu ekki allir átt aðild þar að.

Ég tel mjög mikilvægt að allir flokkar eigi aðild að stjórn þingsins ef hægt er að koma því við. Með því fyrirkomulagi að fjórir varaforsetar verði kosnir listakosningu er langt frá því að svo geti orðið eins og ástandið er núna. Ég tel því að það þurfi að athuga þetta sérstaklega í þeirri nefnd sem málinu verður vísað til og tel þá frekar koma til greina að fjölga varaforsetum ef það gæti orðið til samkomulags. Í frv. er gert ráð fyrir fjórum varaforsetum en með núverandi skipulagi eru varaforsetarnir sex. Yfirleitt hefur ekkert veitt af því, sérstaklega þegar um langa fundi er að ræða, en þarna er sem sagt eingöngu gert ráð fyrir fjórum varaforsetum.

Það er líka þyrnir í augum kvennalistakvenna að takmarka málfrelsi eins og gert er ráð fyrir í þessum þingsköpum. Það er gert ráð fyrir að í utandagskrárumræðum, lengri umræðunni, hafi málshefjandi hálftíma og ráðherra sem hlut á að máli en aðrir fimmtán mínútur. Þetta þykir mér í knappasta lagi og hefði talið að þar sem við erum að breyta mjög miklu hér í þinginu hefði verið eðlilegra að hafa ræðutímann eins og hann er núna, en tel þó að hægt sé að sætta sig við þessa grein frv. eins og hún er. En þarna finnst mér samt tíminn vera í knappasta lagi og það gildir reyndar líka um 55. gr. þar sem talað er um ræðutímalengd í þingskapaumræðum.

Þetta vildi ég nefna hér, virðulegur forseti, við þessa umræðu. Það eru nokkur fleiri atriði sem ég tel mjög eðlilegt að sú nefnd sem fær þetta frv., og þá væntanlega bæði frv., til meðferðar taki rækilega til athugunar, bæði þau atriði sem ég hef nefnt og fleiri sem þarf að líta betur á vegna þess að það er ekki fullt samkomulag um frv. eins og það lítur út núna.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég fagna því að þing skuli hafa verið kvatt saman svo skömmu eftir kosningar til þess sérstaklega að staðfesta breytingar á stjórnarskipunarlögum, þær sem samþykktar voru í lok síðasta þings, og til þess að ákvarða ný lög um þingsköp Alþingis. Ég átti aðild að undirbúningi þessa máls á síðasta þingi og var 1. flm. þess frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, og ætla mér ekki að endurtaka neitt af því sem ég sagði á síðasta þingi um það mál. Það liggur allt fyrir í Alþingistíðindum. Ég nefni aðeins það sem hér hefur þegar verið drepið á, að samþykkt þessa frv. og frv. til nýrra þingskapalaga fylgir mikil breyting á störfum Alþingis. Í fyrsta lagi að þingið mun starfa allt árið og í einni

málstofu sem er auðvitað mjög veigamikil breyting. Ég tel líka að sú breyting út af fyrir sig hafi það í för með sér að útgáfa bráðabirgðalaga ætti því sem næst að vera úr sögunni, ef ekki alveg. Þá nefni ég líka það ákvæði sem þetta felur í sér að þingrof verði aðeins frá kjördegi, þannig að landið verður aldrei þingmannslaust.

Þetta eru vissulega veigamiklar breytingar á starfi Alþingis sem nánar eru skilgreindar í frv. til þingskapalaga sem er nú til meðferðar í hv. Nd. Það var prentað sem fskj. með stjórnarskrárfrv. á síðasta þingi en hefur núna tekið nokkrum breytingum. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið það svo nákvæmlega að ég viti hverjar þær eru og ég geymi mér af eðlilegum ástæðum að ræða það sérstaklega þangað til það frv. kemur til meðferðar í þessari hv. deild.

En vegna þess að aðeins var komið inn á forsætisnefndina, sem var mjög eðlilegt, af hv. 1. flm. Margréti Frímannsdóttur og af fleirum reyndar, þá vil ég aðeins taka undir það að mér þykir mjög eðlilegt að stjórnarandstaða komi beint að stjórn þingsins og það verði ekki háð einhverri hefð sem hér er nú komin reyndar. Um 20 ára skeið, eða allt frá árinu 1971, hefur það verið ákvörðun meiri hluta þingsins eða stjórnarflokkanna hverju sinni að stjórnarandstöðu er boðin aðild að stjórn þingsins með því að bjóða stjórnarandstöðunni fyrri varaforseta í deildum og sameinuðu þingi. Núna er gert ráð fyrir að þetta verði lögfest með því að listakosning verði viðhöfð við kosningu fjögurra varaforseta. Þetta þykir mér mjög eðlileg leið. Það kom fram hjá hv. 1. flm. að flutningsmönnum frv., ég held ég hafi skilið 1. flm. rétt, þætti eðlilegt að allir flokkar sem sæti eiga á þingi fái þannig beina aðild að stjórn þingsins. Nú liggur það auðvitað í augum uppi að ekki er hægt að tryggja slíkt með þessu ákvæði. Það væri hægt með samkomulagi í dag þar sem aðeins fimm flokkar eiga fulltrúa á Alþingi en við höfum auðvitað ekki vissu fyrir því að svo verði um alla framtíð. Þeir geta orðið fleiri og ég vara aðeins við því að menn gefi sér það sem eðlilega reglu að allir flokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi eigi að eiga einhvern sjálfkrafa rétt á því að fá einhvern af varaforsetum þingsins.

Ég er alveg tilbúinn að ræða það hvort talan fjórir sé heilög tala, hvort það eigi að fjölga varaforsetum eða ekki. Mér sýnist ekki þörf á því en er, eins og ég segi, alveg tilbúinn að hlusta á rök fyrir því að einhver önnur tala verði fundin. Ef við fjölgum gæti það tryggt það að allir flokkar sem sætu á þingi í dag fengju fulltrúa í forsætisnefnd án einhverra sérstakra samninga milli flokka, en eins og ég sagði áðan þá getur það ekki tryggt slíkt um alla framtíð. Þetta vildi ég láta koma fram varðandi forsætisnefndina.

Ég lýsi sérstakri ánægju minni með þær hugmyndir sem hér eru uppi um fjárlaganefndina, eins og lagt er til að hún eigi að heita, ég tel það eðlilega breytingu á nafni hennar að hún heiti fjárlaganefnd. Ég er sérstaklega ánægður með þau ákvæði sem eru í 25. gr. um að fjárlaganefnd skuli að jafnaði vísa til fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra. Ég er sannfærður um að það mun verða til mikilla bóta hér í þinginu að fagnefndirnar fái til meðferðar þá þætti sem þær fjalla sérstaklega um frá fjárlaganefndinni. Ég hefði talið að vísu að þessi orð „að jafnaði" þyrftu ekkert að vera, heldur væri það skylda fjárlaganefndar að vísa þessum málum til fagnefndanna, en geri ekki neinn sérstakan ágreining um það. Ég geri ráð fyrir að það verði reglan að vísa þessum málum til fagnefndanna og síðan koma þau að sjálfsögðu aftur til fjárlaganefndarinnar sem gengur endanlega frá tillögum til þingsins.

Ég fagna líka sérstaklega ákvæðunum í 2. mgr. 56. gr., um heimildir þingmanna til þess að gera stuttar athugasemdir við ræður án þess að þurfa að bíða eftir því að komast að eftir röð á mælendaskrá. Ég er sannfærður um að þetta muni gera umræðu líflegri og hef trú á því að það muni fremur stytta umræður en lengja að gefa þingmönnum kost á því að koma með stuttar athugasemdir við ræðu.

Í 49. gr. þingskapalagafrv. eru ákvæði um fyrirspurnir. Mér þykir miður að enn skuli vera ákvæði um að heimiluð séu skrifleg svör við fyrirspurnum. Ég tel að heppilegra væri að afnema þessa heimild og það eigi að binda það eingöngu við skýrslur, sem þýðir ósköp einfaldlega að það þurfi fleiri en einn þingmann til til þess að biðja um skýrslu eða skriflegt svar. Ég bendi aðeins á þetta og vænti þess að nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar athugi það sérstaklega hvort ekki sé ástæða til að afnema þetta ákvæði. Ég held því fram að reynslan af þessu sé ekki það góð að ástæða sé til að halda því áfram.

Þá held ég líka að í þessari grein sé mjög gott ákvæði, þ.e. 7. mgr., þar sem forseti getur heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra óundirbúið. Ég held að það geti líka orðið til þess að lífga upp á fundarhaldið.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hreyfði þeirri hugmynd hvort ekki væri rétt að kjörin yrði sérstök stjórn yfir Ríkisendurskoðun. Mér finnst sjálfsagt að athuga þessa hugmynd. Ég held að það komi vel til greina að hafa þann háttinn á fremur en að forsetar þingsins séu í raun yfirmenn Ríkisendurskoðunar. Ég held að það sé sjálfsagt að nefndin athugi þessa hugmynd alveg sérstaklega.

Svo fór hv. þm. í dálitla upprifjun um utandagskrárumræðu sem hér varð í hv. Ed. og ég hef heyrt af. Á þeim tíma hafði ég ekki náð þeirri forfrömun að komast í Ed. en ég hef náð því núna en ég þekki hins vegar lítillega til umræðunnar eins og hún fór fram. Ég ætla ekki að rifja það sérstaklega upp eða neitt frekar en hv. þm. gerði, en hann spurði hvort það væri skoðun okkar að við ættum endanlega að festast í vetrarkosningum. Svo er ekki. Ég held að það sé ekki heppilegt að við festumst endanlega í vetrarkosningum en ég bendi aðeins á það, og fell þá kannski í þá gryfju að rifja eitthvað upp af þeirri umræðu sem varð á síðasta þingi, að það að komast inn á þann tíma sem kosningalög ákváðu, annan laugardag í maí, tryggði auðvitað ekki maíkosningar um alla framtíð. Þótt við hefðum með rúmri lögskýringu, svo ég kveði nú ekki fast-

ar að, getað sæst á það að kosningar gætu farið fram 11. maí á þessu ári, þá tryggði það okkur auðvitað ekki maíkosningar um alla framtíð. Meðan við höfum það ákvæði í okkar löggjöf að þingrof er mögulegt og heimilt er auðvitað alltaf hægt að stytta kjörtímabilið. Það er þá undir hælinn lagt hvort það gerist að vetri, vori eða sumri sem stytting þingtímabilsins er ákveðin. Nú ætla ég ekki að fara að deila um stjórnarskrárbrot eða ekki stjórnarskrárbrot, skýt því aðeins hér inn að ég taldi það aldrei vera stjórnarskrárbrot þótt ákveðinn yrði kjördagur 11. maí, en ég taldi það nokkuð frjálslega umgengni við stjórnarskrána að fara þannig að. Sem sagt, ég tel það illt ef við værum að festa okkur í einhverjum vetrarkosningum en tel ekki að við séum að því með þessum ákvæðum.

Með ákvæði 15. gr. stjórnarskrárfrv. sýnist mér að við losnum við þær deilur sem hafa risið upp öðru hverju um kjörtímabilið, hvort verið væri að fara fram yfir fjögur árin sem stjórnarskráin ákveður eða ekki. Ég tel að með þessu ákvæði sé komið í veg fyrir frekari deilur um það hvenær kjörtímabili lýkur. Það er alveg skýrt kveðið á um það að upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum. Þetta sýnist mér vera alveg nægilega skýrt ákvæði og ætti að tryggja að ekki verði frekari deilur þar um.

Í þessari umræðu ætla ég að stilla mig um að ræða byggingu húss fyrir Alþingi eða kaup á Hótel Borg, en vegna orða hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og fyrirspurnar hvort við séum tilbúnir að taka upp viðræður við borgarstjórn Reykjavíkur um kaup á Hótel Borg þá get ég alveg lýst áhuga mínum á að slíkar viðræður verði teknar upp. En ég held að það verði að teljast fremur hæpið að þær viðræður verði við núv. borgarstjóra vegna þess að mér skilst að hann sé að láta af starfi sem slíkur. En hann kann að hafa þar einhver áhrif áfram sem borgarstjórnarfulltrúi, sem ég sé nú ekki að sé í hrópandi ósamræmi við hans starf sem forsætisráðherra. Mér sýnist að það sé ekkert sem banni honum að vera borgarstjórnarfulltrúi.

Ég var einn í hópi þeirra sem töldu það vera heppilega bráðabirgðalausn að kaupa Hótel Borg og lét þess getið í þingræðu. Sú skoðun mín hefur í sjálfu sér ekkert breyst þótt mér finnist hins vegar að það sé kominn tími til að metnaður Alþingis standi til þess að byggja yfir þingið. Sá tími tel ég reyndar að sé löngu kominn og ástæða sé til að taka það mál upp að nýju. Þá er ég ekki að tala um að byggja endilega eftir þeirri teikningu sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni sem hleypt var af stokkunum fyrir nokkuð mörgum árum. Mér finnst að metnaður Alþingis hafi verið furðu lítill í þessu máli og Alþingi hafi ekkert efni á að vera að tala um lítinn metnað borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að Alþingi búi sæmilega um sig. Metnaður Alþingis sjálfs hefur þar verið allt of lítill.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna. Ég ætla ekki að tefja tímann vegna þess að ég tel ákaflega mikilvægt að þetta mál komist til nefndar í dag þannig að umræður um það þurfi ekki að tefja afgreiðslu þess.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis sem nú liggur fyrir er í veigamiklum atriðum frábrugðið þeim drögum að frv. sem lágu fyrir sl. vetur. Það er margt sem hefur breyst og flest til bóta. Ég minni á að í þessari virðulegu deild komu fram athugasemdir við það frá fjölmörgum þingmönnum að í þeim drögum að þingskapalögum sem þá lágu fyrir væri í raun og veru ekki nægilega vel frá hlutum gengið að því er varðar öryggi stjórnarandstöðunnar, öryggi lýðræðisins og þingræðisins í þeirri skipan sem nú er verið að taka upp í einni málstofu.

Ég talaði nokkrum sinnum í þeim umræðum í þessari deild, sömuleiðis þáv. hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrv. hæstv. forseti sameinaðs þings, og fleiri blönduðu sér í umræðurnar, þar á meðal núv. hæstv. forseti sameinaðs þings, Salome Þorkelsdóttir. Það var augljóst mál að um það var full samstaða hér í þinginu þá með fulltrúum allra flokka að nauðsynlegt væri að búa þessi þingskapalög miklu betur úr garði en gert hafði verið ráð fyrir.

Það er ástæða til að þakka það að fulltrúar allra flokka hafa lagt sig fram um að reyna að ná um þetta mikilvæga mál samstöðu. Það er auðvitað þannig að ekki er hægt að afgreiða stjórnarskrárbreytinguna öðruvísi en að þingskapalögin séu sæmilega úr garði gerð, það er forsendan. Þingsköpin eru hjartað í þingræðinu og þess vegna hljótum við að taka þetta mál alvarlega, vanda okkur við meðferð þess og reyna að ná samstöðu um leið og við hljótum að leggja á það áherslu að tryggja að rétti minni hluta sé með eðlilegum hætti skipað í hinum nýju lögum.

Ég vil aðeins koma að einu almennu atriði í sambandi við það mál sem hér er á dagskrá, þ.e. frv. til stjórnarskipunarlaga. Þannig háttar til í þingum í grannlöndum okkar víða að þar eru kosnar fastar stjórnlaganefndir sem starfa alltaf eða eru alltaf til til að taka við frv. til stjórnarskipunarlaga. Við höfum ekki haft þessa skipan á heldur hefur verið skipuð nefnd úti í bæ til að fjalla um breytingar á stjórnarskránni. Síðan hafa verið kosnar lausanefndir samkvæmt sérstökum ákvæðum þingskapa til þess að fjalla um málin þegar þau hafa komið inn í þingið. Ég vil þess vegna hreyfa þeirri hugmynd minni hér, minni persónulegu hugmynd, að það verði kannað í þeirri nefnd sem málið fær til meðferðar að kosin verði hér ævinlega sérstök stjórnlaganefnd sem fær öll stjórnarskrárfrv. til meðferðar, ef einhver eru, stundum líða auðvitað heilu þingin og það koma engin stjórnarskrárfrv., það er engin tillaga uppi um breytingar á stjórnarskránni, en stundum koma tvö, þrjú frv. á sama vetri og þá sé þessi nefnd til.

Ég held satt að segja að það sé þinginu ekki til verulegs sóma hvernig þessi stjórnarskrármál öll hafa verið hjá nefndum utan þingsins. Þar hafa auðvitað yfirleitt verið þingmenn en þó hafa þær í raun og veru ekki verið undir forræði þingsins heldur hafa þær verið, ef ég man rétt, undir forræði forsrn. á hverjum tíma, a.m.k. var það þannig býsna oft. Ég vil þess

vegna hreyfa þessari hugmynd, virðulegur forseti, til að hún verði skoðuð vinsamlega í þeirri nefnd sem fær málin til meðferðar.

Ég vil síðan víkja að nokkrum álitamálum í frv. til laga um þingsköp. Ég geri það vegna þess að gert er ráð fyrir því að mér skilst að nefndir beggja deilda starfi saman og þess vegna þurfum við að tala um málin dálítið við 1. umr. þessa máls strax núna.

Ég vil þá fyrst víkja að 3. gr. Þar segir í 3. mgr.: „Forseti gengst fyrir kosningu fjögurra varaforseta samkvæmt reglum 68. gr.“ Það þýðir listakosningu um varaforsetana og að þeim er síðan úthlutað samkvæmt reglu d'Hondt eins og greint er frá í greinargerðinni. Þetta þýðir það, ef strangt er sótt af hálfu stjórnarliðsins á hverjum tíma, að stjórnarliðið ætti þá ævinlega fyrsta varaforseta vegna þess að stjórnarliðið er væntanlega fjölmennara á hverjum tíma og á fyrsta varaforseta þó að það sé um leið búið að neyta afls til þess að eignast aðalforseta. Þetta er í raun og veru brot á þeirri hefð sem hefur verið hér um 20 ára skeið.

Eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh. áðan eru í raun og veru allir sammála um að halda þessari hefð. Spurningin er þá væntanlega aðeins um það hvernig lagatextinn verði útbúinn þannig að hann tryggi hefðina. Ein leið væri auðvitað sú að kjósa aðalforsetann og varaforsetana af lista. Sá sem fyrstur er á lista þeim sem flest fær atkvæði verður aðalforseti. Það er auðvitað hugsanleg leið, en það finnst mér út af fyrir sig lakari leið, vegna þess að ég tel að forseti sameinaðs þings sé auðvitað mikilvægur embættismaður sem gegnir hlutverkum fyrir utan þingið, m.a. sem einn af handhöfum forsetavalds, og er þannig stofnun í sjálfu sér og því er í sjálfu sér óeðlilegt að blanda kosningu aðalforseta saman við kosningu varaforsetanna. Þess vegna þyrfti að finna orðalag á þessari grein sem tryggir að stjórnarandstaða, með eðlilegum, lýðræðislegum hætti, ætti fyrsta varaforsetann miðað auðvitað við að í grófum dráttum sé skipan á milli stjórnar og stjórnarandstöðu nokkuð knöpp. Ég er þó ekki að tala um að ef við værum t.d. með stjórn sem styddist við 60 þingmennn þá þyrfti þriggja manna stjórnarandstaða endilega að eiga fyrsta forsetann. Þetta nefni ég vegna þess að þetta er flókið mál að orða í texta. En mér heyrist að allir séu sammála um að það eigi að reyna að glíma við það. Og ég skildi hæstv. menntmrh. þannig hér áðan, en hann flutti þetta frv. í upphafi þegar það var til meðferðar á síðasta þingi.

Hér eru menn ekki að tala um það heldur að tryggja að allir flokkar endilega eigi menn í forsæti, það er ekki hægt að setja neinar slíkar reglur. Hvað voru margir flokkar hér á síðasta kjörtímabili, voru þeir sjö? Stundum voru þeir átta. Svo fóru tveir heim til sín, eins og kunnugt er, en komu aftur eins og gengur. Það er því ekkert hægt að tryggja í þeim efnum. En þarna þarf að búa til almenna reglu og reyna að orða hana í lagatextanum, sem okkur tókst ekki í nefndinni. Ég viðurkenni það, við fundum ekki nægilega góða aðferð til þess af því að við vildum skilja að varaforsetana annars vegar og aðalforsetann hins vegar.

Sú hugmynd að fjölga varaforsetum er út af fyrir sig. Ég er ekki að tala um að fjórir sé nein heilög tala en mér finnst það samt alveg nóg, svona fyrir minn smekk, alveg nóg að vera með fjóra ef það er hægt að komast af með þá. Ég tek það fram að ég tel að ég hafi átt talsverðan hlut að því í nefndinni sem hefur fjallað um þingskapafrumvarpið að undanförnu að greina skýrt á milli forsetans og forsætisnefndarinnar. Forseti er stjórnvald í sjálfum sér en forsætisnefndin, með forsetanum og varaforsetunum, er í raun og veru ekki fjölskipað stjórnvald sem greiðir atkvæði heldur eru varaforsetarnir til samráðs með forsetanum en úrslitavaldið er í höndum forsetans og á að vera það.

Þá er aftur komin upp sú spurning sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi áðan. Á forsætisnefndin að skipa ríkisendurskoðanda eins og hér er gerð tillaga um? Ég er alveg sammála honum um að það er í raun og veru óeðlilegt fyrirkomulag. Ég er sammála honum um það að annaðhvort ætti að kjósa stjórn Ríkisendurskoðunar eða þá að kjósa ríkisendurskoðanda beint í hinni einu málstofu, rétt eins og gert er í sambandi við umboðsmann Alþingis. Alla vega held ég að þessi ábending hv. 1. þm. Austurl. sé með þeim hætti að allir hljóti að fallast á hana vegna þess að hún er rétt. Það er fullkomlega skothent að þessi forsætisnefnd sé að ganga frá svona máli. Það getur auðvitað verið, án þess að ég muni það úr lögum, að forsetarnir hafi áður haft tilteknar aðrar sameiginlegar skyldur en þessa, sem þyrfti þá að kanna og um leið að breyta ef svo hefur verið.

Varðandi stöðu forsetans kemur það auðvitað mjög skýrt fram hver hans ábyrgð er í 9. gr. frv. um þingsköp þar sem tekin eru af öll tvímæli.

Varðandi rétt stjórnarandstöðunnar vil ég halda því til haga að við meðferð málsins, ég hygg á undanförnum mánuðum, var alltaf um það talað, m.a. af núverandi hæstv. menntmrh., þáverandi formanni þingflokks Sjálfstfl., að það væri eðlilegt að stjórnarandstaðan ætti einhverja formenn fastanefndanna. Það væri reynt að koma á þeirri skipan að stjórnarandstaðan ætti með beinum hætti einhverja af formönnum fastanefndanna. Ég segi fyrir mig að burt séð hvort ég er í stjórn eða stjórnarandstöðu þá tel ég að þessi vinnubrögð mundu til lengri tíma litið bæta vinnu þingsins og vanda hana. Ég verð að segja að ég harma það að mér mistókst að halda fram þessum gömlu, góðu tillögum eftirmanns míns í ráðherrastóli í þessari nefnd. Menn voru ekki tilbúnir til að fallast á þessa hugmynd þar, en ég segi: Ég tel og fer fram á það að sú sérstaka nefnd sem kosin verður væntanlega á eftir skoði það með hvaða hætti hægt sé að tryggja að stjórnarandstaðan eigi formennsku í nefndum í einhverjum tilvikum. Ég veit að þetta er ekkert einfalt. T.d. er flókið að finna út í hvaða nefndum það ætti að vera. Auðvitað hlýtur stjórnin að ráða úrslitum um þau mál eða meiri hlutinn í þinginu á hverjum tíma og allt gott um það að segja. Það er það venjulega. En ég held að við ættum að glíma við þetta og reyna að koma á með skipulegum hætti jafnvægi í stjórn þingsins, sem ég held að muni bæta vinnubrögð þess í heild þegar til lengri tíma verður litið.

Ég vil aðeins, virðulegi forseti, víkja að því að í 19. gr. þingskapafrv. er talað um að nefndarfundir skuli vera lokaðir nema nefnd ákveði annað. Ég tel að nefnd eigi að geta ákveðið það að hún haldi opna nefndarfundi. Um þetta mál höfum við átt talsverðar umræður hér í þinginu á fyrri árum, aðallega fyrir 10–15 árum eða svo. Í frv. er gert ráð fyrir þessum möguleika. Ég tel að texti greinargerðarinnar að þessu leytinu til sé of neikvæður, en ég vil láta það koma fram að ég lít svo á að þarna sé verið að opna þann möguleika að nefndirnar geti starfað opið, þ.e. fyrir fjölmiðlum, þegar kallaðir eru til aðilar utan þings til þess að ræða við um ýmis mikilvæg mál.

Ég vil sérstaklega fara nokkrum orðum um 25. gr. í sambandi við fjárlög og segja að ég tel að þar sé um að ræða mjög mikla framför og geti orðið mikil framför í starfsemi þingsins. Ég sé þetta þannig fyrir mér að fjárveitinganefndarmennirnir úr stjórn og stjórnarandstöðu muni skipta með sér verkum þannig t.d. að hver fjárveitinganefndarmaður hafi með að gera tiltekið ráðuneyti og þessir fjárveitinganefndarmenn fylgist síðan með því með beinum eða óbeinum hætti eða þeim aðferðum sem verða taldar í lagi, að fastanefndirnar séu á móti að skoða tiltekna kafla. Af því að ég sé hérna stórvin minn, hv. þm. Egil Jónsson, þá sé ég þetta þannig fyrir mér að það sé einn maður í fjvn. sem sé sérstaklega ábyrgur fyrir landbrn. og síðan gerist það að landbn. fjalli um þennan sama kafla og það verði samstarf með beinum hætti þarna á milli.

Sumir hafa sagt sem svo: Ja, þetta verður nú þrifalegt. Þarna kemur nú bara einn þrýstihópurinn í viðbót þar sem er landbn., af því ég nefndi alveg sérstaklega minn góða vin Egil Jónsson. En það er fullkominn misskilningur að mínu mati. Ég segi: Ég held að þingnefndirnar, fastanefndirnar mundu verða ábyrgari eftir áramótin en þær hafa verið. Reynslan hefur nefnilega verið sú á undanförnum árum og áratugum að þingnefndir hafa verið tiltölulega ábyrgar í fjármálum fyrir áramótin en sleppt fram af sér beislinu eftir áramótin. Ég held að með því að tryggja að þarna sé alltaf um gagnvirkni að ræða hjálpist menn að og muni skila þessu mikið betur og vandaðra en það hefur verið. Ég er algerlega sammála hæstv. menntmrh. um það að orðin „að jafnaði" í 2. mgr. 25. gr. mættu mín vegna fara út, ég er algerlega sammála því og tel að það mætti skoða og er full ástæða til að skoða það í nefndinni hvort þetta eigi ekki að vera regla.

Ég vek einnig athygli, virðulegi forseti, á 36. gr. Þar er komin inn mjög mikilvæg breyting sem gott er að lesa saman við 90. gr. frv. Í 36. gr. segir að þegar máli er útbýtt skuli líða a.m.k. tvær nætur áður en það kemur til umræðu. Til þess að fá málið tekið fyrir til umræðu verður síðan að líta á 90. gr. þar sem komið er inn ákvæði um það að ævinlega þurfi aukinn meiri hluta þegar um er að ræða afbrigði frá þingsköpum. Ég tel satt að segja að þetta sé eitt allra mikilvægasta ákvæði frv. og í raun og veru úrslitamál, a.m.k. í mínum huga, að því er varðar þingskapafrv. í heild til þess að maður geti með góðri samvisku fallist á það að þingið verði ein málstofa. Við vitum að tvær málstofur voru á marga lund trygging fyrir því að hægt væri að skoða málin aðeins betur en ella hefði verið.

Hér eru fjöldamörg önnur atriði, virðulegi forseti, eins og t.d. að gert er ráð fyrir því að framvegis verði hægt að nefna þingmenn með fullu nafni en ekki með kjördæmistilvísun. Það er ágætt, þó að sumir séu orðnir nokkuð leiknir í því að nefna menn alltaf með kjördæmistilvísun og númerum, þá vill maður ruglast, sérstaklega þegar komið er að öllum þessum þingmönnum Reykv. sem núna eru 18 og gætu orðið 19 ef flakkarinn slæddist hingað einn góðan veðurdag sem getur auðvitað alveg orðið.

Ég vil vekja athygli á 73. gr. Þar er mjög mikilvægt ákvæði í sambandi við það hvenær stefnuræða forsrh. er tekin til meðferðar. Þar stendur „innan tíu daga". Það er hlaup í þessu, þetta er aðeins öðruvísi en það var í uppkastinu í fyrra og ég tel að þetta sé heldur til bóta. Í það heila tekið er ég heldur sáttur við þetta frv. þó að ég vilji ganga aðeins lengra í því að tryggja rétt stjórnarandstöðunnar, sérstaklega að því er varðar nefndirnar í fyrsta lagi og í öðru lagi vil ég biðja menn um að hugleiða betur hvernig forsetakjörinu verður hagað þannig að hefðinni verði við haldið sem hefur verið í gildi frá 1971.

Ég vil aðeins víkja þá næst að því sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. varðandi það hvenær kosningar eiga að vera. Við áttum nokkuð athyglisverða umræðu um þetta fyrir nokkrum mánuðum í þessari deild, eins og oft voru í þessari deild, mjög skemmtilegar umræður, og það er náttúrlega ein meginástæðan fyrir því að maður sér eftir því að sameina þingið í eina málstofu. Það verður að vísu Nd. sem verður lögð niður, má segja, og sameinuð þessari. En allt um það, þá þyrfti maður aðeins að fá betri skilning á þessu máli.

Hæstv. menntmrh. orðaði það þannig að það væri frjálsleg túlkun á stjórnarskránni að hafa kosningarnar 11. maí, eða rúm lögskýring. Ef hæstv. menntmrh. hefði verið hvað nútímalegastur í því að nefna þetta hefði hann örugglega kallað þetta oftúlkun samkvæmt því sem nýjast er í fræðum þegar um það er að ræða að menn vilja glenna hlutina fyrir sér til þess að þoka þeim áleiðis. Hann mundi vilja nefna þetta oftúlkun (**Menntmrh.:** Á heiðursmannasamkomulagi.), oftúlkun á heiðursmannasamkomulagi. En það skulum við ekki tala mikið hér um, hæstv. menntmrh., þetta heiðursmannasamkomulag. Ég held að það sé alveg útilokað. A.m.k. væri sniðugt að kalla í borgarfulltrúann og hafa hann viðstaddan áður en mikið er farið að tala um þetta heiðursmannasamkomulag. Það hefði auðvitað verið ástæða til þess að kalla í hæstv. forsrh., sem er borgarstjóri í aukavinnu eins og kunnugt er, á lágu kaupi væntanlega, en mér er kunnugt um það að hann er núna að sinna sínum skyldum í aukavinnunni sem borgarfulltrúi og gera tillögu um það hver eigi að taka við af honum því að hann vill auðvitað ráða því eins og öðru í Sjálfstfl.

En vandinn er sá fyrir okkur hér í stjórnarandstöðunni, sem vorum einu sinni í ríkistjórn og verðum það auðvitað fljótlega aftur, að núverandi stjórnarforusta hefur engu svarað þessu mikilvæga máli: Hvenær á að

kjósa? Á að kjósa, samkvæmt túlkun hæstv. menntmrh., vorið 1994 til þess að geta lent á réttum kjördegi? Ef maður notar þá túlkun sem hæstv. menntmrh. var með hér áðan þá kemur aftur upp þessi vandi sem menn stóðu frammi fyrir í almanakinu í aprílmánuði sl., að kosningarnar gætu lent á milli föstudagsins langa og páskadagsins. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti Sþ. býðst til þess að skoða almanakið en það hrekkur skammt vegna þess að möguleikarnir eru margir á næstu árum. Það mætti kannski fara yfir það í heild og setja inn sérstök ákvæði um það að þó sé það ekki þegar daginn ber upp á daginn milli föstudagsins langa og páskadagsins en það þætti klúðurslegur lagatexti er ég hræddur um, þannig að þetta er hinn mesti vandi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við sem erum í minni hluta í þinginu núna, hvað sem síðar verður eins og ég sagði, fáum upplýsingar um það hvaða skoðun ríkisstjórnin hefur á þessu máli. (Gripið fram í.) Hv. 4. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson bendir náttúrlega á þann möguleika að breyta dagatalinu. (**Gripið fram í:** Eins og Kastró.) Já, og frestaði jólunum með bráðabirgðalögum, var sagt. En nú er vandi á höndum, erfitt að gefa út bráðabirgðalög, þannig að þetta verður stöðugt flóknara. Um þetta þyrftum við að fá álit. Auðvitað væri hugsanlegt að kalla hingað hæstv. landbrh. og samgrh. sem er einhver allra mesti stjórnlagaspekingur Sjálfstfl. og er þá langt til jafnað. En hann er nú fjarri góðu gamni, hann er kominn í aðra deild og ekki svo forframaður lengur að hann sé í Ed. þó hann sé kominn í ríkisstjórn og satt að segja held ég að það greiði ekkert fyrir umræðum að fara að kalla hann hingað, blessaðan.

En allt um það. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara fram á það við hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta að við fáum um það yfirlit hvaða skoðun ríkisstjórnin hefur á þessu. Og í alvöru talað vil ég fara fram á það að hæstv. forseti hlutist til um það að sú sérnefnd, sem kosin verður til að fjalla um málið, fái lögfræðiálit á þessum málum til þess að hafa til hliðsjónar við meðferð málsins þegar þar að kemur. Það er auðvitað ómögulegt að menn séu með eitthvert rugl um það hvenær á að kjósa, þó það sé auðvitað eins með mig og hv. 1. þm. Austurl. að við vildum gera það sem allra fyrst og helst strax, en þá er engu að síður þannig háttað að svo gæti farið að stjórnin hökti langleiðina út kjörtímabilið og þá þyrftum við að vita þetta. Og af því að við tökum okkur alvarlega í þessari virðulegu deild og viljum vita hvað við erum að gera, sérstaklega þegar við erum að breyta stjórnarskránni sem er ekkert smámál, þá er eins gott að það liggi alveg nákvæmlega fyrir hvernig menn sjá fyrir sér hvenær eigi að kjósa. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann hlutist til um að vandaðir lögfræðingar verði fengnir til þess að skoða málið.

Svo aðeins að lokum þetta, herra forseti, sem ég gleymdi áðan þegar ég var að fara yfir þingskapafrv., það var 4. umr. sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi hér áðan. Sú hugmynd var uppi í drögum að þessum þingsköpum að gert yrði ráð fyrir 4. umr. í sumum tilvikum og mér leist satt að segja alltaf heldur illa á þetta. Ég óttaðist að þetta yrði ruglingslegt og þess vegna yrði reynt að koma inn sérstöku ákvæði, og er reynt í textanum, um hlé á meðferð máls þannig að það geti gengið til nefndar þótt atkvæðagreiðslu sé í raun og veru lokið. En það er líka rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að eins og frá þessum hnútum er gengið í textanum núna, þá er það ekki nægilega skýrt. Ég tek undir það með honum að það þarf að laga, en ég segi það sem mína persónulegu skoðun að ég held að það væri ekki til bóta að fara að opna fyrir það að það væri 4. umr. stundum og stundum ekki. Ég held að ákvarðanir um það yrðu tilviljanakenndar, þær færu ekki bara eftir því hvort væri verið að fjalla um mikilvæg mál eða ekki heldur færi það eftir því í hvernig skapi þingmenn væru þá og þá. Og eins og kunnugt er fer það ekki endilega saman að menn séu í sérstaklega merkilegu skapi þegar þeir eru að fjalla um merkileg mál.

Jón Helgason:

Herra forseti. Hér á dagskrá er frv. til stjórnarskipunarlaga, en eins og fram kom hjá frsm. er það svo nátengt frv. til laga um þingsköp Alþingis sem er til meðferðar í Nd. að það er eðlilegt að það frv. sé einnig rætt nú. Ekki eru lengur tök á að breyta 1. máli en við viljum afgreiða það á þessu þingi þannig að það taki gildi, en hins vegar er mikil vinna eftir við að móta frv. um þingsköp Alþingis. Það flýtir að sjálfsögðu fyrir þeirri vinnu ef Ed. getur, með samstarfi þeirra nefnda sem um þessi mál bæði fjalla, komið þegar sínum athugasemdum og ábendingum á framfæri meðan frv. er til meðferðar í Nd. og þá fengið því þar breytt.

Hér hefur verið bent á ýmis atriði sem betur mættu fara og ég get tekið undir margar af þeim ábendingum. En ég vil aðeins vegna forsetakjörsins og ákvæðanna um það taka undir það að mér finnst að þau ákvæði þurfi að vera betri. Mér finnst, eins og ákvæðin eru núna, að ekkert tillit sé tekið til þess að flokkur fær aðalforsetann. Ég er sammála síðasta ræðumanni, hv. 9. þm. Reykv., að aðalforsetann verði að kjósa sérstaklega. Það er það virðulegt embætti að ekki er hægt að hafa hann sem efsta mann á lista. En samt sem áður þurfi að taka tillit til þess að þegar flokkur er búinn að fá aðalforsetann, þá er hann náttúrlega búinn að fá til sín langstærsta eða veigamesta þáttinn í stjórn þingsins. Og því finnst mér, og það var til umræðu einhvern tíma við undirbúning málsins í vetur, góð regla danska þingsins þar sem fyrst er kosinn aðalforseti en síðan koma varaforsetarnir frá öðrum flokkum miðað við stærð þeirra eins og talan endist. Þar eru fjórir varaforsetar þannig að þar eru fimm forsetar í allt með aðalforseta. Það er auðvitað fjarstætt að fara að fjölga í þessu embætti bara til þess að koma inn fulltrúum frá fleiri flokkum. Í Danmörku eru flokkarnir að ég held jafnan tíu en það fer sem sagt eftir stærð þeirra hver fær embætti varaforseta. Mér finnst þetta einföld regla og að sá flokkur sem hefur fengið aðalforseta sé búinn að fá svo margfaldan hlut í stjórn þingsins miðað við þann flokk sem fær fjórða varaforseta að hann sé nú allvel settur miðað við margfeldi stærðar sem stærsti flokkur hefur verið miðað við þann fimmta.

Það hefur þýðingu að við stjórn þingsins séu fulltrúar sem flestra þingmanna. Ég vil einnig taka undir það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um formennsku í nefndum að þar komi stjórnarandstaðan líka að því ég held að það styrki stöðu Alþingis til þess að vera raunveruleg lagastofnun og löggjafarvald en ekki það sem gjarnan hefur verið bent á og ekki er að neita að hefur stundum borið of mikinn svip af afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn og meiri hluta. En ég vænti þess að þessar breytingar geti haft það í för með sér að hér verði meiri festa í vinnubrögðum og meiri þungi lagður á löggjafarstarf, m.a. vegna þess að nefndirnar sitja allt árið og hafa þá möguleika til þess að leggja meiri vinnu í sín störf. Þetta mundi styrkja það ef stjórn þingsins endurspeglaði nokkuð alla þá sem á Alþingi sitja, þ.e. fulltrúar allra flokka.

En svo er annað atriði sem mig langar til að benda á í sambandi við starfsnefndir þingsins. Ég sakna þess að ekki er sérstök nefnd sem fjallar um byggðamál. Við afgreiddum á síðasta þingi breytingar við lög um Byggðastofnun sem kveða á um að forsrh. skuli leggja fram byggðaáætlun fyrir hvert þing sem Alþingi taki til umræðu og afgreiðslu. Ég tel að þarna sé um svo veigamikið málefni að ræða, byggðamálin, að full ástæða sé til þess að hafa sérstaka nefnd sem fjallar um þau málefni, ekki aðeins þessa byggðaáætlun, heldur líka til að fylgjast með afgreiðslu fjölmargra mála sem geta haft áhrif á jafnvægi í okkar landi og því sé það mikilvægt að hafa slíka nefnd sem sé óháð öðrum nefndum í þinginu. Ef ekki fæst sett sérstök byggðanefnd sem mér finnst vera næg rök fyrir, þá sé það a.m.k. alveg merkt hvaða nefnd skuli fjalla um byggðaáætlun og önnur slík verkefni. Að einhverju leyti mótast þetta viðhorf mitt af því að á síðasta ári var ég formaður í nefnd sem forsrh. skipaði um byggðamál. Í henni sátu fulltrúar allra flokka, m.a. margir þingmenn. Þá fann ég það sama og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. í sambandi við stjórnarskrárnefndir að það hefði verið önnur staða ef þessi nefnd hefði verið beinlínis á vegum þingsins, verið þingnefnd, og getað fylgt sínum málum eftir með því að hafa bein áhrif á afgreiðslu þingmála. Ég tel því að þetta sé svo mikilvægt mál að það þurfi að sjást í afgreiðslu okkar á þingsköpum.

Þá minntist, held ég, hæstv. menntmrh. á skrifleg svör við fyrirspurnum. Ég get tekið undir það viðhorf hans að skrifleg svör við fyrirspurnum hafa verið mjög misnotuð þannig að það hafa verið bornar fram spurningar sem hafa krafist ekki stuttra og afmarkaðra svara heldur mikilla skýrslugerða. Það er að sjálfsögðu misnotkun og ég vil taka algerlega undir að fyrir slíkt þarf að loka. En ég er ekki alveg viss um það að við eigum samt að ganga svo langt að það sé útilokað að fá skriflegt svar ef það er innan skynsamlegra marka, stutt og hnitmiðað. Mér finnst því að þarna væri hægt að koma til móts við bæði sjónarmiðin með því að hafa ákvæði um þetta. En til þess að geta fengið hin löngu svör yrðu menn að bera fram beiðni um skýrslu.

Þá vil ég að lokum aðeins minnast á eitt atriði sem hér hefur verið rætt en ekki er beinlínis um þingsköpin, þ.e. byggingar Alþingis. Þær eru samt sem áður ákaflega mikilvægar því að auðvitað skiptir starfsaðstaða þingmanna til þess að rækja sín störf miklu máli. Ég býst við að hin breytta nefndaskipan og breyttir vinnuhættir muni kalla á nýjar þarfir en núverandi aðstæður setja kannski þeim æskilegu vinnubrögðum eitthvað þröngan stakk. Því vil ég taka undir það og var áhugamaður um það að reynt yrði að leysa vanda Alþingis með kaupum á Hótel Borg, en það fór nú eins og það fór. Ég held engu að síður að forsætisnefnd hins nýja þings verði að vera með þetta á dagskrá og huga að því að finna þarna lausn sem gæti verið sæmilega ásættanleg fyrir Alþingi, bæði hvað varðar úrlausn þarfar og einnig hvað kostnað snertir. Eitt kemur inn í þetta mál enn og það er að eignarhald Alþingis á sumum þessum húsum kallar á mjög mikinn kostnað á allra næstu árum ef ekki verður eitthvað gert frekar í þessum málum og það algerlega óháð þörfum Alþingis. Það er illt ef við þurfum að verja fjármunum þannig án þess að það gagnist okkur til þess að bæta aðstöðuna.

Það er að sjálfsögðu margt fleira í þessu frv. til laga um þingsköp sem ástæða væri til að fjalla um og auðvitað hverja grein sem hlýtur að þurfa að skoða vel af þeim nefndum sem um þetta munu fjalla en ég skal láta hér staðar numið.

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég vildi í tilefni af þeim umræðum sem hér eru um breytingar á stjórnarskránni, frv. til stjórnarskipunarlaga, sem snýst að meginhluta um það að ein deild verði tekin upp hér í þinginu, fá að ræða þau mál aðeins, stjórnarskipunarlögin, en ekki sérstaklega hitt frv., sem kemur hér til frekari umræðu í deildinni á síðari stigum, frv. til laga um þingsköp Alþingis, þótt fyrir því hafi einnig verið mælt, ef þannig mætti að orði komast, í máli frsm. hér áðan.

Mér finnst ánægjulegt að þing skuli hafa verið kallað saman með svo skömmum fyrirvara til að fjalla um þessa miklu breytingu sem nú verður, ef þessi frv. ná fram, á störfum þingsins og skipan þingsins.

Fræðimenn voru á sínum tíma þeirrar skoðunar að það mætti rekja deildaskiptingu hér í þinginu til þeirrar skiptingar sem var á Alþingi hinu forna þar sem annars vegar var lögrétta og hins vegar Lögberg og töldu að þessi deildaskipting endurspeglaði þá skiptingu sem var á hinu forna Alþingi. Síðan hefur verið sýnt fram á að þessi skipting á ekki þær djúpu sögulegu rætur heldur má rekja hana til þeirrar skipunar og þeirra hugmynda sem menn höfðu um skipan stjórnmála og þjóðfélagsmála um miðja síðustu öld þegar menn voru annars vegar kjörnir til starfa á þingi og hins vegar hafði ríkisvaldið hönd í bagga með skipan manna í þau störf sem við gegnum hér. Til þeirrar skipanar og þeirra hátta má rekja þessa deildaskiptingu. Ég tel að þróunin í tímans rás hafi verið með þeim hætti að það sé eðlilegt að standa að málum eins og gert hefur verið með því frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér liggur fyrir og það sé skynsamleg ráðstöfun að fella þingið í eina deild og breyta skipan þess

í samræmi við það og taka upp þá starfshætti sem hér er mælt fyrir um.

Að öðru leyti fjallar frv. til stjórnarskipunarlaga m.a. um breytingar á 28. gr. stjórnarskrárinnar varðandi útgáfu á bráðabirgðalögum þar sem tekið er mið af því að nú á þingið að sitja í raun og veru allt árið. Því er ekki slitið og það er ekki hægt þess vegna að tala um að atburðir gerist á milli þinga heldur þegar Alþingi er ekki að störfum. Ég held að það sé mjög brýnt að það komi fram í umræðu um þennan lið, þessa 6. gr. í frv. til stjórnarskipunarlaga, að með þessu líta menn þannig á að það sé verið að þrengja möguleika ríkisvaldsins til að gefa út bráðabirgðalög. Eins og menn vita sem hafa kynnt sér sögu ákvæðisins í 28. gr., þá hefur túlkun á því rýmkað í tímans rás og menn hafa talið sig hafa meira frelsi heldur en var talið í upphafi til að gefa út bráðabirgðalög. Ég tel að það hafi keyrt úr hófi á sl. sumri þegar ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalögin vegna kjaradeilnanna við BHMR. Ég tel að sú viðleitni sem kemur fram í frv. og það orðalag og þær breytingar sem menn hafa rætt hér um eigi að stuðla að því að þrengja kost ríkisvaldsins ekki síst með hliðsjón af þeim atburðum sem hér gerðust á sl. sumri.

En mér finnst nauðsynlegt að það komi fram í umræðum að þessi skilningur er lagður í þessa breytingu því eins og stjórnarskrárgreinin verður orðuð eftir þessa breytingu þá er látið í vald ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar að túlka hana en það er, eins og hér hefur komið fram áður, ætlunin að þrengja þetta vald og það verði gert í framkvæmd einnig og tekið mið af því sem fram kemur í umræðum hér um það mál.

Þetta voru þau tvö atriði sem ég vildi nefna hér sérstaklega. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um 15. gr. frv., þar sem er rætt um hvenær reglulegar alþingiskosningar skuli fara fram. Mér er ekki kunnugt um efni þeirra deilna sem urðu hér í þessari hv. þingdeild á sl. vetri um þetta mál. En ég get tekið undir það að orðalagið er ekki eins skýrt og æskilegt væri. Það væri æskilegt, eins og hér hefur komið fram, að fá á því frekari skýringar hvernig þetta liti út. Hér hefur komið fram að það væri æskilegt að fá um þetta lögfræðiálit. Ég held að það mætti einnig fá álit sérfræðinga í almanaksfræðum sem gætu útskýrt fyrir manni hvernig þetta liti út miðað við þær dagsetningar sem við störfum eftir samkvæmt þeim kosningum sem nú eru nýafstaðnar og fóru fram 20. apríl sl.

Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig aldrei á því hvernig fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. meiri hluta hér á Alþingi datt í hug að það yrði unnt að efna til kosninga 11. maí miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar um þingrof og annað slíkt miðað við kjördag, þá gat ég aldrei skilið hvernig mönnum kom til hugar að það yrði unnt að framlengja kjörtímabilið til 11. maí eins og um var rætt hér á sínum tíma. En ég tek undir það að 15. gr. er ekki afdráttarlaus og ekki skýr og það væri æskilegt að menn skoðuðu það og ræddu og áttuðu sig á því nákvæmlega hvað í henni felst, en efni málsins samkvæmt er ekki hægt að breyta henni miðað við framgang málsins.

Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst ákaflega einkennilegt það orðalag sem kemur fram í frv. um þingsköpin þar sem miðað er við að lengd svara við skriflegum fyrirspurnum eigi að miða við þann tíma sem það tekur að lesa ákvæðinn texta. Ég hef í störfum mínum sem blaðamaður kynnst ýmsum reglum sem gilda um það hvað greinar eigi að vera langar en ég hef aldrei heyrt nokkurn mann varpa fram þeirri reglu að það eigi að taka ákvæðinn tíma að lesa textann og það eigi að mæla lengd ritaðs máls eftir þeim tíma sem það tekur að lesa textann. Ég tel því að til þess að þetta sé skýrt og ótvírætt þá eigi frekar að miða hreint og beint við ákvæðinn blaðsíðufjölda og segja nákvæmlega hvað textinn eigi að vera langur í blaðsíðum talið en ekki miða við það hvað menn eru lengi að lesa texta eða svara fyrirspurnum almennt. Ég veit ekki hvort það hefur verið mælt hér á hinu háa Alþingi hvað ráðherrar eru almennt lengi að svara fyrirspurnum og síðan talið út hvað það eru margar ritaðar blaðsíður þannig að mér finnst að ef menn vilja hafa einhverjar slíkar reglur til takmörkunar þá eigi að miða við ákvæðinn blaðsíðufjölda en ekki hvað það tekur langan tíma að lesa ákvæðinn texta.

Ég tek undir það sjónarmið að það sé skynsamlegt að huga að því hvort ekki eigi að setja sérstaka stjórn yfir Ríkisendurskoðun sem þingið kýs eða velur eða forsætisnefndin eða hvernig sem að því máli yrði staðið.

Varðandi húsnæðismálin þá verð ég einnig að lýsa undrun yfir því að það mál skuli yfirleitt vera hér á dagskrá með þeim hætti sem fram hefur komið í ræðum manna að þeir séu enn að velta því fyrir sér að kaupa Hótel Borg. Ég hélt að það mál hefði nú verið með þeim hætti fyrir hið háa Alþingi að það væri tímabært að snúa sér að öðru heldur en að ræða það hér í þingsölum hvort kaupa eigi Hótel Borg. Það er búið að selja það Reykjavíkurborg, eins og fram hefur komið, og það eru uppi áform um að endurreisa húsið, ef ég mætti þannig komast að orði, og hafa þar hótel hér í miðbænum og einnig jafnvel að byggja við það og gera aðrar ráðstafanir á þessu svæði sem eigi að tryggja að í miðbænum verði starfrækt glæsilegt hótel. Mér finnst því að það sé eins og að snúa klukku til baka í umræðum um húsnæðismál Alþingis að ætla að fara að ræða um það hér eða deila um hvort Alþingi eigi að kaupa Hótel Borg eða ekki og menn eigi að líta á aðra þætti.

Við sem erum nýir hér í þinginu höfum fengið tækifæri til þess að fræðast m.a. um húsakost þingsins hjá starfsmönnum þingsins og kynnast þeirri aðstöðu sem menn hafa. Ég verð nú að segja að miðað við það að koma hér í fyrsta sinn og hafa heyrt umræður þingmanna um það við hve bág húsnæðiskjör þeir búa þá kom það mér þægilega á óvart hve víða er þó vel að mönnum búið og mér finnst að það eigi ekki að draga upp of dökka mynd af því. Auðvitað er æskilegt og það mundi sparast fé og sparast margt við það ef allir þingmenn gætu haft skrifstofur á sama stað og þannig yrði staðið að málum að skrifstofur þingmanna yrðu allar í sömu byggingunni. En mér finnst kannski vegna þess hvernig oft hefur verið um þetta talað og

maður hefur heyrt umræður um það hvað illa sé að þinginu búið þá kom það mér þægilega á óvart að sjá þá aðstöðu sem okkur þingmönnum er búin.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég var ein af þeim sem voru í vafa á sínum tíma um hvort það væri til góðs fyrir Alþingi að breyta því í eina málstofu og ástæðan var kannski fyrst og fremst sú reynsla sem ég hef fengið af því að starfa í þessari litlu fámennu deild sem hver einasti þingmaður, sem fær tækifæri til að koma í þessa deild, lýsir ánægju sinni með. Því við vitum það sem höfum setið í efri deild Alþingis að það er mjög gott að starfa í svo fámennum hópi og hér ríkir góður andi sem ég geri ráð fyrir að nýir þingmenn hafi nú þegar fundið. Hæstv. menntmrh. hefur nú fengið tækifæri eftir 20 ára setu á Alþingi að komast svo hátt að enda hér í efri deild síðustu daga hennar tilveru.

Þetta rifjaði upp fyrir mér þær umræður sem urðu hér á sl. vori þegar þessi mál voru þá til umræðu, það frv. sem hér liggur fyrir. Þá fór fram mikil og gagnleg umræða og skemmtileg. Meðal annars og kannski sérstaklega má nefna mjög merka ræðu sem fyrrv. þingmaður og fyrrv. forseti Alþingis, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, flutti hér, gagnmerka ræðu um sögulegt yfirlit yfir skiptingu Alþingis og störf þess og þróun og aðrar skemmtilegar umræður sem urðu hér um kjördag og annað slíkt sem aðeins hefur verið drepið á og ég ætla nú ekki að fara að rifja upp. En ég vil taka undir með hv. 9. þm. Reykv. sem kom aðeins inn á það og ég held að hann hafi jafnvel sagt það að við mundum á vissan hátt sakna þessarar skemmtilegu deildar sem við nú höfum tækifæri til að sitja í a.m.k. í nokkra daga.

Hér er að sjálfsögðu mikilvægt mál á ferðinni eins og komið hefur fram. Það ber að fagna því að málið er komið á dagskrá svo fljótt eftir kosningar og við fáum tækifæri til og berum gæfu til að afgreiða þetta farsællega í gegnum þingið. Þá á ég ekki síst við það sem hér hefur verið aðallega umræðuefnið, þ.e. frv. um þingsköp Alþingis, sem er auðvitað meginmálið að vel takist til með. Því eins og hér hefur komið réttilega fram þá eru þar mikilvæg atriði sem þurfa að fá góða afgreiðslu. Það var minnst á, af flestum ef ekki öllum ræðumönnum sem hafa talað á undan mér, rétt stjórnarandstöðunnar, að það þurfi að tryggja hann, gæta vel lýðræðis í þeim efnum. Ég vil taka undir það sem snýr að forsetum þingsins, þ.e. varaforsetum, að ég tel það eðlilegt og raunar sjálfsagt að það sé tryggt með því að þeir komi þar beint að stjórnun þingsins sem eiga aðild að stjórnarandstöðunni.

Hv. 15. þm. Reykv. minntist á að fjölga hugsanlega varaforsetum, að allir flokkar ættu aðild að forsætisnefndinni. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hafa komið fram um það að það væri nú kannski hæpið ef hér verða margir flokkar á þingi í framtíðinni, sem við getum aldrei séð fyrir um eins og reynsla var á síðasta kjörtímabili, þá gæti það reynst erfitt. En ég vil jafnframt taka undir það að auðvitað þarf að tryggja þarna rétt stjórnarandstöðunnar. Auðvitað verður þetta með allt öðrum hætti. Forsætisnefndin, sem varaforsetarnir koma til með að skipa ásamt forseta þingsins, því að þeir koma á annan hátt að stjórn þingsins því að varaforsetar, eins og þeir hafa starfað áður, hafa yfirleitt afar lítið að segja um stjórnun þingsins annað en að hlaupa í skarðið fyrir forseta í forsetastóli á þingfundum. Þetta verður auðvitað með allt öðrum hætti núna og ég held að það verði af hinu góða að þannig komi stjórnarandstaðan líka beint að stjórnun þingsins.

Ég vil taka undir þá athugasemd sem kom hér fram varðandi Ríkisendurskoðun. Mér finnst það mjög athugandi að það sé sérstök stjórn yfir Ríkisendurskoðun. Þetta hlýtur nefndin að skoða sérstaklega. Það var minnst hér á nokkrar greinar og ég get tekið undir ýmsar ábendingar sem þar hafa komið fram og þarf að skoða sérstaklega. Það var nú smávægilegt í 25. gr. varðandi það að fjárlaganefnd skuli að jafnaði vísa til fastanefndar. Mér finnst þetta í raun og veru vera atriði sem sé sjálfsagt að sé gert, það megi sleppa þessum orðum „að jafnaði". En að öðru leyti tel ég það vera framför að breyta nafni fjvn. og starfsháttum hennar með því móti sem gert er ráð fyrir í 25. gr.

Það sem hv. 9. þm. Reykv. minntist á í 36. gr. varðandi það að frumvarp væri ekki tekið til umræðu fyrr en liðnar væru a.m.k. tvær nætur frá því að því hefur verið útbýtt held ég að sé líka mjög mikilvægt atriði. Við höfum reynsluna af því, kannski sérstaklega vegna þess að frumvörp hafa þurft að fá þessa meðferð í báðum deildum, að oft átti að taka hér mikilvæg mál til umræðu — við höfum dæmi um það frá lokum síðasta þings — jafnvel einum sólarhring eftir að þeim hafði verið útbýtt þannig að þingmenn höfðu ekki haft nokkurn möguleika á að kynna sér málið. Ég held því að þetta atriði sé af hinu góða.

Hæstv. menntmrh. nefndi að það yrði athugað hvort ekki væri heppilegra að láta skriflegar fyrirspurnir koma fram í skýrsluformi. Ég geri ráð fyrir að hann sé þá með það í huga að það sé endalaust hægt að biðja um skriflegar fyrirspurnir sem kosti mikla vinnu þannig að svörin geta næstum því orðið heilar bækur í prentun ef viðkomandi ráðherra á að gefa svör við slíkum fyrirspurnum. Það yrði þá að því leyti visst aðhald að fleiri en einn þingmaður þyrftu að biðja um svör við sínum spurningum í skýrsluformi. Mér finnst þetta vera mjög athugandi og eigi að taka til nánari skoðunar.

Það var hérna smávægilegt og meira kannski til gamans. Það er varðandi 54. gr. að kenna þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni. Nú vitum við að þetta hefur náttúrlega verið svo í framkvæmd. Ég er nú það íhaldssöm samt, þó að ég sé búin að skipta um skoðun um að það sé rétt að hætta að hafa þingið deildaskipt, að mér finnst alltaf skemmtilegt og viss virðing að kenna þingmenn við kjördæmi sitt og ég vona að það verði ekki látið falla niður þó að gert sé ráð fyrir öðru í þessari grein. Það er líka þetta sem nýir þingmenn læra nú fljótt að ávarpa ekki þingmenn beint í þingsal. Það er líka mikilvægt atriði finnst mér til þess að halda aðeins í í umræðum og ég tel

sjálfsagt að sé við haldið áfram.

Það að forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar tel ég líka að verði af hinu góða og geri umræðurnar betri og skemmtilegri á allan hátt. En ég sé að tími okkar er nú að verða liðinn og ég ætla því að stytta mál mitt, en ég ætla þó aðeins að koma inn á það sem hv. 1. þm. Austurl. fjallaði hér þó nokkuð um. Ég ætla ekki að fara út í öll atriði sem hann tengdi ýmsum málum eins og borgarstjóranum í Reykjavík og öðru slíku. En hann nefndi húsakostinn og vinnuaðstöðu þingsins, að það þurfi að tryggja sem besta starfsaðstöðu fyrir þingmenn og ég vil svo sannarlega taka undir það. Auðvitað er það mikilvægt atriði og stórt og þýðingarmikið í þessu öllu saman þegar þingið er komið í eina málstofu að húsakostur sé með þeim hætti að öll starfsaðstaða bæði fyrir þingmenn og starfsmenn þingsins verði sem best úr garði gerð. Við vitum það að húsakosturinn hefur verið hér á dagskrá meira og minna undanfarin ár allar götur frá kannski kjörtímabilinu 1983–1987 þegar gengist var fyrir samkeppni um nýbyggingu fyrir Alþingi. Ég var þá forseti þessarar hv. deildar og átti því aðild að því verki. Síðar var fallið frá þeirri byggingu eins og hér hefur réttilega verið minnst á. Hún var kostnaðarsöm og dýr og menn töldu hana ekki henta sínu hlutverki og vel má vera að svo sé. En það er alveg ljóst að húsakostur Alþingis í heild hlýtur að verða á dagskrá á næstu árum. Eins og hv. 3. þm. Reykv. minntist hér á, þá kom það honum á óvart að húsakostur væri ekki verri en raun ber vitni. Það er náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að það hefur verið unnið að því á undanförnum árum að bæta húsakostinn eins og mögulegt hefur verið eins og sést í öllum þeim húsum sem hafa verið tekin í notkun nú allra síðustu ár þannig að nú eiga allir þingmenn að búa við allsæmileg skilyrði hvað skrifstofur varðar.

Ég sé að ég fæ hér nótu frá hæstv. forseta um að stytta mál mitt og ég skal þá gera það. Mér þykir það miður því að ég hefði viljað fjalla aðeins ítarlega um þessi mál. Ég ætla þá að láta máli mínu lokið en vil ítreka það að við erum að fjalla um þýðingarmikil mál og ekki síður kannski frv. sem hefur orðið fyrst og fremst til umræðu hjá þeim sem tekið hafa til máls, þ.e. um þingsköpin, sem er ekki óeðlilegt þar sem það tengist þessu frv. sem hér er á dagskrá.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Það hafði verið samkomulag um það að halda þingflokksfundi kl. 4. Það eru þrír hv. þm. á mælendaskrá nú. Ég hef komið ósk á framfæri til þingflokksformanna um að fresta þingflokksfundi til 4.30. Þá ætti að vera unnt að klára þessa umræðu ef þeir þrír þingmenn sem eftir eru verða mjög stuttorðir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við því, ef samkomulag hefur verið gert af þessu tagi, að greiða fyrir því að málið komist til nefndar en ég hélt nú reyndar að það væri ekki fyrr en í nýju þingsköpunum sem á að fara að takmarka ræðutíma en ekki nú þegar. Það eru nokkur atriði sem ég ætla þá að reyna að nefna og taka þá eins og þriðjung af þessum tíma sem okkur er skammtaður hér, þessum þremur þingmönnum.

Ég vil segja það í fyrsta lagi að mér líst í heildina tekið vel á þessar breytingar og tel að þær séu tímabærar. Þær færi skipulag Alþingis til nútímalegra horfs og ættu að greiða fyrir þingstörfunum. Nokkur atriði vil ég nefna sem snúa að frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er formlega á dagskrá þó að bæði frumvörpin séu reyndar undir í umræðunni. Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Austurl. og reyndar 9. þm. Reykv. hafa nefnt hér um kjördag og læt nægja að vitna til þess. Það þarf í fyrsta lagi að liggja ljóst fyrir hvernig menn hyggjast þá standa að þeim hlutum á grundvelli þessara ákvæða, hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn vill haga þeim hlutum varðandi næstu kosningar verði þær á reglulegum tíma. Einnig þurfa auðvitað lagaleg atriði þess máls að vera skýr. Það er ómögulegt að vera að ganga hér frá texta til frambúðar skulum við ætla nema hann sé það skýr að ekki leiki vafi á því hvernig með þá hluti skuli að jafnaði farið.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um það að hann fengi ekki skilið að menn skyldu láta sér detta það í hug á sl. vetri að unnt væri að kjósa svo seint sem 11. maí án þess að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar leyfi ég mér að benda hv. þm. á það að árið 1987 var kosið tveimur dögum eftir að fjögurra ára kjörtímabil var útrunnið, þ.e. þá teygðu menn í raun á kjörtímabilinu um tvo daga. Lögskýringin byggði m.a. á því að það væri ekki eðlismunur á því í sjálfu sér hvort væri kosið á reglulegum kjördegi á fjögurra ára fresti, hvort það væri fjögur ár og tveir dagar sem stundum liðu þá á milli eða fjögur ár og tíu dagar eða tólf eða fimmtán, væri í sjálfu sér ekki eðlismunur. En ég læt öðrum eftir að æfa sig í lögskýringum að þessu leyti.

Eitt atriði vil ég nefna jafnframt og það lýtur að því að samkomudagur þings að hausti hefur nú verið færður fram um tíu daga og gert ráð fyrir því skv. 9. gr. frv., sem verður þá 35. gr. stjórnarskrárinnar, að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar. Ég vil segja fyrir mitt leyti að úr því að þessari dagsetningu var breytt á annað borð, þá tel ég koma til greina að færa þetta enn framar. Það er alkunna að það skapast iðulega miklar annir við fjárlagagerð og fleira á haustþingi og ég hefði talið fyllilega koma til greina að þarna kæmi t.d. 15. eða 20. dagur septembermánaðar úr því að þessu er breytt á annað borð. Það væri nú fróðlegt að þetta atriði yrði rætt í hv. nefnd sem kosin verður til að fara yfir þetta.

Um starfsaðstöðu þingsins, sem hér hefur réttilega verið nefnd af nokkrum hv. ræðumönnum og fullkomlega eðlilega að mínu mati, minni ég á það að þegar þingsköpum var breytt 1985 á hv. Alþingi fór einmitt fram mjög yfirgripsmikil umræða um starfsaðstæður þingsins. Þá var húsakostur Alþingis m.a. til umfjöllunar í þeirri umræðu allri og ég leyfi mér að fullyrða að margt af því sem fram kom í umræðunni veturinn 1984–1985 og laut að starfsaðstæðum hér á þinginu

hefur síðan haft áhrif. Þá voru ræddir hlutir eins og að þingnefndir fengju starfsmenn og fleira og fleira sem síðan hefur komið til framkvæmda. Það er því vissulega á réttum stað að ræða starfsaðstæður og starfsskilyrði hv. þm. og þingsins þegar lögum um þingsköp er breytt. Ég vil leyfa mér að blanda mér lítillega í þessa umræðu um húsakostinn. Hann er ekki nógu góður. Hv. 3. þm. Reykv. taldi þetta nú bara bærilegan aðbúnað víða að mönnum. Ég spyr hv. þm.: Vildi hann koma hér til þingstarfa sem fatlaður maður og eiga að klöngrast upp á hanabjálkaloft með skrifstofu t.d. á 3. hæð í Vonarstræti 12? Væntanlega yrði nú reynt að haga því öðruvísi ef og þegar þannig ber undir að t.d. fatlaðir menn kæmu hér til löggjafarstarfa. En það gefur auga leið að allur þorri alþingismanna er þannig settur að hvort sem þeir sjálfir væru fatlaðir eða fatlaðir menn ættu við þá erindi, þá yrði slíku ekki við komið við núverandi aðstæður á húsakosti þingsins. Er það sæmandi? Er það nógu gott? Ég svara alveg hiklaust nei.

Þetta og margt, margt fleira mætti nefna fyrir utan það óhagræði, þann kostnað, sem fylgir því að ekki skuli verða t.d. ein myndarleg skrifstofubygging fyrir hendi. Staðreyndin er sú að Hótel Borg í núverandi mynd eða lítillega endurbætt, ég tala nú ekki um ef byggt hefði verið við það hús, hefði að mörgu leyti leyst þennan vanda prýðilega. Ég er þess vegna ósammála hv. 3. þm. Reykv. að ekki sé ástæða til að ræða um þá staðreynd vegna þess að ég tel að þjóðin eigi að búa þessari virðulegustu og valdamestu stofnun sinni sem best starfskjör og aðrir hlutir verði að mæta afgangi í þeim efnum. Og ég leyfi mér að spyrja: Hvaða viðmót og viðhorf hefur í raun og veru birst Alþingi af hálfu Reykjavíkurborgar nú hin síðari árin þegar í fyrsta lagi á sama tíma og Alþingi er að hugleiða stórbyggingu hér á lóðinni rýkur Reykjavíkurborg til og hefur byggingu á ráðhúsi hér á þessum viðkvæma stað í Kvosinni, treður því hér niður — reyndar í óþökk fjölda íbúa í borginni en það er önnur saga — og gerir þar með að mínu mati í raun og veru úti um aðra stórbyggingu á sömu lóð. Og í öðru lagi þegar hugmyndir koma upp um að leysa húsnæðisvanda Alþingis þá með því að hverfa frá nýbyggingu en kaupa í staðinn hús sem er hér á svæðinu, þá rýkur borgin til og stingur undan Alþingi og kaupir húsið. Maður leyfir sér auðvitað að velta því fyrir sér hvort í þessu birtist ekki í raun sú afstaða að Alþingi sé alls ekki velkomið hér í miðborg Reykjavíkur af hálfu borgaryfirvalda og ber þá ekki að draga lærdóm af því?

Ég held að það hljóti að þurfa að skoða það hvort þannig aðstæður hafi skapast, m.a. af þessum sökum, að nauðsynlegt sé að hugleiða það að flytja Alþingi og reisa því myndarlega byggingu á nýjum stað þar sem það er þá líka velkomið. Annaðhvort hér innan borgarmarkanna ef sæmileg sátt tekst um það að hafa það áfram hér í þessu sveitarfélagi, Reykjavík. Ef ekki verður viðunandi andrúmsloft ríkjandi gagnvart þinginu af hálfu borgaryfirvalda í þessu sveitarfélagi, þá hljóta að vera önnur nágrannasveitarfélög eða fjær sem eru tilbúin til að taka við þessari stofnun og bjóða hana velkomna. En þetta er ekki í nógu góðu horfi eins og það er og þó svo að æskilegt væri að unnt væri að halda áfram starfsemi hér í þessu virðulega og sögufræga húsi, þá er það ekki endilega forsenda ef ekki er hægt að búa þannig um hlutina í nágrenninu að viðunandi sé.

Ég vil nefna nokkur þau atriði í viðbót, herra forseti, sem ég teldi æskilegt að hv. nefnd, sem fær þetta til umfjöllunar, skoðaði en skal að öðru leyti geyma það að lýsa minni afstöðu nánar þangað til við 2. umr. ef þá gefst tími til. Það væri mjög æskilegt að það yrði upplýst hvort ekki verður þá örugglega skammtaður nægur tími til að ræða málin. Það varðar þá breytingu sem ég styð og tel að sé jákvæð mjög og lýtur að verkaskiptum fjárlaganefndar, eins og nú skal heita, og efnahags- og viðskiptanefndar. Ég hefði talið æskilegt að fjvn. yrði t.d. skipuð 11 eða jafnvel 13 fulltrúum. Ég tel rök fyrir því að hún sé fjölmennari en aðrar þingnefndir, m.a. vegna þess að þá ætti að vera auðveldara að tryggja öllum flokkum, sem stundum hafa orðið það margir að nauðsynlegt hefur reynst að fjölga í nefndinni til að koma þeim öllum fyrir, og jafnvel kjördæmum fulltrúa í nefndinni. Slíkt er að sjálfsögðu æskilegt, að í þessari einna mikilvægustu nefnd þingsins ef ekki mikilvægustu sé sem breiðust þátttaka flokka og kjördæma. Ég tel að orðalag í 19. gr., sem lýtur að því að nefndir geti haft fundi sína opna, sé í raun og veru of neikvætt gagnvart þeim möguleika og þeirri breytingu að fundir þingnefnda geti orðið opnir. Ég held að einmitt breytt hlutverk fagnefnda sem fá nú til umfjöllunar samkvæmt þessum þingskapalögum, ef verða, fjárveitingamál sinna málaflokka geti einmitt kallað á það að vinnubrögð nefndarinnar verði opnari, t.d. opnir fundir með hagsmunasamtökum eða fagsamtökum sem hlut eiga að máli eða hagsmuna eiga að gæta í sambandi við fjárveitingar.

Ég vil minna á að Alþingi er ekki aðeins vettvangur til að setja lög. Það er líka vettvangur stjórnmálaumræðu. Það er líka vettvangur þjóðmálaumræðunnar og þess vegna er ég mjög andvígur öllum tilraunum til þess að takmarka ræðutímann eða þrengja að möguleikum manna til að nýta Alþingi sem þennan vettvang lifandi stjórnmálaumræðu á hverjum tíma eins og það á að vera. Þess vegna eru mér það viss vonbrigði að sjá hvernig þrengt er að möguleikum til meiri háttar utandagskrárumræðu um hin stærstu mál eins og raunar er gert í 50. gr. Þar er að vísu farið vægt í sakirnar en ég hefði gjarnan kosið að sjá áfram þann möguleika að utandagskrárumræður um hin allra mikilvægustu mál gætu farið fram án tímatakmarkana með öllu og vildi nú óska eftir því að hv. nefnd skoðaði hvort ekki væri hugsanlega hægt að hafa enn einn möguleika til utandagskrárumræðna, sem yrðu þá kannski ekki nema tiltölulega mjög sjaldan og þegar menn yrðu sammála um að mjög mikið væri í húfi, og þá án tímatakmarkana. Það er nú einu sinni þannig að lýðræðið byggir ekki síst á því að tryggja rétt minni hlutans til að hafa skoðun og koma henni á framfæri. Meiri hlutinn sér yfirleitt um sig sjálfur.

Það eru fjölmörg önnur atriði, herra forseti, sem ég

hefði gjarnan viljað nefna, en ég læt duga að enda með þessu sem ég nú hef rakið. Sem sannur þingræðissinni vil ég sérstaklega lesa þetta frv. með þeim augum og því hugarfari að það beri að styrkja þingið sjálft sem stofnun og efla það þingræðisins vegna og gefa því aukið sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 2.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um þingsköp Alþingis á þskj. 2. Frv. þetta er til breytinga á þingsköpum Alþingis og er flutt í tengslum við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni sem nú liggur fyrir efri deild. Frv. er upphaflega samið af nefnd sem skipuð var formönnum þingflokka og komið var á fót á síðasta þingi að beiðni forseta Alþingis til að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar og samhliða því nauðsynlegum breytingum á þingsköpum Alþingis.

Á undanförnum þingum hafa verið uppi hugmyndir um breytingar á þingsköpum Alþingis. Í þessu sambandi má minna á að á 111. löggjafarþingi var flutt frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá þar sem tekið var á öllum þeim þáttum stjórnarskrárinnar er lúta að Alþingi og jafnframt fylgdu því drög að frv. til nýrra þingskapalaga. Þetta frv. fluttu Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson. Frv. var endurflutt á 112. þingi og voru flutningsmenn þeir sömu nema að í stað Kjartans Jóhannssonar, er sagt hafði af sér þingmennsku, kom Árni Gunnarsson, þáv. forseti neðri deildar.

Þegar nefnd sú, er forsetar komu á fót á síðasta þingi, 113. þingi, lagði fram frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni fylgdu því sem fylgiskjal drög að frv. til laga um þingsköp Alþingis. Um þau drög fjölluðu fulltrúar þingflokkanna frekar að loknum þingkosningum nú í apríl og sendu síðan öllum þingmönnum bréf þar sem tiltekin voru ýmis álitamál varðandi endurskoðun þingskapalaganna. Núverandi og fráfarandi þingflokksformenn ásamt öðrum fulltrúum þingflokkanna unnu síðan að lokafrágangi frv. í samráði við þingflokkana. Þeir eru: Ólafur G. Einarsson og Geir H. Haarde frá Sjálfstæðisflokknum, Páll Pétursson frá Framsóknarflokki, Eiður Guðnason og Össur Skarphéðinsson frá Alþýðuflokki, Margrét Frímannsdóttir og Svavar Gestsson frá Alþýðubandalagi og Anna Ólafsdóttir Björnsson og Kristín Einarsdóttir frá Kvennalista.

Samkomulag hefur orðið um að flytja frv. í þeim búningi sem það nú liggur fyrir í og standa fulltrúar allra þingflokka að málinu. Þær breytingar, sem Alþingi samþykkti á stjórnarskránni á síðasta þingi (113. þingi) og fólu m.a. í sér brottfall deildaskiptingar þingsins og að þingið sitji að formi til allt árið, kalla á verulegar breytingar á þingsköpum Alþingis. Það var jafnframt mat þeirra er unnu að endurskoðun þingskapalaganna að heppilegt væri að gera samhliða þessari endurskoðun nokkrar aðrar tímabærar breytingar á þingsköpunum, m.a. að setja ítarlegri ákvæði um fastanefndir en verið hafa.

Ég tel að það sé mikilvægt að í þeirri umræðu sem hér á eftir að verða í deildinni um frv. takmarki menn sig við breytingarnar á þingsköpum Alþingis en eyði ekki tíma deildarinnar í að ræða þær stjórnarskrárbreytingar er þar liggja til grundvallar og hef ég þá helst í huga afnám deildaskiptingarinnar. Ég lít svo á að um þær breytingar hafi skapast góð samstaða og því sé ekki þörf á því að taka það mál upp aftur í þessari umræðu.

Ég vil þá víkja að þeim meginbreytingum sem felast í frv. og þá fyrst um stjórn þingsins:

1. Kveðið er skýrt á um að forseti fari með æðstu stjórn þingsins í þeim málum er lúta að rekstri þess og stjórnsýslu. Forseti verður kjörinn samkvæmt tilnefningu en ekki óbundinni kosningu eins og verið hefur.

2. Varaforsetar verða fjórir, kosnir listakosningu, og mynda ásamt aðalforseta forsætisnefnd þingsins. Varaforsetar verða kjörnir listakosningu. Er sú skipan talin heppilegri en gildandi fyrirkomulag því hún er einfaldari. Með þessu skipulagi er svigrúm fyrir þingflokkana að semja um skiptingu varaforseta á milli sín, t.d. með því að skila einum lista. Eðlilegt er að halda þeirri hefð sem verið hefur allt frá 1971 að fyrsti varaforseti sé úr röðum stjórnarandstæðinga og jafnframt þykir æskilegt að sem flestir flokkar eigi aðild að forsætisnefnd.

3. Um forsætisnefnd er það að segja að verkefni hennar verður að gera starfsáætlun fyrir fram fyrir hvert þing og skipuleggja störf þingsins nánar, t.d. með vikuáætlunum, í samráði við formenn þingflokka. Þá er forseta ætlað að bera undir forsætisnefndina þau mál er hann telur ástæðu til að hún fjalli um, svo sem um rekstur þingsins, málefni þeirra stofnana sem undir Alþingi heyra og það alþjóðasamstarf sem Alþingi sem heild á þátt í. Jafnframt mun forsætisnefnd fjalla um þau málefni er varaforsetar óska að þar séu rædd. Loks er forsætisnefnd falið að fara með þau verkefni sem forsetum Alþingis hafa verið falin í öðrum lögum, svo sem að ráða ríkisendurskoðanda.

4. Kveðið er á um samráð forseta og þingflokksformanna um skipulag þingstarfa. Um langt skeið hefur það verið venja að forsetar hafi haft samráð við þingflokksformenn um skipulag þingstarfa. Rétt þykir að

þetta samráð sé formlega bundið í þingskapalögum. Um þetta samstarf er kveðið á í nýjum kafla í þingsköpum um þingflokka.

5. Tekin eru upp ákvæði um þingflokka og skilgreiningu þeirra. Þótt þingflokkar hafi í marga áratugi gegnt veigamiklu hlutverki í störfum Alþingis hafa ekki verið bein fyrirmæli um þá í þingsköpum að undanskilinni einni grein í kaflanum um útvarp umræðu.

6. Mörkuð eru skýrari skil milli yfirstjórnar forseta og hinnar daglegu framkvæmdastjórnar sem verður á hendi skrifstofustjóra í umboði forseta.

Þá vil ég víkja nokkuð að nefndum þingsins. Það eru viðamiklar breytingar á þingsköpum er varða nefndir þingsins. Ástæðan til þess er þríþætt. Í fyrsta lagi verða óhjákvæmilega verulegar breytingar á nefndaskipuninni samhliða afnámi deildaskiptingar og mikilvægi nefndanna í þingstörfum mun aukast við þá breytingu. Í öðru lagi hefur nefndakafli þingskapa verið afar stuttur og ekki verið tekið í honum á ýmsum atriðum sem þörf þykir að hafa skýr ákvæði um. Í þriðja lagi hafa flestöll ákvæði um nefndir verið í einni mjög langri lagagrein sem heppilegra þykir að skipta upp eftir efnisþáttum.

Vík ég þá næst að þeim helstu breytingum er varða nefndir þingsins.

1. Fjöldi nefnda. Samkvæmt frv. verða fastanefndirnar tólf og er gert ráð fyrir að verkaskipting þeirra verði í megindráttum hin sama og er í Stjórnarráðinu. Fastanefndum mun því fækka úr 23 í 12. Af þessum 12 fastanefndum hafa 11 starfað áður en ein er ný, þ.e. umhverfisnefnd. Þá er heiti tveggja eldri nefnda breytt. Heiti fjárveitinganefndar verður fjárlaganefnd og fjárhags- og viðskiptanefnd verður efnahags- og viðskiptanefnd.

2. Fjöldi nefndarmanna. Lagt er til að í öllum nefndum sitji níu þingmenn í stað sjö áður. Þar sem mikilvægi nefndarstarfsins mun aukast frá því sem áður var þykir rétt að fjölga í nefndunum og tryggja þar með að þingflokkar eigi fulltrúa í sem flestum nefndum þingsins. Ekki er gert ráð fyrir föstum varamönnum í nefndum nema í utanríkismálanefnd. Vegna sérstöðu utanríkismálanefndar, sem ráðgjafa fyrir ríkisstjórn um meiri háttar utanríkismál, er lagt til að nefndin hafi kjörna varamenn, jafnmarga og aðalmenn eru, líkt og verið hefur.

3. Aðild fastanefnda að fjárlagavinnunni. Samkvæmt frv. er lagt til það nýmæli að fjárlaganefnd skuli að jafnaði vísa til fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Til að taka af öll tvímæli er sérstaklega kveðið á um að til efnahags- og viðskiptanefndar vísi fjárlaganefndin þeim köflum lánsfjárlagafrumvarpsins er fjalla um skatta- og efnahagsmál og tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Gert er ráð fyrir að fastanefndirnar geti tekið við þeim erindum og annast þau viðtöl sem fjárveitinganefnd hefur haft á sinni hendi. Jafnframt er gert ráð fyrir að áður en 2. umr. fer fram um fjárlagafrumvarpið skili fastanefndirnar, ef þær svo kjósa, fjárlaganefnd áliti og tillögum er skuli prenta með áliti hennar þegar hún hefur lokið afgreiðslu frv. fyrir 2. umr. Rétt er að taka fram að við athugun á fjárlagafrumvarpinu starfa fastanefndirnar í umboði fjárlaganefndar. Milli 2. og 3. umr. mun fjárlaganefndin fjalla ein um allt frumvarpið svo sem verið hefur. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að svigrúm skapast til þess að flýta 2. umr. frá því sem verið hefur. Það tel ég að sé mjög mikilvægt, að 2. umr. geti farið fram ekki síðar en í byrjun desember, fyrstu daga desembermánaðar.

4. Kveðið er skýrt á um hvenær hægt er að setja nefndarfund og hvenær nefndarfundur er ályktunarbær. Ekki hafa verið skýrar reglur um það hvenær formanni nefndar er heimilt að setja fund. Í greininni er lagt til að formaður geti sett fund ef til hans hefur verið boðað með dagskrá. Ekki er því tilskilinn neinn lágmarksfjöldi nefndarmanna þegar nefndarfundur er settur, aðeins að til fundarins hafi verið boðað með dagskrá. Jafnframt er þó í greininni kveðið skýrt á um að til þess að fundurinn sé ályktunarbær þurfi meiri hluti nefndarmanna að vera staddur á fundi. Það er hins vegar mikilvægt að formaður geti sett fund þó að ekki sé meiri hluti viðstaddur því að stundum skapast sú staða að gestir hafa verið boðaðir til fundar við nefndina en meiri hluti nefndarmanna er fjarstaddur. Getur þá nefnd rætt við gesti þó að ekki yrðu teknar neinar ákvarðanir fyrr en tilskilinn fjöldi nefndarmanna er á fundi. Efnislega er grein þessi í samræmi við þær reglur sem gilda um fundi okkar hér í þinginu.

5. Lagt er til að nefnd verði að eigin frumkvæði heimilt að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að nefnd geti gefið þinginu skýrslu um slíka athugun, sbr. 31. gr. Hér er m.a. haft í huga að nefnd geti, þegar þing er ekki að störfum að sumri, unnið að athugun tiltekinna mála. Hér er m.a. haft í huga að nefnd geti unnið að athugun tiltekinna mála er gæti verið vísir að eftirliti fagnefnda með þeim stofnunum framkvæmdarvaldsins sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar.

6. Gert er ráð fyrir að nefnd geti þegar máli hefur verið vísað til hennar falið einum nefndarmanni (framsögumanni) að vinna sérstaklega að athugun málsins. Framsögumaðurinn geri síðan tillögu til nefndarinnar um afgreiðslu málsins og leggi fram drög að nefndaráliti. Þessi tilhögun gæti gert nefndarstarfið markvissara, umfjöllun um mál vandaðri og dreift vinnu í nefndinni betur niður á nefndarmenn en nú er.

7. Lagt er til að nefnd geti látið uppi álit á tveimur eða fleiri málum saman ef þau fjalla um skyld efni. Hér er haft í huga að stundum fjalla nefndir samtímis um tvö eða fleiri mál, t.d. fylgifrumvörp með öðrum frumvörpum. Getur þá verið hagkvæmt að skila einu áliti um bæði eða öll málin saman.

8. Lagt er til að nefnd geti með skýrslu gert þinginu grein fyrir athugun sinni á þingmáli sem hún hefur ekki lokið afgreiðslu á að fullu telji hún sérstaka ástæðu til þess. Heppilegt getur verið að nefnd hafi möguleika á að skila slíkri greinargerð til þingsins, t.d. þegar þrýst er á um að afgreiða mál en meiri hluti nefndarmanna er þó andvígur því að skila formlegu nefndaráliti. Eðlilegast er að slík skýrsla yrði lögð fram á þinginu en kæmi ekki á dagskrá. Þá er lagt til að

nefnd geti á sama hátt gefið þinginu skýrslu um störf sín, t.d. ef komið hefur fram alvarleg gagnrýni á störf hennar og hún telur ástæðu til að svara slíkum aðfinnslum á formlegan hátt.

9. Lagt er til að þingnefndir hafi almenna heimild til að afla sér aðkeyptrar sérfræðiþjónustu við afgreiðslu þingmála frá stofnunum og einstaklingum utan skrifstofu þingsins. Gert er ráð fyrir að forseti setji nánari reglur um þetta efni. Þar sem hér getur verið um nokkurn kostnað að ræða þarf í slíkum reglum að tilgreina nákvæmlega þau tilvik þegar nefnd getur leitað slíkrar aðstoðar.

10. Sérstök ákvæði eru sett um alþjóðanefndir þingmanna. Tilgreindar eru þær nefndir er sinna alþjóðasamstarfi þingmanna. Um leið er veitt almenn heimild fyrir þingið til að koma á fót öðrum alþjóðanefndum og munu þá ákvæði þessarar greinar einnig ná til þeirra. Kveðið er á um að til hverrar alþjóðanefndar skuli velja árlega samkvæmt starfsreglum sem um hana gilda. Alþingi hefur þegar samþykkt með þingsályktun starfsreglur fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins. Jafnframt er kveðið á um að hver alþjóðanefnd skuli hafa ritara sem er nefndinni til aðstoðar eins og verið hefur.

11. Skýrari reglur eru settar um mannaskipti í nefndum og varamenn. Í fyrsta lagi er lagt til að heimiluð verði varanleg mannaskipti í nefndum óski þingflokkur eftir slíku. Heimild til mannaskipta er í 15. gr. gildandi þingskapa en rétt þykir að heimildin sé veitt að ósk þingflokks. Nauðsynlegt getur verið að koma slíkum mannaskiptum á, t.d. ef þingflokkur klofnar eða hættir stuðningi við ríkisstjórn, auk þess sem sú staða getur komið upp að þingflokkur telji heppilegt að einhverjir þingmenn hans skiptist á sætum í nefndum. Í öðru lagi er lagt til að þegar aðalmaður í nefnd er forfallaður sé þingflokki hans heimilt að tilnefna annan þingmann um stundarsakir til setu í nefnd í hans stað og skal formanni nefndar tilkynnt um það. Eðlilegt þykir að staðgengill njóti allra sömu réttinda og aðrir nefndarmenn.

Þá kem ég að kafla um umræður.

1. Heimilt verði að veita stutt andsvör við ræðum. Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða. Eru fyrirmyndir að henni sóttar til þjóðþinga nágrannalanda okkar þar sem þetta umræðuform — sem þeir kalla „replikker" — hefur þótt gefa góða raun. Er megintilgangur þessarar breytingar sá að gera umræður líflegri, skoðanaskipti hraðari og jafnframt að stytta umræður. Hefur oft borið við að þingmenn hafi ekki komið að andsvörum sínum við ræðum annarra þingmanna eða ráðherra fyrr en mörgum klukkustundum eftir að þær voru fluttar; hefur þá jafnframt þótt brenna við að menn flyttu lengra mál en í upphafi var ætlað. Samkvæmt ákvæðinu geta þingmenn með leyfi forseta veitt stutt andsvör, í allt að tvær mínútur, við ræðu strax og hún hefur verið flutt. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari til að tryggt sé að þetta form umræðu njóti sín en ekki komi til orðaskipta milli annarra þingmanna en ræðumanns og þess eða þeirra sem veita andsvarið. Ræðumaður hefur tvær mínútur til að svara andsvari. Orðaskipti í andsvörum skulu ekki standa lengur en 15 mínútur í einu. Forseta er heimilt samkvæmt greininni að stytta ræðutíma hvers þingmanns ef margir biðja um orðið til andsvara.

2. Við meðferð venjulegra þingmála gilda sömu reglur og verið hefur að öðru leyti en því að hinn ótakmarkaði réttur til þátttöku í umræðum er nú bundinn við þann ráðherra sem flytur mál eða ber ábyrgð á málaflokki sem til umræðu er.

3. Ræðutími í þingskapaumræðu verður takmarkaður og má enginn þingmaður tala lengur en fimm mínútur í senn um þingsköp.

4. Umræður utan dagskrár verða takmarkaðar þannig að málshefjandi og ráðherrar mega ekki tala lengur en í 30 mínútur, aðrir þingmenn ekki lengur en í 15 mínútur en allir mega tala tvisvar. Er þetta gert til þess að draga úr löngum umræðum utan dagskrár.

5. Þátttaka annarra en fyrirspyrjenda og ráðherra í umræðum á fyrirspurnafundum verður nú leyfð formlega, ein mínúta hverju sinni fyrir hvern þingmann. Þá er réttur fyrirspyrjanda til að gera grein fyrir fyrirspurn rýmkaður úr tveimur mínútum í þrjár.

6. Settar eru skýrari reglur um skráningu á mælendaskrá.

7. Lagt er til að heimilt verði að ræða tvö skyld þingmál í einu. Hefur nokkuð borið á því á síðari árum að þingmenn eða ráðherrar hafi óskað eftir því að ræða í einu um tvö eða fleiri dagskrármál og hafa forsetar jafnan orðið við því.

Um meðferð þingmála vil ég segja þetta:

1. Lagt er til það nýmæli að skylt verði að vísa máli til nefndar hafi það breyst við 2. umr. á annan hátt en þann sem nefnd leggur til og einhver þingmaður eða ráðherra krefst slíks. Tilgangur þessarar nýbreytni er að tryggja sem vandaðasta málsmeðferð, nú þegar þingið starfar í einni málstofu. Ákvæðið tryggir því að ef samþykktar eru breytingartillögur frá öðrum en nefndinni gefst henni tækifæri til að fara á ný yfir málið eftir þær breytingar sem á því hafa orðið við 2. umr.

2. Sérstakt ákvæði er um breytingartillögur á síðasta stigi við 3. umr. lagafrv. Hér er um að ræða nýmæli af sama tagi og rakið var hér á undan. Skapað sérstakt úrræði til þess að koma í veg fyrir vankanta á frumvarpi sem kunna að verða við samþykkt breytingartillögu á síðasta stigi afgreiðslu máls, þ.e. við 3. umr. um lagafrv. Samkvæmt öðrum ákvæðum þingskapa er heimilt að fresta umræðu á hvaða stigi sem er, jafnvel í miðri atkvæðagreiðslu, og vísa málinu til nefndar, en samkvæmt þessari grein verður ráðherra og nefndinni einnig heimilt að leggja fram nýjar breytingartillögur við frumvarpið er það kemur á ný til umræðu. Er þá gert ráð fyrir að umræður um málið fari á ný fram samkvæmt reglum um 3. umr. lagafrv. Í raun er gert ráð fyrir sérstakri aukaumræðu um málið ef nýjar breytingartillögur koma fram.

Rétt er að taka fram til að fyrirbyggja allan misskilning að þegar talað er um umræðu í þessu sambandi er átt við bæði umræðuna og atkvæðagreiðsluna, 2. umr. stendur bæði meðan verið er að ræða málið og

lýkur ekki fyrr en atkvæðagreiðsla hefur farið fram.

3. Lögð eru til skýrari ákvæði um afturköllun breytingartillagna. Fest er í lög sú venja sem ríkt hefur á undanförnum þingum, eftir forsetaúrskurð þar um, að flutningsmanni breytingartillögu sé heimilt við 2. umr. að kalla aftur breytingartillögu sína til 3. umr. og óheimilt sé öðrum þingmönnum að taka hana þá upp aftur við 2. umr. Samkvæmt þessari málsgrein hefur tillögumaður forræði yfir tillögu sinni fram að 3. umr. Við þá umræðu er hins vegar heimilt að taka breytingartillögu upp aftur hafi tillögumaður afturkallað hana.

4. Sett eru ný og ítarlegri ákvæði um atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði. Kveðið er á um að slík atkvæðagreiðsla jafngildi nafnakalli, þannig að þeir þingmenn sem ekki greiða atkvæði teljast taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Jafnframt eru ákvæði um að ekki sé skylt að skrá í þingtíðindum hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði nema fram komi ósk um það. Eru þessi ákvæði í samræmi við hliðstæðar reglur í nágrannaþingum þar sem komið hefur verið upp svokölluðu atkvæðagreiðslukerfi. Gert er ráð fyrir að upplýsingar um það hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði, sem ekki eru birtar í þingtíðindum, verði aðgengilegar í skjalasafni þingsins.

5. Lagðar eru til skýrari reglur um hvað sé ályktunarbær fundur. Í fyrsta lagi þarf meiri hluti þingmanna að vera á fundi og taka þátt í atkvæðagreiðslu og eru þá taldir með þingmenn sem greiða ekki atkvæði við nafnakall, enda er hverjum þingmanni skylt skv. 3. mgr. 64. gr. frv. að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Í öðru lagi þarf samþykkt Alþingis að hljóta meðatkvæði meiri hluta þeirra sem atkvæði greiða til að vera lögmæt.

Þessar breytingar eru til samræmis við þá venju sem skapast hefur um skilning á henni og framkvæmd atkvæðagreiðslna. Við nafnakall er þá skylt að meira en helmingur þingmanna svari því, þ.e. að minnsta kosti 32 þingmenn segi „já", „nei" eða „greiði ekki atkvæði", til þess að atkvæðagreiðslan sé lögmæt. Úrslit atkvæðagreiðslunnar velta svo á því hvort fleiri segja „já" eða „nei". Er þessi skilningur einnig í samræmi við framkvæmd atkvæðagreiðslu er kjörnir eru forsetar þingsins skv. 2. mgr. 3. gr. Auður seðill við þá kosningu jafngildir því að greiða ekki atkvæði svo að rétt kjörinn forseti skv. 3. gr. er sá sem hefur fengið fleiri atkvæði en samtals eru greidd öðrum þingmönnum, að því tilskildu að borist hafi a.m.k. 32 seðlar.

Orðalag 45. gr. núgildandi þingskapa eru leifar frá gömlum tíma er þingmönnum var óheimilt að víkja sér undan því að greiða atkvæði, að viðlögðum missi þingfararkaups — takið eftir — nema fyrir því væru „lögmætar ástæður". Er nú orðin löng hefð fyrir því að þingmenn sitji hjá við atkvæðagreiðslur án þess að færa fram skýringar á því. Er sú þróun í samræmi við það sem gerst hefur annars staðar þar sem hliðstæð ákvæði eru í þingsköpum. Ástæða þykir til að gera nú þessa breytingu á 45. gr. gildandi þingskapa vegna þess að orðalag hennar hefur valdið misskilningi enda framkvæmd hennar ekki nákvæmlega eftir orðanna hljóðan.

6. Kveðið verði á um að óafgreidd mál falli niður við þinglok. Með lagagreininni er verið að festa í lög þann skilning að þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu fyrir þinglok falli niður og að þau verði að endurflytja eigi þau að koma til frekari meðferðar þingsins.

7. Krafist verður aukins meiri hluta til að veita afbrigði um öll þingmál. Samkvæmt gildandi þingsköpum er gert ráð fyrir að tillögu um afbrigði geti forseti gert eða tiltekinn hópur þingmanna. Samkvæmt frv. er nú lagt til að slíka uppástungu geti forseti gert, eins og áður, og formenn þingflokka. Er þessi breyting gerð til að einfalda framkvæmd þessa ákvæðis. Þá er gert ráð fyrir að sama regla gildi um afbrigði fyrir stjórnarfrumvörpum og þingmannafrumvörpum og að jafnan þurfi samþykki tveggja þriðju hluta þingmanna til að bregða út af þingsköpum. Í gildandi þingskapalögum þurfti einungis einfaldan meiri hluta um stjórnarfrumvörp en samþykki þriggja fjórðu hluta þingmanna um önnur mál.

Þá vil ég ræða um fyrirspurnir og skýrslur.

1. Settar eru skorður við lengd skriflegra svara við fyrirspurnum og gert ráð fyrir að ítarlegri upplýsinga sé aflað með beiðni um skýrslu. Hefur þótt brenna við að skrifleg svör væru svo löng og ítarleg að þau jöfnuðust á við skýrslur og er það í andstöðu við upprunalegan tilgang þessa fyrirkomulags. Samkvæmt greininni skal miða við að skrifleg svör séu ekki lengri en svo að þau mætti lesa á fimm til tíu mínútum. Hér er vitaskuld um viðmiðunarreglu að ræða sem undantekningar gætu orðið á. Enn fremur er lengdur sá frestur sem ráðherrum er veittur til þess að undirbúa svörin. Er það gert í ljósi fenginnar reynslu. Með þessum breytingum er ekki verið að stemma stigu við því að þingmenn geti aflað upplýsinga frá framkvæmdarvaldinu heldur reynt að finna því eðlilegri búning, þ.e. að þingmenn biðji um skýrslur um þau mál sem þeir vilja fá ítarlegar upplýsingar um. Með því móti hafa þeir rétt til umræðna um málið þegar skýrsla berst, gagnstætt því sem er um skrifleg svör.

2. Lagt er til það nýmæli að forseti geti heimilað þingmönnum á fyrir fram ákveðnum fundi, sem ætlað er að halda sem næst vikulega yfir þingtímann, að beina til ráðherra munnlegum fyrirspurnum án nokkurs sérstaks fyrirvara. Ekki má þessi umræða standa lengur en í hálftíma. Þetta fyrirspurnarform tíðkast víða annars staðar í þjóðþingum, t.d. í Bretlandi, þykir líflegt og hefur gefist vel.

3. Lagt er til að tekin verði inn ákvæði um skýrslur alþjóðanefnda. Alþjóðanefndum verði skylt að gera þinginu grein fyrir störfum sínum árlega. Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um skýrslur alþjóðanefnda og skýrslur frá ráðherrum, að þær séu því aðeins teknar á dagskrá að nefndin óski eftir því eða beiðni komi frá þingmönnum um það. Jafnframt gildi sömu reglur um ræðutíma.

4. Samkvæmt frv. verður heimilt að vísa skýrslum til nefnda og ályktun um þær. Er gert ráð fyrir að þingið hafi tækifæri til þess að lýsa efnislega afstöðu sinni til skýrslu með dagskrártillögu.

Þá eru ákvæði um fundarsókn, varaþingmenn og ávarp þingmanna.

Lagt er til að skylda til fundarsóknar í fyrirspurnatíma verði afnumin.

Regla um lágmarkssetu varamanna, þ.e. tvær vikur, verði tekin í þingskapalög en slík ákvæði eru nú einungis í kosningalögum. Og það er lagt til að heimilt verði jafnan að nefna þingmann fullu nafni en ekki skylt að kenna hann við kjördæmi hans. Er þetta í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á undanförnum árum, m.a. með brottfalli landskjörs og fjölgun þingmanna í stórum kjördæmum. Hafa forsetar átölulaust leyft ræðumönnum að nefna þingmenn fullu nafni án þess að kenna þá við kjördæmi.

Um aldursforseta, rannsókn kjörbréfa og skrifara er þetta að segja:

Lagt er til að breytt verði skilgreiningu aldursforseta og hann teljist sá þingmaður sem lengsta þingsetu hafi að baki. Áður var elsti þingmaðurinn kvaddur til þess að stjórna umræðum á þingsetningarfundi. Ákvæðið um að elsti þingmaður skuli stjórna þingsetningarfundi er komið úr dönsku þingskapalögunum. Þessu ákvæði breyttu Danir 1953, þegar þingið þar hóf störf í einni málstofu, með því að skilgreina „aldursforseta" sem þann þingmann sem lengsta þingsetu hefur að baki. Skiptir þá ekki máli hvort hún er samfelld eða ekki, en ef tveir þingmenn hafa jafnlanga þingsetu, þá er talinn með sá tími þegar þeir sátu sem varamenn, ef því er að skipta, að öðrum kosti ræður aldur. Þetta verður að teljast eðlilegri skipan því að þá verða aldursforsetar aðeins þeir þingmenn sem hafa mikla reynslu af þingstörfum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er sá möguleiki fyrir hendi að elsti þingmaðurinn sé nýliði á þingi.

Rannsókn kjörbréfa á þingsetningarfundi verði einfölduð. Lagt er til að þegar á þingsetningarfundi verði kosin sérstök kjörbréfanefnd sem rannsakar kjörbréf allra þingmanna, aðalmanna og varamanna. Rannsókn kjörbréfa á þingsetningarfundi er sömuleiðis eftir samsvarandi ákvæðum í dönsku þingskapalögunum. Í Danmörku breyttist hins vegar skipan þessara mála upp úr 1920 og síðan þá hefur sérnefnd, kosin á þingsetningarfundi, annast rannsókn kjörbréfa og farið yfir skýrslu innanríkisráðuneytisins um kosningaúrslit. Með þessu móti hafa þingmenn, þ.e. þeir sem sæti eiga í sérnefndinni, tekið þátt í að rannsaka kjörbréf sjálfra sín, en það hefur ekki þótt koma að sök því að þingmenn hafa hvort eð er rétt til að fjalla um kjörbréf sín við afgreiðslu þeirra á þingfundi og greiða atkvæði um þau.

Núverandi skipan mála með skiptingu þingmanna í kjördeildir verður að teljast harla þunglamaleg og fyrirhafnarmikil miðað við þá afgreiðslu sem kjörbréf hafa yfirleitt fengið í þinginu. Því er lagt til að þegar á fyrsta fundi verði kosin kjörbréfanefnd sem rannsaki kjörbréf þingmanna og varaþingmanna og jafnframt er gert ráð fyrir því, andstætt því sem er í danska þinginu, að sú nefnd haldi áfram að starfa allt kjörtímabilið svipað og kjörbréfanefnd hefur gert fram að þessu.

Lagt er til að embætti skrifara falli niður. Í þeirra stað komi starfsmenn skrifstofu þingsins er sinni þeim störfum sem hvílt hafa á skrifurum fram til þessa, þ.e. að gera drög að fundargerð, færa málaskrár og telja atkvæði. Skrifarastörf þingmanna í nálægum þingum hafa alls staðar verið lögð niður og þau verkefni fengin starfsmönnum. Verður að telja óeðlilegt að alþingismenn séu bundnir við þess háttar störf á þingfundum. Í breytingunni felst jafnframt sá ávinningur fyrir forseta að geta haft sér við hlið starfsmann með sérstaka þekkingu á þingsköpum.

Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja um þetta mikið meira. Ég tel að með þessum þingsköpum sé spor stigið til að gera störf okkar hér skilvirkari og markvissari en verið hefur og vænti ég þess að það verði öllum til góðs. Um frumvarpsdrög þessi sem ég hef mælt hér fyrir er allbreið samstaða í þinginu og vænti ég þess að málið fái þinglega og eðlilega meðferð hér og verði okkur, eins og ég sagði, og störfum okkar til farsældar.

Ég óska eftir því að níu manna sérnefnd verði kosin að lokinni þessari umræðu og málinu vísað til hennar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. þetta til þingskapalaga hefur verið undirbúið af fulltrúum allra stjórnmálaflokka og um það hefur skapast allgóð samstaða og er æskilegt að svo geti verið. Hér er í eðli sínu ekki um pólitískt mál að tefla, heldur er hér verið að fjalla um þær vinnureglur sem Alþingi skuli starfa eftir. Það er tímabært að mínum dómi að endurskoða þessi lög og nauðsynlegt með tilliti til þeirra breytinga sem fyrirhugað er að gera á stjórnskipaninni.

Nú er það svo að þingflokkar eða einstakir þingmenn hafa séð drög að þessu frv. á ýmsum stigum og ég tek eftir því að í lokaútgáfu þessa frv., eins og það liggur hér fyrir og nú hefur verið mælt fyrir af hv. 1. flm., hafa verið gerðar nokkrar breytingar frá þeim drögum sem ég hafði áður séð sem mér sýnist í sumum tilvikum orka tvímælis. Ég segi þetta aðeins til að vekja á því athygli að þarna kann að þurfa að athuga einstök atriði nánar í þingnefnd þrátt fyrir það mikla starf sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna hafa lagt af mörkum við undirbúning þessa frv.

Ég skal ekki fara í mörg þau atriði sem hér kunna að vera álitamál, vil aðeins líta á það sem segir í 25. gr. frv., þar sem fjallað er um fjárlaganefnd. Ég tel að það sé tímabært að gera breytingar á fjvn. í þá átt sem hér er lagt til. Ég tel eðlilegt að sú nefnd hafi einnig með höndum, til viðbótar við það starf sem hún hefur leyst af hendi til þessa, meðferð lánsfjárlaga. Þó ekki sé annað en það þá tryggir það að fylgt sé lagareglu um að fjárlög og lánsfjárlög séu afgreidd nokkurn veginn samtímis sem því miður hefur iðulega verið brotið, síðast á síðasta Alþingi, með þeim afleiðingum sem allir þekkja að það upphefjast margs konar tilraunir og jafnvel kaup um það að koma því fram í lánsfjárlögum sem ekki tókst að koma fram í fjárlögum. Þetta þekkja allir eldri þingmenn.

En það sem ég rek augun í í þessari grein er að mér sýnist nokkuð fortakslaust að orði kveðið þar sem seg-

ir, með leyfi hæstv. forseta: „Fjárlaganefnd skal að jafnaði vísa til fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra. Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd þeim köflum frv. til lánsfjárlaga er fjalla um skatta- og efnahagsmál, tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Nefndirnar skulu áður en 2. umr. fer fram um frumvarpið skila fjárlaganefnd, ef þær svo kjósa, áliti og tillögum er skal prenta með áliti hennar þegar hún hefur lokið afgreiðslu frumvarpsins."

Ég held að það sé rétt stefna að fikra sig inn á þá braut að fjárlaganefnd, sem hér er kölluð, fjvn., vísi einhverjum hlutum fjárlagafrv. til meðferðar í fastanefndum þingsins, þ.e. því sem málefnasvið þeirra segir til um. Ég tel hins vegar að hér sé það fortakslaust að orði kveðið þar sem segir „skal að jafnaði" að miðað við þetta orðalag mætti jafnvel segja að meginhluta fjárlagafrv. væri vísað til meðferðar fastanefnda þingsins eftir málefnasviðum og skyldi þar verða til meðferðar allt til 2. umr. þegar þessar fastanefndir skiluðu síðan áliti eða drögum að tillögum til fjárlaganefndar. Síðan þyrfti þá fjárlaganefnd að taka þau álit öll og samræma um leið og hún dregur þau saman er hún skilar sínum tillögum til Alþingis fyrir 2. umr. Eftir þessum tillögum væri það síðan algjörlega á hendi fjárlaganefndar að fjalla um lokaafgreiðslu frv. og meðferð þess á milli 2. og 3. umr.

Ég óttast að þessi meðferð mála muni flækja um of störf að undirbúningi fjárlaga og ég held að það væri hyggilegra að öðlast reynslu á þessu sviði með því að fikra sig nokkuð hægar inn á þessa braut heldur en hér er gert ráð fyrir samkvæmt orðanna hljóðan. Miðað við þetta er gert ráð fyrir því líka hér í athugasemdum að þá tækju fastanefndir þingsins að sér viðtöl og erindi, að því er varðar þeirra málasvið, og væntanlega þyrftu þá einnig að koma samrit af þeim erindum og e.t.v. endurtaka viðtöl við fjvn. sem bæri ábyrgð á tillögum sem að lokum eru gerðar til Alþingis. Ef þetta væri með þeim hætti að þessi þáttur úr starfi fjvn., síðar fjárlaganefndar, færðist yfir til annarra fastanefnda, þá gæfist auðvitað mikið tóm til annarrar vinnu í fjárlaganefnd á meðan. En ég þarf mjög að skoða hug minn um hvort það sé ráðlegt að stíga þetta skref svo sem hér greinir í einni svipan. Ég segi þessi orð ekki til þess að halda því fram að fjárlaganefnd sé endilega betur í stakk búin eða hæfari til þess að fjalla um öll þessi mál heldur en aðrar nefndir þingsins, enda væri það náttúrlega eins og hver önnur fjarstæða, en það hefur mikið að segja að ekki sé verið að flækja starf að þessum þýðingarmikla og viðamikla málaflokki meira en menn sjá út yfir að muni leiða til góðs.

Í þessum texta segir að tekjuhlið fjárlagafrv. skuli vísað til efnahags- og viðskiptanefndar, eins og hún er kölluð í frv. Það er auðvitað sjálfgefið að öll þau álitamál sem eru í fjárlagafrv. hverju sinni og varða breytingar á skattalögum hljóta að fara til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins. En til þess að sýna aðeins fram á það hvaða gildi þetta hefur að öðru leyti þá hefur það tíðkast, oftast nær, að gefið er í fjvn. afar gróft yfirlit um tekjuhorfur ríkissjóðs á næsta fjárlagaári fyrir 2. umr. Það yfirlit hefur verið afar gróft og varast af hálfu starfsmanna ríkisins að fara þar nákvæmlega í saumana. Síðan hefur verið gefin nákvæmari áætlun og í raun endanleg áætlun af hálfu fjmrn., eins og það hefur verið tíðkað nú að undanförnu, og áður Þjóðhagsstofnunar um tekjuhorfur samkvæmt einstökum tekjupóstum fjárlaganna á næsta ári, venjulega einum til tveimur dögum áður en 3. umr. fer fram. Það þarf þá mikið að breytast það vinnulag á vegum fjmrn. og áður á vegum Þjóðhagsstofnunar sem lagt hefur fram þessar áætlanir og þessa vinnu til að þessar áætlanir geti verið langtímum saman til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd fyrir 2. umr. og sé þaðan hægt að skila um það áliti fyrir 2. umr. til fjvn. svo að eitthvert gagn sé að. Þetta er nú aðeins til að sýna það hvað þetta hefur í raun lítið gildi að því er þetta snertir.

Herra forseti. Ég skal ekkert lengja þetta, ég held að það sé sameiginlegt markmið okkar allra hér, án tillits til pólitískra flokka, að ná saman um starfsreglur Alþingis sem geti gefið líkur á sem greiðastri meðferð mála og skilvirkni í störfum Alþingis eins og hér var lýst af hv. 1. flm. þessa máls. Um það eru allir hv. alþm. sammála og að því vil ég einnig stuðla. En ég taldi rétt að vekja athygli á þessum efasemdum mínum hér við 1. umr. vegna þess að ég tel ástæðu til að athuga þau frekar í þingnefnd.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Breytingar á þingsköpum Alþingis eru ekki einungis það að verið sé að breyta fundareglum þings þótt þá eina skýringu gefi Orðabók Menningarsjóðs á orðinu þingsköp, heldur verður einnig og ekki síður breyting á þeim aðstæðum sem þingi eru skapaðar til starfs. Starf þingsins getur auk þess skapað flestum þegnum samfélagsins skilyrði til lífs og starfs á jákvæðan og neikvæðan hátt.

Margt er gott í því frv. sem hér liggur fyrir. Má þar ekki síst nefna að ef vel tekst til þá ættu störf þingsins í einni málstofu að geta orðið markvissari en nú er raunin í tveimur deildum. En jafnframt skiptir þá sköpum að nefndum verði gefinn kostur á að fjalla ítarlegar um frumvörp í nefndum sem og á þingi í hinni einu málstofu heldur en nú hefur á tíðum verið svigrúm til. Þetta er ekki síst brýnt þar sem ein nefnd fjallar nú um mál sem fengu áður umfjöllun í tveimur nefndum, í efri og neðri deild. Svigrúm til þess að vísa máli til nefndar í 3. umr. eins og fram kemur í 40. gr. frv. er því af hinu góða og ætti að geta tryggt vandaðri vinnubrögð við umræður ef brtt. koma fram á síðasta stigi málsins. Því miður hefur það viljað bera við að önnur deildin hefur orðið að leiðrétta mál, jafnvel augljós mistök sem hafa orðið í hinni deildinni og er þá fyrst og fremst tímaskorti um að kenna. Ég vona að með nýrri skipan þings muni ekki verða þörf á að leiðrétta frumvörp eftir á en ég bendi á að því aðeins að skilyrði séu góð til ítarlegrar og góðrar umfjöllunar veigamikilla mála er hægt að búast við slíku.

Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með ákvæði 56. gr. þessa frv. þar sem gefinn er kostur á að gera stuttar athugasemdir strax á eftir ræðum í umræðum eftir sérstökum reglum. Ég tel að umræður verði mark-

vissari og betri og jafnvel að þarfar ábendingar geti komið fram í umræðu frekar en nú er og tek ég undir orð hv. 1. flm. þessa frv. er hann gerði grein fyrir þessu.

Einnig sýnist mér að ákvæði 49. gr., þar sem sérstakur fyrirspurnatími er leyfður, sé af hinu góða, þ.e. annars konar fyrirspurnatími heldur en nú er við lýði, þar sem munnlegar fyrirspurnir um málefni líðandi stundar verða heimilaðar.

Ég tel einnig til bóta að allar nefndir starfi nú í raun allt árið, en samkvæmt þingsköpum og frv. til stjórnarskipunarlaga verður það í reynd mögulegt.

Breytingar á störfum fjárlaganefndar, eins og fjvn. mun væntanlega verða nefnd í framtíðinni, og aukið samstarf við aðrar nefndir þingsins lofa góðu ef vel tekst til um framkvæmdina. Auðvitað er á vissan hátt verið að fara hér nýja braut og það þarf áreiðanlega að vanda vel til þessarar samvinnu. Í öllu samstarfi þarf að gera málamiðlanir. Við kvennalistakonur höfum þurft að teygja okkur æði langt til þess að taka þátt í flutningi þessa frv., þá aðeins í stökum efnum. En þar sem ýmislegt er til bóta í frv. tökum við þó heils hugar þátt í flutningi þess og munum að sjálfsögðu styðja þetta frv. Helstu galla á frv. teljum við vera að enn er þrengt að málfrelsi þingmanna umfram það sem áður hefur verið gert, t.d. með því að takmarka ræðutíma í lengri utandagskrárumræðu. Hömlur á tímalengd þingskapaumræðu eru einnig settar. Við teljum þær óþarflega strangar en sættum okkur þó fremur við þær.

Nú þegar Alþingi er að hefja störf í einni málstofu, ef allur gangur verður á þann veg sem vænta má, þá er sérlega brýnt að takmarka ekki málfrelsi þingmanna. Sem betur fer hefur verið horfið frá því að veita framkvæmdarvaldinu, þ.e. forsrh., möguleika til að stytta ræðutíma þingmanna enda hefði slíkt verið mjög óeðlilegt. Ég hygg að flestum þyki nóg um það hve framkvæmdarvaldið hefur seilst inn á svið löggjafarvaldsins og jafnvel, þótt ég vilji ekki endilega taka undir þau orð eða vona að þau séu ekki rétt, þá hafa sumir kveðið svo fast að orði að segja að þingið sé í raun inni ekki annað en afgreiðslustofnun ráðuneyta. Við megum ekki við slíku orðspori og við megum ekki við slíku stjórnvaldi. Vonandi er að reisn og völd þingsins verði þau sem sómasamlegt er og sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu tryggt.

Við kvennalistakonur höfum sett stranga fyrirvara við stuðning okkar við 2. mgr. 50. gr. frv. Við hefðum að sjálfsögðu frekar viljað geta breytt þessari grein. Ég hef nú þegar skýrt að þetta er vegna þess að við viljum ekki að málfrelsi verði takmarkað meira en nú er. Ég vil þó gleðjast yfir því að fyrirspyrjandi í fyrirspurnatíma, munnlegum, hefðbundnum fyrirspurnatíma, hefur nú þrjár mínútur til umráða í stað tveggja áður. Við kvennalistakonur hefðum að vísu viljað ganga lengra og færa til eldra horfs þar sem meira svigrúm gafst í fyrirspurnatíma, en okkur þykir þetta þó viðurkenning á því að tvær mínútur hafi ekki dugað. Ég held að margir þekki það.

Að lokum þykir mér rétt að taka fram eftirfarandi varðandi stjórn þingsins: Mjög mikilvægt er að ábyrgð á stjórn þingsins sé í sem bestu samkomulagi allra þingmanna og að hlutur minni hlutans sé þar virtur til að sem mest reisn og sem best samstarf verði um stjórn þingsins.

Ég lít svo á að í 3. gr. sé sá andi ríkjandi að menn vilji geta viðhaft þau vinnubrögð sem samkomulag hefur verið um síðan árið 1971, að tryggja yfirleitt öllum þingflokkum aðild að stjórn þingsins. Þetta samkomulag hefur gefið góða raun og er bent á það í skýringum við þessa grein að þessi leið sé ágætlega fær samkvæmt ákvæðum 3. gr. þótt opið sé að fara samkvæmt þeim ákvæðum á einhvern annan hátt.

Lýðræði er vandmeðfarið. Í því má aldrei felast að brotið sé á hlut manna, heldur ber meiri hluta og minni hluta, sem getur verið síbreytilegur, að rækja sínar skyldur og hafa sína ábyrgð, með sem bestum friði og með sem mestri staðfestu. Þetta á ekki síst við á þjóðþingum, a.m.k. þjóðþingum þeirra landa sem vilja telja sig lýðræðislönd.

Alþingi Íslendinga á sér lengsta sögu þjóðþinga. Við höfum hampað því, við höfum verið stolt af því. Saga þess hefur verið misjöfn, sviptingasöm og rofin. En vegur þess í framtíðinni verður væntanlega fyrst og fremst mannanna verk. Því er mikið í húfi að starfsreglur þess séu sem lýðræðislegastar og sem réttlátastar.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefði nú verið skemmtilegt ef fleiri ráðherrar úr hinni nýju ríkisstjórn heldur en hæstv. iðnrh. hefðu sýnt Alþingi þá virðingu að hlýða á þessa umræðu. Ég geri reyndar enga kröfu til þess en það er greinilegt að hér verður ekki mikil breyting á þó að ný ríkisstjórn sé sest að völdum um viðveru ráðherra. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið enda byggist þetta mál á samkomulagi milli þingflokka. Ég vildi aðeins benda á örfá atriði til skoðunar í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar.

Tilgangur nýrra þingskapalaga er sá að sjálfsögðu að þingið skili sínum störfum á vandaðan og skilvirkan hátt og að hér sé haft í heiðri málfrelsi og lýðræði og réttur minni hlutans sé tryggður. Þetta er það markmið sem við erum að setja okkur með þeim starfsreglum sem til umræðu eru. Það er til bóta að stjórnarandstaðan kemur nú með beinum hætti inn í stjórn þingsins. Það er reiknað með því að forsetar skipi stjórn þingsins. En til þessa hefur það eingöngu verið á ábyrgð stjórnarliðsins og varaforsetar hafa verið frá stjórnarandstöðunni eins og kunnugt er og bera ábyrgð að því leyti til.

Það er samkomulag um 3. gr. og er það málamiðlun. Það hafa heyrst þær raddir að eðlilegt væri að kjósa forsetana hlutfallskosningu og þeir spegluðu valdahlutföllin í þinginu, en þetta hefur orðið niðurstaðan, að fara þá leið sem kveður á um í 3. gr. En það var ekki þetta sem ég ætlaði að leggja aðaláherslu á með því að taka til máls heldur það að allt þetta starf, öll þessi þingskapalög, öll þessi breyting á þinginu, sem við erum að gera og vinna að, stendur og fellur með því að nefndir þingsins fái skilyrði til starfa og

starf þeirra verði skilvirkt og vandað. Ef svo er ekki, þá erum við í mikilli hættu með þá breytingu sem hér er gerð að hún skili ekki þeim árangri sem við ætlumst til og þá verði hætta á því ef starf nefndanna verður ekki nógu skilvirkt að við gerum breytingu til hins verra.

Ég var fylgjandi þeirri stjórnarskrárbreytingu sem hér er gerð. Ég tel að þessi nýja skipan geti verið til mikilla bóta. En hinu mega menn ekki gleyma að hv. þm. verða að vara sig og reyna að búa nefndunum þau starfsskilyrði að þær geti unnið vandaða vinnu.

Í 23. gr. þessara þingskapalaga er ákvæði um það að hægt sé að vísa máli til nefndar áður en umræðu er lokið, það sé hægt að vísa máli til vinnslu á hverju stigi þess, eins og segir í 23. gr., og sé það gert áður en umræðu er lokið sé henni frestað. Ég tel þetta ákvæði til bóta. Hins vegar finnst mér vanta í þessa grein nánari ákvæði um hvernig á að vísa máli til nefndar áður en umræðu er lokið, hver á að hafa um það frumkvæði og festa það í þessari grein. Þetta er ábending til þeirrar nefndar sem fær málið til meðferðar að fara nánar í framkvæmdaratriði varðandi þessa grein, en efni hennar tel ég til bóta.

Í 40. gr. eru ákvæði varðandi 3. umr. máls, en samkvæmt þessu nýja skipulagi er 3. umr. máls afar mikilvæg vegna þess að það er síðasta umræðan og þá á málið ekki eftir að fara milli deilda eins og er nú hvað lagafrumvörp snertir. Þar eru ákvæði um að það eigi að vísa málinu til nefndar ef brtt. er samþykkt. Þetta er til mikilla bóta.

Það var til umræðu í okkar flokki hvort það væri ekki rétt að í stórmálum, ef ákveðinn hópur þingmanna krefðist þess, væri heimiluð 4. umr. um mál. Hér hefur verið farin önnur leið en eigi að síður vildi ég koma þessari hugmynd hér á framfæri, koma henni til þeirrar nefndar sem fjallar um málið, að hún skoði þá möguleika hvort það sé mögulegt ef málið er stórt og þarfnast mikillar skoðunar að nokkuð stór hópur þingmanna eftir atvikum geti krafist 4. umr. um málið. Mér skilst að um þetta hafi verið gert samkomulag og menn hafi gengið til þess samkomulags að leggja frv. svona fram eins og er í 40. gr.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu öllu meira. Ég tel að þetta mál þarfnist vandlegrar skoðunar í þeirri þingnefnd sem væntanlega verður kosin til þess að fara yfir málið og ég efast ekki um það að sú vinna verður vel af hendi leyst. En ég undirstrika það að við erum að gera hér afdrifaríka breytingu á þingstörfum sem vonandi verður til bóta, sem vonandi verður til þess að gera þingið skilvirkara og til að vinnubrögð verði hér vandaðri. Ég vil enn undirstrika það að aðstaða og starf þingnefndanna er grundvöllur til þess að svo geti orðið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska eftir viðveru hæstv. landbrh. Það fer ekki á milli mála að fáir hafa verið leiknari í að láta reyna á þingsköp í gegnum tíðina og ég óska mjög eindregið eftir hans viðveru nema einhver sérstök ástæða banni það, að hann sé í þeim önnum að ekki sé hægt að fá hann hér á fund og ég vona að forseti geti orðið við því að senda eftir honum.

Það efnisatriði sem ég ætla fyrst að taka hér fyrir er á bls. 13 í 66. gr. Sú hefð hefur verið hér lengi að allt sem þingmenn segja er prentað og geymt og gildir þá einu hvort þeim sjálfum finnst það sér til sæmdar eða eigi og þessir bunkar hlaðast upp. Hins vegar sýnist mér að ef rafeindabúnaður er upp tekinn þar sem það kemur í ljós hver verður afstaða hvers þingmanns í hverju máli, þá hljóti það að vera aðalatriði málsins fyrir íslenska þjóð að hún eigi rétt á að vita hvernig menn greiddu atkvæði og hún eigi rétt á að vita hvernig menn greiddu atkvæði jafnvel þó að enginn þingmaður hafi sérstaklega haft áhuga á að auglýsa það í hverju tilfelli. Mér þykir eiginlega ekki rökrétt að gera ráð fyrir því að hér standi einhver þingmaður og hrópi stöðugt að hann óski eftir því að þetta verði skráð í samræmi við atkvæðagreiðsluna. Það gæti orðið hvimleitt og sérstaklega ef menn væru kvefaðir, þá væri þetta mjög þreytandi. Ég tel þess vegna sjálfgefið að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar íhugi það hvort ekki sé eðlilegt að atkvæðagreiðsla um lagatexta og lagafrumvörp verði skilyrðislaust skráð þó að ekki sé skráð hvernig menn greiða atkvæði t.d. við afbrigði eða einhverja slíka hluti eða þá að vísa máli til næstu umræðu. Það er allt annað mál, en að þegar greidd eru atkvæði um lagatexta, þá verði það skráð. Þessu kem ég nú hér á framfæri og vænti þess að þó að ekki sé búið að kjósa í þá nefnd sem fær þetta til meðferðar, þá muni hún skoða 66. gr. í ljósi þessara hluta.

En ástæða þess að ég óskaði eftir viðveru hæstv. landbrh. er m.a. sú að nú er mjög þrengt að varðandi þingskapaumræðu og auðvitað er ekki óeðlilegt að þeir sem hafa mesta reynsluna í að glíma við forseta, þegar þeir sýna óbilgirni, fái nú að meta það hvort þeim sýnist að taflstaðan sé sanngjörn með þeim nýju hugmyndum sem hér eru fram settar. En ekki bólar á Blöndal enn og ekki heyrist orð frá forseta um hvort hann sé væntanlegur.

En hér hafa menn látið ýmis orð falla um það að allt verði þetta til mikilla bóta sem hér er verið að leggja til, að taka upp starf í einni málstofu. Jafnframt hafa þeir hinir sömu ræðumenn vakið athygli á því að það hefur margsinnis komið fyrir að svo hroðvirknislega hefur verið unnið að seinni deild hefur orðið að leiðrétta augljósar vitleysur sem menn hafa sent frá sér. Því miður get ég ekki tekið undir þessa bjartsýni. Mér er ljóst að afköstin verða meiri, það verður meiri hraði á frumvörpum í gegnum þingið, það verður auðveldara að gera vitlaus frumvörp að lögum eftir þetta, en að gæðin batni hef ég litla trú á. Það byggist á mannlegri hugsun og það mun byggjast m.a. á því hversu grannt menn skoða það sem til umfjöllunar er. En þeim mun oftar sem menn skoða það, þeim mun meiri líkur eru á að þeim yfirsjáist ekki.

Forseti (Matthías Bjarnason):

Ég gerði strax ráðstafanir til þess að reyna að finna hæstv. landbrh. en hann fer nú oft vítt yfir og hratt svo

að það hefur ekki tekist á þessum skamma tíma. Hins vegar fæ ég ekki séð annað en það sé hægt að ljúka 1. umr. um þingskapafrv. jafnvel þó hæstv. landbrh. sjáist ekki á þessum fundi og 66. gr. líka.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja mikið þessa umræðu, en þó er hér atriði sem ég vil gjarnan koma á framfæri og nota því tækifærið að nefna aðra þætti sem mér finnst áhugaverðir. Það er þá fyrst og fremst það sem snýr að störfum nefnda sem ég mundi vilja nefna hér og leggja áherslu á að nái fram að ganga í þeim sérnefndum sem fjalla um þetta mál. Auðvitað tek ég undir þau orð sem hér hafa fallið um að það hafi verið unnið gott starf og náðst góð samstaða um þetta frv. að þingsköpum, og verður væntanlega góð samstaða um afgreiðslu á því.

Það sem mér finnst áhugavert er það sem kemur fram hér á bls. 18 í liðum 6, 8 og 9, eiginlega nýir þættir um að nefnd verði að eigin frumkvæði heimilt að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, að nefnd geti látið uppi álit á tveimur eða fleiri málum saman ef þau fjalla um skyld efni, og að nefnd geti með skýrslu gert þinginu grein fyrir athugun sinni á þingmáli sem hún hefur ekki lokið athugun á að fullu. Þetta eru mjög góðir þættir í störfum nefnda umfram það sem hefur viðgengist til þessa.

Ég er líka öfugt við hv. 2. þm. Norðurl. v. mjög spennt fyrir því að nefndir fái til umfjöllunar efnisatriði fjárlaga sem heyra til þeirra nefnda og það kemur greinilega fram í umfjöllun í þessu riti hér þar sem sagt er frá því um þessa tillögu að þetta viðgengst víða í öðrum þingum, t.d. því norska, sænska og þýska, að fagnefndir fjalla milli 1. og 2. umr. um þann þátt fjárlagafrv. sem snertir málefnanefndirnar og svið þeirra. Ég er ekki í vafa um að við getum tekið upp góð vinnubrögð eins og viðgangast annars staðar svo fremi að það reynist þannig að það hafi þótt góð vinnubrögð. Og ef það rekst á við eldri hefðir í vinnubrögðum fjvn., nú fjárlaganefndar, þá hlýtur hún bara að breyta þeim vinnubrögðum í takt við nýja siði.

Ég kom hér fyrst og fremst upp til þess að ræða um tilnefningu varamanns til setu í nefnd skv. 17. gr. Ég hef setið hér á tveimur þingum og hef nokkuð velt fyrir mér hlut varaþingmanna sem koma hér inn í tvær vikur oftast nær og fara beint til starfa í nefnd þess þingmanns sem þeir eru að leysa af, ef það má nota þau orð. Oft á tíðum hafa verið þau verkefni hjá nefndinni sem aðrir þingmenn úr þinghópnum hafa fjallað náið um og eru komnir með nána þekkingu á og gæti því verið æskilegt að þingmaður úr hópnum færi inn í nefndina í stað þess varaþingmanns sem tekur sæti. Nú hef ég skilið það svo að það sé einmitt markmið með breytingum í þessu frv. að slíkt megi verða. En orðalag 17. gr. gefur eiginlega ekki tilefni til að skilja þetta svo því að þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Varaþingmaður, sem tekur sæti á Alþingi í forföllum þingmanns, skal eiga sæti í þeim nefndum sem aðalmaður var kjörinn í.“ — Þetta virðist nokkuð fortakslaust. Og síðan kemur næsta málsgrein:

„Í forföllum nefndarmanns er þingflokki hans heimilt að tilnefna varamann um stundarsakir til setu í nefnd og skal tilkynna formanni nefndar um það. Staðgengill nýtur allra sömu réttinda og aðrir nefndarmenn.“

Það má skilja þessa grein svo að séu forföll nefndarmanns, forföll þingmanns fyrir hendi á þann veg að varaþingmaður hafi ekki komið inn, þá geti þingflokkur tilnefnt varamann, en ég hefði haft áhuga á að það yrði skoðað hvort ekki væri heimilt að tilnefna varamann í nefnd óháð því hvort varaþingmaður komi inn og það hljóti þá að vera gert í einhvers konar sátt. Þetta er mín ábending og orsök þess að ég kem hér upp.

En ég vil einnig í lokin nefna að það er áhugavert að fá inn ný ákvæði um stutt andsvör við ræður og sérstaka stutta fyrirspurnatíma og afskaplega gott að nú skuli kveðið upp úr með að forseti í upphafi verði sá sem hafi lengsta fasta þingsetu í stað aldursforseta vegna þess að þetta mun gefa fordæmi annað. Þetta hefur oft komið kjánalega út, t.d. í sveitarstjórnum þar sem nýliðar hafa komið beint í forsæti. Sumir hafa langa setu í sveitarstjórn, aðrir ekki, en það er aldur sem ræður. Ég býst við að þessi ákvörðun, verði hún tekin hér, hafi fordæmi víða annars staðar í stjórnsýslunni og mér finnst þetta rökrétt.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þing skuli komið saman til þess að fjalla um þau frumvörp sem liggja nú fyrir deildum þingsins. Það er ánægjuefni að það var brugðist svo fljótt við eins og raun ber vitni af ríkisstjórn að kveðja þing saman til þess að halda áfram því starfi sem drög voru lögð að á síðasta þingi með undirbúningi þessara mála. Þetta eru einhver mikilverðustu mál sem borið hefur fyrir Alþingi sjálft og varða starfshætti þess um langan tíma og ég sé ástæðu til þess að lýsa yfir fylgi við þá málamiðlun sem hér hefur náðst.

Þó að ég hefði kannski kosið að sjá eitt og annað með öðrum hætti heldur en hér er gert ráð fyrir, þá sýnist mér samt að hér hafi menn náð saman um mjög þýðingarmiklar breytingar á starfsháttum Alþingis sem geti á heildina litið fært málsmeðferð hér til bóta og bætt svipinn á störfum þingsins. Það verður auðvitað reynslan ein sem skorið getur úr um það hvernig til hefur tekist með þessa smíð og vonandi verður Alþingi ekki svo íhaldssamt að taka mál ekki til leiðréttingar eða breytinga ef sú reynsla verður öðruvísi heldur en vonir eru bundnar við.

Ég held að þeir þættir, sem varða málsmeðferð á Alþingi, starf þingsins í einni deild og fækkun nefnda til samræmis við það, viðbót að því er varðar nefnd umhverfismála, eigi að horfa til bóta varðandi starfshætti þingsins og ég hef engar áhyggjur af því að mál fari hér í gegn með óvandaðri hætti þó að þau séu afgreidd í einni deild við þrjár umferðir, í trausti þess m.a. að ef einhver glöp verða í sambandi við af-

greiðslu mála hér þá verði Alþingi bært til þess og sjái til þess að mál séu tekin upp öðru sinni og leiðrétt, t.d. lagasmíð, ef eitthvað hefur farið úr böndum, öðruvísi en ætlað var, af fljótfærni.

Ég held að oft á tíðum sé hraðferðin í gegnum þingið sem við þekkjum frá fyrri þingum og varðar skipulag á þingstörfum kannski meginástæðan fyrir því að mál fái ekki þá meðferð sem skyldi, þá efnislegu meðferð og athugun, og það sé meira komið undir því að málum sé hér jafnað niður á þingtímann og það sé sæmilega eðlilegur tími til þess að fjalla um þau heldur en þetta formsatriði hvort þau fara í gegnum þrjár umræður í tveimur deildum sem nú er verið að afnema.

Ég þekki vissulega dæmi þess eða man eftir dæmum um það að þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þetta sigti, þrátt fyrir þetta öryggiskerfi tveggja deilda þá hafa auðvitað verið afgreidd héðan frv. með agnúum sem augljósir hafa verið jafnvel degi eftir að lögfest hafa verið og þá er að grípa til þeirra ráða sem bær eru, að taka mál upp að nýju eftir því sem reglur leyfa og vilji stendur til.

Það er starf þingsins, ekki aðeins í einni málstofu og það sem gerist þar innan veggja, heldur enn frekar störfin í þingnefndunum sem skipta afar miklu um það hvernig háttar og hvernig til tekst varðandi störf Alþingis. Ég held að við sem höfum setið hér á nokkrum þingum vitum það og viðurkennum að störf nefnda þingsins hafa verið langt frá því með þeim hætti sem æskilegt hefði verið varðandi fyrirkomulag og þann tíma sem menn hafa tekið til þess og einnig ögun þingmanna sjálfra í sambandi við nefndastörf. Um það mætti rekja mörg dæmi. Ég ætla ekki að gera það hér en þarna fer auðvitað mjög eftir vilja þingmanna sjálfra, ögun þeirra til starfa og vilja til starfa og þar bæta auðvitað engar formlegar reglur einar sér um. Ég el þó von í brjósti um það að fækkun nefndanna sem hverjum þingmanni verður gert að sitja í, eða gefst kostur á að sitja í, verði til þess að áhugi manna á nefndastörfunum verði meiri en verið hefur því að oft á tíðum hafa menn þurft að sinna nefndastörfum í allt of mörgum nefndum, allt of víða, og hafa þá einnig haft þá möguleika á afsökun á fjarveru sinni án þess að eftir hafi verið gengið vegna þess að þeir séu tepptir í þessari eða hinni nefndinni og hafi því ekki ástæður til þess að sinna fundarboði.

Þetta horfir vonandi verulega til bóta enda verði nefndunum búin aðstaða, enn betri heldur en hefur tekist til þessa, og vil ég þó taka fram að á undanförnum fáum árum hefur orðið gjörbreyting á starfsaðstöðu nefnda. Fráfarandi forseti Sþ. og forsetar þingsins á síðasta kjörtímabili eiga ómældar þakkir skildar fyrir bættan aðbúnað hér í sambandi við störf nefnda og fleira sem lýtur að starfsháttum þingsins og varða mjög miklu. Ég held að hin nýja forusta þingsins, forsætisnefndin sem tekur við forustu þingsins, þurfi að gæta þess sérstaklega að halda þessu starfi áfram, að búa enn betur að starfi nefndanna og raunar mun betur því að álagið á starfsfólkið hér á Alþingi í mörgum greinum er allt of mikið og óboðlegt með öllu. Það ber síst að horfa í tilkostnað sem lýtur að því að vanda undirbúning og gera þinginu kleift að rækja störf sín með góðum hætti. Þetta varðandi starfsrammann og starfsemina sem fram fer í deildum og í nefndum.

Ég vildi aðeins víkja að því sem snertir formið varðandi ræður, málfrelsi og annað þess háttar. Ég tel almennt séð að þá eigi að vera mjög rúmt um þá þætti á Alþingi, að það beri að gæta þess að fara mjög varlega í að setja málfrelsi manna skorður í þinginu. Þó er eðlilegt að það sé gert með einhverjum hætti og mér sýnist að þrátt fyrir þær þrengingar sem hér hafa verið gerðar, ef ekki verður gengið lengra í þá veru, þá ættu menn að geta sæmilega við það unað. Kannski er ein mesta skerðingin sem hér er sett, og er nýmæli, varðandi umræður utan dagskrár og ég set vissulega spurningarmerki við: Var þörf á því að fara að binda það í reglur nú að setja þar mörk varðandi hina lengri utandagskrárumræðu? Hefðum við ekki átt að sjá hvernig til hefur tekist í sameinuðu þingi, þ.e. í einni málstofu, án þess að fara í það að setja þennan ramma? En verði þetta niðurstaðan og verði gengið lengra í því að þrengja málfrelsi þingmanna þá tel ég út af fyrir sig eðlilegt að eiga hlut að þeirri málamiðlun sem hér hefur verið gerð með framlagningu þessa frv. og vona að vel geti til tekist.

Vegna þess sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vestf. sem vildi fá hér reyndan þingmann, þingbróður sinn, í sal til þess að nota hann sem einhvers konar prófraun á þingsköpin. Ég ætla nú ekki að fara að taka upp á neinu slíku. Einhver hefði kannski viljað kalla mig til til að mæla þetta, en menn hafa heyrt mín viðhorf hér. Ég vil benda hv. 2. þm. Vestf. á að það er nú mörg smugan sem hægt er að beita ef menn svo kjósa, einnig innan ramma þeirra þingskapa sem hér eru lögð drög að, ef menn vilja og hafa ástæður til að taka upp umræður við forseta um þingsköp. Þó að hér sé t.d. settur rammi um ákveðna heildarlengd þingskapaumræðu, þá er nú tiltölulega auðvelt að hefja slíka umræðu á nýjan leik, ef ég skil málið rétt, því það segir ekki hér, hafi ég lesið rétt í málið, að það megi aðeins einu sinni á þingfundi eða svo eða einu sinni undir umræðu um viðkomandi mál ræða um slík formsatriði og meðferð mála. Og ætla ég þó ekki að fara að taka að mér neinar sérstakar leiðbeiningar eða kennslu í þessu efni, en ég tel sem sagt að þarna sé niðurstaða sem allir, einnig hæstv. landbrh., ætti að geta við unað þó að það sé hans að svara fyrir um það.

Auðvitað erum við ekki að sníða þennan ramma fyrir einhverja einstaka þingmenn, hvorki þá sem nú sitja á Alþingi eða í framtíðinni, ekki fyrir tiltekna menn heldur almennt og við eigum að vanda verkið með tilliti til þess alveg sérstaklega. Ég held að þingið þurfi að hafa ákveðið svigrúm og frelsi sem málþing og það eigi alveg sérstaklega að varast að taka það einkenni af þinginu, það er jú þáttur í okkar lýðræði sem ber að vernda og varðveita.

Eitt er það atriði, virðulegur forseti, sem ég vildi nefna hér áður en ég lýk mínu máli og það er að Alþingi starfi opið. Það skiptir mjög miklu máli að þingið starfi sem opnast gagnvart almenningi og almenn-

ingur eigi greiðan aðgang að þinginu og þingmönnum og því sem hér fer fram. Það eru ákvæði hér í þingsköpum, hafa verið í þingsköpum og eru hér í þessu frv., varðandi sjónvarp og útvarp frá Alþingi og það er allt með réttum hætti. Við verðum vör við það hér að það eru kveikt ljósin öðru hvoru hér á þingfundum og það er þá til merkis um það að mönnum finnst að nú sé sjónvarpið komið til leiks og það geti jafnvel borið við að það fjölgi í þingsal ef það berst út fyrir salinn að það sé eitthvað að gerast af því það birtir yfir þingsalnum. Nú held ég að það væri ósköp gott að hafa notalegri lýsingu hér heldur en fylgir þessari sjónvarpsútsendingu í þingsal, það er tæknilegt atriði. En það sem ég vildi nefna er þörfin á að það sé sjónvarpað og útvarpað frá öllum fundum Alþingis. Það sé ekki einhver undantekning að hlustandi utan þings geti fylgst með því sem hér gerist í þingsölum, heldur verði það regla og það verði ríkisfjölmiðlunum sem verði gert, verði sköpuð aðstaða til þess að hafa stöðuga sendingu úr þingsal þannig að a.m.k. á öllum reglulegum fundatímum Alþingis sé útvarpað bæði gegnum hljóðvarp og sjónvarp. Þetta er gert í ýmsum þingum, þessi háttur hefur verið upp tekinn. Mér finnst það vera góð tilbreytni þar sem ég hef haft aðstæður til þess að fylgjast með slíkri umræðu og ég er ekki í vafa um það að slíkt mundi verða til þess að tengja þingið nánari böndum við þjóðina, svo sem vert væri, og jafnvel ekki frá því að það mundi bæta svipinn á störfum Alþingis ef það væri regla að allt sem hér er til umræðu, allt sem hér gerist sé fyrir opnum tjöldum án þess að menn þurfi að sitja hér á áhorfendapöllum til að fylgjast með. Þess vegna vildi ég beina þeim tilmælum til forustu þingsins, bæði nú og í framtíðinni, að þetta verði gert kleift.

Hér hafa einstakir þingmenn komið með ábendingar og athugasemdir. Allt er það gilt og skoðunarvert. Ég tel þá breytingu sem hv. 2. þm. Norðurl. v. vék hér að varðandi störf fjárlaganefndarinnar væntanlegu og fjh.- og viðskn. eða efnahags- og viðskiptanefndar. Þær breytingar sem eru teknar upp varðandi störf þessara nefnda og alveg sérstaklega sá háttur sem hér á að lögleiða að allar nefndir þingsins, væntanlega, fái hluta af fjárlagafrv. til meðferðar — því væntanlega varða einhverjir kaflar þeirra allar nefndir sem hér eru lögboðnar — að það sé eitt af hinum bestu nýmælum þessara breytinga sem hér eru lagðar til. Það er svo annað mál hvernig því megi við koma þannig að allt gangi upp. Það getur vel verið að það reyni nokkuð á að fella þetta nú allt saman. Þess verður auðvitað að gæta að fjárlaganefndin sem ætlað er að stýra þessu starfi hafi eðlilegt svigrúm til þess að vinna og sinna sínu. Þetta sýnist mér vera meira kannski spurning um það hvernig raðað er verkunum á haustþingi sem fjallar um fjárlagagerðina, hversu langan tíma fagnefndirnar svonefndu fá til að fjalla um málin, hversu langur tími er milli 2. og 3. umr., eins og hér er gert ráð fyrir, þar sem fjárlaganefndin þarf auðvitað sitt svigrúm til þess að allt fari bærilega fram.

Það eru fleiri atriði sem ástæða væri til að ræða hér, virðulegur forseti, en ég ætla ekki að taka tíma til þess. Hér er vettvangur við 1. umr. til að fjalla almennt um mál og við 2. umr. er færi á að ræða frekar þegar þetta hefur verið gaumgæft af þeirri sérnefnd sem hér verður kosin, væntanlega á þessum fundi.

Ég vil ljúka hér máli mínu með því að þakka þeim mörgu sem hafa lagt til þessa máls á fyrri þingum og í aðdraganda framlags þessa þingmáls fyrir gott verk og vandað, svo sem vera ber. Ég vek athygli á því að í þessu verki eiga ekki aðeins þátt þingmenn heldur hafa reyndir embættismenn á vegum Alþingis komið hér að máli og veitt drjúgt liðsinni til þess að efna í það frv. sem við ræðum hér.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja þessa umræðu en ég vil einungis þakka jákvæðar undirtektir við þetta frv. Við athugun á því komu að sjálfsögðu upp fjöldamörg álitamál og smekksatriði og það er eðlilegt að sérnefndir þær, sem kosnar verða til þess að fjalla um málið í báðum deildum Alþingis, skoði þessi atriði og skoði þau vandlega. Við sem höfum unnið að undirbúningi þessa frv. erum búin að fara yfir þetta mörgum sinnum og þetta er sú útgáfa sem breiðust samstaða gat orðið um í okkar hópi. Margar hugmyndir sem voru uppi á borðinu hafa horfið þaðan í bili a.m.k., en vel getur svo farið að skynsamlegt sé að taka einhverjar þeirra upp aftur ef sérnefndirnar telja það heppilegt.

Ég vil drepa á örfá atriði sem hafa komið hér fram í máli manna. Hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson lét í ljósi ákveðnar efasemdir um breytingar á starfi fjárlaganefndar, þ.e. við breytum nú í fyrsta lagi nafninu á fjvn. og köllum hana fjárlaganefnd, og ég held að það þjóni betur þeim markmiðum sem nefndinni eru ætluð. Þetta ætti að stuðla að enn þá ábyrgari vinnubrögðum í fjárlaganefnd, þá þegar af nafnbreytingunni ættu nefndarmenn að hafa nokkurn móralskan stuðning.

Þessi nefnd er ein hin starfsamasta í þinginu og vinnur við mest álag og það eykst að hluta til við tilkomu þess að nú er samkvæmt þessu frv. ætlast til að þessi nefnd fjalli um lánsfjárlög og um ríkisreikning sem undanfarið hefur verið til meðferðar í fjh.- og viðskn. Það er rökrétt að bæði fjárlög og lánsfjárlög séu til meðferðar í sömu nefnd þannig að þar verði samræmd sjónarmið og samræmdar afgreiðslur.

Þessi tilraun með að vísa til fagnefnda ákveðnum þáttum fjárlagafrv. er beinlínis gerð í því skyni að reyna að létta vinnuálagið á þessari fjárlaganefnd og jafnframt að skaffa henni með því móti betri tíma til til breiðrar yfirsýnar yfir fjárlögin og að hún festist ekki og þurfi ekki að eyða dýrmætum tíma sínum í smáatriði. Ég tel eðlilegt að menn prófi sig áfram með þetta. Ef raunin verður sú að þetta lánist ekki vel, ef menn fella sig ekki við þessi vinnubrögð, þá er einfalt að færa sig frá þeim aftur vegna þess að þarna er ekki um neitt fortakslaust orðalag að ræða því að þar segir „að jafnaði". Það er ekki verið að gera það að algjörri skyldu að vísa málunum til fagnefnda.

Af þessu höfum við ofurlitla reynslu, starfi fagnefndanna. Samvinnunefnd samgöngumála hefur farið með ákveðna þætti og hún hefur skilað áliti sínu til þingsins. Ég held að það sé ekki heppilegt fyrirkomulag og ekki hafi verið sérstaklega góð reynsla af samvinnunefnd samgöngumála eða þætti hennar í fjárlagagerðinni. Þetta má ekki verða til þess að nefndirnar fari að verka eins og einhver þrýstihópur. Að sjálfsögðu verður þetta allt að vera innan ákveðins ramma og það er fjárlaganefndarinnar að halda utan að þessum ramma og standa vörð um hann.

Ég hef tekið þátt í starfi fagnefndar sem hefur kynnt sér ákveðna þætti fjárlaga. Ég hef á nokkrum undanförnum kjörtímabilum setið í iðnn. deildarinnar. Á síðasta kjörtímabili veitti henni forstöðu hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson og hann beitti sér fyrir því að nefndin að eigin frumkvæði athugaði ákveðna þætti fjárlaganna sem vissu að iðnaði og stofnunum iðnaðarins og lagði í það talsvert mikla og vandaða vinnu. Ég tel að það sé fengur að því ef fagnefndir þingsins ynnu þannig — og þetta var ágæt æfing hjá okkur — með því að deila þessu svona niður þá sé hægt að fá um fjárlögin markvissari athugun heldur en ella hefði orðið. Ég tel hins vegar að það sé mjög mikilvægt að það sé fjárlaganefndin sem kemur með hið endanlega þingskjal til 2. umr., að það sé hennar verkefni að leggja fyrir þingið endanlegar brtt. við fjárlögin. Og ég legg á það alveg sérstaka áherslu að það er meining okkar að það verði fjárlaganefndin sem gerir það en ekki fagnefndirnar jafnvel þó að álit fagnefndanna sem þær kunna að setja fram sé prentað líka.

Hv. þm. gerði að umræðuefni tekjuhlið fjárlaganna. Ég held að undanfarið hafi kannski veikasti þátturinn í meðferð okkar á fjárlögum verið varðandi tekjuhliðina. Ég held að vinnan við tekjuhliðina hafi ekki verið nægilega markviss og ég held og er reyndar viss um að ef lögð væri í hana aukin og markvissari vinna eins og efnahags- og viðskiptanefnd ætti að vera kleift að gera, þá fengjum við af því betri og réttari mynd hvernig hún liti út. Það er eðlilegt að sú nefnd sem fjallar um skattalögin og tekjuöflun til ríkissjóðs fari yfir þessa þætti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og eðlilegt að svo sé. Það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. þm. að þeirri athugun geti ekki lokið fyrir 2. umr. Ég er á því að efnahags- og viðskiptanefnd þyrfti að endurskoða og fylgjast með þeim þætti alveg til lokaafgreiðslu við 3. umr.

Ég vil áður en ég yfirgef fjárlagagerðina láta í ljósi þá skoðun sem kom glögglega fram í hópi þeim sem hefur unnið að undirbúningi þessa þingskapalagafrv. að okkur þykir eðlilegt að Alþingi komi sér upp starfsliði til að vinna að fjárlagagerðinni. Það er ekki nógu gott að hafa það eins og nú er að Ríkisendurskoðun sé að vinna að fjárlagagerðinni. Ríkisendurskoðun á að vera eftirlitsaðili með því að fjárlögunum sé framfylgt, að farið sé með fjármunina eins og Alþingi ákveður að gert sé, en að mínum dómi á Ríkisendurskoðun eða starfsmenn hennar ekki að standa líka að lagasetningunni. Ég tel jafnframt að það sé ekki eðlilegt að það séu bara embættismenn fjmrn. sem að því koma. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að Alþingi komi sér upp starfsliði sem séu embættismenn fjárlaganefndar með formlegum hætti og tækju við því verkefni sem Ríkisendurskoðun hefur unnið fyrir fjvn. undanfarið að gerð fjárlaganna.

Hér kom fram hjá hv. 9. þm. Reykn. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að hún lét í ljósi vissan ugg um að verið væri að leggja óeðlileg bönd á málfrelsi þingmanna. Ég held að ég mæli fyrir munn allra þeirra sem að þessu máli hafa komið eða undirbúningi þess að menn vilja varðveita málfrelsið og ég legg afskaplega ríka áherslu á það að við megum ekkert gera sem þrengir með óeðlilegum hætti málfrelsi þingmanna. Stjórnarandstaða eða minni hluti, hversu lítill sem er, verður að eiga sinn rétt til þess að tjá skoðanir sínar með skipulegum hætti og eðlilegum hætti hér innan þings og úr þessum ræðustól. Þetta er hins vegar hægt að misfara með og það er líka óeðlilegt að verið sé að bjóða sérstaklega upp á það að minni hlutinn tefji mál með óeðlilegum hætti, haldi uppi málþófi til þess eins að hægja á málum eða stöðva þau. Minni hlutinn verður að hafa þann rétt að tjá sig og koma sínum sjónarmiðum á framfæri, en meiri hlutinn verður líka að hafa þann rétt að hann verður að fá vilja sínum framgengt. Minni hlutinn má ekki og á ekki að hafa aðstöðu til þess að knésetja meiri hlutann. Eðli lýðræðisins samkvæmt er það réttur meiri hlutans að ráða jafnvel þó að meiri hlutinn í sumum tilfellum sé að gera rangt. Það er bara eðli þingræðisins að hann hafi síðasta orðið.

Ég tel að í þessu frv. felist ekki nein óeðlileg þrenging á málfrelsi eða rétti þingmanna til að tjá skoðanir sínar. Að mestu leyti er farið eftir þeim reglum sem undanfarið hafa þróast og eru festar í þingsköpum, þ.e. um þáltill. breytist ekki ræðutími, lagafrv. eru með sömu takmörkunum, eða sama takmarkaleysi öllu heldur og verið hefur í gildandi þingsköpum, vegna þess að þeim takmörkunum sem eru í gildandi þingsköpum er yfirleitt ekki beitt og hefur ekki verið beitt í áratugi. Það sem gert er er það að reynt er að setja skorður við mjög löngum ræðum í utandagskrárumræðum án þess þó að þrengja með óeðlilegum hætti að umræðunni eða koma í veg fyrir það að menn geti tjáð sig. Eins er það með þingskapaumræðuna. Henni er settur rammi, þ.e. maður sem vill gera athugasemd um þingsköp hefur 5 mínútur til umráða og umræðan má ekki standa lengur en í hálfa klukkustund. Á 5 mínútum er hægt að finna að því sem mönnum þykir athugavert við fundarstjórn. Ef menn þurfa lengri tíma í þingskapaumræðu þá eru þeir að leita eftir einhverjum öðrum markmiðum heldur en að leiðbeina forseta eða „krítisera" fundarstjórnina. Þá eru þeir farnir að slægjast eftir öðrum markmiðum svo sem eins og að tefja framgang dagskrármála.

Varðandi athugasemdir sem komið hafa fram um nefndastörfin, m.a. frá hv. 2. þm. Vestf. — og reyndar eitt enn varðandi takmörkun á ræðutímanum sem ég vil ítreka og kom reyndar inn á í framsögu minni, þ.e. að það er tekinn af ráðherrum forgangur sem þeir hafa notið hér á Alþingi. Ráðherra hefur getað og getur samkvæmt gildandi þingsköpum og hefð tekið til máls

hvenær sem honum þóknast jafnvel þó svo sá málaflokkur sem til umræðu er á hverjum tíma sé ekki honum viðkomandi sérstaklega. Það er eðlilegt að varðveita þennan rétt handa ráðherra sem ber ábyrgð á máli, að hann geti komið sínum viðhorfum á framfæri hvenær sem er í umræðunni, en það er óeðlilegt að öll ríkisstjórnin geti hrúgast í ræðustól, hver ráðherra á eftir öðrum, á meðan allur annar þingheimur verður að bíða. Þessi forgangur er tekinn af ráðherrunum nema þeim sem hefur forræði máls eða málaflokks á sinni könnu á hverjum tíma. Þetta tel ég að sé spor í rétta átt og stuðli að jafnrétti og eðlilegum starfsháttum í þinginu.

Varðandi nefndastörfin þá eiga þau eftir nýju skipulagi að geta verið eðlileg og markvissari heldur en þau hafa verið, jafnvel þó að nefndirnar séu tvær núna og deildirnar tvær og farið í gegnum sex umræður. Það er í fyrsta lagi fjölgað í nefndunum og betur sjá augu en auga. Málum er hægt að vísa til nefnda á hverju stigi sem er. T.d. er opnað fyrir það með þessum þingsköpum að taka mál til umræðu, til athugunar í nefnd áður en 1. umr. fer fram. Það getur staðið þannig á að nauðsynlegt sé eða heppilegt sé að t.d. stjórnarandstaða hafi tækifæri til þess að kalla fyrir sérfræðinga, höfunda frv. og aðra sem sérþekkingu hafa á máli áður en afstaða er tekin til málsins í 1. umr. Þetta getur gert vinnubrögðin markvissari. Jafnframt er gert ráð fyrir því að mál fari til nefndar á milli 2. og 3. umr. sem er nýmæli að hluta til, þ.e. ef breytingar verða gerðar á frv. við 2. umr. og brtt. sem nefnd hefur ekki skoðað verða samþykktar, þá fari málið til 3. umr. Jafnframt er opnaður möguleiki fyrir að stöðva 3. umr. eða afgreiðslu í þriðju lotu skulum við segja, sem er kannski réttara orðalag, og skoða málið enn og aftur. Þannig að brtt. ættu allar og málið í heild að vera þaulskoðað í nefnd áður en Alþingi tekur endanlega afstöðu til þess.

Hv. 2. þm. Vestf. taldi það ljóð á þessu frv. að ekki væri gert að skyldu að öll rafeindaatkvæðagreiðslan yrði prentuð. Ég er honum sammála um það að eðlilegt væri og heppilegt væri að hver einasta atkvæðagreiðsla væri prentuð í Alþingistíðindum, en mér er tjáð og það gefur reyndar auga leið að það kostar talsvert mikinn pappír að prenta allar atkvæðagreiðslur við löng og viðamikil frumvörp. Ég gæti hugsað mér þá lausn að meginatkvæðagreiðslur væru prentaðar. Ég held nú að jafnvel þó að þingmenn séu stundum kvefaðir, þá mundu þeir hafa einurð á því, a.m.k. einhverjir í salnum, að biðja um að meginatkvæðagreiðslur yrðu prentaðar með nafnakalli. Það er reyndar ekki forhlaupin tíð því að öll nafnaköllin verða varðveitt í skjalasafninu jafnvel þó að þau verði ekki prentuð í Alþingistíðindunum. Þetta er atriði sem sérnefndin getur athugað sérstaklega og komist að niðurstöðu um.

Varðandi setu varamanna í nefndum held ég að hér höfum við hitt á skynsamlega leið. Þingflokki er heimilað að setja annan varamann í nefnd heldur en varamann viðkomandi þingmanns. En það verður hins vegar þingflokkurinn að gera á sína ábyrgð og það gerist ekki sjálfkrafa. Það er á þessu fastara og betra form heldur en er í gildandi þingsköpum þannig að ég held þetta sé til bóta. Í mörgum tilfellum getur verið eðlilegt að varamaður þingmanns taki við hans nefndarstörfum en hugsanlegt er, eins og hv. 11. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir benti á, að mál séu það flókin að það sé erfitt fyrir varamenn að taka á þeim af fullum myndugleik á örfáum fundum sem þeir sitja í nefndum.

Varðandi útvarp og sjónvarp frá umræðum í Alþingi get ég tekið undir ýmislegt af því sem hv. 4. þm. Austurl. sagði hér áðan. Raunar eru í þessu frv. einfaldaðar þær reglur sem þarf að fara eftir. Fréttamenn eða fulltrúar útvarpsstöðva eða sjónvarpsstöðva þurfa einungis leyfi forseta til þess að útvarpa frá þingfundum. Samkvæmt gildandi þingsköpum þarf deildin eða sameinað þing að greiða um það atkvæði í hvert skipti sem er náttúrlega úrelt ákvæði. Ég tel hins vegar að heppilegt væri að prófa það að senda út frá Alþingi einhverjar stundir og ég er að tala um í tilraunaskyni, ekki fara endilega að gera það að föstu efni. Þá fengist á því nokkur raun hvort það yrði fylgst með þessum umræðum eða ekki. Við eigum að starfa hér í heyranda hljóði og fyrir augum alþjóðar og það er eðlilegt að svo sé. Það getur verið ákveðinn hemill á okkur sjálf og ég held að það sé eðlilegt að þetta sé prófað. Það kann að vera að enginn hafi áhuga á því að hlusta á okkur og þá það. Þá er ástæðulaust að vera að eyða fjármunum í að senda þetta út, en það er eðlilegt að það sé reynt.

Eitt atriði væri afar auðvelt að leysa til hagræðis við sjónvarpsútsendingar héðan úr salnum. Það væri það að færa þetta myndavélarauga þannig að það horfi ekki alltaf niður á þingheiminn heldur væri í eðlilegri hæð en það er staðsett núna. Þetta mundi nú ekki kosta verulega fjármuni heldur einungis nokkurra mínútna vinnu fyrir lagtækan mann, að færa það þannig að betri svipur kæmi af sjónhorni vélarinnar í þinginu.

Ég vil að endingu, herra forseti, láta þess getið og lýsa ánægju minni yfir hinni miklu þverpólitísku samstöðu sem er um þetta mál. Það sýnist að vísu nokkuð sitt hverjum og menn hafa deildar meiningar um ákveðna hluti í þessu. Það fer ekki eftir stjórnmálaskoðunum eða eftir flokkum. Það fer nokkuð eftir reynsluheimi manna kannski frekast. Um þetta hefur myndast breið samstaða. Það hefur ekki skipt verulegu máli, og engu máli að mínum dómi, hvort menn hafa verið í stjórn eða stjórnarandstöðu. Menn hafa unnið með mikilli samviskusemi og mjög miklum vilja til þess að ná skynsamlegri lendingu á þessu máli og fyrir það er ég mjög þakklátur.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka undir það sem hér kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni að það ber að fagna þeirri víðtæku samstöðu sem virðist vera að skapast um þetta frv. Það eru hins vegar fáein atriði sem ég vildi nefna hér og biðja nefndina að hugleiða.

Það fyrsta snertir málfrelsi ráðherra hér í þinginu. Ég tók eftir því að hv. þm. Páll Pétursson taldi að ráðherrar ættu þar að vera eins og aðrir þingmenn nema

sá ráðherra sem málið snerti. Þetta er að mörgu leyti skiljanlegt sjónarmið en ég held að það sé óframkvæmanlegt í því kerfi sem við búum við. Það er ljóst að forsrh. t.d. þarf iðulega að svara eða blanda sér inn í umræður þegar verið er að fjalla um mál sem snerta fleiri en einn ráðherra í hans ríkisstjórn. Og þó að það sé nú kannski sérkennilegt að ég sé við núverandi aðstæður að hvetja til aukins málfrelsis hæstv. núv. forsrh., þá er það nú engu að síður þannig að ég tel að það geti hindrað störf þingsins mjög og eðlilega umræðu í þinginu ef forsrh. hefur t.d. eingöngu þann rétt að geta talað tvisvar í máli.

Önnur rök fyrir því að það eigi að gilda sérreglur um ráðherra eru að ríkisstjórnir á Íslandi eru samsteypustjórnir. Það er ekki þannig að flokkarnir í ríkisstjórninni hafi falið viðkomandi fagráðherra að vera talsmaður ríkisstjórnarinnar í heild í viðkomandi málaflokki. Ég held að það geti líka reynst óframkvæmanlegt að ætla sér að leggja þau bönd á ráðherra sem eru fulltrúar annarra flokka en viðkomandi fagráðherra, að þeir verði að beygja sig undir almenna umræðuskilmála einstakra þingmanna. Ég bið nefndina að hugleiða þennan þátt málsins. Kannski hafa þeir gert það sem þetta frv. hafa samið, en fljótt á litið virðist mér þetta geta reynst mjög erfitt í framkvæmd og ekki stuðlað að eðlilegum umræðum hér í þinginu.

Í öðru lagi vildi ég nefna að hér eru ekki mér vitanlega sérstök ákvæði um umfjöllun um stofnanir Alþingis, þ.e. Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Ég tel hins vegar að reynslan sýni að það er nauðsynlegt að finna eðlilegri farveg fyrir umfjöllun um skýrslur, ársskýrslur þessara stofnana og einstakar skýrslur þeirra heldur en verið hefur á undanförnum þingum. Þetta eru mál sem er nauðsynlegt að ákveðnar þingnefndir geti fjallað um og kallað þá til sín sérfræðinga utan þings og starfsmenn viðkomandi stofnana og þinginu gerð grein fyrir slíkum athugunum þingsins á viðkomandi skýrslu. Það er óeðlilegt að þingið fái hér bæði ársskýrslur þessara stofnana sem heyra undir þingið og skýrslur um einstök mál án þess að það sé til neinn sérstakur vettvangur annar en þingsalurinn til þess að fjalla um það.

Í þriðja lagi vildi ég nefna þann rétt sem í frv. er veittur fjárlaganefnd en að mínu viti þyrfti að veita öllum nefndum þingsins, að geta óskað eftir upplýsingum frá opinberum stofnunum og öðrum hliðstæðum stofnunum um þau málefni sem nefndirnar fjalla um. Það er eðlilegt ákvæði um fjárlaganefnd í þessu þingskapafrv. um slíkan rétt til þess að kalla eftir upplýsingum en hann á auðvitað ekki síður við á sviði hinna einstöku málefnanefnda sem í þessum þingsköpum eru settar upp.

Þetta vildi ég nefna hér, virðulegi forseti, sem ábendingar til þeirrar nefndar sem um þetta fjallar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

4. fundur, fimmtudaginn 16. maí, kl. 1 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1.

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það voru aðeins örfá atriði sem ég taldi mig þurfa að nefna í framhaldi af því sem sagt var hér á fundi í gær.

Í fyrsta lagi var spurt hér hvernig lagatexti gæti orðið sem tryggði þá hefð sem hefur verið hér í þinginu um 20 ára skeið varðandi aðild stjórnarandstöðu að stjórn þingsins. Mér sýnist að sá texti sem hér er settur í raun og veru tryggi hefðina, þ.e. það er orðið þá lögfest að stjórnarandstaðan á hlutdeild í forsætisnefndinni, en ef menn eru að tala um það að 1. varaforseti komi frá stjórnarandstöðu, þá eru aðeins tvær leiðir til þess að tryggja það. Það er annaðhvort að setja það í lagatexta eða að menn bindist fastmælum um að semja svo að 1. varaforseti komi frá stjórnarandstöðu. Ég sé satt að segja ekki aðra leið ef við ætlum að hafa listakosningu heldur en það verði að treysta á samkomulag um slíkt. Annað getur ekki tryggt það. Það að þingflokkar tilnefni eftir einhverri lágmarksstærð og ef við gefum okkur þá fjölda þeirra sem í forsætisnefnd skulu sitja þá veitir það auðvitað alls enga tryggingu fyrir minnstu þingflokkana að þeir fái aðild að stjórn þingsins. Samningur getur hins vegar gert það þannig að ég sé ekki annað en sú leið sem þarna hefur verið valin sé sú eðlilegasta og það verði eins og ég segi að treysta á það að samningar verði með mönnum um það hvernig forsætisnefndin verði skipuð.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi þá hugmynd sem komið hefur fram bæði hjá honum og öðrum, og ég hef nefnt hana þar á meðal, að formenn fastanefnda þingsins komi líka úr hópi stjórnarandstæðinga og ég hef ekkert breytt um skoðun að því leyti. Ég tel að það yrði til bóta við stjórn þingsins yfirleitt að það færi eftir styrkleika flokka hvort þeir fengju aðild að formennsku í nefndum eða ekki.

Ég hef hins vegar skilið það svo án þess að á það hafi reynt í atkvæðagreiðslu að það sé tæpast meiri hluti fyrir slíkri skipan núna, en ég er alveg tilbúinn að láta reyna á það. Eins og ég segi hef ég ekki breytt um skoðun að þessu leyti. Ég held að það mundu verða ábyrgari vinnubrögð í þinginu ef svona væri gert. Þetta þekkjum við hér víða í nágrannaþingum og við eigum að hætta að reikna með því að menn verði með einhvern stráksskap í störfum þingsins ef þeir eru í stjórnarandstöðu og svo vill til að þeir fá formennsku í einhverri þingnefnd. Við þurfum að láta af slíku.

Það var talað hér lítillega um það sem ég hafði nefnt varðandi 49. gr., að afnumin yrði heimildin til þess að

óska skriflegra svara. Aðeins til að fyrirbyggja misskilning þá byggist mín afstaða ekki á því að mér finnist skrifleg svör við fyrirspurnum ekki koma til greina. Það er alls ekki þannig. Mér finnst bara reynslan vera sú að þingið geti varla unað við það að þurfa að sæta duttlungum einstaks þingmanns eða einstakra þingmanna við að svara fyrirspurnum sem svona koma fram, misjafnlega gáfulegum, og ég tel þess vegna miklu heppilegra að binda þetta við skýrslur þar sem þarf fleiri þingmenn til til þess að fá skriflega skýrslu eða skriflegt svar við fyrirspurn. Ég er ekki að binda mig við það sem nú er í þingsköpum að krafist sé níu þingmanna til þess að fá svar við slíku. Það má vel hugsa sér að það þurfi færri til, fimm eða sjö svo að ég nefni bara einhverja tölu.

Aðeins eitt til viðbótar sem kom hér frekar fram. Það var varðandi hvenær á að kjósa og var svona í framhaldi af umræðunum sem urðu hér á síðasta þingi og jafnvel var spurt um skoðun ríkisstjórnarinnar. Ég tek það fram að ég svara ekki fyrir ríkisstjórnina vegna þess að þetta hefur ekkert verið rætt þar og ég skil satt að segja ekki hvers vegna er verið að spyrja um skoðun ríkisstjórnarinnar á þessu máli. Hér er það Alþingi sem er að setja sínar reglur og ríkisstjórnin er þar ekkert rétthærri sem hópur manna heldur en hver annar hópur hér í þinginu. Menn tala þar sem þingmenn og ég get lýst minni skoðun. Hún er alveg ljós. Ég tel að það eigi að breyta ákvæðunum í núgildandi kosningalögum sem segja að það eigi að kjósa annan laugardag í maí, það eigi hreinlega að nema þau ákvæði brott. Þau hafa ekkert að gera, þau hafa enga þýðingu. Meðan við höfum þingrofsréttinn og getum stytt kjörtímabilið þegar þinginu svo sýnist, þá er þetta ákvæði, sýnist mér, alveg tilgangslaust og má falla brott.

15. gr. stjórnarskrárfrv. sem við erum hér að ræða tekur hins vegar af öll tvímæli um það hvenær á að kjósa. Ég skal lesa greinina, með leyfi forseta:

„Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.“ — og kjörtímabilið er fjögur ár. Og síðan kemur í síðari málslið: „Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.“

Þetta þýðir með öðrum orðum það að kjörtímabilið þarf ekkert endilega að vera alltaf að stytta eins og var verið að gera núna síðast með ákvörðun um kjördag 20. apríl. Ef farið hefði verið eftir þeirri, ja, við skulum segja reglu sem komið var á 1987 þegar kosið var í sömu vikunni en tveimur dögum eftir að fjögurra ára kjörtímabilið rann út, þá hefðum við átt að kjósa 27. En ef við ætlum að fara eftir þessu sem ákveðið var síðast, að kjósa 20., þá væri hætta á því að það væri alltaf verið að stytta kjörtímabilið. Þessi ákvæði í 15. gr. taka af öll tvímæli um það að það er heimilt að kjósa sem sagt í sömu vikunni, á sama vikudag í mánuði talið frá mánaðamótum. Þetta sýnist mér að dugi til þess að koma í veg fyrir hliðstæðar deilur og hafa komið upp hér áður, bæði 1987 og að nokkru leyti nú á síðasta þingi. Svona einfalt sýnist mér þetta vera.

Og ég segi enn og aftur að ákvæðið í kosningalögum um kjördag annan laugardag í maí er alveg til-gangslaust meðan við höfum heimildina til þess að rjúfa þing. Við getum komið okkur inn á þennan dag öðru hverju en við getum ekki sett neina tryggingu fyrir því að svo verði um alla framtíð. Þetta er meginmálið varðandi þetta atriði og ég held að það sé ekki fleira sem ég tel ástæðu til að nefna hér.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þetta svar sem hann hefur gefið okkur að því er varðar kosningar sem næst verða. Það liggur alveg ljóst fyrir að kjörtímabilið er fjögur ár. Honum þótti það undarlegt að við skyldum vera að spyrja hv. ríkisstjórn um þetta mál. Það er nú ekkert undarlegt vegna þess að þingrofsrétturinn er í höndum forsætisráðherra landsins og þar af leiðandi verðum við hv. þm. að ganga út frá því að kjörtímabilið verði fjögur ár nema annað verði ákveðið. Og þá liggur það alveg ljóst fyrir að næstu kosningar verða í apríl. Ég hef ekki nákvæmlega mánaðardaginn, ég gæti trúað að það væri 15. apríl 1995 sem mér sýnist að muni vera þriðji laugardagur í apríl, en 1. apríl mun þá hugsanlega vera laugardagur. Þetta er nú ekki flóknara en það. Það er mikilvægt að gera það upp við sig: Er það hugmynd manna að stefna að því að hér verði almennt vetrarkosningar? Ef á að komast fram hjá því þá verður að rjúfa þing áður. Mér finnst ekki vera hægt að ganga út frá því að það sé almenn regla að þing verði rofið þannig að kjörtímabilið sé styttra. Það hlýtur að vera hin almenna afstaða að hér sé stöðugt stjórnarfar og kjörtímabil séu sem heilust og ég vænti þess að hæstv. núv. ríkisstjórn hafi þá skoðun. Það væri a.m.k. fróðlegt að vita hvort einhver önnur skoðun er þar uppi á borðinu.

Þetta var það sem við sáum margir fyrir sl. vetur og þess vegna vorum við þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt að vilja kosningalaganna sem sett voru fyrir kosningarnar 1987 væri framfylgt, en þá voru sett lög hér í þinginu, og um það full samstaða, að kosningadagur væri annar laugardagur í maí. Þá var enginn ágreiningur um það. Og það var skoðun okkar margra að það væri rétt að kosningar færu fram 11. maí eða annan laugardag í maí á árinu 1991. Á það var ekki fallist af Sjálfstfl. og við vildum skapa samstöðu um þetta mál.

Hæstv. menntmrh. hélt því fram að þá hefði verið um að ræða frjálslega umgengni við stjórnarskrána. Hæstv. samgrh. og landbrh. hélt því beinlínis fram að hér væri um brot á stjórnarskránni að ræða. Hins vegar studdum við skoðanir okkar við ummæli sem hafa fallið hér á Alþingi, m.a. hjá Ólafi heitnum Jóhannessyni og jafnframt umræðum sem hér urðu 1969 eða 1971 í dómsmálaráðherratíð Auðar Auðuns þannig að það var ekki um neina frjálslega umgengni við stjórnarskrána að ræða ef kosningar hefðu átt sér stað 11. maí.

En ég skil hæstv. menntmrh. þannig að að öllu óbreyttu þyki honum eðlilegt að kosningar verði næst í aprílmánuði þegar færð er víða slæm og allra veðra er von. Ég er ekki með þessum orðum að segja það að ekki geti komið til þess að hér verði vetrarkosningar.

Við verðum í sjálfu sér ávallt að vera tilbúin til þess að ganga til kosninga á hvaða tíma sem er, en það er mikilvægt að það sé uppi einhver almennur vilji um það hvenær reglubundnar kosningar eigi að fara fram. En ég skildi hæstv. menntmrh. þannig að hann teldi það algjörlega óþarft og þar með er hann að lýsa yfir annarri skoðun en kom fram hér í þeirri samstöðu sem skapaðist í þinginu 1987.

Hér hefur nokkuð verið talað um húsnæðismál þingsins. Það var ekki mín ætlan að fara að gera það að miklu umræðuefni hér en það verður ekki hjá því komist að ræða þau mál hér á Alþingi og er mikilvægt að það skapist sem best samstaða um þau mál. Það hlýtur að vera almennur vilji okkar sem hér störfum að leysa þau mál með sem minnstum kostnaði og þótt þingmenn hafi orðið varir við það að bærilega sé búið að þingmönnum, sem ég get út af fyrir sig tekið undir, þá er þingið að hluta til með leiguhúsnæði hér í ýmsum húsum í kring og sum húsin eru svo léleg að það er nú vart annað hægt en að gera ráð fyrir því að þau verði rifin. Hins vegar má alveg eins búast við því að einhverjum detti í huga að friða þau og þingið verði skikkað til að halda þeim við. Annað eins hefur nú gerst. Það eru ekki margir möguleikar í þessari stöðu. Það var uppi sá möguleiki að byggja hér stórt og glæsilegt hús sem kostaði mikið fjármagn en ég tel vera úr sögunni, ekki aðeins vegna þess hversu mikið það kostar, heldur líka hversu þröngt er um það. Hins vegar var það vilji hér á Alþingi og metnaður þingsins að ráðast í þá byggingu á sínum tíma og við studdum margir þáverandi forseta þingsins til þeirrar ráðagerðar. Ég gerði það m.a. en ég hef algjörlega breytt um skoðun í þeim efnum eftir að ég hef séð þessa stórbyggingu hér við endann á Tjörninni, þannig að ég styð ekki lengur slíka ráðagerð. Þá er það fyrst og fremst spurningin hvort hægt er að nýta einhver af þeim húsum sem hér eru í grenndinni, hvort sem það er Hótel Borg eða hús Pósts og síma, eða einhver önnur hús með snyrtilegum tengingum, og í þetta þarf að fást niðurstaða. Það var komin sú niðurstaða hjá forsetum Alþingis á sínum tíma að það væri heppilegt að kaupa Hótel Borg enda var það hús til sölu.

Ég tel það algjörlega óeðlilegt að um það leyti sem á að fara að ganga frá slíkum kaupum skuli Reykjavíkurborg koma í öllu sínu veldi og kaupa húsið fyrir framan nefið á forsetum Alþingis og segja með því: Við viljum ekki hafa neitt Alþingi inni í þessu húsi, það kemur ekki til mála, við viljum hafa „restaurant" — veitingahús og við ætlum að sjá til þess með okkar miklu peningum að þarna verði veitingahús.

Þarna er náttúrlega verið að hafa áhrif á markaðinn og ráðast inn á hann og hafa þar óeðlileg afskipti. Auðvitað er það móðgun við Alþingi Íslendinga að koma fram með þessum hætti að segja því beinlínis: Þið hafið ekkert þangað að gera vegna þess að við viljum hafa þarna „restaurant".

Ég þakka hins vegar hæstv. menntmrh. fyrir það að lýsa yfir vilja til að taka upp þetta mál á nýjan leik og hann þekkir það betur en margur annar. Ég er ekki að segja að það sé eina lausnin í þessu máli, en það er mikilvægt að fá fram niðurstöðu í því þannig að menn viti að hverju er stefnt. Það þarf að marka stefnu í þessu máli og forsetum þingsins hefur ekki lánast að gera það. Ég er ekki þar með að segja að það eigi að leysa það allt í einu vetfangi. En ég vænti þess að um þetta geti verið sem best samstaða og það sé hægt að koma á eðlilegu samstarfi og eðlilegum samskiptum við yfirstjórn höfuðborgarinnar um þetta mikla mál.

Ég vil jafnframt þakka þær undirtektir sem sú hugmynd hefur fengið að það verði athugað hvort ekki sé rétt að kjósa Ríkisendurskoðun sérstaka yfirstjórn. Ég lít svo á að fyrir því sé allmikill vilji og það muni verða tekið til athugunar í þeirri nefnd sem fær þessi mál til umfjöllunar.

Ég vildi aðeins koma inn á kosningu forsetanna. Ég skil það svo að fyrir því sé fullur vilji og samstaða hér á Alþingi að það sé eðlilegt að bæði stjórn og stjórnarandstaða á hverjum tíma komi að yfirstjórn þingsins. Það er jafnframt samstaða um það að það sé eðlilegt að forseti þingsins komi úr röðum stjórnarliða á hverjum tíma og það sé þeirra að útnefna hann. Um þetta eru engar deilur. En það þarf að finna form fyrir því með hvaða hætti þessi skipting sé eðlileg, alveg án tillits til þess hvernig staða er á Alþingi nú. Það er út af fyrir sig kostur að margir þeir sem nú fylgja ríkisstjórn voru áður í stjórnarandstöðu, þeir sem áður fylgdu ríkisstjórn eru nú í stjórnarandstöðu og því ætti á þessum tímamótum á margan hátt að vera betra að finna skipan sem mætti teljast eðlileg í þessu efni til langrar framtíðar.

Ég tel það mjög mikilvægt að stjórnarandstaðan á hverjum tíma hafi fulla aðild að stjórn þingsins og það sé gert með þeim hætti að a.m.k. sem flestir þingflokkar geti komið þar að. Ef á að kjósa forsetana hlutfallskosningu og finna rétta skiptingu milli stjórnarliða annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar þá verður ekki hjá því komist að taka tillit til kosningar aðalforseta. Og ef ekki er hægt að finna neina aðra leið í þessu sé ég ekki að annað sé hægt en að aðalforseti sé þá fyrsti maður á þeim lista sem flest fær atkvæði, þótt ég geti tekið undir það að ég vildi gjarnan fremur að aðalforseti þingsins væri kosinn sérstakri kosningu. En ég tel þetta ekki fullnægjandi með þeim hætti sem nú er í frv. og tel nauðsynlegt að það verði rætt frekar og reynt að finna þar farsæla leið því ég lít svo á að um þetta sé í sjálfu sér enginn ágreiningur.

Hér hefur verið komið inn á það hvort ekki sé rétt að formenn fastanefnda komi að einhverju leyti frá stjórnarandstöðu. Ég tel mjög athugandi að svo sé gert. Ég er alveg viss um að það hvetur til ábyrgari starfa á Alþingi en setur vissulega skyldur á herðar stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Það eru sjálfsagt margir þeirrar skoðunar að það sé mjög eftirsóknarvert. Ég teldi það mjög til bóta að koma einhverri slíkri skipan á þannig að stjórnarandstaðan á hverjum tíma færi með formennsku í einhverjum nefndum, ég er ekki endilega að tala um utanrmn., sem er nú virðulegasta nefnd þingsins, en það kæmi vissulega til greina, sérstaklega um þessar mundir.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera hér að umræðu-

efni mörg atriði. Ég vildi þó aðeins koma hér að 23. gr. vegna þess að hér hefur verið talað almennt um þingskapalögin, sem ég hafði ekki ætlað mér, en þar segir um 1. umr. að það sé hægt að vísa máli til nefndar á hverju stigi þess og sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað. Ég er alveg sammála þessu en ég tel að það sé nauðsynlegt að kveða á um það hvenær og með hvaða hætti hægt sé að vísa máli til nefndar áður en 1. umr. er lokið. Hver getur farið fram á það? Getur hver einstakur þingmaður farið fram á það? Getur ráðherra gert það eða getur ákveðinn hluti þingsins lagt fram slíka beiðni í mikilvægum málum? Mér finnst þetta ekki alveg nógu ljóst og það gæti skapað deilur.

Síðan stendur hér, sem ég tel vera mjög til bóta, í 25. gr.: „Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd þeim köflum frv. til lánsfjárlaga er fjalla um skatta- og efnahagsmál og tekjuhlið fjárlagafrv." Ég tel að þetta muni skapa betri vinnubrögð í þinginu en hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það eigi að vísa lánsfjárlagafrv. til þessarar nefndar, þeim köflum sem fjalla um skatta- og efnahagsmál. Ég hefði haldið að a.m.k. allir kaflarnir fjalli að einhverju leyti um efnahagsmál, sem er mjög víðtækt hugtak, og tel eðlilegt að frv. í heild sé vísað til þeirrar nefndar, því í sannleika sagt, og það vita allir sem hér eru, að fjvn. hefur ekki nægilegan tíma og nægjanlegt svigrúm til þess að fjalla með viðeigandi hætti um lánsfjárlög og um tekjuhlið fjárlaganna. Fjvn. hefur ekki gert það með þeim hætti sem hefði átt að gerast hér en ég tel að með þessu sé verið að tryggja að fjallað sé um tekjuhlið fjárlaganna með viðeigandi hætti hér í þinginu, sem hefur ekki verið gert nægilega vel, a.m.k. þann tíma sem ég hef verið hér.

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þetta mál að frekara umræðuefni hér, ég vænti þess að við getum átt um það gott samstarf í nefnd og skapað góða samstöðu um það. *Það er mjög mikilvægt og væri slæmt* að um það væru einhverjar deilur í framtíðinni, því það erum ekki aðeins við sem hér erum sem þurfum að starfa við þessa löggjöf, heldur væntanlega þeir sem hingað eiga leið á Alþingi og munu sitja hér í framtíðinni.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, það er aðeins eitt atriði sem mig langaði að benda á sem ég er mjög óánægð með í frv. um þingsköp Alþingis sem mér láðist að geta um í fyrri ræðu minni. Það er 64. gr. frv. Eins og hún lítur út núna er hægt að samþykkja á Alþingi bæði lög og ályktanir með því að aðeins einn þingmaður segi já ef allir hinir sitja hjá. Þetta þykir mér ekki nógu gott. Ég tel að þetta geti ekki gengið. Ég minntist reyndar aðeins á þetta á fundum okkar þar sem ég var við undirbúning þessa máls í nefnd sem undirbjó þetta frv. og þá þótti eðlilegt að ákvæðið væri svona. Ég tel að breytingin eins og hún lítur út, það er 45. gr. gildandi þingskapalaga þar sem segir: „Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni." En í frv. segir: „Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæði greiða, greiði atkvæði með henni." Þá er gert ráð fyrir að allir greiði atkvæði með rafeindabúnaði, og það sé eins og nafnakall í raun. Það þýðir að ef allir nema einn sitja hjá er hægt að samþykkja bæði lagafrv. og þáltill. Ég tel að þetta sé ekki eðlilegt og vildi vekja athygli á þessu við þessa umræðu þar sem farið verður að vinna við þetta í nefnd og vil óska að þingmenn, aðrir en einungis þeir sem eru í nefndinni, tjái sig um þetta atriði þar sem það hlaut ekki hljómgrunn þegar ég vakti athygli á þessu í nefndinni sem undirbjó þetta frv.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér láðist að nefna það við umræður um þetta mál í gær vegna þess hvernig umræðu lauk og ég fór eiginlega að ósk forseta úr ræðustóli fyrr en ég hafði ætlað mér, en það voru orð hv. 1. þm. Austurl. þegar honum varð tíðrætt um húsakost Alþingis og kaup á Hótel Borg sem ég ætla ekki að fara að rifja upp frekar. En hann beindi því til ríkisstjórnarinnar eða ráðherra hennar að þeir beiti sér fyrir því að kaupa Hótel Borg eða annað húsnæði. Ég ætlaði aðeins að benda hv. þm. á að það er ekki í verkahring ráðherra að hafa forgöngu um húsakaup Alþingis heldur eru það forsetar þingsins sem hafa það á sinni verkefnaskrá. En að sjálfsögðu er það af hinu góða að hafa stuðning ráðherra sem annarra hv. þm. sem að sjálfsögðu hljóta alltaf að koma að því máli þegar þar að kemur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það eru fáein atriði sem mig langaði til að nefna hér í framhaldi af þeim umræðum sem fram hafa farið og finnst æskilegt að koma á framfæri áður en málið fer til nefndar. Ég ætla þá fyrst að víkja að því síðasta sem hv. 2. þm. Reykn. drap á varðandi kaup á Hótel Borg og þau ummæli hv. 1. þm. Austurl. að ráðherrar gætu hjálpað þar til og kannski haft úrslitaáhrif. Þannig vill til að einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, sem ég veit að ég þarf ekki að nefna fyrir hv. þm., er einn af eigendum Hótels Borgar þannig að það gæti verið gott að eiga þar innhlaup í samningaviðræðum, t.d. ef forsrh. ákvæði að ræða málin við borgarstjórann í Reykjavík, þó sá síðarnefndi sé í fríi eins og kunnugt er út júnímánuð, þá gæti það komið sér vel að þar eru góð og glögg tengsl á milli eins og kunnugt er. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá yfirlýsingu sem fram kom frá honum um það að hann teldi vel koma til athugunar að ræða frekar um kaup á húsinu Hótel Borg.

En aðeins varðandi þingsköpin er tvennt sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi þetta mál í sambandi við forsetana sem vefst dálítið fyrir okkur. Í rauninni eru þar þrjár leiðir til. Fyrsta leiðin er sú að kjósa alla af lista og við höfum lýst því yfir mörg hér að það sé gallað að ýmsu leyti að fara þá leið, en það er hægt að gera það. Önnur leið er sú að kjósa eftir tilnefningu fjögurra stærstu flokkanna annarra en þeirra sem fengið

hafa aðalforseta. Þetta er þannig í danska þinginu að þessir flokkar tilnefna og síðan er tilnefningin borin undir atkvæði þannig að tilnefningin gildir ekki endanlega heldur er hún borin undir atkvæði samkvæmt þeim reglum sem þar eru í gildi og það held ég að hafi gefist alveg sæmilega. Í þriðja lagi er auðvitað sá möguleiki, ef mönnum tekst ekki að koma þessu sæmilega í orð, að það verði gert samkomulag á milli þeirra flokka sem nú sitja á Alþingi um stefnu í þessu efni, eins og hæstv. menntmrh. drap á. Það samkomulag gæti auðvitað líka gilt um formenn í nefndum. Ég vil því orða þann möguleika áður en þessi mál fara til nefnda og verða þar formlega afgreidd í lagatexta, hvort það er ekki hugsanlegur hlutur að flokkarnir reyni að koma sér saman um samkomulag, almenna prinsippyfirlýsingu um þessi mál sem lúta að samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu.

Þessu vildi ég koma á framfæri, herra forseti, áður en málin fara svo til nefnda, en vil að öðru leyti þakka fyrir þessa umræðu sem mér finnst hafa skýrt þessi mál mjög mikið. Skiptir mjög miklu máli að hafa heyrt þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá hæstv. menntmrh. sem hefur sýnt mikinn skilning á þeim athugasemdum sem birst hafa frá einstökum þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Umræða hefur verið nokkuð sérkennileg í gær og í dag. Ég hélt bæði í gær og í dag að hér væri aðeins eitt mál á dagskrá sem er frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég hef haldið það, a.m.k. er á þeirri dagskrá sem ég hef fengið í hendur það eitt mál á dagskrá. Hins vegar hefur mestur tími þeirra sem hér hafa verið í ræðustól farið í það að ræða um annað mál sem er þingsköp Alþingis. Ég verð að segja það að ég næ ekki alveg upp í þessi mál þegar menn eru síðan núna farnir meira að segja að tala um það að vísa þessum málum til nefndar. Ég er með ákveðna tillögu sem ég ætla að flytja við frv. um þingsköp Alþingis. Ég tel mig ekki geta komið henni hér að í þeirri umræðu sem hér á sér stað um mál sem alls ekki er á dagskrá þessarar deildar. Ég held því að hér hafi einhver mistök orðið á. Það á að vera einhver undarlegur hraði hér á afgreiðslu mála, virðulegi forseti.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason) *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ábending hv. 4. þm. Norðurl. v. er auðvitað hárrétt. Hér flytja menn að sjálfsögðu ekki brtt. við frv. til þingskapalaga. Það er líka rétt sem hann segir að hér hafa menn að hluta til verið að ræða annað mál en formlega er á dagskrá.

Hins er að geta að í samráðshópi fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu var um það rætt hvort ætti að láta frumvörpin tvö, til þingskapalaga og til breytinga á stjórnarskrá, fara í sömu málstofu samtímis. Niðurstaðan varð sú að þau færu hvort í sína deild en þar sem málin er svo efnislega tengd sem öllum er ljóst og raun ber vitni þá væri það óhjákvæmilegt að menn mundu efnislega ræða bæði málin í senn. Slíkt er ekki ótítt á þingi en rétt er það að heldur mun það vera óvenjulegt. En ég hélt að samkomulag hefði verið um þessa vinnuaðferð og held enn að svo sé. En það breytir ekki því að þær athugasemdir sem hv. 4. þm. Norðurl. v. gerði eru auðvitað efnislega réttar.

Valgerður Sverrisdóttir *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hér kom fram hjá hæstv. umhvrh. vil ég taka það fram að það var borin fram fyrirspurn um það í gær í þingflokki framsóknarmanna hvort um þetta hefði verið samið og virtist ekki svo vera. Enda tók hv. 1. þm. Norðurl. v. það sérstaklega fram þegar hann mælti fyrir frv. til þingskapa í Nd. að það væri ekki ætlunin að ræða annað frv. en það frv. í þeirri deild. Þess vegna er þetta mjög óljóst þó ekki sé meira sagt ef um þetta hefur verið samið.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Suðurl. sem mælti fyrir málinu hér í gær þá óskaði hún beinlínis eftir því að bæði málin yrðu rædd af því að ætlunin er að kjósa sérstakar nefndir samkvæmt þingsköpum til að fjalla um málin. Þess vegna var í raun og veru óhjákvæmilegt fyrir þá þingmenn sem höfðu athugasemdir við þingskapafrv. að gera að koma því á framfæri núna þannig að hægt væri að taka það til meðferðar í hinni sérstöku nefnd. Það er auðvitað leitt til þess að vita ef einstakir þingmenn sitja síðan inni með breytingarhugmyndir sem þeir hafa ekki komið á framfæri við 1. umr. Þá verður náttúrlega að gera ráðstafanir til þess að þeir hafi allan aðgang að þeirri nefnd sem verður kosin til þess að koma sínum athugasemdum á framfæri þó óvenjulegt sé. Ég leit þannig á satt að segja að í rauninni hafi deildin, með óbeinum hætti að vísu, fallist á að málin yrðu tekin fyrir með þessum hætti. Þess vegna kom mér athugasemd hv. þm. Stefáns Guðmundssonar á óvart þótt hún sé í sjálfu sér réttmæt miðað við að hann hafi fengið aðrar upplýsingar í sínum þingflokki. Í mínum þingflokki gaf okkar formaður þær upplýsingar að málin yrðu tekin fyrir með þeim hætti sem ég hef hér rakið.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem hér kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. og satt að segja blöskruðu mér þær umræður sem hér voru í gær. Þess vegna vakti ég athygli á því og gerði fyrirspurn í mínum þingflokki um þessi mál, hverju það sætti að umræður færu fram í deildinni á þennan hátt. Það er rétt sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að þær upplýsingar sem við fengum þar voru á þann veg að það var ekki ætlast til þess að þessi mál væru rædd samtímis. Og ég get sagt það að á þessum sama fundi í þingflokki Framsfl. kynnti ég einmitt þá tillögu sem ég hafði hugsað mér að flytja við þetta mál. Það er rétt málsmeðferð og eftir því ber forseta auðvitað að vinna og stjórna þinginu í samræmi við það.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Forseti taldi rétt að fara að ósk frsm. málsins, enda hafði hann jafnframt heyrt það að samráðsnefndin ætlaðist til þess að bæði mál yrðu rædd samtímis. Því gerði ég ekki athugasemd við það þó menn flökkuðu til og frá um málaflokkana, enda er það ekki ótítt að menn geri það hér í deildinni.

Stefán Guðmundsson *(um þingsköp)*:
Herra forseti. Ef það er misskilningur hjá forseta, þá vil ég undirstrika það enn og aftur að ég gagnrýni þessa málsmeðferð. Ég skil menn í því að þessi mál eru samtvinnuð og kannski ekkert óeðlilegt að það grípi inn á hitt málið. En ég gagnrýni það ef menn ætla að fara að fjalla um það mál sem ekki er hér á dagskrá í þingdeild, það gagnrýni ég, og það eru ekki þau vinnubrögð sem eiga að viðgangast.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.
Fram kom tillaga um að kjósa sérnefnd, stjórnskipunar- og þingskapanefnd, og var hún samþ. með 17 shlj. atkv.

Kosning stjórnskipunar- og þingskapanefndar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:
Egill Jónsson,
Björn Bjarnason,
Salome Þorkelsdóttir,
Karl Steinar Guðnason,
Eiður Guðnason,
Kristín Einarsdóttir,
Svavar Gestsson,
Jón Helgason,
Halldór Ásgrímsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til stjórnskipunar- og þingskapanefndar með 19 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

4. fundur, fimmtudaginn 16. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til stjórnskipunar- og þingskapanefndar með 23 shlj. atkv.

Kosning stjórnskipunar- og þingskapanefndar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:
Geir H. Haarde,
Páll Pétursson,
Pálmi Jónsson,
Guðrún Helgadóttir,
Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Bjarnason,
Sólveig Pétursdóttir,
Gunnlaugur Stefánsson,
Anna Ólafsdóttir Björnsson.

SAMEINAÐ ÞING

3. fundur, fimmtudaginn 16. maí,
kl. 2 miðdegis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti skýra frá því að samkomulag hefur orðið um utandagskrárumræðu að beiðni hv. 9. þm. Reykv. fyrir hönd Alþb. um vaxta- og kjaramál. Þessi umræða fer fram skv. fyrri mgr. 32. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og hún fer fram eftir að kosningu í utanríkismálanefnd er lokið. Þetta vildi forseti láta koma fram strax í upphafi.

Kosning í utanríkismálanefnd skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Björn Bjarnason (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Geir H. Haarde (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Varamenn:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),

Páll Pétursson (B),
Einar Kr. Guðfinnsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

Umræður utan dagskrár.

Vaxta- og kjaramál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill í upphafi minna á eftir hvaða reglum þessi umræða fer fram, þ.e. eftir fyrri mgr. 32. gr. þingskapa sem þýðir það að umræðan má standa í allt að hálftíma, ekki lengur, og ég vænti þess að eiga gott samstarf um að það takist að ljúka þessari umræðu innan þess tilskilda tíma, enda verður hún ekki leyfð lengur. Þetta þýðir það að ef fulltrúar frá öllum þingflokkum eiga að fá tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu, þá er aðeins rúm fyrir tvisvar sinnum tvær mínútur fyrir fulltrúa hvers þingflokks, en málshefjandi hefur tvisvar sinnum þrjár mínútur og ráðherra tvisvar sinnum tvær mínútur.

Þetta vildi ég aðeins minna á, ekki síst með tilliti til þess að nú er að hefjast nýtt kjörtímabil og margir hér nýir hv. þm.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Nú næstu sólarhringa munu launanefndir samkvæmt kjarasamningum þjóðarsáttarsamninganna taka ákvarðanir sem skipta sköpum um framhaldið í þróun efnahags- og atvinnulífs hér í landinu, kjara- og launamála. Jafnframt er ljóst að ríkisstjórnin hlýtur núna á allra næstu sólarhringum að ákveða hverjir verða vextir á spariskírteinum ríkissjóðs og þess vegna er nauðsynlegt að strax hér á þinginu í dag komi þessi mál til meðferðar. Þess vegna hef ég farið fram á þessa utandagskrárumræðu um launa- og vaxtamál og ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að heimila það að umræðan skuli fara hér fram.

Einn meginvandinn í þessum efnum á undanförnum vikum hefur verið sá að forráðamenn ríkisstjórnarinnar, einkum hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., hafa með yfirlýsingum sínum breytt sjálfum sér í alvarleg efnahagsvandamál. Þeir hafa gert það með því að lýsa því yfir að hallinn á ríkissjóði væri gífurlega mikill og það væri þess vegna óhjákvæmilegt að hækka vexti mjög mikið. Þeir hafa boðað 8% raunvexti á sama tíma og raunvextir á almennum markaði eru í kringum 7,6%. Þeir hafa í rauninni skapað verulegar vaxtahækkunarvæntingar og sett vaxtahækkunarskrúfu af stað hér í þjóðfélaginu. Fari það svo að raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs fari í 8%, þá þýðir það að þeir eru að boða 10–12% raunvexti í bankakerfinu eins og það leggur sig.

Um áhrifin af þessum hækkunum ætla ég ekki að fjölyrða hér, enda enginn tími til þess, hvorki á fjárhag heimila né atvinnuvega né heldur á húsbyggjendur, en það liggur í augum uppi að áhrifin gætu orðið mjög alvarleg og háskaleg. Það er nauðsynlegt að minnast þess í þessu sambandi, virðulegi forseti, að þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir byggðust þeir á þremur meginforsendum: í fyrsta lagi launum, í öðru lagi verðlagi og í þriðja lagi vöxtum. Það er þar af leiðandi ljóst að með því að hækka vextina einhliða eins og ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir, þá er hún í raun og veru að brjóta gegn forsendum þjóðarsáttarinnar.

Í þessu sambandi minni ég á samþykkt Verkamannasambands Íslands sem birtist í fjölmiðlum í dag þar sem það kemur skýrt fram að Verkamannasambandið telur að vaxtahækkanirnar brjóti gegn forsendum þjóðarsáttarinnar og Verkamannasambandið talar um það í sinni samþykkt að hér sé í rauninni að fara af stað vaxtahækkun sem þýði auknar tekjur fjármagnseigenda í landinu um u.þ.b. 30%. Það má kannski minna á það í þessu sambandi sem er skýring á áhyggjum Verkamannasambandsins að 1% raunvaxtahækkun yfir línuna jafngildir um 1,6% launahækkun yfir línuna þannig að hér er greinilega um það að ræða að tvær meginstærðir þjóðfélagsins eru að takast á, annars vegar fjármagnskostnaður og hins vegar laun.

Þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru framlengdir í nóvember sl. var gengið út frá þeirri forsendu að viðskiptakjarabati ætti að skila kauphækkunum og á þeirri forsendu tók fyrrv. hæstv. fjmrh. þá ákvörðun að laun skyldu breytast fyrr á þessu ári. Ég vil þess vegna núna benda á það að viðskiptakjörin hafa haldið áfram að batna og fjmrh. hlýtur að hafa gert það upp við sig nú þegar hvort hann ætlar að standa við bókanirnar og niðurstöðurnar frá í nóvember sl. með því að láta viðskiptakjarabatann koma til launafólks eða hvort hann ætlar að hlýða Vinnuveitendasambandi Íslands en afstaða þess er eins og kunnugt er sú að launin megi ekki hækka neitt þrátt fyrir gífurlegan viðskiptakjarabata. Meginspurningarnar eru því þessar, virðulegi forseti:

Í fyrsta lagi: Hverjir verða vextirnir á ríkisskuldabréfunum? Og ef ríkisstjórnin hefur ekki þegar tekið ákvörðun um það, hvenær verður ákvörðun tekin?

Í öðru lagi: Hver verður afstaða hæstv. fjmrh. í launanefndum með opinberum starfsmönnum? Ætlar hann að hlýða VSÍ eða ætlar hann að standa við samningana?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. forsrh.: Hver er skoðun hans á þeirri niðurstöðu Verkamannasambands Íslands að með vaxtahækkunum sé ríkisstjórnin að brjóta gegn þjóðarsáttinni? En hæstv. forsrh. er, eins og alþjóð veit, meginábyrgðaraðili þess að staðið sé við þjóðarsáttina af hálfu stjórnvalda.

Verði niðurstaðan sú að ríkisstjórnin haldi áfram vaxtahækkunarstefnu sinni annars vegar og hins vegar að viðskiptakjörin fái ekki að koma til launafólks, þá er augljóslega um það að ræða að hin nýja ríkisstjórn Íslands er að brjóta gegn forsendum þjóðarsáttarinnar. Hún er af sinni hálfu að segja þjóðarsáttinni upp.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil svara því strax að ég skil mjög vel áhyggjur Verkamannasambandsins og ég skil út af fyrir sig vel líka fyrirspurn hv. 9. þm. Reykv. Hvort tveggja má þó segja að sé dálítið seint fram komið vegna þess að það vandamál sem við stöndum frammi fyrir gagnvart vöxtum er vandamál sem hefur legið fyrir nú um nokkurra vikna og mánaða skeið.

Þegar ríkisstjórnin tekur við er dæmið þannig að halli á ríkissjóði er ekki 4 milljarðar eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði sagt, ekki 6,4 eins og hann sagði daginn sem hann hætti, ekki 8 milljarðar eins og fjmrn. sagði, heldur nær því að vera 10–11 milljarðar. Þegar ríkisstjórnin tekur við, þá er lánsfjárþörf hins opinbera ekki 24 milljarðar af 36–38 milljarða nýsparnaði, heldur 31–32 milljarðar af 24 milljarða nýsparnaði. Það er þetta ástand sem veldur því að vextir hækka. Þegar ríkisstjórnin tekur við, þá eru útistandandi ríkisvíxlar ekki rúmir 12 milljarðar eins og var á haustdögum í fyrra, ekki 8 milljarðar eins og var um áramótin, heldur 4 milljarðar. Þessar tölur segja okkur það að þeim vanda að vextir höfðu í raun hækkað var ýtt á undan sér af hæstv. fyrrv. ríkisstjórn og í raun faldir með því að ganga inn í Seðlabankann og fá þar prentaða peninga upp á 9 milljarða kr. eða fast að því. Það kemur hins vegar í hlut okkar í núv. ríkisstjórn að færa þessa vexti til bókar. Þess vegna skiljum við mjög vel áhyggjur Verkamannasambandsins og fyrirspurn hv. þm. en hvort tveggja kemur of seint. Þetta voru ástæður sem þessi hæstv. ríkisstjórn sem farin er frá hafði búið til. Við hins vegar komum að vandanum.

Við erum líka sammála Verkamannasambandinu um það að vextir af þessu tagi, jafnháir og þeir eru, eru ekki æskilegir, þvert á móti mjög óæskilegir. Þess vegna viljum við vinda ofan af þessari miklu fjárþörf ríkisins í sparifé landsmanna til þess að lækka megi vexti á nýjan leik.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst um launamál. Launanefndir opinberra starfsmanna eru að skoða þessi mál, bæði þróun verðlags, kaupmáttar og viðskiptakjara. Og eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er þess að vænta að ákvörðun verði tekin um næstu helgi. Sú ákvörðun er sjálfstæð eins og ljóst var þegar gengið var frá síðustu ákvörðun í febrúar. Það liggur fyrir að verðlagsþróun hefur verið hagstæð og hækkanir minni en reiknað var með í nóvember á sl. hausti. Þetta stafar ekki síst af hagstæðri þróun viðskiptakjara sem lækkar innflutningsverð og eykur kaupmáttinn. Frá nóvember til maí hefur verðlag hækkað mælt á framfærsluvísitölu um 2,2% en laun um 5,7% og þá er ég að tala um taxta í því sambandi. Kaupmátturinn hefur því aukist um 3,5%.

Að mínu áliti er það mikilvægast fyrir þjóðina, ekki síst launþega, að forðast allar kollsteypur í launamálum. Aðalatriðið er að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum. Vaxandi þensla að undanförnu er áhyggjuefni og getur valdið aukinni verðbólgu verði ekkert að gert. Mér finnst eðlilegt að allir samningsaðilar fylgist að, bæði á almenna markaðnum og hjá ríkinu, til að tryggja stöðugleika og koma í veg fyrir misræmi.

Um vaxtamálin vil ég segja þetta. Fyrri ríkisstjórn bjó til vandamálið, eins og hæstv. forsrh. hefur lýst hér, með því að fresta vaxtahækkun fram yfir kosningar. Bætti síðan við þetta vandamál með því að stórauka hallarekstur ríkissjóðs og skapa gífurlega lánsfjárþörf opinbera kerfisins. Vextir hafa verið að hækka að undanförnu, t.d. almennir skuldabréfavextir úr 13,5% um áramót í 15,5% nú. Ávöxtunarkrafa húsbréfa hækkaði úr 7,3% í 8,4%. Með hækkun vaxta á ríkisvíxlum er verið að leiðrétta vaxtakjörin og samræma þau almennum vaxtakjörum á markaðnum.

Afleiðingin af aðgerðaleysi núv. ríkisstjórnar er hrun á sölu á ríkisvíxlum og þrefalt meiri yfirdráttur í Seðlabanka en í fyrra. Um áramót voru útistandandi víxlar upp á 8,1 milljarð en í byrjun maí 4,8 milljarðar. Eftir vaxtahækkun hefur salan tekið kipp og í gær var staðan 8,3 milljarðar. Salan á einni viku er þess vegna 3,5 milljarðar.

Virðulegur forseti. Ég er alveg að ljúka þessu síðara svari, en það voru tvær spurningar sem til mín var beint. Svarið við þessari síðari spurningu er að vextir spariskírteina eru enn óbreyttir en það er í skoðun að breyta þeim innan tíðar, ekki síðar en í næstu viku. Það er ekki til siðs að segja fyrir fram hver hækkunin muni verða.

Það er mikilvægt að lokum, virðulegi forseti, að átta sig á því að frestun á leiðréttingu vaxta gerir þetta vandamál enn erfiðara, grefur undan stöðugleika í efnahagsmálum og áframhaldandi sátt í kjaramálum. Markmiðið með þessum aðgerðum og öðrum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, þar með talið ákvörðun um vexti, er að ná jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífinu á nýjan leik.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Á þeim skamma tíma sem ég hef verður þetta mikilvæga mál varla rætt. Þó er óhjákvæmilegt að fara um það nokkrum orðum svo ég noti nú orð sem hæstv. landbrh. notaði títt hér í fundarsal, þó hann sjáist nú sjaldan.

Jú, það er alveg rétt að fyrri ríkisstjórn hafði miklar áhyggjur af háum vöxtum í landinu. Fyrri ríkisstjórn tók mjög virkan þátt í því með verkalýðshreyfingunni að knýja niður vexti. Það var eitt af meginatriðum þess samkomulags sem gert var og kallað er þjóðarsátt og það tókst vel. Vextir fengust lækkaðir úr u.þ.b. 9,5% 1988 raunvextir í u.þ.b. 8%. Það er hins vegar alveg hárrétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherrum að það hefur verið þrýstingur á hækkun vaxta. Það er þess vegna sem ríkisstjórnin kvaddi Seðlabankann aftur og aftur til ráðgjafar um þetta mál en fékk heldur lítið frá Seðlabankanum, því miður. Þó er það athyglisvert að í skýrslu Seðlabankans um peningamarkaðinn 1990 kemur fram ein mjög mikilvæg ábending. Þar er gerður samanburður á vöxtum á ríkisskuldabréfum hér á landi og erlendis og talin ein af meginástæðum hárra vaxta hér að ríkisskuldabréfavextir hér á landi séu töluvert hærri en almennt gerist í öðrum

löndum. Því þykir mér það einkennilegt ef það eru nú ráðin til að halda niðri vöxtum að byrja á því að hækka vexti á ríkisskuldabréfum. Og ég leyfi mér að fullyrða að með því að gera það mun ekkert annað gerast en gerðist 1988 þegar vextir hér voru hækkaðir á ríkisskuldabréfum og á eftir fylgdu almennir raunvextir í landinu sem voru 9,5%. Það er ekki nokkur vafi á því að með því er skuldsettum íslenskum fyrirtækjum stefnt í voða.

Ég vil einnig vekja athygli á því að eftir að húsbréfin voru upp tekin þá jukust útlán til húsnæðismála frá árinu 1988 til ársins 1989, reiknað á verðlagi ársins 1991, úr rúmum 9 milljörðum kr. í yfir 16 milljarða kr. Enginn vafi er á því að sú ábending Seðlabankans að draga úr þessum útlánum er skynsamleg og ég vona að hæstv. ríkisstjórn beri gæfu til að fara þá leið frekar en að hækka vexti af ríkisskuldabréfum.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina sjónum að öðrum hliðum kjaramála. Eftir rúmlega þrjá mánuði falla úr gildi hin umdeildu lög sem sett voru á BHMR sl. sumar jafnframt því sem kjarasamningar annarra opinberra starfsmanna verða þá lausir. Þjóðarsáttartímum, skeiði hins breiða samráðs er að ljúka. Það er afar ólíklegt að aftur takist samningar sem byggjast á því að semja fyrir meiri hlutann og lemja síðan aðra hópa launafólks til hlýðni með hótunum, samningsrofi og lagasetningum, hvernig sem aðstæður eru. Ríkisstjórnin stendur frammi fyrir mótun kjarastefnu og getur ef vilji er fyrir hendi átt frumkvæði að nýjum kjarasamningum sem bæta hag hinna lægstlaunuðu og sætta sáróánægða ríkisstarfsmenn við sinn hlut. Hin stóra spurning er hvort ríkisstjórnin vill fara nýjar leiðir eða hvort hún lætur aðila vinnumarkaðarins segja sér fyrir verkum og halda hluta hagkerfisins í heljargreipum án raunverulegs samningsréttar og frelsis fyrirtækja og launafólks til að semja um kaup og kjör.

Frá formanni Vinnuveitendasambandsins og fundum Verkamannasambands Íslands heyrast háværar kröfur um áframhaldandi stöðugleika og ákall um að ríkið gegni lykilhlutverki í komandi samningum. Ekki lasta ég stöðugleikann, en á máli þjóðarsáttar þýðir þetta að aðilar vinnumarkaðarins hyggjast semja aftur um ákveðinn kaupmátt. Vinnuveitendur ætla sem fyrr að greiða hluta kostnaðarins en senda svo reikninginn fyrir því sem á vantar til ríkisins.

Vissulega á ríkið að beita þeim tækjum sem það hefur til tekjujöfnunar en það er fyllilega óeðlilegt að menn samþykki á þennan hátt að íslensk fyrirtæki geti ekki greitt starfsfólki sínu mannsæmandi laun á meðan ársreikningar fjölda fyrirtækja sýna verulegan gróða. Ég dreg ekki í efa að vandi ríkissjóðs er mikill þótt erfitt sé að fá um það áreiðanlegar tölur og síst á hann bætandi að taka á sig launagreiðslur fyrir atvinnurekendur.

Nú er það spurning mín til hæstv. forsrh. hver stefna ríkisstjórnarinnar verður í komandi kjarasamningum við ríkisstarfsmenn. Verða samningar teknir upp strax eins og hæstv. utanrrh. lagði svo ríka áherslu á í kosningabaráttunni? Hugsar stjórnin sér að eiga frumkvæði að mótun kjarastefnu? Er hún reiðubúin til að leggja út í bráðnauðsynlega uppstokkun á launakerfi ríkisins?

Við kvennalistakonur erum að sjálfsögðu reiðubúnar að styðja ríkisstjórnina til góðra verka, sérstaklega ef þau verða til þess að leiðrétta það langvarandi og óþolandi launamisrétti sem konur hafa mátt þola og hefur vaxið á þjóðarsáttartímanum.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. fjmrh. tel ég nauðsynlegt að það komi hér fram að í nóvember sl. áttu samtök launafólks opinberra starfsmanna rétt á því að segja upp þjóðarsáttarsamningunum. BSRB og Kennarasamband Íslands notfærðu sér ekki þennan rétt sinn vegna þess að gert var viðbótarsamkomulag við BSRB og Kennarasamband Íslands um að launafólk fengi að njóta viðskiptakjarabatans. Þar með var gefið skuldbindandi fyrirheit, sem ekki er sjálfstætt mat eins og hæstv. fjmrh. sagði hér, heldur gefið skuldbindandi fyrirheit um það og þjóðarsáttarsamningarnir voru af hálfu opinberra starfsmanna framlengdir í trausti þess að staðið yrði við það viðbótarsamkomulag sem fulltrúar fjmrn. undirrituðu þegar ákveðið var að framlengja þjóðarsáttarsamningana. Það er þess vegna bæði samningsleg og siðferðileg skylda núv. hæstv. fjmrh. að standa við þetta samkomulag og hækka laun opinberra starfsmanna nú í samræmi við þann bata sem orðið hefur í viðskiptakjörum.

Í öðru lagi vildi ég í góðri vinsemd við hæstv. forsrh. biðja hann að ruglá ekki saman spám um þróun mála á næstu sex til átta mánuðum í ríkisfjármálum og hins vegar veruleikanum. Hæstv. forsrh. sagði hér: Hallinn er 10–11 milljarðar. Það er rangt. Það hafa verið settar fram þrjár spár um það hver hallinn kynni að verða á árinu. Spá Ríkisendurskoðunar miðast við það að engar nýjar ákvarðanir séu teknar og ekkert aðhald sé sýnt í ríkisfjármálum, stjórnin sitji aðgerðarlaus allt árið. Spá embættismanna fjmrn. miðaði við fullt aðhald en engar nýjar ákvarðanir. Sú spá sem ég setti fram miðaðist hins vegar við það að það væri fullverkhæf ríkisstjórn í landinu sem væri reiðubúin til að taka nauðsynlegar ákvarðanir og ég vona að hún geri það.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Helsta verkefni í stjórn efnahagsmála á Íslandi um þessar mundir er að verja forsendur þeirra kjarasamninga sem kenndir eru við þjóðarsátt. Það er verkefnið. Sem betur fer hefur hulu verðbólgunnar verið svipt burt og við okkur blasa hin raunverulegu verkefni á sviði efnahagsmála bæði til skamms og langs tíma. Allir sem um þessi mál hafa fjallað, og það gildir jafnt um fulltrúa stjórnar sem stjórnarandstöðu, viðurkenna að þenslumerki megi greina. Aukinn halli á ríkissjóði er staðreynd. Ég ætla hér ekki að tala um tölur en það blasir við okkur að útkoman verður lakari en að var stefnt með fjárlögum. Það er vaxandi innflutningur, það er vaxandi viðskiptahalli. Á sama tíma er ljóst að sem betur fer hafa

forsendur kjarasamninganna um verðlagsþróun staðist og heldur betur en það, þannig að kaupmáttur er aðeins yfir þeim mörkum sem að var stefnt með samningunum.

Við þurfum núna að verja forsendurnar og bregðast við með aðhaldsaðgerðum á sviði ríkisfjármála og peningamála. Það er óhyggilegt að tala um það sem byrjun á vaxtaskrúfu að nú eigi að breyta vöxtum á ríkisvíxlum. Mig langar aðeins til að rifja það upp að enginn notaði þau orð þegar hv. 8. þm. Reykn., þá hæstv. fjmrh., lét breyta vöxtum ríkisvíxla um áramótin síðustu úr 10% í 11–12%. Var það upphafið að nýrri vaxtaskrúfu? Ég segi nei. Það var nauðsynlegt vegna þess að staða víxlanna hafði fallið úr 13,3 milljörðum í september í 6,7 milljarða um áramótin. Þetta eru staðreyndirnar í málinu. Svo kemur apríl og maí og við stöndum frammi fyrir því að staða víxlanna hefur fallið í 4,4 milljarða. Áttum við að láta kyrrt liggja? Nei, hér varð að bregðast við og hér er ekki um neinn víxlgang eða skrúfu að ræða heldur eðlilega aðlögun.

Ég ætla að minna á það að afkoma fyrirtækjanna var sem betur fer betri á árinu sem leið en verið hefur um alllangt skeið. Þetta var einmitt að þakka stöðugleikanum í efnahagsmálum og gengisfestunni. Og það er þessi áframhaldandi stöðugleiki sem við eigum nú að verja. Við verjum hann aðeins og leggjum þannig aðeins grunn að farsælum kjarasamningum á næstunni, og það gildir líka um ákvarðanir launanefndanna, að við þorum að bregðast við framvindunni með réttum hætti. Og í þetta sinn eru það aðhaldsaðgerðir, bæði á sviði peningamála og ríkisfjármála, sem eru réttu viðbrögðin.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að það er mjög skaðlegt að hækka vexti um þessar mundir. Ég skil hæstv. ráðherra með þeim hætti að þeir vilji komast hjá því og það standi ekki til að hækka hér vexti, a.m.k. ekki til langframa. Það hefur líka verið staðfest að ein meginástæða þess hversu mikil eftirspurn er nú á peningamarkaði sé hin mikla útgáfa húsbréfanna. Þetta var því miður aldrei viðurkennt í fyrri ríkisstjórn en nú heyrist mér að núv. ríkisstjórn hafi staðfest þann skilning m.a. sem hefur komið frá Seðlabankanum. Það er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir fólk að vita af þessu og því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Stendur til að takmarka útgáfu húsbréfanna svo að ekki þurfi að koma til hækkunar vaxta á almennum markaði? Það er að mínu mati mikilvægara að takmarka þessa útgáfu heldur en að stefna að mikilli vaxtahækkun. Ég óttast það að þetta standi ekki til og því verði ekki komið í veg fyrir vaxtahækkanir á næstunni.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Vaxtahækkanir þær, sem hér er um rætt, nýorðnar og yfirvofandi, eru alvarleg tíðindi fyrir fjölskyldurnar í landinu og þau fyrirtæki sem standa höllum fæti. Stjórnvöld verða að leita betri leiða en vaxtahækkana á ríkisskuldabréfum til að bæta sinn hag.

Þótt fyrirtæki standi nú mörg prýðisvel er flestra mál að þau þoli alls ekki háa raunvexti til lengri tíma og stefni jafnvel í þrot standi sá tími of lengi. Hvar væri þá svigrúm til launahækkana? Nógu þungur er róðurinn nú þegar mörg fyrirtæki standa vel. Alvarlegra er þó að líta á áhrif vaxtahækkana á fjölskyldur landsins. Ég tek undir það sem hefur komið frá Verkamannasambandi Íslands og margir aðrir hafa raunar tekið í sama streng. En sambandsstjórn Verkamannasambandsins lýsir harðri andstöðu við þá hækkun vaxta sem nú þegar er orðin og hefur verið boðuð, allt að 30% hækkun. Þetta er ólíðandi brot á þeim kjarasamningum sem gengið hafa undir nafninu þjóðarsátt, segir í þessari ályktun m.a., með leyfi forseta.

Ríkisstjórnin verður að leita annarra leiða og standa við fyrirheit allra flokka um bættan hag fjölskyldnanna í landinu í stað þess að auka byrði fjölskyldnanna. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að standa við það fyrirheit? Kaupmáttur launa verkakvenna og afgreiðslukvenna hefur minnkað um 7–8% á þjóðarsáttartíma. Það þarf því að gera meira heldur en bara að auka byrðar. Það þarf að halda byrðum óbreyttum og bæta hag fólks.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir þær upplýsingar sem fram hafa komið í þeirra máli sem voru nú satt að segja fátæklegar. Það sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. var hins vegar bersýnilega það að hann telur að aðilar vinnumarkaðarins eigi í launanefndunum að fylgjast að, eins og hann orðaði það. Með þessu var hann auðvitað að segja að Vinnuveitendasamband Íslands ætti að ráða því hvort viðskiptakjarabatinn kæmi út til launamanna eða ekki. Það er út af fyrir sig yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. að það skuli vera komið skýrt fram með þessum hætti að ríkisstjórnin vilji ekki að viðskiptakjarabatinn komi til launafólks, en stríðir m.a. gegn yfirlýsingum hv. 17. þm. Reykv., sem er formaður þingflokks Alþfl., sem birtust í sjónvarpinu núna fyrir nokkrum dögum. Það er býsna athyglisvert að fá þær yfirlýsingar fram núna og það er líka bersýnilegt að ekki einasta hefur Vinnuveitendasambandið valdið yfir ríkisstjórninni heldur hefur Sjálfstfl. valdið yfir Alþfl. í þessari ríkisstjórn sem þarf út af fyrir sig kannski engum að koma á óvart þrátt fyrir fimm stóla.

Hæstv. forsrh. lýsir því yfir að hann hafi miklar áhyggjur af þessum málum. Hann hafi áhyggjur af þessu eins og Verkamannasambandið og tekur undir þau sjónarmið sem fram komu hjá mér. En um leið og hann lýsir því yfir að hann hafi áhyggjur af þessum málum þá tekur hann ákvarðanir sem setja vaxtaskrúfuna af stað. Ekki með breytingum á ríkisvíxlavöxtunum út af fyrir sig heldur fyrst og fremst með þeirri yfirlýsingu hans og hæstv. fjmrh. að vextir af spariskírteinum ríkissjóðs hljóti að hækka. Þar hafa þeir sjálfir talað um í kringum 8% og menn vita að vextir af spariskírteinum ríkissjóðs mynda gólf í vaxtakerfinu í landinu og bankarnir munu þarna koma á eftir með enn þá hærri vexti. Þess vegna er ekki samræmi á milli

áhyggja hæstv. forsrh. annars vegar og þess sem hann gerir hins vegar. Það er langt á milli orða og athafna hjá honum í þessum efnum eins og reyndar ýmsum öðrum núna í seinni tíð, hvað sem öllum drengskaparsamkomulögum og oftúlkunum líður og ætla ég ekki að blanda því í þessa umræðu, virðulegi forseti.

Aðalatriðið er það að allt bendir til þess að hér sé vaxtaspilverkið að fara af stað eins og það gerði 1984 þegar Þorsteinn Pálsson, sem þá fór með fjmrn., ef ég man rétt í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, knúði það fram að vextir voru hækkaðir og gefnir frjálsir. Afleiðingin var: Gjaldþrot heimila og atvinnufyrirtækja og yfirvofandi atvinnuleysi í landinu í stórum stíl. Það er þessi spenna sem verið er að fara hér af stað með. Og það alvarlega er að þetta gerist vísvitandi. Menn vita hvað þeir eru að gera þegar þeir hleypa þessu vélgengislögmáli af stað eins og Ögmundur Jónasson kallar það. Það má kannski bæta því við að ég dreg þá ályktun af svörum ráðherranna að með verkum sínum hafi þeir tekið ákvörðun um það að segja þjóðarsáttarsamningunum upp.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég man ekki betur en að höfundarréttinn að því að telja að yfirlýsingar ráðherra séu efnahagslegt vandamál eigi hæstv. fyrrv. fjmrh. og hafi átt við hæstv. fyrrv. forsrh. á sínum tíma, ef ég man rétt. En ég býst við að hv. þm. borgi fyrrv. fjmrh. höfundarlaun af þessari kenningu sinni.

Varðandi fsp. hv. 18. þm. Reykv., hver sé stefna ríkisstjórnarinnar varðandi kjarasamning opinberra starfsmanna, þá er sú stefna í samræmi við stefnu stjórnarinnar almennt gagnvart kjarasamningum, að þeir eigi þann grundvöll sem felist í sáttargjörð um kjör sem ekki byggist á hinum gamla farvegi stórfelldra krónutöluhækkana sem ekki skila sér í kaupmætti, heldur á samningum sem stuðla að stöðugleika, jafnvægi, skilyrðum fyrir hagvexti, þar með auknum sameiginlegum tekjum til þjóðarinnar allrar og þar með til launþega.

Varðandi það sem hv. 1. þm. Austurl. vék að, hvort ríkisstjórnin hefði ákveðið að takmarka útgáfu húsbréfa, þá hefur engin slík ákvörðun verið tekin. Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því að það hefur verið rætt og komið fram af hálfu félmrh. opinberlega að til athugunar er að nýta ekki strax þær heimildir sem ég hygg að hv. 1. þm. Austurl. hafi tekið þátt í að samþykkja hér á vorþingi um að auka hlutfall húsbréfanna úr 65% upp í 75% í tilteknum afmörkuðum tilvikum.

Ég vil líka vekja athygli á því varðandi húsbréfin að við búum enn þá við leifar af hinu gamla kerfi sem lokað var. Það leggur tvöfaldan þunga á lánsfjárþörf. Það er tímabundið vandamál sem hverfur en menn hafa jafnframt í huga og hafa rætt hluti sem tengjast vaxtaákvörðunum varðandi þann biðraðahóp sem fyrir hendi er.

Staða viðræðna um Evrópskt efnahagssvæði.
Skýrsla utanrrh.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér með hinu háa Alþingi greinargerð um stöðu samningaviðræðna af hálfu EFTA-ríkja við Evrópubandalagið um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Áður en ég hef að skýra frá því nánar vil ég, með leyfi forseta, kynna þingheimi samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. um stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur kynnt sér stöðu samningaviðræðnanna um Evrópskt efnahagssvæði og ræddi hana á fundum sínum 2. og 5. maí 1991. Ríkisstjórnin lýsir yfir fullum stuðningi við meðferð utanrrh. á þessu máli.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fela aðalsamningamanni sínum og öðrum íslenskum fulltrúum í þessum samningaviðræðum að setjast að nýju að samningaborði og leita allra leiða til þess að tryggja að viðunandi samningar um Evrópskt efnahagssvæði náist.

Ríkisstjórnin ítrekar jafnframt að af Íslands hálfu getur samningur um Evrópskt efnahagssvæði hvorki talist viðunandi né í jafnvægi nema tollar falli niður á íslenskum sjávarafurðum í ríkjum Evrópubandalagsins til mótvægis við frekari opnun íslensks markaðar fyrir iðnvarning, þjónustustarfsemi og vissar tegundir suðrænna landbúnaðarafurða frá öðrum ríkjum innan efnahagssvæðisins.

Ríkisstjórnin minnir á að íslenskar sjávarafurðir þurfa að keppa á útflutningsmarkaði við sjávarútveg sem nýtur opinberra styrkja. Veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu til endurgjalds fyrir lækkun tolla af sjávarafurðum mundu valda óviðunandi ójafnvægi fyrir Ísland í EES-samningi og geta þegar af þeirri ástæðu ekki komið til álita.

Jafnframt minnir ríkisstjórnin á að fiskstofnar við Ísland eru fullnýttir og að íslenskir sjómenn þurfa að sæta ströngum aflatakmörkunum svo komið verði í veg fyrir hrun þessara stofna. Það er skylda strandríkis að alþjóðalögum að tryggja innan sinnar efnahagslögsögu að ekki sé of nærri auðlindum sjávar gengið."

Virðulegi forseti. Á sameiginlegum samningafundi utanríkisviðskiptaráðherra EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins sem haldinn var í Brussel mánudaginn 13. maí sl. náðist umtalsverður árangur á ýmsum sviðum, svo sem fram kemur í sameiginlegri yfirlýsingu sem birt hefur verið frá fundinum. Þessi yfirlýsing hefur þegar verið kynnt í íslenskri þýðingu, hún er að vísu ekki kannski hin kórrétta þýðing, sem og yfirlýsing sem sá sem hér stendur birti um sérmál Íslands í þessum samningum á almennum fréttamannafundi í Brussel daginn eftir, þann 14. þ.m.

Mér þykir miður að ekki hefur unnist tími til að ganga frá tæmandi greinargerð í skriflegu formi fyrir þennan fund Alþingis, en að sjálfsögðu verður það gert. En hér hefur verið dreift á borð þingmanna samkomulaginu sjálfu ásamt með yfirlýsingu utanrrh. um sérmál Íslands og, ef ég er rétt upplýstur, stefnuyfir-

lýsingu ríkisstjórnarinnar í málinu.

Fyrir þennan fund höfðu verið vaktar upp nokkrar væntingar um að þarna kynni að draga til úrslita um framhald málsins. Sumir höfðu uppi orð um það að fullar líkur væru á að hugmyndin um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis yrði e.t.v. ef illa gengi endanlega jörðuð. Aðrir töldu sig eiga von á að öll hin stóru ágreiningsmál sem út af stóðu yrðu leyst. Talsmenn framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins höfðu gefið okkur fulltrúum Íslendinga sterklega til kynna að við mættum vænta þess á þessum fundi eða fyrir þennan fund að fá fram sérstakt tilboð um sjávarútvegsmálin frá framkvæmdastjórninni en eftir slíku tilboði höfum við beðið frá því í byrjun febrúar, þegar framkvæmdastjórnin boðaði fyrst að hún hygðist leggja fram slíkt samningstilboð. Það gerðist ekki. Ekkert slíkt samningstilboð kom fram.

Það sem raunverulega gerðist á þessum fundi var að umtalsverður árangur náðist með samkomulagi sem nánar er lýst í þessari yfirlýsingu varðandi eftirtalin mál:

1. Samkomulag varð um sjálfstætt eftirlitskerfi á vegum EFTA-ríkjanna með framkvæmd samningsins.

2. Samkomulag varð um dómstól til þess að leysa ágreiningsefni, hlutverk þess dómstóls, skipan hans og verksvið.

3. Samkomulag varð um hlutdeild fulltrúa EFTA-ríkjanna við undirbúning ákvarðana, þ.e. rétt ríkisstjórna EFTA-landanna til þess að tilnefna sérfræðinga í ótal margar nefndir sem undirbúa nýjar ákvarðanir og frá því máli gengið með samkomulagi.

4. Samkomulag náðist um orðalag varðandi almennt öryggis- og varnaglaákvæði sem kemur í stað upphaflegra varanlegra fyrirvara sem og um það hvernig beita megi því ákvæði.

5. Samkomulag náðist um tímabundnar undanþágur frá hinum almennu lögum og reglum er varða fjórfrelsið í þessu samkomulagi.

6. Um atvinnu- og búseturéttindi er það að segja að þar lá fyrir samkomulag sem fulltrúar allra ríkja nema eins, þ.e. Sviss, töldu sig geta sætt sig við. Niðurstaðan varð hins vegar sú vegna ágreinings eða fyrirvara Sviss að því máli var slegið á frest til framhaldsvinnu.

Það má því segja eftir atvikum að fimm ágreiningsmál hafi verið leyst með samkomulagi og eitt svona á lokastigi samkomulags.

Þá er að nefna eitt vandamál sem tengist þessum samningum en er ekki á samningssviðinu og það varðar samgöngur milli Suður- og Norður-Evrópu um land tveggja EFTA-ríkja, Sviss og Austurríkis. Ég tek það skýrt fram að þetta mál er ekki á samningssviðinu. Það er ekki hlutur af samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Hins vegar hafa Evrópubandalagsríkin og framkvæmdastjórnin fyrir þeirra hönd sótt mjög fast að samkomulag næðist í tvíhliða samningum Evrópubandalagsins og þessara landa um þetta mál áður en af stofnun Evrópsks efnahagssvæðis yrði.

Þetta mál var rætt mjög rækilega í þessum samningum en það leystist ekki við þetta samningaborð. Vonir standa hins vegar til að það megi finna á því lausn, þannig að það verði ekki í vegi fyrir endanlegu samkomulagi þegar þar að kemur.

Það voru þess vegna þrjú meginmál sem eftir sem áður eftir þennan fund standa út af sem óleyst mál. Þessi þrjú mál eru þau sem ég hef gjarnan kennt við hina vanheilögu þrenningu og á með því við að þau eru innbyrðis tengd. Þau varða samkomulag um landbúnað, viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þau varða markaðsaðgengi fyrir sjávarafurðir og þau varða hugsanlega stofnun byggða- eða þróunarsjóðs sem EFTA-ríkin stæðu að, fjármögnuðu og stjórnuðu, en fjármunir úr honum ættu að renna til þróunarhjálpar við hin vanþróuðu svæði innan Evrópubandalagsins.

Víkjum nánar að þessum málum. Fyrst örfá orð um landbúnaðinn. Um hann er fjallað í grein 14 í hinni sameiginlegu yfirlýsingu. Það sem um hann kemur fram er eftirfarandi:

Aðilar eru sammála um það, almennt orðað, að stefna að auknu frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir sín í milli. Fyrir lágu drög að eins konar þróunarákvæði sem lýsir þessu nánar, þ.e. pólitísk viljayfirlýsing um að stefna í þessa átt, þó innan ramma gildandi landbúnaðarstefnu ríkjanna. Undir þessum málaflokki er einnig að finna lista yfir 72 tegundir suðrænna aldina og grænmetisafurða sem Evrópubandalagsríkin óska eftir að fá tollfrjálsan aðgang að á EFTA-mörkuðum til mótvægis við tollfrjálsan aðgang með sjávarafurðir. Ég tek það fram að að því er okkur varðar þá er þetta minna vandamál en hin EFTA-ríkin af þeirri einföldu ástæðu að allar nema fjórar eða fimm afurðir á þessum lista búa þegar við frjáls innflutningsskilyrði hér á landi og auk þess mun ekki vera erfiðleikum bundið að fá tímabundin ákvæði til þess að vernda innlenda gróðurhúsaframleiðslu að því er varðar fjórar eða fimm tegundir.

Að öðru leyti er landbúnaðurinn raunverulega á samningssviði tvíhliða samninga milli landanna. Hann er hér fyrst og fremst til umræðu vegna þess að gegn kröfu okkar EFTA-ríkja, fyrst og fremst að frumkvæði Íslendinga, um tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir hefur Evrópubandalagið lýst því að það mundi greiða fyrir samkomulagi varðandi sjávarafurðirnar ef EFTA-ríkin væru reiðubúin til þess að rýmka fyrir innflutning varðandi sumar tegundir landbúnaðarafurða á móti og líta þá á hugsanlega sjóðstofnun sem einhvers konar endanlegan þrýstijafnara í þessum samningum, þ.e. þegar kæmi að lokamati á heildarniðurstöðu samninganna um jafnvægi ávinnings og skuldbindinga einstakra ríkja, þá mundu þessir þrír þættir verða metnir nokkuð innbyrðis um það hvernig þeir vegi hver upp á móti öðrum. Við erum hér í raun og veru að tala um vandamál sem varðar ójafna þróun einstakra ríkja sem aðild eiga að þessum samningum. Innan Evrópubandalagsins eru þetta hin suðrænu Evrópubandalagsríki, Spánn, Portúgal, Grikkland, fyrst og fremst. Að því er EFTA-ríkin varðar erum við fyrst og fremst hér að tala um sérstöðu Íslands, eina landið í Evrópu sem byggir beinlínis afkomu þjóðarinnar og efnahagslegt öryggi sitt á nýtingu fiskimiðanna og framleiðslu og sölu sjávarafurða. Þetta eru því af þeim sökum rökræn innbyrð-

is tengsl í þessum málum.

Af því er varðar sjávarútvegsmálin þá er þess að geta að ekkert tilboð kom fram af hálfu Evrópubandalagsins á því sviði þótt margir ættu á því von. Niðurstaðan, sem samkomulag varð um, var sú að um sjávarafurðirnar er fjallað í 15. gr., sérstaklega í því ákvæði sem þarna er inn komið að frumkvæði EFTA-ríkjanna, nánar tiltekið okkar, sem setur fram formúlu um lausn. Hún byggir á því að hafna því sjónarmiði að það eigi að meta hagræði þjóða í sjávarútveginum með því að meta innbyrðis hagræði innan greinarinnar en í staðinn eigi að meta þetta út frá heildarhagsmunum, út frá því hvernig ávinningur hvers lands kemur út þegar samningurinn er metinn í heild á öllum sviðum á móti því óhagræði sem viðkomandi land fengi á öðrum sviðum. Af sjálfu leiðir að okkar sjónarmið er þetta: land sem er með 75–80% af sínum vöruútflutningi í formi sjávarafurða getur ekki uppskorið ávinning til jafns við önnur lönd í þessum samningi nema með því að fá tollfrjálsan aðgang fyrir sínar afurðir. Það er kjarni málsins.

Því næst er þess að geta að fyrirvara Íslendinga að því er varðar rétt til fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi var haldið til haga. Honum var lýst á lokafundi samninganna að kvöldi mánudagsins 13. maí afdráttarlaust og með þeim hætti að honum var ekki andmælt. Rökin eru að sjálfsögðu þau að þar sem ekki gildir fríverslun á sviði sjávarafurða og Evrópubandalagið býr þar við margvíslegt ríkisstyrkjakerfi, þá leiðir af sjálfu sér að þar sem þetta er utan fjórfrelsisins, þá fylgir ekki í kjölfarið réttur til fjárfestingar, stofnunar fyrirtækja, í grein sem býr við slík ójöfn samkeppnisskilyrði þar sem samkeppnisreglur eru ekki umsamdar, samræmdar.

Að því er varðar þriðja þátt hinnar vanheilögu þrenningar, þ.e. hugsanlega sjóðstofnun, þá er ekki mikið um það að segja annað en það að frá því var gengið að EFTA-ríkin lýsa sig reiðubúin til þess að skoða það mál nánar í ljósi niðurstöðu og mats á heildarniðurstöðu samninganna sem endanlega afgangsstærð. Það er ekki farið að ræða um upphæðir en þó nokkuð rætt um form og líklegasta niðurstaðan yrði sú að þetta yrði sjóður sem tæki á sig skuldbindingar í fjögur eða fimm ár og EFTA-ríkin mundu sem sé greiða í hann og stjórna honum sjálf.

Virðulegi forseti. Þá er að víkja að öðrum þáttum málsins sem varða lög, lagaramma og stofnanir ákvörðunarferla hins Evrópska efnahagssvæðis. Það sem mönnum þótti einkum tíðindum sæta á þessum fundi var hversu víðtækt samkomulag náðist á þessu málasviði. Um það er fjallað í hinni sameiginlegu yfirlýsingu í grein 17, þar sem fjallað er um nauðsyn samræmingar á lögum og reglum um ákvörðunarferli og eftirlitsstofnun, í grein 18, þar sem fjallað er um öryggis- og varnaglaákvæði í stað varanlegra fyrirvara, í grein 19, þar sem fjallað er um aðild EFTA-ríkja að sérfræðinganefndum til undirbúnings ákvörðunum, í grein 20, sem er mikilvæg grein þar sem fjallað er um þá grundvallarreglu að því er varðar stjórnun Evrópsks efnahagssvæðis að þar verða engar ákvarðanir teknar nema með fullkominni samstöðu. Þar verður ekki beitt atkvæðagreiðslu um einstök mál sem jafngildir því að þar gildir vissulega eins konar neitunarvald hvers aðildarríkis. Jafnframt þýðir það um leið að í þessum samningum er ekki um að ræða neitt afsal eða framsal á valdi löggjafarsamkundna eða ríkisstjórna af hálfu EFTA-ríkjanna varðandi stjórnun svæðisins. Auk þess tengist þetta að sjálfsögðu beitingu öryggisákvæðanna. Öryggisákvæðið er almennt. Það er mat mitt og íslenskra sérfræðinga að það sé hagstæðara fyrir Ísland að hafa almennt öryggisákvæði heldur en sértæk öryggisákvæði um hverja einstaka grein. Það mundi þá skuldbinda okkur til þess að þrengja mjög skilgreiningu á beitingarrétti á slíku ákvæði, en tengslin þarna á milli eru þau, eins og fram kemur þegar ég lýsi betur öryggisákvæðinu, að það er réttur hvers lands að eigin frumkvæði að beita þessu almenna öryggisákvæði þótt fleira þurfi þar að koma til.

Loks er þarna um að ræða í grein 21 almennt orðað ákvæði eða kafla þar sem fjallað er um eftirlitið og dómstólinn. Í grein 22 er fjallað um dómstólinn í ítarlegu máli, hlutverk hans, skipan og viðfangsefni og að lokum er fjallað um forgangsrétt þeirra reglna sem gilda um Evrópskt efnahagssvæði samkvæmt alþjóðasamningi umfram aðrar reglur og um það með hvaða hætti bein réttaráhrif verða af þessum samningi.

Virðulegi forseti. Það sem ég vil í sambandi við þetta leggja höfuðáherslu á er þetta: Allt tal um það að þessi samningur feli í sér afsal á fullveldi, framsal á valdi þjóðþinga eða afsal á valdi dómstóla styðst ekki við rök. Svo einfalt er það. Það er aðalatriði að menn átti sig á því hver munur er á annars vegar Evrópubandalaginu sem slíku og hins vegar því Evrópska efnahagssvæði sem hér er verið að semja um. Ég vil bara nefna nokkur dæmi máli mínu til stuðnings.

1. Evrópubandalagið er tollabandalag. Evrópskt efnahagssvæði er það ekki. Tollabandalagið EB felur í sér sameiginlega tollskrá, sameiginlega tolla í sameiginlega sjóði, samræmda viðskiptastefnu gagnvart öðrum ríkjum og samræmda ytri tolla. Ekkert af þessu er á samningssviði Evrópsks efnahagssvæðis.

2. Innan Evrópubandalagsins eru bandalagsríkin skuldbundin af sameiginlegri landbúnaðarstefnu. Það er ekki svo að því er varðar Evrópskt efnahagssvæði.

3. Evrópubandalagið er skuldbundið af sameiginlegri sjávarútvegsstefnu. Það er ekki svo varðandi Evrópskt efnahagssvæði.

4. Innan Evrópubandalagsins er stefnt að því fyrir árslok 1992 að afnema öll innbyrðis landamæri. Það er ekki svo innan Evrópsks efnahagssvæðis.

5. Innan Evrópubandalagsins fer fram tiltekið skilgreint framsal á valdi frá löggjafarsamkundum EB-ríkjanna og frá ríkisstjórnum EB-ríkjanna til sameiginlegra yfirþjóðlegra stofnana, eins og t.d. framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs, auk þess sem kosið er beinni kosningu innan Evrópubandalagsins til sameiginlegs Evrópuþings. Ekkert af þessu er á samningssviði Evrópsks efnahagssvæðis.

6. Þá vil ég nefna að innan Evrópubandalagsins er um að ræða samræmda stefnu að því er varðar félags-

lega samhjálp eða félagsmálastefnu, social cohesion eins og það heitir, sem ekki er á samningssviði okkar nema að svo miklu leyti sem við kjósum varðandi einstök samstarfsverkefni.

7. Ég vil nefna að innan Evrópubandalagsins starfar sameiginlegur fjárfestingarbanki sem ekki er á samningssviðinu. Þá er þess að geta, sem er aðalatriði málsins, að Evrópubandalagslöndin eru nú á tveimur pólitískum ráðstefnum bandalagsins, sem eru yfirstandandi, að semja um frekari þróun Evrópubandalagsins í átt til sambandsríkis í raun og veru með því að koma á pólitísku bandalagi sem tekur til samræmingar á utanríkisstefnu, samræmingar á stefnu í öryggis- og varnarmálum og að flestra mati mun leiða til sameiginlegra landvarna bandalagsins. Hin ráðstefnan þar sem verið er að semja um samræmt myntbandalag með einum sameiginlegum gjaldmiðli, einum seðlabanka, samræmdri peningamálastjórn o.s.frv. sem ekki er varðandi Evrópskt efnahagssvæði.

Loks vil ég geta þess að það er meginatriði í framhaldi af einingarlögum Evrópu sem stjórnunarregla innan Evrópubandalagsins að þar eru fjölmargir málaflokkar þess eðlis að ákvarðanir eru teknar, bæði í framkvæmdastjórn og ráðherraráði, með meirihlutaákvörðunum. En því er ekki til að dreifa innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Allt tal manna um það að í þessum samningum sé um að ræða breytingar sem kalla á breytingar á stjórnarskrá eða fela í sér grundvallartilfærslur valds að því er varðar þjóðþing og ríkisstjórnir eru þess vegna einfaldlega með þeim hætti að það styðst ekki við rök. Það er afar mikilvægt að menn átti sig á þessu. Ég vil minna á að af hálfu talsmanna okkar sem áttum aðild að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn lögðum við gjarnan mikla áherslu á þetta mál og minni ég gjarnan á frægan sjónvarpsþátt til kynningar þessu máli í því efni þar sem ég minnist þess að ekki komst hnífurinn í milli okkar hæstv. fyrrv. forsrh. og fyrrv. hæstv. fjmrh. þegar við skýrðum þessar grundvallarstaðreyndir og vona ég að þessar staðreyndir hafi ekkert breyst og hvað þá mennirnir sem túlkuðu þær.

Þá vil ég víkja aðeins að einstökum þáttum varðandi lagarammann og stofnanirnar og þá fyrst að ákvæði í grein 18 um öryggis- og varnaglaákvæðin. Það verður ein allsherjar öryggisgrein í þessum samningi sem unnt er að beita við þau skilyrði að um sé að ræða verulega erfiðleika á sviði efnahagsmála, þjóðfélagsmála eða umhverfismála í viðkomandi landi, hvort heldur tekur til einhverrar atvinnugreinar eða landsvæðis. Ef það er svo að mati viðkomandi lands, þá getur viðkomandi land með einhliða yfirlýsingu gert þetta ákvæði virkt og beitt því. Það er hins vegar skuldbundið til þess að gera þetta í samráði við hin samningslöndin og þau hafa rétt á því, ef upp kemur ágreiningur um málið, út frá grundvallarreglum að vísa því til dómstóls og grípa þá til gagnráðstafana ef niðurstaða dómstóls verður á þá leið. Ég endurtek að að okkar mati er þetta einn meginávinningurinn sem tókst á þessum fundi. Það er mat okkar talsmanna EFTA-ríkja að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði, í því sé mikið öryggi fólgið og við séum betur settir, einmitt minni ríkin í þessu samstarfi, í skjóli slíks ákvæðis heldur en ef við hefðum sett þau sem sértæk og orðið þá að skilgreina við hvaða skilyrði mætti beita ákvæðinu, varðandi t.d. einstakar atvinnugreinar o.s.frv. Með öðrum orðum er ákvæðið almennt og það er tvímælalaust á valdi ríkisstjórnar að beita því að vissum skilyrðum fullnægðum. Ég legg síðan megináherslu á að menn kynni sér vel grein 20 og það sem í þessu felst, en þar kemur kyrfilega fram að grundvallarstjórnunarreglan innan Evrópska efnahagssvæðisins verður alveg eins og í EFTA samstaða, ekki meirihlutaákvarðanir.

Þá er að víkja að dómstólnum. Um hann er fjallað nánar í ákvæðum í grein 22. Hann verður skipaður sjö dómurum frá EFTA-löndum. Hann er sjálfstæður dómstóll, en þó í starfstengslum við Evrópudómstólinn í Lúxemborg og þegar hann starfar sem slíkur munu vera þarna fimm dómarar frá Evrópubandalagsdómstólnum og þrír af hinum tilnefndu EFTA-dómurum. Hlutverk dómstólsins er að leysa ágreiningsmál varðandi túlkun á samningnum sem upp koma milli samningsaðilanna, þ.e. milli ríkjanna sem hér er um að ræða. Jafnframt að kveða upp úrskurði varðandi ágreiningsmál sem upp koma varðandi starf og eftirlit stofnunarinnar eða milli eftirlitsstofnunarinnar og EFTA-lands auk þess sem eftirlitsstofnunin og dómstóllinn munu bæði verða til þess að leysa úr ágreiningsmálum varðandi brot á samkeppnisreglum sem er einna þýðingarmest fyrir fyrirtæki í hinum minni löndum í þessu samstarfi.

Ég vil vekja athygli á því varðandi dómstólsákvæðið að það var krafa okkar, fulltrúa EFTA-landanna, í allri þeirri togstreitu sem um þetta mál hefur farið fram að ná því fram að hlutverk dómstólsins væri að gefa út svokallaða forúrskurði varðandi túlkun á samningnum. Þegar ljóst var orðið að við krefðumst þess að þessi dómstóll yrði jafnsjálfstæður og hann verður, þá féllst Evrópubandalagið ekki á það sjónarmið. Niðurstaðan varð því sú að þessi dómstóll mun ekki kveða upp forúrskurði sem að okkar mati hefði verið um kannski 80–90% af þeim málum sem hann ella hefði fengið til umfjöllunar. Okkur þótti það út af fyrir sig miður en það þýðir auðvitað jafnframt, úr því að þetta er niðurstaðan, að allt tal um það að þetta sé einhvers konar hæstiréttur sem sé æðri hæstarétti viðkomandi landa er algerlega á misskilningi byggt.

Hitt er svo annað mál að því er varðar annars vegar réttaráhrif og hins vegar forræði reglna á samningssviðinu. Fyrst er að segja um réttaráhrifin að ekkert af þeim lögum eða reglum sem koma til framkvæmda samkvæmt þessum samningi hafa sjálfkrafa bein réttaráhrif. Þau hafa ekki sjálfkrafa bein réttaráhrif. Þau hafa það ekki og öðlast þau ekki fyrr en þjóðþing viðkomandi ríkis hefur samþykkt viðkomandi lög eða reglur. Eina frávikið frá því eru þá reglugerðir um tæknileg atriði. En um löggjafaratriði gildir það að það er ekkert framsal frá þjóðþingum viðkomandi þjóða.

Að því er varðar hins vegar forræði þessara reglna, þá er það svo samkvæmt almennum íslenskum rétti að slíkar reglur byggðar á alþjóðasamningum hafa það

þegar í íslenskum rétti þannig að út af fyrir sig er á því engin breyting heldur. Niðurstaðan er því sú, virðulegi forseti, að það er óhætt að benda þingmönnum á að kynna sér sérstaklega þann þátt skýrslu utanrrh. til Alþingis um samningsstöðuna eins og hún var fyrir þinglausnir og þá sérstaklega kaflann um lagagrundvöll og stofnanir, þ.e. kafla F. frá samninganefnd V: Laga- og stofnanamál, þar sem fjallað er um frá bls. 17 og til loka skýrslunnar um þætti eins og ákvarðanatökuna, stofnanirnar, EES-ráðið og hina sameiginlegu EES-stofnun, um hlutverk þjóðþinga, um þátttöku EFTA-þjóðanna í undirbúningsnefndum, um eftirlitsstofnunina, um dómstólinn, um spurninguna um yfirþjóðlegt vald og framsal á valdi og um öryggisákvæði. Í stórum dráttum má segja að það sem hér er fram sett um það atriði eins og samningsstaðan var í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar gildir, þó að því frátöldu að við náðum ekki fram þeirri kröfu að dómstóllinn skyldi hafa vald til þess að gefa út forúrskurði í málum. Hann er þess vegna raunverulega minni stofnun heldur en við höfðum óskað eftir út frá því almenna sjónarmiði smáríkja að við teljum það okkur í hag en ekki í óhag að sameiginlegur úrskurðaraðili sé öflugur vegna þess að við þekkjum það af reynslunni að það er meira á valdi hinna öflugri ríkja að sniðganga eða fara á bak við samningsákvæðin heldur en hinna minni ríkja.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því áhættumati sem tengt er svona samningum. Ég rifja upp að við gengum á sínum tíma til þessara samninga með því að setja fram tiltölulega fáa en mjög skýra fyrirvara. Eins og fram kom í umræðum um þetta mál á seinasta þingi, þá var það sjónarmið okkar, sem að þessum samningum stóðum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, að við hefðum haldið þeim fyrirvörum til haga þrátt fyrir það að við höfðum í ýmsum tilvikum breytt því í hvaða formi þeir eru fram settir. Ég nefni nú helstu dæmin af þessu tagi sem valda okkur áhyggjum og þörf er á að skýra nákvæmlega.

1. *Spurningin varðandi sjávarútveg.* Fyrsta mál er það að þessi ríkisstjórn eins og sú hin fyrri segir skýrt og afdráttarlaust: Aðgangur að auðlindinni sjálfri, veiðiheimildir, kemur ekki til greina. Það mál er hins vegar óútkljáð á þessum tíma.

2. Við segjum: Heimild til stofnunar fyrirtækja og fjárfestingar við að nýta þessa auðlind í formi útgerðar er óheimil samkvæmt þessum samningum af þeirri einföldu ástæðu að um hana gilda ekki samræmdar samkeppnisreglur.

3. Varðandi orkulindirnar er ekkert í þessum samningum eða í lögum og reglum Evrópubandalagsins sem kemur í veg fyrir það að við höfum þá skipan varðandi orkuframleiðslu og dreifingu og nýtingu orkulinda sem við nú búum við. Hitt er annað mál að við töldum rétt að herða frekar á þeirri skipan mála. Þess vegna beitti hæstv. fyrrv. og núv. iðnrh. sér fyrir því á seinasta þingi að beina því erindi til hv. iðnn., sem þá hafði til umfjöllunar þingmannafrv. um þessi mál, um eignarhald á orkulindum, að koma fram ákveðnum breytingum til þess að styrkja þjóðareign á auðlindunum sjálfum. Því miður náði þetta mál ekki fram að ganga vegna vöntunar á stuðningi fulltrúa einstakra stjórnmálaflokka. Ég tel nauðsynlegt að taka þetta mál upp aftur, ekki vegna þess að orkugeirinn sé ekki í lagi gagnvart þessum samningum eins og hann er, heldur vegna þess að ég tel skynsamlegt að herða á þessum ákvæðum í ljósi óvissu um framtíðina.

Þriðja málið sem ég vil nefna er spurningin um fasteignir, eignarrétt á löndum og lendum sem mikið hefur verið rætt um almennt séð í pólitískri umræðu og vaktar upp spurningar um það hvort þessir samningar gefi erlendum auðkýfingum kost á því að kaupa íslenskar náttúrugersemar o.s.frv. Þetta var jafnvel á dagskrá skilst mér í kosningabaráttunni.

Um þetta mál er það að segja að á samningssviði III, um búsetu- og atvinnurétt, og á samningssviði II, um flæði fjármagns, heimildir til fjárfestinga og eignarréttar gildir sú almenna grundvallarregla að útlendingar hafa að sjálfsögðu undir engum kringumstæðum annan eða meiri rétt en Íslendingar sjálfir eða þegnar viðkomandi ríkis. Ef við viljum koma í veg fyrir að einstaklingar, gjarnan auðugir einstaklingar, geti keypt upp hlunnindajarðir þurfum við að gera það með breytingum á löggjöf eða með því að styrkja gildandi löggjöf sem gilti þá jafnt fyrir alla þegna Evrópsks efnahagssvæðis, innlenda menn jafnt sem erlenda, bæði forstjóra Kóka kóla og forstjóra Pepsí kóla — eða hvað þetta heitir.

Við lögðum þess vegna það til í umræðum í fyrrv. ríkisstjórn og beindum því til þáv. hæstv. landbrh. að hann beitti sér fyrir því að herða á þessum ákvæðum varðandi jarðalög og ábúðarlög til þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga, styrkja þau enn frekar með því að koma á forkaupsréttarákvæðum ríkisins sjálfs, og því var jafnframt beint til dómsmrn., með því að herða á ákvæðum sem eiga að gilda um búsetu í landinu og nýtingu á slíkum jörðum. Allt er þetta okkur í lófa lagið að gera. Því miður skilst mér að ekki hafi orðið mikið um framkvæmdir að því er þetta varðar, en ég árétta að sé það svo að undirbúningi hafi verið áfátt þá tel ég nauðsynlegt, og beini því til samstarfsmanna í núverandi ríkisstjórn, að taka það mál til skoðunar og undirbúnings og framkvæmdar þannig að það megi leggja fyrir þing hið fyrsta. Með öðrum orðum, það er ekkert í þessum samningum sem býður heim áróðri um það að hér sé allt varnarlaust gagnvart því að kaupa upp land og lendur. Það hafa verið skiptar skoðanir í íslenskum stjórnmálum um það hvort fara eigi þá leið að koma í veg fyrir að einstaklingar, þéttbýlisbúar, geti haft not af t.d. ósetnum jörðum, jörðum úr ábúð o.s.frv. En ef mönnum sýnist svo þá er það einfaldlega á okkar valdi að gera það.

Þá vil ég nefna þann ótta sem stundum er látinn uppi varðandi hættu á innflutningi fólks. Um þetta er það að segja að upphaflega settum við almennan fyrirvara að því er varðar frelsi fólks til búsetu- og atvinnuréttar með því að vísa til ákvæðis í norræna vinnumarkaðssamningnum sem við höfum mikla reynslu af. Niðurstaðan verður hins vegar sú að við höfum hér almennt varnaglaákvæði sem ég lýsti áðan og því getur ríkisstjórnin beitt að eigin frumkvæði hvenær sem henni

þóknast. Þetta ber hins vegar að meta í ljósi reynslunnar. Við vitum hver reynslan er að því er varðar norræna vinnumarkaðinn og þátttöku okkar í honum. Reynslan er sú að Íslendingar hafa notað Skandinavíu sem þrýstijafnara á innlendan vinnumarkað. Það eru rúmlega 12 þús. Íslendingar búsettir í Skandinavíu nú, en það eru ekki nema rúmlega 1800 Skandinavar búsettir hér. Með öðrum orðum, reynslan er sú að Íslendingar hafa nýtt sér þennan rétt í miklu meira mæli heldur en þeir rétt sinn hér. Sömu sögu er reyndar að segja að því er varðar reynsluna innan Evrópubandalagsins sjálfs, þar hefur reynslan orðið öll önnur en menn áttu von á. Þar hafa ekki orðið þjóðflutningar frá suðri til norðurs í leit að bættum lífskjörum. Það hafa miklu fremur orðið flutningar af hálfu ellilífeyrisþega úr norðri sem hafa valið sér tímabundna búsetu af heilsufars- og loftslagsástæðum fyrir þá sem þola mikla sólarhita í suðri.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi með því sem þegar er sagt haldið til skila öllum meginatriðum þessa máls. Ég dreg alls ekki úr því að það er rétt mál, sjálfsagt og eðlilegt að við framkvæmum mjög vandað og ítarlegt áhættumat í svona viðamiklum samningum. Við eigum ekki að nálgast þetta með neina glýju í augunum og við eigum ekki að gefa okkur neina fyrir fram niðurstöðu. Vilji okkar til þess að ná þessum samningum er ekki af því tagi, a.m.k. að því er mig varðar, að ég vilji kaupa hann hvaða verði sem er. Við eigum að skoða það vandlega hvernig við bindum okkar hnúta að því er varðar þau réttindi sem við viljum tryggja í samningum.

Örfá orð þá að lokum um það sem fram undan er. Stærsta málið sem fram undan er er hin vanhelga þrenning, þ.e. að reyna að fá að lokum lausn varðandi markaðsaðgengi fyrir sjávarafurðir móti einhverri rýmkun fyrir landbúnaðarafurðir og hugsanlega stofnun sjóðs. Þetta er markmið sem við setjum okkur að ná án þess að til greina komi að heimila einhliða veiðiheimildir í okkar lögsögu, eins og rækilega hefur verið tíundað.

Ég skal á þessari stundu ekkert fullyrða um það hvort þetta tekst. Ég veit alla vega að það verður mjög harðsótt. Ég vil skýra frá því hér að um miðjan dag, þennan samningadag, mánudaginn 13. maí, var þreifað á því með óformlegum hætti með því að Poos, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sendi sendiboða á minn fund og síðar til Norðmanna og lagði fyrir svohljóðandi spurningu: Munu þið vera tilbúnir að semja um fullkomið markaðsaðgengi fyrir sjávarafurðir innan EES gegn því að Evrópubandalagið fengi 30.000 tonna veiðiheimildir í efnahagslögsögu EFTA-ríkjanna á móti?

Ég svaraði því á staðnum og stundinni í ljósi þess umboðs sem ég hef frá núverandi ríkisstjórn og stjórnarflokkum að slíkt komi ekki til greina og vísaði því gjörsamlega á bug og um það var ekki meira rætt. Slíkt tilboð var, eins og ég segi, aldrei lagt fram á formlegum fundi og kom þar af leiðandi ekki til neinnar frekari umræðu. Ég ræddi það hins vegar í þaula við fulltrúa Norðmanna og jafnframt lét ég fylgja því skilaboð til baka með rækilegum rökstuðningi hvers vegna við höfnuðum þessu algjörlega.

Þetta er það fyrsta sem við höfum heyrt frá framkvæmdastjórninni á þessu málasviði fyrir utan það að við vissum af því að í byrjun febrúar sendi hún til aðildarríkisstjórnanna vinnuskjal, drög að tilboði sem hún hefur verið að leitast við að fá samstöðu um innan Evrópubandalagsins allan tímann síðan. Það tilboð höfum við aldrei fengið í hendurnar formlega. Því var hins vegar lekið í pressu eins og öllum öðrum skjölum í kringum þetta apparat og það var mikið um það fjallað í tæknilegum fagtímaritum um sjávarútvegsmál og menn þekkja það hér. Þar var krafa um 30.000 tonn en á móti kom ekki fullt afnám tolla í sjávarútvegi, fjarri því. Við mátum það svo þá að það tilboð hefði þýtt tollaívilnun sem hefði samsvarað um 10% aukningu miðað við núverandi magn innan ramma bókunar 6, ef menn skilja hvað ég á við með þeim orðum. Þeir hafa því ögn bætt tilboðið að því er varðar fullkomið markaðsaðgengi fyrir sjávarafurðir en í þessu óformlega tilboði héldu þeir sig enn við veiðiheimildirnar sem við vísuðum á bug.

Ég er hér að lýsa því hvað mér finnst vera fram undan. Það eru eftir einhverjar vikur þar sem á það verður látið reyna til loka hvort við náum landi í þessum samningum. Við þurfum nú að einbeita okkur að því að sannfæra þá lykilaðila sem að lokum koma að þessari ákvörðun um að það stafi hvorki af þrákelkni, óbilgirni, ósanngirni eða einhverju slíku að við höfnum þessum kröfum, heldur styðjist það við rétt og skynsamleg rök varðandi verndun á lífríki sjávar, varðandi stöðu nytjastofna, varðandi heildarjafnvægi samningsins o.s.frv. að Íslendingar vilja halda svona á þessu máli.

Auðvitað er það svo að það er eftir miklu að slægjast í þessum samningum. Ávinningurinn af þeim, ef þeir takast á þessum skilmálum, er alveg ótvíræður fyrir íslenskt þjóðfélag og íslenskan þjóðarbúskap í framtíðinni. Ég þarf ekki að tíunda það fyrir hv. alþm. hvað það mundi þýða fyrir íslenskan sjávarbúskap að verða laus við tollmúra Evrópubandalagsins. Alveg sama hvernig menn vilja skipta byrðinni af tollum milli útflutnings landsins og neytenda, sem fer auðvitað eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma, menn geta metið það einhvers staðar á bilinu frá einum milljarði til tveggja milljarða, þ.e. 10–20 milljarðar á þessum áratug. Það er þó alls ekki aðalávinningurinn. Meginávinningurinn væri sá að ef sjávarútvegurinn íslenski fengi tollfrjálsan aðgang að 380 millj. markaði með mikilli kaupgetu þar sem sjávarafurðaneysla er mikil, þá mundi það einfaldlega skapa algjörlega ný vaxtarskilyrði fyrir fiskvinnslu á Íslandi. Þá væru komin skilyrði þess að byggja hér upp háþróaðan matvælaiðnað, að fara fram hjá uppboðsmörkuðum Evrópubandalagsins, að komast með háþróaða, fullunna neytendavöru undir íslenskum vörumerkjum beint inn á neytendamarkaðinn, að auka vinnsluvirði þessarar framleiðslu í innlendum höndum og að flytja atvinnuna heim, vegna þess að auðvitað er það svo að tollakerfi EB er við það miðað að hvetja sjávarútvegsþjóðirnar til þess

að verða hráefnisframleiðendur í stað þess að verða háþróaðir matvælaframleiðendur.

Hér hef ég einkum staldrað við sjávarútvegsmálin en við erum eindregið þeirrar skoðunar að sama máli gegni um hlut Íslands í þessu Evrópska efnahagssvæði að öðru leyti. Það er eftir miklu að slægjast, bæði á fjármagnssviðinu, atvinnu- og búseturéttarsviðinu og í samstarfsverkefnunum öllum og það ræður miklu um það hver verður staða þessarar þjóðar og þessa þjóðfélags í Evrópu framtíðarinnar og hvaða vonir við getum gert okkur um það að halda okkar hlut í samanburði við aðrar þjóðir, bæði varðandi lífskjör, vísindi, tækni og menningu.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi greinargerð hafi skýrt málið fyrir hv. alþingismönnum og efa ekki að hér muni fara fram málefnalegar og gagnlegar umræður.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og jafnframt fagna því að nú gefst tími til að ræða þetta afar mikilvæga mál, líklega það mikilvægasta sem fyrir okkur hefur legið frá stofnun lýðveldis og sumir segja reyndar sambærilegt við mál sem um var fjallað á 13. öld. Vonandi verða afleiðingarnar ekki þær sömu og þá. Við þurfum því að vanda mjög það sem nú er gert.

Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði um aðdraganda þessa máls. Fyrri ríkisstjórn setti mjög ákveðna fyrirvara. Ég setti þá fram í ræðu í Ósló vorið 1989 og síðan var fjallað um það í ríkisstjórninni á fjölmörgum og löngum og ítarlegum fundum. Og það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að þá var engum rýtingi beitt, heldur komst hnífurinn ekki á milli okkar í afstöðu til þessara mála.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að af þeirri yfirlýsingu sem nú hefur birst hef ég nokkrar áhyggjur og mun einkum styðjast við hana í ýmsum þeim spurningum sem ég vil varpa hér fram. Þeir meginfyrirvarar sem við settum voru, eins og kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra, að ekki kæmi til greina að veita erlendum aðilum heimild til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu, að þess væri vandlega gætt að orkulindir, bæði vatnsafl og jarðvarmi, væru í okkar höndum og nýting þeirra, að vissa fyrirvara þyrfti að setja um erlenda fjárfestingu, t.d. í frumvinnslu sjávarafurða, og sömuleiðis að við þyrftum að hafa möguleika til þess að takmarka hér búsetu- og atvinnuréttindi. Jafnframt að unnt yrði að tryggja að erlendir aðilar, erlendir auðmenn eða erlend fyrirtæki, eignuðust ekki óeðlilega land hér, heldur eingöngu það sem tengt væri atvinnurekstri sem leyfður væri samkvæmt samningnum. Við töldum okkur einnig þurfa að hafa nokkuð meiri aðlögun heldur en ýmsar aðrar þjóðir.

Það vakti því töluverða athygli þegar í fréttum birtist, ég hygg 5. maí sl., að hæstv. utanrrh. væri genginn til nýrra samninga. Það mátti skilja af þeirri tilkynningu að fyrirvarinn væri eingöngu sá að ekki kæmi til greina að veita erlendum aðilum veiðiheimild í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Hæstv. utanrrh. hefur nú rakið það mál nokkuð ítarlega hér og mér heyrðist hann telja flesta þá fyrirvara sem ég nefndi og við höfðum í fyrri ríkisstjórn. Ég legg afar mikla áherslu á það, og við framsóknarmenn, að við þá fyrirvara alla verði staðið og til nauðsynlegra aðgerða verði gripið til að tryggja þá fyrirvara. Tek ég undir það með honum að tryggja verði betur en gert hefur verið t.d. einkarétt okkar Íslendinga til að nýta jarðvarma. Sömuleiðis er óhjákvæmilegt að tryggja miklu betur en íslensk lög gera að erlendir aðilar geti ekki keypt hér upp jarðir og þau hlunnindi sem þeim fylgja.

Ég ætla síðan að snúa mér að þeirri tilkynningu sem komið hefur frá þessum fundi nú. Ég get út af fyrir sig fagnað því að gæta á heildarjafnvægis. Um það var oft rætt á okkar fundum að slíku þyrfti að ná fram. Ég held hins vegar að það sé orðið afar nauðsynlegt að fjalla betur um það en við höfum gert í hverju slíkt heildarjafnvægi felst, hver er ávinningur okkar og hver er ávinningur þeirra þjóða sem við erum að semja við. Ég vek athygli á því að á vegum síðustu ríkisstjórnar, undir forsjá forsrn. fór fram mjög ítarleg athugun á þeim ávinningum sem kynnu að fylgja í samkomulagi um Evrópskt efnahagssvæði. Ég skal viðurkenna það að mér þótti þegar ég fór yfir þær fjölmörgu og ítarlegu skýrslur raunar minni ávinningur heldur en ég hafði áður talið. Ef ég man rétt var hann talinn vera, svona á heildina litið, í kringum 5% af þjóðarframleiðslu. Það er rétt að það fylgir þessu verulegur ávinningur fyrir sjávarútveginn en þó kann að vera að hann sé ofmetinn. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að skiptar skoðanir væru um það hve mikið af þeim tolli sem greiða verður nú er greiddur af neytendum og hve mikið af framleiðendum. Þetta er hárrétt. Ég hygg að á sumum sviðum sé tollurinn nánast allur greiddur af neytendum, t.d. á saltfiskframleiðslunni. Þessi ávinningur, hvort sem þarna er um einn eða tvo milljarða að ræða fyrir íslenskan sjávarútveg, er satt að segja mjög lítill.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að í þessu fælist einnig sá ávinningur að ef samningar næst yrði unnt að framleiða meira en nú er gert fyrir neytendur, þ.e. neytendaframleiðslu. Þetta hygg ég að sé ekki í raun að öllu leyti rétt því í þeim samningum sem við höfum núna í bókun 6 njótum við vissra sérréttinda að þessu leyti. Við höfum nánast tollfrelsi á neytendaframleiðslu. Það sem skapar hættu á þessu sviði er hins vegar það að það er tollur á ferskum flökum sem síðan eru unnin í Evrópubandalaginu í styrktri framleiðslu og nýtur þess vegna tvöfaldrar verndar miðað við það þegar um slíka framleiðslu hér heima er að ræða. Því er í raun og veru afar slæmt að í þessum samningum hefur ekki tekist að ná fram breytingu á styrkjastefnu Evrópubandalagsins í fiskiðnaði. Það er slæmt og það er að því er mér virðist vonlaust að það náist fram. Jafnvel þótt takist að fella niður tollinn af flökum, sem er afar mikilvægt því hann er núna 18%, þá mun samt sem áður vera vernd í Evrópubandalaginu á framhaldsvinnslu úr slíkum flökum og yfirleitt úr sjávarafurðum. Þarna er enn þá mismunur sem verður

náttúrlega að leggja mjög mikla áherslu á að verði afnuminn og í raun og veru kannski lykilatriði ef meta á þær hagsbætur sem við höfum af þessum samningum.

Ég ætla síðan að koma að nokkrum atriðum hér sem mér sýnast orka meira tvímælis. Í 6. lið þessarar tilkynningar er tekið fram að setja skuli upp sjálfstæða EFTA-stofnun sem hafi samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hins vegar. Einnig er rætt um það í þessari sömu grein hvernig skipta megi málum milli stofnananna tveggja. Hér er vitanlega um lykilatriði að ræða og reyndar láðist mér að telja upp áðan að í þeim fyrirvörum sem við settum var það einn aðalfyrirvarinn að yfirþjóðlegar stofnanir kæmu ekki til greina. Það skal að vísu tekið fram að í umræðu í fyrri ríkisstjórn leist mér a.m.k. svo á að ekki yrði hjá því komist að samþykkja dómstól sem væri á mjög takmörkuðu sviði. Ég vil hins vegar taka fram að það mál var aldrei endanlega frágengið í fyrrv. ríkisstjórn en ég hygg að á takmörkuðu sviði verði að koma dómstóll. Það er mín skoðun.

En hvað þýðir þetta, sambærileg EFTA-stofnun? Er þá orðið um að ræða EFTA-stofnun sem er yfirþjóðleg á einhverjum sviðum, t.d. með tilliti til þeirra verkefna sem þeirri stofnun verða falin? En mér skilst að það eigi að vera einhvers konar samkomulagsatriði á milli EFTA og EB. Þetta er vitanlega afar stórt atriði og það verður alls ekki frá því horfið að Alþingi Íslendinga hafi lykil- og endanlegt ákvörðunarvald í fjölmörgum mjög mikilvægum málum sem í framtíðinni hljóta að verða þetta samstarf innan Evrópsks efnahagssvæðis. Ég veit að hæstv. ráðherra kom nokkuð inn á þetta og lagði áherslu á að hér væri ekki um yfirþjóðlegt vald að ræða en því miður finnst mér tilkynningin bera nokkuð annað með sér.

Þá er í 7. lið talað um jafnörugga vernd á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála samhliða fríverslun. Þetta mun tryggja að þorri viðeigandi samþykkta Evrópubandalagsins kemur að fullu til framkvæmda innan EFTA-landanna frá 1. jan. 1993. Á tilteknum öðrum sviðum verður hindrunum aflétt innan EES frá 1. jan. 1993 á grundvelli samþykkta Evrópubandalagsins. Þetta held ég að þurfi langtum nánari skýringa við en hingað til hafa fengist. Er það virkilega svo að það eigi að fara að innleiða hér lög og reglur Evrópubandalagsins á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála? Ég held að ég megi fullyrða að okkur datt þetta aldrei í hug í fyrri ríkisstjórn eða a.m.k. þegar það var rætt, þá höfðu menn á því mikla varnagla. Ég held að ég megi jafnframt fullyrða að ýmis lög Evrópubandalagsins á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála eru langtum slakari en þau sem gilda hér og t.d. á Norðurlöndunum almennt. Ég held að öryggisreglur á sviði vinnuverndar séu miklu strangari hér en þar almennt gildir. A.m.k. held ég að engum sem ferðast um Suður-Evrópu dyljist að þar gildir allt annað en það sem hér hefur verið. Og ég vil alveg sérstaklega undirstrika einnig í sambandi við umhverfismálin, þar sem við erum að reyna að hasla okkur völl og gerum ráð fyrir að hér á landi verði þau mál til fyrirmyndar og þau eru áreiðanlega einhver sú mesta auðlind sem við getum átt ef vel til tekst: Er hugsunin sú að lög og reglur Evrópubandalagsins á sviði umhverfismála eigi að gilda hér? Þetta þyrfti að sjálfsögðu að skoðast mjög nákvæmlega áður en unnt er að samþykkja.

Þá segir einnig í þessari sömu grein, með leyfi virðulegs forseta: „EFTA-lönd geta þó haldið eigin löggjöf þar til lagðar hafa verið fram nýjar bandalagsreglur.“ Þetta er að sjálfsögðu afar leitt að lesa. Sem sagt, það er svo að í framtíðinni getur bandalagið lagt fram einhliða reglur sem gilda á þessum sviðum og þá sé okkur, með góðvild þeirra, leyft að halda eigin reglum þar til nýjar bandalagsreglur hafa verið lagðar fram. Eigum við ekkert að hafa um það að segja hvernig þessar reglur í framtíðinni verða? Það er þó athyglisvert að hér segir: „Fyrir vissar afurðir hefur verið samþykkt ótímabundið aðlögunartímabil sem tekið verður til endurskoðunar 1995“, og síðan segir innan sviga: þ.e. áburður sem inniheldur kadmíum. Það er baneitrað efni. Að vísu hef ég ekki haft tíma til að gá að því en ég trúi varla að það sé leyft hér í áburð. Er það ætlunin að a.m.k. til 1995 getum við bannað notkun á kadmíum hér á landi í áburð? Ég treysti því að það verði aldrei fallist á það að leyfa það eða önnur eiturefni til áburðarnotkunar.

Það segir að vísu svo á eftir að nokkuð bíði þarna úrlausnar sem varðar hættuleg efni, tilbúin efni og lausnir, upplausnir hlýtur það að eiga að vera, og meindýraeitur. Já, ég trúi því að þar eigi eftir að skoða betur ef reglur Evrópubandalagsins eiga að gilda á þeim sviðum því að ég leyfi mér einnig að fullyrða að þær séu mjög slakar víða.

Í 10. lið er fagnað samkomulagi sem náðst hefur um hindrunarlausa fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipti. Við tókum það skref þegar að stuðla að hindrunarlausum fjármagnsflutningum með ákveðinni aðlögun og ég vil segja fyrir mitt leyti að ég tel að það hafi verið rétt. Þjónustuviðskiptin hafa hins vegar verið til umræðu og hér þarf náttúrlega meiri upplýsingar til að geta metið hvað þar er átt við. Er þar gert ráð fyrir því að yfirleitt allt sem undir það fellur verði frjálst, allar tryggingar, allir flutningar o.s.frv.? Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þessa atriðis fyrr en um það liggja fyrir miklu betri upplýsingar og e.t.v. hefur hæstv. ráðherra þær nú þegar.

Hér segir síðan í þessari sömu grein, sem ég skil ekki hvað þýðir: „Athuga verður nánar útvarpstilskipun Evrópubandalagsins.“ Eiga útvarpstilskipanir Evrópubandalagsins að fara að gilda hér á landi? Ég spyr. Hvað þýðir þetta? Eigum við að ganga undir einhverjar útvarpstilskipanir Evrópubandalagsins? Það getur varla verið að svo lágt verðum við settir. En þetta þarf skýringar við.

Hér segir síðan í 12. lið að óunnið sé starf varðandi búsetu- og atvinnuréttindi. Hæstv. ráðherra kom inn á það og ég skildi það svo á hans orðum að þar gilti það sem við hefðum talað um að við hefðum þar fyrirvara og gætum stöðvað óæskilegan eða of mikinn flutning á vinnuafli til landsins og ég segi enn að ég treysti því að svo verði.

Í 13. lið segir: „Þeir [þ.e. hæstv. ráðherrar] tóku fram að samkomulag hefði náðst um það að á nokkrum sviðum almenns eðlis þar sem samþykktir bandalagsins verða teknar upp af EFTA-löndunum munu almennt gilda aðlögunartímabil í allt að tvö ár.“ Og síðan segir innan sviga: Félagaréttur, félagsmálastefna, umhverfisstefna. Hér er innan sviga fjallað um mjög stór mál. Hvað þýðir þetta? Er hér komið inn á t.d. rétt verkalýðsfélaganna og skipulag á þeim sviðum? Er hér hugmyndin að það sem gildir hjá okkur verði fellt undir reglur EB, sem ég held einnig að séu æði slakar? Þetta hlýtur náttúrlega að vera mál sem þarf langtum nánari skýringa við. Ég hélt satt að segja að allt sem þarna er, eins og félagsmál, félli utan við þennan samning á viðskipta- og efnahagssviðinu og vil að sjálfsögðu vara mjög við því, öllu sem tengist okkar velferðarkerfi og félagslegum rétti sem hér er verður að vera haldið þarna utan við. Það eru hlutir sem við Íslendingar erum vonandi allir stoltir af og þurfum enn að bæta til að auka það jafnrétti sem hér er og jafnræði með þegnum þessa lands. Þar má engu glata, heldur þarf miklu frekar meira að vinna. Ég vil því gjarnan fá nánari skýringar á því.

Um landbúnaðarafurðir var fjallað, um það var rætt áður. Ég held að það væri æskilegt að kæmi hér fram hvaða 4–5 afurðir þetta eru. Listi var lagður fram. Ég hef hann ekki hér en ég tel að það væri afar æskilegt að menn hafi það fyrir framan sig og geti metið það.

Þá segir einnig í 14. gr.: „Sérstaklega verður unnið að því marki að afnema viðskiptahindranir af völdum reglugerða um heilbrigði dýra og jurta. Að því er hið síðastnefnda varðar munu EFTA-löndin taka yfir að svo miklu leyti sem unnt er samþykktir Evrópubandalagsins.“ Heilbrigði dýra og jurta. Það felst mikið í þeim fáu orðum. Við höfum hingað til staðið mjög ötullega gegn því t.d. að leyfa innflutning á jurtum og dýrum sem gætu flutt með sér sjúkdóma hingað til lands. T.d. hefur það verið talinn einn ávinningur okkar Íslendinga á sviði gróðurhúsaræktar að hér eru ýmsir af þeim sjúkdómum, sem hafa nánast lagt slíkan iðnað að velli erlendis, ekki til. Og það er afar mikils virði fyrir framtíð þessarar iðngreinar að slíkum sjúkdómum verði alls ekki hleypt inn í landið. Ég tala nú ekki um t.d. sjúkdóma eins og gin- og klaufaveiki. Á að fara að hleypa hér inn dýrum? Ég veit að það á ekki að flytja inn kjöt, ekki a.m.k. af dauðum dýrum, en á að fara að flytja hér inn dýr sem gætu valdið því að slíkir sjúkdómar flyttust til landsins, svo að ég nefni dæmi? Þarna er náttúrlega um afar stórt mál að ræða sem ég veit t.d. að hæstv. landbrh., sem nú sýnir okkur þá virðingu að vera hér, hlýtur að bera mjög fyrir brjósti og standa ötullega gegn.

Rætt hefur verið nokkuð um fjárhagsstofnun, eins konar byggðasjóð hefur mér skilist. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt þá er ætlunin að hann verði tímabundinn. Ég held að það væri fróðlegt að vita hve mikið við Íslendingar ættum að greiða í slíkan sjóð t.d. Vonandi fer ekki allur þessi ávinningur sem hefur verið reynt að meta í slíkan sjóð.

Ég get einnig tekið undir það með hæstv. ráðherra að það er vissulega gott að fá inn öryggisákvæði sem hægt er að beita almennt og ég held að það sé nú betra, ég er honum sammála, en að það væri bundið við ákveðnar greinar. Þó eru þarna atriði sem þarf að ræða miklu betur. Í þessari grein segir: „. . . beita í hvert skipti sem alvarleg efnahagsleg, þjóðfélags- og/eða umhverfisvandamál í atvinnugrein eða í héraði væru að koma upp.“ Það er þetta „í héraði“, „í atvinnugrein eða í héraði“, á þetta ekki örugglega við land í heild sinni eins og Ísland? Kannski kalla þeir Ísland bara hérað. (**Utanrrh.:** Nei.) Nei, jæja, það er gott að heyra það að við erum ekki skráðir sem hérað. En sem sagt, það er vitanlega afar mikilvægt að þarna sé ekki nokkur minnsti misskilningur og þetta geti í raun gilt fyrir Ísland, sem er náttúrlega ekkert meira en lítið hérað í þessum stóru löndum í raun og veru, svo að þetta verður að vera mjög opið ákvæði og gilda fyrir hverja þá röskun, umtalsverða röskun sem gæti orðið hér af framkvæmd þessa samnings. Ég styð þetta ákvæði en vil gjarnan hafa það vel útfært.

Þá er í 19. gr. fjallað um aðild okkar að ýmissi ákvarðanatöku. Þar ætlar EB í góðvild sinni, þegar það undirbýr tillögur, að leita til sérfræðinga EFTA-landanna á sama hátt og til sérfræðinga aðildarríkjanna. Hvað þýðir þetta? EFTA-löndin eru öll hópuð saman sem eitt aðildarríki að þessu leyti, jafnrétthá. Ég vil ætla að við séum miklu rétthærri í raun og veru. Nú hefur verið talað um það að þarna séu 2000 nefndir og okkur hraus hugur við því í fyrri ríkisstjórn að senda sérfræðinga í þær allar. Að vísu sagði einhver að það væri kannski gott að losna við 2000 manns ef mætti velja þá, en ég veit ekki hvort við treystum ríkisstjórn hver sem hún er til þess. Hvað þýðir þetta? Hvað er það í raun og veru mikið bákn sem menn eru að ræða um að taka þátt í? Hafa menn reynt að gera sér nánari grein fyrir því hvernig Íslendingar gerðu það?

Dómstólinn mætti vitanlega mjög mikið ræða. Ég sagði áðan að ég hef talið, og þó að ekki hafi verið tekin endanleg afstaða til þess í Framsfl., þá höfum við almennt talið óhjákvæmilegt að hafa einhvern slíkan úrskurðaraðila í deilum. Hins vegar er afar mikilvægt jafnframt að takmarka þau málefni sem fara fyrir slíkan dómstól. Hjá því verður ekki komist að takmarka það mjög. Þau eru talin hér upp í þremur liðum en því miður leyfir tíminn það varla að ég fari ítarlega í það. En er það rétt sem ég skil að þar sé eingöngu um að ræða deilur sem varða samninginn sjálfan, ekki t.d. nýjar ákvarðanir í framtíðinni sem EB vill að gildi fyrir EES? Alls ekki t.d. ef eitthvert af EFTA-ríkjunum kýs að samþykkja alls ekki slíkar reglur. Slíkt má að sjálfsögðu alls ekki fara fyrir neinn dómstól. Það er ekkert yfirþjóðlegt vald sem við Íslendingar getum samþykkt í því sambandi.

Hér segir svo í 23. gr. að reglur EES skuli hafa forgang í þeim tilfellum sem þær rekast á við önnur ákvæði innri löggjafar EFTA-ríkjanna. Þetta er auðvitað mjög umhugsunarvert ákvæði og getur aldrei komið til framkvæmda í raun nema löggjafarþing EFTA-ríkjanna hafi þá samþykkt það. Þá skil ég það. Ef eitthvert ákvæði, hvort sem það er í upphaflega

samningnum eða nýjum ákvæðum, hefur verið samþykkt af viðkomandi EFTA-ríkjum, þá er það að sjálfsögðu orðið ný lög þess ríkis. Ég held að við þurfum að skoða þetta vandlega.

Ég vil aðeins nefna það hér sem tengist þessum Evrópumálum, að ég hef heyrt það á ráðherrum, a.m.k. Sjálfstfl., að ætlunin sé að tengjast ECU, hinni evrópsku mynt. Og vitanlega er það rétt að með því er skapaður stöðugleiki í gengismálum. En ég vil aðeins varpa því hér fram að menn athugi þetta mjög vandlega áður en það er gert því að staðreyndin er vitanlega sú, sem reyndar kom fram í athyglisverðri ræðu þó að það væri ekki beint fjallað um þetta, athyglisverðri ræðu formanns Vinnuveitendasambandsins, að hér gilda viss grundvallaratriði sem eru töluvert önnur. T.d. gildir alls ekki stöðugleiki hér í sjávarútvegsmálum, sem er grundvallaratriði í þessu sambandi. Hvernig ætla menn þá að mæta þeim sveiflum sem kunna að verða í sjávarútvegsmálum?

Við leituðumst við að hafa gengið fast á árunum 1987–1988 með mjög slæmum afleiðingum. Og sjávarútvegurinn taldi það eina af meginorsökum þeirra erfiðleika sem þá voru að gengið hefði ekki hreyfst þegar afli dróst saman. Hafa menn hugleitt það? Hvernig ætla menn þá að mæta slíku? Ég vil aðeins varpa því hér fram þó það sé ekki kannski beint spurning til hæstv. utanrrh.

En að lokum aðeins þetta. Margir eru með töluverða glýju í augum yfir þessu Evrópska efnahagssvæði. Ég sagði áðan að ég varð dálítið hugsi þegar ég hafði lesið þessar viðamiklu skýrslur og fór að velta því fyrir mér hvort ávinningurinn væri í raun svo mikill umfram það sem við höfum fengið með bókun 6 og ég hef hér aðeins nefnt og skal ekki rekja aftur. Þó að ég viðurkenni að ávinningurinn er nokkur og þó að ég segi að við þurfum að opna okkar efnahagslíf og auka okkar samstarf með öðrum þjóðum, og ég hef sjálfur flutt frv. um erlenda fjárfestingu sem er raunar bylting á því sviði, og við framsóknarmenn teljum að við eigum að efla slíkt samstarf og við eigum að bjóða erlendum aðilum að vinna með okkur og ýmsum atvinnugreinum, þá vara ég við því að setja eggin okkar öll í eina körfu. Og ég vara við því t.d. með slíkum samningum að glata mikilvægum markaði í Bandaríkjunum eða í Japan og á því svæði. Ég held nefnilega að þegar menn meta ávinninginn af því að tengjast Evrópsku efnahagssvæði verði þeir einnig að gæta þess mjög vandlega að halda þeim ávinningi sem er á öðrum markaðssvæðum. Og nú þegar dollarinn hefur hækkað hefur þetta svæði dregið til sín stöðugt meiri fisk frá þessu landi. Við megum alls ekki lokast þarna innan múra og eiga ekki afturgengt.

Þetta skulu vera mín síðustu orð í þessari umræðu nú. En þó vil ég segja það að ég tel þau e.t.v. þau mikilvægustu í málinu öllu.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans hér í Sþ. og hæstv. forseta fyrir að leyfa þessa umræðu.

Tilefni umræðunnar er yfirlýsing utanríkisráðherrafundarins frá því 13. maí í Brussel. Sú yfirlýsing kom mér e.t.v. ekki neitt sérstaklega á óvart þó mér fyndist hún verri en ég var þó að vona. Hins vegar virðist mér að farið sé að renna upp ljós fyrir ýmsum um eðli og innihald þessara samninga sem þó hefur legið skýrt fyrir frá því að könnunarviðræðunum lauk fyrir meira en ári síðan. Kvennalistinn mótaði þá þegar stefnu um það að Ísland ætti ekki að keppa að því að gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Meginástæðurnar fyrir því komu m.a. fram í séráliti mínu í sjöunda riti Evrópustefnunefndar Alþingis sem var gefið út í maí 1990 og vil ég nefna helstu atriðin fyrir því áliti.

Með samningnum taldi ég að Ísland væri augljóslega að afsala sér valdi til yfirþjóðlegra stofnana á mjög mikilvægum sviðum þjóðmála. Í samningum um Evrópskt efnahagssvæði felst að Ísland yrði að yfirtaka meiri hlutann af núverandi réttargrundvelli Evrópubandalagsins, þ.e. 1400 lagabálka úr samþykktum Evrópubandalagsins að því er varðar innri markaðinn og fjórfrelsið svonefnda. Fyrri ríkisstjórn hafði samþykkt að gangast undir þessi lög, sem eru að því er mér skilst liðlega 60% af öllum lagagrunni Evrópubandalagsins. Þessi lög og reglur bandalagsins yrðu þá æðri íslenskum lögum á sama hátt og sérstakur evrópskur EES-dómstóll yrði í raun hæstiréttur í málefnum að því er varðar allt samningssviðið. Með þessum samningum væru Íslendingar í raun að afsala sér bæði löggjafar- og dómsvaldi í ríkum mæli. Slíkt afsal stangast að mínu mati á við ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 2. og 61. gr.

Í upphafi komu fram ýmsir fyrirvarar varðandi þessa samninga af hálfu Íslendinga en þeim hefur smám saman fækkað og nú eru engir eftir. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði væru Íslendingar að ganga hálfa leið og vel það inn í sjálft EB ásamt öðrum EFTA-ríkjum án þess þó að hafa nokkur raunveruleg áhrif á þróun mála þar eð EB hleypir EFTA-ríkjunum hvergi að ákvarðanatöku innan sinna vébanda. Með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði væru Íslendingar að einangra sig til frambúðar frá öðrum hlutum heimsins en Evrópu. Þetta voru aðalástæðurnar fyrir því að Kvennalistinn tók þá afstöðu að Ísland ætti ekki að gerast aðili að EB, sem er raunar sama álit og aðrir hafa, en við töldum heldur ekki að Íslendingar ættu að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þar sem við töldum að þetta væri svo stórt skref inn í EB að við ættum ekki að taka það.

Í umræðunni hérlendis að undanförnu hefur verið fjallað um þetta mál eins og það væri nær einvörðungu spurningin um tollfrjálsan aðgang okkar fyrir fiskafurðir á markaði EB. Varla hefur verið minnst á þá þætti sem ég hef hér áður talið, þ.e. yfirtöku okkar á reglum innri markaðarins með öllu sem þeim fylgir. Að mínu mati er það með öllu ótæk málsmeðferð sem er eingöngu til þess fallin að fela fyrir almenningi, og stjórnmálamönnum einnig, aðalatriði málsins. Þetta passar hins vegar vel fyrir þá sem hlynntir eru því að óheft frelsi fyrir fjármagn og markaðsöfl Vestur-Evrópu nái einnig til Íslands. Sannleikurinn er sá að

með Evrópsku efnahagssvæði væri verið að veita 350 millj. manna sama rétt hér á landi og okkur sem teljumst Íslendingar. Er þetta það sem við viljum?

Ég vil benda á það að þótt hagfræðingar margir hverjir hafi sýnt fram á að hagvöxtur mundi aukast svo og svo mikið á svæðinu öllu með frjálsum fjármagnsflutningum þá eru þeir mjög margir sem efast um þá útreikninga og enn fleiri sem benda á að frjálsir fjármagnsflutningar geta haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir jaðarsvæði eins og Ísland mundi verða innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hefur oft verið bent á dæmi frá Suður-Ameríku þar sem það hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar að hleypa lausu frelsi fjármagnsins. Innan Evrópubandalagsins hefur t.d. Írland farið mjög illa út úr aðild sinni að Evrópubandalaginu. Þar hefur ekki eingöngu mikið fjármagn streymt burtu, heldur hefur atvinnuleysi verið þar mjög mikið, viðvarandi atvinnuleysi upp á 17% núna í langan tíma, auk þess sem fólk flytur þar í stórum stíl í burtu. Jaðarsvæði, eins og Írland virðist vera innan Evrópubandalagsins, fara því illa út úr þessu og það eru mjög margir sem benda á að Ísland muni lenda í því sama ef við gerumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Enn fleiri benda á að hinar dreifðu byggðir Íslands mundu fara mjög illa út úr því, enn verr en suðvesturhornið.

Ef við lítum aðeins yfir sögu þessa máls er það saga mikilla blekkinga. Alþfl. hefur frá byrjun haft forustu í þessu máli. Hann hefur dregið vagninn og notið til þess stuðnings bæði Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og, það sem afdrifaríkara var, einnig Framsfl. og Alþb. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Forsrh. í síðustu ríkisstjórn, hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson, margítrekaði bæði fyrir og eftir alþingiskosningarnar nú á dögunum að, eins og hann orðaði það, ekki kæmist hnífurinn á milli hans og utanrrh. í afstöðu til EES-samninganna og vitnaði til þess hér áðan úr þessum ræðustól. Alþb. var að vísu að nefna einhverja fyrirvara en í reynd veittu þeir utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni ótakmarkað umboð til samninga fyrir hönd Íslands. Fulltrúi Alþb. í Evrópustefnunefnd, Hjörleifur Guttormsson, lýsti sig að vísu ætíð andvígan samningaviðræðunum, en ráðherra flokksins, þó sérstaklega formaðurinn, sóru þá afstöðu jafnharðan af sér þannig að það var í raun einungis þingflokkur Kvennalistans sem á síðasta kjörtímbili hafði eindregna og skýra afstöðu á móti stefnu utanrrh. í málinu. Í samræmi við það óskaði Kvennalistinn þegar í upphafi þessa vorþings eftir umræðum utan dagskrár um þróun samningaviðræðna um Evrópska efnahagssvæðið sem við erum nú að ræða sem betur fer.

Upphaf þessa máls má rekja allt til mars 1989. Þá komu utanríkisráðherrar og forsætisráðherrar EFTA-ríkjanna saman í Ósló. Það var birt sameiginleg yfirlýsing með ýmsum fyrirvörum forsrh. Forsrh. hélt ræðu þar sem kom fram að Ísland yrði að gera fyrirvara að því er varðaði fjármagnsflutninga, flutninga á fólki og um yfirþjóðlegar stofnanir. Þetta voru yfirlýsingar sem ég taldi mjög mikilvægar og var í raun ekki mjög áhyggjufull eftir að hafa heyrt hversu ákveðið þáv. forsrh. tók á þessu máli að því er varðaði fyrirvara Íslands. En því miður var ekkert gert með þessa yfirlýsingu í könnunarviðræðunum við Evrópubandalagið. Kom það afar skýrt fram í skýrslu utanrrh. sem hann gaf þinginu í nóvember árið 1989 og einnig í umræðum um hana. Eftir að samningaviðræðurnar hófust var heldur ekkert gert með yfirlýsingu forsrh. landsins. Það er hægt að lesa það greinilega í Alþingistíðindum, bæði í ummælum hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. í þáv. ríkisstjórn, sem eru einnig í þessari ríkisstjórn, þar sem þeir marglýstu því yfir að engir fyrirvarar hefðu verið gerðir eða mjög óverulegir fyrirvarar hefðu verið gerðir af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. Og í bókun sem ríkisstjórn Íslands gerði 29. nóv. 1989 kom fram að utanrrh. var veitt mjög víðtækt umboð. Þó stendur þar að utanrrh. muni taka áfram þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum sem, orðrétt, með leyfi forseta: „byggðar verði á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram." Og síðan túlkaði hæstv. utanrrh. þessa fyrirvara og þeir voru fyrst og fremst um fjárfestingar erlendra aðila í fiskiskipum á Íslandi og um fólksflutninga. Í Alþingistíðindum 29. okt. í haust þar sem verið var að ræða þetta kemur þetta mjög greinilega fram þar sem hann var spurður um þá fyrirvara sem settir höfðu verið og það kemur, með leyfi forseta, orðrétt:

„Við settum fyrirvara um rétt erlendra aðila til fjárfestingar og eignarréttar í fyrirtækjum sem nýttu auðlindir okkar, bæði að því er varðar sjávarútveg, aðallega fiskveiðar, og orkugeirann." Það eru engir aðrir fyrirvarar. Síðan kemur aðeins síðar að settir hafi verið fyrirvarar um fjárfestingar en einungis á aðlögunartíma fyrir banka um verðbréfaviðskipti og tryggingar. Og að því er varðar fjölmiðlun fyrir þýðingarskyldu og að því er sneri að fjarskiptum og gagnaflutningskerfum. Það voru einungis tímabundnir fyrirvarar en hinir fyrirvararnir voru eingöngu að því er varðaði rétt erlendra aðila til fjárfestinga í fiskiskipum. Þar var ekki talað um neina frumvinnslu sjávarafla sem þó var oft talað um og komið hefur fram í máli hv. 7. þm. Reykn. sem var forsrh. í fyrrv. ríkisstjórn. Það kom aldrei fram af hálfu utanrrh. að hann teldi þetta vera neina fyrirvara. Síðan voru líka fyrirvarar að því er varðaði fólksflutninga og þá var vísað til Norðurlandaákvæðisins, en mér heyrðist að væri hugmyndin að falla frá því núna, eða svo virtist vera í máli hæstv. utanrrh. áðan.

Það kom einnig fram í viðtali við hæstv. utanrrh. mjög greinilega, t.d. í viðtali í Tímanum miðvikudaginn 17. jan. 1990 segir utanrrh.: „Fyrirvararnir verða að byggjast á því að við fáum viðurkenningu á reglum um fríverslun með fiskafurðir sem er milljarðamál", sem reyndar er fallið frá líka, „og í öðru lagi getum við fallist á sameiginlegan fjármagnsmarkað með þeim fyrirvara að við getum ekki samþykkt eignarrétt erlendra fyrirtækja að því er varðar þær auðlindir sem við byggjum tilveru okkar á, þ.e. sjávarútveginn og orkuiðnaðinn." Þarna er alveg greinilegt að utanrrh. gerði aldrei neitt með þá fyrirvara sem forsrh. gerði þá og þeim ummælum sem bæði utanrrh. og viðskrh. höfðu úr þessum ræðustól var aldrei mótmælt hér á

þinginu af hálfu annarra í ríkisstjórninni.

Það ætti því í raun ekkert að koma á óvart af því sem stendur í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar EB og EFTA í Brussel þó að málið sé að vísu enn svartara en ég bjóst við. Ég bjóst ekki við þessu svona slæmu. En ef við lítum aðeins nánar á þessa yfirlýsingu þá kemur fram í henni margt merkilegt sem ástæða er til að spyrja um og kom ekki fram í máli hæstv. utanrrh. áðan. Í lið 4 segir að þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu að leiðir virtust færar til úrlausnar á þeim atriðum sem enn væru eftir. Ég les það út úr þessu að þarna sé verið að höfða til sjávarútvegshagsmuna og það kom reyndar fram hér áður og þarna virðist það vera mat ráðherranna að leiðir séu færar. Ég heyrði ekki betur og vona að það sé rétt að því hafi verið algerlega hafnað af hálfu Íslendinga að leyfa fiskveiðar inni í landhelgi Íslands þó að mér finnist að vísu ráðherrann gefa ansi undir fótinn í þeim viðtölum sem ég hef hlustað á varðandi veiðiheimildir erlendra aðila. En ég vona að þetta atriði standi. Því miður heyrði ég í einu útvarpsviðtali að hæstv. utanrrh. virðist geta hugsað sér að veita veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu.

Fljótlega eftir þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gerði, sem hæstv. utanrrh. las hér áðan, þá birtist við hann viðtal í útvarpinu þar sem hann sagði, með leyfi forseta, þegar verið var að ræða um sjávarútvegshagsmunina:

„Því næst gætu auðvitað komið til greina óskir frá EB um einhvers konar samstarfssamning. Við erum eina þjóðin sem hefur ekki samstarfssamning við þá um sjávarútvegsmál almennt." Síðar í þessu viðtali sagði hæstv. ráðherra: „Og þegar um er að ræða sameiginlega stofna, þá gætum við hugsanlega boðið upp á samning um sameiginlega nýtingu á slíkum stofnum en ég orða ekki slíka hluti nema bara privat við ykkur," sagði ráðherrann í útvarpsviðtali einn morguninn. Það er von að menn hlæi, að hann láti sér detta í hug að þetta sé prívatsamtal.

Mér þótti mjög slæmt að heyra þetta og bjóst við því að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson mundi stökkva upp á nef sér því að hann hefur yfirleitt ekki látið hjá líða að mótmæla kröftuglega ef einhver hefur látið sér detta í hug að nefna slíkt. Það var hans háttur á síðasta kjörtímabili og kom mér mjög á óvart að heyra ekki hávær mótmæli frá honum sem og öðrum við þessi ummæli því mér þótti þetta gefa ýmislegt undir fótinn. (**Gripið fram í:** Hann hefur ekki heyrt þetta.) Væntanlega ekki heyrt það, en þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvað þarna er á ferðinni og þegar talað var um að leiðir virtust færar til úrlausnar í 4. lið þessa samkomulags, hvort hann hafi hugsanlega komið með þetta sem hann nefndi prívat í útvarpinu. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Ég veit ekki hvort ráðherrann heyrir til mín en ég vona að hann sjái sér fært að svara þessu. Hann hefur að vísu oft látið hjá líða að hlusta á það sem ég hef sagt og ekki svarað því sem ég hef spurt um, en ég kem þá bara aftur og spyr hann ítrekað ef hann hefur ekki heyrt það sem ég segi. Mér þykir mjög nauðsynlegt að fá að vita hvað hann meinti í þessu prívatsamtali sem hann hafði við fréttamanninn og hvort hann hafi kannski orðað þetta á fundinum 13. maí í Brussel.

Ég get ekki lesið annað út úr 6. lið þessarar samþykktar en að þarna sé verið að koma upp yfirþjóðlegri stofnun, þ.e. talað er um að koma eigi á fót sjálfstæðri EFTA-stofnun sem hafi samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins. Það vita allir sem vilja vita að þetta er ekkert annað en að færa verulegt vald til yfirþjóðlegra stofnana frá íslenska stjórnkerfinu. Alþingi er þarna að afsala sér miklu hlutverki ef þessi stofnun á að vera eitthvað í líkingu við það sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins er. Þarna er því greinilega verið að afhenda völd frá okkur til yfirþjóðlegra stofnana.

Ég tek líka eftir því að í 8. lið er talað um að samningurinn muni fela í sér aukið samstarf í tollamálum. Hæstv. utanrrh. margítrekaði það hér áðan að það væri langt frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið væri eitthvað í líkingu við Evrópubandalagið og tók sérstaklega fram að þarna væri ekki um tollabandalag að ræða. En mér finnst þarna vera gefið undir fótinn með það að þarna eigi að vera meira samstarf í tollamálum og ég vil gjarnan inna hann eftir hvað þarna er á ferðinni.

Í 10. lið yfirlýsingarinnar segir orðrétt: „Þeir fögnuðu enn fremur því samkomulagi sem náðst hefur í tengslum við hindrunarlausa fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipti. EFTA-löndin munu taka upp viðeigandi samþykktir Evrópubandalagsins frá 1. jan. 1993 með þeim undantekningum þó að um vissa þætti munu gilda aðlögunartímabil. Þau EFTA-ríki sem í hlut eiga munu beita núgildandi löggjöf sinni um fjármagnsflutninga frjálslega á aðlögunartíma." Mér finnst það mjög merkileg yfirlýsing að það eigi að fara að beita löggjöf frjálslega. Það er kannski í stíl við það sem nú þegar hefur verið gert þegar gefin var út reglugerð af hálfu viðskrh. um frjálsa fjármagnsflutninga sem gengu að flestra mati mjög á svig við lögin, ef reglugerðin var ekki hreint lögbrot eins og ég taldi nú raunar. Það er kannski það sem menn eiga við að ekki verði farið eftir lögum í nokkur ár þannig að það eigi að vera í lagi að gera slíka hluti. Því verð ég að vísa á bug.

Ég hnaut einnig um það sem kom fram í máli fyrri ræðumanns sem talaði á undan mér og kemur fram í 14. lið að sérstaklega verði unnið að því marki að afnema viðskiptahindranir af völdum reglugerða um heilbrigði dýra og jurta. Þar sem hæstv. landbrh. er nú staddur hér og hlýðir á mál mitt langar mig til að vita hvort ætlunin er að slaka eitthvað á reglum um innflutning á dýrum og jurtum vegna þess að þetta er okkur mjög mikilvægt. Á Íslandi hafa gilt mjög strangar reglur og reyndar hafa gilt líka strangar reglur á öðrum Norðurlöndum. En við höfum haft mikla sérstöðu á þessu sviði og okkur hefur tekist nokkuð vel að halda vissum dýra- og plöntusjúkdómum fyrir utan landið af því að við höfum þá sérstöðu að geta reist skorður við innflutningi. Mér leist því ekki á þetta atriði í yfirlýsingunni og vona að ekki eigi að slaka neitt á þeim

kröfum sem við höfum haft varðandi þetta atriði.

Í 16. lið yfirlýsingarinnar er talað um fjárhagsstofnun sem væntanlega er þessi þróunarsjóður sem talað er um að við eigum að greiða í. Það eru alveg ný sannindi fyrir mér að þetta ætti að vera kannski fjögurra ára sjóður og ég hefði gjarnan viljað fá nákvæmari upplýsingar um þennan sjóð og hver framlög Íslendinga eiga að vera í hann. Eitthvað hefur verið talað um 170 millj. kr. á ári. Ég veit ekki hvort þær tölur eru réttar eða eftir hverju á að fara varðandi þennan sjóð og hverjir eiga að hafa yfirráð yfir honum.

Í 18. lið er raunverulega það sem eftir er af fyrirvörum Íslands, þ.e. um öryggisákvæði þegar alvarleg efnahagsleg, þjóðfélags- og/eða umhverfisvandamál í atvinnugrein eða í héraði væru að koma upp. Og hver á að meta þetta? Hefur verið reynt að leggja eitthvert mat á það hvað „alvarleg" þýðir?

Í 19. lið er einnig talað um aðild EFTA-landanna að nýjum samþykktum Evrópubandalagsins. Mér þykja þau ákvæði æði veikburða ef þau eiga að vera það sem á að duga fyrir EFTA-löndin til þess að fá aðild að frekari lögum og samþykktum eftir að samningur hefur verið gerður. Ég tel það allsendis ófullnægjandi ef þetta á að vera aðild EFTA-landanna að ákvarðanatökuferlinu.

Það sem er kannski það alvarlegasta í þessari yfirlýsingu kemur fram í 22. og 23. lið þar sem talað er um að lög og reglur svæðisins eiga að vera æðri lögum landanna sem og að dómstóllinn verði eins konar hæstiréttur yfir lögrétti Evrópuríkjanna, en ekki er hægt að lesa annað út úr þessu. Vil ég benda á að Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, telur að þetta ákvæði stangist á við stjórnarskrá Noregs og það þurfi aukinn meiri hluta á þinginu til þess að þessi samningur gæti verið samþykktur þar vegna þessara ákvæða. Ég tel það ljóst að ef af þessu verður gangi það í berhögg við íslensku stjórnarskrána, það sé ekki hægt að samþykkja þetta. Það er í samræmi við álit ýmissa annarra. Í sjónvarpinu í gær var viðtal við Gunnar G. Schram lögfræðiprófessor þar sem hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef við gerumst aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þá er náttúrlega ljóst að í öllum þeim efnum sem það tekur til, en það er mjög breitt svið efnahagslífsins, þá verður þarna um hæstarétt að ræða ef upp koma deilumál sem skotið er til þessa dómstóls í Lúxemborg. Það sýnir að hann hefur endanlegt dómsorð og við sem önnur aðildarríki yrðum þá að hlíta dómum þessa nýja alþjóðlega dómstóls."

Þetta er hans álit og ég vil benda á að Stefán Már Stefánsson prófessor hefur einnig haft svipaðar skoðanir um það að ef um svona dómstól yrði að ræða, þá þyrfti að gera breytingar á íslensku stjórnarskránni.

Ég vil, virðulegur forseti, að lokum leggja áherslu á það að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er fyrst og fremst verið að semja um að afnema landamæri milli ríkja þannig að þeir sem eiga fjármagn geti farið með það þangað sem talið er hagkvæmast að fjárfesta og stofna fyrirtæki. Einnig er gert ráð fyrir óheftum vöruviðskiptum með iðnaðarvörur en viðskipti með sjávarafurðir eru ekki frjáls. Aðild að Evrópubandalaginu er að mati okkar kvennalistakvenna ekki kostur fyrir Íslendinga. Aðild að Evrópsku efnahagssvæði er stórt skref inn í EB eins og ég hef hér rakið. Þess vegna hefur Kvennalistinn ekki aðeins lýst yfir andstöðu við aðild Íslands að EB heldur höfum við lýst andstöðu við aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði þegar það er haft í huga hversu víðtækur sá samningur á að vera og hefur nú komið í ljós að hann gengur miklu lengra heldur en nokkurn hafði grunað. Ég tel að það sé mjög eðlilegt fyrir okkur að hafa góð samskipti við EB eins og við höfum haft en við megum ekki hefta okkur, við megum ekki loka okkur inni á einum markaði, við verðum að gæta þess að við lokum engum leiðum.

Fyrir nokkrum árum fór meiri hlutinn af okkar fiskútflutningi á Bandaríkjamarkað en hin síðari ár hefur EB-markaðurinn tekið við stærstum hluta hans. Nú hefur þetta örlítið verið að snúast við, þ.e. Bandaríkjamarkaður hefur glæðst aftur og hann getur orðið okkur mikilvægur sem og markaðir í Austur-Evrópu og Asíu. Við þurfum því að gæta þess vel í samskiptum við aðrar þjóðir að binda okkur ekki fast í efnahagsheildir hvort sem þær heita Evrópubandalag eða Evrópskt efnahagssvæði heldur eigum við að líta til fleiri átta.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni áðan minnti hæstv. utanrrh. á sjónvarpsþátt sem var á dagskrá í Ríkissjónvarpinu í janúarmánuði sl. Í þeim þætti voru formenn allra flokkanna. Þar fóru fram ítarlegar umræður um Evrópubandalagið, Ísland og Evrópskt efnahagssvæði.

Ég minnist þessa þáttar líkt og hæstv. utanrrh. Ég lagði það á mig í gærkvöldi að hlusta á hann á nýjan leik til þess að hafa það í fersku minni hvað sagt var í þeim þætti. Og það var fróðlegt og athyglisvert. Þar kom m.a. fram hjá hæstv. utanrrh. að ekki kæmi til greina að gera samning um Evrópskt efnahagssvæði sem fæli í sér yfirþjóðlegt vald. Það voru satt að segja lokaorð hæstv. utanrrh. í þeim þætti að það yrði ekki gerður samningur af hálfu Íslands ef í honum fælist fullveldisafsal í hendur yfirþjóðlegra stofnana.

Í þessum þætti greindi ég frá þeirri afstöðu sem við ráðherrar Alþb. höfðum innan síðustu ríkisstjórnar, að afstaðan til Evrópsks efnahagssvæðis færi eftir því hvað í samningunum yrði endanlega. Og í þættinum var á það minnt að Evrópskt efnahagssvæði væri ekki veruleiki eins og Danmörk, Svíþjóð eða Noregur heldur væri Evrópskt efnahagssvæði hugtak, það væri samningaverkefni sem verið væri að vinna að. Það væri á engan hátt fullmótað og hin endanlega afstaða færi eftir því hver yrði niðurstaðan í samningunum. Það hefur verið gallinn við umræðuna hér á landi að ýmsir hafa haft tilhneigingu til þess að ræða um Evrópskt efnahagssvæði eins og því væri nú þegar eða hefði jafnvel í langan tíma verið gefin stærð.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fyrrv. forsrh., gerði hér á mjög greinargóðan hátt grein fyrir því

hvers konar fyrirvarar og efasemdir voru innan síðustu ríkisstjórnar um margvíslega þætti samninganna. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara yfir það mál hér heldur vil eingöngu ítreka stuðning minn og samþykki við það sem hv. alþm., fráfarandi forsrh., Steingrímur Hermannsson lýsti hér mjög rækilega og ítarlega í sinni ræðu.

Það var ýmislegt fleira sem setti svip sinn á vinnu síðustu ríkisstjórnar að þessum samningamálum. Fyrirvarar og efasemdir með skörpum hætti varðandi rétt útlendinga til þess að eignast land og landsins gæði á Íslandi, fyrirvarar um það að við mundum ekki selja í hendur erlendra stofnana eða alþjóðlegra stofnana fullveldisrétt íslensku þjóðarinnar og annað það sem snertir þá grundvallarafstöðu fráfarandi ríkisstjórnar sem hæstv. utanrrh. lýsti þá, og reyndar lýsti aftur hér í dag eins og ég mun koma að síðar, að ekki væri verið að láta af hendi neinn fullveldisrétt, það hefur verið sú afstaða sem hæstv. utanrrh. hafði innan síðustu ríkisstjórnar og lýsti enn á ný hér í dag.

Vandi málsins er hins vegar sá að þegar lesin er yfirlýsing utanríkisráðherrafundar Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna þá stangast sú yfirlýsing að því er virðist, og ég legg áherslu á orðin að því er virðist, á við þá fullyrðingu hæstv. utanrrh. að ekki sé verið að leggja drög að neinu fullveldisafsali. Sú yfirlýsing hæstv. utanrrh. stangast líka á við yfirlýsingar forsætisráðherra Noregs síðustu daga og yfirlýsingar forustumanna í Sviss, en bæði í Noregi og í Sviss telja menn að í þeim samningsgrundvelli sem nú liggur fyrir sé um að ræða slíkt fullveldisafsal að til þurfi að koma í Noregi aukinn meiri hluti þingmanna til þess að samþykkja slíkt og í Sviss eru miklar efasemdir um það hvort slíkt samrýmist sjálfstæði þjóðarinnar. Vandi okkar er þess vegna sá að vega það og meta á næstu vikum hvor hefur rétt fyrir sér, forsætisráðherra Noregs og forustumenn ríkisstjórnarinnar í Sviss, sem fullyrða að um fullveldisafsal sé að ræða, eða utanrrh. Íslands. Vandi okkar er sá að við þurfum að vega og meta, hafa þeir íslensku stjórnlagaprófessorar sem kenna stjórnskipunarrétt og alþjóðalög við Háskóla Íslands, prófessorarnir Stefán Már og Gunnar G. Schram, sem báðir hafa fullyrt að í þeim samningsdrögum sem nú er verið að ræða sé um að ræða fullveldisafsal og ákvæði sem brjóta gegn íslensku stjórnarskránni, rétt fyrir sér í þeim fullyrðingum eða hefur hæstv. utanrrh. rétt fyrir sér þegar hann segir að svo sé ekki? Er það þannig, hæstv. utanrrh., að það hafi allir rangt fyrir sér í málinu nema hæstv. utanrrh.? Þar er vandi Alþingis að vega það og meta á næstu vikum. Og af því að nú gekk í salinn hæstv. forsrh., sem kvað upp þann úrskurð í síðustu viku að utanrrh. hefði oftúlkað eða með öðrum orðum rangtúlkað það samkomulag sem þeir höfðu gert, þá stöndum við á Alþingi frammi fyrir þeim vanda að vega það og meta: Eiga orð hæstv. forsrh. einnig við í þessum efnum, að hæstv. utanrrh. sé að oftúlka eða rangtúlka það sem í samningunum felst? Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu hér og nú vegna þess að hún er satt að segja svo alvarleg að það er ekki hægt að svara henni nema að undangenginni mjög ítarlegri athugun á þessu stærsta máli sem Alþingi Íslendinga kemur til með að fást við á næstu mánuðum. Og vegna þess misræmis sem þegar er komið í ljós í yfirlýsingum forsætisráðherra Noregs og forustumanna í Sviss annars vegar og utanrrh. Íslands hins vegar og vegna þess misræmis sem komið er í ljós milli skoðana fremstu íslenskra sérfræðinga á þessu sviði og túlkunar hæstv. utanrrh. hins vegar vil ég setja fram þá formlegu ósk hér strax í upphafi minnar ræðu að utanrmn., sem kjörin var hér í dag, hefji þegar í næstu viku ítarlega vinnu að þessu máli þar sem hún kalli formlega á vettvang utanrmn. þá innlenda sérfræðinga, prófessora í alþjóðarétti og stjórnskipunarrétti, sem fullfærir eru til þess að dæma um fullveldisafsal og sjálfstæði og stöðu íslensku þjóðarinnar. Ég tel einnig koma til greina að hæstv. utanrmn. kalli til sín erlenda sérfræðinga frá EFTA-ríkjunum og Evrópubandalagsríkjunum til þess að ræða þetta mál ítarlega því að að því er stefnt að ljúka samningunum í næsta mánuði. Þess vegna getur utanrmn. ekki beðið margar vikur eða mánuði eftir því að taka málið til ítarlegrar og formlegrar umfjöllunar. Ég vænti þess að nýkjörinn formaður utanrmn. verði við þessari formlegu ósk að nefndin hefji þegar í næstu viku formlega og ítarlega umfjöllun og könnun á þeirri yfirlýsingu sem utanríkisráðherrarnir staðfestu sl. mánudag og þeim drögum að samkomulagi sem liggja nú fyrir.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh. hvort skilja beri þá samþykkt, sem ríkisstjórn Íslands gerði 5. maí og hæstv. utanrrh. kynnti hér í upphafi sinnar ræðu, á þann veg að þar með hafi innan ríkisstjórnar Íslands verið fallið frá öllum þeim fyrirvörum og efasemdum og viðvörunum um annað en það sem snertir fiskinn og fjallað var ítarlega um innan síðustu ríkisstjórnar og hv. alþm. Steingrímur Hermannsson, fráfarandi forsrh., rakti að hluta til mjög ítarlega hér í sinni ræðu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki vikið að neinu öðru en fiski, eins og það sé það eina sem Ísland þurfi að athuga í þessu máli. En þessir samningar um Evrópskt efnahagssvæði snúast ekki bara um fisk, þeir snúast líka um fullveldi. Og af því að hv. alþm. Björn Bjarnason minntist þess í Morgunblaðinu á sínum fyrsta degi hér á Alþingi að sér hefði orðið hugsað í salnum til föður síns og afa sem sátu hér einnig í salnum, þá vil ég minna á það að baráttan fyrir íslensku fullveldi og íslensku sjálfstæði var meginhlutverk afa hv. þm., sem reyndar einnig er afi hæstv. landbrh., og ég vona að þessir tveir ágætu þingmenn, annar landbrh. og hinn nýkjörinn þingmaður Sjálfstfl. og nýkjörinn í utanrmn., hugleiði þá arfleifð rækilega í meðferð þingsins um þessi mál á næstu vikum. Því til lítils hefðu afkomendur Benedikts Sveinssonar komið í þennan þingsal ef það ætti að verða fyrsta verk hæstv. landbrh. sem ráðherra og fyrsta verk hv. þm. Björns Bjarnasonar sem þingmanns að láta af hendi til Brussel hluta af því fullveldi sem Benedikt Sveinsson og aðrar kynslóðir íslenskra forustumanna gerðu að meginverkefni lífs síns að ná í hendur þessarar þjóðar.

Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. forsrh. svari því alveg skýrt hér í þessum umræðum hvort skilja beri

samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 5. maí á þann veg að horfið hafi verið frá öllum þeim fyrirvörum og athugasemdum og viðvörunum sem giltu innan síðustu ríkisstjórnar vegna þess m.a. að hæstv. utanrrh. sagði í viðtölum við fjölmiðla eftir þennan fund ríkisstjórnarinnar að það væri meginátangi þessarar samþykktar að þá væru ekki lengur í gildi þeir fyrirvarar sem hefðu verið innan síðustu ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Í samþykkt og yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar Evrópubandalagsins og EFTA kemur alveg skýrt fram að ætlunin er að lög Evrópsks efnahagssvæðis verði æðri íslenskum lögum. Það kemur í öðru lagi skýrt fram að dómstóllinn sem á að taka til starfa á að hafa víðtækara vald gagnvart dómstólum EFTA-ríkjanna, þar með Hæstarétti á Íslandi, yfirvald, sterkari stöðu en Hæstiréttur Íslands, heldur en rætt hefur verið um í aðdraganda málsins fram til þessa. Í þriðja lagi kemur fram að hin nýja EFTA-stofnun eigi að hafa samsvarandi vald og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Það kemur fram í fjórða lagi, eins og hæstv. utanrrh. lýsti hér áðan, að erlendir menn eiga að hafa sama rétt til kaupa á landi og jörðum og gæðum hér á Íslandi og íslenskir ríkisborgarar og mun ég koma nánar að því síðar. Í fimmta lagi kemur fram að ætlunin er að hafa mun rýmri skipan á innflutningi á landbúnaðarvörum en rætt hafði verið um fram til þessa.

Það kemur í sjötta lagi fram að félagsréttindi og félagsmál og umhverfismál eiga að taka mið af skipan þeirra mála innan Evrópubandalagsríkjanna en ekki innan EFTA-ríkjanna, sem tvímælalaust er afturför frá því réttarríki og þeim umhverfisreglum sem við viljum festa í sessi hér á Íslandi, og þætti mér fróðlegt að vita hvort hæstv. félmrh. og hv. þm. Karl Steinar Guðnason eru sammála því að vinnumálalöggjöf Evrópubandalagsins, lög og reglur um vinnumarkað og réttindi verkalýðsfélaganna, sem gilda innan Evrópubandalagsins, séu einnig fest í sessi hér á Íslandi. Ég hafði reyndar óskað eftir því að hæstv. félmrh. yrði hér í dag en því miður er hún ekki viðstödd.

Í sjöunda lagi greindi hæstv. utanrrh. frá því að engir fyrirvarar væru lengur í gildi af hálfu Íslands nema þeir sem snerta fisk. Þeir væru allir úr sögunni. Allir fyrirvarar Íslands nema þeir sem snerta fisk væru úr sögunni. Það sem eftir væri væri öryggisákvæði sem hins vegar er orðað þannig í þessari yfirlýsingu að mjög erfitt er að skilja nákvæmlega hvað í því felst eða hvernig eigi að beita því og er mér nær að halda að það sé hlutur sem eigi eftir að útfæra nema fyrir liggi einhvers staðar í samningunum bakskjöl þar sem því er lýst. Ég tel það satt að segja mjög merkilegt ef ný ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt það á nánast fyrstu dögum sínum að falla frá öllum hugmyndum um fyrirvara af Íslands hálfu á öðrum sviðum þessara samninga nema þeim sem snúa að fiski og taka í staðinn öryggisákvæði sem orðað er á þann hátt að ég efast um að nokkur þingmaður stjórnarliðsins gæti í dag útskýrt hvað í þessu öryggisákvæði felst.

Í áttunda lagi er ljóst að í þessari yfirlýsingu samþykkir EFTA mun veikari stöðu í ákvörðunarferli Evrópska efnahagssvæðisins en talað hafði verið um fram að þessu.

Þegar þetta er allt lagt saman er niðurstaða fundarins greinilega sú að EFTA-ríkin hafi í öllum meginatriðum fallist á kröfur og hugmyndir Evrópubandalagsins. Þegar við, sem höfum fylgst með þessum samningum í $1^1/_2$ ár innan síðustu ríkisstjórnar, lítum til baka og horfum á þann texta sem utanríkisráðherrarnir samþykktu sl. mánudag, þá er alveg ljóst að Evrópubandalagið hefur haft nær fullan sigur í öllum þessum þáttum málsins sem það hefur keppt að.

Þá er eftir sá þáttur sem snýr að sjávarútvegi. Einnig um það mál hefur hæstv. utanrrh. látið frá sér fara yfirlýsingar síðustu daga sem eru vægast sagt sérkennilegar. Í útvarpi morguninn eftir utanríkisráðherrafundinn var hæstv. utanrrh. glaðbeittur og hress og lýsti því yfir að veigamikill áfangi í málefnum Íslands hefði fengist í þessari yfirlýsingu. Þarna hefði náðst viðurkenning á sérstöðu Íslands á sviði sjávarútvegsmála. Þetta voru orðin, ég held að ég muni þau nokkurn veginn orðrétt. Þegar textinn er hins vegar skoðaður kemur í ljós að það er ekkert slíkt í honum að finna. Þegar skoðaðar eru yfirlýsingar forsvarsmanna Evrópubandalagsins, m.a. utanríkisráðherra Lúxemborgar, þá benda þeir á að í þessu orðalagi sé ekki síður að finna viðurkenningu á rétti Spánverja og Portúgala til þess að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu en viðurkenningu á rétti Íslendinga. Eða með öðrum orðum er þessi texti á þann veg að utanrrh. Íslands segir: Hann viðurkennir okkar rétt. Forsvarsmaður Evrópubandalagsins segir: Hann viðurkennir rétt Spánverja og Portúgala. Með öðrum orðum gerðist ekkert markvert á fundinum hvað snertir sjávarhagsmuni Íslands, því miður. Að þessu leyti var þessi fundur jafntíðindalaus og allir aðrir fundir sl. $1^1/_2$ ár.

Við sem höfum starfað með hæstv. utanrrh. í síðustu ríkisstjórn munum fjölmarga fundi þar sem boðað var í ríkisstjórninni að á næsta fundi kæmi viðurkenning Evrópubandalagsins á hagsmunum Íslands á vettvangi sjávarútvegs. Það gerðist ekki. Það gerðist ekki á næsta fundi. Það gerðist ekki á þar næsta fundi. Það hefur enn ekki gerst. Utanrrh. Íslands greip til þess ráðs eftir að hann var sestur í nýja ríkisstjórn að láta samningamann Íslands ganga út af samningafundum Evrópubandalagsins og EFTA. Og það var tilkynnt hér heima að þessi útganga væri til þess að reka á eftir Evrópubandalaginu að setja fram tilboð til móts við Íslendinga. Það er alveg ljóst af niðurstöðu utanríkisráðherrafundarins að þessi útganga aðalsamningamanns Íslands hefur algerlega verið hundsuð. Hún hefur engin áhrif haft. Við erum búin að hlusta á skálaræður Cossiga nú síðast í Þingholti nokkrum sólarhringum eftir að ný ríkisstjórn var mynduð. Við hlustuðum á ræður Mitterand. Við höfum heyrt frásagnir af ræðum Kohl. Við höfum fengið skýrslu um viðræður hæstv. utanrrh. og fyrrv. forsrh. við fjölmarga forustumenn þessara ríkja og ávallt hefur verið sagt að í þessum ræðum kæmi fram mikill skilningur, mikill velvilji. En það virðist bara vera í orði. Það er ekki á neinu samningaborði sem sá skilningur og sú velvild

kemur fram. Og svo örvæntingarfullur er hæstv. utanrrh. orðinn að í sjónvarpinu í gærkvöldi og í viðtali við Dagblaðið/Vísi í dag dregur hann varnarsamninginn upp á borðið og segir: Fyrst ekkert hefur gengið fram að þessu, hvorki skálaræðurnar, útganga aðalsamningamannsins eða neitt annað, þá er hér varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, þáttur Íslands í varnarsamningi nýrrar Evrópu, og vísar í Dagblaðinu/Vísi í dag í viðræður sínar við utanríkisráðherra Ítala þar sem þeir virðast hafa verið að ræða um þátttöku Íslands í Vestur-Evrópuhernaðarbandalaginu.

Ég hef nú hingað til viljað taka hæstv. utanrrh. alvarlega. Ég hef ekki tamið mér þann stíl núv. forsrh. að segja hann oftúlka frásagnir af heiðursmannasamkomulagi forustumanna stjórnmálaflokkanna. Í síðustu *ríkisstjórn* gat hæstv. utanrrh. treyst því að orð fyrrv. forsrh. og fyrrv. fjmrh. stæðu. Við komum aldrei fram í sjónvarpi tveimur dögum seinna og sögðum: Þetta var nú oftúlkun hjá utanrrh. Ég hef tekið hann alvarlega og geri enn. En það er auðvitað slíkt skref af hálfu utanrrh. *lýðveldisins Íslands að draga varnarsamkomulag* Íslands við Evrópuríkin og Bandaríkin inn í þessa umræðu að ég skil ekki hvers vegna hæstv. utanrrh. minntist ekki á það í ræðu sinni hér áðan þegar hann gerði Alþingi grein fyrir stöðu málsins. Eða er þetta tal um samhengi Evrópska efnahagssvæðisins við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna eða við nýjan varnarsamning Íslands og Vestur-Evrópu bara ætlað fjölmiðlunum? Ég vil þess vegna líka óska eftir því að hæstv. utanrrh. geri grein fyrir því hér í þinginu hvað fólst í viðræðum hans við utanríkisráðherra Ítala um þátttöku Íslands í varnarsamstarfi Vestur-Evrópuríkjanna. Eða hyggst hæstv. utanrrh. segja varnarsamningnum við Bandaríkin upp til þess að fá einhverja taflstöðu í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði? Vegna þess að orð af þessu tagi eru auðvitað dauð og ómerk nema þeim sé fylgt eftir með því að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin. Satt að segja finnst mér þetta tal, bæði í sjónvarpinu í gær og við Vísi í dag, vera gáleysislegt tal. Ef á að taka mark á því, þá krefst það sérstakra útskýringa af hálfu hæstv. utanrrh. hér.

Því miður er það þannig að í sjávarútvegsmálum hefur ekki enn tekist, þrátt fyrir samfellt starf í $1^1/_2$ ár, *að tryggja með neinum hætti* að Evrópubandalagið gangi til móts við Íslendinga.

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í þessum umræðum, þá hafa komið fram mismunandi fullyrðingar um það hvort í þessum samningum felist fullveldisafsal. *Alþingi Íslendinga er fyrst og fremst* kosið til þess að tryggja fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Það er æðsta verkefnið sem okkur er sett. Þess vegna er það nauðsynlegt að áður en verður gengið frá samningum í næsta mánuði, þá verði utanrmn. búin að skila Alþingi niðurstöðu í því máli. Satt að segja *tel ég* óverjandi að Alþingi fari heim núna áður en komin er full niðurstaða í það hvort í þeim samningum sem utanrrh. hyggst undirrita í næsta mánuði fyrir hönd Íslands er um að ræða fullveldisafsal. Það er fullkomlega óverjandi fyrir þjóðþing sem vill taka sig alvarlega að fara heim 2–3 vikum áður en slíkur samningur yrði undirritaður, án þess að taka til ítarlegrar meðferðar og komast að niðurstöðu um það hvort í slíkum samningi sé verið að afsala fullveldi og sjálfstæðisrétti þjóðarinnar.

Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh. að hann íhugi í alvöru að þingið sitji hér fram eftir júní fyrst sú nýja staða er komin upp frá því að Alþingi var kallað saman að utanríkisráðherrafundur Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna skilaði þeirri niðurstöðu sem við erum hér að fjalla um. Það er algerlega ný staða í málinu og krefst þess að þjóðþing sjálfstæðrar þjóðar gefi því máli allan forgang. Ég vil segja við hv. Alþingi: Það að sameina Alþingi í eina deild er smámál hjá því að taka afstöðu til fullveldis- og sjálfstæðisatriðanna í þeim samningi sem utanrrh. hefur boðað að hann muni undirrita ef Evrópubandalagið fellst á kröfurnar í sjávarútvegi.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka til hæstv. landbrh. að hann láti í té svör við þeirri spurningu sem *ég sendi honum bréflega fyrir rúmri viku*. Væri æskilegt að fá svar við því hér í þessari umræðu frá hæstv. landbrh. hvort ráðherrann er reiðubúinn að samþykkja að erlendir menn hafi sama rétt til þess að kaupa jarðir og landsins gæði á Íslandi og Íslendingar samkvæmt þessum samningi.

Hæstv. utanrrh. vék að því máli hér áðan. Það er athyglisvert að í þeirri lýsingu sem hæstv. utanrrh. gaf hér staðfesti hann það að í þessum samningi, sem verið er að vinna að, er ætlunin að íbúar Barcelona, íbúar Berlínar, íbúar Brussel, íbúar Birmingham hafi sama rétt til að kaupa jarðir og landsins gæði og íbúarnir í Breiðholtinu. Það var það sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan ef umbúðirnar eru teknar utan af því sem hann sagði. Hann sagði að það ætti að breyta íslenskri löggjöf á þann veg að menn hefðu sama rétt. Með öðrum orðum, þéttbýlisbúar á Íslandi ættu ekki að hafa meiri rétt til að kaupa sér jarðir og landsins gæði á Íslandi en þéttbýlisbúar í Evrópubandalagsríkjunum. Það væri hugsanlega hægt að breyta jarðalögunum á þann veg að menn yrðu að búa á jörðunum, en ef um væri að ræða rétt þeirra sem ekki búa á jörðunum, þá ætti það sama að ganga yfir útlenda menn og Íslendinga.

Með öðrum orðum, svo að ég taki dæmi: Ingimundur Sigfússon í Heklu á eina af bestu jörðum þessa lands. Ingimundur Sigfússon í Heklu býr ekki á þessari jörð. En samkvæmt því sem utanrrh. er að lýsa hér væri Ingimundi Sigfússyni í Heklu bannað að eiga þessa jörð samkvæmt þessum nýju reglum, eða a.m.k. *ef Ingimundur Sigfússon í Heklu ætti að hafa rétt til* að eiga hana, þá ættu forstjórar bílainnflutningsfyrirtækjanna í Barcelona, Birmingham og Brussel að hafa sama rétt.

Ég skal taka annað dæmi, hæstv. utanrrh. Ég skal *taka dæmi af Kletti í Borgarfirði. Samkvæmt þeirri* skipan sem hér er í dag á ágætur vinur okkar beggja, sem býr í Garðabænum, rétt til þess að eiga Klett í Borgarfirði. En samkvæmt þeirri nýskipan sem hæstv. utanrrh. var að boða hér ætti Andreotti, þegar hann lætur af embætti á Ítalíu, að eiga sama rétt til að eiga

Klett í Borgarfirði og hv. alþm., fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson.

Þetta var sú skipan sem hæstv. utanrrh. var að lýsa hér með orðalagi utanrrn. þannig að það skildist ekki á mæltu máli. Og ég spyr hæstv. landbrh.: Er hann reiðubúinn að samþykkja slíkar breytingar á íslenskum lögum sem veita Andreotti sama rétt og Steingrími Hermannssyni og eigendum Volkswagen sama rétt og umboðsmanni þeirra á Íslandi til að eignast fegurstu jarðir Íslands? Á það að vera erindi hæstv. landbrh. Halldórs Blöndals og hv. alþm. Björns Bjarnasonar að veita Ítölum, Spánverjum og Þjóðverjum rétt til þess að eignast allar jarðirnar í Þingeyjarsýslu þar sem afi þeirra var kjörinn fulltrúi bænda til þess að tryggja sjálfstæði og fullveldi íslenskrar þjóðar? Verði það niðurstaðan hefur hv. þm. Birni Bjarnasyni til lítils orðið hugsað til afa síns á fyrsta degi sínum hér í salnum.

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka síðasta ræðumanni hlý orð í garð forfeðra minna sem hafa starfað hér í þingsölunum og hvernig hann hefur minnst þeirra hér í ræðu sinni.

Ég ætla í upphafi þessa máls að minna á það hvernig gangur mála hefur verið varðandi þátttöku Íslendinga í umræðunum um Evrópska efnahagssvæðið. Það er um það rætt nú að verið sé að mynda nýja Evrópu, Evrópumyndin hafi breyst og það sé verið að taka upp nýja skipan í Evrópu eftir að múrarnir hrundu og eftir að samvinna þjóðanna hefur stóraukist á þeim grundvelli sem lagður var með Evrópubandalaginu árið 1957 og síðan framvindu mála frá þeim degi. Þessi breyting hefur verið kennd við húsagerðarlist, að menn séu að reisa nýtt hús í Evrópu, og grunnurinn hefur verið lagður og síðan eru menn að bæta ofan á hann hver með sínum hætti.

Íslendingar ákváðu í mars 1989 undir forustu þeirra hæstv. utanrrh. og hæstv. fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar að taka þátt í þessari nýskipan í Evrópu með aðild að viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði. Á fundi sem haldinn var í Ósló í mars 1989 var þessi ákvörðun tekin. Það var um það rætt síðan haustið 1989 hvort Alþingi Íslendinga ætti að setja viðræðumönnum um þessi mál umboð. Það var tillaga Sjálfstfl. á þeim tíma í nóvember og desember 1989 að slíkt umboð yrði samþykkt hér á Alþingi. Því var þá eindregið hafnað af hæstv. utanrrh. og hæstv. þáv. forsrh. og talið að þetta mál ætti að vera í höndum ríkisstjórnarinnar og í höndum utanrrh. í samræmi við þær venjur og reglur sem giltu um slík mál og slíka samninga. Sjálfstfl. taldi á þessum tíma að hér væri um slíkt stórmál að ræða að það væri eðlilegt að Alþingi hefði beinan atbeina að stefnumótun í því með því að veita þingumboð til ríkisstjórnarinnar vegna þess. Sjálfstfl. hefur síðan sætt sig við þá málsmeðferð sem ríkisstjórnin hafði í málinu og tekið þátt í umræðum hér á þingi um skýrslur utanrrh. þegar þær hafa verið lagðar fram.

Sjálfstæðismenn beittu sér fyrir því 12. febr. sl. með sérstakri beiðni til hæstv. utanrrh. að hann legði fram skýrslu um málið eins og það stæði í lok þess kjörtímabils sem lauk nú í apríl. Þessi skýrsla var lögð fram í mars sl. en því miður tókst ekki á síðustu dögum þingsins að ræða hana og ekki að fjalla um þau mál sem þá voru efst á baugi og lágu þá til grundvallar í þeim viðræðum sem höfðu farið fram allt frá árinu 1989 um þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu. Hæstv. utanrrh. lét dreifa þessari skýrslu sinni á fundinum í dag og leggur hana til grundvallar þegar hann ræðir um þau mál sem nú eru á dagskrá og leggur því til grundvallar þegar hann greinir þinginu frá síðasta sameiginlega fundi ráðherra Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna sem haldinn var í Brussel á mánudaginn.

Það er fullkomlega eðlilegt hjá hæstv. utanrrh. að standa þannig að málum að leggja þessa skýrslu hér fram og kynna hana þingmönnum um leið og hann greinir frá fundinum í Brussel á mánudaginn því að í þeirri skýrslu er getið um sambærilegan fund og haldinn var á mánudaginn og fram fór 19. des. 1990. Og ég verð að segja að það kemur mér mjög á óvart að hlýða hér á ræðu hæstv. fyrrv. forsrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. um þessi mál og sérstaklega um þau mál sem lúta að yfirþjóðlega þættinum í öllu þessu stóra máli þegar maður lítur á þá skýrslu sem samin var í mars 1991 og byggist á ráðherrafundi sem haldinn var 19. des. 1990 þegar þeir báðir sátu í ríkisstjórn. Þeir gerðu báðir að sérstöku umræðuefni hinn yfirþjóðlega þátt. Og hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson vék í ræðu sinni sérstaklega að 6. tölul. í ályktun ráðherrafundar EFTA og EB, sem var haldinn á mánudaginn sl., þar sem segir um ráðherrana, með leyfi virðulegs forseta:

„Þeir fögnuðu þeim árangri sem náðst hefur við skilgreiningu lausnar á rekstrarvanda kerfis sem tryggt gæti jöfn samkeppnisskilyrði um allt EES, þar með talið að því er varðar ríkisstyrki. Þeir tóku fram að dregið hefði saman með samningsaðilum við að skilgreina í meginatriðum verkaskiptingu og samstarf milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og sjálfstæðrar EFTA-stofnunar sem hefði samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hins vegar."

Þetta segir í 6. tölul. yfirlýsingar sem ráðherrarnir gáfu út nú á mánudaginn. Í ályktun ráðherranna, sem gefin var út 19. des. og er að finna í þessari skýrslu sem utanrrh. lagði hér fram og hefur verið kynnt þingmönnum hér í dag að nýju, er komist þannig að orði, með leyfi virðulegs forseta:

„Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins."

Um þetta mál var rætt þá þegar þegar þessi skýrsla var gefin út. Og þegar þessi fréttatilkynning kom fram, 19. des. 1990, var vakin athygli á þessu orðalagi sérstaklega, hvað í því fælist. Það hlýtur einnig að hafa verið í verkahring ráðherra á þeim tíma að fjalla um þetta og gera sér grein fyrir því hvað í þessu orðalagi

fælist. Þess vegna kemur mér á óvart að hv. 8. þm. Reykn. skuli tala hér eins og þessi mál komi honum sérstaklega á óvart nú á þessari stundu þegar hann sat í ríkisstjórn á þeim tíma sem þetta ákvæði kom fyrst inn í ályktanir sameiginlegs fundar EFTA og Evrópubandalagsins.

Það kemur mér einnig á óvart að heyra hæstv. fyrrv. forsrh. taka þannig til orða í blaðaviðtölum að hann hefði ekki getað sætt sig við og talið að um slík mál, væntanlega þetta mál eins og hann vék sérstaklega að í ræðu sinni, hefði ríkisstjórnin átt að fjalla sérstaklega og hann hefði aldrei getað sætt sig við það ef hann sæti í ríkisstjórn að um slíkar ákvarðanir væri ályktað nema ríkisstjórnin hefði sérstaklega verið kölluð saman til þess. Ég tel að í þessu efni gangi núv. ríkisstjórn aðeins að því sem var og hafði verið gert þegar hún var mynduð 30. apríl sl. Þannig er þetta mál vaxið.

Og þegar ræðumenn tíunda hér einstök atriði í þessari ályktun, sem liggur til grundvallar þessum almennu umræðum, þ.e. yfirlýsingu ráðherranna frá 13. maí sl., þá verða menn að hafa í huga að þessar viðræður, sem hófust í mars 1989, byggjast á þeim grundvelli að EFTA-ríkin samþykkja í upphafi að ganga að þeim skilyrðum Evrópubandalagsins að 1400 réttargjörningar Evrópubandalagsins skuli verða lög í EFTA-löndunum. Annars verði Evrópska efnahagssvæðið ekki til. Þetta er sá grundvöllur sem lagður var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og sá grundvöllur sem liggur að baki umræðunum um Evrópska efnahagssvæðið. Síðan hafa menn frá þeim tíma sem þessar ákvarðanir voru teknar, frá árinu 1989, verið að fikra sig áfram stig af stigi og reyna að ræða um þau atriði sem ágreiningur er sérstaklega um. Þessi ályktun, sem liggur nú hér fyrir okkur og umræður hafa spunnist um, er aðeins eitt þrep á þeirri leið, einn áfangi á þeirri leið og þar eru tíunduð þau atriði sem ekki hefur enn náðst samkomulag um. Og þar kemur fram, eins og hæstv. utanrrh. gat um, að það eru sérstaklega sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og síðan spurning um að stofna sérstakan sjóð og síðan einstök ákvörðunaratriði varðandi hinar sameiginlegu stofnanir.

Varðandi hinar sameiginlegu stofnanir, eins og hæstv. utanrrh. benti réttilega á í sinni ágætu skýrslu sem hann flutti þingheimi í upphafi þessara umræðna, er á lokablaðsíðum þessarar skýrslu, sem lögð hefur verið fram á fundinum, ítarlega fjallað um laga- og stofnanamál þar sem tekið er á öllum þeim atriðum sem koma til álita þegar þessi skýrsla og þessi yfirlýsing ráðherrafundarins frá 13. maí er lesin. Þar er ítarleg greinargerð um hvert einasta og einstakt atriði, um EES-stofnunina, um hlutverk þjóðþinga, um EES-dómstólinn, um öryggisákvæði og annað slíkt. Þar er lagður grunnurinn og í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var lagður grunnur að þessu leyti einnig, eins og fyrrv. ríkisstjórn samþykkti, að Íslendingar gengju til þessa samstarfs á þeim grundvelli að allur lagabálkur Evrópubandalagsins, 1400 réttargjörningar, yrði lagður til grundvallar í viðræðunum. Um hann yrði ekki samið heldur einstök atriði sem menn tækju og teldu að væri ágreiningur um.

Þannig stendur því þetta mál nú þegar stjórnarskipti fara fram og í ljósi þessa ber að skoða þá ályktun sem ráðherrarnir samþykktu á fundi sínum á mánudaginn og í ljósi þessa verður einnig að skoða þær yfirlýsingar og þær umræður sem hér fara fram og það hvað ráðherrar í fyrrv. ríkisstjórn hafa um þetta mál að segja. Þeir hafa staðið að þessu í meginatriðum.

Hæstv. utanrrh. sagði á fundi fyrir kosningarnar að 98% af því sem um þyrfti að semja vegna þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu væri þegar um samið og að það væri búið að ganga frá þessu og það ætti einungis eftir að ganga frá — ég segi einungis en vil nú setja það innan gæsalappa því að það eru vissulega mjög mikilvæg atriði — 2% af þeim atriðum sem um þyrfti að semja í þessum málum.

Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir og það liggur einnig fyrir að við erum hér að tala um 70–80% af því sem við þyrftum að semja um við Evrópubandalagið ef við tækjum þá ákvörðun að sækja um aðild að bandalaginu. Þetta var gert í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Mér finnst nauðsynlegt að menn hafi þetta í hyggju og í huga í þessum umræðum og minnist þess hvernig fyrrv. ríkisstjórn stóð að þessum málum. Ég vil rifja upp að við sjálfstæðismenn lögðum til að þetta yrði gert með sérstöku umboði Alþingis, en því var hafnað af fyrrv. ríkisstjórn. Hún vildi hafa þetta mál alfarið í sínum höndum og þar voru þeir samstiga allir forustumenn í þeirri ríkisstjórn, þeir menn sem hér hafa áður talað, hæstv. fyrrv. forsrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. Við nokkrir þingmenn tókum þátt í fundi fyrir kosningarnar þar sem þetta mál var rætt sérstaklega og þar sem hæstv. utanrrh. minntist á þá staðreynd að búið væri að semja um 98% af þeim atriðum sem um þyrfti að semja og var því ekki andmælt, en hv. 8. þm. Reykn. lét þess getið að sér hefði ekki verið kunnugt um að um jafnmikið hefði verið samið og raun bar vitni. Ég vil taka það fram að hann taldi að hæstv. utanrrh. hefði ef til vill ekki skýrt ríkisstjórninni frá þessu öllu en hann mótmælti ekki þeirri staðreynd að málið væri komið jafnlangt og raun ber vitni. Mér finnst nauðsynlegt að hafa þetta í huga.

En mikilvæg atriði eru eftir. Og vissulega verður það mikið verk fyrir hið háa Alþingi að taka ákvarðanir síðan um einstök atriði í þessu máli öllu ef það kemst á það stig að það verði lagt hér fyrir og menn fari að taka einstök mál sem við þurfum að taka afstöðu til þegar samningar hafa verið gerðir. Það er mikið starf óunnið að því leyti.

Pólitíska stefnumótunin var í höndum hæstv. utanrrh. og fyrrv. ríkisstjórnar sem lagði grunninn að þessu máli og síðan hafa þessir samningsaðilar verið að þrengja ágreiningsatriðin. Þau liggja nú hér fyrir í þessari ályktun sem hæstv. utanrrh. gerði góða grein fyrir í upphafi máls síns og ég ætla ekki að rekja einstaka þætti þess máls.

Spurningin hlýtur að vera eftir hverju er að slægjast eins og fram kom í máli hæstv. utanrrh. Hann gat þess að á döfinni væru ráðagerðir um það að gert yrði, eins og hann kallaði, sérstakt áhættumat. Menn færu yfir þetta og kynntu sér einstaka þætti þessara mála

enn frekar með íslenska hagsmuni í huga og síðan yrði tekin afstaða að því leyti. Þá er eftir, eins og fram hefur komið, að ræða um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og ýmis fleiri mál og þau mál sem almennt er talað um í þessari ályktun ráðherrafundarins í Brussel.

Það er ekki langur tími til stefnu ef að líkum lætur og það er komið fram að innan EFTA-hópsins og innan Evrópubandalagsins eru skiptar skoðanir milli ríkja. Innan EFTA-hópsins vitum við að það er alveg yfirlýst stefna a.m.k. tveggja EFTA-ríkja, þ.e. Austurríkis og Svíþjóðar, að líta þannig á að þessir samningar um Evrópska efnahagssvæðið séu fyrsti áfanginn, fyrsta, annað og jafnvel þriðja skrefið inn í Evrópubandalagið. Við vitum það. Það er yfirlýst stefna þessara þjóða.

Finnar hafa verið að breyta sinni stefnu. Það er alveg augljóst að andstaða Finna við þátttöku í Evrópubandalaginu er ekki jafnmikil og áður og raunar má segja að hún sé að hverfa. Og það er athyglisvert að hinn nýi forsætisráðherra Finna, sem er úr Miðflokknum þar sem andstaðan hefur verið mest við þátttöku í Evrópubandalaginu, hefur gefið yfirlýsingar sem túlka má með þeim hætti að Miðflokkurinn sé að breyta um afstöðu í þessu máli.

Við vitum síðan hvað er að gerast í Noregi, að norska ríkisstjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um aðild að Evrópubandalaginu, en þróunin þar er í þá átt og í Noregi ræða menn um að þessi samningsgerð sé ekki annað en áfangi eða að menn séu að komast í biðstöðu til þess að geta tekið stefnuna alfarið inn í Evrópubandalagið.

Þessi skref hafa verið stigin hér á undanförnum árum undir forustu fyrrv. ríkisstjórnar og með vilja og vitund Alþingis á grundvelli þeirra skýrslna sem utanrrh. hefur lagt fram á þinginu á hverjum tíma og hvað skýrast kom fram í skýrslunni sem lögð var fram í mars sl. samkvæmt ósk sjálfstæðismanna. Eins og ég sagði vannst því miður ekki tími til að ræða þá skýrslu en ef menn hefðu rætt hana þá hefði margt af því sem hér hefur verið sagt í þessum umræðum e.t.v. verið talið óþarft.

En það eru mörg og mikilvæg mál og miklar ákvarðanir sem þarf að taka og sjálfsagt að líta á einstaka þætti og skoða einstök lagaleg atriði og öll þau atriði sem lúta að þessari samningsgerð sem nákvæmast til þess að fyrirbyggja misskilning og koma í veg fyrir að menn séu að deila um atriði sem kannski er óþarft að deila um. Menn þurfa að átta sig á lögsögu hins nýja dómstóls og menn þurfa að átta sig á gildi þessara stofnana. En fyrir íslenska ríkið, miðað við það hvað þegar hefur verið gengið langt í þessum samningum og miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í tíð fyrrv. stjórnar og miðað við framvinduna á þeim tíma sem verið hefur frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum, þarf náttúrlega sérstaklega sterkar og öflugar ástæður til þess að Ísland fari allt í einu nú að taka ákvörðun um það að draga sig í hlé í þessum viðkvæmu samningaviðræðum. Það hefur hins vegar komið fram að ýmsum félögum okkar í EFTA t.d. virðist ekki endilega á móti skapi að við drögumst aftur úr eða að við höfum ekki samleið með þeim og þeim mundi væntanlega finnast auðveldara að ná samkomulagi við Evrópubandalagið um hin óleystu mál ef Íslendingar stæðu ekki jafnfast á kröfunni í sjávarútvegsmálum eins og gert hefur verið undir forustu hæstv. utanrrh. Um það er enginn ágreiningur hér á þingi miðað við ræður manna, þar eru allir flokkar sammála um það hvernig á málum skuli haldið.

Ég tek undir það með hv. 8. þm. Reykn. að það vakti sérstaka athygli mína að hæstv. utanrrh. hefur *minnst á varnarmálin í sambandi við þessa stefnumótun* nú á síðustu dögum. En þó ætti það ekki að koma neinum á óvart því að hæstv. utanrrh. hefur áður rætt um varnarmálin í tengslum við þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi. Var það gert m.a. á þeim tíma og áður en samstarf þeirra flokka hófst sem sátu í síðustu ríkisstjórn. Ég hef lýst þeirri skoðun minni opinberlega, og tel að ég eigi að gera það hér í þessum umræðum vegna þess hvernig um það mál var fjallað hér áðan, að ég tel sjálfsagt fyrir Íslendinga að huga að því hvort þeir eigi að tengjast með einum eða öðrum hætti Vestur-Evrópusambandinu, þ.e. því bandalagi sem var stofnað árið 1948 og má kalla eins konar aðdraganda að því að Atlantshafsbandalagið var stofnað, bandalag sem stofnað var meðal þjóða á meginlandi Evrópu til þess að tryggja öryggi sitt og hefur síðan nú á síðustu árum þróast á þann veg að það er orðið samstarfsvettvangur aðildarþjóða Evrópubandalagsins um varnar- og öryggismál og gegndi m.a. miklu hlutverki í sambandi við Persaflóastríðið á dögunum. Norðmenn hafa hugað að því að tengjast þessu sambandi, Vestur-Evrópusambandinu, og ég tel að við Íslendingar eigum að líta á það mál eins og öll önnur sem eru til þess fallin að við fáum sem besta og mesta aðild og getum orðið sem bestir þátttakendur í þeirri miklu breytingu sem er að gerast í Evrópu á þessari stundu.

Það er ljóst að það hefur lengi ríkt vafi um það hvort þetta Evrópska efnahagssvæði yrði að veruleika eða ekki og menn hafa beðið í eftirvæntingu eftir því hvað gerðist á fundinum sem hæstv. utanrrh. var á í Brussel á mánudaginn og veltu því fyrir sér hvort hann mundi bera þann árangur sem við stöndum nú frammi fyrir eða hvort hann yrði jafnvel til þess að upp úr slitnaði. Það gerðist ekki. Hin pólitíska ákvörðun var tekin um að halda áfram og nú vænta menn þess að fyrir sumarleyfi eins og kallað er eða fyrir 1. ágúst verði unnt að stíga enn eitt skrefið í þessu efni og nálgast enn frekar markmiðið um að koma formlega á fót hinu Evrópska efnahagssvæði sem hefur verið í mótun frá árinu 1989 og hefur verið hér mikil samstaða um, mikil pólitísk samstaða um og aðeins Kvennalistinn hefur í raun og veru lýst andstöðu við, því að allir aðrir stjórnmálaflokkar sem nú eiga sæti á Alþingi hafa verið virkir þátttakendur í því að móta þá *stefnu sem ríkisstjórn Íslands fylgir nú* og leggja grunninn að þeim ályktunum sem Íslendingar hafa staðið að, bæði nú 13. maí og einnig 19. des. sl. og alla daga frá því að hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og hæstv. utanrrh. sóttu leiðtogafund EFTA í Ósló í marsmánuði 1989. Og þeir hafa síðan

á þessum árum, á þessum mánuðum eða missirum sem liðin eru — þetta hefur gengið mjög hratt fyrir sig og menn hafa sett sér þröngar tímaskorður og miða að því að þetta svæði verði orðið að veruleika 1. jan. 1993 — á þeim missirum sem liðin eru frá fundinum í Ósló 1989 hafa þeir sjálfir verið að slípa og þróa þær yfirlýsingar sem þeir gáfu, þá fyrirvara sem þeir settu og við stöndum hér og höfum nú í höndunum skýrslu utanrrh. og ályktanir sem gerðar hafa verið á þeim grunni og þær eru hér til umræðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég óska eftir að fá það upplýst hjá hæstv. forseta hvort sú umræða sem nú fer fram sé leyfð samkvæmt 32. gr. þingskapa, þ.e. samkvæmt þeim texta sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. 36. gr. eftir því sem við á."

Ég óska að það verði upplýst hvort þessi umræða fer fram samkvæmt þessum ákvæðum og ef svo er ekki, samkvæmt hvaða ákvæðum umræðan fer þá fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. 2. þm. Vestf. um að hér er ekki um að ræða utandagskrárumræðu. Þetta mál er á dagskrá og hér er um að ræða munnlega skýrslu. Það var gert samkomulag milli allra þingflokka, eins og reyndar oft áður hefur verið gert, fyrir fram um það að þessi umræða yrði tímasett. Forseti gat þessa í upphafi fundar áður en umræðan hófst, með hvaða hætti hefði orðið samkomulag um að umræðan færi fram, þ.e. að hver þingflokkur hefði til umráða eina klukkustund eða tvisvar sinnum 30 mínútur, en hæstv. utanrrh. hefði 40 mínútur, þ.e. þá væri hlutur Alþfl. 1 klukkutími og 10 mínútur. Þetta var rætt á fundi með öllum þingflokksformönnum í morgun kl. 11 og varð samstaða um það. Ég vona að þetta svari þessari athugasemd og fyrirspurn hv. 2. þm. Vestf. Að öðru leyti held ég að forseti geti vísað til 38. gr. 2. mgr. þingskapa.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér kom fram hjá hæstv. forseta mjög löng lýsing á því hvað gert hefði verið hér í hliðarsölum, en mín spurning var mjög einföld, samkvæmt hvaða ákvæðum þingskapa væri starfað og það kom hér fram í svari forseta að það sé vitnað í 38. gr. þingskapa sem ég hygg að, með leyfi forseta, megi þá túlka sem það sé byggt á eftirtöldum atriðum ef ég fengi að lesa þau upp, með leyfi forseta:

„Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma."

Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir því að umræða hefjist eftir reglum þingskapa og þegar umræða er hafin, þá geti forseti gert tillögur, stungið upp á því eins og hér er sagt. Þessu virðist alveg hafa verið snúið við, þ.e. að forseti telur sig hafa vald til þess að semja um það hvernig hér sé staðið að málum í þinginu án þess að það sé nokkur stoð í þingsköpum fyrir þeim samningum og virðist nú nokkuð prjónað af fingrum fram svo ekki sé meira sagt.

Ég er nú ekki að bera á hæstv. forseta að hann hafi algjörlega yfirgefið það að starfa samkvæmt þessum þingsköpum sem eru í gildi, en (**Gripið fram í:** Hefurðu nefnt þetta við Pál Pétursson nokkuð?) Það er nú svo að ég hef nokkuð hreinar línur á því hvort ég tala við Pál Pétursson eða hæstv. forseta, skil þar mjög á milli og hef ekki hugsað mér að gera breytingar þar á og vil minna hv. þm. á það að hér hef ég heimildir til að tala um þingsköp og þá ber mér að beina orðum mínum til forseta.

Ég vil þess vegna undirstrika það að ég biðst nú undan því að svona þingsköp, eins og hér hefur verið lýst af hæstv. forseta, séu látin gilda heldur verði farið eftir þeim þingsköpum sem eru í gildi og umræðum hagað samkvæmt því þannig að hérna verði alveg skýrt tekið fram hvort menn eru að tala um hálftíma umræðu eða ótakmarkaða umræðu samkvæmt þingsköpum, það verði alveg skilið þar skýrt á milli. Jafnframt hefur forseti að sjálfsögðu vald til þess að koma með uppástungur samkvæmt 38. gr. og ég hef ekkert við það að athuga að forseti komi með tillögur, en að sjálfsögðu eru það tillögur sem á að leggja fyrir þingheim, með fullri virðingu bæði fyrir Páli Péturssyni og öðrum sem forseti hefur vafalaust átt ánægjulegar samræður við.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. vill forseti geta þess að þó hann hafi hér áður fyrr haft gaman af því að prjóna, jafnvel af fingrum fram, þá telur hann nú að það sé fyllilega farið eftir þingsköpum varðandi meðferð þessa máls. Það var reyndar mjög skýrt tekið fram hér áður en þessi umræða hófst með hvaða hætti samkomulag var gert milli allra þingflokksformanna. Það var ekki gert í hliðarsölum, það var gert á fundi með formönnum þingflokkanna í skrifstofu forseta hér á 1. hæð Alþingishússins. Og ég held að það fari ekkert á milli mála að hér er ekki verið að tala um utandagskrárumræðu, hálftíma umræðu, heldur var það skýrt tekið fram að hver þingflokkur taldi sig geta lokið þessari umræðu með því að fá til umráða einn klukkutíma sem þingmenn mundu þá skipta á milli sín. Forseti gekk út frá því að þingflokksformenn hefðu komið þessum atriðum til skila til sinna þingmanna sem hefðu hug á að taka til máls í þessari umræðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Í fjarveru hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, formanns þingflokks Alþb., vil ég láta það koma hér fram að eins og frá þessum málum var greint í þingflokki Alþb. var lýst samkomulagi sem formenn þingflokkanna og forseti höfðu unnið að, en það var þó með þeim fyrirvara af hálfu Alþb. að ef á

þyrfti að halda, þá mundu formenn þingflokka og forseti meta málið að nýju í ljósi þess hvernig umræðan þróaðist. Það var ekki verið að slá því föstu óumbreytanlegu að hér væri bara klukkutími á þingflokk, heldur færi það eftir því hvernig umræðan þróaðist. Ég ætla þess vegna ekki að blanda mér í deilur hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og forseta um textann í þingsköpunum, hins vegar lýsa því sem sagt var í okkar þingflokki í fjarveru formanns þingflokksins varðandi samkomulagið.

Nú er ég þeirrar skoðunar að þessi umræða hafi verið með þeim hætti að það sé — já, það er nú við hæfi að hæstv. landbrh. veiti hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni svona praktíska ráðgjöf í meðferð þingskapaumræðu og túlkun þingskapa og er nú leitt ef sjónvarpsvélarnar geta ekki numið þessa sögulegu stund. — En ég var þar kominn í máli mínu að víkja að því að mér fyndist þessi umræða hafa verið með þeim hætti, og er ég ekkert að gagnrýna það, en hún hefur hins vegar verið með þeim hætti að það sé óhjákvæmilegt að formenn þingflokkanna taki til endurskoðunar þessa hugmynd sína að beita þessu á þann veg að hér væri bara klukkutími á þingflokk. Ég vil nefna þessu til stuðnings það í fyrsta lagi að umræðan hefur nú staðið í þrjá klukkutíma án þess að nokkur ráðherra Sjálfstfl. hafi talað í umræðunni. Þar er ég ekkert að lasta ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, hún var að mörgu leyti ágæt og fróðleg. En hér hefur ákveðnum spurningum verið beint til ráðherra Sjálfstfl. og það er nokkuð óvenjulegt að hæstv. forsrh. hefur enn ekki talað í þessari umræðu. Er ég í sjálfu sér ekkert að gagnrýna það, en það er hins vegar snúið ef hann eða hæstv. landbrh. tala svo seint í umræðunni að það gefst ekki nægilegur tími til þess að fjalla um það sem fram kann að koma í þeirra ræðum.

Enn fremur er ljóst að ræða hæstv. utanrrh. var á þann veg að það er óhjákvæmilegt að þingmenn hafi tækifæri til þess að ræða á ný þegar svör hæstv. utanrrh. við sumu af því sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson, fyrrv. forsrh., beindi til hans, koma hér fram í umræðunni.

Ég tel þess vegna nokkuð ljóst að umræðan hafi þróast á þann hátt að til þess að hún geti verið gagnleg og eðlileg þurfi að skapa nokkurt svigrúm til viðbótar, virðulegi forseti, til þess að hún geti haldið áfram, og þá er ég ekki að tala um að lengja hana úr hófi, ég vil taka það alveg skýrt fram, en það skapist nokkurt svigrúm til viðbótar til þess að hægt sé að láta hana þróast með eðlilegum hætti. Vil ég því beina þeim tilmælum til forseta og formanna þingflokka að þeir hugleiði það meðan næsti ræðumaður flytur sitt mál hvort ekki sé rétt að breyta skipan umræðunnar frá fyrra samkomulagi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. vill forseti taka það fram að það hafði verið meiningin að sjá hvernig málin þróuðust eitthvað fram eftir fundartímanum, hvort ástæða væri til að hafa kvöldfund. Forseti vill taka það skýrt fram að það var ekki hennar sérstök ósk eða vilji að það yrði ekki kvöldfundur. Það er forseta vissulega að meinalausu að hér verði fundur fram eftir öllu kvöldi ef hv. þm. hafa áhuga á því. En það sem vakti fyrir mér þegar ég boðaði þingflokksformenn á þennan fund í morgun var að heyra hvað þeir vildu gera, hvernig þeir vildu að staðið yrði að þessari umræðu þar sem hér var um að ræða munnlega skýrslu og þá var hægt að semja um ræðutímann en auðvitað er samkvæmt þingsköpum gert ráð fyrir að umræður um skýrslur séu ekki tímasettar, það er ótakmarkaður ræðutími þegar umræður um skýrslur fara fram nema samið sé um annað og það er vel hægt að gera það og það er það sem var gert í morgun vegna þess að formenn þingflokka, stjórnarandstöðunnar sérstaklega, töldu að þessi ræðutími mundi duga til að tala um þetta mál í dag þar sem væntanlega yrði einnig hægt að ræða um málið þegar almennar umræður fara fram, t.d. á miðvikudaginn í framhaldi af umræðum um stefnuræðu forsrh. sem fram fer á þriðjudagskvöldið, eins og hv. þm. vita um.

En forseti telur að það sé kannski ástæða til þess nú að endurskoða þetta og ef formenn þingflokkanna verða sammála um það að hér þurfi að lengja ræðutíma og hafa kvöldfund þá verður það að sjálfsögðu gert. Þess vegna mun forseti nú óska eftir því að fá smáspjallfund við formenn þingflokka, en væntir þess að nú sé þessari þingskapaumræðu lokið og gefur þá hæstv. forsrh. orðið.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegur forseti. Hv. 8. þm. Reykn. vakti athygli á því að enn hefðu í þessari umræðu ekki talað ráðherrar af hálfu Sjálfstfl. Utanrrh. hafði talað hér, flutt ítarlega, vandaða og yfirgripsmikla álitsgerð af hálfu ríkisstjórnarinnar, álitsgerð sem við sjálfstæðismenn, ráðherrar flokksins sem aðrir, erum afskaplega sáttir við. Í framhaldi af því hefur hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason gert ítarlega grein fyrir stöðu málsins og þá ekki síst það sem ekki virtist vera vanþörf á, að gera grein fyrir því með hvaða hætti málið hefði verið statt meðan m.a. hv. 8. þm. Reykn. starfaði í ríkisstjórn ásamt með hæstv. utanrrh. Því svo virtist mér a.m.k. og kannski fleiri þingmönnum að ráðherrann fyrrv. talaði með þeim hætti eins og hann hefði hvergi komið nærri þeim hlutum sem áður hafði verið samið um og áður hafði verið unnið að af hálfu utanrrh. í þeirri stjórn sem og í þessari stjórn.

Ég skal viðurkenna að hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason gerði að vísu frekar grein fyrir afstöðu núlifandi manna heldur en þeirra sem horfnir væru, en fyrrv. hæstv. fjmrh. fjallaði ekki síst um þá þætti og áhuga þeirra og lundarfar.

Vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson spurði sérstaklega um það í tilefni af samþykkt ríkisstjórnarinnar hvort fallið hefði verið frá öllum efasemdum um annað en fiskinn, þá vil ég aðeins undirstrika að ástæða þess að ekki var þörf sérstakra fyrirvara af hálfu ráðherra Sjálfstfl. í ríkisstjórninni var auðvitað sú að bæði í stjórnarmyndunarviðræðum og eins á þessum sérstaka fundi, löngum vinnufundi rík-

isstjórnarinnar, fór utanrrh. vandlega yfir málið. Það kom glögglega fram hjá honum hvar hann vildi setja mörk á hverjum einstökum þáttum. Og það kom fram hjá okkur að um það væri ekki ágreiningur milli flokkanna. Því var engin sérstök ástæða til þess fyrir okkur að setja fyrirvara við það umboð sem utanrrh. hefur. Við höfum treyst málsmeðferð ráðherrans fullkomlega og ég hef talið reyndar að hann hafi sinnt þessum málaflokki afskaplega vel. Menn minnast sérstaklega þegar hann var í forustu fyrir EFTA-ríkjunum og hlaut almennt lof fyrir það með hvaða hætti hann hélt á málum þá.

Af þessum sökum tel ég enga ástæðu til þess að Sjálfstfl. sérstaklega setji fyrirvara í þessum efnum. Það var kannski vandi ráðherrans þegar hann fjallaði um málið í tíð hinnar fyrri ríkisstjórnar að það lá ekki ljóst fyrir þá hvaða umboð ráðherrann hafði. Það hefur örugglega gert honum erfiðara um vik í sínum störfum. Það kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, það kom fram í stjórnarmyndunarviðræðum og það kom fram á þessum vinnufundi að það er ekki meiningarmunur á milli ráðherra Sjálfstfl. og hæstv. utanrrh. eða ráðherra Alþfl. um meðferð þessa máls.

Ég hygg ég láti þessi orð nægja sem skýringu á því hvers vegna ekki voru settir neinir sérstakir fyrirvarar af okkar hálfu.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða um þá vinnu sem fer fram á sviði Evrópska efnahagssvæðisins. Ég held að það sé ekki æskilegt að takmarka slíka umræðu frekar en áður hefur verið gert um þetta mál. Það hlýtur að vera núv. ríkisstjórn mikilvægt að fá fram skoðanir alþingismanna á þessu máli og það hlýtur jafnframt að vera núv. ríkisstjórn mikilvægt að svara þeim atriðum sem óvissa ríkir um þannig að það sé skýrt hvaða staða ríki í þessum samningum.

Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar að það sé okkur til hagsbóta að standa heils hugar að þeim samningum sem fara fram milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Efnahagsbandalagsríkjanna hins vegar og kallaðir hafa verið samningar um Evrópskt efnahagssvæði. Ég er sannfærður um það að ef þessir samningar nást þá sé verið að treysta efnahagslega samvinnu innan þessa svæðis til hagsbóta fyrir alla sem þar búa ef rétt er á málum haldið. Ég vænti þess að nú sé rétt á málum haldið, en til þess að geta treyst því þá verð ég og aðrir alþingismenn að sjálfsögðu að fá góðar upplýsingar um það hvað þarna er um að vera.

Hér var vitnað áðan í skýrslu utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar frá mars sl., en þar kemur fram eftirfarandi þegar fjallað er um yfirþjóðlegt eða samþjóðlegt vald, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmiðið með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er að koma á einum innri markaði allra EFTA-ríkjanna og EB sem byggir á sömu eða samræmdum reglum um allt svæðið. Innan EB eru ákvarðanir um nýjar reglur í mörgum tilvikum teknar með meirihlutaákvörðunum sem hafa bein réttaráhrif í aðildarríkjunum. Ákvarðanir innan EFTA eru teknar með samhljóða samþykki allra aðildarríkja þess. Innan EES verða ákvarðanir einnig teknar samhljóða. Reglurnar fá ekki bein réttaráhrif, þ.e. þær gilda ekki gagnvart einstaklingum nema þjóðþingin hafi lögfest þær eða veitt stjórnvöldum heimild til að setja reglurnar t.d. með reglugerðum." Hér er hreyft grundvallaratriðum sem skipta afar miklu máli. Og ég skildi ræðu hæstv. utanrrh. með þeim hætti að hér hefið engin breyting orðið á.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé afar mikilvægt atriði. En ég veit það jafnframt að framkvæmdastjórnin í Brussel hefur að hluta til yfirþjóðlegt vald, allt annars konar vald en EFTA-stofnanir hafa eða hugsanlega ættu að fá og þess vegna segi ég það alveg eins og er að það kom mér nokkuð á óvart þegar ég las þessa yfirlýsingu í Morgunblaðinu, ég held í gær, en ég hafði ekki fengið hana, ég sé hún liggur á borðum þingmanna hér nú. En þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir tóku fram að dregið hefði saman með samningsaðilum við að skilgreina í meginatriðum verkaskiptingu og samstarf milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og sjálfstæðrar EFTA-stofnunar sem hefði samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins hins vegar."

Það er afar mikilvægt að þetta sé alveg skýrt, hvað er verið að tala um. Ef það eru einhver önnur skjöl á bak við þetta orðalag, eins og mér skilst að sé mjög algengt í núv. hæstv. ríkisstjórn um alla þætti samstarfs innan hennar, að það séu önnur skjöl í kistlum sem aðallega munu vera geymd í Viðey, þá er afar mikilvægt fyrir okkur að vita nákvæmlega um hvaða skjöl liggja þarna að baki. Því að þarna er ekki um að ræða skjöl innan viðkomandi ríkisstjórnar heldur skilning sem hlýtur að finnast hjá þeim samningaaðilum sem þarna eiga hlut að máli.

Þetta vildi ég biðja hæstv. utanrrh. að upplýsa. En ég sá að hæstv. utanrrh. hafði einnig dreift á borð alþingismanna texta þessa fundar á ensku og þar sá ég mér til nokkurrar undrunar að ekki er talað um EFTA-stofnanir heldur EFTA-structure. Ég er kannski ekki nægilega góður í enskri tungu og ætla ekki að halda því fram að ég sé mjög vel að mér í því, enda er hér um opinbera þýðingu — ja, ég skil það svo að þetta sé opinber þýðing utanrrn. en ekki Morgunblaðsins. En ég spyr: Á að skilja þetta orð sem þarna sé um stofnun að ræða? E.t.v. skiptir það nú ekki mjög miklu máli en ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að það eigi að koma á einhverri stofnun og einhverjum þeim verkreglum sem séu nægilegar í þessu sambandi. Síðan kemur nú í ljós í þessum enska texta að það sem fylgir á eftir er innan sviga. En það er ekki í hinni opinberu þýðingu.

Þetta tel ég afar mikilvægt að hér sé upplýst. Því ef það er svo að þessi stofnun, sem þarna er verið að tala um, eigi að hafa alveg nákvæmlega sama hlutverk, nákvæmlega sama vald og framkvæmdastjórnin í Brussel, þá er farið að tala um aðra hluti en var talað um á sínum tíma og m.a. í þessari skýrslu. En hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að svo væri alls ekki og það bæri

að skilja þessa opinberu þýðingu sem hann hefur væntanlega látið birta í Morgunblaðinu, það ætti að skilja hana öðruvísi en hún hljómar þegar maður les hana. Þetta er mjög alvarlegur misskilningur sem þarna er uppi ef ég ber saman annars vegar ræðu hæstv. utanrrh. og það sem hérna stendur.

Ég hef ekki hugsað mér að hafa hér mjög langt mál um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég endurtek að ég styð þessar samningaumleitanir enda fari þær fram á þeim forsendum sem hafa legið fyrir að undanförnu, m.a. koma fram í þessari skýrslu. En ég styð þær ekki ef þar eru komnar einhverjar nýjar forsendur sem ekki hefur verið gerð grein fyrir.

Mér er það fullkomlega ljóst að málefni sjávarútvegsins í þessum samningaumleitunum eru afar viðkvæm og erfið. Og það er ekki að sjá að í þessari yfirlýsingu sé mjög mikið nýtt um þetta atriði. En það er þó vitnað í 15. lið til 4. liðar þessarar yfirlýsingar um það atriði. En í 4. lið segir m.a.: „Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi ábata, réttinda og skyldna." Þetta er vissulega mikilvægt, að það komi fram með skýrum hætti að þarna eigi að ríkja heildarjafnvægi. Það er það sem ávallt hefur komið fram af Íslands hálfu. Og ef túlka má það svo að það sé komið um það samkomulag að þetta jafnvægi beri að skilja Íslendingum í hag þá er það vissulega áfangi. En þá er mikilvægt að allir aðilar túlki það með sambærilegum hætti. Ég hef ekki heyrt nákvæmlega hvernig hæstv. utanrrh. vill túlka það. En ég skildi ræðu hans svo að það bæri að túlka þetta Íslandi í hag, jafnvel þótt aðrir hafi haldið því fram að svo væri ekki.

Það er orðið alllangt síðan að gengið var frá bókun 6. Það var gert í júní 1976 og nú eru að verða u.þ.b. 15 ár liðin síðan þá. Þá strax var alveg ljóst að Íslendingar þyrftu að gera samning á sviði sjávarútvegsmala við Evrópubandalagið því að í bréfi Evrópubandalagsins stóð, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandalagið vill nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá von að samningaviðræður geti hafist í náinni framtíð og jafnframt að varanlegir samningar takist sem báðir aðilar geti sætt sig við."

Öll þessi 15 ár hafa átt sér stað samtöl við Evrópubandalagið um þessi mál og aldrei fengist þar niðurstaða.

Mér er nú heldur illa við að ræða þetta mál að utanrrh. fjarstöddum. (**Gripið fram í:** Utanrrh. var kallaður í símann.) Já, það eru nú ýmsir kallaðir í síma hér á Alþingi. Ég get gert hlé á máli mínu. (Gripið fram í.) Já, 1. þm. Austurl. stendur hér í ræðustól og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að taka tillit til þess. En ég skal ekki tefja hann mjög lengi frá þessu stutta símtali.

Þessi mál hafa verið mjög viðkvæm og hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram að sá sem hér stendur sé eini stjórnmálamaðurinn á Íslandi svo kunnugt sé sem í formlegum viðræðum við sjávarútvegskommissara EB hefur sagt að ræða mætti gagnkvæmni í veiðiheimildum og að hugsanleg skipti á veiðiréttindum á milli Íslands og Evrópubandalagsríkjanna kæmu til greina. Hann hafði meira að segja svo mikið fyrir þessu að hann setti um þetta alveg sérstaka auglýsingu í Pressuna. Þetta er að vísu alrangt. Ég vil ekki ætla hæstv. utanrrh. að hann hafi látið þetta vísvitandi koma fram með þessum hætti. Það hefur verið samdóma álit allra sem að þessu máli hafa komið að hrinda þeirri ósanngjörnu kröfu þegar Evrópubandalagið krefst veiðiheimilda í stað aðgangs að markaði. Hins vegar hafa átt sér stað viðræður við þetta sama Evrópubandalag undir forustu ýmissa stjórnmálamanna allar götur frá 1976. Og ein af þeim skuldbindingum sem ég tók að mér, eins og alltaf verður í nýjum ríkisstjórnum, var að halda þessum samtölum áfram þó aðallega væri með óformlegum hætti.

Ég vænti þess að þetta hafi ekki verið gert vísvitandi af hæstv. utanrrh. og hann túlki þær umræður sem eiga sér stað nú með þeim hætti að við getum algjörlega treyst orðum hans. En ég vildi hins vegar spyrja hæstv. utanrrh. um það hvað sé hæft í því sem lekur frá Evrópubandalaginu. Það er alveg rétt hjá honum að allt sem þar gerist, eins og víða, lekur út. En hér er komin frétt frá fréttaritara íslenskum hjá Evrópubandalaginu þar sem hann er kominn fram með hugmynd að ákveðinni málamiðlun. Hún er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Málamiðlunin gerir ráð fyrir að fyrirtæki innan EB geti samið við íslensk fyrirtæki um samstarf í veiðum eða vinnslu. Bandalagið væri tilbúið til að gera rammasamkomulag um samningana sem m.a. gerði ráð fyrir að samstarfsverkefnin yrðu bundin ákveðnum hámarkskvótum, t.d. þorskígildum. Talað hefur verið um 15.000–30.000 tonn samkvæmt heimildum Morgunblaðsins. Samstarfsverkefnin mundu ekki einskorðast við veiðar hefðbundinna stofna heldur væru og möguleikar á tilraunaveiðum og nýtingu vannýttra stofna."

Ég veit ekki til þess að það þurfi að fara fram neinar sérstakar tilraunaveiðar, en ég spyr hæstv. utanrrh.: Hvaðan er þessi málamiðlun komin? Hafa einhver skilaboð komið um hana? Hæstv. utanrrh. kom hér fram með ákveðnar upplýsingar um skilaboð sem hann hefði fengið.

Um það hefur verið alveg full samstaða hér á Alþingi að hrinda öllum slíkum kröfum af hálfu Efnahagsbandalagsins. Ég trúi því og treysti að svo sé enn og hef enga ástæðu til að ætla annað, enda mundum við ekki hafa hag af samningum um hið Evrópska efnahagssvæði ef við þyrftum að gefa það eftir að láta veiðiheimildir í stað aðgangs að markaði. Það er hins vegar nauðsynlegt að við fáum upplýsingar um það hvað liggur hér að baki því af fyrri reynslu veit ég að ýmislegt af því sem lekur út innan Evrópubandalagsins á við nokkur rök að styðjast, hvaðan svo sem það kann nú að vera komið.

Ég vænti þess að það geti náðst allgóð samstaða um samninga um hið Evrópska efnahagssvæði hér á Alþingi, ef þeir þá nást, enda ekkert öruggt um það. En það er náttúrlega allt annað mál en þegar verið er að tala um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu. Ég hrökk dálítið við þegar ég hlustaði á hæstv. forsrh. fyrir eins og tveimur dögum þegar hann ávarpaði aðalfund Vinnuveitendasambands Íslands þar sem hann sagði í sinni ræðu: „Aðild að Efnahagsbandalaginu er

ekki á dagskrá" — en bætti við: „að svo stöddu." Hvað þýðir þetta „að svo stöddu"? Ég hef skilið yfirlýsingar forsrh. þannig núna upp á síðkastið að aðild að Evrópubandalaginu væri ekkert á dagskrá, en hvers vegna er hæstv. forsrh. að bæta þessu við „að svo stöddu"? Á minni íslensku þýðir „að svo stöddu" svona ekki alveg á næstunni. En það má vel vera að hæstv. forsrh. noti þessi orð með allt öðrum hætti en ég er vanur. Þess vegna finnst mér mikilvægt að fá það upplýst hvort einhverjar slíkar hugleiðingar eru uppi á borðinu að ef þetta gengur ekki eftir með þeim hætti sem til er stofnað þá séu menn þegar farnir að huga að næsta skrefi og hvort skilja beri orðin „að svo stöddu" með þeim hætti. Ég tel mjög mikilvægt í þessum umræðum að fá þessi ummæli hæstv. forsrh. skýrð hér, því það kom mér nokkuð á óvart að þau skyldu ekki hafa hlotið meiri athygli og má vel vera að ég sé einn af fáum sem skilja þessi orð „að svo stöddu" með þeim hætti að þar sé átt við svona ekki alveg á næstunni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð að svo stöddu en áskil mér rétt til þess síðar, jafnvel í kvöld, eins og ég skil orðin „að svo stöddu" að taka hér til máls á nýjan leik.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég skil það svo að gert hafi verið nýtt samkomulag milli þingflokka í sambandi við umræðuna þannig að hér haldi fundi áfram í kvöld. En ég ætla hins vegar ekki að breyta frá þeirri ætlan minni að taka ekki meira en sem svarar hálftíma eða svo til að ræða þetta mikla mál sem hér er til umræðu þó að ástæða væri til þess að fara býsna vítt yfir sviðið nú þegar enn einn áfangi liggur fyrir í þessu máli eftir síðasta . . . (**ÓÞÞ:** Ef það er ástæða til að fara breitt yfir sviðið, hvers vegna er það ekki hægt?) Við getum rætt það síðar og kannski utan ræðustóls, hv. 2. þm. Vestf. Ég tel mjög nauðsynlegt nú þegar fram er kominn þessi áfangi sem hæstv. utanrrh. hefur gefið skýrslu um að menn velti því fyrir sér í þessari umræðu á hvaða vegferð við erum í raun og veru í sambandi við þessa samninga. Er það alveg víst að stefnan sem tekin var í mars 1989 í þessum málum sé sú eina rétta og eina farsæla fyrir Ísland um langa framtíð? Ég hef, eins og hv. þm. sem sátu á fyrra þingi og fyrri þingum, oft lýst efasemdum mínum varðandi einstaka þætti þessa máls og ég hlýt að hvetja til þess nú sem oftar að það verði ekki aðeins farið ofan í saumana á þeim samningsdrögum sem nú liggja fyrir og þeim áfanga sem hér hefur verið kynntur, heldur að menn skoði það í fullri alvöru, hvort ekki séu aðrar leiðir skynsamlegar fyrir Ísland en að keppa að þessari samningsniðurstöðu sem menn hafa verið að ræða. Ég tel að allt of lítil vinna hafi verið lögð af hálfu Alþingis í það að kanna þá hlið málsins og ég hvet mjög eindregið til þess og tek undir orð formanns Alþb. hér áðan, að það verði tekinn tími á þessu þingi og við hikum ekki við að lengja þetta þing ef ástæða er til, og mér sýnist hún vera til, til þess að fara yfir þetta mál í raun frá grunni og með nýjum hætti til þess jafnhliða að við setjum okkur sem best inn í stöðu málsins eins og það lítur út frá EES-samningaviðræðum, en tökum þá einnig til heildarmats nú eftir þessa meira en tveggja ára vegferð, hvort það sé í raun þess virði eða á það hættandi, mætti líka orða það, af hálfu Íslendinga að bindast þessum samningi ef kostur væri.

Ég fagna því mjög varðandi þessa umræðu að hún tekur þráðinn upp með dálítið öðrum hætti en gert hefur verið, alveg sérstaklega í fjölmiðlum nú um nokkuð langan tíma og af hálfu hæstv. utanrrh., þ.e. að umræðan snúist fyrst og fremst um sjávarútvegsmálin og möguleika á að ná niður tollalækkunum eða tollfrelsi á útflutningi sjávarafurða til Evrópubandalagssvæðisins eða EES-svæðisins alls. Þess í stað eru menn hér í þessari umræðu farnir að ræða og staldra við grundvallaratriði sjálfs meginmálsins, þ.e. aðildar að reglum og rétti Evrópubandalagsins um hinn innri markað sem er aðalatriði þessa máls, en tollfrelsi á sjávarafurðum í rauninni tiltölulega smátt atriði og smátt mál með tilliti til alls hins sem menn væru að bindast inni í þessum samningi, reglunum 1400 eða 1500, lögum og samþykktum Evrópubandalagsins og þeim stofnunum Evrópubandalagsins sem menn verða óhjákvæmilega verulega háðir fyrir utan þær stofnanir sem hugmyndin er að byggja upp í sambandi við EES-svæðið sérstaklega.

Ég hef fjallað nokkuð um það í ræðu og riti hvaða aðrar leiðir það eru sem við Íslendingar ættum að vera að skoða nú jafnhliða en ég mun ekki taka langan tíma í þessari umræðu til þess að lýsa þeim hugmyndum enda geta menn kynnt sér þær m.a. í séráliti sem ég skilaði og birt er í 7. riti Evrópustefnunefndar.

Hér hafa menn staldrað við hvað sé nýtt í sambandi við það sem fyrir liggur í yfirlýsingu ráðherrafundarins frá 13. maí. Jú, það er sitthvað. Þetta mál hefur auðvitað verið að taka breytingum. Hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson fór hér skilmerkilega yfir einstaka þætti málsins sem birtast hér í breyttum og nýjum búningi vegna þess að það hefur verið haldið áfram vinnu frá því sem áður var, en vissulega þó byggt á því sem gert hafði verið á fyrri stigum.

Ég get engan veginn tekið undir þau orð hæstv. utanrrh. í ræðu hans að ekkert í þessari yfirlýsingu og þeim gjörningum sem að baki liggja vísi til þess að menn séu að bindast yfirþjóðlegu valdi og afsala sér valdi á löggjafarsviði og sviði dómsvalds. Ég tel þvert á móti að þessi yfirlýsing vísi með mun skýrari hætti en áður hefur legið fyrir til þess að það er einmitt það sem hér er verið að gera. Menn eru að bindast sérstökum dómstól sem á að fjalla um þátt EFTA innan Evrópska efnahagssvæðisins — takið eftir því: dómstólnum er sérstaklega ætlað að fjalla um þátt sem snýr að EFTA-ríkjunum innan þessa svæðis en ekki varðandi Evrópubandalagið sjálft því alveg á sama hátt og Evrópubandalagið ekki gefur eftir þumlung varðandi sjálfræði og sjálfstæði í ákvarðanatöku á sínu svæði í sambandi við þennan gjörning, í sambandi við fyrirhugaðan samning, þá gera þeir það ekki heldur á dómsviðinu og þeir ætla ekki að láta litla fingur af því valdi sem Evrópudómstóllinn hefur samkvæmt samþykktum Evrópubandalagsins til þess að kveða upp úr-

skurði, m.a. forúrskurði og bindandi úrskurði sem hafa lagagildi fyrir Evrópubandalagið og þróun þess. Dómstólnum, sem er eitt af því nýja sem hæstv. utanrrh. nefndi, er ætlað samkvæmt þessum texta að vera sjálfstæður og kveða upp úrskurði varðandi lausn deilumála, þar með talið þegar við á túlkun EES-reglna samkvæmt beiðni sameiginlegu nefndarinnar eða samningsaðilanna. Hér geta samningsaðilarnir, hvort sem væri EFTA eða Evrópubandalagið ef trúa má þessum orðum, óskað eftir því að þessi dómstóll kveði upp úrskurð um ágreiningsefni. Hvað er þetta ef ekki að framselja vald? Og hvað um eftirlitsstofnunina sem hér er verið að taka ákvarðanir um í þessum áfanga og ráðherrarnir hafa sett nafn sitt undir? Þar er alveg ljóslega samkvæmt þessum texta verið að setja upp stofnun eða „structure", eins og hv. 1. þm. Austurl. benti á, sem á að skera úr, hafa eftirlit með samningi og kveða upp úr um hvernig túlka beri reglur samningsins og framfylgja. Er þetta ekki yfirþjóðlegt vald? Er þarna ekki verið að afsala sér valdi sem Íslendingar hafa haft í eigin stofnunum með þessum hætti? Ég er ekki læs ef sá skilningur er ekki réttur. Í raun er Alþingi Íslendinga með þessum gjörningi að afsala sér áhrifum á mótun löggjafar á þýðingarmestu sviðum efnahags- og fjármála um langa framtíð ef menn með einni handauppréttingu hér á Alþingi koma til með að gjalda jáyrði við þessum samningi. Eftir að það hefur gerst breyta menn ekki löggjöf á einstökum sviðum efnahagsmála eftir því sem mönnum býður við að horfa hér á Íslandi og löggjafarsamkomunni, heldur verða að sjálfsögðu að taka tillit til þess hvað er að gerast innan Evrópska efnahagssvæðisins, ná samstöðu um það í 19 ríkja hópi eða fleiri ef þar fjölgar í hópnum, og menn eru að sjálfsögðu ekki lengur bærir um það að þróa íslenska löggjöf út frá sjónarmiðum Alþingis Íslendinga heldur eru bundnir af þessu og EFTA, sem enn þá er þarna að nafni og verður kannski ekki mjög langlíft, á að tala einum rómi gagnvart Evrópubandalaginu þegar það er að reyna að hafa áhrif á þróun Evrópubandalagsins sjálfs og ákvarðanir sem þar eru teknar.

Ég vænti þess að menn átti sig á því að hér er um samþætt virki að ræða, hér er um samþætt ferli að ræða. Það má líkja þessu við stóra vél með tannhjólum þar sem menn stöðva ekki þessa vél. Einn lítill hlekkur í þessu gangverki stöðvar ekki þróun löggjafar í Evrópubandalaginu, hann er nauðbeygður til að fylgja henni eftir ef menn eru orðnir þarna aðilar og orðnir eitt lítið tannhjól inni í þessu gangverki. Og menn verða að horfast í augu við þetta áður en þeir gangast inn á þennan grundvöll. Það er þetta sem við þurfum auðvitað að ræða og það er þetta sem nefndir þingsins eiga að fjalla um og kafa ofan í og veita upplýsingar um og þingflokkar og þingið að ræða og taka sér tíma til þess.

En auðvitað er áhyggja manna misjöfn í þessum efnum. Það eru ekki allir jafnáhyggjufullir að þessu leyti. T.d. þeir flokkar sem hafa lýst því yfir fyrir síðustu kosningar og reyndar fyrr að þeir geti alveg hugsað sér aðild að Evrópubandalaginu. Og það vill svo til að það eru flokkarnir sem nú mynda ríkisstjórn Íslands sem hafa gefið um það flokkslegar yfirlýsingar og samþykktir að þeir geti alveg hugsað sér að taka aðild að Evrópubandalaginu á dagskrá. Og mér finnst hv. 1. þm. Austurl. ekki þurfa að vera neitt hissa á því þó núv. hæstv. forsrh. greini frá þessu því að fyrir einum tveimur árum síðan bar hann einmitt þær hugmyndir fram á landsfundi Sjálfstfl. sem formaður aldamótanefndar flokksins að honum fyndist fyllilega koma til greina að láta reyna á samninga við Evrópubandalagið. Og formaðurinn, sem hæstv. núv. forsrh. ýtti úr sæti, gaf um það yfirlýsingu í ræðu suður í Leiru sl. haust, sem vitnað er til í Morgunblaðinu, að hann telji óhjákvæmilegt að hefja umræðu um hvort sækja eigi um aðild að Evrópubandalaginu. Auðvitað hafa þessir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar ásamt utanrrh. og þeim alþýðuflokksmönnum ekki sömu áhyggjur og flokkarnir sem telja að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. En ég vil að þetta mál sé skoðað einmitt í þessu samhengi. Geta menn hugsað sér það að fara alla leið? Þá verða menn auðvitað að gera sér það ljóst að samningur um Evrópskt efnahagssvæði færir menn í reynd langt á leið þótt það sé engan veginn það sama og að gerast aðili að Evrópubandalaginu. En eftirleikurinn verður sannarlega auðveldari fyrir þá, fyrir þau pólitísku öfl sem geta hugsað sér að þetta gerist. Þess vegna einnig vara ég mjög við þessari vegferð og hvet til þess að menn leiti annarra úrræða.

Það var athyglisvert, svo sem bent hefur verið á, að hæstv. utanrrh. vék ekki að því snjallræði sem hann hafði þó nefnt í ríkisfjölmiðlum nú fyrir fáum dögum og í viðtölum við dagblöð, að taka upp nýja skiptimynt í sambandi við lausn hnútsins varðandi sjávarútvegsmálin og tollamálin í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði, þegar hann víkur að því að varnarmál Evrópubandalagsins, eins og það er kallað, geti haft áhrif á samninga Íslendinga við Evrópubandalagið. Og hæstv. utanrrh. segir í sjónvarpsviðtali 15. maí, fyrir fáum dögum, í viðræðum við fréttamann: „Ég held í þá skoðun eða það mat mitt alveg fram á seinustu stundu að að lokum muni leiðtogar Evrópubandalagsins telja það nokkru skipta að Ísland verði með, að það verði ekki útilokað frá Evrópu, ekki út af fiskveiðimálum heldur út af framtíðarhugsun þeirra um öryggis- og varnarmál." Heldur út af framtíðarhugsun þeirra um öryggis- og varnarmál. Þetta eru orð hæstv. utanrrh. og ég heyrði ekki betur en hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason væri í raun að gæla við sömu hugsun í máli sínu hér áðan, þar sem hann tók undir að það ætti að fara að gaumgæfa það og athuga það sérstaklega hvort Íslendingar ættu ekki að tengjast Vestur-Evrópubandalaginu, sex ríkja samstarfinu eða níu ríkja, eins og það er nú líklega núna, í öryggis- og varnarmálum. Sá kjarni sem Evrópubandalagið í formi sambandsríkis ætlar að byggja á sína öryggis- og varnarstefnu og er farið að þróa. Auðvitað er þarna uppi hugsun manna sem geta hugsað sér beina aðild að Evrópubandalaginu og líta þannig á að það sé allt í lagi að taka upp umræðuna um öryggis- og varnarmál, taka þau á dagskrá í þessu samhengi og leita þar að skiptimynt.

Það þóttu nú nokkur tíðindi hér fyrir fáeinum árum þegar hæstv. utanrrh. hélt ræðu sem vakti þó nokkra athygli á fundi sósíaldemókrata á Norðurlöndum, leiðtoga jafnaðarmanna á Norðurlöndum, eins og það var kallað. Einmitt í þessari ræðu kom hæstv. utanrrh. með þessa hugmynd. Og ég gæti vitnað hér í langt mál, mjög fróðlegt, þar sem þessi hugsun um skiptimyntina er útfærð, hernaðarhagsmunir, öryggishagsmunir Evrópubandalagsins, sem þáttur í samningum við Evrópubandalagið.

En þessar hugmyndir hæstv. þáv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Hvenær var þetta?) Þessi ræða er birt í heild 20. febr. í Morgunblaðinu. (**Gripið fram í:** Hvaða ár?) (**Gripið fram í:** 1988.) 1988, vel að merkja. Það ættu *nú sósíaldemókratar kannski að muna, en ég þakka* fyrir ábendinguna. En þessar hugmyndir féllu nú ekki allar í mjög frjóa jörð og þetta varð umræðuefni hér í umræðum um utanríkismál sem fór fram skömmu síðar. Hæstv. þáv. forsrh. setti með kurteislegum hætti ofan í við þáv. fjmrh. fyrir að vera að flagga með þessi mál þó hann tæki fram að honum væri það heimilt sem formanni Alþfl. en ekki sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Og það komu fram mörg varnaðarorð frá þingmönnum allra flokka vil ég segja varðandi þessi efni, því að dýpst tók í árinni sá sem hæstv. núv. fjmrh. velti úr sessi sem formanni Alþfl., Kjartan Jóhannsson, sem fjallar um þetta í grein í Morgunblaðinu, ég held 27. febr. 1988, og ég má til með að vitna til. Það skal ekki verða langt, virðulegur forseti, með þínu leyfi. Þar segir Morgunblaðið: „Kjartan Jóhannsson gagnrýndi Jón Baldvin Hannibalsson, fjmrh. og formann Alþfl., harðlega fyrir ræðu hans í utanríkismálaumræðunni í gær. Sagði hann Jón Baldvin bæði gefa sér rangar forsendur og reikna vitlaust þegar hann talaði um framtíðarsamskipti Íslands og Evrópubandalagsins." Svo kemur orðrétt, Kjartan Jóhannsson: „Ég tel bæði rétt og nauðsynlegt að fram komi að ég er gersamlega ósammála þeim sjónarmiðum sem hæstv. fjmrh. setti fram í ræðu sinni hér áðan varðandi EB, þar á meðal um kaupskap í öryggis- og varnarmálum út á tollfríðindi", sagði Kjartan Jóhannsson á Alþingi í gær. „Í fyrsta lagi tel ég að ekki eigi að blanda þessum tveimur málaflokkum saman og í öðu lagi tel ég að hugmyndin um kaupskapinn gangi ekki upp. Það er að sjálfsögðu ekki nema von að niðurstaðan af hugleiðingum ráðherrans sé röng því bæði er að hann gefur sér rangar forsendur og að hinu leytinu reiknar hann vitlaust. Ráðherrann gefur sér að staða okkar sé vonlaus ef Noregur gangi í EB og jafnframt gefur hann sér með sama hætti að staða okkar sé líka vonlaus meðan við veitum ekki EB aðgang að fiskveiðilögsögunni. Út frá þessu tvöfalda vonleysi hefur hann svo leit að einhverju öðru til að bjóða upp á í staðinn og sú leit endar með hugmyndinni um kaupskapinn í varnarmálum. En þessi örvæntingarfulla leit er óþörf enda á misskilningi byggð því að forsendan um þetta tvöfalda vonleysi er á misskilningi byggð," (**Gripið fram í:** Sagði Kjartan þetta?) segir Kjartan Jóhannsson. Og hann sagði fleira athyglisvert sem ég held að núv. hæstv. utanrrh. ætti að íhuga. En það var mikið skrifað um þetta mál og deilt um þetta mál á síðum blaða, þar á meðal í Alþýðublaðinu litla á þessum dögum og vikum eftir þetta. (**Utanrrh.:** . . . Kjartan Jóhannsson sendiherra.) Nú hefur hæstv. utanrrh. sent Kjartan Jóhannsson *í útlegð eins og gert var með Molotov á sínum* tíma þegar hann var sendur til Úlan-Bator og menn fara nú kannski að skilja ástæðurnar fyrir því. Og það var reyndar gert með fleiri því að einn af þeim sem gagnrýndu harðlega þessi efni á sínum tíma, samanber Morgunblaðið 23. febr. nefnt ár, 1988, Albert Guðmundsson, sem einnig var sendur í útlegð, hann segir um þetta: „Hann hefur því farið út fyrir valdsvið sitt og ég held að Jón hafi ekki verið með sjálfum sér þegar hann sagði þessi orð."

Þetta tel ég ástæðu, virðulegur forseti, til að draga hér fram því auðvitað er hæstv. utanrrh. við sama heygarðshornið. Hann er að taka þetta mál upp nú, ekki sem fjmrh. og formaður Alþfl., heldur sem forsrh., heldur sem utanrrh. og nú verður — já það varð nú ekki af því. En nú vænti ég þess að hæstv. forsrh. greini okkur frá hvernig honum lítist á þessar hugmyndir og fari þá einnig yfir það sem forveri hans í stóli formanns Sjálfstfl. hafði um þessi mál að segja á sínum tíma.

Virðulegur forseti. Þau efni sem við ræðum hér eru stærsta mál sem hefur borið að Alþingi Íslendinga síðan lýðveldið var stofnað að mínu mati. Ég tel því að þingið eigi hvorki að spara tíma né fyrirhöfn né heldur eigi menn að draga við sig að lýsa inn í samhengi þessa máls með öllum tiltækum ráðum og kröftum sem Íslendingar búa yfir því svo mikið er í húfi. Þar eigum við ekki að sjá í aura eða krónur. Hér er spurningin um framtíð Íslands. Það er líka spurningin um það: ætla menn í raun að leggja út á þá braut sem núv. stjórnarflokkar hafa ekki útilokað, þ.e. að tengjast því evrópska stórríki sem nú er í mótun?

Ég held að það reki engin nauður okkur Íslendinga til þess. Ég er mjög sannfærður um það að binding Íslands inn í þetta stórríki verði til þess að hér verði fátækara land í framtíðinni, ekki bara í efnahagslegu tilliti heldur ekki síður í menningarlegum efnum. Hvoru tveggja sé í raun ógnað og þar með tilvist íslensku þjóðarinnar til langs tíma litið. Ég held að við ættum að gaumgæfa það hvaða möguleika við höfum í Norður-Atlantshafi, þar sem við erum staðsett á eyjunni okkar, til þess að halda hér uppi óháðu þjóðríki til lengri tíma litið og nýta þá miklu kosti, náttúruauðlindir og mannafla sem hér er til þess að búa Íslendingum gott líf. Við höfum átt samskipti víðar en við Evrópu. Við höfum átt samskipti í viðskiptalegum efnum og fleiri efnum við Bandaríki Norður-Ameríku. Og þó ég hafi ekki verið sammála öllu hvernig þar hefur verið á haldið, t.d. í öryggismálum, þá held ég að við eigum ekki að horfa fram hjá þeim möguleikum sem í því felast að við erum einnig nágrannar Norður-Ameríku. Og við erum einnig nágrannar Austur-Asíu, þess stóra og vaxandi markaðssvæðis, þangað sem við höfum verið að sækja á fyrir íslenskar útflutningsafurðir og höfum alla möguleika á að bæta samskiptin og þróa þau í viðskiptalegum efnum. Það gerum við hins veg-

ar ekki ef við lokum okkur af innan múra evrópsks stórríkis. Því að það eru þessir risar, Norður-Ameríka, Evrópa, Vestur-Evrópa og Austur-Asía, sem eru á fullri ferð að búa sig í harða samkeppni viðskiptalega séð og um áhrif á heimsvísu. Við eigum ekki að dragast inn í það meira en óhjákvæmilegt er og við eigum að nýta okkur staðarkostina og möguleika okkar á þessu ágæta landi til þess að eiga góð samskipti og ábatasöm við þessa aðila alla. Í því er fólgið fjöregg Íslands, það fjöregg sem ég vil sjá að Alþingi Íslendinga verndi og leggi a.m.k. góða vinnu í að skoða skilyrðin áður en menn fara að binda sig samningum eins og þeim sem hér eru til umræðu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Viðræður um myndun Evrópsks efnahagssvæðis hafa nú staðið yfir í rúm tvö ár eða allt frá því í mars 1989 þegar stofnuð var stjórnarnefnd embættismanna til að hefja könnunarviðræður um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Síðan þetta gerðist hafa margsinnis farið fram umræður hér á þingi um þetta mál. Margar skýrslur hafa verið gefnar út, bæði á vegum Alþingis og annarra aðila. En samt ætla ég að halda því fram að þessi umræða fljóti utan og ofan við þorra fólks í þessu landi. Ég ætla að halda því fram að þorri fólks í þessu landi viti ekki um innihald þess sem við erum að ræða hér. Og fyrir því eru auðvitað ýmsar ástæður. Ein þeirra er sú að segja má að þetta mál hafi fyrst og fremst verið rætt á hinum tæknilegu nótum.

Umræðan hér í dag hefur kannski líka verið svolítið á þeim nótum. En ég ímynda mér að hjá því fari varla með mál eins og þetta. Hér hafa fyrirvarar Íslendinga verið teknir til umræðu og sagt frá því og sýnt fram á að þeir hafa ávallt verið mjög takmarkaðir og umboð utanrrh. í þessum viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið mjög vítt eftir því sem best verður séð. Ég hélt að menn hefðu verið nokkuð ásáttir í fyrrv. ríkisstjórn um þá fyrirvara sem Íslendingar gerðu, enda mátti ekki minna vera eins takmarkaðir og þeir voru. Þannig lýstu utanrrh. og fyrrv. forsrh. því yfir, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í kosningabaráttunni, að ekki gengi hnífurinn á milli þeirra í þeim viðræðum sem þá voru uppi þó svo að ýmsir kutar hefðu verið á lofti bæði í kosningabaráttunni og aftur hér í dag.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að það var afskaplega lítið hald í þessum fyrirvörum og þeir voru alls ekki öllum jafnljúfir. Það sést best á því að í síðustu samningalotu fór utanrrh. með það nesti í farangrinum til Brussel að honum væri heimilt að gera þessa fáu fyrirvara sem til staðar voru að skiptimynt. Það eina sem undan var skilið voru veiðiheimildir. En þannig vill utanrrh. greinilega hafa þetta. Hann vill að valdi sínu og umboði séu sem minnst takmörk sett. Hann er ekki einn um þetta. Þess hefur orðið vart að ýmsum alþýðuflokksmönnum finnst að sér sé nú dillað og þungu fargi af þeim létt. Þannig kom það fram í leiðara í Alþýðublaðinu þriðjudaginn 7. maí að þeir voru afskaplega sáttir við að vera lausir við allt fyrirvarafarganið. Í leiðara Alþýðublaðsins segir, með leyfi forseta: „Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. hefur nú fengið fullt umboð nýrrar ríkisstjórnar til að ljúka samningagerð um Evrópska efnahagssvæðið.“ Það er tekið hér fram að þetta sé háð því skilyrði eins og áður að ekki komi til greina að heimila ríkjum EB aðgang að íslenskri fiskveiðilögsögu í stað tollalækkana á sjávarafurðum. „Eru það umskipti frá því sem var í fyrri ríkisstjórn þegar menn og flokkar voru með fyrirvara út og suður“, eins og segir í leiðaranum. Þessir fyrirvarar „út og suður“ voru afskaplega fáir. Þeir tóku til fjárfestinga erlendra aðila tengdra náttúruauðlindum. Þeir tóku til varnaglaákvæða varðandi frjálsan atvinnurétt og þeir tóku til þess að ekki yrði slakað á settum kröfum um öryggi, hollustuhætti og umhverfisvernd. Nú kann vel að vera að innan ríkisstjórnarinnar hafi verið einhverjir leynilegir fyrirvarar en þeir hafa þá ekki komið fram opinberlega og til lítils að vitna í þá í leiðurum blaða.

Utanrrh. sagði fyrir þessar kosningar, og hann sagði það líka oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og til þess hefur verið vitnað hér í þessum ræðustól fyrr í dag, að búið væri að semja um 98% af því sem semja þarf um varðandi Evrópska efnahagssvæðið. Hér í dag byrjaði hæstv. utanrrh. á því að kynna fyrir okkur hvernig þau 2% standa sem ekki hafði fengist niðurstaða um fyrir kosningar og enn er að ýmsu leyti ósamið um. Ég skal viðurkenna að ég skil ekki alveg hlutfallsreikning utanrrh., en það er kannski ekki nema von því ég hef orðið vör við það undanfarna daga að alþýðuflokksmenn nota einhverja aðferð sem gefur þeim hagstæðari niðurstöðu en öðrum sem spreyta sig á slíkum dæmum.

Slíkar reikningskúnstir breyta þó ekki raunveruleikanum. En raunveruleikinn í þessu máli sem hér er til umfjöllunar er sá að það sem verið er að semja um varðandi Evrópska efnahagssvæðið einmitt núna eru þau mál sem mestu skipta í bráð og lengd. Þetta eru málin sem ósamið var um vegna þess hversu stór og þýðingarmikil þau eru. Menn hafa smátt og smátt verið að einangra erfiðustu deiluatriðin. Vægi þessara mála er því miklu meira en 2% í heildarpakkanum, enda ráða þau mestu um það hvort af Evrópska efnahagssvæðinu verður eða ekki. Þau skilja því milli feigs og ófeigs ef svo má að orði komast.

Sjálfstæðismenn hafa hér í dag tekið undir þau orð utanrrh. að búið sé að semja um 98% af því sem samið verður um og það gera þeir auðvitað af því að það hentar þeim afskaplega vel að segja það. Það hentar þeim afskaplega vel að segja: Fráfarandi ríkisstjórn gekk frá þessu máli. Við komum að borðinu svona.

Fyrrv. stjórnarliðar hafa hins vegar haldið því fram að nú séu straumhvörf vegna þess að það hentar þeim að halda því fram. Það hentar þeim að halda því á lofti að nú eigi að semja um allt sem máli skiptir, það hafi ekki verið búið að því. Hér tala menn því dálítið eins og hverjum hentar. Mér er í sjálfu sér sama þó þeir tali þannig vegna þess að ég veit að valda þeir sem á halda og þeir hafa verið margir sem hafa haldið á þessu máli á undanförnum mánuðum og árum.

En lítum þá aðeins á það hvaða mál eru uppi á borð-

inu núna. Hver eru þau 2% sem utanrrh. gerði að umtalsefni í kosningabaráttunni? Í fyrsta lagi virðist ljóst að komið verði upp EFTA-stofnun sem hafi samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins. Þessu er reyndar lýst í skýrslu utanrrh. frá því í mars 1991 sem var dreift hér á fundinum en eftir því sem mér skilst hefur hún ekki komið til umræðu hér á þingi áður. Þess vegna vil ég, með leyfi forseta, vitna hér til þess sem segir um hlutverk og umboð þessarar stofnunar í skýrslunni frá mars 1991. Þar segir:

„Sjálfstætt eftirlit með aðildarríkjum EB er í höndum framkvæmdastjórnar EB. Framkvæmdastjórnin hefur almennt eftirlit með fullnustu aðildarríkjanna á Rómarsáttmálanum, t.d. hvort lög hafa verið sett á grundvelli EB-tilskipunar á réttum tíma. Uppfylli aðildarríki ekki samningsskyldur sínar skorar framkvæmdastjórnin á aðildarríkið að bæta úr." — Og nú vil ég biðja menn að hlusta á þetta með tilliti til þess að það á að koma upp EFTA-stofnun sem hefur samsvarandi hlutverk. — „Geri aðildarríkið það ekki getur framkvæmdastjórnin höfðað mál á hendur aðildarríkinu fyrir dómstóli EB. Aðildarríkinu ber að hlíta dómi EB-dómstólsins þó engar þvingunarleiðir séu fyrir hendi til að fullnusta dómnum.

Á sviði ríkisstyrkja hefur framkvæmdastjórnin sérstakt eftirlitsvald þar sem hún getur m.a. farið fram á stöðvun ríkisstyrkja sem hún telur ekki samræmast reglum bandalagsins.

Á sviði samkeppnisreglna er eftirlitsvald framkvæmdastjórnarinnar sérstakt að því leyti að það beinist beint að einstaklingum og fyrirtækjum. Framkvæmdastjórnin hefur m.a. heimild til að rannsaka bókhald fyrirtækja í samvinnu við viðkomandi stjórnvöld, gefa undanþágur frá samkeppnisreglunum og kveða á um sektir sem eru aðfararhæfar í aðildarríkjunum."

Þannig á valdsvið þessarar EFTA-stofnunar að vera sem á að hafa eftirlit með því að EFTA-ríkin hagi sér í samræmi við EES-samkomulagið. Það er því greinilegt að það er verið að fela þessari eftirlitsstofnun mjög víðtækt vald og þeir sem í henni sitja verða algerlega óháðir fyrirmælum frá ríkisstjórnum síns heimalands. Það sem helst virðist þó vefjast fyrir samningamönnum er hvernig verkaskiptingu og samstarfi þessarar eftirlitsstofnunar og framkvæmdastjórnar EB verði háttað. Þessi þáttur er alveg jafnóljós og hann var í desember sl. Hann hefur ekki skýrst á síðasta fundi sem ráðherrarnir héldu.

Annað mál sem er uppi á borðinu núna og er hluti af þessum 2% er að niðurstaða virðist nú fengin um hindrunarlausa fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipti. Það þýðir einfaldlega að EFTA-ríkin taka upp þær samþykktir EB sem gilda á þessu sviði og það er ekki gert ráð fyrir neinum undanþágum, aðeins aðlögunartíma. Engar undanþágur.

Þriðja málið sem er uppi á borðinu er að engin niðurstaða virðist fengin varðandi fyrirvara Íslendinga um að erlendum aðilum sé óheimilt að fjárfesta í fiskveiðum og fiskvinnslu eða fyrirtækjum sem tengjast okkar helstu orkulindum. Samkvæmt skýrslu utanrrh. frá því í mars sl. er skilningur EFTA-ríkjanna sá, og þann skilning ítrekaði utanrrh. hér fyrr í dag, að fjárfesting í sjávarútvegi og landbúnaði sé undanskilin því frelsi manna til að fjárfesta sem er eitt af grundvallaratriðunum á Evrópska efnahagssvæðinu. Það kemur hins vegar hvergi fram í þessum skýrslum utanrrh. og það kom heldur ekki fram í máli hans hér í dag að skilningur Efnahagsbandalagsins væri sá sami.

Í skýrslunni frá því í mars 1991 sem dreift var hér á fundinum er þvert á móti tekið fram varðandi þetta atriði að umræður um það séu mjög skammt á veg komnar. Það hefur ekki verið upplýst hér á þessum fundi að þær umræður séu eitthvað lengra komnar en þá var. Og nú vil ég fá svör við því frá hæstv. utanrrh. hvort fyrir liggi sameiginlegur skilningur EFTA og EB á þessu atriði og ef svo er, hvort hann sé þá til í skriflegu formi. Ef hann er ekki til og ef þessi sameiginlegi skilningur liggur ekki fyrir, eru þá einhverjar líkur til að hann fáist og eru þá einhverjar líkur til þess að Íslendingar geti staðið á þessu ákvæði gagnvart EES-dómstólnum ef upp kemur? (**Utanrrh.:** Skilningur á hvaða ákvæði?) Á því ákvæði að erlendum aðilum sé óheimilt að fjárfesta í fiskveiðum og fiskvinnslu vegna þess að þau svið séu undanþegin á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjórða atriðið sem er uppi á borðinu núna er deilan um tollafríðindi Íslendinga á markaði Efnahagsbandalagsins og það hefur enn ekki verið tekið á því máli þannig að viðunandi niðurstaða fáist. Kröfur EB um veiðiheimildir eru enn til staðar.

Í fimmta lagi er talað um það í yfirlýsingu ráðherrafundarins núna 13. maí að setja þurfi á laggirnar sérstaka fjárhagsstofnun sem á að vinna að því að draga úr svæðisbundnu efnahagslegu og félagslegu misræmi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það er tekið fram að öll framkvæmdaatriði varðandi þessa fjárhagsstofnun séu óleyst. Og ekkert hefur enn sést á blaði um það hvað Íslendingar þurfi t.d. að greiða til þessarar stofnunar, hvort sem það er tímabundið framlag eða framlag til frambúðar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að Íslendingar séu vel aflögufærir og geti látið meira af hendi rakna til vanþróaðri svæða heldur en nú er, en hvort það sem út undan stendur hjá okkur á að fara til Evrópuríkja eða einhverra annarra ríkja er allt önnur saga.

Sjötta atriðið sem er uppi á borðinu núna er að það er talsvert starf enn óunnið varðandi búsetu- og atvinnuréttindi og það er sérstaklega tekið fram í yfirlýsingu ráðherranna.

Í sjöunda lagi er ýmislegt enn óleyst varðandi upprunareglur vöru.

Í áttunda lagi fæst væntanlega niðurstaða í það mál núna að Íslendingar eins og önnur aðildarríki EFTA hafa lýst sig reiðubúna til að setja í íslensk lög ákvæði þess efnis að reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skuli hafa forgang gagnvart íslenskum lögum. Þessar reglur byggja á viðeigandi samþykktum og lagagjörningum Efnahagsbandalagsins eins og margsinnis hefur komið fram hér í dag og þeir eru alls 1400 talsins. Þar að auki byggja þessar reglur á viðeigandi

innihaldi Rómarsáttmálans. Þessir lagagjörningar, sem við höfum ekki átt neinn þátt í að semja eða haft nokkur áhrif á, munu verða æðri íslenskum lögum. Ef að líkum lætur hlýtur þetta að kalla á miklar breytingar á íslenskum lögum á næstu missirum. Það eitt getur ekki dugað að gefa reglum samningsins forgang gagnvart íslenskum lögum. Það hlýtur að þurfa að taka þær með einum eða öðrum hætti inn í íslenskt lagasafn vegna þess að fólk verður að vita hvaða lög gilda í landinu. Allt annað er aðför að réttaröryggi. Það verða að vera ein lög og það verða allir að vita hvaða lög gilda. En ef við eigum að taka öll þessi lög inn í íslenska lagasafnið, þá held ég að menn sjái nú sína sæng upp reidda hér á Alþingi. Það hefur verið talað um hið háa Alþingi sem stimpilstofnun. Hvernig mun þá fara fyrir þessu þingi þegar öll þau lög eiga að komast inn í íslenskt lagasafn?

Í níunda lagi er eitt af því sem liggur á borðinu að dómstóll EES mun starfa innan EB-dómstólsins. Þessi EES-dómstóll verður hæstiréttur okkar Íslendinga í flestu sem lýtur að viðskiptum. Við verðum að undirgangast þá dóma sem hann fellir hvort sem okkur er það ljúft eða leitt.

Í tengslum við þetta má geta þess að dómar EB-dómstólsins, þeir dómar sem EB-dómstóllinn fellir og við munum ekki eiga neina aðild að, eru hluti af reglum EB og þar af leiðandi hluti af EES-samningi. Á þessa dóma, þessa EB-dóma sem eru sjálfkrafa hluti af reglum EB, getum við engin áhrif haft enda eigum við ekki aðild að EB-dómstólnum. Í þessu felst óumdeilanlega framsal á fullveldi. Utanrrh. vék að því hér í ræðu sinni í dag að allar fullyrðingar um framsal á fullveldi styddust ekki við rök. Ég fæ ekki séð hvernig hæstv. utanrrh. getur haldið þessu fram því að það er óumdeilanlega um framsal á dómsvaldi að ræða og það má færa mjög sterk rök fyrir því að það sé líka um framsal á löggjafarvaldi að ræða með inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið.

Sú mótsagnakennda skoðun hefur oft heyrst í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið að besta leiðin til að varðveita fullveldi sé að framselja það. Ég held að allir hugsandi menn sjái að þessi fullyrðing stenst enga röklega meðhöndlun.

Sú skoðun hefur reyndar líka heyrst að hagstjórn okkar sé best borgið með því að koma hagstjórnartækjunum í hendur annarra, að koma hagstjórnartækjunum úr landi. Það má reyndar skilja ástæður þess að þessi skoðun á sér nokkurt fylgi en það breytir ekki því að þetta eru skoðanir þeirra sem setja öryggið ofar öllu öðru, skoðanir sem byggja á forsjárhyggju en ekki sjálfstjórn.

Í tíunda lagi vil ég benda á að á samningaborðinu núna er hinn félagslegi þáttur Evrópska efnahagssvæðisins og satt að segja er hinn félagslegi þáttur mjög rýr. Það mun eiga sér stað mikil uppstokkun í atvinnu- og efnahagslífi aðildarríkja EB og EFTA með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins og með tilkomu innri markaðar 1. jan. 1993. Þetta er óumdeilt. Það er óumdeilt að það á sér stað mikil breyting og það er óumdeilt að atvinnuleysi mun að öllum líkindum aukast. Ástæðan fyrir því er kannski fyrst og fremst sú að meðan fyrirtæki með slæma samkeppnisaðstöðu eru að leggja upp laupana og ný að verða til, þá kemst mikið rót á vinnumarkaðinn sem kostar óumflýjanlega atvinnuleysi til að byrja með. Það er sagt að á innri markaðnum, og það mun líka gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, eigi kostir stórfyrirtækja að fá að njóta sín. Smáfyrirtækin og millistór fyrirtæki sem eiga í erfiðri samkeppnisaðstöðu munu væntanlega mörg hver leggja upp laupana og þjóðríkin munu ekki halda þessum fyrirtækjum á floti með séraðgerðum eða ívilnunum sem hafa áhrif á markaðinn. Þeim er það ekki heimilt. Þetta skiptir því launafólk verulegu máli. Atvinnuleysi skiptir launafólk verulegu máli. Þess vegna varð það niðurstaða af ráðstefnu verkalýðssamtaka EFTA-ríkjanna í Stokkhólmi í janúar 1990 að hin félagslega framþróun yrði að skipa stóran sess í umræðunum um Evrópskt efnahagssvæði. Og með leyfi forseta segir svo í þessari samþykkt:

„Fyrir verkalýðssamtök EFTA-ríkjanna með 8 milljónir félagsmanna hafa kröfur launafólks um fulla atvinnu, aukin áhrif, gott vinnuumhverfi, félagslegt öryggi og jafnrétti grundvallarþýðingu. Það verður að fjalla sameiginlega um þessar kröfur innan ramma EFTA-samvinnunnar og þær verða að mynda grunn að Evrópsku efnahagssvæði framtíðarinnar. Markmiðið með Evrópsku efnahagssvæði hlýtur að vera bæði efnahagsleg og félagsleg framþróun."

Ég vil taka það fram að ég hef ekki orðið vör við að hinn félagslegi þáttur væri rúmfrekur í viðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði né heldur í íslenskum skýrslum um þetta mál. Þar eru örfáar línur sem þetta mál varða og er afskaplega erfitt að skilja á þeim línum hvernig þessi þáttur kemur inn í myndina. Utanrrh. sagði reyndar hér í dag að á Evrópska efnahagssvæðinu væri ekki sameiginleg félagsmálastefna og þetta er mér vissulega ljóst. Það breytir þó ekki því að aðgerðirnar sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu hafa félagsleg áhrif og þessum félagslegu áhrifum verður að mæta, það verður að takast á við þau.

Menn hafa hér vitnað í félagsmálasamning Efnahagsbandalagsins frá 1989 og velt því fyrir sér hvort hann eigi að gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Sé það svo, þá held ég að það hafi afskaplega takmarkaða þýðingu fyrir Íslendinga vegna þess að hann er rýr að innihaldi, hann hefur ekki lagagildi og það er lítið á honum að græða fyrir okkur.

Mig langar til þess að segja það svona undir lokin að ég hef miklar efasemdir um þá samninga sem nú standa yfir. Og af hverju hef ég miklar efasemdir? Er ekki sjálfsagt að gera alþjóðlega viðskiptasamninga? Er ekki á ferðinni óumflýjanleg þróun iðnríkjanna í þessu samstarfi? Er þetta ekki bara liður í iðnbyltingu eins og einhver hélt fram? Er þetta ekki vörn gegn einangrun? Er þetta ekki allt af hinu góða? Þeir sem halda slíku fram eru að mínu mati slegnir nauðhyggju. Þeir eru slegnir nauðhyggju vegna þess að þróunin er ekki dæmd til að fara í eina átt. Menn geta haft áhrif á þróun. Því miður óttast ég að þeir sem hafi mest áhrif á þróunina um þessar mundir séu fámennur hópur karla

og þeir séu að ákvarða framtíð okkar allra. Og ástæðan fyrir því að ég segi þetta er sú að þeir sem hafa lagt grunninn að innri markaði, þeir sem eru hugmyndafræðingar þess sem er að gerast á Evrópska efnahagssvæðinu og í EB eru karlar sem eru stjórnendur fyrirtækja og stjórnendur fjármagns.

Innri markaðurinn byggir m.a. á hinni svokölluðu Checchini-skýrslu. Í þeirri skýrslu voru nokkur þúsund fyrirtækjastjórnendur spurðir hvað væri að í Evrópu, hvernig ætti að haga málum í Evrópu. Ég er sannfærð um það að svörin hefðu verið allt öðruvísi ef annað fólk hefði verið spurt. En það var bara aldrei spurt.

Það sem ég sé í þessu máli, það sem ég sé í Efnahagsbandalaginu og Evrópska efnahagssvæðinu er nafnlaust, ópersónulegt vald sem lýtur eigin lögmálum fjarri öllu venjulegu fólki. Fæstir átta sig á því sem í samningum um Evrópskt efnahagssvæði felst og fæstir munu átta sig á því hvernig þeir eiga að ná til þessa valds þegar það er komið á. Það er heldur ekki nema eðlilegt þó fólk átti sig ekki á því vegna þess að valdið verður í formi vélgengs lögmáls. Valdið verður í líki hinnar ósýnilegu handar markaðarins.

Ég óttast viðhorf þeirra sem ráða för í samningsgerðinni um Evrópskt efnahagssvæði. Utanrrh. stóð hér í pontu fyrr í dag og sagði um Evrópskt efnahagssvæði: „Allt þetta mun ég gefa ykkur." Ég ætla að undanskilja seinni hluta þessarar setningar. Ég efast um að Evrópska efnahagssvæðið muni færa okkur eitthvað allt annað og meira heldur en almenn þróun samfélagsins utan eða innan Evrópska efnahagssvæðisins mundi færa okkur. Þróunin mun færa okkur bæði gott og illt. Þróun er ekki bara gjöful, við verðum líka að huga að því sem glatast eða getur glatast í þróuninni. Við verðum að huga að sérstöðu okkar, við verðum að huga að arfi okkar og eiginleikum sem mótast hafa af menningu okkar, lífsháttum og náttúru. Við verðum að huga að því hvernig við viljum og ætlum að ná innihaldsríku lífi hér á landi, hvernig við ætlum að vernda það og hvernig við ætlum að þjóna því. Gerum við það best innan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan? Það er sú spurning sem við hljótum öll að standa andspænis. Við verðum að hefja okkur af hinu tæknilega plani, hinni tæknilegu umræðu þó að hún sé vissulega mikilvæg, og reyna að byggja þessa umræðu á framtíðarsýn. Hver er framtíðarsýn okkar?

Virðulegi forseti. Ég hef efasemdir sem lúta að þeim grunni sem Efnahagsbandalagið og Evrópska efnahagssvæðið byggja á. *Ég hef efasemdir um þá framtíðarsýn* miðstýringar neyslu og fjármagns sem birtist í því sem nú er unnið að innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég held að þessi framtíðarsýn sé í grundvallaratriðum í andstöðu við það sem gera þarf til að tryggja hag íbúa heimsins, ekki bara Evrópu.

Fyrir skömmu var stödd hér á landi kona að nafni Maria Antonetta Maccocchi. Hún var í fylgdarliði Cossiga Ítalíuforseta þegar hann kom hingað til lands. Þessi kona er fyrrum þingkona á ítalska þinginu og á Evrópuþinginu. Hún er þar að auki doktor í stjórnmálafræði og hefur fylgst mjög vel með þróun mála í Evrópu á undanförnum áratugum. Við kvennalistakonur ræddum m.a. við hana og hún kom með dálítið skemmtilega samlíkingu. Hún sagði: „Staða smáríkja innan stórra ríkjaheilda eins og Efnahagsbandalagsins" — og ég ætla að bæta við Evrópska efnahagssvæðisins — „er sambærileg við stöðu kvenna í stjórn- og félagskerfum sem búin eru til og mótuð af körlum." Ég held að við konur tölum því af nokkurri reynslu og þekkingu þegar við vörum við því að Ísland undirgangist sjálfviljugt slíkt hlutskipti.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. utanrrh. hljóti að vera á leið til fundar, það er sennilega eitthvað treggengt undir honum úr því að hann hefur tafist þetta. En ég ætlaði ekki síst að víkja nokkrum orðum að *máli* sem hann kom að í framsöguræðu sinni og laut að mínum verkum í landbrn. á sl. ári og auk þess ræða lítillega ein tvö, þrjú önnur atriði sem því máli tengjast. Þá væri það ekki síður ánægjulegt ef hæstv. landb.- og samgrh. heiðraði okkur með nærveru sinni í kvöld. Hann hefur stundum iðkað þá íþrótt að óska eftir því að ráðherrar væru kallaðir til þingfunda, en ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í slíkt. (**Forseti:** Hæstv. landbrh. er mættur hér.) Já, oft kemur góður þá getið er. (**Forseti:** Forseti vill láta þess getið að hæstv. utanrrh. mun ekki vera kominn en hlýtur að vera væntanlegur á hverri stundu.) Ég þakka hæstv. forseta. Þar sem ljóst er að við höfum nægan tíma til umræðunnar og sú skynsamlega ákvörðun var tekin að hverfa frá því að reyna að pressa þessa umræðu inn í mjög þröngan stakk get ég reynt að haga *máli* mínu þannig að víkja fyrst að því sem ekki er eins nátengt störfum hæstv. utanrrh. kannski þó allt þetta heyri nú undir hann.

Ég ætla þá fyrst að ræða lítillega það sem lýtur að verslun og viðskiptum með landbúnaðarvörur og nokkuð hefur borist inn í viðræður Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis í hinum síðari hluta þeirra viðræðna. Nú var það svo að í upphafi viðræðnanna og lengi framan af var því næstum að segja staðfastlega neitað að landbúnaðarmál kæmu yfirleitt við þessar viðræður og þessa samningagerð. En það fór að kvisast fyrir um einu og hálfu eða tveimur árum síðan að eitthvað væri þetta að breytast og núna sl. ár hefur æ meira borið á því, sérstaklega að *Evrópubandalagsríkin hafa viljað keyra málefni* landbúnaðarins og viðskiptin með landbúnaðarvörur inn í þessa samningagerð og gengu þar lengst þegar þau sendu inn tilboð, eða kröfur eftir því hvað menn kjósa að kalla það, um allviðamiklar breytingar á innflutningstakmörkunum EFTA-ríkjanna í þá veruna að opna þær fyrir innflutningi frá Evrópubandalagsríkjunum.

Í þessu skyni varð til listi allmikill upp á um 70 vörutegundir, ef ég man rétt, flokkaður niður, og var hann sendur af viðræðuaðilum, fram kominn af hálfu Evrópubandalagsins upphaflega og síðan sendur af viðræðuaðilunum til viðkomandi landa og síðan ráðu-

neyta til yfirferðar með óskum um að afstaða kæmi fram gagnvart þessum kröfum Evrópubandalagsins um að fríverslun yrði tekin upp með þessar tilteknu vörur innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Með öðrum orðum, á mannamáli sagt, að EFTA-ríkin opnuðu landamæri sín og felldu niður allar innflutningstakmarkanir gagnvart þessum vörum. Hér voru aðallega á ferðinni trópískar vörur, framleiðsluvörur Suður-Evrópuríkjanna. Þar er næst til að taka sem að okkur Íslendingum snýr að þessi listi kom hingað og landbrn. var beðið af utanrrn. að fara yfir hann og láta í ljósi sitt álit á óskum Evrópubandalagsins sem þarna birtust. Og því er ég nú að skýra frá þessu að mér þykir rétt að þetta komi hér fram af því að þetta hefur nokkuð borið á góma, m.a. verið umfjöllunarefni í blaðaviðtölum upp á síðkastið, að yfir þennan lista var farið í landbrn., ekki einu sinni heldur tvisvar, með stuttu millibili og hann var frá landbrn. sendur til utanrrn. með merkingum og bréfi og í þeim merkingum kom það skýrt fram í bæði skiptin að við léðum ekki máls á því að opnað yrði fyrir innflutning á neinum þeim vörum sem við Íslendingar framleiðum sjálfir í verulegu magni eða fullnægjandi fyrir okkar þarfir. Með öðrum orðum: Afstaða landbrn. kom alveg skýrt fram í bæði þessi skipti og utanrrn. mátti vera fullkunnugt um hana. Við vorum andvígir því að opnað yrði fyrir óheftan innflutning á t.d. grænmeti, afskornum blómum og öðrum slíkum vörum sem þarna voru á listanum og kröfur voru gerðar um af hálfu EB-ríkjanna. Ég vona að þetta sé nógu skýrt hvað yfirferð landbrn. og afstöðu í tíð annars og þriðja ráðuneytis Steingríms Hermannssonar snertir.

Það er síðan ástæða til þess að vekja athygli manna á því vegna þess að það gætir mikils misskilnings að mínu mati í þessari umræðu þegar því er haldið fram að þarna sé eftir einhverju umtalsverðu að slægjast hvað Ísland snertir fyrir Suður-Evrópuþjóðirnar. Staðreyndin er sú að svo er ekki. Staðreyndin er sú að nánast án undantekninga er þegar frjáls og ótakmarkaður innflutningur á þeim framleiðsluvörum Suður-Evrópuríkjanna sem þau á annað borð mundu setja hingað á markað. En svo undarlega virðist vilja til að það er eins og þeim sé ekki kunnugt um þessa staðreynd og það er ekkert gert í því að fræða þá um það. Það er bókstaflega sagt þannig að ég á erfitt með að nefna nokkur dæmi nema ef vera skyldi árstíðabundið í ákveðnum tilvikum þar sem Suður-Evrópuþjóðir ættu mikla möguleika á því að auka sinn innflutning á trópískum vörum hingað þó að breytingar yrðu á innflutningsreglum Íslands. Hér eru ekki takmarkanir á t.d. eplum og appelsínum eða öðrum slíkum ávöxtum sem aðrar EFTA-þjóðir og hinar Norðurlandaþjóðirnar eru að takmarka innflutning á til að verja sína framleiðslu. Fræg eru dæmin af eplastríði Norðmanna sem eru með ákveðnar takmarkanir og reglur í gangi til þess að verja sína eplaframleiðslu og hafa af hlotist styrjaldir miklar kenndar við epli sem Norðmenn hafa háð við aðrar þjóðir, ekki síst Bandaríkjamenn. Þetta á ekki við í tilviki Íslands. Þvert á móti er þegar opið fyrir allar þessar suðrænu vörur og það mundi engu breyta þó að við færum að hrófla eitthvað við þeim innflutningstakmörkunum t.d. sem eru á gróðurhúsaafurðum til landsins. Þeir sem mundu hagnast á því yrðu Norður-Evrópuþjóðir, fyrst og fremst Hollendingar sem hafa yfirburðastöðu hvað samkeppnina snertir í þessum efnum og mundu væntanlega verða þeir sem helst mundu hagnast á að Ísland opnaði sín landamæri hvað þetta snertir meira en orðið er. Hollendingar og Danir, ef ég ætti að nefna þær tvær þjóðir sem ég teldi líklegast að gætu sótt einhverja ávinninga í formi aukins innflutnings til Íslands ef við breyttum þessum reglum.

Það hefur hins vegar vakið athygli mína að það er eins og ekkert sé gert í því að upplýsa þessa staðreynd í viðræðum við þessar þjóðir. Ég hef hins vegar gert svolítið að því, fyrst og fremst þegar ég var að gæta hagsmuna íslensks landbúnaðar í Úrúgvæ-viðræðum innan GATT og átti þess kost að hitta ýmsa af framámönnum landbúnaðar og viðskipta, bæði Evrópubandalagsþjóða, EFTA-þjóða, Bandaríkjanna og fleiri landa og það tók yfirleitt ekki mjög langan tíma að útskýra það fyrir þessum mönnum af þeirri einföldu ástæðu að menn sáu að vegna sinnar landfræðilegu legu hefur Ísland ekki möguleika til framleiðslu á suðrænum afurðum af því tagi sem hér eiga hlut að máli. Sama mundi eiga við ef við rýmkuðum innflutningsreglur hvað snertir unnar landbúnaðarvörur, þær sem við framleiðum sjálfir í dag, þ.e. fyrst og fremst mjólkurvörur og kjötvörur. Það yrðu ekki Grikkir eða Spánverjar eða Portúgalir eða Ítalir sem fyrst og fremst mundu græða á því. Ég fullyrði að það yrðu aftur þessir sömu Norður-Evrópubúar, Hollendingar, Danir og kannski einhverjir fleiri sem þar mundu eiga langmesta möguleika á að hirða markaðinn sem við höfum varið fyrir okkar innlendu framleiðslu hingað til í þessum efnum.

Þess vegna skil ég það nú eiginlega ekki að í tilvikinu Ísland skuli það enn vera í plöggum og uppi á borðum af þessu tagi að þarna sé einhverja skiptimynt að selja í staðinn fyrir rýmri viðskiptakjör með fisk. Það er svo sem kannski allt í lagi ef menn vilja spila þetta á þeim nótum að það eigi að láta útlendingana halda að þeir séu að fá eitthvað í staðinn og það sé réttlætanlegt að vera svo kaldrifjaður í þessum póker að það eigi bara að láta þá halda að við séum þarna með ása í staðinn fyrir tóma hunda, þ.e. þessa aumingja Suður-Evrópubúa sem eiga víst að trúa því að þeir mundu rétta eitthvað úr klyfjunum hjá sér ef við rýmkuðum reglur um innflutning á búvörum. En svo er sem sagt ekki. Og ég verð að segja það alveg eins og er í fullri hreinskilni hér á hv. Alþingi að stundum læðist sá ónotalegi grunur að mér að þetta sé að þvælast þarna meira ætlað til heimabrúks heldur en raunverulega til nota í þessum viðræðum og það sé þannig að ýmsir sjái sér kannski hag í því að læða með rýmkun á innflutningi á landbúnaðarvörum inn í þessa samninga, látandi Íslendinga halda það. Íslandsmanninn halda það að þetta hafi verið nauðsynlegt af samningatæknilegum ástæðum, vegna þess að það þyrfti ekki langa skoðun hjá þessum viðsemjendum okkar til þess að átta sig á því að þeir eru í þessu tilviki ekki að fá

neitt í staðinn, bókstaflega ekki nokkurn hlut.

En ég vona að ég hafi gert nægjanlega skýra afstöðu landbrn. og mína sem landbrh. meðan ég fór með þau mál. Ég var andvígur því, lagðist gegn því og lét þá afstöðu koma skýrt fram af hálfu landbrn. að rýmka þarna um, enda sá ég ekki að það þjónaði neinum tilgangi. Ég taldi það enn fremur óskynsamlegt á sama tíma og við stóðum í viðræðum á vettvangi GATT að fara að gefa slíku undir fótinn.

Það er reyndar ástæða til þess að það komi þá fram hérna líka vegna þess að mér þykir stundum á það skorta að það sé munað eftir þessum viðamiklu viðræðum sem staðið höfðu og stóðu á vettvangi GATT í fjögur til fimm ár um í raun og veru algjörlega nýja heimsskipan í viðskiptum á sviði vöru og þjónustu. Það var ekkert meira né minna sem Úrúgvæ-viðræðurnar, sem hófust í Punta del Este í þvísa landi fyrir um fimm árum síðan, ætluðu sér að gera. Þær eru reyndar í strandi sem stendur en ekki er að vita nema þær verði teknar upp á nýjan leik og þá er rétt að menn minnist þess að svo mikið sem hugur manna hefur verið bundinn við þessar viðræður Evrópubandalagsins og EFTA þá mundu þó niðurstöður í GATT-viðræðunum, ef þær yrðu í líkingu við þær væntingar sem um tíma voru bundnar við þær viðræður, hafa miklu, miklu víðtækari áhrif og heimsáhrif í þessum efnum, á Evrópuríki jafnt sem önnur lönd. Þar var nú þessi klúbbur sem við erum þarna að ræða við Evrópubandalagið ekki hátt skrifaður, satt best að segja, í þessum Úrúgvæ-viðræðum og það var í raun og veru lærdómsríkt að kynnast því hversu geysileg andúð ríkti á Evrópubandalaginu, nánast án undantekninga, alls staðar annars staðar í heiminum. Það er ekki nema ein þjóð, held ég, sem þykir slakari karakter í þessum efnum og það eru þá Japanir vinir okkar sem voru nefndir í kvöldfréttum á Íslandi í kvöld.

Eitt af því sem gerðist í þessum GATT-viðræðum og hleypti mjög illu blóði í ýmsa var nákvæmlega það að Evrópubandalagið væri að reyna í viðræðum við EFTA-ríkin að komast bakdyramegin inn á markaði EFTA-ríkjanna með sínar landbúnaðarvörur áður en niðurstaða yrði í GATT-viðræðunum. Það var tilboðið eða krafan til EFTA-ríkjanna um fríverslun með m.a. suðrænar vörur sem sett var fram á sl. ári. Þessi krafa var skilin af öðrum útflytjendum búvara og öðrum útflytjendum suðrænna ávaxta sem mjög óhrein tilraun Evrópubandalagsríkjanna til þess að ná þarna forskoti umfram aðra, til að mynda Afríkuþjóðirnar sem líka eru að reyna að flytja út trópískar vörur. Þær sáu þetta sem slíka tilraun af hálfu Suður-Evrópuríkjanna. Það hjálpaði ekki til og bætti ekki andrúmsloftið í þessum efnum.

Og af því að hæstv. utanrrh. sagði að Evrópska efnahagssvæðið yrði ekki tollabandalag, þá kann það rétt að vera að í eðli sínu yrði það ekki tollabandalag, en hver yrði munurinn í reynd þegar við værum búnir að undirgangast fríverslun til að mynda með slíkar vörur? Værum við þá ekki í raun og veru komnir inn fyrir þessa tollamúra? Og mundi það ekki gefa Evrópubandalagsríkjunum forgang á okkar mörkuðum umfram aðrar þjóðir, augljóslega, eins og Afríkuþjóðir t.d. sem líka eru að reyna að koma þessum sömu vörum á markað, trópísku vörum, og þarna eiga í hlut?

Varðandi jarðnæði þá hefur það heilmikið verið rætt og ég held að það sé rétt, m.a. vegna orða hæstv. utanrrh. hér áðan, að ég geri sömuleiðis grein fyrir því sem gert var eða ekki gert öllu heldur í landbrn. í minni tíð í þeim efnum. Það mátti skilja það á hæstv. utanrrh. að það hefðu verið hysknir menn og jafnvel latir í landbrn., að þeir hefðu ekki nennt að útbúa tilteknar lagabreytingar handa honum í viðræðurnar, þ.e. hvernig ætti að breyta íslensku jarðalögunum, ábúðarlögunum, og jafnvel lögum um afnota- og fjárfestingarrétt útlendinga á fasteignum, þ.e. til að tryggja hagsmuni Íslendinga í þessu sambandi. Það er rétt ég svari því þá og játi að það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að ég tók þá ákvörðun að láta ekki vinna þessar breytingar og ekki gera tillögur að því að breyta íslensku jarðalögunum og íslensku ábúðarlögunum í þessu skyni. Hvers vegna gerði ég það? Ég gerði það af þeirri einföldu ástæðu að ríkisstjórn Íslands, sú sem ég sat í, tók aldrei ákvörðun um það að fallast á að falla frá varanlegum fyrirvara í þessum efnum og setja í staðinn inn breytingar í íslensk ábúðarlög og jarðalög. Það var rætt í ríkisstjórninni, það kom um það ósk frá samninganefndarmanni Íslands, og reyndar tekið undir hana af utanrrn., að landbrn. færi í þessa vinnu að reyna að setja upp girðingar í íslensku jarðalögunum og ábúðarlögunum þannig að óhætt væri að falla frá öllum fyrirvörum um jafnræði útlendinga á móti Íslendingum til kaupa á jarðnæði í landinu. Hins vegar var aldrei tekin ákvörðun um að gera þetta í ríkisstjórninni og aldrei veitt neitt umboð til samninga á þeim grundvelli. Þess vegna taldi ég ekki rétt, það hefði verið villandi og gefið ranga mynd af stöðu málsins í ríkisstjórninni, að landbrn. færi að útfæra slíkar breytingar. Ég skýrði mönnum frá því að ég mundi ekki láta gera það á meðan staða málsins væri þessi.

Það er síðan nauðsynlegt að það sé alveg skýrt hvað hér er á ferðinni. Þetta er ósköp einfalt í raun og veru. Spurningin snýst bara um það: Eru menn tilbúnir til þess að afsala sér öllum rétti til þess að staða Íslendinga, íslenskra ríkisborgara, til þess að eiga jarðnæði eða land verði önnur en útlendinga?

Sú röksemd að það sé hægt að tryggja hagsmuni Íslands með því að setja girðingar við t.d. jarðalög sem geri það mjög erfitt og nánast óaðgengilegt fyrir einstaklinga, hvort sem þeir eru af íslensku eða erlendu bergi brotnir, að eiga land, það er alveg augljóslega hægt að gera það. Það skiptir ekki máli. Það er handavinna að setja það í lög t.d. að menn þurfi að vera 1,95 á hæð og með 20 cm grátt skegg til þess að mega eiga jarðir á Íslandi. Það mundi að sjálfsögðu eiga jafnt við um Þjóðverja sem og Íslendinga. Það mundi takmarka stórlega möguleika einstaklinga til þess að kaupa jarðir. En það er ekki málið. Spurningin snýst bara um það hvort þýðverskir eigi að hafa hér sama rétt og við og því hef ég verið andvígur. Ég hef ekki treyst mér til þess að gangast inn á þá línu að við ætlum um aldur og ævi, ad infinitum, að afsala okkur sem íslenskir rík-

isborgarar rétti til þess að hafa sterkari stöðu til slíkra grundvallarréttinda í landinu en erlendir menn. Um það snýst málið. Og þar sem þetta sneri svona var ég ekki tilbúinn til þess að láta leggja í það vinnu í landbrn. að útfæra slíkar breytingar sem hefðu þá í raun gefið það í skyn að menn væru búnir að ákveða að falla frá því að þarna gæti orðið um mismunun að ræða. Þetta snýr þá auðvitað að því sem ég ætla að nefna næst, og fer nú senn að ljúka máli mínu, og hæstv. utanrrh. taldi mikinn árangur. Það er öryggisákvæðið í einni grein þessa plaggs ráðherranna frá fundinum um daginn. Ég gat ekki skilið hæstv. utanrrh. öðruvísi en svo að hann teldi það stórfellda framför að nú væru menn búnir að ákveða að henda út öllum varanlegum fyrirvörum og ekkert skyldi vera þar í staðinn annað en tiltekið öryggisákvæði. Þetta er ekki framför í mínum huga heldur stórkostleg uppgjöf vegna þess að í henni fælist, má ég spyrja felst kannski endanleg ákvörðun um það að falla frá því í hverju einasta tilviki að um mismunun geti verið að ræða milli innlendra og erlendra aðila á svæðinu? Vegna þess að það er verið að kasta út síðustu möguleikunum á því að hafa einhverjar varanlegar undanþágur inni í samningagerðinni í staðinn fyrir varnagla, öryggisákvæði. Þar með er það augljóslega þannig að þetta gagnvart jarðnæði og landnæði, ef ber að skilja yfirlýsingu ráðherrafundarins frá 13. maí þannig, er búið og hæstv. íslenski utanrrh. meira að segja lýsti sérstakri ánægju sinni með það, þennan 18. staflið, ef ég hef skilið hann rétt.

Eitt atriði enn langar mig til að ræða og lýtur að búvörunum. Það varðar orðalag hér í kaflanum um landbúnaðarmálin þar sem vikið er að heilbrigðisreglum. Það hefur reyndar þegar verið nefnt hér af hv. 7. þm. Reykn. og ég hef svo sem ekki miklu við ágætan rökstuðning hans þar að bæta. En þetta er þó ákvæði sem mér er ákaflega illa við að sjá standa þarna, alveg geysilega illa við að sjá standa þarna vegna þess að ef menn gangast inn á þessa braut, þá er ekki bara að hrynja í raun og veru málsvörn okkar í þessum viðræðum gagnvart samningaviðræðum Evrópubandalagsins og EFTA. Þetta er í raun og veru allur sá grundvöllur sem núverandi íslensk landbúnaðarstefna hvílir á vegna þess að þetta er það eina handfasta sem við höfum, hvort sem heldur er í GATT-viðræðum, EB–EFTA-viðræðum eða annars staðar til að réttlæta og rökstyðja þær sérreglur sem við höfum hér um innflutningsmálefni og viðskipti með landbúnaðarvörur. Þetta er það sem heldur. Þetta er það sem er sterkt. Það er það að menn skilja og sjá að vegna landfræðilegrar legu Íslands og afbrigðilegrar heilbrigðisstöðu sem við höfum hér og okkur hefur tekist að varðveita og verja í ljósi þessarar landfræðilegu einangrunar og stjórnarstefnu sem fellur að henni, þetta gefur okkur sterka stöðu í viðræðum um þessi mál almennt talað. Ef við förum að gangast inn á það á annað borð að Ísland sé tilbúið til að samræma sínar heilbrigðisreglur og viðskiptahindranir sem byggja á heilbrigðissjónarmiðum. Það stendur hér skýrum stöfum að menn ætli að hverfa frá öllum viðskiptatakmörkunum sem byggi á heilbrigðissjónarmiðum. Þar með talið yrði þá væntanlega að hætta banni á innflutningi lifandi dýra, hætta banni á innflutningi á hráu kjöti ef ekki væri hægt að sanna að nein sérstök sjúkdómahætta fylgdi því.

Ég held að það sé ákaflega vont fyrir okkur, ekki bara í þessu samhengi eins og ég nefni heldur ýmsu öðru, ef lið verður yfirleitt máls á því að við Íslendingar, eyþjóðin úti í miðju Atlantshafi með algerlega afbrigðilega og sérstaka stöðu í þessum efnum, getum farið að taka upp í stórum stíl, jafnvel almennt reglur Evrópubandalagsins, meginlandsríkja Evrópu, í þessu sambandi. Það væri í raun og veru alveg þvert á alla skynsemi og fráleit niðurstaða fyrir okkur.

Ég vil að það komi skýrt fram sömuleiðis að þann tíma sem ég var í landbrn. reyndum við einmitt að byggja á og nota þetta atriði sérstaklega. Við sömdum til að mynda ítarlega greinargerð um heilbrigðisstöðu í íslenskum landbúnaði og sendum hana fastanefnd Íslands í Genf til nota í GATT-viðræðunum og dreifðum henni eins víða og við gátum. Og við fundum ekki annað en það væri tiltölulega auðvelt að útskýra sérstöðu og þarfir Íslands í þessu sambandi á þessum grundvelli.

Ég ætla svo ekki að lengja hér umræðuna með mikilli almennri umfjöllun af minni hálfu. Það hafa aðrir talsmenn Alþb. þegar gert, hv. 4. þm. Austurl. og hv. 8. þm. Reykn. og ég hef ekki miklu þar við að bæta. Ég vil þó segja að það undrar mig dálítið — ja, margt undrar mig reyndar í umræðum um þetta og hefur lengi gert. En það segir mér nú eiginlega langleiðina nóg að lesa 23. stafliðinn í yfirlýsingu ráðherrafundar EB- og EFTA-ríkjanna frá 13. maí í Brussel til þess að menn eigi nú að fá sæmilega tilfinningu fyrir því hvað hér er á ferðinni. Ég er ekki viss um að Íslandsmanninum svona saklausum og í sínum lögskýringum sé endilega bót að hálærðum prófessorum utan úr heimi í þeim efnum þrátt fyrir ágæta uppástungu hv. 8. þm. Reykn. um það, sem ég ætla ekkert að lasta, fyrir þá sem eru djúpt sokknir í fræðin. En ég held að Íslandsmaðurinn þurfi ekkert að lesa í raun og veru nema þennan 23. staflið til þess að, eins og honum er lögskýringin í blóð borin, vita allt sem þarf að vita um þetta. Í þessu skjali stendur, með leyfi forseta sem er góðfúslega veitt:

„Þeir tóku fram", það munu vera hinir háu ráðherrar „að aðildarríki EFTA væru reiðubúin til þess að setja ákvæði í innri löggjöf sína í þá veru að reglur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði skuli hafa forgang í þeim tilfellum sem þær rekast á við önnur ákvæði innri löggjafar þeirra", þ.e. EFTA-ríkjanna. Þetta hlýtur nú að segja ákveðið um réttarstöðu þessara hluta hvers gagnvart öðrum. Það finnst mér a.m.k.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég hef eins og ýmsir fleiri, ég þykist skynja að það sé þannig, haft vaxandi efasemdir um það á síðustu mánuðum að út úr þessum samningaviðræðum ætlaði að koma það sem yrði okkur Íslendingum nógu hagstætt til þess að taka á okkur það óhagræði og taka þá áhættu, bera þá mínusa sem tvímælalaust eru í þeirri hlið reikningsdæmisins. Og það verður nú eiginlega að segjast eins og er að enn sem komið er sér maður lítið annað en þessa mínusa, því miður. Málið stendur þannig að plúsarn-

ir, stóri plúsinn, sem alltaf hefur verið veifað framan í okkur, lætur ekkert á sér kræla enn þá, þessi stóri með fríverslun með fisk sem hét nú svo í upphafi. Svo var hætt að kalla hann því nafni af því að það varð smátt og smátt ljóst að ekki yrði um neina fríverslun í eiginlegum skilningi þess orðs að ræða. Þá hörfuðu menn í það vígi að tala um betri og innri viðskiptakjör með fiskafurðir og hvað verður þá næst? Þessi stóri plús er enn ókominn.

En hér er augljóslega á ferðinni ýmislegt sem er erfitt fyrir okkur, sem er óhagstætt okkur, annað sem er kannski meira tilfinningalega erfitt, snertir okkar vitund sem þjóðar í landinu, tilfinningar til landsins, eignarréttar á því o.s.frv. og hér hefur verið rætt um. Ég held að við verðum auðvitað að vera menn til þess að gera dæmið upp kalt og yfirvegað, mér liggur við að segja bara svona á stærðfræðilegum grundvelli, án þess að ég ætli nú að gera því skóna að síðan geti ekki fleiri gildi, sem ekki verða mæld í tölum, komið líka inn í myndina. En við verðum þá a.m.k. að skoða það fordómalaust hvernig plúsarnir og mínusarnir leggjast í þessu dæmi. Og meðan ekkert bólar á plúsunum, þá hlýtur maður að leyfa sér að hafa verulegar efasemdir um útkomuna í dæminu. Þannig er nú það.

Ég held að ég þurfi svo ekki, hæstv. forseti, að segja í sjálfu sér mikið meira um þetta. Þetta verður sjálfsagt rætt nokkuð, enda ærin tilefni til og ég tek undir það sem hér hefur komið fram að þegar svona stórmál eru á ferðinni, ef marka má það, ef trúa má því að þessu máli verði jafnvel lent, það verði til lykta leitt hér innan fárra vikna, þá er spurningin um eina eða tvær vikur til eða frá í fundasetu Alþingis ekkert mál í því sambandi. Þó komið sé nokkuð fram á vorið og farið að lengja nokkuð daginn, þá er okkur ekkert að vanbúnaði að halda áfram þingstörfum, jafnvel þó ekki væri nema til þess að Alþingi væri til staðar á lokaspretti viðræðnanna til þess að fylgjast með, mér liggur við að segja árangrinum og útkomunni dag frá degi. Einhvern tíma hefði nú verið af minna tilefni kallað til fundar jafnvel á hinu háa Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Á þessum vetri upphófust allharkalegar deilur hér í þinginu um það hvað þingmenn hefðu umboð til langs tíma. Deilurnar stóðu um það hvort löglegt væri að lögum landsins og stjórnarskrá að hafa hér vetrarkosningar eða hafa vorkosningar. Og það var fast á því máli haldið að menn væru að taka sér rétt sem þeir hefðu ekki ef þingmenn sætu hér sem þingmenn þessarar þjóðar, jafnvel þó þeir væru nú farnir út af Alþingi, nokkrum dögum lengur heldur en nákvæmlega fjögur ár. Þó að kosningalög töluðu um fjögur ár og þar með ekki um fimm og samkvæmt stærðfræðinni mætti gera ráð fyrir að menn mættu sitja allt að fjögur og hálft ár áður en þeir væru búnir að sitja fimm.

En þetta: til hvers hafa menn umboð, hlýtur að vera það umhugsunarefni sem menn hafa til umræðu hér í kvöld, því að hv. 2. þm. Norðurl. e. hélt því fram að þingmenn hefðu ekki umboð nema nákvæmlega þann tíma sem þeir væru kjörnir, í fjögur ár. Og þá er það fyrsta spurning: Til hve langs tíma hafa ráðherrar umboð? Er það ekki nákvæmlega fjögur ár eins og þingmenn ef þeir fá völdin og eru á ábyrgð kosins þings, þ.e. Alþingi veitir þeim umboð í fjögur ár? Og hvað gerist svo, hv. 2. þm. Norðurl. e., ef þeir með samningum hafa framlengt sitt umboð, ekki um fjögur ár, fimm eða tíu, kannski nokkrar aldir? Hvar fengu þeir umboðið til þess?

Ég tel alveg sjálfsagt að þessi umræða verði skýrð og varin. Það þýðir ekki að láta eins og stjörnuvitlaus maður í Ed. og halda því fram að þingmenn hafi ekki umboð nema í nákvæmlega fjögur ár upp á punkt og prik, en svo hafi ráðherrar umboð til að semja — hve langt fram í tímann? Hvar eru svörin? Eru menn að tala um uppsegjanlegan samning ef þeir ganga inn í þetta samfélag eða ekki? Hefur næsta kjörið Alþingi eftir fjögur ár rétt til að segja: Far vel Frans. Jón hafði umboð í fjögur ár. Hans tími er liðinn. Við erum að hugsa um að senda hann út eins og Kjartan. Hans tími er allur. Liggur það þá ljóst fyrir að við höfum valdið til þess? Eða er komið svo að ráðherrarnir séu að gæla við þá hugsun að þeir hafi rétt til að taka hér ákvarðanir fyrir ókomnar aldir? Þetta hlýtur að vera kjarni þeirrar hugsunar sem menn verða að gera upp við sig í umræðunum hér í kvöld.

Einn ráðherra Íslands leiðrétti fyrrverandi verk annars ráðherra að eigin mati, hikaði ekki við það. Verða þá næstu ráðherrar með rétt til að strika yfir undirskriftina ef þeim sýnist svo? Það er hárrétt sem hér hefur komið fram í umræðum. Fyrrv. utanrrh. hafði ekki umboð frá ríkisstjórninni. Hvers vegna þótti það nú tryggara að láta hann ekki hafa umboð? Hvers vegna skyldi það hafa þótt tryggara? Það voru sömu vinnubrögðin og verkalýðshreyfingin hafði alltaf notað við sína foringja. Þeir máttu sitja og semja og svo máttu þeir koma með plaggið og þá var metið hvort þeir hefðu nú unnið það vel af viti að það ætti að samþykkja það eða fella það. Hannibal mátti alltaf búa við þessa kosti. Þeim datt aldrei í hug að veita honum meira umboð. Og við töldum alveg fráleitt að veita Jóni Baldvini, hæstv. utanrrh., meira umboð en þetta.

Svo kemur hér ungur maður og kemur flest á óvart eftir því sem hann segir. Hv. 3. þm. Reykv. Honum kom flest á óvart sem fyrrv. fjmrh. hafði sagt og fyrrv. forsrh. Honum kom þetta mestallt á óvart. Hvers vegna? Af því að hann virtist ekki hafa áttað sig á muninum á því að núv. ríkisstjórn hefur veitt umboð sem hin hafði aldrei gert.

Sumir hafa talað um það að allt hafi verið búið í þessum efnum. Menn hafi verið búnir að setja þessa stefnu á og búnir að gera þetta og hitt og guð má vita hvenær núv. ríkisstjórn hyggst taka við völdum, þ.e. vegna þess að þeir séu komnir að einhverju nýju sem ekki var búið fyrir löngu. Vaxtastefnan var búin fyrir löngu. Það var upplýst í dag. Utanríkismálin voru búin fyrir löngu, kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. ef marka má hans ummæli hér. Það var búið að marka þetta. (Gripið fram í.) Sjávarútvegsstefnan og búvörusamningurinn, allt búið og gert. (**Gripið fram í:** Var álmál-

ið búið?) Já, því hefur verið haldið fram reyndar áður og það svo tímanlega að jafnvel bjartsýnustu menn efuðu nú að það væri búið þegar þær fréttir bárust.

En þá hljótum við nú að snúa okkur að því umhugsunarefni sem er það fyrsta. Hvers vegna er öll þessi umræða um Evrópskt efnhagssvæði? Umræðan hefur verið vegna þess að EB hefur verið að bæta við sig löndum sem áður voru í Fríverslunarsamtökum Evrópu. Þeir eru að búa til stórt og mikið ríki. Þetta ríki er mesti lýðræðislegi óskapnaðurinn af öllum lýðræðisríkjum heims. Það þverbrýtur allar hugmyndir manna um lýðræðið. Þarna er meira miðstýringarkerfi en nokkurt annað lýðræðisríki sem ég þekki. Það er með svo mikið miðstýringarkerfi að Austur-Evrópa er öll á flótta frá þessari hugsun að öllu sé stýrt frá miðjunni. Hver sem betur getur er að forða sér þaðan frá miðstýringarkerfinu. En þarna er búið að setja upp miðstýringarkerfi þar sem þjóðþingin eru orðin undirsátar og menn verða að samþykkja hluti hvort sem þeim líkar betur eða verr. Og Danir eru ekki í dag frjáls og fullvalda þjóð, hvað sem hver segir. Það er liðin tíð.

Mér er ljóst að Frakkar mundu með frönskum vopnum og Þjóðverjar með þýskum og Bretar með breskum brjóta sér leið út úr þessu efnahagsbandalagi hvenær sem þeim dytti í hug ef þeir hefðu áhuga á því. Þeirra styrkur er slíkur. En smáríki leika það ekki. Þess vegna hefur það verið fullur skilningur flestallra Íslendinga — að þó nokkrum hóp alþýðuflokksmanna að vísu undanskildum sem töldu að við værum komnir inn í EB fyrir nokkru eftir að hafa hlustað á útlistingar hæstv. utanrrh. um stöðu mála — allir aðrir Íslendingar hafa litið svo á sem meginstefnu að við ættum ekki að ganga í EB.

Nú eru menn aftur á móti komnir í þá stöðu að það er búið að standa í stappi um Evrópskt efnahagssvæði og EFTA-ríkin hafa verið að gefast upp hvert eftir annað. Hafa verið að gefast upp. Fyrir hverju? Fyrir fjármálamönnum eigin landa sem hafa trúað því að þeir væru það færir menn við spilaborðið að þeir mundu koma heim með fjármuni frá spilaborðinu en ekki tapa þar fé ef þetta yrði allt gert að einni heild. Og hér stöndum við frammi fyrir því í dag að utanrrh. — sem fyrir örstuttu síðan sýndi þá hörku að hann kallaði samningamann Íslands út af fundi, hann skyldi ekki mæta. Staðan var svo alvarleg í málefnum Íslands að umboðsmaðurinn hans úti átti ekki að mæta á fundinn, hann kallaði hann af honum, tók af honum réttinn til þess að sitja, hvað þá heldur að tala.

Hvað hefur breyst eftir að þetta gerðist? Hafa einhverjir stórsigrar verið unnir eftir þetta? Það hefur ekki nokkur maður frétt af því. Hér eru aftur á móti, með leyfi forseta, í skýrslunni sem þinginu hefur verið afhent ákveðnir hlutir upplýstir. Hér segir, blaðið er nú ekki númerað þannig að menn verða að finna þetta í textanum, þetta er aftur á móti í skýrslunni sem yfirlýsing utanrrh. á blaðamannafundi í Brussel 14. maí 1991, með leyfi forseta:

„Upprunalega stefndi EFTA að algerri fríverslun með fisk í EES, en við höfum nú slakað á þeirri kröfu og förum aðeins fram á afnám innflutningstolla og magntakmarkana. Þetta hefði enga röskun á mörkuðum EB í för með sér þar sem við getum ekki aukið útflutning okkar á sjávarafurðum. Það er einfaldlega ekki nægur fiskur í sjónum til þess. EB mundi halda réttinum til að lögbjóða viðmiðunarverð til að vernda hagsmuni sjómanna sinna og einnig gæti bandalagið haldið við miklu styrkjakerfi sem ætlað er að treysta sjávarútveginn í sessi."

Aðalmál Íslendinga í ruslafötuna, hvorki meira né minna. Ákaflega hreinskilnislega sagt frá málinu. Aðalmál Íslendinga sett í ruslafötuna. Þann 14. var þessi afgreiðsla vituð. Svo kemur í framhaldi af þessu:

„Þau tengsl sem EB hefur ítrekað að skuli vera milli aðgangs að auðlindum og aðgangs að mörkuðum eru í grundvallaratriðum andstæð þeim hugmyndum um frjáls viðskipti sem EES-samningarnir byggjast á.

Með áðurnefndri forsendu um tengsl í huga væri vel hægt að spyrja hvort tengja ætti olíuútflutning Breta eða annarra þjóða EES við aðgang að olíulindum umræddra þjóða á sjávarbotni." — Ekki er vitað til þess að Íslendingar hafi sett þessa kröfu fram. — „Einnig mætti spyrja hvort aðeins ætti að veita Spánverjum leyfi til að selja appelsínur í aðildarríkjunum ef tryggt væri að kaupendurnir mættu einnig tína appelsínur að vild í ávaxtalundum Spánar." — Ekki er heldur vitað hvort hæstv. utanrrh. hefur gert kröfu til þess að Íslendingar mættu í framtíðinni tína appelsínur í appelsínulundum á Spáni. Hvað á þetta að þýða? Hér tínir hæstv. utanrrh. fram öll rökin fyrir því að Ísland er búið að tapa stöðunni í þessum samningum. Hann tínir þau fram. Hann skrifar þau niður og afhendir þetta sem yfirlýsingu. Eftir hverju er þá verið að slægjast?

Ég virði aftur á móti, sem hefur komið fram, að enn lætur hæstv. utanrrh. í það skína að hann sé ekki reiðubúinn að kjósa svona samninga hvaða verði sem er.

Ég hygg að ekki sé um það deilt meðal Íslendinga að fullveldi Íslands er ekki til sölu. Fullveldi Íslands er ekki til sölu. Og við stöndum frammi fyrir því í dag að velja: Viljum við láta af hendi hluta af frjálsum ákvörðunarrétti fullvalda þjóðar og ganga inn í samkomulag sem er okkur ekki á nokkurn hátt hagstætt í dag eða viljum við halda fullveldinu og halda áfram þeirri glímu að vera sér á báti? Ég held nefnilega að menn séu komnir að þeim tímapunkti að að blasi við að hver sá sem vill óskorað sjálfstæði þessarar þjóðar getur sagt: Við skrifum ekki undir þennan samning. Við erum komnir að þeim tímapunkti. Okkur er sagt að það sé búið að semja um 98% og hagsmunir Íslands eru ekki komnir á blað. Þeir eru farnir í ruslafötuna.

Þá er það stóra spurningin: Erum við í þeirri stöðu að það sé eitthvað alvarlegt mál þó að við séum utan? Og með leyfi forseta hef ég viljað fá að lesa hér eitt erindi úr Íslandsljóðum Einars Ben. Það er framtíðarsýn hans:

> Menn lutu ei öðru en eigin lögum
> og Íslands heill var þeirra gifta.
> Menn höfðu augu á eigin högum
> með alúð þess sem vill ei skipta.

Það er nefnilega svo að það er tímabært að menn setjist niður og meti stöðu Íslands í þessum heimi. Við erum matvælaframleiðsluþjóð og lifum á því. Og við erum í framleiðslu matvæla fyrst og fremst framleiðendur á eggjahvítu, dýrasta hlutanum af matvælum og þeim sem erfiðast er að auka framleiðslu á. Við erum í reynd með mjög stórt land miðað við þann mannafla sem hér er, svo stórt að aðrar þjóðir öfunda okkur að sjálfsögðu af þeirri stærð. Og við sitjum yfir gjöfulustu fiskimiðum Norður-Atlantshafsins, e.t.v. yfir verulegum olíuauðlindum til viðbótar við þær orkuauðlindir sem hér eru. Við erum á jaðarsvæði tilheyrandi Evrópu en á jaðarsvæði við Norður-Ameríku sem er okkur ekki síður menningarlega skyld heldur en Evrópa og á það sameiginlegt með okkur að hafa verið fyrrverandi nýlenda sem veitir okkur vissulega í mörgum tilfellum betri stöðu í samskiptum við þá. Og hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er Evrópa sennilega eitthvert hataðasta svæði jarðríkisins að Ísrael undanskildu og jafnframt mesta gamalmennahæli heimsins með langlægsta hlutfallið af ungu fólki.

Ég hygg að það þurf nú nokkra bjartsýni til að komast að þeirri niðurstöðu að samfélagið með fyrrverandi nýlenduþjóðum og þessu gamalmennahæli sé það besta sem íslensk þjóð geti valið.

Hvað skyldi það nú hafa verið sem gerði okkur Íslendingum fært að halda efnahagslegu sjálfstæði þegar Evrópa ætlaði að kúga okkur? Hvað skyldi það hafa verið? Það var víðsýni Bandaríkjamanna, víðsýni Bandaríkjamanna nr. eitt, og nr. tvö hæfni íslenskra útflytjenda til að aðlaga sig að nýjum mörkuðum með samningum sem gerðir voru við Rússland. Og við hvaða þjóðir höfum við átt í deilum um okkar auðlindir í fleiri, fleiri aldir, hafa alltaf verið að reyna að ná þeim af okkur og jafnframt að rífast um það innbyrðis hvaða þjóð ætti að halda þessum auðlindum? Það hefur alltaf verið við Evrópuríkin. Spánverjana klæjar að komast á Íslandsmiðin á ný.

Ameríka er miklu stærra markaðssvæði en Evrópa. Asía er miklu ódýrara innkaupasvæði en Evrópa. Í okkar tollalögum erum við í dag með ákvæði sem gera það að verkum að við kaupum ekki vörur þar sem hagkvæmast er að kaupa þær vegna þess að við erum með verndartolla fyrir Evrópu. Ísland er með verndartolla fyrir Evrópu, tolla sem stuðla að því að menn kaupa vörur í Evrópu frekar en í Ameríku. Þetta veit hv. formaður utanrmn. sem hefur m.a. einnig mjög kynnt sér efnahagsmál. Hann veit að það er mikið af vörum sem við kaupum í Evrópu sem við mundum kaupa í Ameríku ef við værum ekki með þessa verndartolla. Og hvers vegna erum við með þessa verndartolla? Er það okkur til hagsbóta? Nei. Þetta er eitthvað sem hefur fylgt þessu fríverslunarsamstarfi við Evrópu sem hefur þó verið meginreglan að það hefur verið halli, viðskiptahalli hjá Íslendingum gagnvart öllum fríverslunarlöndunum eins og þau leggja sig. Ef öll okkar viðskipti gagnvart öðrum þjóðum heims hefðu verið jafnhagstæð og gagnvart þessum þjóðum, þá hefðum við verið löngu komnir á höfuðið. Svo alvarlegur er sá viðskiptahalli ef hann er skoðaður.

Íslendingar eiga stórkostlega möguleika til efnahagslegrar sóknar í þessum heimi ef við afhendum ekki Evrópu yfirráðin yfir auðlindum Íslands.

Mér er ljóst að það eru ýmsar ákvarðanir mjög erfiðar. Það er sagt að það sé mikil ákvörðun fyrir flugmann þegar hann tekur ákvörðun um að snúa við og lenda aftur á þeim velli sem hann fór frá og hætta við að lenda þar sem hann ætlaði að lenda vegna þess að það var ófært. Það var líka oft erfið ákvörðun fyrir kappsfulla menn að hætta við að leggja lóðirnar og fara í land vegna þess að það var ekki aðstaða, veður bauð ekki upp á það að skynsamlegt væri að leggja lóðirnar. Og á Vestfjörðum bjuggu menn við það að það reyndi oft mjög á það hverjir væru fullhugar og hverjir ofurhugar þó að vissulega hafi það verið einnig staðreynd að fullhugarnir gátu ekki séð allt fyrir og komust þess vegna ekki alltaf að landi með sín skip.

Mér er ljóst að hæstv. utanrrh. er þeirrar gerðar að það er oft hægt að etja honum þó nokkuð langt áfram vegna þess að kjarkurinn er mikill. Þetta er nú eiginlega það sama og sagt var um mjög þekktan stjórnmálamann af öðrum stjórnmálamanni á Alþingi Íslendinga. Þau ummæli voru eitthvað á þá leið: Hvað sem um þá gömlu kempu, Hannibal Valdimarsson, má segja, þá fer þar maður sem þorir, þorir að gera hlutina jafnvel þó þeir séu ekki skynsamlegir. Og þarna mun náttúrlega mjög reyna á. Eru menn með þá farsæld að þeir geti staðið upp frá samningaborðinu og sagt: Gott og vel, við gerðum okkar besta til að ná vitrænum samningum, en við náðum þeim ekki. Þess vegna hefjum við nú nýja markaðssókn fyrir þetta land, nýja markaðssókn sem mun skila okkur margföldum ávinningi miðað við þá stöðu sem við stefndum á.

Ég ætla ekki að gerast spámaður á þessari stundu um hver verður niðurstaðan. En þó að hv. 2. þm. Norðurl. e. sé horfinn úr salnum, þá ætlast ég samt til þess að fá skýr svör við því: (**Landbrh.:** Ég hlusta grannt.) Hvert er umboð ráðherranna? Gildir það í fjögur ár eða gildir það í 40 ár eða 400 ár? Við þessu verður að fást svar hér í kvöld.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti finnur ástæðu til að minna hv. 2. þm. Vestf. á að hv. 2. þm. Norðurl. e. er hæstv. landbrh. (**ÓÞÞ:** Ég þakka þessa áminningu.)

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þær umræður sem hér fara fram í dag um aðild okkar að samningum um Evrópska efnahagssvæðið eiga sér stað þegar þeir samningar eru komnir á lokastig og innan tíðar er ráð fyrir því gert að til úrslita dragi. Auðvitað var það sjálfstætt álitaefni fyrir okkur Íslendinga á sínum tíma hvort við ættum að taka þátt í samstarfi EFTA-þjóðanna. Þær kusu að þiggja tilboð Evrópubandalagsins um að ganga sameiginlega til slíkra viðræðna, hagsmunir þeirra voru augljósir. Evrópubandalagið hafði ákveðið með nýrri löggjöf um innri markað að stórauka frelsi í viðskiptum og efnahagslegri samvinnu. Atvinnufyrirtæki EFTA-þjóðanna voru að flytja í burtu, fjárfestingar

þeirra voru að streyma út fyrir landamærin, inn til ríkja Evrópubandalagsins og hagsmunir þeirra af því að tengjast þessu nýja samstarfi voru augljósir. Okkar aðstaða var að nokkru leyti önnur fyrir þá sök að höfuðútflutningsatvinnuvegur okkar er sjávarútvegur en ekki almennur iðnaður og innri markaður Evrópubandalagsins tók ekki til þeirrar framleiðslu. Þess vegna hlutum við að meta alveg sérstaklega hvort okkar hagsmunir væru best tryggðir með samstarfi við EFTA-þjóðirnar. Niðurstaðan varð sú að hyggilegast væri að taka þátt í því samstarfi og um það mál hefur verið mjög víðtæk samstaða hér á Alþingi og meðal þjóðarinnar. A.m.k. fjórir stærstu flokkar þjóðarinnar, fjórir stærstu flokkar þingsins, hafa frá því að viðræðurnar fóru af stað verið sammála í meginatriðum um það hvernig standa skyldi að málum og meginmarkmið þessara viðræðna um meginskilyrði sem Íslendingar yrðu að setja.

Ég lít svo á að í þessari umræðu hér í dag hafi þetta breiða samkomulag í öllum höfuðatriðum verið staðfest. Þó vekur það auðvitað athygli að ýmsir þeirra sem fram til þessa hafa borið ábyrgð á framgangi samningaviðræðna láta nú sem svo að ýmislegt komi þeim á óvart um stöðu samninganna. Það er þó mála sannast að í dag standa þessir samningar í öllum höfuðatriðum nákvæmlega í sömu sporum og eru í sama farvegi og hæstv. fyrrv. ríkisstjórn skildi við það mál. Það vekur því nokkra furðu þegar hv. 7. þm. Reykn. og reyndar einnig hv. 8. þm. Reykn. lýsa því hér yfir að það komi þeim á óvart að nú skuli vera rætt um sérstaka EFTA-stofnun sem á takmörkuðu sviði, varðandi eftirlit með samkeppnisreglum, eigi að hafa sama vald og framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins vegna þess að framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins hefur yfirþjóðlegt vald.

Sú ríkisstjórn sem þessir hv. þm. sátu í, og annar veitti reyndar forustu, tók þátt í þessum viðræðum og var aðili að sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra EFTA og Evrópubandalagsins 19. des. sl. Í þeirri yfirlýsingu var með mjög skýrum hætti tekið fram að unnið yrði að áframhaldandi samningsgerð á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum og slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Þessi sameiginlega yfirlýsing, sem fyrrverandi ríkisstjórn átti aðild að, var prentuð í þingskjali sem hæstv. utanrrh. lagði fyrir í lok síðasta kjörtímabils. Nákvæmlega þetta ákvæði hennar kom til umræðu í sjónvarpsþætti sem hæstv. utanrrh. og hv. 8. þm. Reykn. hafa gert hér að umtalsefni í dag. Ég vakti athygli á því í þeim þætti að hér hefði ríkisstjórnin tekið mjög veigamiklar ákvarðanir með aðild að slíkri yfirlýsingu og með því að samþykkja hana. Þeir höfnuðu því allir að í slíkum texta fælist nokkurt ákvæði um yfirþjóðlegt vald. Ég hygg að hjá því verði á hinn bóginn ekki litið að slík stofnun hefur ákveðið yfirþjóðlegt vald. Dómstóll hefur ákveðið yfirþjóðlegt vald. Við erum nú þegar og höfum lengi verið aðilar að Evrópudómstólnum, að Mannréttindadómstóli Evrópu. Það má með nokkrum sanni segja að hann fari með yfirþjóðlegt vald. Við höfum m.a. tekið ákvarðanir um að breyta íslenskum lögum vegna ákvarðana sem teknar hafa verið í mannréttindanefnd og Mannréttindadómstól Evrópu.

Sú stofnun sem hér um ræðir fer með vald á mjög afmörkuðu sviði varðandi framkvæmd samkeppnisreglna og það er deginum ljósara að það eru ekki síst hagsmunir hinna fámennari þjóða, eins og okkar Íslendinga, að slíkt samkomulag feli í sér mjög virkt eftirlit með samkeppnisreglum því að vitaskuld eiga hinar stærri þjóðir sem hýsa öflugustu fyrirtækin meiri möguleika á því að ganga á svig við samkeppnisreglurnar og knésetja hin minni fyrirtæki í samkeppninni með undirboðum. Ekki síst þess vegna er okkur Íslendingum styrkur að því að í slíku samkomulagi séu mjög virk ákvæði um eftirlit með samkeppnisreglum. Það er líka ljóst að þegar haldið var af stað í þessar viðræður var aðgöngumiðinn sá að Íslendingar gerðust aðilar að löggjöf Evrópubandalagsins um innri markað. Tilboð Evrópubandalagsins til EFTA-þjóðanna var að EFTA gerðist aðili að löggjöf Evrópubandalagsins um innri markað. Það er því svolítið kyndugt þegar ráðherrar úr fyrrv. ríkisstjórn undrast það og stuðningsmenn fyrri ríkisstjórnar undrast það nú að þessir samningar snúist um það að þessi löggjöf eigi að taka fram íslenskri löggjöf. Þegar samningaviðræðurnar fóru af stað lá þetta ljóst fyrir.

Meginhagsmunir okkar Íslendinga liggja auðvitað í því að tryggja höfuðútflutningsgrein okkar stöðu á þessum nýja markaði. Sjávarafurðir eru okkur ekki aðeins jafnmikilvægar og iðnaðarframleiðsla annarra er þeim heldur má með rökum segja að sjávarafurðir Íslendinga séu okkur meira virði en iðnaðarframleiðsla hinna þjóðanna, bæði innan EFTA og Evrópubandalagsins, vegna þess að við erum háðari útflutningi en flestar aðrar þjóðir.

Meginatriðið í öllum þessum samningum, hversu mikilvæg sem önnur atriði eru, er að tryggja að íslenskar sjávarafurðir njóti sömu stöðu á Evrópumarkaðinum, innan hins nýja Evrópska efnahagssvæðis, og iðnaðarvörur annarra þjóða. Ég hef aldrei leynt því að ég hafði af því nokkrar áhyggjur þegar haldið var af stað í þessar viðræður í samfloti við EFTA-þjóðirnar að það kynni að koma að því að í lok viðræðnanna gætum við staðið frammi fyrir erfiðum ákvörðunum vegna þess að í upphafi var ákveðið að geyma umræður um höfuðatriðið að því er varðar íslenska hagsmuni þangað til síðast. Á móti var á það bent að í því kynni að felast allverulegur styrkur af okkar hálfu því að EFTA-þjóðirnar ætluðu að semja sameiginlega. EFTA-þjóðirnar mundu að hluta færa nauðsynlegan fórnarkostnað til þess að tryggja kröfu Íslands framgang um hindrunarlausan aðgang að þessum markaði fyrir sjávarafurðir. Nú er sem sagt að því komið að láta reyna á þennan styrk. Það er að sjálfsögðu rétt að samningarnir hafa fram til þessa litlu skilað að því er varðar höfuðmálefni Íslendinga en í upphafi var ráð fyrir því gert, þegar fyrri ríkisstjórn ákvað með hvaða hætti skyldi gengið til viðræðnanna, að þá fyrst kæmi að úrslitaátökum að því er varðaði okkar hagsmuni ef við stæðum frammi fyrir lokun samninganna. Það var

ákvörðun sem var tekin í upphafi.

Vissulega er það fagnaðarefni að í síðustu yfirlýsingu ráðherranna, sem hér hefur verið til umræðu, kemur fram að þjóðirnar fallast á að taka verður tillit til heildarhagsmuna. Eigi að síður er staðreyndin sú að enn vitum við ekki hver okkar staða er í þessu efni. Um grundvallaratriði hefur verið mjög breið samstaða á milli allra flokka í þinginu. Það hefur verið algjör samstaða um það að við mundum aldrei fallast á veiðiheimildir í skiptum fyrir tollfrjálsan aðgang að Evrópumarkaðinum. Að því er þessa afstöðu varðar hefur enginn brestur verið í íslenskri samstöðu. Það hefur verið mjög víðtæk og almenn samstaða um það að við ætluðum ekki að hleypa Evrópuþjóðunum bakdyramegin inn í íslenska fiskveiðilögsögu með því að heimila erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi. Í þessu efni hafa engar breytingar orðið, hefur verið og er víðtæk samstaða. En stóra álitaefnið sem við stöndum nú frammi fyrir er þetta: Hver verður ásættanleg niðurstaða í þessum samningum?

Við höfum fylgt því eftir að afnám tolla á sjávarafurðir sé lágmarkskrafa af okkar hálfu. Í fyrstu, eins og hér hefur komið fram, settum við fram þá kröfu sameiginlega með EFTA-þjóðunum að Evrópubandalagið mundi viðurkenna fríverslun með fisk. Þar kom í samningaviðræðunum að Evrópubandalagið hafnaði þessari kröfu. Við höfum ákveðið að halda fast við afnám tollanna, en við höfum sagt sem svo: Við sættum okkur við að keppa á Evrópumarkaðinum við sjávarútveg hinna ríkjanna innan væntanlegs Evrópsks efnahagssvæðis þrátt fyrir mjög umfangsmikið styrkjakerfi þeirra. Það er veruleg fórn af okkar hálfu. Og þegar af þeirri ástæðu hefur Evrópubandalagið engin rök til þess að ætlast til meira endurgjalds af okkur fyrir fullt afnám tolla. En ég hef heyrt því fleygt í umræðum nú að undanförnu að við þyrftum að velta því fyrir okkur hvort til greina gæti komið að við samþykktum væntanlega samninga þó svo að við fengjum þessari höfuðkröfu okkar ekki framgengt.

Mér finnst full ástæða til að taka það mjög skýrt fram þannig að enginn velkist í vafa um að það er forsenda fyrir því að við gerumst aðilar að væntanlegum samningi um Evrópskt efnahagssvæði að við fáum þessari kröfu um tollfrjálsan aðgang framgengt á þeim forsendum sem við höfum lagt fram. Það er ekkert til umræðu og getur ekki komið til álita að við gerumst aðilar að samningnum ef þetta mál hangir í lausu lofti eða er sett fram af Evrópubandalagsins hálfu með ófullnægjandi hætti. Það er mjög mikilvægt á þessu stigi að viðsemjendur okkar í Evrópubandalaginu viti það að frá þessu ætlum við ekki að víkja. Við höfum um allnokkurn tíma beðið eftir því að Evrópubandalagið legði fram nýjar tillögur í þessu efni. Menn áttu von á að slíkar hugmyndir kæmu fram frá Evrópubandalaginu á nýafstöðnum ráðherrafundi, sameiginlegum ráðherrafundi. Það gerðist ekki með formlegum hætti og við hljótum að kalla eftir afstöðu Evrópubandalagsins á þessu stigi málsins.

Á þessum fundi náðist samkomulag um ýmis atriði sem ágreiningur hefur verið um fram til þessa þannig að nú eru fá mál eftir sem verulegum ágreiningi valda önnur en þetta atriði sem lýtur að höfuðhagsmunum Íslands og við erum að því leyti í nokkuð þröngri stöðu. Því meiri ástæða er til þess að viðsemjendur okkar viti að við ætlum ekki að hvika frá þessu sjónarmiði. Að afnám tollanna er það atriði sem skiptir okkur öllu máli. Ef við fáum því ekki framgengt gerumst við ekki aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ísland verður að þessu leyti að njóta sömu aðstöðu fyrir sínar útflutningsafurðir eins og hinar þjóðirnar í EFTA og Evrópubandalaginu njóta fyrir iðnaðarframleiðslu sína.

Frú forseti. Ég hef hér gert af minni hálfu grein fyrir þeim höfuðsjónarmiðum sem mér finnst ástæða til að komi fram á þessu stigi málsins. Meginatriðin, höfuðhagsmunir Íslendinga, liggja í þeim þætti samninganna sem eftir er og lýtur að lausn á sjávarútvegsmálunum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Til mín var beint þrem fyrirspurnum áðan sem ég mun leitast við að svara. Sú fyrsta vissi að því hver væri afstaða ráðuneytisins til þess hvort rétt væri að draga úr kröfum um varnir gegn smitsjúkdómum og öðru slíku í tengslum við samningana við Evrópubandalagið. Þessi spurning er tilkomin vegna setningar á bls. 5 í yfirlýsingu ráðherrafundar Evrópubandalagsins þar sem stendur: „Sérstaklega verður unnið að því marki að afnema viðskiptahindranir af völdum reglugerða um heilbrigði dýra og jurta."

Um þetta er það að segja að engin hugmynd hefur komið upp um það að draga neitt úr þeim kröfum sem við Íslendingar höfum gert til þess að viðhalda okkar heilbrigðu stofnum, hvort sem við tölum um dýr eða jurtir. Ég vil í því sambandi rifja upp fundargerð af fundi sem Brynjólfur Sandholt átti í Genf með starfshóp um heilbrigðiseftirlit dýra og dýraafurða innan EFTA í aprílmánuði. Og í fundargerð í janúar segir um þetta atriði m.a. þar sem fjallað er um reglur sem snerta innflutning dýra og erfðaefna, ferskra dýraafurða, kjöts og mjólkur, framkvæmd og fjölda sýna vegna sýkla, lyfja og efnaleifa, notkun fúkkalyfja og vaxtarhvetjandi efna í dýrafóður:

„Hér á landi eru í gildi strangari lög um framangreind atriði en reglur Evrópubandalagsins segja til um. Tel ég eins og staðan er í dag að ekki komi til greina fyrir okkur að slaka á þessum kröfum með það fyrir augum að viðhalda því heilbrigðisástandi sem er í bústofni hér á landi í dag. Það eru ekki enn fyrir hendi aðferðir sem ganga fullkomlega úr skugga um að dýr séu ekki haldin einhverjum smitsjúkdómi sem gæti borist með innfluttum dýrum eða ferskum sláturafurðum og ef smit bærist til landsins, hver yrði ábyrgur fyrir því tjóni sem slíkur innflutningur kynni að valda? Að slíku þarf m.a. að hyggja áður en lengra er haldið.

Leyfilegt er að flytja til landsins soðnar kjöt- og mjólkurafurðir samkvæmt núgildandi lögum hvað snertir heilbrigðisskilyrði og það er nógu stór þáttur til að vega upp á móti banni á innflutningi ferskra dýraafurða þegar litið er til áhættunnar á að smitsjúkdóm-

ar geti borist til landsins með slíkum innflutningi og hvaða geigvænleg áhrif slíkt óhapp getur haft á búfjárhald í landinu eins og dæmi sanna. Skoðað í því ljósi í þessu samhengi getur slíkt bann vart talist viðskiptahindrun. Því er nauðsynlegt að fram fari tvíhliða viðræður milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðurkenningu á þessum atriðum sem snerta smitvarnir."

Þessu til viðbótar vil ég aðeins bæta við þeim almennu rökum að við erum hér á eylandi og varðandi laxeldi og ýmislegt annað veit ég ekki betur en sérstaða okkar sé fullkomlega viðurkennd og ástæðulaust að óttast að þarna séu á ferðinni einhverjar hættur.

Í sambandi við innflutning á suðrænum ávöxtum og grænmeti vil ég aðeins staðfesta það sem hér var sagt að lagður hefur verið fram listi yfir 72 vörutegundir. Talað er um að það geti komið til innflutnings á sex þeirra. Slíkur innflutningur er þegar á öllum þessum vörutegundum hluta úr árinu, en ekki hefur málið verið tekið upp á öðrum grundvelli en þeim að um algera stöðvun á innflutningi verði að ræða á þeim tíma sem við Íslendingar getum ekki svarað markaðinum. Það er í samræmi við þá framkvæmd sem nú er.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að ekki hafa farið fram neinar viðræður milli landbrn. og utanrrn. um þessi mál, en á hinn bóginn hefur bændaforustunni verið tilkynnt um þessi viðhorf og, eins og ég sagði, þá kom þetta mál ekki upp í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr heldur hinnar fyrri og er hugsað sem framlag Norðurlandaþjóða til þess að koma til móts við Suður-Evrópuþjóðir til að þær geti fengið út úr samningunum um innri markað Evrópubandalagsins ...(**Gripið fram í:** Getur ræðumaður talað ögn hærra?) Ég verð að biðja hv. þm. afsökunar, en skýringin er að mig bagar hæsi, en ég er að reyna að koma því áleiðis að þessi listi er tekinn saman til að koma til móts við hagsmuni Suður-Evrópuþjóðanna eins og hv. þm. er kunnugt. Það hefur ekkert tilboð verið lagt fram af okkar hálfu í þessu sambandi því eins og hæstv. sjútvrh. vék að hér áðan, þá hefur ekki verið komið til móts við okkur í sambandi við sjávarútveginn og þess vegna er ekki um það að ræða.

Síðasta atriðið sem ég vil minnast á er í sambandi við rétt erlendra manna til kaupa á jörðum hér á landi. Mér er ekki kunnugt um að í síðustu ríkisstjórn hafi verið neinn sérstakur fyrirvari sem vék að því að banna erlendum mönnum kaup á jörðum hér á landi. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um slíkan fyrirvara, en mér er ekki um hann kunnugt.

Ég vil fyrst segja það um þetta mál að hinn 8. maí var lagt bréf inn á borð til mín í samgrn. en áður en mér hafði gefist tími til þess að opna bréfið hafði ég fengið viðtalsbeiðni frá þrem blaðamönnum um það hvað ég vildi segja um bréf sem formaður Alþb. hafði sent mér. Mig grunaði að í þessu umslagi væri kannski bréf frá formanni Alþb. svo að ég opnaði bréfið og sá að þar stóð neðan máls: „Afrit til forsætisráðherra." en þess var í engu getið hversu mörg ljósrit hefðu verið tekin af þessu bréfi né hversu margar fréttastofur væru hér í landinu og væri kannski fróðlegt að fá upplýsingar um það þó síðar verði. (**Gripið fram í:** Þær eru þrettán.) Ég sagði blaðamönnum að sjálfsögðu að ég kynni þá kurteisi að svara bréfritara sjálfur, þyrfti ekki á þeirra aðstoð að halda til þess að koma skrifum mínum á framfæri við formann Alþb., enda er hann mjög formlegur maður í öllum sínum háttum. Ég veit að honum hefði gramist það ef ég hefði farið að svara bréfinu úti í bæ áður en ég hefði sent honum formlegt svar, hvort sem ég hefði kannski látið nokkur ljósrit fylgja í leiðinni svona hingað og þangað. Í þessu bréfi frá formanni Alþb. stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Innan síðustu ríkisstjórnar var það kappsmál utanrrh., formanns Alþfl., að fá umboð til að ganga frá samningum við Evrópubandalagið þar sem afnuminn væri réttur Íslendinga umfram rétt útlendinga til að eiga hér jarðir og önnur landsins gæði. Opnað yrði á að útlendingar gætu keppt við Íslendinga um eignarhald á landinu. Þar með væri t.d. mögulegt fyrir Þjóðverja, Ítali, Spánverja eða Frakka að eignast á skömmum tíma flestar jarðir í Þingeyjarsýslu, Laxá í Aðaldal og Hvamm í Dölum svo að fáein dæmi séu nefnd. Í síðustu ríkisstjórn fékk formaður Alþb. ekki umboð til þess að semja um slíkan rétt útlendinga til eignarmyndunar á Íslandi.

Af ummælum utanrrh. í viðtölum síðustu daga má hins vegar skilja að Sjálfstfl. hafi í núv. ríkisstjórn veitt utanrrh. slíkt ótakmarkað umboð", o.s.frv.

Um þetta vil ég segja að í tíð síðustu ríkisstjórnar, eins og fram kemur m.a. í riti utanrrn. frá því í október á bls. 448 er fjallað um fjármagns- og þjónustuviðskipti. Þar er ekki að finna né annars staðar neinn fyrirvara varðandi jarðeignir. Þar er fjallað um tilskipan ráðsins frá 24. júní 1988 um framkvæmd ákvæða 67. gr. Rómarsáttmála. Þar segir m.a.:

„Í fáum orðum gefur tilskipunin fyrirmæli um að allar fjármagnshreyfingar, gjaldeyrisyfirfærslur, innan bandalagsins skuli vera óheftar." Einnig er tekið fram í ritinu að fram komi í tilskipuninni ákvæði um að ekki þurfi að breyta gildandi reglum aðildarríkjanna um möguleika erlendra aðila til þess að eiga fasteignir sem þeir hafi ekki fasta búsetu í fyrr en ráðherraráðið hafi samþykkt reglur þar að lútandi.

Í þessu riti er tekið fram að þörf sé á lagasetningu um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi vegna EES-samninganna og að tæknilega sé því ekkert til fyrirstöðu að breytingar eða ný lög taki gildi fyrir árslok 1992. Um fyrirvara við samningagerðina er tekið fram að gerður hafi verið varanlegur fyrirvari af hálfu Íslands varðandi fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi og í athugun sé hvort einhverjir fyrirvarar séu nauðsynlegir varðandi nýtingu orkulinda. Í þeim umræðum sem ráðuneytið hefur átt aðild að, þar er ég að tala um landbrn., hefur ekki komið fram annað en að engir fyrirvarar hafi verið gerðir um fjárfestingu útlendinga í löndum, jörðum og öðrum náttúrugæðum. Hins vegar hefur verið að því vikið á hvern hátt mætti hugsanlega breyta jarðalögum til að takmarka eignaraðild útlendinga á jörðum á meðan ráðherraráðið breytir ekki þeim ákvæðum sem leyfa beitingu á ákvæði um búsetuskilyrði.

Ég vil vekja athygli á því að á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þau lög eru í fullu samræmi við það sem hér stendur og hvergi vikið einu einasta orði að kaupum á jörðum eða jarðeignum. Það er þess vegna alveg ljóst, hvernig sem menn vilja orða það í pólitískum ræðum, að þetta mál var uppi í síðustu ríkisstjórn. Einstökum ráðherrum var um það kunnugt að um þetta mál hefði verið fjallað í tengslum við þá samninga sem stóðu yfir við Evrópubandalagið. Hitt veit ég ekki hvers vegna þetta var slíkt feimnismál að einstakir ráðherrar þeirrar ríkisstjórnar kusu að gera ekki úr því hávaðamál fyrr en eftir að þeir höfðu farið úr ríkisstjórninni. Ég vil vekja athygli á því að þetta mál var tekið upp hvað eftir annað á fundum í mínu kjördæmi og þar var það staðfest sem ég hef raunar sagt hér, að út frá því var gengið að erlendir menn skyldu hafa sama rétt og íslenskir til kaupa á jörðum, en á hinn bóginn er okkur að sjálfsögðu heimilt að setja ýmis sérstök lög sem t.d. veita sveitarfélögum eða ríkinu forkaupsrétt, setja sérstök búsetuskilyrði eða á annan hátt takmarka *eignarréttinn við afnot af jörðinni o.s.frv.* Við höfum auðvitað opna möguleika á slíku. Um þetta hefur ekki verið fjallað sérstaklega í núv. ríkisstjórn og þau boð sem fram hafa komið um þessi efni og þau orð sem lúta að viðræðum Íslendinga og fulltrúa Evrópubandalagsins um þessi efni eru öll frá tíð þeirrar ríkisstjórnar sem lauk störfum hinn 30. apríl sl. Það er þess vegna hálfspaugilegt að einstakir ráðherrar skuli vera að taka þetta mál upp nú með bréfaskriftum þegar þeir þurfa ekki annað en að lesa sínar eigin dagbækur til að fylgjast með því hvernig málin standa í raun og veru.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að fyrrv. hæstv. forsrh. talaði um það, bæði í tengslum við viðræðurnar við Evrópubandalagið og ýmislegt annað, hversu ánægjulegt hefði verið að starfa í þessum hópi, hversu samstilltur hann væri og einhuga og svo virtist *sannarlega á yfirborðinu. En nú er annað komið í* ljós og ég ítreka, mér er ekki kunnugt um að Alþb. hafi gert neinn sérstakan fyrirvara, bókaðan fyrirvara í ríkisstjórninni varðandi þetta atriði. Ég hef í höndum fundargerð og sérstaka bókun á ríkisstjórnarfundi frá 29. nóv. 1989 þar sem þingflokkur Alþb. er einnig með sérstaka bókun, en þar er ekki vikið sérstaklega að þessu máli heldur er almennur fyrirvari sem varðar fjárfestingu útlendinga og þátttöku þeirra í íslensku atvinnulífi. Það er kannski ekki stórt mál, en lýsir með sínum hætti tvískinnungnum í þessu máli að engir voru áhugasamari um það en einmitt fulltrúar Alþb. fyrir síðustu kosningar að frv. um fjárfestingu útlendinga í atvinnulífi yrði lögfest og sendisveinar frá þeim komu með orðalag fram á síðustu stundu til þess m.a. að opna ferðamannaiðnaðinn fyrir erlendum mönnum. *Þannig er nú þetta mál.*

Skal ég þá ekki hafa um þetta fleiri orð, bara ítreka það sem ég hef sagt. Eftir að ég kom að landbrn. hefur ekki verið opnað fyrir neitt af þessu. Í fyrsta lagi eru sömu kröfur og áður gerðar til smitvarna hér á landi og stendur ekki til að draga úr þeim. Í öðru lagi er óbreytt staða varðandi hugsanlegan innflutning á *ávöxtum og grænmeti frá löndum Suður-Evrópu.* Málið er í sömu stöðu og það var þegar ég kom í ráðuneytið að öðru leyti en því að ég hef beðið um að fá skýrslu um málið og sérstaklega tekið það upp við fulltrúa bændasamtakanna með formlegum hætti. Og í þriðja lagi liggur það fyrir skjallega að síðasta ríkisstjórn hafði enga sérstaka fyrirvara um kaup erlendra aðila á jörðum hér á landi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá skýrslu sem hér hefur verið flutt og þær umræður sem hafa verið í dag um samningana um Evrópskt efnahagssvæði. Þær hafa verið málefnalegar og gagnlegar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu verulega, vil koma að *tveimur til þremur atriðum sem ég hef* höggvið sérstaklega eftir við að hlusta á ræður manna. Það er rétt að fyrrv. ríkisstjórn stóð að samningum um Evrópskt efnahagssvæði með ákveðnum fyrirvörum sem ég ætla ekki að orðlengja um. Ég er einn af þeim sem hafa stutt þá samningagerð svo framarlega sem þeir fyrirvarar, sérstaklega í sjávarútvegi og um önnur mál, nást fram.

Það hefur verið lögð á það áhersla, sérstaklega af þeim þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa talað við þessa umræðu, að ekkert hafi breyst og það eigi ekkert að koma á óvart í sambandi við þá yfirlýsingu sem út hefur verið gefin eftir ráðherrafund Evrópubandalagsins þann 13. maí. Ég held að þessi umræða hafi m.a. leitt það í ljós að það eru nokkur atriði sem koma verulega á óvart og ég ætla að koma enn einu sinni að einu atriði sem mér finnst mjög alvarlegt, en það er í sambandi við landbúnaðarmálin. Það er í sambandi við reglugerðir um heilbrigði dýra.

Hinn 19. júní 1990 gaf Evrópuráðið út svokallaða ráðsákvörðun í íslenskri þýðingu sem fjallar um samningsfyrirmæli við stofnun Evrópsks efnahagssvæðis. Í 5. lið þessara samningsfyrirmæla segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af mikilvægi landbúnaðar fyrir almennt jafnvægi samningsins mun EB stefna að því að fá eins greiðan aðgang og unnt er fyrir útflutningsvörur sínar á mörkuðum EFTA-landa og sérstaklega“ og takið þið nú eftir, „sérstaklega ryðja úr vegi verulegum viðskiptahindrunum sem enn eru við lýði milli EB og EFTA, þar með talið þeim sem byggjast á reglugerðum um heilbrigði dýra og jurta.“

Þetta er takmark í þessari samningagerð sem Evrópubandalagið setur sínum samningamönnum við upphaf samninganna. Síðan koma menn hér upp og segja að ekkert hafi breyst og þetta eigi ekki að koma á óvart, sú yfirlýsing sem hér hefur verið gefin og hér *er til umræðu í dag.*

Í skýrslu utanrrh. frá mars 1991 sem hér liggur fyrir, er á bls. 11 fjallað um þessi mál, í setningu sem að vísu er ekki löng, og í II. kafla sem fjallar um landbúnað. Þar segir:

„Heilbrigðisreglurnar mættu hins vegar ræða innan heildarramma viðræðnanna, enda“ og takið eftir, „enda

yrði fullt tillit tekið til sérstakra aðstæðna í einstökum löndum innan EFTA."

Síðan er í þeirri yfirlýsingu sem hér er til umræðu frá 13. maí enn þá fjallað um þessi mál. Þar segir svo:

„Sérstaklega verður unnið að því marki að afnema viðskiptahindranir af völdum reglugerða um heilbrigði dýra og jurta. Að því er hið síðastnefnda varðar munu EFTA-löndin taka yfir að svo miklu leyti sem unnt er samþykktir Evrópubandalagsins."

Síðan koma menn hér upp í þessari umræðu og segja að ekkert hafi breyst, ekkert hafi verið gefið eftir í þessari samningagerð. Ég kann ekki að lesa úr þessum textum ef það er svo að þeir fjalli allir um það sama og ekkert hafi breyst, enda heyri ég það á ræðu hæstv. landbrh. að honum kemur þetta mjög á óvart og segir að kröfur af hálfu landbrn. séu nákvæmlega þær sömu og þær hafa verið. Þetta virðist koma honum algerlega í opna skjöldu. Það heyrðum við á ræðu hans hér áðan. Og ég er ekkert hissa á því. Þarna hefur greinilega verið gefið eftir í mjög alvarlegu atriði.

Ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara í fleiri atriði. Það hefur verið gert hér á undan og ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta. Hins vegar vil ég ítreka það sem hefur komið fram, spurningarnar um öryggisákvæði, hvernig framkvæmdin verður varðandi það öryggisákvæði. Mér finnst það orðalag í yfirlýsingunni vera allloðið, svo að ekki sé meira sagt. Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 7:

„Samningsaðilar gætu með einhliða yfirlýsingum sem milliríkjaráðstefna bókaði komið á framfæri því sem þau vildu um mögulega beitingu þessa almenna öryggisákvæðis."

Þetta finnst mér nú ansi loðið svo ekki sé meira sagt. Og ég vildi að þegar hæstv. utanrrh. talar hér á eftir þá gerði hann nánari grein fyrir þessu eins og hann hefur reyndar verið krafinn um.

En mergurinn málsins varðandi alla þessa umræðu er að það getur komið sá tími innan fárra vikna að við stöndum frammi fyrir því hvort við viljum halda áfram þessari samningagerð eða ekki, hve langt við viljum ganga, hvort við náum fram þeim fyrirvörum sem við höfum gert og sem voru forsenda fyrir því að við hófum þessa samningagerð. Það getur farið svo, og ég skil það þannig á þeim hv. ræðumönnum sem hér hafa talað á undan, að við viljum ekki gefa eftir í sambandi við sjávarútveginn. Ef við viljum ekki gefa eftir, þá getur komið sá tími að það gangi ekki saman. Hvað gerum við þá? Eru menn þá tilbúnir að taka upp viðræður um aðild að Evrópubandalaginu? Þetta er brennandi spurning. Þetta er spurning sem við getum staðið frammi fyrir að þurfa að svara á næstu vikum.

Eru einstakir stjórnmálamenn reiðubúnir til þess, ef samningar nást ekki fram, að taka þá upp viðræður um fulla aðild að Evrópubandalaginu eins og vafalaust aðrar EFTA-þjóðir mundu gera? Við skulum gera okkur grein fyrir því að aðrar EFTA-þjóðir eru tilbúnar og í startholunum til að sækja um fulla aðild. Þetta eru örlagaríkar ákvarðanir sem ekki er hægt að komast hjá að svara hér úr þessum ræðustól.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum svara spurningum hv. 1. þm. Austurl. varðandi orð sem féllu af minni hálfu á aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands þar sem ég mun hafa orðað það eitthvað á þá lund að aðild að Evrópubandalaginu kæmi ekki til greina að svo stöddu. Ég átta mig á því að það er hárrétt hjá hv. þm. að þessi orð má misskilja. Fyrir mér vakti ekki annað en það að gefa ekki út ávísun á eilífðina, en til að taka af öll tvímæli, þá vil ég segja að það er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar svo vel ég fái séð, hvorki í bráð eða lengd, að hún fari að fjalla um beina aðild að Evrópubandalaginu.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. spurði um beitingu öryggisákvæðisins sem er hugsað m.a. til þess að koma í stað varanlegra fyrirvara. Og sérstaklega er þó ástæða til þess að vekja athygli á eftirfarandi:

Það er algjörlega á valdi hverrar ríkisstjórnar sem á aðild að þessum samningi að beita slíku öryggisákvæði. Frumkvæðið er einhliða ef um er að ræða fyrirvaralausar eða fyrirvaralitlar breytingar sem varða þjóðfélagsástand, umhverfisástand, efnahagsástand hvort heldur varðar atvinnugrein, svæði eða þá landið í heild. Og það sem er nýtt í þessu ákvæði og hann spurði sérstaklega um er að þetta geti samningsaðilar gert með einhliða yfirlýsingu sem er kynnt á hinni svokölluðu undirskriftarráðstefnu og sú lögskýring fylgir af hálfu lögfræðinga Evrópubandalagsins að einhliða yfirlýsing gefin á þeirri ráðstefnu hafi samkvæmt reglum Evrópubandalagsins lagagildi. Vænti ég að það svari þeirri spurningu hans.

Í annan stað spurði hann: Hvað gerist ef þeir samningar sem nú eru á lokastigi um myndun Evrópsks efnahagssvæðis takast ekki? Munu menn þá taka það til ráða að leita eftir inngöngu í Evrópubandalagið? Ég get svarað þeirri spurningu fyrir mitt leyti skýrt og skilmerkilega. Svarið við því er nei. Ef þessir samningar takast ekki, þá er hinn kosturinn ekki sá að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið vegna þess að þessir samningar geta strandað á einu. Þeir geta strandað á því að við synjum um aðgang að fiskimiðum Íslendinga af ýmsum grundvallarástæðum sem ég þarf ekki að tíunda hér. Brotni samningarnir á því, þá er svarið ekki það að leita eftir inngöngu í Evrópubandalagið og gerast þannig að fullu og öllu aðili að hinni sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins sem við hefðum þar með hafnað.

Menn gætu velt því fyrir sér hvort sú stund gæti komið upp í framhaldi af því að þessir samningar hefðu náðst. Þá væri a.m.k. hægt að færa rök fyrir því út frá vissum sjónarmiðum að næsta skref gæti verið að stíga skrefið til fulls að því er varðar að nálgast Evrópubandalagið með því að óska eftir aðild.

Gagnályktunin er hins vegar sú að ef við náum þessum samningum, þá værum við búnir að ganga svo tryggilega frá hagsmunum Íslands svo langt fram í tímann sem séð verður að þess gerist ekki þörf. Ég vík að þessu hér vegna þess að spurning hv. þm. er auðvitað

mikilvæg og ég legg á það áherslu, ef svo illa fer mót vonum mínum og áreiðanlega mót vonum þeirra samstarfsmanna minna í fyrrv. ríkisstjórn sem höfðu við mig nánast samstarf um þetta mál, þ.e. framsóknarmanna, ef svo illa fer mót vonum mínum og væntanlega okkar að þessir samningar náist ekki, þá er ekki næsta skref að leita inngöngu í Evrópubandalagið.

Ég sagði: Væntanlega mót vonum fyrrv. samstarfsmanna minna í fyrrv. ríkisstjórn. Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh., lýsti þeirri skoðun sinni og staðfesti þá skoðun sína að hann styður aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði á þeim forsendum sem lagðar voru í fyrrv. ríkisstjórn og ef þær standast. Hann hefur með öðrum orðum ekkert skipt um skoðun. Nú er svarið það sem leitt hefur verið í ljós við þessar umræður að forsendurnar eins og þær liggja fyrir nú eru hinar sömu og við erum að leita eftir samningum á þessum sömu forsendum. Ég geng þess vegna út frá því sem gefnu að varaformaður Framsfl. tali í nafni flokksins og að Framsfl. muni standa við þá stefnu sem hann átti mikinn þátt í að móta í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, þrátt fyrir skemmtilega ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, sem allt í einu komst að þeirri niðurstöðu að það væri verið að selja landið en ekki fiskinn og var nú svona kannski meira til skemmtunar hér í síðdeginu heldur en til þess að taka alvarlega, því að um það snýst málið að sjálfsögðu ekki. (Gripið fram í.) Um það snýst málið að sjálfsögðu ekki, hv. þm., eins og hv. þm. veit.

Út af fyrir sig er það dálítið þversagnakennt sem fram hefur komið í þessum umræðum af hálfu fyrrum samstarfsmanna okkar alþýðuflokksmanna í þessu máli.

Því hefur verið haldið fram að utanrrh. í fyrrv. ríkisstjórn hafi ekki haft umboð til þess að standa að samningum. Það er auðvitað ekki rétt, hann hafði umboð. Það umboð hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Utanrrh. hefur gert ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir sameiginlegum könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið um víðtækara samstarf ríkjanna 18 sem aðilar eru að EFTA og EB. Utanrrh. mun áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram."

Þeim fyrirvörum hefur öllum verið til skila haldið og þessi stefna er þess vegna óbreytt. Þáv. samstarfsaðilar mínir voru sammála því að halda áfram þessum samningaviðræðum á þessum forsendum og ég hlýt að gera ráð fyrir því að þeir séu sömu skoðunar enn. Þetta eru sömu mennirnir. Það eina sem hefur gerst er að það hafa farið fram kosningar.

Eina frávikið frá þessu umboði var það að þingflokkur Alþb. gerði þingflokkssamþykkt, svona fyrir sig. Út af fyrir sig mátti náttúrlega láta uppi efasemdir um það að þingflokkur Alþb. stæði að baki þessu umboði. Á það reyndi ekki af þeirri einföldu ástæðu að málið kom ekki til ákvörðunar. Hitt er annað mál að það var vitað að aðaltalsmaður Alþb. í utanríkismálum og fulltrúi þess í utanrmn. var eindreginn andstæðingur stefnu þáv. ríkisstjórnar í málinu og ástæða var til að ætla að einstakir aðrir þingmenn í röðum þáv. stjórnarliða væru annaðhvort ekki heils hugar aðilar að málinu, hefðu um það mjög alvarlegar efasemdir eða væru því andvígir, sem er m.a. ástæðan fyrir því að eftir síðustu kosningar var mynduð ný ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið um margt fróðlegar umræður. Ég vildi gjarnan svara öllum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint eftir bestu getu en tel þó eðlilegt að spyrja fyrst til þess að draga fram aðalatriðin: Hver eru nú aðalatriði þessa máls sem uppi kynnu að vera skiptar skoðanir um?

Við höfum fjallað svo rækilega um sjávarútvegsmálið hér á hinu háa Alþingi að það er kannski litlu við það að bæta, en hvað um stjórnunarþáttinn? Hvað um fullveldi íslenska lýðveldisins? Er verið að selja Ísland? Er hér verið að framselja vald frá löggjafarsamkomunni? Er verið að framselja land frá ríkisstjórninni? Er verið að framselja vald frá dómstólum? Er þetta upphafið að endalokum Íslands? Er eitthvað hæft í því sem t.d. hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson, fyrrv. menntmrh., mun hafa sagt í kosningabaráttunni að seinustu kosningar væru sennilega þær seinustu sem fram færu í sjálfstæðu lýðveldi áður en valdið færðist til Brussel svo að ég haldi nú til haga svona skemmtilegum málflutningi úr kosningabaráttunni?

Staðreyndirnar í þessu máli eru þessar: Það er ekki verið að framselja vald frá Alþingi Íslendinga. Löggjafarvald Alþingis Íslendinga er óskert þótt þessir samningar taki gildi. Í annan stað: Það er ekki verið að framselja vald frá ríkisstjórn Íslands í hendur neinu yfirþjóðlegu valdi. Og í þriðja lagi: Dómstóllinn sem nú hefur náðst samkomulag um verður mun fyrirferðarminni og valdaminni heldur en upphaflega var ráð fyrir gert af hálfu EFTA-landanna og við reyndar óskuðum eftir og hann er ekki hæstiréttur Íslands og kemur ekki í stað Hæstaréttar.

Til þess að taka nú af öll tvímæli um þetta vil ég leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa rækilega þann kafla skýrslu utanrrh. fyrrv. ríkisstjórnar, sem lögð var hér fyrir Alþingi og fékkst ekki rædd hér vegna málþófs, um þennan kjarna málsins. Þetta hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Markmiðið með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er að koma á einum innri markaði allra EFTA-ríkjanna og EB sem byggir á sömu eða samræmdum reglum um allt svæðið. Innan Evrópubandalagsins eru ákvarðanir um nýjar reglur í mörgum tilvikum teknar með meirihlutaákvörðunum sem hafa bein réttaráhrif í aðildarríkjunum. Ákvarðanir innan EFTA eru teknar með samhljóða samþykki allra aðildarríkja þess. Innan Evrópska efnahagssvæðisins verða ákvarðanir einnig teknar samhljóða. Reglurnar fá því ekki bein réttaráhrif, þ.e. þær gilda ekki gagnvart einstaklingum nema þjóðþingin hafi lögfest þær eða veitt stjórnvöldum heimild til að setja reglurnar, t.d. með reglugerðum.

Samræmd framkvæmd og túlkun á EES-reglunum í öllum aðildarríkjunum er forsenda þess að markmiðum samningsins verði náð. Ljóst er að samningsaðili sem samið hefur um að beita sameiginlegum reglum í

samskiptum við aðra samningsaðila getur ekki einn ráðið ferðinni við túlkun reglnanna. Sameiginlegar stofnanir samningsaðila eru óhjákvæmilegar til eftirlits. Ef samið verður um sameiginlegar samkeppnisreglur sem gilda í viðskiptum á milli einstaklinga og fyrirtækja yfir landamæri ríkja beinist eftirlitið að viðskiptaaðilunum sjálfum. Í samningaviðræðum um sjálfstætt eftirlit með sameiginlegum samkeppnisreglum hafa EFTA-ríkin gengið út frá því að ákvörðunum eftirlitsstofnunar, sem beinist að einstaklingi eða fyrirtæki sem gerst hefur brotlegt, verði ekki hægt að fullnægja nema fyrir atbeina þar til bærra stjórnvalda í aðildarríkjunum."

Þetta svarar spurningum manna t.d. sem spurðu um eftirlitsstofnunina. Er hún eitthvert framsal á valdi? Af því að það er komist þannig að orði að eftirlitsstofnunin eigi að hafa sambærilegt vald á þessu sviði, þ.e. til eftirlits með samningnum, eins og framkvæmdastjórnin hjá EB. Við erum hér að tala um tveggja stoða lausn. EFTA-ríkin setja upp sérstaka eftirlitsstofnun til þess að hafa eftirlit með framkvæmd á milliríkjasamningi sem við gerum en ekkert sem sú eftirlitsstofnun gerir getur orðið gilt gagnvart þolendum nema með ákvörðunum innlendra stjórnvalda. Hver er að tala um framsal á valdi? Hér er ekkert framsal á valdi. Þetta er nákvæmlega sama fyrirkomulagið og við gerðum tillögu um af hálfu EFTA-ríkjanna í tíð fyrrv. ríkisstjórnar á Íslandi og nú hefur tekist samkomulag um og ég hélt að menn mundu bara fagna því sem höfðu sett þessar óskir fram.

Um dómstól. „Ekki hefur enn verið samið um hlutverk EES-dómstóls. EFTA-ríkin hafa sóst eftir að komið verði á forúrskurðarkerfi sem gerir ráð fyrir að dómstólar í aðildarríkjunum fái úrskurð EES-dómstólsins um álitamál um túlkun á EES-reglunum. Innan EB er dómstólum í aðildarríkjunum skylt að fara eftir slíkum úrskurðum en landsdómstólarnir ákveða sjálfir hvort reglunum verði beitt um málsatvik í málinu."

Nú er því við að bæta að það náðist ekki samkomulag um forúrskurði þannig að verksvið dómstólsins verður takmarkaðra og minna. Og það þýðir að áhrif innlendra dómstóla verða sem því svarar meiri.

Síðan segir hér, virðulegi forseti, með leyfi:

„Forúrskurðirnir fjalla um túlkun á þjóðarréttarskuldbindingum innan EES en samkvæmt íslenskum rétti ber að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðarréttarskuldbindingar. EES-dómstóllinn yrði ekki æðri dómstólum í aðildarríkjunum. Forúrskurðarkerfið byggir hins vegar á samstarfi EES-dómstólsins og landsdómstóla. Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu, þá gildir niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum málsins." Þannig er það jafnvel þótt forúrskurðarkerfið væri í gildi, hvað þá heldur þegar það er ekki.

Það eru mörg fordæmi fyrir því að við höfum gert alþjóðasamninga sem skuldbinda okkur til þess að hlíta einhvers konar gerðardómi eða alþjóðlegum dómstóli. Frægust dæmi um það eru að sjálfsögðu mannréttindadómstóllinn í Evrópu og annar slíkur dómstóll er á vegum Vinnumálastofnunarinnar í Genf. Hverjir eru það sem hafa helst mátt þola það að vera kærðir til dómstóla út fyrir landsteinana? Það er t.d. fyrrv. hæstv. fjmrh. og fyrrv. hæstv. forsrh. og sá sem hér stendur, sem aðili að ríkisstjórn, sem launþegasamtökin á Íslandi hafa kært tvívegis til alþjóðlegra dómstóla og notið þar með þess réttar síns að geta gert það samkvæmt alþjóðasamþykktum sem við höfum gert og samkvæmt þeirri reglu í íslenskum rétti að það beri að túlka íslensk lög í samræmi við alþjóðaskuldbindingar. Hér er verið að tala um mannréttindi, alþjóðasamninga og gerðardómsákvæði um erlenda dómstóla. Höfum við verið að afsala okkur fullveldi okkar með þessu? Menn geta lengi sett á tölur um einhverjar skerðingar á fullveldi. En staðreyndin er nú sú að það eru einkum þeir sem hafa verið í forsvari fyrir verkalýðshreyfinguna á Íslandi sem hafa neytt þessara ákvæða í samskiptum sínum við ríkisvaldið á Íslandi. Eru menn eitthvað að kvarta undan þessu? Ekki kvarta ég undan því. Samningar sem við höfum gert í þessu eru fleiri, m.a. innan Norðurlandasamstarfsins.

Þetta er kjarni málsins. Það er ekkert valdaframsal, ekki frá Alþingi, ekki frá ríkisstjórn og ekki að því er varðar dómsmálin, umfram það sem við höfum gert í mörgum tilvikum áður og enginn hefur lýst því yfir þá að það væri upphafið að endalokum íslensks sjálfstæðis. Menn eiga að hætta þessu tali. Það er búið að fara svo rækilega yfir þetta. Hver er munurinn annars vegar á Evrópubandalaginu, valdaframsalinu sem þar er staðreynd og yfirþjóðlegum stofnunum þess og — svo ég vitni aftur í frægan sjónvarpsþátt — það komst ekki hnífurinn á milli mín og hv. þm., fyrrv. forsrh., Steingríms Hermannssonar og hv. þm., fyrrv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar þegar við vorum að túlka þetta fyrir bæði stjórnanda þáttarins og reyndar nafngreindum lögfræðingi uppi í Háskóla Íslands sem ég hafði um ákveðin orð en ætla ekki að endurtaka hér og nú. Við vorum alveg sammála um þetta. Það hefur ekkert breyst. (Gripið fram í.) Og hvað hefur hann sagt? Það var rangt með það farið að hann hefði lýst þessari yfirlýsingu á þann veg að hún fæli í sér fullveldisafsal eða valdaafsal. Hann notaði að vísu orðið yfirþjóðlegt eins og hann gerði í sjónvarpsþætti sem hæstv. fyrrv. fjmrh., hæstv. fyrrv. forsrh. og sá sem hér stendur, leiðréttu í þessum þætti. Sá túlkunarágreiningur er enn sá hinn sami. Ég spyr: Er hæstv. fjmrh. nú orðinn sammála fyrrum kollega sínum uppi í Háskóla og ósammála sjálfum sér? Um það er spurningin. (**ÓRG:** Er utanrrh. ósammála Gro Harlem Brundtland?) Það hefur gerst að sá sem hér stendur væri stundum ósammála norrænum toppkrötum, já þegar þeir hafa haft rangt fyrir sér þá er ég ósammála þeim.

Þetta eru aðalatriði málsins að því er varðar allt tal um valdaframsal og endalok fullveldis og það allt saman. Menn eiga ekki að gera sér leik að því að vera með slíkt tal þegar það stenst ekki og menn eiga ekki að hlaupa frá skoðunum sínum og sannfæringu eins og hún var þegar þeir áttu aðild að ríkisstjórn, þótt sú breyting hafi orðið á. Þetta er miklu mikilvægara mál en svo að menn eigi að gera sér það að pólitískum leik eða gera það að bitbeini eða reyna að sá fræjum tor-

tryggni og úlfúðar að óþörfu. Um þetta mál eigum við að reyna að ná samstöðu vegna þess að þetta á að vera hafið yfir flokkadrætti.

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Reykn. Steingrímur Hermannsson byrjaði ræðu sína á því að rekja þá fyrirvara sem við upphaflega settum varðandi aðildina að samningaviðræðunum með EFTA-ríkjunum um myndun þessa Evrópska efnahagssvæðis. Ég vil af því tilefni árétta það að þeim fyrirvörum hefur öllum verið til skila haldið. Það á við um sjávarútveginn, rétt útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi, það er óheimilt. Það á við um það að synja um aðgengi að auðlindinni fyrir aðgengi að markaði. Það á við um orkulindirnar. Það á við um búsetu- og atvinnurétt og það getur líka vissulega átt við með almenna öryggisákvæðinu um rétt útlendinga til fasteignakaupa, þar á meðal lóða og lendna, ef við sinnum skyldum okkar hér heima fyrir.

Þá vil ég taka tvö mál sem þeir sem vilja gera þetta mál tortryggilegt hafa einkum staldrað við. Það varðar annars vegar jarðakaup og hins vegar eignarhald á orkulindunum. Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að því er varðar þetta mál að til umfjöllunar var á seinasta þingi þmfrv. sem m.a. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson átti mikinn hlut að. Við umfjöllun þess í Alþingi í hv. iðnn., en þar var hann formaður, sendi hæstv. þáv. iðnrh. *formanni nefndarinnar bréf um þessi* mál sem segir allt sem segja þarf um þau. Þetta bréf vil ég gjarnan fá að lesa, með leyfi forseta. Það hljóðar svo:

„Í samningum um myndun Evrópsks efnahagssvæðis hefur, eins og kunnugt er, mikið verið rætt um frjálsan aðgang allra íbúa væntanlegs svæðis að náttúruauðlindum, þar með talið orkulindum, og til fjárfestinga í fasteignum. Allar EFTA-þjóðirnar gerðu ýmsa fyrirvara um að samningar næðu til þessa sviðs, en eins og samningaviðræðurnar standa nú er gert ráð fyrir ákveðnum varnaglaákvæðum er koma í stað varanlegra fyrirvara.

Íslendingar gerðu í upphafi fyrirvara um að þeir vildu ekki samþykkja beinar fjárfestingar erlendra aðila í fiskveiðum eða fiskvinnslu, á sviði orkumála og í fasteignum almennt. Eins og mál standa nú er fjárfestingu í fiskveiðum og vinnslu haldið utan við samningaviðræðurnar meðan ekki fæst niðurstaða í sjávarútvegsmálin." Það er enn óbreytt. „Fulltrúar EB hafa lýst því yfir að fyrirvarar varðandi orkuvinnslu og orkudreifingu séu óþarfir meðan sú grein þjóðarbúskaparins sé í höndum opinberra einokunarfyrirtækja, enda sé borgurum væntanlegs EES-svæðis ekki mismunað að því leyti sem hvorki íslenskir né erlendir borgarar séu frjálsir að því að setja upp orkuvinnslueða orkudreifingarfyrirtæki á Íslandi. Þá er ljóst að ef samið verður um aukið frelsi til atvinnu og búferlaflutninga fólks innan EES verða Íslendingar að slaka á þeim takmörkunum sem í dag gilda um kaup erlendra aðila á fasteignum til búsetu og atvinnurekstrar hér á landi, a.m.k. að því er varðar EES-borgara. Unnið er að samningu varnaglaákvæðis sem komið geti í stað fyrirvara en svo virðist sem sumar EFTA-þjóðir muni einnig setja ákvæði í lög fyrir gildistöku samningsins er tryggi betur yfirráð íbúa viðkomandi ríkis yfir náttúruauðlindum landsins án þess að ákvæðin milli innlendra og erlendra aðila mismuni í sjálfu sér. Þetta hyggjast menn gera með því t.d. að setja nokkurra ára búsetu sem skilyrði fyrir kaupum á bújörðum og e.t.v. fleiri skilyrði um notkun þeirra sem gilda eiga almennt án tillits til ríkisfangs eiganda. Slíkt skilyrði í írskri jarðalöggjöf hefur verið dæmt löglegt samkvæmt dómi dómstóls Evrópubandalagsins í Lúxemborg."

Virðulegi forseti. Ég vil hér staldra sérstaklega við það að hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon játaði það upp á sig hér úr þessum ræðustól að hann hefði að engu haft tilmæli frá aðalsamningamanni og utanrrh. í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar um að fara að dæmi Íra og að fara að okkar beiðni um það að koma fram með lagafrv. í tæka tíð sem herti á þessum ákvæðum til þess að tryggja það markmið sem þeir töluðu svo fagurlega um að þeir vildu tryggja í kosningabaráttunni. Þetta kalla ég bara vanrækslu, hv. þm.

Með leyfi forseta, „Þá hyggjast menn ganga tryggilega frá eignarhaldi hins opinbera á náttúruauðlindum þar sem um það er að ræða. Það er með hliðsjón af þessu að samningamenn Íslendinga hafa lagt til að í fyrsta lagi verði sett í jarðalögin ákvæði er takmarki möguleika erlendra borgara með búsetuhöfnun til þess að kaupa jarðir hér á landi með þeim hlunnindum sem þeim geta fylgt, svo sem orkulindum, veiði og vatnsuppsprettum.

Í öðru lagi leggja þeir til að tryggilega verði gengið frá löggjöf er afmarki eignarráð yfir orkulindum milli einstakra einkaaðila annars vegar og hins opinbera hins vegar.

Í þriðja lagi leggja þeir til að þetta verði gert áður en til hugsanlegrar þátttöku Íslendinga í EES komi en setning löggjafar síðar á þessum sviðum getur kallað á tímafrekar skýringar gagnvart öðrum EES-þjóðum og vangaveltur þeirra um það hvort verið sé með nýrri löggjöf að mismuna borgurum þeirra annars vegar og íslenskum borgurum hins vegar. Það var m.a. með hliðsjón af þessu að iðnrn. gerði tillögur um breytingar á þmfrv. um orkulindir á þann hátt er líklegast virðist að ná mundi fram að ganga, þ.e. að lághiti fylgi einkaeignarrétti á landi en háhiti sé eign ríkisins. Um leið var talið rétt að setja ótvíræð ákvæði um eignarrétt á öðrum orkuauðlindum, svo sem vatnsföllum á almenningum á afréttum og á olíu og jarðgasi sem kynni að finnast djúpt í jörðu. Sá kostur var valinn að leggja til breytingar á þmfrv. í stað þess að láta semja nýtt stjfrv. svipaðs efnis, bæði vegna þess að þar var þegar stofn að málinu og þess að með því móti virtist líklegra að málið næði fram að ganga. Ljóst er að ýmsar vangaveltur hafa verið uppi um eignarrétt á landi og landgæðum og myndun slíks eignarréttar hér á landi, en það er athyglisvert að sökum skorts á skýrum lagaákvæðum er enn verið að móta eignarréttinn með venjurétti hér á landi andstætt því sem er í nágrannalöndum þar sem skýr ákvæði hafa lengi verið í lögum. Löggjafinn þarf að taka af skarið í þessu efni."

Þetta er orðsending frá iðnrh. til m.a. hv. þm. Hjör-

leifs Guttormssonar, formanns iðnn., og sams konar erindi að sjálfsögðu til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem þá gegndi embætti landbrh.

Þessir menn tala mikið um það að verið sé að selja Ísland. Þessir menn fara með sögur um það að nú eigi að selja hlunnindajarðir, gersemar og náttúruperlur. Ég vefengi ekki og hef enga ástæðu til þess að vefengja góðan hug hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í þessu máli. Ég veit ekki betur en hann sé sammála okkur í þessu. En það voru aðrir, ef ég er rétt upplýstur, sem komu í veg fyrir það að þetta væri gert. En hverjar eru skýringar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar kemur að því að hafa öruggar varnir um Aðaldalinn og aðrar þingeyskar perlur? Hann gerði ekki neitt. Hann gerði ekki neitt, vanrækti málið. Tilmælin komu til hans fyrir áramót og það eru bara útúrsnúningar og umsnúning á öllu málinu að skorast undan þessari skyldu sinni. Ég tek ekki mark á þeim sem tala hátt í nafni þjóðræknis og föðurlandsástar og bregða öðrum mönnum um að sitja á svikráðum í sjálfstæðismálum Íslendinga en sinna svo ekki skyldum sínum.

Þetta svarar því, virðulegi forseti, sem varðar bæði spurninguna um fullveldi, sjálfstæðismálin og þetta sem reynt hefur verið að gera hvað mest tortryggilegt í samskiptum við erlenda aðila í þessum samningum.

Að því er varðar ávinning af þessum samningi, þá kom það fram í máli hv. þm. Steingríms Hermannssonar að hann hefði efasemdir um að hann væri eins mikill og menn hafa viljað vera láta. Ég tek fullt mark á því að menn geta haft mismunandi mat á því hvað tollaniðurfellingin skilar sér að lokum. Það fer eftir markaðsaðstæðum. Það er ósköp einfaldlega svo. En ég er ekki sammála hv. þm. þegar hann telur ofmetið hvað þessi tollaniðurfelling, þ.e. tollfrjáls aðgangur fyrir fullunnar fiskafurðir, þar á meðal flök eða aðrar neysluvörur tilbúnar til neyslu fyrir neytendur, muni þýða fyrir íslenska fiskvinnslu. Ég er alveg sannfærður um það eftir viðræður við sérfróða menn og starfandi menn í þeim atvinnurekstri að það gæti skipt sköpum um verðmætaaukningu, framleiðni, samkeppnishæfni og reyndar þar með virðisauka þeirrar greinar og þar með lífskjör þjóðarinnar.

Það vill svo til, virðulegi forseti, að margar stofnanir hafa verið kvaddar til til þess að meta hagsmuni okkar Íslendinga í þessu máli, leggja á hagsmunamat, meta hver ávinningurinn er. Ég hef áður gert rækilega grein fyrir því á hinu háa Alþingi og skal ekki endurtaka það. Það hefur gert Þjóðhagsstofnun, það hefur gert Seðlabanki, það hefur gert Byggðastofnun og fleiri stofnanir fyrir utan samtök atvinnuveganna. Öllum ber þeim saman um að vinningsvonin sé veruleg og fórnarkostnaðurinn mikill ef við yrðum viðskila við Evrópu í þeim skilningi, ef við næðum ekki ávinningnum sem í því er fólginn að fá fyrir íslenskt atvinnulíf tollfrjálsan aðgang að innri markaðnum. Fáir aðilar eru jafnbjartsýnir í mati sínu á hinum jákvæða árangri og fjmrn. En fjmrn. gaf út skýrslu, Evrópa 1992 og ríkisfjármálin, rit nr. 3/1991, apríl 1991. Sennilega kom það ekki út fyrir kosningar, ég veit það ekki, en í þessari skýrslu er helstu niðurstöðum lýst þannig:

„Heildaráhrifin eru jákvæð. Aðlögunin er óhjákvæmileg. Aðlögun skattkerfisins er hafin" — og þar er því lýst með miklum bjartsýnistón hvernig við ætlum að vinna að þessari aðlögun og hvernig næstu skref verða stigin. — „Ríkisútgjöldin lækka. Agaðri hagstjórn gerir auknar kröfur til ríkisfjármála. Nauðsyn jafnvægis í þjóðarbúskapnum er mottóið." En það þyrfti ekki að lesa nema aðeins inngangskaflana. Ég hef hvergi nokkurs staðar séð jafnbjartsýnt en jafnrökstutt mat og hjá hæstv. fyrrv. fjmrh. og hann hefur greinilega lagt sig fram um það að koma þessu í verk fyrir kosningar. Hér segir t.d., með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að aðlögun íslensks efnahagslífs að evrópska markaðnum muni hafa jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs. Áhrifin koma fram í auknum tekjum vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu og sparnaði í ríkisútgjöldum. Þessi áhrif gætu mælst á bilinu 4–6 milljarðar kr." Það munar nú um það. (**Fjmrh.:** Það eru líka peningar.) Það eru líka peningar þegar upp er staðið eða sem svarar 1–1½% af landsframleiðslu.

Að því er varðar hvernig ríkisútgjöldin lækka, þá segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar á heildina er litið gæti aðlögun að evrópska markaðnum dregið úr útgjöldum ríkissjóðs enda þótt kostnaður aukist á ýmsum sviðum. Heildaráhrifin gætu legið á bilinu 1–2½ milljarðar kr. Þessi áhrif eru þó afar óviss. Sparnaðurinn kemur einkum fram í auknu aðhaldi að ríkisstyrkjum til atvinnuvega, einkum ívilnunum á sviði skattamála og lánafyrirgreiðslu. Aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur" takið þið nú eftir, hæstv. fyrrv. landbrh., „aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og meiri hagkvæmni í búrekstri gæti einnig skilað sér í lægra búvöruverði og þannig dregið úr þörf fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þá er líklegt að vextir lækki þegar fram í sækir vegna áhrifa innri markaðarins. Opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins mun hafa sömu áhrif." Amen.

Hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, er útgefandi og ábyrgðarmaður að þessu gagnmerka riti. Ég geri ráð fyrir því að því hafi verið dreift á þingflokksfundi í Alþb. (**ÓRG:** Nei.) Nei. Þá legg ég til að það verði eindregið auglýst eftir því.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði réttilega að það væri okkur mjög mikilvægt mál ef hægt væri að hafa vit fyrir Evrópubandalaginu eða koma þeim til þess með góðu eða illu að draga úr styrkjakerfi sínu í sjávarútvegi. Um það erum við sammála eins og flest annað í þessum málum. Af þessu tilefni vil ég sérstaklega vekja athygli hans og þingheims á skýrslu frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins til ráðherraráðsins og til Evrópuþingsins, sem er dags. 6. des. árið 1990. Þar segir svo í lykilkaflanum um sjávarútvegsmálin og um hina sameiginlegu fiskveiðistefnu bandalagsins en á henni byggjast þessir ríkisstyrkir, með leyfi forseta:

„Enda þótt Efnahagsbandalagið hafi með árangri brugðist við þeirri pólitísku og efnahagslegu ögrun sem falin var í útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur frá grunnlínum, en nú er svo komið að 95% af fiskstofnum veraldar eru innan 200 mílna lögsögu strandríkja,

þá er svo komið nú að réttmætar óskir strandríkja um að efla fiskveiðar úr eigin fiskstofnum á eigin fiskveiðiflotum mun knýja bandalagið til þess að endurskoða ríkjandi stefnu sem krefst aðgangs að auðlindum slíkra landa."

Þetta er það sem sérfræðinganefnd framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins leggur fram og mælir með við það ráðherraráð Evrópubandalagsins sem innan nokkurra vikna á að taka ákvörðun um það hvort Evrópubandalagið ætlar að halda til streitu þessari úreltu og misheppnuðu stefnu. Ég vil gleðja hv. þm. Steingrím Hermannsson með því að ég hafði þessa skýrslu auðvitað í farteskinu og las hana kvölds og morgna yfir fulltrúum Evrópubandalagsins í þessu samningamakki sem stóð þarna í 14 eða 15 klukkutíma, sérstaklega yfir Spánverjum og sérstaklega yfir fulltrúum í framkvæmdastjórninni. (**Gripið fram í:** Var það á íslensku sem hún var lesin?) Nei, nei, hún var lesin á því máli sem þeir skilja og því máli sem hún var skrifuð á. Í þessari skýrslu eru birtir listar yfir alla samstarfssamninga sem Evrópubandalagið hefur um fiskveiðimálefni við allar þjóðir í heiminum og þar kemur á daginn og er staðfest að eftir að Kanadamenn sögðu upp samningi sínum við Evrópubandalagið árið 1987, en sá samningur byggðist á að Evrópubandalagið veitti tollaívilnanir fyrir aðgang að kanadísku fiskveiðilögsögunni, af því varð mjög slæm reynsla og þeir sögðu honum upp, hefur Evrópubandalagið ekki náð einum einasta samningi við eitt einasta ríki á þessum grundvelli. Og þegar farið er yfir listann yfir alla þessa samninga, þá kemur á daginn að það er enginn slíkur samningur í gildi. Í öllum tilvikum í samningum þeirra við strandríki þriðja heimsins er um að ræða kaup á veiðiheimildum sem þeir greiða fullu markaðsverði. Það eru örfá dæmi um samninga sem eru nokkru eldri þar sem þeir semja um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Með öðrum orðum, það liggur ljóst fyrir, sérfræðinganefnd segir: Þessi stefna er strand. Sérfræðinganefnd segir: Á grundvelli þessarar sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins hefur enginn samningsárangur náðst og þeir mæla með því að frá þessari stefnu verði gengið. Það eru ekki bara við sem mælum með því, þeir mæla með því sjálfir. Ég er reyndar alveg sannfærður um það að það er spurning um hvenær en ekki hvort þeir muni falla frá þessari stefnu. (**Gripið fram í:** Hvað taka þeir upp? Hvaða stefnu?) Því get ég ekki svarað á þessari stundu, eðlilega ekki. En kannski þeir gætu gengið nokkuð í smiðju til okkar um það. (Gripið fram í.) Þetta eru mjög veigamikil rök í okkar máli og efla mjög sannfæringu mína fyrir því að það komi aldrei til greina að veita Evrópubandalaginu aðgang að okkar fiskveiðum og hvort sem það tekst í þetta skiptið eða ekki, að ná samningum þrátt fyrir þá stefnu, þá er ég sannfærður um það að á grundvelli þeirrar stefnu munum við ná góðum samningsárangri um það er lýkur.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti var spurt um margt í þessari sameiginlegu yfirlýsingu sem ég get farið fljótt yfir sögu. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson spurði: Er hér um að ræða að við eigum að sætta okkur við að því er varðar staðla og kröfur, heilbrigðiskröfur, umhverfi o.s.frv., eigum við að beygja okkur undir lægri kröfur Evrópubandalagsins? Svarið er nei. Við eigum ekki að gera það. Þarna eru tímabundin ákvæðin. Báðir aðilar hafa á sumum sviðum hærri kröfur, strangari kröfur, á öðrum sviðum lægri kröfur. Í rauninni er þetta að færast saman þannig að við höfum ekkert skuldbundið okkur að taka upp þeirra lægri kröfur og að sumu leyti er það ljóst að EB er að taka upp strangari kröfur EFTA-ríkjanna, sérstaklega varðandi umhverfismál og heilbrigðismál.

Hvað um vinnuverndarmál? Eigum við þar að sætta okkur við lægri kröfur þeirra? Sannleikurinn mun vera sá, t.d. að mati Alþýðusambands Íslands, að kröfur þeirra eru talsvert strangari en okkar, sérstaklega á sviði vinnuverndar, sérstaklega að því er varðar vinnuumhverfi, vinnustaði, öryggi á vinnustöðum. Eigum við t.d. að sætta okkur við félagsmálastefnu þeirra? Það er dálítið merkilegt að félagsmálastefnan er út af fyrir sig ekki á samningssviðinu, hún varðar ekki fjórfrelsið. Við erum hins vegar að leita eftir því á sviði IV um samstarfsverkefni að fá fulla aðild að þessari félagsmálastefnu, „cohesion policy". Við höfðum hins vegar sett á þetta almennan fyrirvara svona út af samningatæknilegum ástæðum, sem við nú höfum tekið til baka, að eindreginni kröfu Alþýðusambands Íslands og BSRB sem telja að við höfum gert okkur seka um þá vanrækslu í könnunar- og undirbúningsviðræðunum að gera ekki fyrr kröfur um aðgang að félagsmálastefnu Evrópubandalagsins vegna þess að hún sé mun lengra á veg komin út frá sjónarmiðum launþegasamtakanna heldur en okkar eigin.

Hvað er að segja um tryggingar á fjármagnssviðinu? Þar er að því er varðar þrjá þætti máls um að ræða tímabundna aðlögun sem viðkomandi aðilar hér telja fullnægjandi, þ.e. þessa dularfullu útvarpstilskipan. Hún mun vera um siðareglur útvarpsstöðva, svona til þess að hvert ríki fyrir sig geti ekki stöðvað útsendingu á einhverju útvarpsefni ef viðkomandi aðilum þykir umrætt efni ekki siðlegt. (Gripið fram í.) Já, hún er um siðfræði.

Hvað er að segja um þennan lista um landbúnaðarvörurnar 1972? Hæstv. landbrh. hefur þegar gert grein fyrir því.

Hvað um hugsanlega tilslökun að því er varðar innflutning á dýrum og jurtum, þ.e. tilslökun á heilbrigðisreglugerðum á því sviði? Þar höfum við gert alveg rækilega grein fyrir því af sérstökum ástæðum, vegna einangrunar, að slíkt komi ekki til greina af Íslands hálfu.

Síðan var spurt um meðferð eiturefna, kadmíums. Eins og fram kemur er þar um að ræða tímabundið ákvæði auk þess sem upplýsingar liggja fyrir um það, sérstaklega í Evrópubandalaginu, að það er stefnt að því að stöðva notkun þessa efnis, draga stórlega úr því og jafnvel afnema það með öllu nema í sérstökum undantekningartilvikum. Og síðan er spurningin: Getur það hugsast samkvæmt þessari yfirlýsingu að Evrópubandalagið fái rétt til þess að setja eigin reglur sem við fáum síðan ekkert um að segja? Svarið við því er aug-

ljóslega nei. Samkvæmt öllum vinnubrögðum og stofnanareglum er slíkt ekki á dagskrá.

Mér þykir leitt að þurfa að segja það að því er varðar þær upplýsingar sem fram komu í ræðu hv. 15. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur að ég veit ekki hvaðan þær upplýsingar eru komnar. Ef ég skildi hv. þm. rétt, þá fullyrti hún að þessi sameiginlega yfirlýsing fæli í sér bæði framsal á löggjafarvaldi og dómsvaldi. Það er bara ekki rétt. Því var haldið fram að við værum í þessum samningum komnir hálfa leið inn í Evrópubandalagið en án þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku þess. Ég hef ekki heyrt rökin fyrir því að við séum komnir hálfa leið inn í Evrópubandalagið. Þetta kemur Evrópubandalaginu ekkert við. Við erum að gera samning við Evrópubandalagið, við erum fullvalda ríki og það er í okkar valdi að ákveða hvort við ætlum að sækja þar um aðild, sem enginn stjórnmálaflokkur hefur á sinni stefnuskrá, eða hvort við látum það ógert.

Því var haldið fram af hv. þm. að þessir samningar fælu það í sér að við værum með þeim að einangra okkur frá öðrum þjóðum og öðrum heimshlutum. Þetta væri rétt ef við værum að ganga inn í eitthvert tollabandalag með tollmúrum, en við erum ekkert að því. Þetta er ekkert tollabandalag. Þetta eru fríverslunarsamtök og gera milliríkjasamning. Við erum alveg sjálfráð um okkar ytri tolla og samskipti við öll önnur ríki í heiminum að því er varðar viðskipti, þannig að þetta er einfaldlega einhver misskilningur.

Hv. þm. hélt því fram að ég sem utanrrh. hefði ekkert gert með þá fyrirvara sem fram komu í upphafsræðu hæstv. fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Það er alrangt. Ég hef lagt mig allan fram um það í þessu starfi allan tímann að halda þessum fyrirvörum mjög rækilega til skila og tel mig hafa gert það með góðum árangri.

Hv. þm. talaði um að þetta væri visst yfirþjóðlegt vald. Hvaða yfirþjóðlega vald með leyfi? Mætti ég fá að heyra rökin fyrir því? (Gripið fram í.) Lið 7 í samkomulaginu, já. (Gripið fram í.) Bls. 7 í samkomulaginu, í hvaða grein með leyfi? (**Gripið fram í:** Það er bls. 3, grein 7.) Hér er verið að vitna í 7. gr. sem er á vörusviðinu og fjallar um reglur og staðla þar sem aðilar eru sammála um það að halda uppi háum kröfum að því er varðar t.d. heilbrigðismál, öryggismál og umhverfismál. Því næst er verið að rekja hér að menn ætli að halda sig við hæstu staðla í heimi að því er varðar vélknúin ökutæki, bíla, og eru skuldbundnir að því árið 1995 að standa þá við þá staðla sem EB hefur sett sem eru þeir ströngustu í heimi að því er varðar kröfur gegn mengunarvörnum. Er þetta yfirþjóðlegt vald?

Hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson vék fyrst að fyrirvörunum og sagði að þar hefði hv. þm. Steingrímur Hermannsson út af fyrir sig talað máli þeirra alþýðubandalagsmanna þannig að ég hef þegar svarað því hvernig þeim fyrirvörum er til skila haldið og þar með talið fyrirvörum að því er varðar landareignir. Þar þurfum við einfaldlega að gera það sem við óskuðum eftir að landbrn. gerði þegar á síðasta ári og það er að styrkja varnaglaákvæðið með breytingum á innlendri löggjöf og kröfum.

Að því er varðar meint fullveldisafsal þá gekk hv. þm. ekki lengra en svo að hann vitnaði í aðra menn og sagði að að því er virtist héldu þeir þessu fram. En þeir héldu ekki fram neinu um fullveldisafsal og ekki um valdaframsal og ekki um stjórnarskrárbrot. Hins vegar mun einn þeirra, hv. prófessor Gunnar G. Schram, hafa talað um að sér sýndist að reglan um eftirlitsstofnunina væri þannig að hún hefði styrkt eftirlitsstofnunina og gæti þar af leiðandi falið í sér yfirþjóðlegt vald sem að vísu er misskilningur.

Ég hef ekkert að athuga við það að hv. utanrmn., sem ég hef haft alla tíð í þessu máli mjög gott samstarf við og hefur að sjálfsögðu allar upplýsingar um þetta mál, mér er sagt að umræður hafi aldrei verið jafnmiklar og ítarlegar um nokkurt mál eins og í utanrmn. um þetta mál, ég hef engar athugasemdir að gera við það að hún leiti til allra sérfræðinga, innlendra og erlendra, til þess að fara ofan í saumana á þessum málum.

Hitt kom mér kannski dálítið á óvart, sú þversögn að annars vegar hélt hv. þm. því fram að hér hefðu orðið hin skuggalegustu tíðindi, það hefði verið horfið að einhverju leyti frá stefnu fyrrv. ríkisstjórnar og nú væri greinilega komin einhver allt önnur stefna og mun hættulegri, sem er misskilningur, en jafnframt hefði ekkert gerst á þessum fundi, þetta hefði verið alveg tíðindalaus fundur, ekkert gerst, skipti engu máli. Og þrátt fyrir allar skálaræðurnar og öll ferðalög fyrrv. utanrrh. hefði bara ekkert gerst. (**Gripið fram í:** Um fiskinn?) Já, um fiskinn. En það var að vísu ekki bara um fiskinn. Þetta átti bara að hafa verið tíðindalaus fundur. En um fiskinn er það að segja, 15. gr., það er alveg rétt, það var ekki hægt að gera mikið við fiskinn, hv. þm., vegna þess að ég hef enn ekki fengið neitt tilboð, ekki fengið neitt samningstilboð. Það stendur ekki á mér, ég hef verið að reyna að knýja það fram að fá samningstilboð frá Evrópubandalaginu, en það er bara ókomið enn vegna innri ágreinings Evrópubandalagsins. (**GHelg:** Trúir ráðherrann að tilboð komi?) Já, ég trúi því.

En að því er það varðar hvernig menn vilja túlka 15. gr. þá er auðvitað ekkert við það að athuga að forseti ráðherraráðs Evrópubandalagsins hugsanlega túlki það á einhvern annan veg heldur en ég geri. Málið er hins vegar það að þessi texti er kominn frá EFTA-löndunum og þessi texti er sú formúla sem Íslendingar hafa verið að berjast við að fá viðurkennda sem formúlu fyrir lausn á þessu sjávarútvegsmáli núna í hálft annað ár. Og það er staðreynd að sjónarmið Evrópubandalagsins, sem voru þau að hafna þessu og segja í staðinn: Við eigum bara að leysa þetta grein fyrir grein, landbúnaðinn innbyrðis og sjávarútveginn innbyrðis, þau sjónarmið urðu að víkja og um það varð samkomulag. Ég hef ekkert hreykt mér sérstaklega af því. Ég hef bara sagt: Þetta styrkir stöðu okkar.

Að því er það varðar sem sá sem hér stendur hefur sagt og stendur við að einstaka þjóðarleiðtogar Evrópubandalagsins meti þetta mál allt saman í víðara samhengi og í ljósi mats þeirra á framtíðaröryggishagsmunum Evrópu, þá er margt um það að segja, en

hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók bara af mér ómakið. Hann minnti á að sá sem hér stendur hefur nú haldið þessu fram í mörg, mörg ár og það er ekkert nýtt fyrir mér. Og því til viðbótar, ég lét þessi sjónarmið koma mjög vel fram í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég man ekki eftir því að hafa fengið nokkra athugasemd frá vinum mínum og samstarfsaðilum í Alþb. af því tilefni. (**HG:** Þú skrifaðir ekkert um það.) Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar? Ég held að það sé ekki rétt. Ég held að ég hafi gert það. En við skulum sjá hvort ekki finnst um það eitthvað í skjalasafni hv. þm. en það verður það heimildasafn sem ég fer aðallega eftir í framtíðinni. Alla vega minnist ég þess að ég hreyfði slíkum sjónarmiðum víða í máli, m.a. á fundum í hópi norrænna jafnaðarmanna. En um það er ekkert að segja annað en það að þessum sjónarmiðum hafa auðvitað einstakir forustumenn Evrópubandalagsins lýst og þarf engum að koma á óvart, allra síst mönnum sem fylgjast jafn vel með á sviði alþjóðamála eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Hjörleifur Guttormsson.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson spurðist sérstaklega fyrir um túlkun 6. gr. um hlutverk eftirlitsstofnunarinnar. Ég held að ég hafi svarað því þegar að það er engin breyting á því að því er varðar þessa sameiginlegu stefnuyfirlýsingu frá því sem EFTA-ríkin höfðu verið að sækjast eftir. Þetta er tveggja stoða lausnin, þetta er sjálfstæð eftirlitsstofnun. Aðalsamningamaður Íslands tekur gjarnan þá líkingu að ef menn ætla að spila knattspyrnuleik, þá munu almennt gilda í því efni alþjóðlegar reglur um leikinn. Það verða að gilda sömu reglurnar og það þarf að hafa dómara til þess að fylgjast með því að reglurnar séu ekki brotnar. Er þetta ekki rétt skilið? (**Gripið fram í:** Hárrétt.) Eftirlitsstofnun hefur þetta hlutverk sem pólitísk nefnd Evrópska efnahagssvæðisins og að því er varðar túlkun á samningnum sjálfum, þá kemur það í hlutverk dómstólsins.

Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni með drengilega stuðningsyfirlýsingu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem sagði að afstaða hans væri óbreytt. Hann styddi það að við gengjum til þessara samninga ef forsendurnar sem við vorum sammála um í tíð fyrrv. ríkisstjórnar héldu. Þetta finnst mér virðingarvert og fyrir það er ég þakklátur vegna þess að málið er af því tagi að menn eiga ekki að taka breytilega afstöðu til þess eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu a.m.k.

Að því er varðar sjávarútvegsmálið, þá vil ég segja í tilefni af orðum hans þetta: Það er alveg rétt sem hann sagði að frá því að bókun 6 varð virk 1976 eru liðin 15 ár og það hefur allan tímann verið á dagskrá að reyna að ná samstarfssamningi við Evrópubandalagið um sjávarútvegs- og fiskveiðimálefni eins og allar aðrar sjávarútvegsþjóðir í Evrópu hafa gert aðrar en við.

Hv. þm. minnti á það sem gerðist í kosningabaráttunni. Ég hefði nú í hans sporum ekkert verið að minna á það. Það sem gerðist var einfaldlega það að því var *allt í einu lýst yfir af hálfu Framsfl., 11 dögum fyrir* kosningar ef ég man rétt, að kosningarnar ættu að vera þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu í Evrópubandalagið. Því næst var þetta gert að uppistöðu í kosningaáróðri og málflutningi Framsfl., þannig að menn sem hlustuðu mikið á fjölmiðla sögðust hafa heyrt 50 sinnum á dag: „X-B, ekki EB" og út á það að þessar kosningar snerust um þetta. Nú vill svo vel til að þetta mistókst, þessi óheiðarlega kosningabarátta. Ef það hefði ekki gerst, má ég þá spyrja: Ætla menn virkilega að *túlka niðurstöður þessara kosninga sem urðu á þann* veg að þeir flokkar sem voru bornir röngum sökum, þ.e. minn flokkur og Sjálfstfl., af því að þeir hafa nú meiri hluta hér á Alþingi Íslendinga, ætla menn þá að túlka það svo að þjóðin hafi verið að kjósa með aðild Íslands að Evrópubandalaginu? Það er ekki mín niðurstaða, það er ekki minn skilningur því að þessir flokkar voru ekki að boða aðild að Evrópubandalaginu, hvorugur þeirra. En það er rétt að þegar mér þótti þetta keyra úr hófi fram og þegar ég varð var við það að þetta var farið að spilla mjög samstöðu með þjóð*inni og valda mjög mikilli tortryggni ómaklega og að* ástæðulausu, þá minnti ég á það sem ég vissi þá sannast og réttast, ég vissi ekki betur, að hv. þm. og fyrrv. hæstv. sjútvrh. hefði fyrstur manna orðið til þess á formlegum fundi, viðræðufundi við sjávarútvegsdeild Evrópubandalagsins að taka þar upp viðræðu um gagnkvæmni. Ég gagnrýndi ekki hæstv. sjútvrh. af því tilefni og ég er ekki ósammála ... (**HÁ:** Þú veist að þetta er rangt.) Hvað er rangt? Hvort einhverjir aðrir gerðu það á undan? Það veit ég ekki um. En það eina sem ég sagði í því efni var þetta: Í þeim viðræðum árið 1989 við sjávarútvegsdeildina var það tekið til formlegrar umræðu. Sjávarútvegskommissar Evrópubandalagsins var spurður um það hvort þeir hefðu einhverjar tillögur um veiðiheimildir til Íslendinga ef það ætti að ræða um einhverja gagnkvæmni á því sviði og ég veit ekki betur en það hafi allan tímann síðan verið svo að þeir hafi engar slíkar tillögur komið fram með, engum hugmyndum hreyft um það.

Það er líka alveg rétt og það er rétt að það komi hér fram líka að þegar við Steingrímur Hermannsson áttum viðræður við framkvæmdastjórnina í apríl árið 1990 þá var þetta mál enn á dagskrá. Við sögðum enn að það tilboð íslensku ríkisstjórnarinnar, þ.e. að við værum tilbúnir til viðræðna um það mál ef þeir hreyfðu einhverjum slíkum tillögum, það stæði, en það komu engar slíkar tillögur fram. Það hafa engar slíkar tillögur komið fram. Eftir stendur þessi kjarni málsins: Í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, í tíð þessarar ríkisstjórnar er víglínan dregin um það: Við tökum ekki í mál aðgang Evrópubandalagsins að innlendri fiskveiðilögsögu. Ég held meira að segja að þetta sé orðið svo skýrt að þeir í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins séu farnir að skilja það og taka mark á því. Ég held það.

Að því er varðar einhver skilaboð eða eitthvað sem hér var í íslenskri pressu og lekið hefði einhvers staðar frá um að einhver málamiðlunartillaga væri á leiðinni eða væri hugsuð um að fyrirtæki innan EB ættu að geta tekið upp samstarfsverkefni við íslensk fyrirtæki um einhverja kvótaaðild, þá verð ég bara að svara því til sem ég veit sannast og réttast. Ég hef ekki hug-

mynd um eitt eða neitt slíkt.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson spurði mikið um kjörtímabil og umboð. (**ÓÞÞ:** Landbrh.) Landbrh. Ég leiði það hjá mér, en ég skildi ræðu hans á þann veg að hann teldi að þessir samningar, sem hófust haustið 1989 undir forustu óumdeilds leiðtoga Framsfl., Steingríms Hermannssonar, væru nú allt í einu komnir á það stig að fullveldi Íslands stafaði hætta af. Var það virkilega meining hv. þm.? Telur hv. þm. að það hafi gerst í tíð ríkisstjórnar undir forustu Framsfl.? Eða hefur hv. þm. einhver rök fram að færa um það að eitthvað hafi það gerst á undanförnum dögum sem hafi breytt samningsstöðu okkar þegar ég er búinn að færa að því rök í stóru sem smáu að hún er gersamlega sú hin sama? (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Hvað er ekki rétt? (**ÓÞÞ:** Það er verið að semja um yfirþjóðlegar stofnanir.) Það er ekki verið að semja um neina yfirþjóðlega stofnun. (**ÓRG:** Maður fer nú að halda að utanrrh. hafi ekkert heyrt um . . .) (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi með þessum orðum svarað flestum þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint — og þó, það er nú ekki alls kostar rétt. Hv. 10. þm. Reykv. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði einnig um eftirlitsstofnunina. Að vísu hefur það svar komið fram. Eftirlitsstofnunin er á vegum EFTA. Hún hefur það hlutverk að tryggja jafnárangursríkt eftirlit með framkvæmd samningsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur á sinni könnu, en einungis á þessu verksviði þannig að hún er gerólík framkvæmdastjórninni sem hefur vald langt umfram þetta, m.a. löggjafarvald. Þessi eftirlitsstofnun hefur það ekki og þetta er eftirlitsstofnun á vegum EFTA til þess að líta eftir framkvæmd samningsins. Að vísu verður framkvæmdin af hálfu þessarar yfireftirlitsstofnunar á vegum hvers lands fyrir sig með undirstofnunum í hverju landi.

Hv. þm. spurði líka að því er varðar heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi hvort þessi niðurstaða, sem ég hef lýst, sé óheimil og Íslendingar hafi fyrirvara um það mál, hvort það sé sameiginlegur skilningur beggja aðila, hvort Evrópubandalagið hafi viðurkennt það og fallist á það. Svarið við því er þetta: Á lokaklukkustundum samningaþófsins mánudaginn 13. maí, þar sem gengið var frá þessari sameiginlegu yfirlýsingu, áréttaði ég fyrir Íslands hönd þennan fyrirvara. Hann felst í tveimur línum sem ég las upp og honum var látið ómótmælt. (**HG:** Hvað þýðir það?) Það þýðir, eins og gerðist með margar aðrar þær greinar, að ef slíkum greinum var ómótmælt, þá voru þær bókaðar sem niðurstaða. (Gripið fram í.) Já, við skulum hafa þetta á hreinu.

Nú er það svo að í þessu skjali sem er hin sameiginlega yfirlýsing fundarins var ekki verið að fjalla um sjávarútvegsmál umfram þessa almennu formúlu til bókunar. Hins vegar fylgdu þessu skjali fylgiskjöl sem eru vinnugögn og eru ekki birt. Það er að ákvörðun Evrópubandalagsins sjálfs. Að því er varðar 10. gr., þá er þessi fyrirvari þar skráður og honum er ekki mótmælt. Nú ætla ég ekkert að fullyrða það að Evrópubandalagið hafi þar með sagt sitt síðasta orð um þetta vegna þess að hingað til hafa þeir andmælt þessu. Ég vil hins vegar segja eins og ég veit sannast og réttast frá, að þessum fyrirvara höfum við haldið til streitu. Við höfum aldrei fallið frá honum og seinast þegar um þetta mál var fjallað var honum ekki mótmælt af Evrópubandalaginu á formlegum samningafundi sem aldrei hefur gerst áður.

Að því er varðar sjóðinn, þá hafa margir spurt um hann, fyrirkomulag hans, upphæð, skuldbindingar Íslendinga o.s.frv. Því get ég ekki svarað á þessari stundu vegna þess einfaldlega að það er ekki að því komið. Hann verður afgangsstærð. Það verður ekkert um hann fjallað fyrr en fyrir liggur lausn á sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálinu og þá verður þetta tekið inn í það dæmi.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún taldi forgang þeirra reglna sem felast í þessum samningi að íslenskum rétti vera einhvers konar valdaframsal. Það er það ekki. Það er hin almenna regla í íslenskum rétti að skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum hafa forgang umfram eldri innlenda löggjöf ef upp kemur árekstur þar á milli. Að því er varðar félagslega þáttinn, þá taldi hún að þar hefðum við af Íslands hálfu, ef ég skildi hana rétt, ekki gætt þess nægilega vel að fylgja eftir óskum launþegahreyfingarinnar um aðild að því en því hef ég þegar svarað. Við höfum einmitt fellt niður fyrirvarana að því er það varðar í samræmi við óskir launþegahreyfingarinnar.

Virðulegi forseti. Þá held ég að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint ásamt með því að fara aftur yfir þau mál sem ég tel mestu máli skipta og vera stærst í þessum heildarsamningi. Mín niðurstaða er einfaldlega sú: Það hefur skapast víðtæk samstaða, það gerðist í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, milli stjórnmálaflokka, um forsendur og markmið þessara samninga, um það mat að það væri eftir miklu að slægjast, það væri veruleg vinningsvon fyrir Íslendinga að ná þessum samningum. Það hefur farið fram ítarlegt hagsmunamat og verið til kvaddar helstu stofnanir íslensks þjóðfélags. Það er afar eðlilegt að fram fari rækileg umræða um áhættuna sem kann að vera í þessu fólgin. Við höfum ekkert vanrækt það hér í þessum umræðum að fara yfir það mál. Ég vil taka það fram að á liðnu kjörtímabili er það a.m.k. mitt mat að þá hafi hv. utanrmn. gegnt sínu hlutverki með mikilli prýði, þ.e. að fylgjast mjög rækilega og grannt með málinu, að fara ofan í kjölinn á öllum álitamálum sem upp komu. Ekki hvað síst var það fyrir gott málefnalegt framlag hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem þekkir þetta mál vel þó við höfum á því ólíkar skoðanir. Kannski er það besta við þessa lýðræðislegu umfjöllun að menn sem þrátt fyrir allt hafa ólíkar skoðanir en vilja kynna sér málið og hafa báðir hagsmuni þjóðar sinnar að leiðarljósi eiga að bera saman bækur sínar og það eigum við öll að gera og fyrir það út af fyrir sig er ég þakklátur að því er varðar þessa umræðu.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess

að fjalla um landakaup og ég spyr hvort hæstv. landbrh. sé í húsinu. Ég sé að taskan er þarna svo að líklega er hann einhvers staðar nálægt. Mér þætti vænt um það ef hann gæti verið hér. (**Forseti:** Hæstv. landbrh. er í húsinu og forseti mun gera ráðstafanir til þess að láta hann vita að nærveru hans sé óskað.) Ég ætla þá á meðan að snúa mér að fáeinum öðrum atriðum.

Ég vil fagna því sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu kæmi ekki til greina nema fullt tollfrelsi fengist fyrir sjávarafurðir. Og ég skildi hæstv. ráðherra svo að hann væri ekki reiðubúinn að fórna til þess neinu eða a.m.k. alls ekki fiskveiðiheimildum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég vona að þetta sé rétt skilið og ég fagna því og tek undir það.

Ég vil einnig taka undir það sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að styrkjakerfi Evrópubandalagsins er okkur mikill þyrnir í auga að sjálfsögðu. Ég hef satt að segja heldur litla trú á því að vinur minn hæstv. utanrrh. fái það fram að fallið verði frá þessu styrkjakerfi þó hann lesi það á öllum tungumálum Evrópubandalagsins sem ég veit ekki hvort hann hefur tekið að sér að gera. Ég óttast að það verði æði lengi við lýði og muni reynast okkur að mörgu leyti erfitt.

Ég sé að hæstv. landbrh. er kominn hér inn og ætla þá að snúa mér aðeins að því sem hér hefur verið rætt um landakaup og þá staðreynd að hann hefur leitað og leitað og ekki fundið neina fyrirvara um það mál. Þetta var m.a. rætt mjög ítarlega á fundi ríkisstjórnarinnar, löngum fundi í Ráðherrabústaðnum líklega í nóvember á sl. hausti, og þar var farið yfir alla þá fyrirvara sem við Íslendingar eða fyrri ríkisstjórn hafði sett og ég hygg að um fátt hafi verið rætt meira en einmitt það hvernig mætti koma í veg fyrir að erlendir aðilar eignuðust hér lönd önnur en þau sem væru algerlega nauðsynleg vegna atvinnurekstrar sem leyfður yrði í hugsanlegu Evrópsku efnahagssvæði. Það var um það full samstaða á þeim fundi að það yrði að koma í veg fyrir að slíkt gæti orðið og vitanlega engin ástæða til þess þá fyrir neinn stjórnarflokkanna að fara að gera sérstakan fyrirvara um það. En um þetta var fullkomin samstaða. Og ég hlýt að taka undir það með hæstv. utanrrh. að mér urðu það nokkur vonbrigði að fyrrv. hæstv. landbrh. skoðaði ekki hvaða almenna reglu mætti setja til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Vitanlega eru til þess margar leiðir og ég skil vel hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þegar hann segir að hann hefði kosið að þarna gilti bara einfaldlega sú regla að annað ætti að ríkja fyrir Íslendinga en aðra meðlimi á Evrópsku efnahagssvæði og ég get tekið undir það með honum. En þetta er nefnilega eitt af mestu erfiðleikaatriðunum í öllum samningunum við Evrópubandalagið. Þar er það ein meginregla að ekki megi mismuna þegnum Evrópubandalagsins og þetta er eitt af því sem hefur legið fyrir sem þáttur í þessum svokölluðu fjóru frelsum. Og þess vegna er nauðsynlegt að finna almennar reglur sem komast fram hjá þessu og þær eru margar. Það er á margan máta unnt að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti eignast hér land. Og ég treysti því að hæstv. landbrh. skoði þær leiðir mjög vandlega. Ég ætla ekki að fara að nefna þær hér, en ég nefni t.d. kröfu um búsetu hér í einhvern árafjölda, fimm ár, tíu ár, til að geta eignast íslenskt land sem mundi að sjálfsögðu vera í fullkomnu lagi fyrir íslenska ríkisborgara en ekki fyrir þá sem erlendis búa og fjölmargt slíkt fleira mætti nefna. Ég vildi sem sagt undirstrika það að þetta var atriði sem fyrrv. ríkisstjórn var fullkomlega sammála um að yrði að tryggja, mætti alls ekki bregðast.

Svo að ég snúi mér svo aftur að ýmsu sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., ég skal ekki endurtaka það sem ég hef sagt hér áður. Ég vil, eins og ég sagði áðan, þakka honum fyrir svörin sem margt hafa skýrt. Ein ástæðan fyrir því að ég spurði um fyrirvarana var sú að í þeirri yfirlýsingu sem kom frá hæstv. ríkisstjórn — *ég hygg að hún hafi birst í fjölmiðlum 5. maí* og var þá ítarlega yfirfarin á Stöð 2 og byggt að því er ég veit best á viðtali við hæstv. forsrh. — þá var eini fyrirvarinn sem var nefndur heimild til að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Nú hefur hæstv. utanrrh. tekið fram að allir fyrirvarar fyrri ríkisstjórnar séu í fullu gildi. Ég þakka honum fyrir það og treysti því að hann fylgi því vandlega eftir. Þeirra verði allra vandlega gætt.

Staðreyndin er nefnilega sú að við takmörkuðum okkar fyrirvara meira en flestar aðrar EFTA-þjóðir. Við völdum nokkra mjög stóra og ætluðum að standa á þeim. Það voru aðeins tveir eða svo miklu minni fyrirvarar sem við töldum á fundinum í nóvember að kæmi til greina að víkja frá. Það væri í sambandi við lyfjasölu ef ég man rétt og einkarétt Pósts og síma. Að vísu var talað um það að setja almennar reglur í sambandi við Póst og síma. Þáv. hæstv. samgrh. hygg ég að hafi nefnt að það mætti gera t.d. þá kröfu að slíkt fyrirtæki sinnti símaþjónustu um land allt. Það var a.m.k. rætt. Eða var það hæstv. utanrrh. sem nefndi það? Þetta var a.m.k. nefnt á þeim fundi. Það var eingöngu talað um það að þessir tveir væru minni háttar, alls ekki ákveðið að falla frá þeim, langt frá því.

Ég vil svo aðeins nefna það út af ýmsu öðru sem ég kom að hér áðan og spurði um og tengist hins vegar því sem kom fram hjá ýmsum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar, að menn undrast það að ég skuli vera að spyrja um ýmislegt í þessum nýja samningi því að fyrir liggi skýrsla frá fundi 19. des. Mér hefur skilist að stórkostlegur árangur hafi náðst á þessum nýja fundi. Er það ekki rétt hjá mér? Mér hafði skilist áður að þetta væri allt í strandi. Aðalsamningamaðurinn hefði gengið út. Hann er kominn aftur inn og við Íslendingar erum komnir á fullan skrið aftur í þessum samningum. Svo að það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að það er mikill munur á því sem um er talað í skýrslunni frá því í mars, sem ég geri ekki athugasemdir við og ríkisstjórnin hafði að sjálfsögðu allar upplýsingar um, og því sem núna birtist, enda kemur það fram þegar þetta tvennt er lesið. Ég skal ekki fara yfir margt. En t.d. sýnist mér orðalagið töluvert annað um þessa sjálfstæðu EFTA-stofnun, sem er að vísu á enskunni kölluð EFTA-structures, sem þýðir að mínu mati töluvert annað, EFTA-skipulag, uppbygging, sem er tölu-

vert annað. En ég ætla ekki að gera mál úr því. Í skýrslunni frá því í mars segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra tók fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum." Beita er nú undarlegt orð í þessu sambandi, að hafa eftirlit með samkeppnisreglum á það í raun og veru held ég að þýða. Hins vegar segir hér: „Þeir", þ.e. ráðherrarnir, „tóku fram að dregið hefði saman með samningsaðilum við að skilgreina í meginatriðum verkaskiptingu og samstarf milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og sjálfstæðrar EFTA-stofnunar sem hefði samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hins vegar."

Þetta er miklu víðtækara. Í fyrri setningunni er talað sérstaklega um samkeppnisreglur, það er að vísu í upphafi greinarinnar talað um samkeppnisreglur. En í þessu þar sem talað er um þessar tvær stofnanir kemur það ekki eins skýrt fram. Ég vildi fá það greinilega fram. Hæstv. utanrrh. segir nú að þetta eigi eingöngu við um samkeppnisreglurnar. Og ég er því sammála, eins og ég var þá, að það verður að setja upp stofnanir til þess að hafa eftirlit og það er ekki síður trygging í því fyrir okkur. Hins vegar kemur einnig fram í skýrslunni frá því í mars aðeins aftar að um þessa stofnun hefur sáralítið verið rætt. Ég finn það nú ekki hér í flýti, en það segir hér einhvers staðar í þessari skýrslu að um slíka stofnun innan Evrópubandalagsins hafi sáralítið verið rætt og það er vitanlega lykilatriði. Með leyfi forseta: „Umræða um uppbyggingu sjálfstæðrar EFTA-eftirlitsstofnunar hefur verið mjög takmörkuð innan EFTA." Eða með öðrum orðum við höfðum í raun og veru ekkert fjallað um hana þá eða sáralítið. Það var eingöngu upplýst að það væri unnið að því að koma upp slíkri stofnun. Nú virðist þetta vera komið töluvert mikið lengra og því er fagnað af ráðherrum á þessum fundi. Svo sannarlega er nú ekki óeðlilegt þó að um þetta sé spurt.

Ég vil líka taka t.d. fram í sambandi við heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisreglur. Um það höfðum við ekkert fjallað. Það er rétt sem kom fram hér að þetta var einn af fyrirvörunum, að þessir hlutir yrðu að vera tryggir.

Nú upplýsir hæstv. utanrrh. að á ýmsum sviðum séu þessar reglur jafnvel strangari en innan EB sem kemur mér að vísu dálítið á óvart. Hann upplýsir jafnframt að það standi til að Evrópubandalagið taki upp reglur EFTA á mörgum þessum sviðum. Af hverju er þetta ekki orðað í þessari skýrslu? Ég finn hvergi í þessari miklu skýrslu sagt að reglur EFTA eigi að gilda innan EB. Það er hvergi sagt. Það er sagt aftur og aftur og aftur og aftur að reglur EB eigi að gilda fyrir Evrópskt efnahagssvæði. Þetta er bara mikið mál, finnst mér. Mér finnst það mikið mál ef það hefur virkilega náðst fram og hefði þurft að koma betur fram í þessari skýrslu að á ýmsum sviðum þar sem reglur EFTA-landanna eru strangari, skilvirkari, ákveðnari, þá verði þær fyrir 1993 teknar upp fyrir EB. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við í okkar umræðu í fyrri ríkisstjórn einmitt ræddum að það væri óaðgengilegt að ýmsar reglur Evrópubandalagsins ættu skilyrðislaust og allar reglur skilyrðislaust að gilda á Evrópsku efnahagssvæði. Nú er sagt að ýmsar reglur EFTA eigi að gilda innan Evrópsks efnahagssvæðis. Vitanlega væri mjög nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að fá um þetta langtum ítarlegra yfirlit. Við þurfum náttúrlega að skoða það í smáatriðum hvaða reglur er þarna um að ræða og er einhverju fórnað og er það virkilega svo að hæstv. ráðherra hafi tekist að koma vitinu fyrir, ef ég má orða það svo, Evrópubandalagið og það ætli nú að taka upp skynsemina á einhverjum þessum sviðum? Ég nefni aftur t.d. félagsmálefnin eða stefnuna sem á enskunni er hér kallað „social policy" og getur náttúrlega verið afar víðtækt.

Það er hárrétt, sem kom núna fram hjá hæstv. utanrrh., að þetta taldi ég satt að segja að væri utan fjórfrelsisins svokallaða. Þetta er algjörlega nýtt í þessu hér og áður en a.m.k. ég treysti mér til að taka afstöðu til þessa máls, þá hlýt ég að biðja um miklu nánari skýringar á því og aðrar heldur en hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh. að verkalýðsfélögin hér beinlínis óski eftir því að við tökum upp þessi lög og reglur hér. Ég vil fá að skoða það miklu nánar.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að lengja þessa umræðu um of og vil því ekki færa frekari rök fyrir því að allt það sem ég spurði um var í raun og veru afar eðlilegt. Það hafa orðið, hvort sem menn vilja kalla það miklar framfarir eða miklar breytingar, í þessu máli núna upp á síðkastið.

Síðan aðeins þetta með ávinninginn. Ég kemst kannski ekki hjá því að minnast aðeins á þetta með fulla aðild fyrst það er gert hér að umræðuefni. Jú, ég hef aldrei neitað því að nokkur ávinningur gæti orðið af þessu ef við fáum fullt tollfrelsi. Ég hef aldrei neitað því. Ég sagði hins vegar að mér þykir, þegar ég fer að skoða betur niðurstöður sérfræðinganna, að þeir meti ávinninginn tiltölulega lítinn. Og það sem ég held að menn gleymi í þessu sambandi er það að við höfum núna mjög góðan samning, bókun 6. Meira að segja fyrrv. forsætisráðherra Bretlands sagði við mig að hún skildi bara ekkert eftir hverju við værum að sækjast. Við höfðum þann besta samning sem ríki hefði við Evrópubandalagið. Og það er mikið til í því.

Við getum sjálfir náð fjölmörgu af því sem við erum að sækja eftir og erum að gera það. Við höfum t.d. sett ný lög um erlenda fjárfestingu. Við höfum gert það á eigin vegum. Við höfum sett nýjar reglur um fjármagnsflutninga. Við höfum gert það á eigin vegum. Og við getum ef við viljum gert fjölmargt slíkt sem aðlagar okkur því sem er að gerast í Evrópu. Ég vil taka það skýrt fram að við framsóknarmenn erum þeirrar skoðunar að við eigum að gera það. Við megum ekki einangrast frá þessari þróun.

Hins vegar eru þeir margir fræðimennirnir sem nú halda því fram að árangurinn af hugmyndum Evrópubandalagsins um þennan innri markað og enn þá meiri samruna sé ekki eins í hendi og margir telja. Margir halda að kostnaðurinn við það t.d. að lyfta upp Suður-Evrópulöndunum félagslega og tekjulega verði miklu meiri en áður var talið. Ég þarf áreiðanlega ekki

að benda hæstv. utanrrh. á það að það eru fjölmargir sem telja að kostnaðurinn við að lyfta Austur-Þýskalandi upp verði margfalt meiri en t.d. Þjóðverjar töldu og muni verða verulegt vandamál fyrir Evrópubandalagið. Ég tala ekki um ef á að fara að taka önnur Austur-Evrópulönd. T.d. kostnaðurinn á sviði mengunarvarna o.s.frv. verði margfaldur á við það sem var talið.

Það eru því margir fræðimenn, og reyndar kemur það fram í mati þeirra sérfræðinga sem til voru kvaddir og ég nefndi áður til að meta þetta, að ávinningurinn er mjög umdeildur. Þess vegna er ég að segja það að þó að ég styðji það, eins og ég hef gert og við framsóknarmenn, að við gerumst aðilar að því tilskildu, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl., að allt sé tryggt sem við höfum lagt áherslu á, þá mega menn ekki blindast af því að það sé svo óskaplega mikill ávinningur í þessu. Menn mega alls ekki fórna því sem við getum náð á fjölmörgum öðrum mörkuðum.

Eins og ég sagði áðan kemst ég ekki hjá því að fara örfáum orðum um aðildina að EB og vegna þeirra orða sem hæstv. utanrrh. lét falla um það áðan. Ég hrökk líka við þegar ég hlustaði á hæstv. forsrh. segja að aðild að EB kæmi ekki til greina að svo stöddu. Og ég verð að viðurkenna það að ég hrökk við þegar ég las í stefnuskrá Alþfl. að Alþfl. útilokar ekki fulla aðild, segir að vísu fyrirvara um það, enda höfum við óskoruð yfirráð yfir okkar auðlindum.

Ég ráðlegg mönnum að lesa það fræðirit sem alþingismönnum hefur verið afhent núna, eða þeir geta fengið, eftir Stefán Má Stefánsson. Það er mjög fróðlegt rit. Þeir sem trúa því, sem annar prófessor hefur sagt, að það sé ekki nema stigsmunur á milli Evrópsks efnahagssvæðis og fullrar aðildar ættu að lesa þetta rit. Það er svart og hvítt samkvæmt hans mati þar á milli. Nóttin mundi ekki duga til að rekja mismuninn sem þar er á. Og það er nákvæmlega þetta sem ég fann að, að aðeins fyrirvari um auðlindina skyldi verða settur, því það er svo ótal margt annað. Og þeir sem hafa talið að við getum fengið undanþágu þar eiga að skoða þetta rit. Þar er það rakið sem grundvallaratriði að sameiginleg stefna skuli vera í sjávarútvegsmálum. Eitt af grundvallaratriðunum. Og svo segja sumir hv. þm. eða menn sem um þetta ræða: Við fáum bara undanþágu frá því. Jú, við gerumst aðilar ef við fáum undanþágu frá þessu.

Það er alveg ljóst að þó að framkvæmdin sé ákveðin með reglugerð þá er því stjórnað sameiginlega frá Brussel og það er það sem við getum aldrei sætt okkur við. Þess vegna segi ég: Með því að vera að ýja að því að full aðild komi til greina er verið að blekkja þjóðina, því miður, verið að rugla og blekkja þjóðina. Ég er ekki að segja það að hv. alþýðuflokksmenn hafi ætlað sér það. Ég skrifa þetta á kostnað vanþekkingar á Rómarsáttmálanum. Ég held að það hljóti að vera. Svo ég vona að ég hafi skýrt það að þetta atriði þótti mér nauðsynlegt m.a. að fá á hreint og nú hafa allir svarið það af sér að aðild komi til greina og við munum það og það er bókað og skráð. Ég treysti því og dreg það ekki í efa.

Ég vil svo að lokum segja það að ég tel að þessi umræða hafi verið mjög þörf en fram undan hljóta að vera stórir atburðir og ég treysti því að við fáum fljótlega miklu ítarlegri skýrslu um öll þessi atriði, sem hér hafa verið rædd, svo við getum metið þau, hvort sem þing situr eða situr ekki. Eflaust verður þetta rætt vandlega í utanrmn. og ég fagna því að hún tekur strax til starfa. Hún hefur mikið verkefni að fylgjast vel með þessum málum og við þingmenn allir og þarna má hvergi misstíga sig.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi óska eftir því að hæstv. forsrh., hæstv. landbrh. og einnig hæstv. utanrrh. ásamt hv. þm. Birni Bjarnasyni verði hér viðstaddir umræðuna því það er óhjákvæmilegt að víkja að nokkrum orðum sem fram hafa komið í ræðum þessara manna.

Ég vil þó segja það í upphafi við hæstv. utanrrh. að ég ætla að vona að skilningur hans á því sem gerðist á utanríkisráðherrafundinum sl. mánudag sé réttari og nákvæmari en frásagnir hans af því hér í umræðunum hvað gert var innan síðustu ríkisstjórnar eða umfjöllun hæstv. ráðherra um fyrirvara. Annars vegar hefur hæstv. utanrrh. haldið því fram hér í umræðunni að enginn munur sé á því sem samþykkt var 19. des. og því sem gert var sl. mánudag og hins vegar að miklir áfangar hafi náðst í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði vegna þess að á fundinum sl. mánudag hafi verið fundin pólitísk lausn á nánast öllum þeim helstu vandamálum sem út af stóðu. Báðar frásagnirnar geta ekki verið réttar, önnur hvor hlýtur að vera röng, hæstv. utanrrh. (Gripið fram í.) Eða báðar, segir hæstv. landbrh. Ef það er rétt, hæstv. utanrrh., þá er nú illa komið fyrir hæstv. utanrrh. í þessari ríkisstjórn ef ráðherrar Sjálfstfl. telja að báðar fullyrðingar hæstv. ráðherra séu rangar.

Á hinn bóginn hefur hæstv. utanrrh. sagt að allir fyrirvararnir sem voru settir fram innan síðustu ríkisstjórnar séu enn í fullu gildi og hins vegar hefur hann sagt að árangurinn af fundi hinnar nýju ríkisstjórnar 5. maí í Ráðherrabústaðnum sé að fyrirvararnir frá tíð síðustu ríkisstjórnar séu ekki lengur í gildi, eins og hæstv. utanrrh. tjáði sig við fjölmiðlana eftir þann fund ríkisstjórnarinnar. Báðar fullyrðingarnar geta ekki verið réttar. Það getur ekki verið rétt að segja hér í þingsalnum í dag: „Allir fyrirvararnir frá tíð síðustu ríkisstjórnar eru í fullu gildi". Og segja svo við þjóðina 6. maí: „Stóri ávinningurinn af þessari nýju ríkisstjórn er að nú er ég sem utanrrh. ekki lengur bundinn af þeim fyrirvörum sem ég var bundinn af í tíð síðustu ríkisstjórnar" — hæstv. utanrrh.

Þessi mál eru svo stór, þau eru svo alvarleg, hæstv. ráðherra, að það verður að tala skýrt og menn verða að vanda sig. Það duga ekki í þessu máli sömu vinnubrögðin og í samkomulaginu í Viðey. Það dugir ekki, hæstv. utanrrh., að segja eins og sagt er um samkomulagið í Viðey: Sjávarútvegsstefnan er skýr, landbúnaðarstefnan er skýr, verkefni umhvrn. eru skýr. — En síðan kemur hæstv. núv. sjútvrh. og segir: Það er

óbreytt stefna frá tíð síðustu ríkisstjórnar. Hæstv. landbrh. segir: Ég ætla ekki að breyta neinu í búvörusamningnum og hæstv. forsrh. kemur og segir að hæstv. utanrrh. hafi oftúlkað það sem var skýrt. Og hæstv. umhvrh. sagði: „Orð skulu standa." Hvaða orð skyldu standa? Það eru engin orð sem standa varðandi skógrækt og landgræðslu og landbrn. og umhvrn.

Í þessu máli sem við erum að ræða hér, hæstv. utanrrh., duga ekki þeir pólitísku orðaleikir sem hæstv. ráðherra duga kannski til túlkunar á samkomulaginu í Viðey vegna þess að samkomulagið í Viðey er bara eithvað sem kemur og fer með ríkisstjórn. En það sem við erum hér að tala um mun standa eða falla um langa framtíð. Þess vegna vænti ég þess, virðulegur utanrrh., að hann vandi vel hvað hann segir og tali nákvæmlega og skýrt en sé ekki í svona hrópandi mótsögn við sjálfan sig í höfuðatriðum málsins í sömu ræðunni eins og hæstv. ráðherra var hér áðan.

Hv. þm. Björn Bjarnason flutti hér ræðu sem gekk aðallega út á það að rekja það að innan þessarar nýju ríkisstjórnar hefði nánast ekkert gerst sem ekki hefði gerst innan síðustu ríkisstjórnar. Nú er það í sjálfu sér þannig, áður en ég kem að þessari fullyrðingu, að það er ekki höfuðatriði málsins. Höfuðatriði málsins er afstaða okkar til þeirra efnisatriða sem hér eru á dagskrá. Ég tók eftir því að hv. þm. lýsti ekki afstöðu sinni til eins einasta af þeim efnisatriðum sem hér hafa verið til umfjöllunar í umræðunni. Hv. þm. Björn Bjarnason flutti hér snyrtilega ræðu og lauk henni án þess að lýsa afstöðu til eins einasta atriðis sem t.d. hæstv. utanrrh., hv. þm. Steingrímur Hermannsson eða ég röktum hér í löngu máli í umræðunum. Og það vekur auðvitað spurningar þegar um jafnvandaðan mann í meðferð utanríkismála er að ræða og hv. þm. Björn Bjarnason hvers vegna hv. þm. lýsti ekki neinni afstöðu. Í þessum efnum talaði hann eins og hæstv. forsrh. — sem ég ítreka ósk mína um að sé hér í salnum — vegna þess að hæstv. forsrh. hefur enn ekki í þessari umræðu lýst afstöðu til neins efnisatriðis sem hér er til umfjöllunar. Það er satt að segja mjög sérkennilegt þegar hér hefur staðið yfir umræða í senn tíu klukkustundir og hæstv. forsrh. hefur kvatt sér hljóðs tvisvar í þessari mikilvægu umræðu skuli hann ekki enn hafa lýst afstöðu í einu einasta efnisatriði.

Innan síðustu ríkisstjórnar var mörkuð sú stefna að taka þátt í EFTA-viðræðunum við Evrópubandalagið, en það var ætíð innan þeirrar ríkisstjórnar hafður skýr fyrirvari um það að metið yrði í hverjum áfanga viðræðnanna hvort þær væru komnar á það stig að þeim bæri að hætta eður ei. Og í þeim sjónvarpsþætti sem nokkrum sinnum hefur verið nefndur hér í umræðunum lét ég það sjónarmið Alþb. koma fram að við mundum að sjálfsögðu á hverju stigi þessara viðræðna meta það hvort þeim ætti að halda áfram eða ekki. Það var auðvitað það sem hæstv. utanrrh. var að kvarta undan í síðustu ríkisstjórn, að hann var skuldbundinn þar til þess að gefa skýrslu í hverjum áfanga og setja sig undir faglegt mat eða umfjöllun í ríkisstjórninni um það hvað út úr þeim áfanga hefði komið og lyktaði svo með því, eins og ég mun koma að hér á eftir, að hæstv. utanrrh. treysti sér ekki til þess að biðja um afstöðu síðustu ríkisstjórnar til spurninga samningamanns Íslands um fyrirvara eða breytingar í fjölmörgum atriðum samninganna.

Það sem gert var 19. des. og gerð var grein fyrir í skýrslu til Alþingis í marsmánuði sl. vísaði auðvitað veginn í ýmsum atriðum. Það leiddi einmitt til þess að samningamaður Íslands lagði fyrir ríkisstjórnina minnisblað þar sem samningamaður Íslands óskaði eftir því að ríkisstjórnin veitti honum umboð til þess að ganga áfram þá braut sem hugsanlega var mörkuð í samkomulaginu frá 19. des. og utanríkisráðherrarnir höfðu staðfest. En ríkisstjórnin veitti honum aldrei þetta umboð. Það er kjarni málsins, hv. þm. Björn Bjarnason. Utanrrh. kom með þennan texta tvisvar eða þrisvar inn í ríkisstjórnina, endurritaði hann a.m.k. tvisvar sinnum og fékk aldrei heimild frá ríkisstjórninni til þess að halda málinu áfram á grundvelli þess sem þar var lagt til.

Eins og fram kom hér hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni áðan, fráfarandi forsrh., þá voru þessir fyrirvarar ræddir á löngum ítarlegum fundi í Ráðherrabústaðnum, m.a. fyrirvarinn varðandi rétt útlendinga til þess að kaupa jarðir og lönd á Íslandi. Og ráðherrar Alþb. m.a. voru ekki reiðubúnir að fallast á þær tillögur í málinu sem utanrrh. lýsti þá og lýsti aftur í dag. Hins vegar er það rangt hjá hæstv. landbrh. að við höfum farið eitthvað leynt með þá afstöðu okkar. Ég lýsti þeirri afstöðu minni t.d. í sjónvarpsþætti í janúarmánuði sl., og það vill svo til að ég er með afrit af því hér í ræðustólnum, þar sem ég sagði m.a., með leyfi forseta: „Sú krafa hefur komið fram af hálfu Evrópubandalagsins að liður í Evrópsku efnahagssvæði verði það að útlendingar geti keypt fasteignir, þar með talið land, þar með taldar jarðir, þar með taldar ár, í EFTA-löndunum. Við í Alþb." og þá greip hæstv. utanrrh. fram í í þættinum og sagði: „Nú ert þú með hrollvekju, Ólafur." Það var þetta sem hæstv. ráðherra lýsti sjálfur hér áðan sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut, kallað af honum í sjónvarpinu hrollvekja. Ég hélt áfram, með leyfi forseta: „Við þurfum líka, Jón, að tala alveg skýrt fyrir þjóðina. Þetta er eitt af því sem hefur komið fram og við í Alþb. höfum sagt alveg tvímælalaust að við viljum ekki samþykkja þessar kröfur."

Það var þess vegna, hæstv. landbrh., ekki farið leynt með þessa afstöðu. Hún kom fram í umfangsmesta umræðuþætti íslenskra fjölmiðla um þetta mál í janúarmánuði sl. þar sem páv. formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. sjútvrh., var meðal þátttakenda. (Gripið fram í.) Hæstv. landbrh. má alveg halda áfram þeirri taktík sem hann tamdi sér í stjórnarandstöðu. Hún var í lagi þá og oft skemmtileg, en nú hefur hv. alþm. Halldóri Blöndal verið fengið samkvæmt íslensku stjórnarskránni sjálfstætt ráðherravald, vegna þess að ríkisstjórn Íslands er ekki fjölskipað stjórnvald heldur fer hv. þm. Halldór Blöndal, hæstv. landbrh., einn með ráðherraábyrgð og ráðherravald í málefnum landbúnaðar og samgangna. Þess vegna verður hann auðvitað að temja sér alvarlegri umfjöllun um mál af þessu tagi en hann

leyfði sér á meðan hann var ábyrgðarlaus hér í stjórnarandstöðu.

Í öðru lagi kom þessi afstaða, hæstv. landbrh., fram í kynningarþætti Alþb. fyrir síðustu alþingiskosningar, sem sjónvarpað var þriðjudaginn eftir páska, þar sem enn á ný var ítrekuð sú afstaða okkar að við vildum ekki fallast á það að erlendir aðilar fengju sams konar rétt til kaupa á jörðum og löndum og landsins gæðum hér á Íslandi og Íslendingar. Við vildum að Íslendingar hefðu forgang, meiri rétt til slíkra kaupa en útlendir menn. En eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson lýsti hér mjög vel áðan þá byggir samningskrafa Evrópubandalagsins á því að um slíka mismunun sé ekki að ræða eða að útlendir menn hafi sama rétt og íslenskir ríkisborgarar í þessum efnum. Og það er eitt af því sem er algerlega ósvarað í þessari umræðu: Hver er afstaða hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum? Vegna þess að hæstv. landbrh. lýsti annarri afstöðu hér í umræðunni en fram kom hjá hæstv. utanrrh. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að knýja á um það, hvort er það afstaða hæstv. utanrrh. sem gildir af hálfu Íslands í þessum samningaviðræðum eða er það sú afstaða sem hæstv. landbrh. lýsti hér áðan? Er nú rétt að spyrja hæstv. forsrh. formlega, sem samkvæmt embættisskyldu sinni á að skera úr um slíkan ágreining: Hvort er það afstaða hæstv. landbrh. eða afstaða hæstv. utanrrh. sem er afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. svari því formlega hér á eftir.

Þess vegna er það auðvitað alveg ljóst, hv. þm. Björn Bjarnason, að í fjölmörgum atriðum er yfirlýsing utanríkisráðherra Evrópubandalagsins og EFTA frá því síðasta mánudag svo afdráttarlaus í mörgum þeim höfuðatriðum sem efasemdir voru um innan síðustu ríkisstjórnar og voru þar tekin til umfjöllunar hvað eftir annað að sú niðurstaða hlýtur auðvitað að sæta verulegum tíðindum sem meginvegamót í þessu samningaferli. Vegna þess að yfirlýsingin frá 19. des. var ekki slík vegamót.

Það er hins vegar athyglisvert og verður einhvern tímann skemmtilegt rannsóknarefni fyrir sagnfræðinga þessa máls að í tæpt ár hefur hæstv. utanrrh. nánast ávallt þegar þessi mál hefur borið á góma sagt: „Það er búið að semja um 98–99% þess sem um þarf að semja í þessum viðræðum. Það eru bara þrjú atriði eftir." Þetta sagði m.a. hæstv. ráðherra í þessum fræga sjónvarpsþætti. Þetta sagði hann aftur hér í dag. Það vill hins vegar bara svo til (**Utanrrh.:** Það eru þrjú atriði eftir.) að þau þrjú atriði sem hæstv. ráðherra taldi upp í sjónvarpsþættinum eru önnur en þau þrjú atriði sem hann taldi upp hér í dag. Prósenttalan er því alltaf eins en þessi þrjú atriði eru hins vegar alltaf að breytast. Það sýnir ásamt öðru að það er ekki alltaf alveg nákvæmt sem hæstv. utanrrh. segir um þetta mál. En það er hins vegar komið á það stig að það er alveg nauðsynlegt að hann tali alveg skýrt.

Hæstv. forsrh. sagði það hér í sinni fyrri ræðu, ef ég fer rétt með, að ekkert hefði gerst í þessum samningum sem ekki hefði áður verið samið um. Ég vona satt að segja að mér hafi misheyrst þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. því ég ætla nú ekki að leiða einu sinni hugann að því hvað liggur að baki ef það er virkilega skilningur hæstv. forsrh. að ekkert hafi gerst á þessum fundi utanríkisráðherra EFTA og EB sl. mánudag sem leiði til þess að hægt sé að segja að ekki sé búið að semja um neitt sem ekki hafi áður verið samið um. Ég hef skrifað það hér eftir hæstv. ráðherra og það má þá skoða það þegar afritið af ræðunni liggur fyrir. (**Forsrh.:** Það var hæstv. sjútvrh.) Nei, ég mun nú koma að hæstv. sjútvrh. hér á eftir. Það var satt að segja þannig að hann flutti merkustu ræðuna af hálfu Sjálfstfl. í þessum umræðum. Ef ég má leyfa mér það þá lá við að maður saknaði þess að hann væri ekki lengur formaður Sjálfstfl. og hélt ég nú að það ætti ekki eftir að koma fyrir mig. Ég mun koma að þeirri ræðu hér á eftir.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. vegna þess að hann hefur ekki enn þá lýst því yfir í þessari umræðu: Er hann sammála því sem hæstv. utanrrh. hefur endurtekið hvað eftir annað, bæði innan síðustu ríkisstjórnar og einnig hér í þessum umræðum, að ekki komi til greina að semja um yfirþjóðlegt vald? Ekki komi til greina að framselja vald til yfirþjóðlegrar stofnunar? Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. forsrh., bæði fyrir hönd síns embættis og fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og ekki síst Sjálfstfl., lýsi því yfir hvort hann er sammála þeirri forsendu samningsgerðarinnar að ekki eigi að semja um framsal á valdi til yfirþjóðlegra stofnana? Ef svarið er já, sem ég vona að það sé, þá auðvitað erum við hér komin með ákveðið fast land í forsendum málsins. Síðan verður það að vera matsatriði og túlkunaratriði hvort þeir samningar sem verið er að gera fela slíkt í sér eða ekki.

Hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að staða málsins varðandi sjávarútveg væri því miður þannig að menn stæðu í nákvæmlega sömu sporum og áður og þetta er alveg rétt. En hann sagði hins vegar meira. Hann sagði að eftirlitsstofnunin, sem hér hefur verið til umræðu, fæli í sér ákveðna tegund af yfirþjóðlegu valdi. Hæstv. utanrrh., heyrir hann mál mitt? Ég vildi óska eftir því að hæstv. utanrrh. kæmi hér í salinn vegna þess að ég var að vitna til þeirra ummæla hæstv. sjútvrh. þar sem hann viðurkenndi einn ráðherra í þessum umræðum að það sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum verið að segja, að með yfirlýsingu utanríkisráðherrafundarins frá síðasta mánudegi sé verið að játast undir það að stofnunin fái ákveðna tegund af yfirþjóðlegu valdi og þar með afneitar hæstv. sjútvrh. þeim fullyrðingum sem hæstv. utanrrh. hefur viðhaft hér í umræðunum. Það þýðir ekkert að velta vöngum yfir því, hæstv. utanrrh. Það er bara alveg skýrt. (**Utanrrh.:** Ég hristi kollinn, velti ekki vöngum.) Já, þá er spurningin hvernig á að túlka þann kollhristing. En ég get skilið að það sé dálítið snúið mál fyrir hæstv. utanrrh. að sjútvrh., sem gegnir auðvitað lykilhlutverki í þessu máli, skuli formlega hafa lýst þessari skoðun sinni í umræðum.

En hæstv. sjútvrh. sagði meira. Hæstv. sjútvrh. gaf út merkustu yfirlýsinguna sem fram hefur komið af hálfu ráðherranna í ríkisstjórninni í þessum umræðum. Og hann á vissulega hrós skilið fyrir það. Afdráttar-

lausustu, skýrustu og merkustu yfirlýsinguna sem fram hefur komið í þessum umræðum. Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri ekki til umræðu, það kæmi ekki til álita að gerast aðili að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði ef Íslendingar fengju ekki tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir. Og nú vil ég spyrja formlega hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. og óska eftir því að hæstv. viðskrh. verði sóttur. (**Gripið fram í:** Hann er farinn að sofa.) Hæstv. viðskrh. getur ekki leyft sér að sofa í þessari umræðu. Ef hann er farinn heim að sofa kl. 12, sem ég trúi nú ekki, því hann sofnar nú aldrei fyrr en nóttin er orðin mið og vaknar manna fyrstur, að hann verði sóttur því þetta er mikið alvörumál. (**Forseti:** Það er ástæðulaust að gefa sér það að hæstv. viðskrh. sé farinn heim að sofa því hann er nú hér í húsinu og verður því beðinn um að koma hér inn.) Já, ég fagna því og óska eftir að hann sé sóttur. Ég vil formlega fara þess á leit við þessa þrjá ráðherra, hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., að þeir svari með einföldu jái eða neii, ekki með neinum málalengingum. (**Forseti:** Tók forseti rétt eftir að hv. þm. bað um svar frá hæstv. sjútvrh.?) Nei, þá hef ég mismælt mig. Ég sagði hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., hvort þeir eru sammála þessari yfirlýsingu hæstv. sjútvrh., þessari merku yfirlýsingu. Satt að segja get ég tekið við jáinu hér í ræðustólnum, hæstv. forsrh. Málið er mjög einfalt. Er hæstv. forsrh. sammála yfirlýsingu hæstv. sjútvrh.? (**Forsrh.:** Hæstv. forsrh. ætlar að svara á eftir.) Hæstv. forsrh. ætlar að svara á eftir, það er ágætt, en svarið er einfalt. Hæstv. utanrrh., er hann sammála? (**Utanrrh.:** Sammála hverju aftur?) Sammála hverju aftur, segir hæstv. utanrrh. (**Forseti:** Forseti biður um að það séu ekki samtöl í salnum.) Ég skal fara með þetta á ný. Ég var að segja það, hæstv. (**Utanrrh.:** . . . að samningar komi ekki til greina ef . . .) (Forseti hringir.) Ekki til, já þeirri yfirlýsingu. Þetta er allt í lagi, ég kem þessu alveg til skila. (**Utanrrh.:** Svarið er nei.) Hann er ekki sammála henni. Nú jæja, nú jæja. Hæstv. utanrrh. sagði nei. Hvað segir hæstv. viðskrh.? (**Viðskrh.:** Við hverju?) Spurningin var á þessa leið: Hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir hér í umræðunum að það væri ekki til umræðu, kæmi ekki til álita að gerast aðili að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði nema Íslendingar fengju tollfrjálsan aðgang, annars ættu Íslendingar ekki að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu nema full skilyrðislaus viðurkenning fengist fyrir tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir. (**Viðskrh.:** Athyglisvert.) Hvorki já eða nei. Er það svar hæstv. viðskrh.? Athyglisvert. (**Viðskrh.:** Athyglisvert.) Já.

Virðulegi forseti. Margt hefur nú gerst á þessum tveim vikum síðan þessi hæstv. ríkisstjórn var mynduð, en það sem gerðist á þessari mínútu er nú það merkilegasta og alvarlegasta. Því hér hefur komið í ljós grundvallarágreiningur milli hæstv. sjútvrh. annars vegar, sem talaði mjög skýrt hér í umræðunum, og hæstv. utanrrh., sem lýsti sig algjörlega andvígan þessari afdráttarlausu afstöðu hæstv. sjútvrh. Og hæstv. viðskrh. segir bara: „athyglisvert" og vill hvorki svara með jái eða neii.

Það er búið að segja hér mánuðum saman að þessar viðræður snúist um fisk. Það er búið að segja hér síðustu daga af hálfu hæstv. utanrrh. að það sé höfuðatriði að fá fram viðurkenningu á hagsmunum Íslands. Fyrrverandi formaður Sjálfstfl., hæstv. sjútvrh., talaði tæpitungulaust um það hér í umræðunum að Íslendingar ættu ekkert erindi, það væri ekki til umræðu, voru hans óbreytt orð, það kæmi ekki til álita að Íslendingar gerðust aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði nema við fengjum skilyrðislausan aðgang, tollfrjálsan, fyrir sjávarafurðir. Og hæstv. utanrrh. sagði hér fyrir nokkrum mínútum síðan að hann væri ósammála þessu. Hann er tilbúinn að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði þótt Íslendingar fái ekki tollfrjálsan aðgang fyrir fisk. Utanrrh. Íslands lýsir því yfir hér í þingsalnum að hann setur það ekki sem skilyrði að Íslendingar fái tollfrjálsan aðgang fyrir fisk. Það er ósköp eðlilegt að Evrópubandalagið sé ekki að láta undan. Það er ósköp eðlilegt að þeir séu ekki að koma með tilboð þegar maðurinn sem ber ábyrgð á samningunum fyrir hönd Íslands segir að það sé ekkert skilyrði af sinni hálfu.

Og nú spyr ég hæstv. forsrh.: Hvort er hann sammála hæstv. sjútvrh., fyrrv. formanni Sjálfstfl., eða hæstv. utanrrh.? Vegna þess að hér fimm mínútum yfir miðnætti kom í ljós grundvallarágreiningur innan ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um höfuðatriðið í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Þar með veit þjóðin ekki lengur hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessu máli eða hvert er verið að fara með mikilvægustu hagsmunamál Íslands. Og þessari umræðu getur ekki lokið fyrr en hæstv. forsrh. hefur svarað því alveg skýrt, hvort stendur hann með ráðherrum Alþfl. í þessu máli eða stendur hann með ráðherra Sjálfstfl., sjútvrh., fyrrv. formanni Sjálfstfl. Þorsteini Pálssyni?

Ég veit að ég þarf ekki að útskýra fyrir hv. þm. þau alvarlegu tíðindi sem hér hafa orðið á síðustu mínútum þessara umræðna í þessu máli. Það getur hver og einn þingmaður hugleitt hvað hér hefur afhjúpast. Hæstv. sjútvrh. sagði orðrétt: „Það er ástæða til þess að viðsemjendur okkar viti að við munum ekki hvika frá þessu." Hæstv. sjútvrh. telur sem sagt nauðsynlegt að Evrópubandalagið viti að það verður ekki hvikað frá þessari grundvallarafstöðu. En utanrrh. Íslands sagði hér áðan að það verði hvikað frá henni. (**Utanrrh.:** Ónei, hann sagði það nú aldrei.) Hann sagði það víst, hæstv. utanrrh., og vertu ekki að reyna að klóra þig út úr þessu. Vegna þess að þú varst spurður mjög einfaldrar spurningar og þú svaraðir: Nei. Það heyrði allur þingheimur þig segja nei. (**Utanrrh.:** Já, ég sagði nei.) Já. — Sagði nei við þeirri spurningu hvort hann væri sammála því sem sjútvrh. hefði hér sagt og það þýðir ekkert fyrir hæstv. utanrrh. að segja við mig: Hættu þessu. Það getur vel verið að honum finnist óþægilegt að það sé flett ofan af því fyrir hann inn í hvaða hús hann er kominn eða hvers konar sundrung ríkir innan þeirrar ríkisstjórnar sem átti að vera byggð á sérstökum heilindum og sérstöku heiðursmannasamkomulagi og hvað hann var ánægður fyrir viku síðan að fá nú fullt umboð og hvað hann hefur svo heyrt hér

í kvöld frá hæstv. sjútvrh.

Hæstv. landbrh. lýsti því hér yfir að það væri engin hugmynd uppi um að draga úr þeim heilbrigðiskröfum sem fyrrv. landbrh. hefði sett á oddinn varðandi samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Ég fagna þessari yfirlýsingu. En ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig samrýmist þessi afstaða hæstv. landbrh. því sem hæstv. utanrrh. hefur verið að semja um? Það er nauðsynlegt að fá alveg skýrt svar við því vegna þess að í síðustu ríkisstjórn kvartaði hæstv. utanrrh. undan þessari afstöðu og taldi að henni þyrfti að breyta ef samningar ættu að nást um Evrópskt efnahagssvæði. Nú er komið í ljós að hæstv. landbrh. er með óbreytta afstöðu frá tíð fyrri ríkisstjórnar í þessu máli og því ber að fagna. En þá spyr ég hæstv. utanrrh.: Er hann enn á þeirri skoðun, sem hann lýsti á fundum síðustu ríkisstjórnar, að þessari afstöðu þyrfti að breyta? Og hvað ætlar hann að gera ef hæstv. landbrh. breytir henni ekki? Líka í þessu máli hefur komið fram ágreiningur milli landbrh. Sjálfstfl. og utanrrh. Alþfl. í þessari umræðu.

Hæstv. landbrh. sagði í öðru lagi að það yrði alger stöðvun á innflutningi erlendra landbúnaðarvara þegar íslensk framleiðsla gæti uppfyllt þarfir markaðarins. Ég fagna líka þessari yfirlýsingu hæstv. landbrh. En hún er líka í fullkominni andstöðu við það sem hæstv. utanrrh. hélt fram innan síðustu ríkisstjórnar og heldur fram nú. Þetta var m.a. sú afstaða fráfarandi landbrh. sem hæstv. utanrrh. taldi nauðsynlegt að breyta ef samningar ættu að takast um Evrópskt efnahagssvæði. Og nú spyr ég einnig um þetta atriði: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh.? Ef hæstv. forsrh. má vera að því að gera smáhlé á að skrifa niður fyrirmæli utanrrh. um hvað hann eigi að segja í þessari umræðu, þá vil ég endurtaka spurningu mína: Hvort er hæstv. forsrh. sammála hæstv. landbrh. eða hæstv. utanrrh. varðandi það að það eigi að vera alger stöðvun á innflutningi á þeim erlendu landbúnaðarvörum sem framleiddar eru hér innan lands, m.a. í gróðurhúsum, ef íslensk framleiðsla fullnægir þörfum markaðarins á ákveðnu tímabili? Um þetta var fyrirvari í tíð síðustu ríkisstjórnar. Er hann enn í gildi? Hann er það hjá hæstv. landbrh. En hann er það ekki hjá hæstv. utanrrh.? (**Landbrh.:** Auðvitað. Báðum.) Nú, hann er í gildi hjá báðum. Það eru merkileg tíðindi ef hann er í gildi í samningunum. (**Landbrh.:** Prófessorinn er alveg kolfallinn í krossaprófi.) Það eru merkileg tíðindi, já. Þessi fyrirvari er enn þá í gildi. Og Evrópubandalagið hefur þá samþykkt það að þetta verði svona, eða hvað? (**Utanrrh.:** Það er enginn ágreiningur um það.) Það er enginn ágreiningur um það. Það er mjög gott. En þetta með heilbrigðiskröfurnar? Er sá fyrirvari enn þá í gildi líka? (Gripið fram í.) Ég var ekki að spyrja um vandamál. Ég var að spyrja um hvort sá fyrirvari væri enn þá í gildi. Svara á eftir. Það er kannski pínulítið flóknara.

Þannig er það alveg ljóst að hæstv. landbrh. lýsti því hér yfir varðandi þrjú af þessum atriðum að hann ætlaði sér að halda við þá fyrirvara sem settir höfðu verið fram áður. Ég vil að gefnu tilefni spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann ætli að ganga í það verk, sem fyrrv. landbrh. lýsti hér áðan að hann hefði ekki talið eðlilegt að vinna, að leggja til breytingar á íslenskum lögum þar sem erlendum mönnum er veittur sami réttur til þess að eignast jarðir og landsins gæði á Íslandi og íslenskum mönnum. Um þetta var ágreiningur í síðustu ríkisstjórn, ágreiningur sem ég lýsti í sjónvarpsþætti í janúarmánuði og lýsti aftur í sjónvarpsþætti þriðjudaginn eftir páska. Og hæstv. landbrh. hefur ekki svarað því hér í þessum umræðum: Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því að breyta íslenskum lögum á þann veg eða ekki? Það er alveg nauðsynlegt að því sé svarað hér í umræðunum vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur gert þá kröfu að það sé gert og hefur deilt á fyrirrennara hæstv. landbrh. fyrir að láta ekki verða af því verki.

Hæstv. utanrrh. fór hér í nokkurn rökstuðning um það að ekki væri um framsal valds að ræða. M.a. ekki til þess dómstóls sem fjallað hefur verið um í þessum umræðum. Hæstv. utanrrh. tók sem líkingu að við sem vorum ráðherrar í síðustu ríkisstjórn hefðum verið kærðir af m.a. BHMR fyrir erlendum samtökum eða „structures", svo að ég noti nú það orðalag sem er í enskum texta yfirlýsingarinnar þó að utanrrh. hafi nú að vísu notað orðið „dómstóll". Þetta væri bara alveg eins. Hver væri á móti því? Verkalýðshreyfingin hefði beitt þessu, hvað væri þetta eiginlega? Þetta var málflutningurinn. Sá er munurinn, hæstv. utanrrh., að BHMR höfðaði mál fyrir borgardómi, tapaði málinu, áfrýjaði til Hæstaréttar. Segjum að BHMR tapi málinu fyrir Hæstarétti. Þá eru erlendir samningar Íslands á þann veg að það er alveg sama hvað hin erlenda stofnun segir. Það er úrskurður Hæstaréttar Íslands sem gildir. Og vegna þess að hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að þetta væri alveg hliðstætt sem hann væri nú að semja um í hinu Evrópska efnahagssvæði, þá spyr ég: Er það þannig að hægt verði bæði að höfða mál fyrir borgardómi og Hæstarétti Íslands og áfrýja til EFTA–EB-dómstólsins og það sé úrskurður Hæstaréttar sem gildir, hæstv. utanrrh.? Við þessari spurningu verður að fást alveg skýrt svar í þessari umræðu vegna þess að þetta er grundvallaratriði málsins. Hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram hér í umræðunni með því að taka líkingu af BHMR-deilunni að þá mundi úrskurður Hæstaréttar Íslands gilda en ekki hins nýja dómstóls Evrópska efnahagssvæðisins. (**Utanrrh.:** Viltu lesa á bls. 21, mgr. 4, svarið.) Já, já, ég get alveg lesið bls. 21, mgr. 4. En ég get líka lesið mgr. 3 á sömu blaðsíðu, hæstv. ráðherra. En ég kann hins vegar betur við að einföldum spurningum sé svarað með einföldum hætti, en ekki verið með einhverjar textatilvísanir út og suður. Verður það þannig að úrskurður Hæstaréttar Íslands gildi? Já, eða nei, hæstv. utanrrh.? Já eða nei. Ekkert svona handapat, bara já eða nei, hæstv. utanrrh. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að það er ekki ætlast til að það komi svör utan úr sal heldur mun hæstv. utanrrh. fá tækifæri til að svara úr ræðustóli.) Ég vil bara vekja athygli hæstv. forseta á því að hæstv. utanrrh. byrjaði að svara utan úr sal. Ég var ekki að ætlast til þess að hann

svaraði hér úr salnum í þessu máli. En hæstv. utanrrh. kaus að gera það og þá óskaði ég eftir því að svarið væri skýrt. (Gripið fram í.) Hv. þm. Ingi Björn Albertsson ætti nú að tala varlega um nýja þingmenn. Þeir eru nú fleiri hér í salnum en ég. Nema þetta hafi verið sneið til þess sem situr hér alveg á endanum.

Svarið er sem sagt ekki skýrt, hæstv. utanrrh. Það er sem sagt ekki þannig að Hæstiréttur Íslands gildi þá í þessu máli eins og í BHMR-málinu. Það er sem sagt þannig að það er Evrópudómstóllinn sem á að gilda í þessu máli. Eða er það þannig að ef ég vil gera ágreining þegar Evrópska efnahagssvæðið verður komið á samkvæmt því samkomulagi sem hæstv. utanrrh. undirritaði sl. mánudag, þá dugir mér að höfða málið fyrir Hæstarétti og vinni ég það við Hæstarétt Íslands þá skiptir engu máli hvað Evrópudómstóllinn segir eða gerir? Er það þannig, hæstv. utanrrh.? Nei, auðvitað er það ekki þannig. Það er þannig að Evrópudómstóllinn er æðri samkvæmt því sem undirritað var sl. mánudag og að því leyti er sú samlíking sem hæstv. utanrrh. tók hér í umræðunni algerlega út í hött og bendir annaðhvort til þess að hæstv. utanrrh. hafi ekki skilið hvað hann er að gera, og guð og við allir fyrirgefi honum þá vegna þess að hann veit ekki hvað hann er að gera, eða hann er vísvitandi að blekkja þingheim og þjóðina um það hvar hið endanlega dómsvald á að vera.

Það segir á bls. 21 í skýrslunni frá í mars, hæstv. utanrrh.: „Fari landsdómstóll ekki eftir túlkun EES-dómstólsins í málinu, þá gildir niðurstaða landsdómstólsins gagnvart aðilum málsins." Ef þetta er enn í gildi, þá vil ég bara spyrja: Hvað merkir þá liður 22 í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Evrópubandalagsins og EFTA sl. mánudag? Til hvers var þá verið að útfæra hana með svo ítarlegum og nýjum hætti eins og þar er gert ef það er bara dómstóllinn í hverju landi sem á að ráða en ekki hinn nýi Evrópudómstóll?

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. utanrrh. var að setja sig í stellingar hér áðan gagnvart hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, fyrrv. landbrh., þá ávítaði hann hv. þm. fyrir það að hann hefði ekki sem landbrh. fylgt dæmi Íra varðandi löggjöf um eignarhald á jörðum. Það var líka óheppilegt dæmi, hæstv. utanrrh., vegna þess að Írland er í Evrópubandalaginu og ber þess vegna skylda til þess að breyta sínum lögum á þann veg að reglan sem bannar nokkra mismunun gildi líka í Írlandi. Er hæstv. utanrrh. að segja það að Ísland eigi að taka upp sams konar reglur um kaup á jörðum og gilda í Evrópubandalaginu og íslenski landbrh. eigi að gera það sama og írski landbrh. og það sé sérstakt ávítunarefni á íslenska landbrh. ef hann ekki hefur fylgt fordæmi Íra? Það er auðvitað alveg ljóst að Írland verður að breyta lögum sínum í þessum efnum vegna þess að það er búið að vera um nokkuð langt árabil fullgilt aðildarríki að Evrópubandalaginu.

Ég vil svo ítreka það sem ég sagði hér áðan til skýringar fyrir fulltrúa Sjálfstfl. í þessum þingsal, sérstaklega núv. hæstv. ráðherra, að tillögur samningamanns Íslands um það hvernig fallið yrði frá fyrirvörum Íslands eftir fundinn í desember lágu óafgreiddar á borðum ríkisstjórnarinnar mánuðum saman og utanrrh. kallaði ekki eftir því, a.m.k. síðustu þrjá mánuði í setu síðustu ríkisstjórnar, að þær yrðu afgreiddar. Hann kom aldrei með málið inn í ríkisstjórnina og bað um afgreiðslu á þeim. Það er mikilvæg staðreynd, sem er nauðsynlegt að ábyrgir ráðherrar í núv. ríkisstjórn átti sig á, að fyrirvaramálið hefur aldrei hlotið afgreiðslu í ríkisstjórn Íslands vegna þess að það var upplýst hér í umræðunni að það hefði ekki heldur verið afgreitt í núv. hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. landbrh. lýsti því yfir hér áðan að fyrirvaramálið hefði aldrei komið til umfjöllunar, hvað þá heldur verið afgreitt í núv. hæstv. ríkisstjórn. Þar með hefur engin ríkisstjórn á Íslandi afgreitt það tillöguskjal um fráhvarf frá fyrirvörum sem samningamaður Íslands sendi til ríkisstjórnarinnar fyrir alllöngu síðan. Einstakir þingflokkar gátu haft til þess afstöðu, þingflokkur Alþfl., þingflokkur Framsfl., þingflokkur Alþb. En ríkisstjórn Íslands sem stjórnvald afgreiddi málið aldrei og hefur ekki afgreitt það enn, hæstv. forsrh.

Það er auðvitað ábyrgðarhluti að Ísland skuli vera komið að lokamánuði þessara samningaviðræðna án þess að hæstv. utanrrh. Íslands hafi beðið um formlega afstöðu ríkisstjórnar Íslands til þessara lykilatriða í samningaferlinu. Ekki hefði ég viljað vera í sporum ráðherra eða samningamanns Íslands umboðslaus hvað þetta lykilatriði snertir. En það hefur verið upplýst hér í kvöld að á þessum fundi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í Ráðherrabústaðnum 5. maí voru fyrirvararnir ekki afgreiddir. Þeir komu ekki á dagskrá samkvæmt frásögn hæstv. landbrh. hér áðan. Ég hélt satt að segja að þeir hefðu verið þar til afgreiðslu og það hefði verið þess vegna sem hæstv. utanrrh. sagði við fjölmiðlana eftir fundinn að nú væri hann ekki bundinn lengur af fyrirvörunum frá tíð síðustu ríkisstjórnar. En nú upplýsti hæstv. landbrh. að þeir hefðu ekki einu sinni verið ræddir. Og skjalið frá samningamanni Íslands var auðvitað alveg jafngilt hver svo sem ríkisstjórnin var. Það skjal var ekkert háð því hvaða ríkisstjórn sat í landinu. Það varð auðvitað að afgreiða hver svo sem ríkisstjórnin var.

Það kallar þess vegna auðvitað á það að núv. hæstv. ríkisstjórn afgreiði með einum eða öðrum hætti þetta skjal, nema þá að það sé afstaða ríkisstjórnarinnar að veita samningamanni Íslands og hæstv. utanrrh. algert sjálfdæmi í málinu. En ræða hæstv. landbrh. hér í kvöld gaf ekki tilefni til þess að ætla það vegna þess að hann ítrekaði enn á ný ýmsa þá fyrirvara sem í gildi voru áður.

Ég var að vísu fjarri hér úr þingsalnum áðan þegar hæstv. utanrrh. vék að skýrslunni Evrópa 1992 og ríkisfjármálin. Mér skilst að hann hafi eignað mér þessa skýrslu og notað orðalag af því tagi. Ég hélt nú að fyrrv. fjmrh. vandaði orðfæri sitt betur í þessum efnum en það er kannski eins með það og ýmislegt annað hér í umræðunni að það er ekkert höfuðatriði fyrir utanrrh. hvort hann fari nákvæmt með eða ekki, það sé bara svona og svona.

Ég skal upplýsa hæstv. ráðherra um það að þessi skýrsla er unnin af embættismönnum fjmrn. sam-

kvæmt beiðni forsrh. Íslands og kom aldrei til afgreiðslu í minni tíð í fjmrn. og mér heldur aldrei sýndur textinn að þessari skýrslu, enda hún gefin út eftir að ég var farinn úr ráðuneytinu, þannig að ég hvorki sá, fjallaði um né afgreiddi þessa skýrslu, hæstv. ráðherra. Og svo að ég upplýsi það hér og vona að mér verði fyrirgefið, þá er ég ekki enn búinn að lesa hana en ætla mér að gera það næstu daga. Ég las hins vegar innganginn eða fyrsta kaflann, helstu niðurstöður, sem mér skilst að hæstv. utanrrh. hafi verið að vitna í hér í áðan og fagna sérstaklega og það er, hæstv. utanrrh., dálítið skemmtileg lesning. Hún er sérstaklega skemmtileg í ljósi þess að Sjálfstfl., hæstv. utanrrh., Sjálfstfl. hefur lýst sig andvígan ýmsu því helsta sem hér er tilgreint sem helstu niðurstöður. Þar er efst á blaði afnám aðstöðugjaldsins, hæstv. utanrrh. — Var eitthvað rætt um það í Viðey, afnám aðstöðugjaldsins? Það er kannski rétt að segja frá því hér að það var rík samstaða um það í síðustu ríkisstjórn að það væri nauðsynlegt að afnema aðstöðugjaldið og flytja frá Reykjavíkurborg einn til tvo milljarða vegna þess að hún væri með fullkomlega óeðlilegar tekjur og það væri lykilþáttur í lausn ríkisfjármálanna að afnema aðstöðugjaldið. Ég tek eftir því að það er ekkert í þessari stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar um aðstöðugjaldið. En það er hins vegar alveg sagt skýrt hér að eitt af því sem þarf að gera til að aðlagast Evrópska efnahagssvæðinu er að afnema aðstöðugjaldið. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., borgarfulltrúa í Reykjavík og borgarstjóra í frí: Er hann allt í einu orðinn svo sammála því að það eigi að afnema aðstöðugjaldið?

Í þessum niðurstöðum, hæstv. utanrrh., er líka talað um að afnema skattfríðindi atvinnufyrirtækja. Það vill nú svo til að helsta baráttumál núv. hæstv. fjmrh. hér á síðasta þingi var að auka skattfríðindi fyrirtækja, var að auka skattaafsláttinn vegna hlutafjárkaupa, sem stangast algjörlega á við Evrópskt efnahagssvæði. Þannig að ef þessar niðurstöður hér í innganginum eru lesnar kemur nú í ljós að það sem embættismenn fjmrn. telja að helst þurfi að gera á þessu þingi og því næsta, ef til slíkrar aðlögunar kemur, gengur þvert á það sem forustumenn Sjálfstfl. hafa haldið fram í ríkisfjármálum. Það verður satt að segja mjög gaman að fylgjast með því hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn gengur að ná saman í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Ég hef vikið að nokkru því sem fram hefur komið í þessum umræðum. Ég vil taka undir að þessi umræða hefur verið mjög gagnleg og mjög merkileg. Hún hefur verið mjög upplýsandi um þann ágreining sem ríkir innan núv. hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Hún hefur afhjúpað grundvallarágreining í mikilvægasta atriði þessara samninga milli hæstv. sjútvrh. annars vegar og hæstv. utanrrh. og viðskrh. hins vegar. Ég satt að segja skil ekki hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda áfram þessari samningavinnu þegar ljóst er að slíkur grundvallarágreiningur um höfuðatriði samningavinnunnar er innan ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin er satt að segja gjörsamlega óstarfhæf til þess að sinna þessum samningum í ljósi þess grundvallarágreinings sem hér hefur komið fram.

Virðulegi forseti. Það væri vissulega tilefni til þess að taka hér til umfjöllunar á ný það sem hæstv. utanrrh. sagði um sambland varnarsamstarfs og samninga við Evrópubandalagið um fisk. Ég ætla ekki að gera það en ég tók eftir því að hann lýsti því yfir hér í sinni seinni ræðu að þessi orð væru enn þá í fullu gildi og þessi stefna ráðherrans væri enn þá jafngóð og hún var þegar hún var upphaflega sett fram. Nú vill svo til að sá maður sem helst gagnrýndi þá stefnu þegar hún var sett hér fram er núna sendiherra Íslands í þessum efnum sérstaklega. Fyrir utan Hannes Hafstein er það Kjartan Jóhannsson, sendiherra í Genf, sem er sérstakur túlkandi á afstöðu Íslands og utanrrh. í þessum málum. Og það væri svona fróðlegt til gamans að fá það upplýst nú eða síðar hvort sendiherranum í Genf, Kjartani Jóhannssyni, hefur verið ætlað að túlka sérstaklega við fulltrúa erlendra ríkja þau orð hæstv. utanrrh., sem væntanlega verða þýdd og fjalla um þetta samspil varnarsamstarfs og samninga um fisk, sem hann hafði hér á Alþingi í dag og í fjölmiðlum síðustu tvo daga.

Virðulegi forseti. Ég vil biðja forláts á því að hafa verið hér lengur í ræðustólnum en ég ætlaði mér, en tilefnið var það að þær ræður sem hér hafa verið fluttar af hæstv. ráðherrum hafa afhjúpað svo slíkan nýjan veruleika í þessu máli að það hefur fengið algjörlega nýja stöðu í þessum umræðum. Ágreiningurinn innan ríkisstjórnarinnar er orðinn ljós öllum. Afstöðuleysi forsrh. er hrópandi og stefnuleysi Sjálfstfl. sem flokks í þessum málum virðist enn þá vera jafnskýrt og það var fyrir nokkrum mánuðum síðan. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh., komi hér enn á ný í ræðustólinn og skýri afstöðu sína og afstöðu Sjálfstfl. vegna þess að þessi mál eru svo mikilvæg að við sem eigum að vinna að þeim, m.a. kjörnir til þess í hv. utanrmn., þurfum auðvitað að fá að vita hvernig hæstv. forsrh. ætlar að greiða úr þeim grundvallarágreiningi sem hefur afhjúpast í þessum umræðum að ríkir innan hans ríkisstjórnar um mikilvægasta atriði þessara samninga.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykn. kemur manni sífellt á óvart. Hann gerði það líka núna. Ég ætla ekki að segja að hann hafi flutt stórbrotna sögulega ræðu en það munaði nú ekki miklu að hann gerði það.

Ég vil aðeins byrja á því að fjalla um þessa skýrslu fjmrn. sem mér skilst að sé ráðherranum algjörlega óviðkomandi. Það kemur hér fram að hún er gefin út í aprílmánuði. Ríkisstjórnin sem situr undir mínu forsæti tók við 30. apríl, ég hygg að það hafi verið um tvöleytið síðasta dag þess mánaðar. Ég hygg að fjmrh. núv. hæstv. hafi komið í ráðuneytið og tekið við lyklunum og það var söguleg og stórbrotin stund auðvitað fyrst hann hitti Ólaf Ragnar Grímsson, fráfarandi fjmrh., um þrjú til fjögur leytið. Þannig að sé þessi skýrsla unnin í aprílmánuði eins og hér segir og á ábyrgð núv. fjmrh. en ekki hins fyrrv. þá hefur það gerst á milli fjögur og fimm þann dag og fram undir miðnætti. Það hefur nú vel að verið hjá stefnulausum

flokki og stefnulausum ráðherra að ná þessu fram á þessum tíma.

Fyrrv. hæstv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., hefur gert mikið að því að reyna nú að sýna fram á grundvallarágreining í þessu máli innan ríkisstjórnarinnar og hann hefur beðið mig æ ofan í æ að úrskurða um þennan ágreininginn og hinn. Ég sé enga ástæðu til þess vegna þess að ég sé ekki þennan ágreining sem hv. þm. fjallar um. En þingmaðurinn heldur áfram að koma á óvart vegna þess að ég man ekki betur en skömmu fyrir 30. apríl, kannski fjórum, fimm dögum fyrr, skömmu áður en varð í rauninni söguleg stórbrotin stund í sjónvarpi, þar sem hv. 8. þm. Reykn. grét framan í þjóðina í heild yfir því að Alþfl. hefði svikið hann og ég held bara gjörvalla jafnaðarmannahreyfinguna fyrr og síðar, bæði hér og erlendis. Það var til tekinn fjöldinn allur af löndum. Þar og þá og dagana þar á undan þá fullyrti þessi sami þingmaður og þá ráðherra að það væri enginn ágreiningur í stærstu málum á milli sín og utanrrh. hæstv., núv. og páv. Það væri ekki nokkur einasti ágreiningur. Þetta er sami maðurinn sem núna fer ofan í saumana og reynir að tína upp þetta atriðið og hitt, þessa ræðuna og hina og finna út úr því stórbrotinn, sögulegan ágreining sem ég eigi hér og nú að úrskurða. Ég kem ekki auga á neinn þess háttar ágreining.

Ég vísa til þess varðandi þau orð sem hv. þm. var að hafa eftir hæstv. sjútvrh., sem farinn er af fundinum, að um þessi efni segir í stefnuyfirlýsingu stjórnar, sem er nú ekki löng og auðlesin í látlausum litlum bæklingi hér á borðum: „. . . með því að semja um þátttöku Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum.“ Þetta er stefna mín. Þetta er stefna hæstv. utanrrh. og þetta er stefna hæstv. sjútvrh. Það er enginn ágreiningur milli okkar um þessi atriði.

Yfir alla þessa þætti, líka þau atriði sem fólust í þeim spurningaleik sem hv. þm. setti á svið hér áðan, var farið á hinum ítarlega vinnufundi þar sem aðalsamningamaður Íslands og hæstv. utanrrh. gerðu grein fyrir málinu. Það kom enginn ágreiningur þar fram. Hæstv. utanrrh. fór afskaplega nákvæmlega á þeim fundi ofan í öll þessi atriði og ríkisstjórnin sem heild, hver og einn ráðherra, var sammála honum um þá málsmeðferð sem hann kynnti og þau verkefni sem fram undan voru. Það eru því engin tilefni til þess að setja allt þetta á svið með þessum hætti sem hv. 8. þm. Reykn. gerði hér.

Ég tel fyrir mitt leyti, þótt ekki liggi endanlega fyrir nú að samningar um þennan mikilvægasta þátt okkar í utanríkismálum um þessar mundir gangi fram með þeim hætti sem við kjósum, að þá sé engu að síður ljóst að málinu hefur þokað í þá átt sem við viljum ganga, ríkisstjórnin sem heild. Hæstv. utanrrh. hefur unnið fjarskalega vel að málinu fyrir hönd þessarar ríkisstjórnar, fyrir hönd meiri hluta Alþingis og ég vil segja fyrir hönd þjóðarinnar.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna eða fara út í þær einstöku spurningar sem hv. þm. nefndi. Þó vil ég nefna það, af því að það var gert hér að sérstöku, stórbrotnu, sögulegu ágreiningsefni sem afhjúpast hefði á þessum mínútum, að hæstv. sjútvrh. hefði talað um að í þessum yfirlýsingum ráðherranna og í þessari samningsgerð allri gæti falist yfirþjóðlegt vald. Þetta er auðvitað spursmál um túlkun. En hvers konar yfirþjóðlegt vald var hann að nefna? Hann nefndi að Íslendingar hefðu með vissum hætti samþykkt tiltekið yfirþjóðlegt vald eins og varðandi Mannréttindadómstól Evrópu sem í raun, de facto, hefur áhrif á íslensk lög. Þeim er breytt ef dómar falla þannig að úrslit mála hér þykja hafa gengið gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála og Mannréttindadómstóll úrskurðar á þann veg. Við höfum nýleg dæmi þess. Enginn okkar er hræddur við yfirþjóðlegt vald af þessu tagi. Hvorki ég, sjútvrh., eða, hygg ég, hv. 8. þm. Reykn. Ég verð því að segja að mér fannst hálffáfengilegt, ég verð að segja það, svo ég noti orð fyrirrennara míns, af hálfu þingmannsins að reyna að vera með þennan spurningaleik, ég vil segja orðhengilshátt, á þessum fundi í lok þessarar mikilvægu umræðu.

Ég ítreka það: Það er full eining og eindrægni um þessa þætti innan ríkisstjórnarinnar, var í upphafi þegar sest var niður á rökstóla, var svo þegar stefnuyfirlýsing var samin og stjórnin mynduð og er það enn og verður svo.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nú orðinn allmikill lager hér af bókinni Evrópa 1992 og ríkisfjármálin sem ég þarf ekki á að halda þannig að ég held að það væri rétt að fjarlægja það úr ræðupúltinu.

Ég tel nú og tek undir það sem margir hv. ræðumenn hafa sagt að þessi umræða, eins og umræður eru nú mjög gjarnan, er orðin til góðs. Sem betur fer er það nú oftast svo að það er betra en ekki og gagnlegt að skiptast á skoðunum. Ég tel reyndar að þó ekkert annað hefði komið til og ekkert annað gerst í þessari umræðu en að sú afdráttarlausa yfirlýsing hefði fram komið sem hæstv. sjútvrh. gaf hér, þá hefði þessum tíma í raun verið vel varið. Ég tek undir það að það langmarkverðasta sem hefur gerst á fundinum og í þessari umræðu er sú afdráttarlausa afstaða sem birtist hjá hæstv. sjútvrh. og hlýtur að hafa a.m.k. verulega áhrif á framvindu málsins, að hann telur það ekkert álitamál og ekki þurfa frekari umræðna við eða skoðunar að við höfum ekkert inn í þetta Evrópska efnahagssvæði að gera nema algjör tollfríðindi náist þar fram til handa okkar sjávarafurðum. Ég tel a.m.k. að þessi skýra og gagnorða yfirlýsing sjútvrh. hafi staðið langt upp úr vaðlinum sem hér hefur verið á köflum í hæstv. utanrrh. og hnútukasti hans í fyrrverandi samstarfsaðila sína sem ég ætla að koma lítillega að hér á eftir.

Það tengist máli sem ég tel mér skylt að svara hér aðeins og fara betur yfir til þess að fyrirbyggja misskilning og þá m.a. fræða hæstv. núv. landbrh. og mun ég aldrei telja það eftir mér að fræða hann og upplýsa ef ég er þess umkominn. Ég ætla að gera það m.a. með því að vitna í skjöl sem að vísu voru stimpluð sem mikil trúnaðarmál á þeim tíma og dreift var í ríkis-

stjórninni í nóvembermánuði sl., vegna þess að því hefur verið haldið hér fram af hæstv. núv. landbrh. að alls engir fyrirvarar af Íslands hálfu hafi verið settir fram varðandi það að útlendingar hefðu hér sama rétt til að kaupa jarðnæði og Íslendingar. Reyndar var það svo að þegar á fundum snemma sumars 1990 á Þingvöllum kom ég þeirri ósk skýrt og skilmerkilega á framfæri við hæstv. utanrrh. að nauðsynlegt væri að setja fram í þessum viðræðum fyrirvara af Íslands hálfu í þessum efnum. Þá höfðu þegar hafist upp í Noregi umræður um nákvæmlega þetta sama atriði, sem höfðu heldur betur pólitísk áhrif í því landi eins og menn muna, í raun og veru alveg þetta sama atriði, þar sem norsk lög mismuna með mjög afgerandi hætti eða ívilna norskum ríkisborgurum samanborið við útlendinga í þessu efni. Það leiddi til falls þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat í Noregi.

Það var því ekki nema von að að þessu væri eitthvað hugað hér uppi á Íslandi. Síðan er það svo að á fundum í nóvembermánuði sl., fyrst á fundi 5. nóv. 1990, er dreift í ríkisstjórninni skjali frá aðalsamningamanni um Evrópskt efnahagssvæði til ríkisstjórnarinnar — það skjal er ég með hér. Þar er aðalsamningamaður að gera grein fyrir stöðunni og óska eftir umboði og heimild frá ríkisstjórn til að hefja nýjan kafla í samningaviðræðunum sem í grófum dráttum má segja að átti að byggja á því að ljá máls á því að fella niður alla varanlega fyrirvara gegn aðild EFTA-ríkjanna að ákvarðanatökuferli hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég hygg að það sé réttlætanlegt að einfalda þetta með þeim hætti að segja að í þessu grundvallaratriði hafi þetta falist. Í þessu skjali er gerð grein fyrir þeim fyrirvörum og athugasemdum og óskum um undanþágur sem fulltrúar Íslands í viðræðunum höfðu komið á framfæri og þau atriði talin hér upp. Þau eru í allmörgum liðum, byrja á fjárfestingum í vatnsorku og jarðhitarétti. Í öðru lagi fjárfestingar í landareignum í ágóðaskyni. Í þriðja lagi fjárfestingar í fjölmiðlum. Í fjórða lagi þýðingarskylda á útsendu sjónvarpsefni. Í fimmta lagi einkaréttur Pósts og síma. Í sjötta lagi lyfjakaup. Í sjöunda lagi samningsbundin skylda til að eiga olíu til þriggja mánaða. Í áttunda lagi bókun 4 við Fríverslunarsamning Íslands og Evrópubandalagsins. Í níunda lagi niðurfelling fjáröflunartolla. Í tíunda lagi tæknilegar viðskiptahindranir og í ellefta lagi aðrir fyrirvarar sem lutu m.a. að aðlögunartímanum.

Um fjárfestingar í landareignum í ágóðaskyni segir í þessu skjali frá aðalsamningamanni Íslands, með leyfi forseta:

„Settur var fyrirvari við frelsi í þessum efnum af ótta við að hlutfallslega ódýrar íslenskar jarðir, einkum hlunnindajarðir, kynnu að verða keyptar upp af erlendum aðilum."

Ég held ég þurfi ekkert að lesa meira. Þarna segir aðalsamningamaður Íslendinga við ríkisstjórnina að settur hafi verið fyrirvari í þessu sambandi af ótta við þessi atriði sem þarna koma fram. Hann segir síðan að vegna þess að að hans mati, samningamannsins, eigi að vera hægt að sjá við þessu með breytingum á jarðalögum eigi fyrirvari að vera óþarfur. Eða reyndar orðar hann það svo, með leyfi forseta: „Fyrirvari sýnist því óþarfur hvað þetta snertir." — En það er hans skoðun.

Í skjali frá hæstv. utanrrh., dags. 25. nóv. 1990, er aftur komið inn á þessa sömu hluti og þar er hæstv. utanrrh. að gera grein fyrir stöðunni á nýjan leik og sérstaklega stöðunni hvað fyrirvarana snertir. Hann dregur þá saman stöðuna í umræðunum á þennan hátt og segir:

„Stærstu málaflokkarnir í EES-viðræðunum eru þrír: Í fyrsta lagi stofnanahliðin og áhrif á ákvarðanatöku. Í öðru lagi undanþágurnar. Í þriðja lagi sjávarútvegsmálin og landbúnaðurinn."

Síðan fer hæstv. utanrrh. í þessu skjali til ríkisstjórnarinnar yfir þessa þætti. Í fyrsta lagi um stofnanahliðina og í öðru lagi um undanþágurnar og segir að Evrópubandalagið telji varanlegar undanþágur óviðunandi. Svo kemur: „Íslensku undanþáguóskirnar: a. takmörkun á fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, b. orkumálin, c. fjárfestingar í landareignum í ágóðaskyni." — Og um það segir í þessu skjali utanrrh. til ríkisstjórnarinnar frá 25. nóv. sl.: „Hér hafa einkum verið hafðar í huga fjárfestingar í bújörðum sem hlunnindi fylgja, t.d. laxveiði, án þess að jafnframt sé um búsetu að ræða. Íslensk löggjöf setur Íslendingum þegar svo þröngar skorður í þessum efnum, sbr. t.d. jarðalög, að möguleikar útlendinga til fjárfestinga á þessu sviði eru sem næst engir. Auðvelt ætti að vera að gera lagfæringar á íslenskri löggjöf sem komi í veg fyrir hættu á þessu sviði. Undanþágа ætti því að vera óþörf," — segir hæstv. utanrrh. þarna. En það er hans skoðun. Það var hans mat. Og hann var að fara þarna fram á heimild til að fara áfram í samningaviðræðurnar sér til handa eða samningamanninum og fá að ganga inn í viðræðurnar á þessu spori, að falla frá eða ljá máls á því að falla frá fyrirvörum eða undanþágum gegn aðild að ákvarðanatökuferlinu. Að sjálfsögðu með fyrirvara um það að næðist þar ekki ásættanleg niðurstaða stæðu fyrirvararnir. Ef býttin varðandi aðildina að ákvarðanatökuferlinu annars vegar á móti fyrirvörunum gengju ekki upp, þá stæðu þeir. Það tók hann mjög skýrt fram.

En ríkisstjórnin afgreiddi aldrei umboð til hæstv. utanrrh. til að gera þetta og það er nauðsynlegt að það liggi alveg ljóst fyrir úr því sem umræðan hefur hér þróast. Og m.a. vegna þeirra ómaklegu ummæla að mínu mati sem hæstv. utanrrh. lét falla í minn garð, þeirra ómaklegu ummæla, kalla ég það, hæstv. utanrrh. í hliðarsölum, þá er best að það sé alveg skýrt og þess vegna ætla ég að ítreka það og undirstrika sem hv. 8. þm. Reykn. sagði hér áðan: Utanrrh. fékk aldrei þetta umboð. Samninganefndarmaður Íslands fékk aldrei umboð til að falla frá fyrirvörunum. Ríkisstjórnin afgreiddi það aldrei. Ekki sú ríkisstjórn sem ég sat í. Hvorki annað né þriðja ráðuneyti Steingríms Hermannssonar á tímum lýðveldisins afgreiddi það mál. Svo einfalt er það. Hvað samninganefndarmaður eða utanrrh. kann umboðslaus að hafa gert síðan, það er annað mál. En það verður að vera alveg skýrt til þess að það linni nú ásökunum í þessum efnum að á þess-

ar tillögur utanrrh. var aldrei fallist. Þær voru aldrei afgreiddar í ríkisstjórninni. Hann kom reyndar ekki oftar með málið inn í stjórnina undir þessum formerkjum sem þarna var gert en í þessi tvö skipti. Þess vegna var það sem ég hóf ekki vinnu að því eins og búið væri að ákveða að falla frá möguleikanum á því að réttarstaða Íslendinga í þessum efnum væri önnur en útlendinga og á þeim grundvelli fara að breyta íslensku jarðalögunum eða öðrum lögum í þessu sambandi. Af þeirri ósköp einföldu ástæðu að málið stóð þannig í ríkisstjórninni að það hafði aldrei verið fallist á að varanlegur fyrirvari á þessu sviði félli út.

Reyndar er líka rétt að upplýsa það að ákvæðin varðandi eignarhaldið eru ekki í jarðalögunum. Þau eru í lögum um afnota- og eignarrétt útlendinga af fasteignum á Íslandi. Lögum sem reyndar var síðan breytt undir lok þingsins í vor. Þannig að það hefði í raun átt að heyra öðrum til að breyta í sjálfu sér þeim þætti málsins sem lýtur að eignarhaldi eða afnotarétti útlendinga af fasteignum. Jarðalögin taka til jarða, bújarða, eyðibýla eða í ábúð, og setja takmarkanir á um ráðstöfun þeirra, en fasteignir að öðru leyti og land í merkingunni fasteign að öðru leyti heyrir undir önnur lög.

Ég sit því ekki undir ásökunum um það, hvorki frá hæstv. núv. utanrrh., sem ég er að vísu vanur og kæri mig tiltölulega kollóttan um, en enn síður þykir mér það viðunandi og skemmtilegt að hæstv. fyrrv. forsrh. og núv. hv. 7. þm. Reykn., sem mun vera formaður Framsfl. enn þá, hann hefur nýlega tekið það skýrt fram að hann sé formaður Framsfl., viðhafði í raun og veru svipuð ummæli, að hann harmaði það að ég skyldi ekki hafa lagt í þetta vinnu. Ég hefði þess vegna viljað spyrja framsóknarmenn og t.d. varaformann og hv. 1. þm. Austurl.: Bar að skilja ummæli formanns Framsfl. þannig hér áðan að Framsfl. sé tilbúinn til þess að fallast á fyrirvara á þessu sviði? Ber að skilja það svo? Þessi ummæli sem hv. 7. þm. Reykn. viðhafði hér að það væri miður að ég skyldi ekki hafa lagt í það vinnu eða landbrn. á þessum mánuðum að útbúa girðingar í jarðalögin eða annars staðar til þess að hindra möguleika útlendinga og þá reyndar að sjálfsögðu sömuleiðis einstaklinga á Íslandi til að komast yfir jarðnæði. Það er svo sem allt í lagi með það ef Framsfl. er orðinn þeirrar skoðunar að það sé ástæðulaust að hafa þarna varanlegan fyrirvara. Það sé allt í lagi að gefa það upp á bátinn að réttarstaða Íslendinga geti verið önnur en útlendinga og það sé nægjanlegt að setja þarna inn einhver ákvæði í jarðalög. Ef svo er ekki þá skil ég ekki ummæli hv. þm. Steingríms Hermannssonar hér áðan. Ég tek því þunglega að vera sakaður um vanrækslu á þessu sviði þegar ég tel mig ekki hafa verið að gera annað en það að halda í þann möguleika að réttarstaða Íslendinga í þessum efnum gæti orðið önnur en útlendinga. Það er allt og sumt sem ég gerði og það er allt og sumt sem ég hef gert og samkvæmt þeirri sannfæringu minni að við eigum ekki að stíga það skref Íslendingar, a.m.k. ekki fyrr en að mikið betur athuguðu máli en enn er.

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á því að þurfa að taka þennan tíma í það að verja hendur mínar að ég tel hér vegna ómaklegra ásakana hæstv. utanrrh. sem því miður á það til að leggjast í skæting og ómerkilegan málflutning á köflum. Það er einn ljótur ljóður á ráði hans sem hann hefur ekki náð þrátt fyrir allnokkurn þroska og allnokkurn aldur, líklega eitthvað á sjötta tug ára sem hann hefur lifað, að venja sig af, því miður, þessi hæstv. ráðherra.

Ég vona að hann falli ekki í þessa gryfju þegar meira liggur við heldur en svo sem á einum kvöldfundi hér á hv. Alþingi þó það sé í sjálfu sér slæmt og þegar aðrir verða þá fyrir því sem verr eru undir það búnir að taka við því heldur en ég.

En ég vona að þetta hafi nokkuð skýrt málið og síðan ætla ég að lokinni ræðu minni að ljósrita þessi skjöl og afhenda núv. hæstv. landbrh. þau til þess að hann þurfi aldrei aftur að halda því fram að engir fyrirvarar af neinu tagi hafi af Íslands hálfu verið settir fram í þessum efnum. Það er að vísu rétt að taka það fram til að öllu sé nú til haga haldið eins og ég kann það best og réttast að þegar þessir fyrirvarar, athugasemdir eða óskir um undanþágur, eins og þetta heitir reyndar sitt á hvað í plöggum frá utanrrn., voru settar fram, þá var ekki búið að skilgreina í sjálfu sér í smáatriðum með hvaða hætti þeir fyrirvarar yrðu síðan endanlega staðfestir af Íslands hálfu, ef ég man þessa hluti rétt. Til að mynda er í þessum plöggum einhvers staðar vikið að því að utanrrn. taldi orka tvímælis að unnt yrði að rökstyðja þessa fyrirvara með vísan til grundvallarhagsmuna, eins og það var kallað í þessum fræðum öllum. En engu að síður var þetta sett fram. Auðvitað. Því annars hefði samninganefndarmaður Íslands og utanrrh. ekki þurft að óska eftir heimild til að falla frá þeim. Eða hvað? Ég held að það segi sig sjálft að samninganefndarmaður eða utanrrh. hefði ekki þurft heimild frá ríkisstjórninni til að falla frá fyrirvörum sem aldrei hefðu verið settir fram, eða eru menn að halda það? Ég held ekki. Þannig að væntanlega þarf ekki flóknari röksemdafærslu til þess að sanna það fyrir mönnum að þetta var gert og einasta skýringin á því að svo væri ekki væri þá ósköp einfaldlega sú að það sem í þessum plöggum er sagt að hafi verið gert hefði þá ekki verið gert, þ.e. ríkisstjórn Íslands hefði fengið rangar upplýsingar og því trúi ég að sjálfsögðu ekki og mun nú sem sagt ljúka máli mínu, hæstv. forseti, og afhenda hæstv. núv. landbrh. ljósrit af þessum trúnaðarskjölum sem hann er að sjálfsögðu núna rétt kominn að að hafa undir höndum.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil svara fyrirspurn frá hv. 8. þm. Reykn. Það háttar svo til við samningana um Evrópska efnahagssvæðið að samningsefninu hefur verið skipt í fjögur meginsvið. Fyrsti hópurinn hefur fjallað um vöruviðskipti. Annar hópurinn um fjármagns- og þjónustuviðskipti. Sá þriðji um atvinnu- og búseturéttindi og sá fjórði um svokölluð jaðarmálefni.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef sönnust þá hefur landbrn. komið að samningahópnum um vöruviðskipti og um atvinnu- og búseturéttindi, en á hinn bóginn hefur landbrn. ekki komið að samningahópnum um

fjármagns- og þjónustuviðskipti, heldur hafa umsjónarmenn þeirra mála verið dóms- og kirkjumrn., sjútvrn., viðskrn. og Seðlabanki Íslands.

Það hefur komið fram hér í umræðunum að ráðherrum í fyrrv. ríkisstjórn ber ekki saman um það hvaða fyrirvarar hafa verið gerðir í ýmsum þýðingarmiklum þáttum samninganna um Evrópska efnahagssvæðið og læt ég þá eina eigast við um það hvað rétt kunni að vera í því, minni þó á ummæli fyrrv. forsrh. hér áðan. Hitt virðist alveg ljóst af ummælum hv. 8. þm. Reykn. hér áðan og hv. 4. þm. Norðurl. e. að eitthvað er óljóst um þá fyrirvara sem þeir vilja vera láta að gerðir hafi verið og það a.m.k. alveg ljóst að eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja í landbrn. er ekki hægt að minni hyggju að líta svo á að fyrirvarar hafi komið fram af hálfu Íslands í samningana um að útlendingar fái sama rétt og Íslendingar til að eignast hér lönd, jarðir og önnur náttúrugæði að öðru leyti en því sem lýtur að jarðhitaréttindum eins og hér hefur áður komið fram.

Ég hef gert ráðstafanir til þess að þeir menn sem fara með þessi málefni í landbrn. setji sig í samband við utanrrn. og væri að sjálfsögðu kominn með fyllri upplýsingar nú ef ekki hefði komið til ráðherrafundarins nú í vikunni, en mun eftir að upplýsingar liggja fyrir svara bréfi formanns Alþb. og þá mun koma fram hvernig nánar fer um þessi atriði. En aðalatriðið er þetta að forveri minn í landbrn. sá ekki ástæðu til þess að landbrn. kæmi að þeim samningshóp sem fjallaði um fjármagns- og þjónustuviðskipti. Þetta er kjarni málsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var ekki ætlan mín að fara að taka meiri þátt í þessari umræðu en með þeirri ræðu sem ég flutti hér fyrr á liðnum degi. En viss ummæli sem komu hér fram frá hæstv. utanrrh. réðu því að ég bað um orðið aftur. Ég vil þó aðeins í framhaldi af þeirri umræðu sem hér fór fram geta þess í sambandi við fyrirvarana, að það er dálítið merkilegt að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar hjá núverandi stjórnarflokkum og þingmönnum almennt um þessi efni, einnig þeim sem í stjórnarandstöðu voru, hvaða fyrirvarar voru gerðir, því a.m.k. voru þeir kynntir í utanrmn. þingsins þar sem allir þingflokkar eiga sína fulltrúa, svo og í Evrópustefnunefnd, vissulega sem trúnaðarmál en þó með þeim hætti að gert var ráð fyrir að kynnt yrði þingflokkum.

Nú hef ég ekki gert meira úr þessum fyrirvörum en efni standa til en ég minni á þetta hér vegna þess að menn eru að lýsa vankunnáttu sinni og skorti á vitneskju um þessi efni, en þessi gögn, sem hér voru t.d. tilvitnuð af hv. 4. þm. Norðurl. e., frá 5. nóv. sl. og 19. nóv. eða 25. nóv., voru tryggilega fram lögð í báðum þessum nefndum og hefðu átt að vera þingmönnum kunnug ef þeir hefðu hirt um að leita sér upplýsinga eða taka við upplýsingum um þessi efni. Af þessum sökum eru þessar spurningar um hvaða fyrirvarar voru gerðir og voru til umræðu dálítið sérkennilegar hér við umræðuna eins og kom fram hjá hæstv. landbrh. hér síðast.

Ég vil einnig tengja þetta hér við spurninguna um það hvernig var haldið af hæstv. utanrrh. á þeim fyrirvörum sem hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson gerði við upphaf fundarins í Ósló í marsmánuði 1989. Þar flutti forsrh. Íslands ræðu og í þeirri ræðu sagði hann, með leyfi forseta, örstutt tilvitnun: „Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning. Hins vegar verðum við að hafa fyrirvara hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Hið litla og viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það er nú áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnshreyfinga. Hið sama á við um frelsi á sviði þjónustu og vinnuaflsflutninga. Við erum að sjálfsögðu fúsir að kanna þessi atriði, en aðlögun verður að gerast smám saman og byggjast á vandlegu mati á áhrifum slíks á íslenskt fullveldi."

Þetta var í yfirlýsingu forsrh. Íslands í upphafi þessa fundar og undir þessi orð var sérstaklega tekið og til vitnað í samþykkt sem þingflokkur Alþb. gerði 20. mars eða tæpri viku eftir að þau voru mælt.

Mér er hins vegar fyllilega ljóst að þessar óskir og yfirlýsingar forsrh. fengu ekki rúm inni í sjálfri yfirlýsingu ráðherranna svo sem vert hefði verið og var ekki til haga haldið þar með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. Og má vera að hæstv. utanrrh. vísi til þess eða skjóti sér á bak við það að þannig hafi farið. Þetta tengdist m.a. máli sem mikið var gert úr í sambandi við þennan upphafsfund á þeirri löngu vegferð sem við ræðum hér, en það var krafan um fríverslun með fisk, sem var hinn pólitíski aðgöngumiði að þessu ferli öllu saman og gert gífurlega mikið úr þó nú sé fyrir borð fallið við lítinn orðstír og lítið fengist fyrir þennan aðgöngumiða fríverslun með fisk og var sá málatilbúnaður að vísu allur dálítið sérkennilegur.

En ég ætla, virðulegur forseti, að víkja aðeins frekar að tilefni þess að ég bað hér um orðið, en það voru endurteknar staðhæfingar hæstv. utanrrh., sem ég vænti að komi hér í þingsal, að í þeim gjörningi sem síðastur var gerður í þessu máli, á fundinum 13. maí, komi ekkert fram eða liggi ekkert fyrir um að Ísland eigi að binda í yfirþjóðlegt vald, að það felist í þeim gjörningi yfirþjóðlegt vald eða valdaafsal. Það var þó vísað til þess að að vísu hefði einn prófessor við Háskóla Íslands látið að því liggja. Það vill nú svo til að ég hef hér handa á milli ummæli umrædds lagaprófessors er féllu í fjölmiðlum um þetta efni og ég tel rétt að þau komi hér fram við umræðuna því það skiptir kannski nokkru upp á frekari skoðun málsins að það liggi fyrir hvernig hann leit á þetta og túlkaði það fyrir alþjóð þann 15. maí sl. En þar var hann inntur eftir áliti sínu einmitt á þessu atriði. Í sömu frétt var til þess vitnað að Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, teldi að Stórþingið í Ósló þurfi að samþykkja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með þremur fjórðu hlutum atkvæða af því að verið sé að framselja vald til nýju EFTA-stofnunarinnar. Og prófessor Gunnar G. Schram segir: „Þá verður að líta svo á að hér sé

um valdameiri stofnun", þ.e. eftirlitsstofnunin, „að ræða heldur en almennt hefur heyrst til þessa. Evrópubandalagsstofnunin hefur löggjafarvald og er ákaflega valdamikil. Það kemur ekki fram í yfirlýsingum ráðherranna hvort EFTA-stofnunin muni fara með löggjafarvald, ég held að það sé nú á þessu stigi hæpið að ályktа svo. Sannleikurinn er sá að þetta kallar allt á frekari skýringar en ég held að það sé rétt, sem þú spurðir að í upphafi, að hér er um valdameiri stofnun í átt til yfirþjóðlegs valds að ræða en menn hafa hingað til almennt gert ráð fyrir."

Síðan segir fréttamaður: „Ráðherrar Íslands og annarra EFTA-ríkja skuldbundu sig til þess á mánudag að gefa reglum samningsins um efnahagssvæðið lögbundinn forgang rekist þær á önnur ákvæði innri löggjafar EFTA-ríkjanna."

Og Gunnar G. Schram heldur áfram og segir: „Þetta kemur fram í yfirlýsingu ráðherranna. Þar er þetta almenn viljayfirlýsing en hér er greinilega um það að ræða að ákvæði þessa nýja alþjóðasamnings, þ.e. um Evrópska efnahagssvæðið, eru talin það mikilvæg og slíkur grundvöllur undir því að þetta nýja bandalag virki á viðhlítandi hátt að íslensk lög og lög einstakra aðildarríkja mundu verða að víkja ef um mótsögn er þar að ræða, ef þau eru andstæð að einhverju leyti ákvæðum þessa svæðis."

Síðan víkur fréttamaður að dómstólnum og segir: „Af markverðum atriðum í ráðherrayfirlýsingunni í Brussel skal síðast en ekki síst nefna nýjan sjálfstæðan dómstól fyrir efnahagssvæðið, skipaðan fimm dómurum frá Evrópubandalaginu, þremur dómurum frá EFTA. Dómstólnum er ætlað að skera úr í ýmsum deilumálum varðandi túlkun reglna varðandi deilur eftirlitsstofnunar EFTA og einstakra ríkja og varðandi ríkisstyrki og fleira. Ísland hefur fyrir löngu samþykkt lögsögu Mannréttindadómstólsins í Strassborg, þannig að þeir sem ekki una hæstaréttardómum í mannréttindamálum hér heima geta skotið málunum til dómstólsins í Strassborg og íslensk stjórnvöld hafa staðfest að niðurstaðan þar gildi. Vald nýja efnahagssvæðisdómstólsins verður hliðstætt valdi Mannréttindadómstólsins í Strassborg og Ísland verður að hlíta úrskurði þar verði samið um Evrópskt efnahagssvæði. Munurinn er bara sá" — og menn taki eftir — „að svið efnahagsdómstólsins er miklu víðtækara og getur auðvitað varðað efnahagslíf Íslands að verulegu leyti og segja má því að hæstarétt Íslendinga á þessum sviðum verði að finna í framtíðinni í Lúxemborg." — Þetta eru orð fréttamanns.

Síðan kemur Gunnar G. Schram og segir: „Já, ef við gerumst aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þá er náttúrlega ljóst að í öllum þeim efnum sem það tekur til, en það er má segja mjög breitt svið efnahagslífsins, að þá verður þarna um hæstarétt að ræða ef upp koma deilumál sem skotið er til þessa dómstóls í Lúxemborg. Það þýðir að hann hefur endanlegt dómsorð og við sem önnur aðildarríki yrðum þá að hlíta dómum þessa nýja alþjóðlega dómstóls."

Þetta eru tilvitnuð orð Gunnars G. Schram úr þessari fréttasendingu sem hefur verið vikið að hér í þessum umræðum og ég taldi rétt að þau lægju hér fyrir.

Ég vil taka undir það, sem hér var mælt af hv. 7. þm. Reykn., að sú vitneskja sem er að finna í bók Stefán Más Stefánssonar, Evrópuréttur, fræðirit um réttarreglur og stofnanir Efnahagsbandalagsins, heitir það nú hér, er vissulega þess virði að menn kynni sér og þar á meðal einmitt ákvæðin um dómstól sem freistandi væri að vitna hér til, en ég ætla ekki að taka tíma til þess nú, vegna þess að þessi dómstóll fær áhrifavald í málefnum sem Ísland varða. Dómarar þaðan, fimm talsins, skipa EES-dómstólinn á móti þremur EFTA-dómurum og þessi dómur, þessi EES-dómur, hefur aðsetur hjá Evrópudómstólnum í Lúxemborg. Það er alveg ljóst að Evrópurétturinn sem Evrópudómstóllinn hefur mótað verður leiðandi varðandi allt þetta samningssvið og einnig breytingar á þeim rétti og kemur til með að verða lög á Íslandi, hvort sem okkur líkar betur eða verr ef við ætlum að halda hópinn í þessu Evrópska efnahagssvæði. Ef menn telja að þetta sé ekki yfirþjóðlegt vald sem við erum hér að bindast, þá bið ég menn um að leggja hér fram eitthvað gildara en fram hefur komið í þessari umræðu. Og þar á ég sérstaklega við orð hæstv. utanrrh. sem ítrekað er að bera það af sér að þessi gjörningur sem við ræðum hér feli í sér valdaafsal á sviði dómsmála og fleiri þátta á íslensku umráðasvæði eða sem Íslendingar nú ráða yfir samkvæmt sinni stjórnarskrá og lögum.

Virðulegur forseti. Ég greip hérna með mér upp í ræðustólinn blátt kver, sem hefur borist á borð þingmanna alveg nýverið, vegna þess að það var vitnað til einnar greinar í þessu kveri. (Gripið fram í.) Já, þessu kveri. Ég leyfi mér að kalla það því nafni. Þetta er Bláskinna hin minni, ef menn vita að Bláskinna hin meiri var lögð á borð þingmanna og hún tekur yfir 1000 blaðsíður sem kunnugt er, en þessi hefur aðeins tölusettar fimm og hygg ég að saurblað sé með talið. Þetta heitir Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ég leyfði mér einnig að hafa hér með ritdóm um þetta kver skrifað af hv. 17. þm. Reykv. sem var fram undir þetta í þingsal og ég vona að sé ekki fjarri án þess að ég ætli að fara að biðja hann að blanda sér í umræður sérstaklega. (**Gripið fram í:** Hvað heitir maðurinn?) Þingmaðurinn heitir Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Alþfl. og nýskipaður ritstjóri Alþýðublaðsins og skrifar um þetta kver ritstjórnargrein í Alþýðublaðið 14. maí sl. undir fyrirsögninni Áræðin yfirlýsing. Nú hefði ég talið rétt og eðlilegt að þessi ritdómur hefði fylgt með í útgáfunni því það hefði vel mátt finna honum pláss innan þessara spjalda. Ég ætla ekki að fara að lesa hann frá orði til orðs hér, virðulegi forseti, en þó get ég ekki við bundist frekar en Þorgeir Hávarsson forðum, svo ágætlega sem hér er haldið á penna. Þar segir m.a.:

„Í stað langs kansellítexta stýrði andi hins atorkumikla frumkvöðuls pennum og menn sættust á óvenju stutta, en kjarnyrta starfsáætlun. Staðreyndin er nefnilega sú" — segir þar litlu síðar — „að þrátt fyrir sparnað í orðum er stefnuyfirlýsing Viðeyjarstjórnarinnar sérstök fyrir hversu vel og ítarlega brýnustu verkefnin eru skilgreind. Hún er nefnilega giska skorinorð um

framtíðarstefnuna í stjórnun fiskveiða og þar er sú Lilja kveðin sem jafnaðarmenn vildu helst orta." (**Gripið fram í:** Þetta er flott.)

Og fleira má þar lesa eins og þetta: „Staðreyndin er einfaldlega sú að yfirlýsingin sem samin var á fornu óðali Skúla fógeta brýtur í blað í atvinnusögu Íslendinga."

Og svo kemur nú það sem er náttúrlega meiri tíðindi. Það er síðari hluti þessa leiðara undir sérstakri fyrirsögn sem heitir Bjarghellan og mætti kannski nota sem nafngift á ríkisstjórnina sjálfa og kalla hana þá Petrínu því Petrus mun vera steinn á latnesku máli. En um þessa bjarghellu segir hér undir lok þessa ritdóms um stjórnarsáttmálann: „Bjarghella hins gagnkvæma trausts er — og verður að vera — lífgjafi samstarfsins. Í því felst ekki síst að þingmenn og flokksbroddar allir hafi hemil á athyglisfíkn sinni og hjálpi ekki andstæðingum stjórnarinnar til að skapa í fjölmiðlum þá ímynd að stormur sé í uppsiglingu þegar í raun ríkir bærileg stilla."

Þetta taldi ég nauðsynlegt að fylgdi, en því er ég að víkja hér að stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að rætt var hér af hæstv. utanrrh. um 10. gr. sem varðar það að sett verði ný löggjöf um afnotarétt og eignar- og umráðarétt yfir orkulindum og almenningum. Það stendur þar í 10. lið: „Lög verða sett um eignarhald á orkulindum og almenningum og um afnotarétt almennings."

Þarna er vikið að máli sem ekki tókst að ná fram í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ég óska hæstv. utanrrh. til heilla með að hafa þetta hér skjalfest og ég hlakka til að sjá það frv. sem væntanlega mun skjótt berast inn á vettvang Alþingis eftir að hv. sjálfstæðismenn hafa setið yfir þessu máli áratugum saman því þeir náðu ekki að fylgja leiðsögn síns aldna foringja Bjarna Benediktssonar í þessum efnum frekar en framsóknarmenn leiðsögn Ólafs Jóhannessonar og setja víðtæka löggjöf um almannarétt og almannaeign á þessum náttúruauðlindum. Það mun ekki skorta að þetta verði fært inn á bjarghelluna fyrr en seinna og hæstv. utanrrh. nái vopnum sínum í þessu máli.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að koma hér upp og tala langt mál, enda er orðið talsvert áliðið. Ég ætlaði hins vegar að nota tækifærið og fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram vegna þess að hún hefur bæði verið mjög ítarleg og á köflum a.m.k. málefnaleg þó að heldur hafi líka slegið út í fyrir mönnum. Ég vil líka fagna því að hafa séð fyrrverandi stjórnarsinna stíga hér í stólinn, hvern á fætur öðrum, fulla efasemda um ágæti hins Evrópska efnahagssvæðis, vegna þess að mér fannst þær efasemdir fara heldur hljótt á síðasta kjörtímabili og þeir hafa sig ekki mjög í frammi með þá hluti.

Í rauninni hefur ekki átt sér stað nein grundvallarbreyting frá því í október 1990 eða frá því í mars 1991. Málið er aðeins að taka á sig skýrari mynd. Blikurnar sem voru í fjarska, sem voru úti við sjóndeildarhringinn á þessum tímum, eru bara beint yfir hausamótum okkar núna. Sá er munurinn.

Það var ljóst í október árið 1990 þegar skýrslan var lögð fram hér á Alþingi að lagagjörningar Efnahagsbandalagsins yrðu grundvöllur Evrópska efnahagssvæðisins. Það var ljóst að dómsúrskurðir Efnahagsbandalagsins væru hluti af EB-reglunum og þar af leiðandi hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það var ljóst að eftirlitskerfi EFTA yrði sniðið að framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins, fengi þar af leiðandi mjög ríkulegt umboð og vítt valdsvið. Það var ljóst að aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins yrðu að framselja hluta af dómsvaldi sínu til EES-dómstólsins. Því vil ég halda fram þrátt fyrir það sem utanrrh. hefur sagt hér í dag.

En við skulum láta þetta eiga sig. Batnandi mönnum er best að lifa og það er gott að fyrrv. stjórnarliðar skuli hafa bæst í hóp okkar kvennalistakvenna sem alltaf höfum haft efasemdir varðandi Evrópska efnahagssvæðið. Því miður er það svo að þegar menn eru í ríkisstjórn þá eru þeir stundum eins og veðhlaupahross með innskeifar augnhlífar, en þeir sem utan standa leyfa sér aðeins rýmra sjónarhorn.

Mig langar aðeins til að fara örfáum orðum um það sem kom fram í svari hæstv. utanrrh. áðan. Í fyrsta lagi svaraði hann því til varðandi hinn félagslega þátt Evrópska efnahagssvæðisins að það hefði verið látið að kröfum ASÍ og BSRB um að Íslendingar og þar af leiðandi Evrópska efnahagssvæðið gerðist aðili að félagsmálastefnu Efnahagsbandalagsins. Það kann að vera rétt að svo hafi verið gert en ég held að það sé tæplega vegna ágætis þeirrar stefnu, eins og mér fannst koma fram í máli utanrrh., heldur sé það mun fremur til að tryggja að Evrópska efnahagssvæðið hafi þó einhverja félagslega vídd. Að hinn félagslegi þáttur komi með einhverjum hætti inn í hið Evrópska efnahagssvæði. Því ef maður lítur á félagsmálastefnu EB þá sér maður að hún er afskaplega takmörkuð, eins og ég sagði í dag. Hún er heldur ekki bindandi og hún er afskaplega loðin. Það segir t.d. í þessari stefnu að allir vinnandi menn skuli hafa rétt til viðunandi launa, og ef ég man þetta rétt, samkvæmt hefðum og reglum einstakra ríkja. Það segir líka að menn skuli hafa rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvæðum í lögum einstakra ríkja. Þannig er þetta meira og minna í þessari félagsmálastefnu.

Þessi félagsmálastefna EB tekur aðeins til fólks sem er á vinnumarkaði. Hún tekur ekki til fólks sem ekki er á hinum svokallaða vinnumarkaði, en ég er viss um að það er meiri hluti íbúa allra ríkja. Um 57% íbúa EB, svo maður taki það bara, eru ekki á hinum svokallaða vinnumarkaði. Það er ungt fólk, það er gamalt fólk, það eru börn, það eru heimavinnandi húsmæður, það eru námsmenn o.s.frv. Félagsmálastefna Evrópubandalagsins tekur heldur ekki til þess sem í Checchini-skýrslunni er kallað „ódæmigerð störf". Það eru hlutastörf og það eru árstíðabundin störf sem eru einmitt dæmigerð fyrir konur. Þessum störfum fylgja engin félagsleg réttindi eða réttur sem tengist verkalýðsfélögum. Ég skal alveg játa það hér að mér finnst íslensk verkalýðshreyfing hafa gert allt of mikið úr

ágæti þessarar svokölluðu félagsmálastefnu Efnahagsbandalagsins og ekki séð þá vankanta sem vissulega eru á henni.

Utanrrh. hefur haldið því stíft fram hér í dag að það sé ekkert framsal á dómsvaldi sem felist í þeim samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem nú er í deiglunni. Hér hafa ýmsir svarað því og það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að taka það mál upp en ég get samt ekki orða bundist vegna þess að til áréttingar máli sínu las hæstv. utanrrh. bls. 21 í skýrslu sinni frá því í mars 1991. Ég get ekki séð að það sem þar stendur eigi við um þá samþykkt sem gerð var á síðasta utanríkisráðherrafundi EB og EFTA. Ég get alls ekki séð að það eigi við vegna þess að í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Ekki hefur enn verið samið um hlutverk EES-dómstóls. EFTA-ríkin hafa sóst eftir að komið verði á forúrskurðarkerfi sem gerir ráð fyrir að dómstólar í aðildarríkjunum fái úrskurð EES-dómstólsins um álitamál um túlkun á EES-reglunum." Allt sem utanrrh. las hérna byggir á forúrskurðarkerfinu. Ég get ekki séð í þeirri yfirlýsingu sem liggur fyrir frá síðasta utanríkisráðherrafundi að þetta forúrskurðarkerfi sé enn við lýði. Ég fæ ekki betur séð en að þessu forúrskurðarkerfi hafi einmitt verið hafnað. Ef forúrskurðarkerfi hefði verið við lýði kann það að vera rétt að þarna væri ekki framsal á dómsvaldi, en í yfirlýsingunni frá 13. maí segir bara ósköp einfaldlega að ráðherrarnir hafi tekið fram að aðildarríki EFTA væru reiðubúin til þess að setja ákvæði í innri löggjöf sína í þá veru að reglur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði skuli hafa forgang í þeim tilfellum sem þær rekast á við önnur ákvæði innri löggjafar þeirra, þ.e. þær hafa forgang umfram lög þjóðríkjanna.

Nú fletti ég upp í bæklingi sem líka er frá utanrrn. en er frá október 1990 þar sem m.a. er fjallað um réttaráhrif samningsins. Þar segir, og þetta er bara frá utanrrh. sjálfum komið:

„Innan EB hefur EB-réttur forgang umfram landslög. EB hefur lagt áherslu á að gildi EES-reglnanna verði tryggt gagnvart landslögum sem hugsanlega yrðu sett í andstöðu við reglurnar. Að öðrum kosti mundi grundvöllur fyrir samræmdum reglum svæðisins raskast fljótt." Og svo segir: „Samkvæmt íslensku réttarkerfi þyrfti stjórnarskrárbreytingu til að tryggja algeran forgang EES-réttar fyrir landslögum." Þetta segir í skýrslu frá utanrrh. þannig að ég get ekki skilið hvernig hægt er að halda því fram, eins og hefur verið gert hér í dag, að ekki þurfi stjórnarskrárbreytingu og að þarna sé ekki framsal á dómsvaldi. Mér finnst að þetta liggi ljóst fyrir og við þurfum ekki að þræta um það meira. Ég vildi samt gjarnan að utanrrh. skýrði það hvernig á því stendur að hann vitnar hér í þetta forúrskurðarkerfi sem ég fæ ekki betur séð en sé þegar fallið úr gildi.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Við höfum verið hér um það bil tíu klukkutíma að rabba saman og ég held að ég hafi hlustað á svo til hvert orð sem sagt hefur verið í dag og núna í kvöld og nótt. Ég ætla að taka mér það bessaleyfi að líta svolítið yfir sviðið því að ég held að mjög merkilegir hluti séu hér að gerast sem maður hafði ekki séð fyrir, kannski bara þegar þessi dagur rann upp, sá sem nýliðinn er.

Það er ekkert óeðlilegt að menn hafi hér á kvöldfundinum sérstaklega rætt um yfirlýsingar sem gefnar hafa verið af helstu ráðamönnum og þær ekki ómerkilegar. Er þá fyrst til að taka það sem sjútvrh. sagði og getið hefur verið um hér af öðrum ræðumönnum, tveimur ráðherrum a.m.k. Ég skrifaði þetta að vísu ekki hjá mér en mergurinn málsins er sá að ráðherrann segir að við höfum lítið í Evrópusamtök að gera ef við fáum ekki frjálsa verslun með okkar meginútflutningsafurð, þá eigum við ekkert að gera með að vera að ívilna Evrópumönnum með því að láta þá hafa skattfrelsi á allan sinn varning hingað til okkar. Það er svo augljóst að það ætti hver maður að sjá.

Hæstv. sjútvrh. gaf aðra mjög merkilega og ágæta yfirlýsingu þar sem hann segir að aldrei komi til greina að útlendingar, Evrópubandalagsmenn, fái að fiska svo mikið sem einn fisk innan okkar 200 mílna. Þetta opnaði umræðuna og hún hélt svo áfram í þessum dúrnum. Fleiri merkar yfirlýsingar voru gefnar og aðrir tóku undir, því undir þessa síðari yfirlýsingu tók mjög eindregið hæstv. utanrrh. margsinnis, að engar fiskveiðar mundu nokkurn tíma verða leyfðar innan 200 mílna markanna, það væri útilokað að til þess gæti komið. Þetta er mjög drengilega mælt af ráðherranum, margendurtekið, og fyrst var það sagt af hæstv. sjútvrh. Þetta setur málið auðvitað í allt annað samhengi en við höfum verið í áður og fyrri yfirlýsingin er mjög mikilvæg líka vegna þess að hún gerir mönnum grein fyrir því sem hefur raunar verið augljóst allan tímann að Evrópubandalagið hefur verið að græða á okkur en ekki við á því og það er náttúrlega það sem það hugsar sér að gera áfram. Vaxandi skilningur er á því eftir þessa fimm ára hrifningaröldu sem greip um sig að Evrópubandalagið græðir miklu meira á okkur en við á því. Það skuldar okkur, það hefur ekki leiðrétt bókun 6 þó að merkir menn í bandalaginu, þar á meðal Henning Christophersen, varaforseti framkvæmdastjórnar EB, hafi sagt við okkur í Evrópustefnunefnd þann 18. sept. 1990 orðrétt: „Vissulega hafa Íslendingar opnað markaði sína fyrir iðnvarning frá EB og án þess að fá fríverslun með fisk og fiskafurðir. Jafnvægi þyrfti að nást á þessu sviði."

Hann viðurkennir það beint út, þessi ágæti maður, að Evrópubandalagið skuldi okkur en við ekki því og hafi gert það í mörg herrans ár og ekki verið gengið eftir því af nægilegri festu að láta það borga það sem það samdi um með bókun 6 sem umtöluð er. Við fluttum að vísu tillögu hér, fulltrúar Sjálfstfl., auk mín Ragnhildur Helgadóttir, og Kristín Einarsdóttir frá Kvennalista, þar sem lögð er áhersla á breytingu á bókun 6. Við fluttum þessa tillögu 15. nóv. 1989. Það var ekki samþykkt að fara í tvíhliða viðræður þá til þess að heimta þennan rétt okkar, því miður, en það er auðvitað kominn tími til þess að þetta verði nú gert.

Fyrrv. forsrh. tók einnig mjög drengilega undir öll þessi sjónarmið og þar með eru helstu ráðamenn í

þessu þjóðfélagi búnir að lýsa yfir sínum skoðunum. En síðan kemur ekki ómerkilegasta yfirlýsingin sem hæstv. forsrh. gaf, algerlega afdráttarlausa og ég hygg að það sé orðrétt á þennan veg: Umsóknaraðild að EB er ekki á dagskrá, hvorki í bráð né lengd. — Hvorki í bráð né lengd. Þá höfum við það. Við förum auðvitað aldrei í þetta Evrópubandalag, við skulum hafa það á hreinu. Við erum ekki svo skyni skroppin að við förum að fórna þessum gífurlegu hafsvæðum sem við sjálfir eigum, ýmist einir eða í sameign með öðrum, alveg frá Noregs- og Skotlandsströndum og yfir til Kanada og við erum miðsvæðis á öllu þessu svæði, miklu, miklu stærra svæði yfirborðs jarðar en Mið-Evrópa er og með miklu, miklu meiri auðlindir. Hér á þessu kvöldi hefur þetta allt í einu opnast fyrir fólki og svo segja menn að þetta sé ekki merkilegur dagur. Allt í einu taka allir undir það. Þetta er tóm della sem við höfum verið að gera. Og það verður auðvitað ekki gengið í neitt Evrópubandalag eftir svona skorinorðar yfirlýsingar. Það er alveg ljóst.

Ég veit ekki hvort ég ætti nokkuð að vera að hafa þetta meira. Ég held að þetta sé svo augljóst að það bæti það ekki neitt að vera að þreyta menn á að tala mikið meira um þetta. Þetta er komið í þennan farveg eftir þessi fimm ár sem við höfum verið að böðlast í þessu, meira og minna í erindisleysu, út og suður og skamma hvert annað og erum svo öll sammála þegar til stykkisins kemur. (Gripið fram í.) Jú, það er rétt að ég verði við þeirri ósk. En ég ætla þó að geta þess að utanrmn. ætlaði að koma saman í kvöld og ræða lítillega saman en hún gerir það nú ekki fyrr en á þriðjudag. Það er búið að gera ráðstafanir til þess því það sem stendur nú eftir er auðvitað að við þurfum að kynna okkur betur þessi lögfræðilegu málefni um allt sem heyrir til fræðimannanna. Við erum búnir að gera ráðstafanir til þess að fá Gunnar G. Schram og Stefán Má Stefánsson til funda í næstu viku eftir ósk hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og við munum þá gera gangskör að þessu.

Ég get ekki stillt mig um samt aðeins að monta af þessari bók okkar sem ég held hér á. Þess vegna náðist í fyrra, fyrir réttu ári, heildarsamkomulag um alla mikilvægustu þætti þar sem níu skapstórir alþingismenn voru að kljást um þetta í nokkrar vikur eða mánuði og þar var nú raunar getið um öll þessi helstu atriði sem við erum sammála um, þ.e. um að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina, sé ekki á dagskrá og enginn aðgangur skuli nokkru sinni fást að okkar fiskimiðum. Þetta kom þá og eftir heilmikla barninga sættumst við nú, gátum komist að niðurstöðu og vorum ótrúlega ánægð með það á eftir þó að við værum búnir að skrifa þetta eitthvað 100 sinnum sameiginlega af því að við vorum nú að skrifa og skrifa. Þetta gekk nokkrar vikur, þá byrjuðu augu fólks að opnast. En þetta er ekki nýtt því að þegar byrjað var að ræða við Evrópubandalagið á árinu 1971 var Íslendingum þetta algerlega ljóst þá þegar. Og í þessari góðu bók okkar er saga þessara umræðna við bandalagið og þar segir, og það er í desember 1971, orðrétt:

„Einnig var því lýst yfir af hálfu Íslands að útilokað væri að semja um skipti á fiskveiðiréttindum fyrir lönd bandalagsins gegn viðskiptafríðindum fyrir íslenskar sjávarafurðir þar eð um algerlega óskyld mál væri að ræða."

Og við höfum auðvitað haldið því fram og eigum að gera alltaf að við munum aldrei ræða við bandalagið um sjávarútvegsmál. Við ræðum við það um allt annað. Ef rætt er um sjávarútvegsmál, þá fer það í stjórnardeild 14 í staðinn fyrir stjórnardeild 1, þar sem pólitíska nefndin er og þar sem hinir raunverulegu ráðamenn eru, og við sem höfum farið í þessi ferðalög Evrópustefnunefndar og utanrmn. og komið nálægt þessum æðstu ráðamönnum í einkaviðræðum o.s.frv. vitum að þessir menn gera sér fulla grein fyrir því að þeir mega ekki missa Ísland út úr sínu korti. Það er þeim verðmætara en svo.

Við erum útvörður Evrópu í vestri og við erum komnir í beina samninga við Breta núna um gífurlega mikið hafsbotnssvæði og þá auðlind sem þar er. Við erum að loka þessum hring öllum saman og við höfum allt sem við þörfnumst og getum fengið í samningum við Evrópubandalagið nánast hvað sem við viljum. Þeir vilja ekki sleppa af okkur hendinni, þeir vilja ekki hrekja okkur í vesturátt, það er alveg ljóst og við eigum þess vegna ekki að vera með neinn betlistaf og höfum ekki verið það í þessum umræðum í kvöld. Við höfum verið sammála um stórkostlegar yfirlýsingar hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. og undirtektir annarra þingmanna og við eigum að ljúka þessari umræðu glöð og kát.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það var ekki ætlan mín að lengja þessa umræðu en ég geri það sérstaklega vegna ummæla hæstv. utanrrh. um mál sem ég hreyfði hér. En ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög skýrt svar að því er varðaði ummæli hans á tilteknum fundi hér fyrir nokkrum dögum síðan. Ég tek mark á því svari sem var skýrt. Það er mikilvægt að þurfa ekki að eyða tímanum í það að vera að ræða um hluti sem ekki eru á dagskrá. En þá eiga menn heldur ekki endalaust að vera að tala um þá. Það er nú svo að við sem erum að hlusta á ummæli af ýmsu tagi og lesa blaðagreinar og skýrslur og svör í blöðum, ekki síst þegar við erum í stjórnarandstöðu, hljótum að spyrja menn út úr um þessi ummæli til þess að vita hvað menn eru að fara því að það er mikilvægt að þeir sem sitja á Alþingi hafi nokkuð góða vitneskju um það hvað menn hafi í hyggju. Og ég get vel skilið hæstv. utanrrh. í þeim efnum að það getur stundum verið óþægilegt að svara fyrir það sem stendur í svona margvíslegum stefnuyfirlýsingum flokka. Það er ekki alltaf allt viskulegt.

En það er nú svo með hæstv. utanrrh. að hann er formaður Alþfl. og verður að gera sér það að góðu að svara því sem stendur á blöðum sem frá þessum flokki kemur. Það kann að vera óþægilegt og hæstv. utanrrh. veit afar vel að Alþfl. varð það á að setja það í sína stefnuskrá að þeir útilokuðu ekki aðild að Efnahagsbandalaginu. Mér skilst að ungliðahreyfingin hafi geng-

ið svo langt að samþykkja það en þar var að vísu bætt við fyrirvörum sem vörðuðu náttúruauðlindir, bæði land og auðlindir hafsins. Það var að sjálfsögðu alveg óþarfi að vera að setja þessi orð á blað. En það var eðlilegt að Alþfl. væri spurður út úr um það og þegar hann svaraði því tók ég mark á þeim svörum. En jafnvel þótt eitthvað kunni að koma upp óþægilegt í sambandi við slík mál, þá réttlætir það vart að grípa til hvaða aðgerða sem er. Mér fannst á hæstv. utanrrh. að hann væri að halda því fram að vegna þess að þetta hefði nú verið svona heldur óþægilegt, ég ætla nú ekki að fara að gera mjög mikið mál úr því, þá væri hægt að gera ýmislegt.

Hæstv. utanrrh. skrifaði það að Framsfl. væri eini flokkurinn á Íslandi sem formlega hefði boðið í viðræðum við EB að opna íslenska fiskveiðilögsögu fyrir veiðiflota EB. Þetta skrifaði hæstv. utanrrh. í Morgunblaðið og það er mjög alvarlegt mál þegar svona er gefið ranglega í skyn. Og þótt ég sé ekki mikið fyrir það að vitna í trúnaðarskjöl, þá verð ég samt að vitna í tvö skjöl sem eru orðin mjög gömul. Í fyrsta lagi skjal frá því í febrúar 1977 sem heitir „Working paper on a possible draft agreement between the Government of Iceland and the European Economy Community", þar sem þessi mál eru m.a. reifuð, hvernig slíkur samningur gæti litið út, og aftur ekki neinn „working paper" heldur „Draft agreement on fisheries between the European Economy Community and the Government of Iceland" frá því í júlí 1981. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar allan þennan tíma, öll þessi ár. Menn hafa verið að hamast við öll þessi ár að reyna að kreista eitthvað út úr þessu sem gæti verið hagkvæmt fyrir Ísland. Og það hafa menn gert af fullum heilindum, hvaða ríkisstjórn og hvaða ráðherrar sem þar hafa komið að máli. En að halda því fram að eini íslenski stjórnmálamaðurinn sem hafi leyft sér að nefna slíka hluti sé maður að nafni Halldór Ásgrímsson er að *sjálfsögðu mjög alvarlegt, ekki síst vegna þess* að hæstv. utanrrh. sagði áðan að hann hefði líka tekið þátt í því ásamt fyrrv. forsrh. Steingrími Hermannssyni. Þeir eru ekkert einir um það. Ég ætla ekkert að telja þá alla upp, enda skiptir það ekki máli. En þessir menn hafa ekki gert það með því hugarfari að opna landhelgi Íslands, nei, ekki aldeilis, heldur til þess að reyna að kreista út úr þeim mönnum sem eru alltaf að tala um þessa hluti og eru enn þá að tala um þessa hluti: Við hvað eigið þið? Hvað eruð þið að tala um? Og ætli geti ekki verið að þetta tilboð, þessi málamiðlun, sem svo er kölluð af fréttamanni, sé eitthvað sem þessir ágætu menn eru nú að finna upp af vanþekkingu vegna þess að þeir hafa margir hverjir ekki haft fyrir því að kynna sér málefni Íslands? Þá á ég við þá sem starfa á þeirri skrifstofu Efnahagsbandalagsins sem fer með þessi mál. Ég á ekki við forustumenn aðildarríkja Efnahagsbandalagsins. En þetta er það sem við höfum átt að eiga við.

Ég get ekki sætt mig við það, hæstv. utanrrh., þótt þetta kunni að hafa verið óþægilegt fyrir formann Alþfl. að það gefi hæstv. utanrrh. einhverja afsökun fyrir því að fara með ranga hluti í skrifum sínum, segja það sem rangt er, kaupa sérstaka auglýsingu í dagblað til þess að auglýsa þennan samstarfsmann sinn í ríkisstjórn sem sérstakan sakamann á þessu sviði og þar að auki að birta í blöðum parta úr trúnaðarskjölum.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en svona er þetta. Og ég vitnaði í þetta hér vegna þess að það er mikilvægt að það sé tiltrú milli manna í þessum viðkvæmu málum, hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þetta eru svo stór mál að þau eru að sjálfsögðu á ábyrgð stjórnarandstöðu að mínu mati jafnt sem stuðningsmanna ríkisstjórnar. Þetta eru mál sem varða framtíðarhagsmuni landsins og það verður að geta ríkt um þessi mál fullur trúnaður eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., en þá er það grundvallaratriði að menn fari rétt með.

Síðan aðeins að lokum vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon spurðist fyrir um afstöðu Framsfl. í tilteknu máli og vitnaði þar til ummæla hv. 7. þm. Reykn. Steingríms Hermannssonar, sem ég hlustaði ekki á, ég var fjarstaddur og þykist vita að hv. þm. hafi vitað af því og ég skil ekki alveg vegna hvers hann er að spyrja mig út úr um þau mál. En af því tilefni er það alveg ljóst að um þessi efni hafa ávallt verið gerðir fyrirvarar og þeir fyrirvarar voru uppi á borðinu í fyrri ríkisstjórn. Hitt er svo annað mál að við gerðum okkur ávallt grein fyrir því að þeir fyrirvarar sem kynnu að standa eftir í lokin yrðu *fyrst og fremst sameiginlegir fyrirvarar allra* EFTA-ríkjanna vegna þess að ekki væru líkur til þess að hægt væri að vera með einstaka fyrirvara einstakra ríkja heldur yrðu fyrirvararnir sameiginlegir. Og þess vegna hef ég alltaf gert mér grein fyrir því að í lokin kynnum við að standa frammi fyrir því hvort við ættum að vera aðilar að þessum samningi eða ekki. Það kom t.d. alveg skýrt fram hjá hæstv. sjútvrh. hér áðan, og ég er honum algerlega sammála, að ef við stöndum frammi fyrir því að vera með í þessum samningi og veita *veiðiheimildir* við Ísland til þess að fá betri aðgang að markaðnum, þá getum við ekki gengið að því. Það er alveg ljóst. Og það er jafnljóst að mínu mati að ef það eru verulegar líkur fyrir því að erlendir aðilar geti keypt upp land, jafnvel í stórum stíl, á Íslandi, þá getum við ekki verið með.

En við verðum að sjálfsögðu að finna allar færar leiðir til þess að koma í veg fyrir það. Og við verðum að finna allar færar leiðir til þess að geta verið með í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þar sem þar eru í húfi mikilvægir hagsmunir Íslands. Við verðum að reyna að koma því þannig til leiðar að það sem er í plús sé meira en það sem er í mínus og þar af leiðandi er það sjálfsagt mál að vinna að því á allan hátt að finna þessar færu leiðir. Hvort hæstv. fyrrv. landbrh. átti að vinna að þeim hlutum með öðrum hætti en hann gerði ætla ég ekki að leggja nokkurt mat á. Ég er ekki svo kunnugur því. Hann verður að meta það sjálfur. En ég vænti þess að það hafi verið í þessa veru sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson átti við þegar hann lét þau ummæli falla sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði hér til en ég tek fram að ég átti þess ekki kost að hlýða á þau ummæli.

Ég vil að lokum vænta þess að við getum haldið áfram að ræða þessi mál og þau skýrist betur nú á næstu dögum og vikum. Og ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn hafi um þetta mál gott samráð við Alþingi og stjórnarandstöðuna vegna þess að við viljum fylgjast vel með því. Við viljum skilja það rétt og viljum ekki tala hér á grundvelli einhvers misskilnings. Það er mikilvægt að umræðan hér fari fram á grundvelli réttra upplýsinga og það sé ekki verið að karpa um það fram og til baka hvort verið sé að koma hér á yfirþjóðlegu valdi í stórum stíl eða ekki. Við verðum að fá þau gögn sem vera ber til að geta lagt sjálfstætt mat á það.

Ég geri mér hins vegar afar vel ljóst að það kann svo að fara að við getum ekki verið aðilar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og það kann svo að fara að hann verði ekki að veruleika. Það getur enginn fullyrt um það í dag. Ég ætla að vona að hann verði að veruleika og ég ætla að vona að við getum verið með í því. En ég er ánægður að heyra það frá hæstv. ráðherrum að ef svo fer, þá er komin ný staða í málið sem þarf þá að ræða á þeim grundvelli. Við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því að svo kynni að fara og það er mikilvægt að þannig verði haldið á málum þangað til það er komið á lokastig.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ber nú trúlega nokkra ábyrgð á því að hér hefur verið kvöldfundur og er nú orðinn næturfundur. En ég tel að þessi fundur hafi verið mjög merkur. Ég vil taka undir það sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér og vegur þungt því þar talar formaður utanrmn., þegar hann undirstrikar að hér hafi verið gefnar sögulegar yfirlýsingar.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýlausu yfirlýsingu sem hann gaf um að innganga í Efnahagsbandalag Evrópu væri ekki á dagskrá í bráð eða lengd. Það var mjög mikils virði að fá afdráttarlausa yfirlýsingu um þessa hluti. Ég vil einnig þakka alveg sérstaklega Þorsteini Pálssyni, hæstv. sjútvrh., fyrir mjög afdráttarlausa yfirlýsingu í því viðkvæma máli hvenær augljóst væri að við gætum ekki verið þátttakendur í því Evrópska efnahagssvæði sem umræðan hefur staðið um. Ég met það svo að þessar yfirlýsingar séu sögulegar og ég met það líka svo að yfirlýsing hæstv. sjútvrh. sé að því leyti tímamótayfirlýsing að ég hygg að á bak við hana standi þingflokkur Sjálfstfl., annaðhvort allur eða að mestu leyti óskiptur. Ég tel þess vegna að hér hafi gerst stórir atburðir í kvöld.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. utanrrh. að honum fannst ég hafa flutt skemmtilega ræðu fyrr í kvöld. Stundum er nauðsyn að haga þannig máli að ráðherrar fari ekki strax í hliðarsali heldur sitji og hlusti og verður þá eitthvað til ánægju að vera samofið því að gjarnan er verið að deila á eitthvað í þeirra vinnu og þess vegna nauðsyn að gera þeim eitthvað til geðs. En það kom aftur á móti fram að hann vildi mjög ákveðið bera það af sér að um nokkurt yfirþjóðlegt vald væri að ræða í þeirri umræðu sem fram færi um Evrópskt efnahagssvæði. Þá þótti mér einnig mjög virðingarvert að hæstv. sjútvrh. staðfesti þann skilning margra hér að vissulega væri verið að ræða þar um yfirþjóðlegt vald. Hann tók mjög skýrt dæmi um yfirþjóðlegt vald sem Íslendingar hefðu undirgengist, þ.e. Mannréttindadómstólinn. Við skrifuðum undir ákveðna yfirlýsingu og afsöluðum okkur örlitlu broti af okkar fullveldi með því tiltæki á sviði mannréttindamála sem hefur kostað okkur hundruð milljóna í beinum útgjöldum frá ríkissjóði. Engu að síður gerðum við þetta.

Ég er svo íhaldssamur á þessum sviðum að það er greypt í minn koll: Utanstefnur viljum vér engar hafa. Mér þykir vænt um að hv. 4. þm. Reykv. kinkar kolli og man greinilega úr hvaða texta þetta er tekið. Það er nefnilega grundvallaratriði hjá lítilli þjóð að gera sér grein fyrir því að það er hægt að tína af henni í róglegheitunum smátt og smátt meira og meira af hennar fullveldi og þess vegna er það ekki rétt hjá hæstv. utanrrh. að ætla hér að halda uppi sjónhverfingum í þessum efnum. Það bara gengur ekki.

Ég hef hlustað á þær athugasemdir frá fulltrúa Kvennalistans að skýjahnoðrar við sjóndeildarhring hafi verið þeim nægt vegarnesti til að sjá fyrir hvernig veður yrði þegar þeir hnoðrar væru komnir yfir höfuðið á þeim. Það er út af fyrir sig spámannlega sagt að slík skarpskyggni sé til staðar. En ég hef aftur á móti aldrei séð þessar augnhlífar á veðhlaupahestunum sem hún talaði um að væru á okkur stjórnarsinnunum fyrrverandi. Þessar augnhlífar á hrossum voru yfirleitt notaðar á dráttarklárana en það má vel vera að hún hafi séð þetta einhvers staðar á veðhlaupahestum en það er mér hulin ráðgáta hvar það hefur verið. Hvað sem því líður er það rétt að við höfum margir beðið átekta með að taka um það ákvörðun hvort við teldum að þessir samningar mundu leiða til þeirrar niðurstöðu að við gætum stutt þá eða ekki. Mér er ljóst í dag að þeir leiða ekki til þeirrar niðurstöðu að ég treysti mér til að styðja þá. Það er búið að ganga frá það mörgum atriðum og það er búið að draga upp þá mynd af þessu að ég tel það óásættanlegt.

Hins vegar er það ekki rétt að ég hafi haldið því fram að verið væri að selja Ísland. Ég sagði að fullveldið væri ekki til sölu. Það hefur verið staðfest hér í þingsölum af valdamönnum þessarar þjóðar að fullveldið er ekki til sölu. Hins vegar varð hæstv. utanrrh. það á að segja eitt óþægilegt nei, það var að vísu í reykingasalnum, alveg á landamærum þess hvort hann væri í þingsalnum eða ekki. (**HÁ:** Kominn inn fyrir.) Kominn inn fyrir, þar með fer það í þingtíðindi og það er nú verkurinn því þetta nei var svo hættulegt að hæstv. iðnrh. taldi að það yrði að breyta um leikreglur í krossaprófinu og taka upp alveg nýjan flokk sem ekki sést almennt í krossaprófum og það er orðið „athyglisvert", enda verða öll próf eftirleiðis „já, nei eða athyglisvert".

Hins vegar gerðist það að hæstv. forsrh. sýndi að því leyti snilld sína að hann lýsti því hér yfir að hann hefði ekki séð þennan ágreining. Það var einnig hárrétt og satt hjá hæstv. forsrh. því hann var ekki sjáanlegur, hann var aftur á móti heyranlegur þeim sem voru í þingsalnum.

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég vil eins og fleiri þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og staðið þó nokkra stund þó það sé í sjálfu sér ástæðulaust að kalla það mjög langan tíma vegna þess að hér er á ferðinni mikilvægt mál.

Ég ætla ekki að blanda mér í þau almennu orðaskipti sem hér hafa verið. Það er þó eitt atriði sem krefst nánari útskýringar af hæstv. utanrrh. en þegar hefur komið fram og það er satt að segja mjög stórt atriði. Hæstv. utanrrh. hefur orðað það þannig að hér sé ekki um að ræða ákvæði af neinu tagi um yfirþjóðlegar stofnanir, yfirþjóðlegt vald. Hann hefur fullyrt þetta aftur og aftur, en hann hefur að mínu mati ekki rökstutt það nægilega vel. Til þess að renna frekari stoðum undir þessa fullyrðingu mína vil ég á nýjan leik vitna til skýrslunnar sem birtist í október 1990, skýrslu utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar um samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið. Þar segir á bls. 34 sem hv. 10. þm. Reykv. m.a. vitnaði til hér áðan. Í heild hljóðar kaflinn svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Innan EB hefur EB-réttur forgang umfram landslög. EB hefur lagt áherslu á að gildi EES-reglnanna verði tryggt gagnvart landslögum sem hugsanlega yrðu sett í andstöðu við reglurnar. Að öðrum kosti mundi *grundvöllur fyrir samræmdum reglum svæðisins raskast* fljótt. Samkvæmt íslensku réttarkerfi þyrfti stjórnarskrárbreytingu til að tryggja algeran forgang EES-réttar fyrir landslögum," eins og segir sig nokkurn veginn sjálft. „Hins vegar er hægt að setja ákvæði í lögfestingarlögin þess efnis að þau beri að skýra sem sérlög gagnvart nýrri landslögum. Endanlegt mat á því hvort landslögin gangi framar EES-reglunum er alltaf í höndum íslenskra dómstóla. Réttarkerfi Norðurlandanna í EFTA hefur verið skýrt fyrir EB og jafnframt þær hugmyndir að EES-reglur gildi sem sérlög gagnvart landslögum. EB hefur jafnframt verið tjáð að viðkomandi ríki hafi ekki hug á að breyta stjórnarskrám sínum vegna þessa. Nýlegir dómar Hæstaréttar hafa undirstrikað að leitast skuli við að skýra lög í samræmi við þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að. EB hefur sett fram efasemdir um að aðferðir EFTA-ríkjanna muni nægja til að veita sömu réttarstöðu og ríkir innan EB."

Þetta voru sjónarmið sem voru sett fram af utanrrh. hér í skýrslu til hins virðulega Alþingis í október 1990. Með öðrum orðum kemur fram að þær hugmyndir sem þá voru uppi um stofnanir samkvæmt EES-samkomulaginu væru með þeim hætti að það gæti þurft stjórnarskrárbreytingar ef þær ættu að taka gildi á þeim Norðurlöndum sem eru aðilar að EFTA, svo ég tali nú ekki um önnur EFTA-ríki, ég þekki það ekki neitt.

Í fyrsta lagi vísa ég til þessa þegar ég krefst skýrari svara af hálfu utanrrh. Í öðru lagi vitna ég svo til viðtalsins við Gunnar G. Schram, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði hér til áðan, þar sem það kemur alveg skýrt fram af hans hálfu að hann telur að hér sé gengið lengra en áður hafði verið fyrirhugað. Hvenær áður? Var það í desember þegar hæstv. utanrrh. gaf Alþingi skýrslu sína eða hvað? Það er nauðsynlegt að fá skýringar á þessu. Það dugir ekki fyrir hæstv. utanrrh. í þetta alvarlegu máli að víkja því frá sér með einni handarveifu eða svo. Hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en að slíkt sé unnt.

Og það kemur fleira til, hæstv. utanrrh. Norskur lagaprófessor hefur gert ítarlega úttekt á þessum málum og samið skýrslu um þau mál fyrir norska landbúnaðarráðuneytið. Þar kemur það fram að samkvæmt skoðun þessa prófessors er nauðsynlegt að samþykkja þessar reglur með $^{3}/_{4}$ í norska þinginu vegna þess að um er að ræða yfirþjóðlega stofnun. Þetta er ekki neitt sem kemur frá þeirri ágætu konu Gro Harlem Brundtland, sem hæstv. utanrrh. vildi gera heldur lítið úr hér áðan, heldur kemur þetta frá norskum lagaprófessor sem beðinn er um það fyrir norska landbúnaðinn að gera sérstaka úttekt á þessu máli. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að hér sé um yfirþjóðlega stofnun að ræða og þess vegna þurfi að afgreiða þetta með $^{3}/_{4}$ í norska Stórþinginu. (**HG:** Gro Harlem hefði tekið undir þetta.) Og Gro Harlem hefur leyft sér að taka undir þetta. Ég vildi ekki nefna það, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, vegna þess að ég vissi að það var ekki innlegg gagnvart hæstv. utanrrh. Hann tekur það ekki mjög hátíðlega sem frá henni kemur, þeirri ágætu konu.

Í fjórða lagi er það svo þetta sem kemur fram í yfirlýsingunni 13. maí 1991, sem menn hafa verið að tala um í dag og hefur ekki verið nægilega vel skýrt að mínu mati þrátt fyrir þessa löngu umræðu. Hér stendur: „Þeir tóku fram að aðildarríki EFTA væru reiðubúin til þess að setja ákvæði í innri löggjöf sína í þá veru að reglur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði *skuli hafa forgang í þeim tilfellum sem þær* rekast á við önnur ákvæði innri löggjafar þeirra." Þetta stendur hér fullum fetum að utanríkisráðherrarnir hafi lýst því yfir að þeir séu tilbúnir til að setja lög sem tryggi lagaframkvæmd reglnanna um Evrópskt efnahagssvæði andspænis þeim lögum sem þegar hafa verið sett í löndunum, það stendur hér á þessum blöðum, á þessari Morgunblaðsíslensku sem þetta er framleitt á og er svo sem út af fyrir sig alveg nægilega skýr.

Það eru því fjögur atriði, hæstv. utanrrh., sem ég er í raun og veru að rökstyðja óskir mínar með. Það er í fyrsta lagi skýrsla utanrrh. sjálfs frá því í október 1990. Það er í öðru lagi viðtal við Gunnar G. Schram prófessor í útvarpi, trúi ég það hafi verið, í gærkvöld. Það er í þriðja lagi tilvitnun í þennan norska lagaprófessor, sem ég get lagt til hæstv. utanrrh. ef hann hefur ekki séð skjalið. Í fjórða lagi er það svo yfirlýsingin sjálf.

Niðurstaða allra sanngjarnra manna sem skoða þessa texta hlýtur að vera sú að hér sé um að ræða yfirþjóðlegar stofnanir. Þá mundi utanrrh. væntanlega segja svo: Já, en við erum aðilar að Mannréttindadómstólnum og Alþjóðavinnumálastofnuninni og fleiri slíkum stofnunum og á sama hátt værum við að verða aðilar að þessu og það er svo sem enginn munur á því og alveg ástæðulaust að vera að ræða það neitt frekar. Þá er það heldur ekki nógu nákvæmt vegna þess að í þeirri grein norsku stjórnarskrárinnar sem kveður á um sér-

stakan aukinn meiri hluta, þ.e. $^3/_4$ hluta atkvæða, er annars vegar gert ráð fyrir því að ákvæði eins og þau sem verið er að fjalla um í EES-samningnum þurfi $^3/_4$ hluta. Það er í fyrri mgr. 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. En í annarri mgr. 93. gr. þessarar stjórnarskrár konungsríkisins Noregs segir aftur á móti að þegar um er að ræða þjóðréttarlega samninga um aðild að samtökum eins og t.d. ILO eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eða hvað það nú er, þá sé nægilegur einfaldur meiri hluti. Norskir sérfræðingar líta svo á að þessi ákvörðun um EES sé önnur en ákvörðun um aðild að Mannréttindadómstóli eða samtökum eins og hæstv. utanrrh. var að víkja að og hafa verið að fjalla um ýmis mál íslenskra stjórnvalda, m.a. niðri í Genf.

Þetta gerir það að verkum, virðulegi forseti, að mér fannst satt að segja ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að fá botn í þetta. Með hvaða hætti ætlar utanrrh., þrátt fyrir þessi rök, að halda því fram að hér sé ekki um að ræða yfirþjóðlega stofnun í þeim skilningi að hún skerði það fullveldi sem okkar stofnanir hafa í framkvæmd lýðræðis í landinu, þingræðis og dómstóla, frá degi til dags í ýmsum málum en ekki í afmörkuðum málaflokkum? Þetta verður hæstv. utanrrh. að skýra betur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um fullveldi, afsal á fullveldi, valdaframsal o.s.frv. er eitt athyglisvert. Ég hef engan heyrt halda því fram hér að í þessum samningum sé gert ráð fyrir framsali á valdi Alþingis, löggjafarvaldinu. Ég hef engan heyrt halda því fram að hér væri um að ræða framsal á valdi ríkisstjórnar, þ.e. frá löggjafar- eða framkvæmdarvaldi til einhverrar samþjóðlegrar stofnunar. Það virðist mér vera skýrt. (**ÓRG:** Þær fullyrðingar hafa verið settar fram.) Ég hef ekki heyrt þær. (**ÓRG:** Þá átt þú að hlusta betur.) Ég var einmitt að lýsa ánægju minni með það að menn hafa viðurkennt þessar staðreyndir. Það eitt út af fyrir sig er athyglisvert.

Við erum hér að ræða um alþjóðasamning sem í fyrsta lagi tekur ekki gildi nema Alþingi Íslendinga hafi samþykkt samninginn sem slíkan. Og það verða engar ákvarðanir teknar innan æðstu stofnana Evrópska efnahagssvæðisins nema með samstöðu. Í því felst m.a. að þar tekur engin ákvörðun gildi í formi nýrra laga eða reglna nema þær hafi verið samþykktar af þjóðþingum viðkomandi EFTA-landa með undantekningunni tæknilegar reglugerðir, sem þá verður kveðið svo á um að löggjafarsamkoma viðkomandi lands framselur það vald í hendur ríkisstjórnar eins og menn þekkja hér með reglugerðarsmíð.

Hins vegar hafa menn staldrað nokkuð við dómsþáttinn. Um það eru skiptar skoðanir. Þar hafa menn nefnt til sögunnar nokkra þætti. Í fyrsta lagi er það það sem í þessu samkomulagi er kallað á ensku „primacy" og þýðir þá forgangsréttur sérreglna EES-samningsins. Í annan stað spyrja menn spurninga um bein réttaráhrif laga og reglna í þessum samningi. Í þriðja lagi spyrja menn um hlutverk dómstóls.

Fyrst að því er varðar forgangsrétt laga og reglna, þá hef ég um það þetta að segja: Samkvæmt íslenskum rétti ber að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðréttarskuldbindingar. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það að ef Alþingi Íslendinga staðfestir alþjóðasamning þannig að hann er orðinn þáttur í okkar íslensku löggjöf þá er það skuldbinding af hálfu ríkisins sem er túlkuð sem sérregla og hefur forgang umfram aðra íslenska löggjöf ef þar verða árekstrar í milli. Hlutur löggjafarvaldsins er í engu skertur. Hvað er að segja um bein réttaráhrif? Menn þekkja til þess innan Evrópubandalagsins að þar hafa þjóðþing og ríkisstjórnir framselt vald í hendur samþjóðlegum stofnunum. Framkvæmdastjórnin hefur þar vald til þess að gefa út „directive" sem hefur lagagildi.

Að því er varðar EES-samninginn geta þessir samningar og lög á grundvelli hans ekki fengið bein réttaráhrif, tekið lagagildi, nema því aðeins að um lögfestingu þess hafi verið að ræða á þjóðþinginu. Hér segir: „Í EFTA-ríkjunum þarf að lögfesta EES-reglurnar til þess að þær öðlist bein réttaráhrif." Gert er ráð fyrir því að gengið verði úr skugga um við nýja lagasetningu að hún brjóti ekki í bága við þjóðréttarskuldbindingar viðkomandi ríkis. EFTA-ríkin hafa bent á að hægt sé við lögfestingu samningsins að setja ákvæði sem kveður á um að EES-reglur gildi sem sérreglur gagnvart öðrum lögum samkvæmt þessu.

Þá er spurt um dómstól. Ég hef þegar svarað því að breytingin að því er varðar niðurstöðu um dómstólinn og hlutverk hans er fyrst og fremst í því fólgin að ekki er á það fallist, það er ekki partur af samkomulaginu, að hann kveði upp forúrskurði, sem hefði verið samkvæmt kröfu EFTA-ríkjanna, ekki EB, kröfu EFTA-ríkjanna, meginhlutverk dómstólsins og hefði verið að mati sérfræðinga um 80–90% af þeim málum sem hann hefði um fjallað.

Hvert er þá hlutverk þessa dómstóls úr því að hann kveður ekki upp forúrskurði? Hlutverkið er þetta: Að kveða á um lausn deilumála, einkum og þar á meðal varðandi túlkun á EFTA-reglum að frumkvæði eða beiðni pólitísku nefndarinnar yfir EES eða þátttökuríkja.

Í annan stað er það að leysa úr deilum og úrskurða í deilum milli eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-lands, þ.e. milli ríkisins og eftirlitsstofnunarinnar.

Í þriðja lagi að úrskurða í málum sem eru flutt af fyrirtækjum eða aðildarríkjum gegn úrskurðum EFTA-eftirlitsstofnunarinnar og varða túlkun á samkeppnisreglum. Þetta er hlutverk þessa dómstóls. Það er með öðrum orðum minna en ráð var fyrir gert.

Hvað er þá að segja um hliðstæður og fordæmi? Hliðstæðurnar og fordæmin eru þau að við höfum á Alþingi Íslendinga í mörgum tilvikum, áratugum saman samþykkt alþjóðasamninga sem fela í sér sambærilegar skuldbindingar. Hér hafa verið nefnd dæmi: Lög nr. 30/1932, sem eru Norðurlandasamningur um viðurkenningu dóma, lög nr. 101/1972, sem fjalla um skattamál, lög nr. 93/1962, um innheimtu meðlaga. Íslendingar hafa einnig samþykkt lögsögu alþjóðadómstóla undir þeim sáttmálum sem þeir eru aðilar að,

samanber Mannréttindadómstól Evrópuráðsins. Það er mat lagalegra sérfræðinga okkar að þessi dómstóll samkvæmt þessu verksviði geti ekki verið skilgreindur sem hæstiréttur Íslands, að það er rangt þegar menn segja að hæstiréttur Íslands flytjist við þetta til Lúxemborgar. Þar á það við að fari landsdómstóll ekki eftir niðurstöðu EES-dómstóls þá gildir niðurstaða landsdómsins gagnvart aðilum málsins.

Menn hafa spurt um eftirlitsstofnunina, hvort hún væri dæmi um yfirþjóðlegt vald og vitnað í ummæli, greinilega að lítt athuguðu máli, í fréttum þar sem var viðtal við Gunnar G. Schram lagaprófessor. Þau ummæli voru ekki nákvæmari en svo að honum sýndist, honum virtist eitthvað, en það þyrfti margra og nánari skýringa við. Ef menn hafa skoðað það mál með eftirlitsstofnunina þá er það fjarri öllum sanni að fara að lýsa henni sem einhverri yfirþjóðlegri stofnun. Það er ekkert valdaframsal umfram þetta. Ég hef aldrei sagt annað en þetta: Það er ekkert valdaframsal í þessu fólgið umfram það sem felst í alþjóðlegum skuldbindingum samkvæmt hliðstæðum og fordæmum og er fólgið í því að slíkar alþjóðlegar skuldbindingar eru metnar sem sérreglur og hafa ákveðinn forgang að íslenskum rétti. (**ÓRG:** Er það líka lítt athugað hjá Gro að komast að sömu niðurstöðu?) Ég ætla ekki að kveða upp neina úrskurði hér og er ekki til þess hvort þessi mál líta eitthvað öðruvísi við gagnvart norsku stjórnarskránni enda snertir það ekki kjarna þessa máls. En að því er varðar t.d. túlkun á stjórnarskránni, af því að menn hafa verið að gera því skóna, þá segir svo í skýrslu utanrrh., frá því núna í lok seinasta þings: „Íslenska stjórnarskráin hefur, eins og framangreind dæmi bera með sér, verið túlkuð með tilliti til aukins samstarfs þjóða og þróunar á alþjóðavettvangi. Telja verður að þær hugmyndir sem varða valdsvið sameiginlegra stofnana á Evrópska efnahagssvæðinu falli innan ramma stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð fram að þessu."

Ég hef að sjálfsögðu rætt þetta mál við þá menn sem helst hafa verið nefndir hér til sem sérfræðingar. Ég hef engan mann, lögfræðing eða þjóðréttarfræðing, heyrt halda því fram að þessar skuldbindingar sem við nú höfum lýst kalli á einhverja breytingu á íslensku stjórnarskránni. Hvort því háttar eitthvað öðruvísi til í Noregi, ég vissi að svo var a.m.k., má vel vera.

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. komst svo að orði áðan að hann teldi mikilvægt að tiltrú milli manna héldist, hvort heldur er í stjórn eða stjórnarandstöðu, ekki síst í mikilvægum málum sem varða þjóðarhag. Ég get gert þessi orð hans að mínum og ég tek eindregið undir þau. Mér finnst það athyglisvert að hann sker sig úr að mörgu leyti sem stjórnarandstæðingur yfirlýstur, hann hefur í engu breytt þeirri skoðun sem hann fylgdi sem aðili að ríkisstjórn. Hann styður þessa samninga, hann vill að við náum þessum samningum, varaformaður Framsfl., að því tilskildu að þær forsendur sem lagðar voru haldi. Það þykir mér virðingarvert. Hann sagði hins vegar að formaður Alþfl. yrði nú að sitja uppi með það að honum hafi kannski þótt eitthvað óþægilegt hvernig stefna Alþfl. gagnvart Evrópubandalaginu var túlkuð af hálfu framsóknarmanna. Ég var ekki að tala þar neitt um óþægindi. Ég var að tala um óheiðarleika af þeirri einföldu ástæðu að það fór ekkert á milli mála hver stefna Alþfl. í þessu máli var. Þar stóð skýrum stöfum að Alþfl. útilokaði ekki aðild að Evrópubandalaginu enda væri gulltryggt að Íslendingar héldu óskoruðu forræði yfir auðlindum sínum, bæði orkulindum og fiskstofnum.

Það sem gerðist í kosningabaráttunni var náttúrlega það að þessi orð voru afflutt, rangtúlkuð og út úr þeim snúið. Og þau orð voru látin fylgja að samstarfsaðilinn, Alþfl., en vitað var að ekki hafði farið hnífurinn á milli samstarfsaðilanna af því að við vorum algerlega sammála um það hvernig á þessu máli var haldið, þar gegnir öðru máli um Alþb., hann var sakaður um að vera úlfur í sauðargæru. Hann var raunverulega af frambjóðendaskara Framsfl., sem tugir ef ekki hundruð dæma eru til um, sakaður um það að vera vargur í véum, sakaður um að vera ekki treystandi í helstu sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Allt var þetta að tilefnislausu, allt var þetta gert í þeim ómerkilega tilgangi að reyna að krækja sér í atkvæði með upplognum sökum á annan flokk, samstarfsflokk, og þetta var ómerkilegt athæfi. Sem betur fór var þessum áróðri öllum hnekkt og þeir sem honum beittu græddu ekki á því, það græddu aðrir á því. En málinu var unninn mikill skaði vegna þess að þetta gerði málið tortryggilegt að tilefnislausu, ástæðulausu. (**ÓRG:** Var allt satt sem þú sagðir um Sjálfstfl. í kosningabaráttunni?) Þetta er ástæðan fyrir því að við þurftum að skjóta lausu skoti fyrir bóginn á framsóknarmönnum í þessu athæfi þeirra. Og ég veit ekki til að við höfum farið að einu eða neinu leyti með rangt mál í því. Mér var ekki kunnugt um t.d. einhver dæmi frá 1977 eða 1981 um einhverjar formlegar viðræður við Evrópubandalagið um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Ef það eru staðreyndir þá er það eitthvað sem mér var ekki kunnugt um.

Virðulegi forseti. Það er eitt atriði enn sem rétt er að vekja athygli á að lokum. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti ræðu sem skar sig dálítið úr öðrum ræðum. Þar var farið með pólitíska orðaleiki og sett á svolítil sýning og menn krafðir svara við spurningum sem farið var fram með nokkuð geyslega. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson taldi að þetta einfalda nei sem ég gaf við retorík Ólafs Ragnars Grímssonar hefði verið eitthvað háskalegt. Það er mesti misskilningur. (**ÓRG:** Það var retorík sjútvrh.) Það er mesti misskilningur. Spurningin sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vildi beina til mín var þessi: Útilokar þú aðild að Evrópska efnahagssvæðinu ef því skilyrði er ekki fullnægt að við fáum tollfrjálsan aðgang fyrir sjávarafurðir, að tollar verði felldir niður af sjávarafurðum? Mitt svar var nei. Nú geta menn, sem þekkja kannski lítið til málsins, túlkað það eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fljótur að gera í sinni mælskulist sem einhverja stórmerkilega yfirlýsingu. En hafi ég einhvern tímann heyrt oftúlkun þá var það nú það, hv. þm. Vegna þess að á hvaða grundvelli ætlum við að meta hagsmuni Íslands, ávinninginn í samanburði við skuldbindingar eða óhagræði af aðild að Evrópska efnahagssvæðinu? Þar

er eitt mál öllum öðrum mikilvægara og það er þetta: Fyrrverandi ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn hafa báðar dregið línuna þar sem þær segja: Við munum ekki fallast á aðgang að auðlindinni fyrir tollaívilnanir eða niðurfellingu á tollum. Það er kjarni málsins. Það er hið mikilvæga í málinu. Þar er grunnlínupunkturinn dreginn.

Við vitum á þessari stundu út af fyrir sig ekki hvert tilboð Evrópubandalagsins verður. Það er hygginna manna háttur að gera ráð fyrir því að þeir gefist ekki upp við það sem er skuldbinding þeirra samkvæmt samningsumboðinu, sem er einfaldlega það að krefjast einhverra veiðiheimilda, jafnvel þótt þeir dragi eitthvað úr ýtrustu kröfum. Ef synjað er um veiðiheimildir þá er það viðleitni Evrópubandalagsins að leita eftir jafnvægi innan greinarinnar og að meta þá eitthvað minna þær tollaívilnanir sem væru í boði.

Þegar ég svaraði fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar á stundinni að við synjuðum þessari hugmynd, þessu óformlega tilboði, þá var það m.a. af þeirri einföldu ástæðu að aðgöngumiðinn sem við hefðum átt að borga, sem var 30.000 tonn í þorskígildum, var miklu, miklu hærra aðgönguverð en niðurfelling allra tolla á núverandi útflutningi Íslands. Tollamálið í þessu máli er nefnilega ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að þeir komist ekki hingað að auðlindinni. Það er kjarni málsins.

Við börðumst fyrir þeirri formúlu og komum henni inn í 15. gr. að þetta mál ætti ekki að semja um á grundvelli einhvers jafnvægisreiknings innan greinarinnar sjálfrar, heldur út frá heildarmati á hagsmunum allra aðildarríkja, út frá samningnum í heild. Þeir menn sem halda því fram að tollarnir sem íslenskur sjávarútvegur nú greiðir lendi, þegar seljendamarkaður er gildandi, nærri því allur á neytendum m.a. á saltfiskmörkuðum á Spáni, þeir eru þá ekki að græða neitt á niðurfellingu á tollum. Við borgum þá enga tolla eða hvað? Menn hafa verið að halda því fram hér að þetta sé svo. Þetta dæmi er dálítið öðruvísi.

Þar að auki er rétt að bæta því við að mitt svar, mitt einfalda nei-svar, við hv. þm. sem spurði var m.a. byggt á því að ég heyrði það á öllum hans málflutningi að hann hefur ekkert kynnt sér þessi mál af neinni alvöru frekar en skýrsluna sem fjmrn. gaf út í hans nafni. Spurningin var nefnilega þessi: Að fella niður tolla af sjávarútvegi. Þegar menn skoða tollskýrslurnar um það og tollskrárnúmerin um það þá væri krafa um að það yrðu felldir niður allir tollar af öllum tollskrárnúmerum allra sjávarafurða. Það hefur aldrei verið krafa okkar Íslendinga. Ég er ekkert sérstaklega að berjast fyrir því að tollar verði afnumdir á sumum þeim tegundum af fiski sem Norðmenn flytja út einir. Ég er ekkert að gera þá kröfu að tollnúmerin verði hreinsuð. Ég er að berjast við að fá afnumda tolla á tilteknum tegundum af fiskafurðum, ekki síst unnum fiskafurðum. Mér er ekkert mjög mikið í mun að Evrópubandalagið haldi áfram 0% tollum eða 2% tollum á ósunninn fisk þannig að við höldum áfram að flytja út hráefni í fiskvinnsluna þeirra, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Þetta nei-svar mitt var nefnilega að mjög vel yfirveguðu ráði. Málið er nefnilega dálítið flóknara en það. Það á ekki að svara svona spurningum út af fyrir sig með jái eða neii, það er alveg rétt. En retorík Ólafs Ragnars Grímssonar gerði ráð fyrir því að hann teldi sig hafa hankað utanrrh. með einhverjum hætti á þessu svari og ég hafði svo sem gaman af að leika leikinn með honum. En túlkun hans á því máli var öll önnur og gaf ekkert tilefni til þess. (**ÓRG:** Ég þarf að bera af mér sakir hér, það er alveg á hreinu.) Ég sé ekki að út af fyrir sig þurfi ég að svara frekar.

Ég tek undir með þeim sem hafa sagt að þessi langa umræða hafi að mörgu leyti verið fróðleg og hún hefur skýrt margt. Hún hefur alla vega leitt það í ljós að þetta mál er ekki einfalt og það er ekki svarthvítt, það er ekki verið að selja landið. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gaf þá afdráttarlausu yfirlýsingu hér, þótt annað hafi heyrst á þeim framsóknarmönnum í kosningabaráttunni, það er verið að selja fisk. Það er alveg ljóst. Það er verið að reyna að tryggja það að Ísland geti nýtt sér þann hag sem það fyrirsjáanlega getur haft af aðild sinni að þessum innri markaði. Það er ekki verið að afsala fullveldi Íslendinga og það er ekki verið að framselja löggjafarvald eða framkvæmdarvald í hendur yfirþjóðlegum stofnunum þótt ég geri ráð fyrir því að enn geti menn skoðað einhver álitamál. Hvað meina menn með tilfærslu valda á dómssviðinu? Þar geta menn lesið margar mismunandi skoðanir lagasérfræðinga, m.a. eina líka frá norskum prófessor sem skrifar mikla bók um það að engin alþjóðleg stofnun geti risið undir þeirri skilgreiningu að heita yfirþjóðleg stofnun.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. svaraði því miður ekki nægilega skýrt þeim spurningum sem ég bar fram fyrir hann áðan í fullri alvöru. Hann flutti nokkurn texta um dómstóla og lög sem flokkast undir það sem heita sjálfsagðir hlutir og er ekkert merkilegt við. Eins og t.d. það að þegar við höfum gerst aðilar að einhverjum alþjóðalögum þá túlki menn íslensk lög í samræmi við þjóðréttarskuldbindingar og slíkt geti haft forgang umfram aðra eða nýja íslenska löggjöf. Það er í sjálfu sér ekkert merkilegt við það og það er engin speki. Það er ekkert svar heldur við því sem ég var að tala hér um áðan.

Hæstv. ráðherra vék aðeins að dómstólum og sagði: „Það er þrennt sem dómstóllinn á að gera", ef ég tók rétt eftir. Það er í fyrsta lagi túlkun á EFTA-reglum eða EES-reglum. Í öðru lagi á hann að úrskurða í deilum milli ríkis og eftirlitsstofnunar, ég hygg að það sé rétt eftir haft. Í þriðja lagi á hann að úrskurða um samkeppnisreglur. Þegar um þessi mál hefur verið fjallað áður, m.a. í málflutningi þingmanna Framsfl., hefur ævinlega verið talað um þetta þannig að þessi dómstóll eigi að takmarka sig við samkeppnisreglur. Hv. 1. þm. Austurl. hefur aftur og aftur talað um að það sé allt í lagi ef um það er að ræða að svona dómstóll takmarki sig við samkeppnisreglur. Nú er það hins vegar ljóst að þessi dómstóll mun auðvitað koma víðar við sögu eins og hæstv. ráðherra rakti. Og hæstv. ráðherra

nefndi nokkur dæmi sem hann taldi vera hliðstæð, sem er algerlega fráleitt að bera saman, að mínu mati. Hann nefndi t.d. það að við hefðum gerst aðilar að norrænum samningum m.a. um skattamál og meðlagagreiðslur. Munurinn á þeim samningum og þessu er sá að hér er gert ráð fyrir því að dómstóllinn úrskurði í deilu á milli ríkis, þ.e. íslenska ríkisins, og eftirlitsstofnunarinnar, erlends aðila og fjölþjóðlegs aðila. Það er auðvitað reginmunur á því hvort um er að ræða slíka úrskurði eða einhver almenn norræn ákvæði um skyldur til meðlagsgreiðslna, svo þarft sem það nú er og brýnt eins og allir menn þekkja. Hér er því um algerlega ósambærilega hluti að ræða að mínu mati.

En það mikilvæga hins vegar sem hæstv. utanrrh. sagði svo að lokum í sinni ræðu var það og ég vil vekja athygli alls þingheims á, sem eftir lifir hér enn í þessum stólum, það er það: Það getur vel verið að menn vilji skoða nánar einhver álitamál í sambandi við þessa hluti. Þá er auðvitað komið að því sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi fyrr á þessum fundi að það er auðvitað nauðsynlegt að utanrmn. kembi álitamál af þessu tagi og geri það vandlega og átti sig nákvæmlega á því hvert menn eru að fara. Auðvitað kann það líka að vera svo að eitt og annað í þessum fræðum standist út af fyrir sig þau stjórnarskrárákvæði sem við eigum þótt það standist ekki norsku stjórnarskrána. Það stafar m.a. af því að okkar stjórnarskrá er að stofni til afar gömul. Norska stjórnarskráin hefur hins vegar verið endurnýjuð og endurskoðuð nokkrum sinnum á öldinni. M.a. var hún endurskoðuð í tengslum við umræður um hugsanlega aðild Norðmanna að Evrópubandalaginu á sínum tíma. Þá var sett inn 93. gr. sem ég var að vitna til áðan. En þó hún hafi verið sett inn við þær aðstæður í raun og veru til að opna, að ég segi ekki að teppaleggja, fyrir hugsanlegri aðild Noregs að Evrópubandalaginu, þá er hún samt þröskuldur núna í þessu EES-máli, sem hlýtur að vera athyglisvert umhugsunarefni.

Það er auðvitað alveg ljóst að í umræðum hér á Íslandi um það sem heitir yfirþjóðleg stofnun vantar margar blaðsíður og marga kafla. Og þar hafa ekki farið fram nægilega glöggar rannsóknir með hliðsjón af okkar lögum og hefðum og stjórnarskrá. Ég held að það sé nauðsynlegt að það verði gert og ég held að það sé alveg augljóst mál að hér hafa verið færð, m.a. af mér nú á þessari nóttu, fullgild rök fyrir því að það er ástæða til að spyrja spurninganna og fullgild rök fyrir því að það er rangt sem hæstv. utanrrh. sagði hér aftur og aftur fyrr í umræðunum, að það væri svo sem ekkert yfirþjóðlegt í þessu. Aftur og aftur kom það fram hjá ráðherranum, en svo er það ekki, hér er bersýnilega um það að ræða að það er verið að takmarka þann umsvifa- og valdsrétt sem grunnstofnanir okkar fullveldis hafa, án þess að það þýði fullveldisafsal eða alvarlega fullveldisskerðingu í heild. Það er ekkert slíkt uppi. Ég skora á hæstv. utanrrh. í þessu máli að sýna okkur, sem hér höfum verið að tala við hann, a.m.k. sanngirni og a.m.k. meiri sanngirni en mér fannst hann sýna hv. 1. þm. Austurl. hér áðan, fjarstöddum, þegar hann las yfir honum hér svar til Framsfl. sem ég er þó ekki sérstakur milligöngumaður fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Ég þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa mér að bera hér af mér sakir. Hæstv. utanrrh. sakaði mig um það að ég hefði farið hér með retorík og svar hans, hið umrædda „nei" sem hann gaf hér, hefði verið viðbrögð við þeirri retorík. Þetta er rangt hjá hæstv. utanrrh. Sá texti sem ég fór með var orðréttur frá hæstv. sjútvrh. Og „nei-ið" var svar við hæstv. sjútvrh. Sá langi kafli í ræðu hæstv. utanrrh. sem hann fór með hér áðan og sagði að væri svar við minni retorík var hins vegar svar til hæstv. sjútvrh. þótt hæstv. utanrrh. kysi að nota mitt nafn til þess að það væri ekki eins áberandi að hann var að deila í grundvallaratriðum við samráðherra sinn, hæstv. sjútvrh. og fyrrv. formann Sjálfstfl. Þess vegna er nauðsynlegt að það komi hér fram að það voru ekki sakir á mig sem hæstv. ráðherra var að svara heldur var það svar hæstv. utanrrh. til hæstv. sjútvrh. þar sem skýrt kom fram að hæstv. utanrrh. er í grundvallaratriðum ósammála því sem hæstv. sjútvrh. sagði hér sem höfuðatriði í sinni ræðu og þar með hefur staðfestst enn á ný grundvallarágreiningur innan þessarar ríkisstjórnar um höfuðatriði þess máls sem hér hefur verið rætt í dag og í nótt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og þá er þessari umræðu lokið. Svona til fróðleiks þykir forseta ástæða til að geta þess að hér hafa verið haldnar 30 ræður á um 11 klukkustundum, þannig að væntanlega hafa þetta orðið gagnlegar umræður.

SAMEINAÐ ÞING

4. fundur, þriðjudaginn 21. maí, kl. 8.30 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Á dagskrá þessa fundar er eitt mál, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana, sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu. Svo stendur á að ekki var unnt að afhenda þingmönnum eftirrit ræðunnar með þeim fyrirvara sem áskilinn er í þingsköpum, en í ljósi samkomulags þingflokkanna um hvenær þessi umræða færi fram verður leitað afbrigða til að málið megi á dagskrá koma. Jafnframt er fyrirhugað að halda umræðu um stefnuræðu forsrh. áfram á fundi í Sþ. á morgun kl. 2 miðdegis, en þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkri framhaldsumræðu í þingsköpum telur forseti eðlilegt að leita einnig afbrigða fyrir framhaldsumræðunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. allt að hálfri klukkustund til umráða og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl. talar auk Davíðs Oddssonar forsrh. Friðrik Sophusson fjmrh. í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., og Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð, en Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., í síðari umferð. Fyrir Alþfl. tala Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Eiður Guðnason umhvrh. í fyrri umferð, en Sighvatur Björgvinsson heilbr.- og trmrh. í seinni umferð. Af hálfu Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., og Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., í fyrri umferð en Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv., í þeirri síðari. Ræðumenn Samtaka um kvennalista verða Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., í fyrri umferð en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og talar af hálfu Sjálfstfl.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það er skammur tími síðan stjórnarskipti urðu í landinu. Því vil ég hefja mál mitt með því að þakka fyrrv. forsrh. og ráðherrum hans fyrir störf sem þeir unnu í þjóðarþágu.

Við ríkisstjórnarskipti verða eðli málsins samkvæmt ætíð nokkur skil og bersýnilegt er að þau skil verða við núverandi aðstæður meiri en stundum áður. Tveggja flokka ríkisstjórn tekur við af fjögurra til fimm flokka ríkisstjórn. Menn þekkja það af langri sögu að tveggja flokka stjórnir hafa jafnan verið stöðugri og minna tilefni verið til samfelldra samningafunda innan stjórna af því tagi heldur en margflokka stjórna. Þessi einkenni koma einnig fram við stjórnarmyndun, en í þessu tilviki náðist fljótt samkomulag um aðild flokkanna tveggja að ríkisstjórninni og samkomulag um knappa og kjarnyrta stefnuyfirlýsingu, þar sem lögð er línan í fjölmörgum málaflokkum, án þess þó að flokkarnir gangi þá götu sem margflokka stjórnir verða að ganga, að hefja langvinnar samningaviðræður þar sem smæstu atriði eru rædd og reifuð út í hörgul. Sagan sýnir að stjórnarsáttmálar af því tagi leiða sjaldnast til þess að verk þeirra ríkisstjórna sem þannig eru myndaðar verði jafnumfangsmikil og stjórnarsáttmálarnir.

Það var grundvallaratriði við þessa stjórnarmyndun að hér yrði meiri festa í stjórnarfari, en um leið yrði frjálsræði aukið á ýmsum sviðum þjóðlífsins, þá ekki síst hvað snertir atvinnumál landsmanna.

Ég hef þá trú að þessi ásetningur muni ganga eftir og skila góðum árangri. Þessi ríkisstjórn er vissulega reist á vilja til verka og samstarfs, en ekki eingöngu á því. Ég tel að stjórnarmyndunin sé rökrétt niðurstaða af úrslitum nýgenginna kosninga. Sjálfstfl. og Alþfl. fengu sameiginlega ríflegan meiri hluta á Alþingi. Afar góð reynsla er af samstarfi þessara tveggja flokka á árunum 1959–1971. Þótt það sé ekki markmið stjórnarflokkanna að endurtaka þá sögu, þá er ekki vafi á að á viðreisnarárunum höfðu þessir tveir flokkar meiri áhrif á íslenskt þjóðlíf en þeir hafa nokkru sinni haft fyrr eða síðar.

Það kom auðvitað fram í kosningabaráttunni að margt greinir á milli stefnu og hugsjóna Sjálfstfl. og Alþfl. En hinu er ekki að leyna að það kom jafnframt fram að sjónarmið þeirra áttu um þessar mundir meira sameiginlegt en gerðist með aðra flokka. Stjórnarflokkarnir leggja báðir áherslu á frjálslynda framfarastefnu í atvinnumálum sem sé til þess fallin að auka sameiginlegar tekjur þjóðarinnar og tryggt geti vaxandi kaupmátt launa á næstu árum. Flokkarnir undirstrika báðir það meginverkefni að rétta hlut þeirra sem höllum fæti standa og hjálpa þeim til sjálfshjálpar.

Ríkisstjórnin vill opna landið fyrir nýjum straumum, stefnum og hugmyndum og leggur höfðuáherslu á að íslenska þjóðin megi ekki einangrast, þótt hún verði á hinn bóginn að halda sjálfstæðri tilvist sinni, sjálfsvitund og ríkri virðingu fyrir þjóðlegum gildum. Ríkisstjórnin aðhyllist þau vestrænu viðhorf í atvinnumálum sem best hafa dugað þjóðum hins frjálsa heims og hafnar yfirlýsingum fyrrv. forsrh. um að slík viðhorf eigi ekki við á Íslandi.

Þegar kosningahríðinni slotaði og ný ríkisstjórn tók við störfum í landinu blasti við að mikill slaki hafði orðið á hagstjórn á fyrri hluta þessa árs. Þensla hafði grafið um sig og ógnaði stöðugleika þjóðarbúskaparins. Hún stafaði ekki síst af veilum í stjórn efnahagsmála sem kannski hefur átt rót í því að forustumenn þáv. ríkisstjórnar hafa ekki viljað láta falla bletti á þá glansmynd sem reynt var að draga upp af ríkisbúskapnum og kynnt kjósendum á kostnað þeirra sjálfra af hálfu fráfarandi fjmrh.

Þessi veikleiki birtist í margvíslegum myndum. Þar skiptir mestu máli aðhaldsleysi í ríkisfjármálum. Ríkissjóður var rekinn með miklum halla. Skuld hans við Seðlabanka í lok kosningamánaðarins hafði aukist um tæplega níu þúsund milljónir frá áramótum. Þetta er meiri skuldasöfnun á fyrri hluta árs en þekkst hefur dæmi um um langt árabil. Skuldasöfnun af þessu tagi leiðir til seðlaprentunar og hefur nákvæmlega sömu efnahagslegu afleiðingar og erlend lántaka ríkissjóðs.

Þegar nýir ráðherrar komu í ráðuneyti sín og þegar fjmrh. nýrrar ríkisstjórnar fór yfir stöðuna blasti við að afkoma ríkissjóðs á þessu ári yrði mun lakari en gefið hafði verið til kynna. Lánsfjáráform opinberra aðila höfðu aukist um 7 milljarða kr. frá fjárlögum, eða úr tæplega 24 milljörðum kr. í rúman 31 milljarð kr. Mikið gjaldeyrisútstreymi hafði orðið fyrstu mánuði ársins og innflutningur hafði aukist óeðlilega mikið.

Þessar upplýsingar gáfu til kynna að viðskiptahalli á árinu gæti orðið 12 til 16 milljarðar króna, samanborið við þá 9 milljarða sem Þjóðhagsstofnun hafði gert ráð fyrir áður. Vextir á lánamarkaði fóru hækk-

andi, en ríkisstjórnin hafði keypt sér frið frá því að horfast í augu við veruleikann með því að yfirdraga á reikning sinn í Seðlabanka í stað þess að lúta þeim kjörum sem aðrir urðu að sætta sig við á lánamarkaði.

Til viðbótar öllu þessu blasti við að sparnaðarvilji almennings fór minnkandi eins og glögglega kemur í ljós þegar bornar eru saman spár Seðlabanka um innlendan sparnað. Þær hafa lækkað um rúmlega 10 milljarða kr., úr 37–38 milljörðum kr. í 27 milljarða kr.

Þegar allir þessir þættir eru saman dregnir fer ekki á milli mála að alvarleg þensluhætta vofir yfir. Ríkisstjórnin hafði með öðrum orðum teflt í mikla tvísýnu því jafnvægi sem náðst hafði í þjóðarbúskap og byggðist á kjarasátt á vinnumarkaði og aðhaldssemi í hagstjórn.

Því er það óhjákvæmilega fyrsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar að auka aðhald í efnahagslífinu til að koma í veg fyrir að sú þensla sem grafið hefur um sig leiði til ört vaxandi verðbólgu og enn meiri viðskiptahalla.

Það fer ekki á milli mála og enginn getur velkst í vafa um það að hætta var á verðbólgubylgju og jafnvægisleysi í lok apríl, ef stjórnarmyndunartilraunir hefðu dregist vikum og mánuðum saman, eins og gjarnan hefur gerst í þessu landi. Þá hefði allt farið hér úr böndum. Reynsla okkar Íslendinga af þessum hættumerkjum er svo mikil að enginn okkar getur efast um niðurstöðuna. Sú reynsla gerir það að verkum að sérhver maður hafnar því að hér fari á ný verðbólguhrina af stað og allt á tjá og tundur í efnahagslífinu. Ef slíkt gerðist væri dregið úr líkum á nýrri sáttargjörð á vinnumarkaði og um leið mundu lakari lífskjör óhjákvæmilega fylgja í kjölfarið.

Það er mat ríkisstjórnarinnar að hæfilegar aðhaldsaðgerðir á sviði ríkisfjármála og peningamála muni duga til að koma á jafnvægi á ný í þjóðarbúskapnum og gera það mögulegt að varðveita forsendur kjarasáttar, ekki síst stöðugleika í gengi. Meginatriðið er að aðgerðin verki hratt og valdi sem minnstum skaða þegar til lengri tíma er litið. Segja má að í aðalatriðum komi einkum tvennt til álita. Annars vegar vaxtahækkun og hins vegar skattahækkun. Aðrar leiðir, svo sem niðurskurður útgjalda og sala ríkisfyrirtækja, krefjast lengri undirbúningstíma og eru hægvirkari, þótt átak í þeim efnum verði gert og muni veita aðgerðunum stuðning. Ríkisstjórnin hefur valið fyrri leiðina og leitast við að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs við Seðlabanka, þótt óhjákvæmilegt sé að þeirri leið fylgi tímabundin vaxtahækkun. Ríkisstjórnin hefur hafnað því að hækka skattana á landsmenn.

Vitanlega er vaxtahækkun við núverandi aðstæður neyðarúrræði. Vextir voru háir fyrir og eru að sjálfsögðu til þess fallnir að tefja endurbata í atvinnulífi og geta reynst mörgum aðilum þungbærir. En ríkisfjármálunum hefur verið komið í þessa stöðu og önnur leið er ekki fær. Ég vil reyndar fullyrða að það væri hreint ábyrgðarleysi að viðurkenna ekki nauðsyn þess að laga vexti af ríkisbréfum að því sem gerist á innlendum fjármagnsmarkaði. Það er hins vegar eitt mikilvægasta verkefni í hagstjórn á næstunni að tryggja forsendur fyrir lækkun vaxta á ný. Vaxtalækkun getur haft mikla þýðingu til að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í þjóðarbúskapnum að undanförnu. En sú vaxtalækkun verður að byggjast á efnahagslegum forsendum — ekki óskhyggju. Frjálsir vextir og fjármagnsmarkaður er undantekningarlaust sú regla sem gildir hjá öllum þjóðum sem Íslendingar bera sig saman við. Menn verða að horfast í augu við þá staðreynd að varanleg lækkun vaxta næst ekki fram án þess að halli á búskap hins opinbera sé minnkaður og lánsfjárþörf þess minnkuð um leið. Ríkisstjórnin lítur á þennan þátt og þetta markmið sem eitt hið mikilvægasta á því kjörtímabili sem nú er að hefjast.

Þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin grípur til verða kynntar í skýrslu fjmrh. sem lögð verður fram hér á Alþingi á morgun, miðvikudag. Þar kemur fram almennur samdráttur í lánsfjáráformum opinberra aðila og breyting á tilhögun húsnæðislána. Leitast verður við að ná sem víðtækastri samstöðu við fulltrúa launþega og vinnuveitenda um þessar aðgerðir.

Ríkisstjórnin hlaut að hefja feril sinn á varnarbaráttu af þessu tagi til að koma í veg fyrir að það úrræða- og aðhaldsleysi í efnahagsmálum sem fráfarandi ríkisstjórn ber fulla ábyrgð á og stöðva um leið uppvakningu þeirrar verðbólgu sem okkur finnst brýnast að halda í böndum.

Sú varnarbarátta á ekki að þurfa að standa lengi. Vörn má snúa í sókn svo hægt verði að hefjast handa um að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í íslenskum þjóðarbúskap. Viðreisn og efling efnahags hér á landi verður ekki síst að byggjast á tvennu: Í fyrsta lagi stöðugleika í efnahagslífinu og skipulagsbreytingum í hagkerfi í átt til aukins markaðsbúskapar. Í öðru lagi aðlögun að Evrópu framtíðarinnar. Þessi markmið einkenna ekki síst stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Flokkarnir hafa einsett sér að gera róttækar breytingar á skipulagi efnahagslífsins með það að leiðarljósi að auka verðmætasköpun og bæta lífskjör.

Hér eru boðaðar meiri breytingar en gerðar hafa verið í þessum efnum frá því að viðreisnarstjórn tók við völdum fyrir 30 árum og stigin voru fyrstu skref inn á braut frjáls markaðsbúskapar.

Á 20. öldinni hefur verið gerð mikil og afdrifarík tilraun í stjórnmálum veraldarinnar sem við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af. Þar er um að ræða kommúnismann, tilraun til að stökkva í einu vetfangi úr hefðbundnum ramma tilverunnar inn í framtíðarland þar sem allt sé skapað og skipulagt, áætlað og útreiknað. Þessi tilraun mistókst gjörsamlega. Menn brjótast jafnan úr viðjum hugmynda af þessu tagi. Þegar nánar er að gáð byggir áætlunarbúskapur kommúnismans á misskilningi á því hvað er í mannlegu valdi og sérstaklega á því hverju megi hrinda fram með aðstoð ríkisvaldsins.

Við minnumst sögunnar sem okkur var sögð í barnaskóla af Persakeisaranum sem lét flengja sjóinn með svipum vegna þess að sjógangur torveldaði stríðsáform hans. Þessi keisari skildi ekki hversu lítils maðurinn má sín gagnvart máttarvöldum og gagnvart hinum hörðu lögmálum sem um alla menn gilda.

Hin vestrænu viðhorf í stjórnmálum byggja á því að

stjórnvöld eigi ekki að hafa skoðun eða stefnu í hverju einasta máli, heldur láta einstaklingana í frjálsu samstarfi sín á milli ráða sem mestu. Hlutverk stjórnvalda sé að mynda og treysta þá umgjörð sem einstaklingarnir geti starfað innan en ekki að segja þeim fyrir verkum í hvívetna. Hófstilling og skilningur á eigin takmörkun hlýtur að vera aðalsmerki vestrænna stjórnmálamanna.

Ég hef þá trú að núv. ríkisstjórn sé mynduð með þá hófstillingu að leiðarljósi. Hún ætlar ekki að leysa hvers manns vanda og því síður ætlar hún að bjóða máttarvöldunum birginn, en hún ætlar að leitast við að gegna af trúmennsku því starfi sem íslenska þjóðin hefur fengið henni að vinna.

Í vísustúf eftir Pál Vídalín segir:

Forlög koma ofan að
örlög kringum sveima.
Álögin úr ýmsum stað
en ólög fæðast heima.

Þótt ríkisstjórn geti ekki hvers manns vanda leyst, þá hefur hún bolmagn til að fella úr gildi margvísleg ólög, skráð og óskráð, sem truflað hafa menn og torveldað í verðmætasköpun og viðskiptum. Núv. ríkisstjórn vill vinna vel í þessum efnum. Hin knappa stefnuyfirlýsing stjórnarinnar hefur verið prentuð og liggur frammi. Þar koma meginverkefni hennar fram. Í fyrsta lagi eru það ríkisfjármálin sem ég hef áður vikið að. Þau voru í miklu verri stöðu en fyrrv. fjmrh. hafði auglýst á kostnað skattgreiðenda í kosningabaráttunni. Ríkisstjórnin hafnar skattahækkunarleiðinnni, þó hún hljóti að viðurkenna að um sinn verði lítið svigrúm til skattalækkana eins og hugur stjórnarflokkanna hefur staðið til. Verður að skoða alla kosti til sparnaðar og útgjaldalækkana í sumar, allt þar til fjmrh. leggur fram frv. sitt til fjárlaga næsta haust.

Meginstefnan í fjármálum hins opinbera er skýr og kemur fram í stefnuyfirlýsingunni. Það verður að brúa bil milli útgjalda og tekna með lækkun útgjalda og frestun framkvæmda. Í annan stað með sölu fyrirtækja ríkisins og einkavæðingu og í þriðja lagi með því að taka í auknum mæli gjald fyrir þjónustu sem fyrirtæki og stofnanir á vegum hins opinbera veita.

Ríkisstjórnin mun leggja mikla áherslu á einkavæðingu og tilfærslu verkefna til einkaaðila, hvort heldur er með sölu opinberra fyrirtækja, útboði eða gjaldtöku fyrir þjónustu. Rökin fyrir einkavæðingu eru sterk. Með henni fær ríkissjóður fjárhagslegt svigrúm til ýmissa verka. En tekjur ríkissjóðs af einkavæðingu eru þó ekki aðalatriðið. Meira máli skiptir að það er óyggjandi reynsla síðustu áratuga að verðmætasköpun verður meiri þegar einkaaðilar taka ákvarðanir á eigin ábyrgð og á grundvelli eigin þekkingar en þegar slíkar ákvarðanir eru alfarið á hendi hins opinbera.

Það varðar líka miklu að fá fleiri aðila til að taka þátt í atvinnulífinu því þá verða borgararnir ábyrgari og ánægðari og meiri félagslegur stöðugleiki myndast. Valddreifing í efnahagsmálum er æskileg í sjálfu sér. Því vill ríkisstjórnin tryggja að eignarhlutur í þeim fyrirtækjum sem seld verða komist á hendur sem flestra. Hún vill gera sem flesta að beinum þátttakendum í atvinnurekstri og vill jafnframt sporna við hættu á einokun og hringamyndun. En ríkisstjórnin leggur ekki síður áherslu á það að þeir starfsmenn sem nú gegna störfum í opinberum fyrirtækjum sem einkavædd verða í framtíðinni megi treysta því að þeirra hagsmuna sé gætt í hvívetna.

Ríkisstjórnin vill í annan stað ná stöðugleika á vinnumarkaði sem óábyrg eyðslustefna fyrrverandi fjármálaráðherra var langt komin að eyðileggja fyrir síðustu kosningar. Það voru aðilar vinnumarkaðarins sem ekki síst áttu heiðurinn af þeirri sáttargjörð um kjaramál sem gerð var fyrir ári síðan. Sú hófsemi og ábyrgðarkennd sem einkenndi samningana eiga vafalaust rót í þeirri bitru reynslu, sem menn höfðu öðlast hér á landi, að krónutöluhækkanir sem ekkert er á bak við skila engu til launþega, aðeins verðbólgu, sem truflar og minnkar hagvöxt og eyðileggur raunverulegan grundvöll til kjarabóta.

Ríkisstjórnin sem farin er frá gerði atlögu að þessari þjóðarsátt með fjármálastefnu sinni undanfarna mánuði. Fyrrv. ríkisstjórn hækkaði vaxtastigið með eyðslu sinni og með því að soga til sín jafnmikla peninga og raun ber vitni, þótt hún frestaði fram yfir kosningar að skrásetja vextina. Það kom í hlut núv. ríkisstjórnar.

Þegar ríkisvíxlar liggja óseldir í stórum bunkum, þá er verð þeirra of hátt. Um það fá stjórnvöld litlu ráðið. Persakeisarinn sem nefndur var lét hirðmenn sína flengja sjóinn. Sumir talsmenn fyrrv. ríkisstjórnar báru sig líkt að við stjórnun vaxta- og peningamála. Í tengslum við peningamál er rétt að vekja sérstaklega athygli á því ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að kannaðir verði kostir þess að tengja íslensku krónuna við evrópska myntkerfið og stuðla þar með að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Sú hugsanlega tenging er til marks um þann ásetning ríkisstjórnarinnar að gera þau kjör sem íslenskir atvinnuvegir búa við sambærileg við það sem gerist í öðrum löndum. Ramminn í peningamálum hefur verið of veikur og óhjákvæmilegt er að styrkja hann.

Ríkisstjórnin mun leitast við að hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um þau skref sem stíga þarf til að koma aftur á raunverulegum stöðugleika í stað þess svikalogns ógreiddra kosningavíxla sem blöstu við eftir stjórnarskiptin.

Í þriðja lagi vill ríkisstjórnin leitast við að ná víðtækri sátt um stefnu í sjávarútvegsmálum. Mun Alþingi í fersku minni að þau lög um stjórn fiskveiða sem tóku gildi um síðustu áramót byggja á að þau verði endurskoðuð eftir tveggja ára tímabil. Þá munu menn fara yfir þá reynslu sem fengist hefur með núverandi skipulagi allt frá árinu 1984 og þeim hugmyndum sem verið hafa í þjóðfélaginu um breytingar á því. Það væri óskynsamlegt af Alþingi og ríkisstjórn að binda sig við mastrið með stefnu í sjávarútvegsmálum áður en þessi reynsla öll er fengin og áður en nægilegar umræður hafa átt sér stað með þjóðinni um þetta mikilvæga mál.

Ríkisstjórnin mun skipa sérstaka nefnd með fullu

jafnræði stjórnarflokkanna til að fara yfir þessa þætti og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar. Þeirri nefnd verður ekki sagt fyrir verkum sérstaklega, en þó hljóta nokkur atriði að liggja þar fyrir. Taka verður ríkt tillit til þess ákvæðis í lögum um stjórn fiskveiða að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar. Þetta grundvallarákvæði þarf að vera virkt. Það þarf þó alls ekki að gera með þeim hætti, og má ekki gera með þeim hætti, að líta megi svo á að íslenskur sjávarútvegur hafi þar með verið þjóðnýttur. Margir aðrir kostir eru tiltækir og koma til álita. Auðvitað kýs ríkisstjórn við þessa endurskoðun að taka sérstakt tillit til hagsmuna og sjónarmiða þess fólks sem við sjávarútveginn hefur starfað í öllum byggðum landsins. Kollsteypur á grundvelli misjafnlega umdeildra kennisetninga eru ekki forskrift að áliti og niðurstöðu í þessum efnum, þótt engri skoðun verði fyrir fram úthýst.

Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár.

Það er öllum mönnum ljóst að laga verður landbúnaðarframleiðsluna að markaðsaðstæðum innan lands. En það er líka ljóst að taka verður til rækilegrar endurskoðunar allt vinnslu- og dreifingarkerfi landbúnaðarvara. Að öðrum kosti er ekki raunhæft að ætla að fram muni nást lægra verð á landbúnaðarvörum til neytenda og í raun ekki heldur að bæta megi nægjanlega samkeppnisstöðu bænda. Við alla þessa endurskoðun verður að taka ríkt tillit til bændastéttarinnar um leið og ætlast er til þess af bændastéttinni eins og öðrum stéttum, einnig þeim sem fást við vinnslu búvöru og dreifingu, að hún leggi sinn skerf fram til þess víðtæka samkomulags sem er að myndast um sáttargjörð um sanngjörn kjör.

Fimmta meginverkefni ríkisstjórnarinnar snýr að iðnaðar- og orkumálum. Í þeim málum er rík og góð samstaða í núv. ríkisstjórn, ólíkt því sem var í hinni fyrri stjórn.

Það er afar mikilvægt að fram náist samningar um að álver rísi á Keilisnesi eins og verulegur meiri hluti þjóðarinnar vill. Álmálið á um þessar mundir sína ögurstund og viðræður um Atlantsál á viðkvæmu stigi. Okkar viðsemjendur hafa vitaskuld uppi kröfur í okkar garð varðandi mál sem þýðingarmikil eru fyrir lokaniðurstöðu í þessari samningsgerð. Með sama hætti eru að sjálfsögðu gerðar ákveðnar kröfur til að tryggja íslenska hagsmuni.

Ríkisstjórnin bindur vonir við að farsæl lausn náist í þessum efnum, þótt ljóst sé að til samninga af þessu tagi verði aldrei gengið með því hugarfari að þar sé um að ræða eina úrræðið sem íslenskt atvinnulíf hefur í náinni framtíð. Reyndar hafa nýjustu upplýsingar sýnt okkur að fjölmargar leiðir eru til og skemmri tími en menn höfðu haldið um nýtingu á því afli sem í fallvötnum landsins býr.

Ríkisstjórnin leggur einnig sérstaka áherslu á þátttöku landsins í hinu Evrópska efnahagssvæði. Ekki síst til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum. Það kemur ekki til greina af ríkisstjórnarinnar hálfu að gefa eftir forræði í íslenskri fiskveiðilögsögu í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum. Staða þessara samninga hefur nýlega verið til sérstakrar umræðu hér á þinginu. Utanrrh. hefur skýrt ítarlega frá því sem þar hefur verið að gerast og því ekki ástæða til að orðlengja um það frekar að þessu sinni.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef lagt áherslu á það í þessum orðum að núv. ríkisstjórn mun leitast við að ná sátt um helstu stefnumál, markmið og leiðir. Hún verður ódeig til átaka en seinþreytt til vandræða. Það er bjargföst sannfæring okkar að þjóðinni sé betur komið í sátt og samlyndi en heiftarlegum átökum. Auðvitað skiptir máli hver er niðurstaða sérhverrar sáttargerðar. Við viljum ekki ná sáttum í málum sáttarinnar vegna, heldur ná fram raunverulegri sáttargjörð sem menn trúa á og treysta og hver maður getur notað til afreka á sínu sviði. Tómas Guðmundsson, skáldið góða, segir í bálki sínum „Heim til þín, Ísland" sem ortur var í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar:

> Því frelsið eitt er háski og hefndargjöf
> án bróðurþels til allra og alls er lifir
> en samhugur er vegur vorrar giftu.

Þetta eru orð að sönnu. Samhugur er vegur vorrar giftu, lítillar þjóðar sem hlýtur að berjast fyrir tilveru sinni á hverjum degi og bera í brjósti frelsisþrá og bróðurþel.

Ég þakka áheyrnina.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Um leið og sjálfsagt er að þakka hæstv. forsrh. fyrir stefnuræðu hans hlýt ég að lýsa vonbrigðum. Ég gerði, eins og ég hygg flestir Íslendingar, ráð fyrir því að fá nú loksins að heyra stefnu Sjálfstfl. Við leituðum mikið að henni fyrir kosningar. Ég hætti að vísu þegar Reykjavíkurbréf upplýsti um það bil tveimur vikum fyrir kosningar að Sjálfstfl. gengi stefnulaus til þeirra. Reyndar upplýsti blaðið jafnframt að það þyrfti að fræða almenning í landinu áður en stjórnmálaflokkar gætu lýst stefnu. Líklega er ekki búið að fræða almenning nóg í landinu.

Ég varð hins vegar undrandi að sjá þar afar lítið af stefnumálum Alþfl. því að formaður Alþfl. lýsti með hárri raust í kosningabaráttunni aftur og aftur að Alþfl. hefði stefnu í sérhverju máli. Reyndar gaf Alþfl. út stefnuskrá upp á, hygg ég, 55 síður. M.a. var það eitt í stefnu Alþfl. að taka skyldi upp búvörusamninginn og það átti að spara ríkissjóði þá ef ég man rétt u.þ.b. 5 milljarða kr. Þetta er ekki að finna í stefnuræðu hæstv. forsrh. Þvert á móti ætlar Sjálfstfl. og ríkisstjórnin þar með að byggja á því samkomulagi sem hefur orðið með bændum og launþegum í landinu. Og ef ég þekki hæstv. landbrh. rétt þá er hann ákveðinn í að standa á þeim samningi. Alþfl. lýsti því einnig að nú ætti að taka upp nýja stefnu í sjávarútvegsmálum. Nú ætti að hefja sölu veiðileyfa. Ekki er heldur að finna það í stefnuræðu forsrh. Þvert á móti segir að það eigi nú að

fara að lögum og eigi að skipa nefnd til endurskoðunar á sjávarútvegsstefnunni, eins og að sjálfsögðu allir gerðu ráð fyrir, og læra af þeirri reynslu sem hefur fengist. En við höfum heyrt það hjá hæstv. sjútvrh. að hann telur ekki koma til greina að hefja sölu á veiðileyfum og fögnum við því.

Hvar eru þá stefnumið Alþfl.? Þetta voru tvö þau stefnumið sem alþýðuflokksmenn töldu standa í vegi fyrir því að unnt væri að mynda hér á landi nýja félagshyggjustjórn. Þeir töldu útilokað að ná samkomulagi við Framsfl. og Alþb. um þessi tvö mikilvægu mál. Við fengum að vísu afarlítið að heyra af heiðursmannasamkomulaginu sem gert var í Viðey. Við þekkjum bara einn lítinn anga þess, þ.e. flutning á landgræðslu og skógrækt yfir til umhvrn. en við höfum líka fengið að heyra að þar hafi hæstv. utanrrh. lagt of mikið í heiðursmannaorðin.

En er þá ekkert í stefnuræðu hæstv. forsrh. sem unnt er að ræða um? Jú, það er það. Hæstv. forsrh. flengdi sjóinn eins og þingmenn Persakeisara í leit að sökudólg. Hann var að leita að sökudólg fyrir því sem hann sér hættulegt fram undan á ferli frjálshyggjunnar. Og hann kennir fyrri ríkisstjórn um það sem hann óttast svo sannarlega og með réttu að kunni að gerast. Hann dró upp ansi dökka mynd af viðskilnaðinum. Þó er það nú staðreynd að Þjóðhagsstofnun birti aðeins örfáum vikum fyrir kosningar nýja þjóðhagsspá. Og það sem kom fram í þjóðhagsspá þeirri var: Að afkoman væri, ef nokkuð, betri en Þjóðhagsstofnun hafði áður talið. Að verðbólgan væri jafnvel um eða innan við 5% á 12 mánaða grundvelli. Að vöruskiptaafgangur væri meiri en Þjóðhagsstofnun hafði áður talið og þannig gæti ég haldið áfram að telja.

Það er vissulega alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að nokkur þenslumerki voru og var aldrei farið leynt með það. Enda er það að sjálfsögðu ekkert nýtt í íslensku efnahagslífi. Það hafa ætíð verið afar miklar sveiflur í íslensku efnahagslífi. Og við höfum nýlega gengið í gegnum einhvern mesta samdrátt sem við Íslendingar þekkjum í tvö til þrjú ár. En við erum núna á uppleið. Fyrri ríkisstjórn var að sjálfsögðu ljóst að þegar sá vinningur kæmi þá yrði vitanlega að draga úr ýmsum þáttum og þannig að draga úr þenslunni. Fyrri ríkisstjórn hefði hins vegar ekki dottið í hug að gera það með því að brjóta þjóðarsáttina. Og því miður, og ég harma það, að núv. ríkisstjórn hefur kastað inn stríðshanskanum með þeirri vaxtahækkun sem nú hefur verið ákveðin.

Að sjálfsögðu eru fjölmargar aðrar leiðir til að draga úr þenslu en að hækka vexti. Og reyndar hygg ég að hækkun vaxta sé einhver sú versta leið sem ríkisstjórn getur fundið upp á. Það var leiðin sem því miður var farin árið 1987 og leiddi til gjaldþrots flestra útflutningsfyrirtækja í landinu. Menn verða í þessu sambandi að gera sér grein fyrir því hve skuldsett íslensk fyrirtæki eru. *Þau þola ekki háa vexti.*

Vitanlega varð og á að draga úr eftirspurn eftir fjármagni á lánamarkaðnum og eðlilegasta leiðin í þessari stöðu sem nú er er að draga úr framboði húsbréfa. Útlán til húsnæðiskerfisins jukust frá árinu 1988–1989 á verðlagi ársins 1991 úr rúmum 9 milljörðum í um 16 milljarða. Og það þarf að draga úr því eins og ástandið er nú. Sömuleiðis á vitanlega að krefja Seðlabankann um aðhald að bankakerfinu í landinu, m.a. að breyta innlánsvaxtakerfinu eins og það er nú og draga úr vaxtamun. Þannig má vitanlega rekja fjölmargt annað sem má gera til að draga úr þenslu. Og við framsóknarmenn munum við þessa stöðu alls ekki leggjast gegn því að draga úr ríkisútgjöldum ef með því er ekki verið að kasta fyrir róða mikilvægum þáttum velferðarkerfisins.

Ég sagði áðan að því miður hefði hæstv. ríkisstjórn kastað stríðshanskanum. Hæstv. forsrh. lýsir í ræðu sinni — það er ein af vestrænu kenningunum, líklega ein af þeim sem ég á að vera svo mikið á móti — þar segir nú að ríkisstjórnin eigi ekki að hafa stefnu og skoðun. Já, það er rétt ég er á móti þessari kenningu þó ég fylgi nú kannski flestum öðrum ef þær eru aðlagaðar að íslenskum staðháttum.

Er það ætlun ríkisstjórnarinnar, ég spyr, að hafa ekki skoðun á nýrri þjóðarsátt? Er það ætlun hæstv. nýrrar ríkisstjórnar að taka ekki þátt í gerð nýrrar þjóðarsáttar? Ég vek athygli á því sem formaður VSÍ sagði á aðalfundi VSÍ: „Ríkisstjórnin fyrri átti afgerandi þátt í því að þjóðarsáttin tókst.“ Og formaðurinn sagði líka: „Fyrri ríkisstjórn stóð við hvert einasta atriði sem hún lofaði.“ Ég viðurkenni að mér þótti vænt um að heyra þetta frá Einari Oddi.

Þessi ríkisstjórn hefur brotið eitt af mikilvægustu atriðum þjóðarsáttarinnar, lækkun vaxta. Það var grundvallaratriði í samningum á milli vinnuveitenda og launþega. Og launþegar gengu sérstaklega hart í þessu *máli*, m.a. með viðræðum við bankakerfið í landinu. Ég spyr því: Hvernig ætlar núv. hæstv. ríkisstjórn að ná þeim trúnaði sem nauðsynlegur er hjá launþegum og verkalýðshreyfingunni í landinu til að hún geti átt afgerandi þátt í gerð nýrrar þjóðarsáttar? Ætlar hún enga fyrirhyggju að sýna í þeim málum? Ætlar hún að kasta því öllu fyrir róða? E.t.v. er þetta mikilvægasta spurningin sem spurt verður í dag. Því á svari við þessari spurningu og meira en á svari, á framkvæmdum mun velta hvort hér tekst að varðveita þann mikilvæga stöðugleika sem fyrri ríkisstjórn kom á og viðurkenndur er af allri þjóðinni að vera einsdæmi um áratuga skeið. Jú, jú, það segja allir: Þeim stöðugleika má ekki glata. Það vantar ekki. Það segir hæstv. forsrh. Það segja allir hv. sjálfstæðismenn. En með því sem nú hefur verið gert hefur honum í raun, óttast ég, verið fórnað.

Ég óska þessari ríkisstjórn sannarlega þess að betur fari heldur en nú horfir. Ég óska þessari ríkisstjórn þess þjóðarinnar vegna að það takist að varðveita stöðugleikann og takist að varðveita friðinn. Við framsóknarmenn munum í þessu skyni reka mjög málefnalega baráttu hér á þingi og utan. Við framsóknarmenn höfum ákveðið að skipa málaflokka í alla mikilvægustu flokkana. *Við munum skipa málsvara fyrir þá* málaflokka og við munum afla okkur upplýsinga innan og utan þings til þess að geta tekið ábyrga afstöðu til allra mála sem frá ríkisstjórninni koma en einnig undirbúið okkar eigin mál í samráði við þá sem við

fáum til samstarfs utan þings. Við væntum þess að við getum þannig lagt gott til mála. Við munum gagnrýna harðlega það sem við teljum afvega fara hjá hæstv. ríkisstjórn, en við munum styðja það sem hún kann gott að gera. Því miður eru fyrstu sporin ekki vænleg.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Nýjar ríkisstjórnir eiga rétt á því í upphafi síns starfsferils að fá tíma og tækifæri til að meta stöðuna og koma stefnu sinni á framfæri. Slíkt svigrúm viljum við framsóknarmenn gefa þeirri nýju ríkisstjórn sem hér hefur tekið við völdum. En það svigrúm hefur hún hins vegar nýtt illa á fyrstu starfsdögunum. Lítið hefur sést eða heyrst um stefnumótun en tíminn verið notaður til að draga upp ranga mynd af viðskilnaði fyrri ríkisstjórnar sem alþjóð veit þó að einkenndist af efnahagslegum stöðugleika og þjóðarsátt á vinnumarkaði.

Nú höfum við hlýtt á stefnuræðu hæstv. forsrh. Það verður að segjast um þann lestur að þar var fátt bitastætt. Í raun er aðeins eitt atriði sem stendur eftir og hin nýja ríkisstjórn hefur sett sér að ná fram nú þegar, en það er að hækka vextina í landinu með alvarlegum afleiðingum fyrir einstaklinga og atvinnulíf og þrátt fyrir harðorð mótmæli frá samtökum launafólks sem telja að með þessu sé verið að rjúfa þjóðarsáttina. Skattabreytingum er hafnað, sem þó væri hægt að nota til að jafna lífskjörin, en í þess stað er nýjum álögum velt á herðar launþeganna, þyngstum á þá sem skulda mest, með stóraukinni vaxtabyrði sem einnig mun bitna harkalega á atvinnulífinu.

En þarf það að koma nokkrum á óvart þegar til valda kemst ríkisstjórn sem að meiri hluta er studd af fulltrúum fjármagnseigendanna í landinu að fyrsta aðgerðin sé að hækka vexti? Ég held varla. Og þarf það að koma nokkrum á óvart þó stefnuræðan sé innihaldslaus þegar hún byggir á svo lítilfjörlegu plaggi sem stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er?

Þar segist ríkisstjórnin m.a. ætla að ná markmiðum sínum með því:

Í fyrsta lagi að ná sáttargjörð um sanngjörn kjör. Fyrsta skrefið í þeirri sáttargjörð er að hækka vextina og rjúfa þjóðarsáttina.

Í öðru lagi að móta sjávarútvegsstefnu en þar segir hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson að byggt verði á þeim grunni sem lagður hefur verið og telur jafnframt mjög mikilvægt að ekki sé verið að hlaupa úr einu kerfinu í annað á fárra ára fresti.

Í þriðja lagi að móta landbúnaðarstefnu en um það hefur hæstv. landbrh. Halldór Blöndal sagt að framkvæmd verði sú stefna sem mótuð var sameiginlega af fyrri ríkisstjórn og samtökum bænda og að ekki verði hróflað við þeim verkefnum sem í dag falla undir landbrh. við sérstakan fögnuð hæstv. umhvrh. svo sem alþjóð veit.

Í fjórða lagi með uppskurði á ríkisfjármálum og lækkun ríkisútgjalda en þar er öllu slegið á frest og engar hugmyndir kynntar eða settar fram í stefnuræðunni.

Hér er fátt nýrra tíðinda, enda varla von þar sem Sjálfstfl. gekk til kosninga án nokkurrar stefnu eða afstöðu til einstakra málaflokka og tilburðir Alþfl. við að láta að sér kveða með kröfum um breytingar eru hlægilegir því kröfurnar eru allar blásnar af jafnóðum af ráðherrum Sjálfstfl.

Og þarf það að koma nokkrum á óvart þó stefnan sé ómótuð og starfsáætlunin hvorki háreist né skýr þegar staðið er að stjórnarmyndun með þeim hætti sem gert var að þessu sinni?

Tveir menn sigldu út í Viðey í kastljósi fjölmiðlanna. Sýndarmennskan í fyrirrúmi. Annar með það að markmiði að komast í ríkisstjórn hvað sem tautaði til að réttlæta formannsskipti í flokki sínum. Hinn undir þeim formerkjum að ekki væri hægt að vinna lengur með fyrrverandi samstarfsmönnum í ríkisstjórn, þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar hans sjálfs um ágæti þeirrar ríkisstjórnar.

Formennirnir tveir í Viðey tókust í hendur og gerðu með sér svokallað heiðursmannasamkomulag, sem nú þegar er komið í ljós að var ekki heiðursmannasamkomulag og að ummæli um ákveðin atriði væru misskilin og oftúlkuð. Formennirnir sögðu samstarfið byggt á trúnaði og trausti en ekki málefnum. Trúnaðinn og traustið sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur í blaðaviðtali líkt við ást og kærleika getur svo hver ráðherra og þingmaður túlkað að eigin vild á sinn hátt.

Nú þegar hefur komið í ljós að eitthvað skortir á í ástaratlotum forsrh. og sjútvrh. og ekki virðist mikill kærleikur ríkja milli landbrh. og umhvrh.

Nei, sannleikurinn er sá að núverandi stjórnarmunstur var undirbúið fyrir kosningar þó nýliðarnir á framboðslistunum fyrir norðan og austan, nýliðarnir í þingflokki Alþfl., vissu ekki um þau ástar- og kærleiksatlot. Þeir sögðu, bæði á framboðsfundum og í fjölmiðlum, að leggja bæri áherslu á áframhaldandi samstarf félagshyggjuflokkanna. Þeir vissu ekki að búið var að leggja drög að samstarfi við Sjálfstfl. fyrir kosningar, þar sem arkitektinn var Jón Sigurðsson, hæstv. iðnaðar- og viðskrh. Þeir hafa trúlega ekki heldur vitað að Alþfl. hefur aðra stefnu á Reykjanesi en fyrir norðan og austan eða að þeir sitja á Alþingi í umboði kjósenda flokksins í Reykjavík og á Reykjanesi. En þetta kemur allt skýrt fram í grein í Alþýðublaðinu 23. apríl sl. sem fyrrv. aðstoðarmaður Jóns Sigurðssonar skrifar, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþýðuflokkurinn boðaði það aldrei í kosningabaráttunni að hann stefndi að áframhaldandi samstarfi við Framsóknarflokkinn og Alþýðubandalagið. Töluðu hv. þm. gegn betri vitund?“ Og síðar í sömu grein: „Það er sérstaklega eftirtektarvert að fylgisaukning flokksins varð mest á Reykjanesi þar sem stefnu flokksins í mikilvægustu málum var einarðlegast haldið á lofti. Yfirgnæfandi hluti kjósenda Alþýðuflokksins er nú á Reykjanesi og í Reykjavík. Það er í krafti atkvæða þessara kjósenda sem flokkurinn hefur þingmenn af landsbyggðinni.“

Það er ekki von að mikið sé gert með yfirlýsingar eða vilja slíkra þingmanna. En það er nauðsynlegt fyrir kjósendur Alþfl., sem þrátt fyrir allt voru nokkrir

fyrir norðan og austan, að hafa þetta hugfast.

Ríkisstjórnin tekur við góðu búi af fyrrv. ríkisstjórn. Verðbólga hefur ekki verið lægri um árabil. Vextir hafa lækkað og afkoma fyrirtækja batnað. Nú var lag til að leita leiða til að skila þessum bata til launþega í auknum kaupmætti með nýrri þjóðarsátt. Þá setur ríkisstjórnin allt í uppnám með vaxtahækkunum þannig að fyrirtækin munu nú skila afkomubatanum til fjármagnseigendanna en ekki launþeganna. Verðlag mun hækka. Launþegar munu krefjast kjarabóta. Verðbólgan mun fara á fulla ferð á ný. Forsendur fyrir nýrri þjóðarsátt bresta.

Til að draga athyglina frá þessum staðreyndum og afleiðingum fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar er reynt að gera mikinn hávaða út af slæmri stöðu ríkissjóðs og til að þurfa ekki að standa við gefin fyrirheit um skattalækkanir. Vissulega er talið að útgjöld ríkissjóðs fari allnokkuð fram úr fjárlögum að óbreyttu. Það eru staðreyndir hins vegar sem öllum áttu að vera ljósar vegna ákvæðanna í lánsfjárlögum og fyrirheita viðbótarútgjalda á fjáraukalögum. Auk þess má nefna að viss áform um sparnað náðu ekki fram að ganga hjá fyrrv. ríkisstjórn, m.a. vegna andstöðu Alþfl. Niðurskurður er boðaður en ekkert tilkynnt hvar hann á að bitna.

Því spyr ég: Á að hætta við að lagfæra fjármál Byggðastofnunar? Á að hætta við Vestfjarðagöng? Á að hætta við smíði á nýrri Vestmannaeyjaferju eða á e.t.v., þrátt fyrir allar yfirlýsingar, að hverfa frá ákvæðum nýgerðs búvörusamnings um fjárframlög til kaupa á framleiðslurétti?

Við framsóknarmenn erum reiðubúnir til að leita leiða til sparnaðar og hagræðingar í ríkisútgjöldum og teljum nauðsynlegt að gæta fyllsta aðhalds á því sviði. Það sýndum við í síðustu ríkisstjórn, m.a. í þeim kostnaðarsama málaflokki sem ég fór með. Ég fullyrði að þar náðist umtalsverður sparnaður á mörgum sviðum, m.a. með samstarfi og samkomulagi við heilbrigðisstéttir en í öðrum tilvikum ekki, m.a. vegna andstöðu í ríkisstjórn eða á þingi.

Ég beitti mér fyrir auknu samstarfi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sem talið er að geti leitt til sparnaðar upp á mörg hundruð milljónir króna. Þar börðust sjálfstæðismenn, innan og utan þings, gegn nauðsynlegum lagabreytingum. Ég lagði fram hugmyndir um sparnað og hagræðingu í lyfjadreifingu sem Alþfl. stöðvaði svo ekki reyndi á andstöðu Sjálfstfl. í því máli. Ég lagði fram hugmyndir um sparnað og tilfærslu innan almannatryggingakerfisins svo það gæti betur þjónað því hlutverki sínu að styðja þá sem þurfa á aðstoð samfélagsins að halda. Einnig þar strönduðu breytingar á samþykki Alþfl.

Virðulegi forseti, góðir tilheyrendur. Við framsóknarmenn munum veita nýrri ríkisstjórn harða en málefnalega stjórnarandstöðu. Við erum tilbúnir til að styðja hana til góðra verka en munum berjast af fullri hörku gegn því að henni takist á örfáum vikum að sundra þeim stöðugleika og því jafnvægi sem fyrri ríkisstjórn tókst að koma á.

Ég þakka áheyrnina.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að loknum kosningum komst þingflokkur Alþfl. að þeirri niðurstöðu að framlenging fyrrv. stjórnarsamstarfs mundi ekki duga til að mynda starfhæfan meiri hluta á Alþingi. Ástæðurnar voru m.a. þessar:

Í þingflokki Alþb. er hörð andstaða við nýtingu orkulindanna í samstarfi við erlenda aðila og þar með við samningana um Atlantsál. Samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði eru þar í flokki einnig látnir sæta fordómum sem endurspegla skilningsleysi á samtíð og framtíð. Tilboð formanns Alþb. um að draga hv. þm., þá Steingrím J. Sigfússon og Hjörleif Guttormsson, hlekkjaða á á höndum og fótum inn í væntanlegt stjórnarsamstarf þótti naumast sæmandi, svona af mannúðarástæðum. Heilsteypt stjórnarsamstarf getur naumast átt líf sitt undir pólitískum samviskuföngum af því tagi.

Framsfl. var hins vegar hlekkjaður við úrelta landbúnaðarstefnu og bundinn við stjóra kvótakerfis. Hann léði ekki máls á því að gera virka 1. gr. kvótalaganna, sem við jafnaðarmenn leiddum í lög og lýsir fiskstofnana við strendur Íslands sameign þjóðarinnar, eins og rækilega kom fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Þetta þarf að gera til þess að tryggja það að arðurinn af sameigninni geti í framtíðinni runnið til eigenda sinna.

Samstarf fyrrv. stjórnarflokka var gott framan af. Fyrrv. hæstv. forsrh. gat sér gott orð fyrir samningalipurð við að setja niður deilur, en undir yfirborðinu vöktu hin stóru ágreiningsmál. Þau biðu lausnar eftir kosningar, álmálið, samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið, búvörusamningur og búvörulög, kvótakerfi og ríkisfjármál.

Ríkisfjármálin reyndust vera Akkillesarhællinn eins og komið er á daginn. Þar tókst aðeins að halda aftur af útgjaldaþenslunni um skeið. Því miður skorti pólitíska samstöðu um að ráðast að rótum meinsins. Því verkefni verður ekki lengur slegið á frest ef varðveita á stöðugleika og festu í íslensku efnahagslífi. Þess vegna m.a. var núv. ríkisstjórn mynduð.

Alþb. sýndi að þar fór flokkur sem bæði gat og þorði eins og þeir sögðu í kosningabaráttunni. Þorði að breyta ríkissjóði í kosningasjóð Alþb. og kaupa sér þannig fyrir annarra fé 1% fylgisaukningu sem að sjálfsögðu átti að marka söguleg tímamót eins og flest annað sem þeir taka sér í munn um þessar mundir.

Frambjóðendur Alþb. lögðu sig alla fram um að gera samningana um Atlantsál og Evrópska efnahagssvæðið tortryggilega. Svavar Gestsson hv. þm. lýsti kosningarnar þær seinustu sem fram færu í sjálfstæðu ríki áður en stjórn innlendra mála færðist til Brussel.

Formaður Alþb. lýsti Atlantsálssamningunum við pappírsverksmiðju. Það skyldi þó ekki vera að einmitt þessi pappírsverksmiðja eigi eftir að mala okkur gull, skapa hundruð nýrra hátekjustarfa, koma í veg fyrir atvinnuleysi og landflótta og rjúfa kyrrstöðu og innleiða nýtt vaxtarskeið í íslensku atvinnulífi? M.a. þess vegna var ný ríkisstjórn óhjákvæmileg.

Virðulegi forseti. Rifjum upp samhengið milli

stefnumála Alþfl. fyrir kosningar og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar eftir kosningar. Það er sérstakt tilefni þar sem hæstv. fyrrv. forsrh. lýsti eftir því. Við sögðum það meginverkefni nýrrar ríkisstjórnar að varðveita stöðugleikann í efnahagslífinu og skapa þannig skilyrði fyrir nýju vaxtarskeiði í atvinnulífi til þess að standa undir bættum lífskjörum. Við svöruðum því hvernig ætti að rjúfa þessa kyrrstöðu og stöðnun í atvinnulífinu með því að afnema leifar hafta og einokunar í atvinnulífi og viðskiptum. Með því að virkja vannýttar orkulindir og láta þær mala okkur gull. Með því að skapa ný og arðbær störf og auka gjaldeyristekjur. Með því að tryggja hindrunarlausan aðgang fyrir unnar sjávarafurðir á Evrópumörkuðum án veiðiheimilda í íslenskri lögsögu í staðinn. Með því að arðurinn af sameign þjóðarinnar, fiskstofnunum, skili sér í hendur þjóðarinnar sem heildar. Með því að efla fiskmarkaði sem mundu draga úr átökum milli byggðarlaga um takmarkað hráefni, gefa innlendri fiskvinnslu kost á því að bjóða í þetta hráefni á jafnréttisgrundvelli við útlendinga, mundu auka sérhæfingu og vinnsluvirði í þeirri grein. Með því að breyta úreltri landbúnaðarstefnu með það að markmiði að lækka verð á landbúnaðarafurðum sem er báðum í hag, bændum og neytendum.

Á vettvangi ríkisvaldsins lögðum við á það áherslu að standa bæri vörð um heilstætt húsnæðislánakerfi sem stærsta hagsmunamál fjölskyldnanna í landinu og að ný ríkisstjórn yrði að lýsa sig reiðubúna til þess að stuðla að jöfnun lífskjara með aðgerðum í skatta- og félagsmálum.

Öllum þessum stefnumálum hefur verið til skila haldið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er gagnrýnt að hún er stutt, já kosningabaráttan var stutt. Stjórnarmyndunin tók skamman tíma og stefnuyfirlýsingin sjálf er stutt en kjarnyrt. Það má kannski minna hv. þm. á það að ræða Þorgeirs Hávarssonar á Alþingi, sú hin frægasta á íslenska tungu, var stutt, en hún hefur staðist betur tímans tönn en margar leiðinlegar doktorsritgerðir.

Virðulegi forseti. Á morgun mun hæstv. fjmrh. leggja fyrir Alþingi skýrslu sína um ástand og horfur í ríkisfjármálum við stjórnarskiptin. Því miður staðfestir hún að ríkisfjármálin voru, eins og ég áður sagði, Akkillesarhæll fyrrv. ríkisstjórnar. Staðreyndirnar eru þessar:

Rekstrarhalli ríkissjóðs verður því miður ekki 4 milljarðar heldur stefnir í milli 9 og 10 milljarða kr. Lánsfjárhalli ríkissjóðs verður því miður ekki 6 milljarðar heldur stefnir í yfir 13 milljarða. Lánsfjárhalli opinbera geirans í heild stefnir ekki í 23 milljarða heldur í 34 milljarða eða 11 milljarða umfram áætlun við samþykkt fjárlaga. Innlendur sparnaður sem átti að nýtast til þess að fjármagna hallann hefur skroppið saman úr 38 milljörðum samkvæmt upphaflegri áætlun í 26 milljarða. Allur innlendur sparnaður hrekkur ekki til að fjármagna lánsfjárþörf opinbera geirans samkvæmt þessu ástandi. Sala ríkisvíxla og spariskírteina ríkissjóðs umfram innlausn er neikvæð frá fyrra ári sem svarar 6,6 milljörðum. Til þess að mæta versnandi greiðsluafkomu og vaxandi lánsfjárþörf nemur yfirdráttur ríkissjóðs hjá Seðlabanka yfir 9 milljörðum. Seðlaprentunin á fyrstu mánuðum ársins hefur vaxið um 6 milljarða. Viðskiptahallinn stefnir í að verða tvöfalt meiri en áður var spáð eða 16–18 milljarðar í staðinn fyrir 8–9 milljarðar.

Þessar staðreyndir tala því miður sínu máli. Þær ættu að duga til þess að setja reykskynjarana af stað áður en verðbólgubálið brýst út þannig að ekki verði við ráðið. Mér þykir miður að fyrrv. hæstv. fjmrh. sem framan af reyndi vissulega og lagði sig fram um að skila árangri skyldi hafa fallið í þá freistni fyrir kosningar að fegra þessa mynd umfram það sem veruleikinn heimilar. Það stoðar hins vegar ekki að koma fram eftir kosningar þegar skaðinn er skeður og ásaka aðra menn um að grafa undan stöðugleika, festu og framtíð þjóðarsáttar. Núv. ríkisstjórn er staðráðin í því að kæfa þennan verðbólgueld við upptökin áður en hann nær að læsa sig um þjóðfélagið allt.

Verkefnið er tvíþætt: Annars vegar að örva aftur innlendan sparnað og draga þar með úr neyslu og innflutningi. Hins vegar að lækka ríkisútgjöld, fresta framkvæmdum og falla frá lánsfjáráformum ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Það verður t.d. gert með því að spretta upp lánsfjárlögum. Fyrirsjáanlegur lánsfjárhalli ríkissjóðs og annarra opinberra aðila verður lækkaður um 10 milljarða. Þetta verður gert m.a. með tímabundinni hækkun vaxta, með því að draga úr fjárþörf gamla húsnæðislánakerfisins, sem hæstv. fyrrv. forsrh. mælti með hér áðan, og loka því endanlega áður en það kemur Byggingarsjóði ríkisins á hausinn. Með almennum aðhaldsaðgerðum í fjármálum ríkisins og sérgreindum aðgerðum til þess að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera. Öllu er þessu nánar lýst í skýrslu fjmrh. sem lögð verður fyrir Alþingi á morgun.

Virðulegi forseti. Þeir sem vilja gagnrýna núv. ríkisstjórn fyrir boðaðar viðnámsaðgerðir, eins og t.d. hæstv. fyrrv. forsrh. gerði hér áðan, beina mótmælum sínum held ég á rangt heimilisfang. Nauðsyn viðnámsaðgerða er óumdeild. Því til staðfestingar nægir að leiða fram tvö vitni. Hið fyrra er fyrrv. fjmrh. sem í átjándu og seinustu fréttatilkynningu sinni 29. apríl sl. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ljóst er að takmarka verður útgjöld og auka tekjur vegna óumflýjanlegra nýrra útgjaldatilefna og fyrirsjáanlegs tekjutaps."

Í viðtali við Þjóðviljann þann 9. maí sl. segir hæstv. fyrrv. fjmrh. einnig: „Auðvitað gat komið til greina að hreyfa vexti ríkisvíxlanna eitthvað upp á við."

Að sjálfsögðu er það rétt athugað hjá honum að binding vaxta var ekki þáttur af þjóðarsátt.

Efnahagsráðgjafi fyrrv. fjmrh. Már Guðmundsson hnykkir betur á skoðun yfirboðara síns þegar hann segir í Morgunblaðsgrein 19. maí sl.:

„Það er ljóst að hvaða ríkisstjórn sem tekið hefði við eftir kosningar hefði gripið til aðgerða af þessum sökum."

Þetta eru svör við spurningum hæstv. fyrrv. forsrh. um vexti. Það var mat fjmrh. að það væri nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Ég skil vel ótta manna við það að

tímabundin hækkun vaxta, sem á að leiða til þess að örva sparnað og draga úr eyðslu, geti fest í vaxtaskrúfu og víxlgengi hækkana. En svo er hæstv. viðskrh. fyrir að þakka að opnun fjármagnsmarkaðarins, sem er orðinn hlutur og þakka ber fyrrv. ríkisstjórn, kemur í veg fyrir að bankar og aðrar lánastofnanir geti til lengdar haldið uppi hærra vaxtastigi en tíðkast í helstu viðskiptalöndum. Atvinnulífið jafnt sem opinberir aðilar munu einfaldlega svara því með því að leita þá eftir fjármögnun á erlendum mörkuðum. Þetta þýðir einfaldlega að Íslendingar geta ekki framar látið eins og þeir séu einir í heiminum. Þeir verða eins og aðrar þjóðir að beygja sig undir þann sjálfsaga að hafa jöfnuð í ríkisbúskapnum og jafnvægi á fjármagnsmarkaðinum ef við ætlum ekki að grafa undan stöðugleika í gengi og hagstjórn. Viðnámsaðgerðum núv. ríkisstjórnar er því ekki beint gegn framhaldi þjóðarsáttar, heldur eru þær beinlínis nauðsynleg forsenda þess að framlengja megi sáttargjörð um sanngjörn kjör á grundvelli batnandi afkomu fyrirtækja og aukinnar verðmætasköpunar í samkeppnishæfu atvinnulífi. Og að því er varðar þá sem segja að þeir óttist aukna greiðslubyrði vaxta vegna hinna lægst launuðu þá vil ég taka það fram að svo er einnig að þakka fyrrv. ríkisstjórn að við komum á tekju- og eignatengdu vaxtabótakerfi sem þýðir að fjölskyldur með undir meðaltekjum munu fá vaxtahækkanir ýmist endurgreiddar af fullu, fjölskyldur með fjölskyldutekjur allt að 150 til 170 þús. kr. á mánuði, eða að mjög verulegu leyti.

Virðulegi forseti. Þessa dagana er togast á um það milli forustumanna launþega og atvinnurekenda hver skuli vera hlutdeild launþega í spám um batnandi viðskiptakjör. Fyrir þá okkar í röðum launþega sem leggjum höfuðáherslu á að bætt afkoma fyrirtækja og viðskiptakjarabati nýtist til þess að hækka laun hinna lægst launuðu er vert að staldra við þessa spurningu.

Viðskiptakjarabatinn skýrist af tvennu. Annars vegar lægra innflutningsverði en spáð hafði verið sem við höfum öll notið nú þegar í formi lægra vöruverðs. Hins vegar birtist batinn í hærra útflutningsverði sjávarafurða. Hluti verðhækkunarinnar hefur þegar verið tekinn út fyrir sviga í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þar sem hann getur nýst til tryggingar bættum kjörum hinna lægst launuðu í nýjum kjarasamningum. 20% aukning innflutnings á fyrstu fjórum mánuðum ársins, 70% aukning bílainnflutnings, aukning útlána bankakerfisins langt umfram innlán til þess að fjármagna neyslu bendir til þess að viðskiptakjarabatinn, aukinn kaupmáttur, hafi þegar skilað sér til hinna best settu. Sú trygging sem felst í bættri afkomu fyrirtækja og viðskiptakjarabata getur því aðeins skilað sér til hinna lægst launuðu að um það verði samið í næstu kjarasamningum. Það er að mínu mati brýnasta verkefni launþegasamtakanna í komandi kjarasamningum. En núv. ríkisstjórn er reiðubúin til þess, sbr. stefnuyfirlýsingu hennar, að stuðla að slíkri jöfnun lífskjara með aðgerðum á sviði skatta og félagsmála.

Virðulegi forseti. Ef við lítum til framtíðar þá eru það tvö mál sem gnæfa nú hæst í íslenskri þjóðmálaumræðu. Annars vegar álsamningarnir og hins vegar samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði. Við höfum þegar hér á hinu háa Alþingi sl. fimmtudag tekið langa og ítarlega umræðu um það mál. Þeir samningar eru nú á lokastigi. Það hefur ekkert breyst í grundvallaratriðum frá tíð fyrrv. ríkisstjórnar þegar ekki komst hnífurinn milli mín og hæstv. fyrrv. forsrh. við mótun stefnunnar í því máli.

Auðvitað látum við fara fram vandað áhættumat að því er varðar þetta mál og við kaupum ekki þessa samninga hvaða verði sem er. Aðalatriðið er það að þessi ríkisstjórn eins og sú fyrri mun aldrei semja um aðgang að auðlindinni sjálfri fyrir samninga. Vinningsvonin er hins vegar mikil. Að fá tollfrjálsan aðgang að 380 milljóna markaði fyrir unnar sjávarafurðir getur orðið ný lyftistöng fyrir fiskvinnsluna á Íslandi, mun beinlínis skapa henni nýtt vaxtarskeið. Um þetta á ekki að vera ágreiningur. Hins vegar hafa menn reynt að búa hér til hræðsluáróður um að það sé ekki verið að selja fisk heldur verið að selja Ísland. Því fer víðs fjarri. Það liggur alveg ljóst fyrir að í þessum samningum felst ekkert framsal á löggjafarvaldi, ekki á framkvæmdarvaldi og ekki heldur á dómsvaldi umfram það sem við getum sætt okkur við þegar um er að ræða gerðardóma gagnvart alþjóðlegum samningum.

Ég vara við þessum hræðsluáróðri. Ég vara við því að spilla samstöðu um slíkt stórt hagsmunamál þjóðarinnar með svo ódrengilegum hætti. Ég minni á að það var fullkomin samstaða um það í fyrrv. ríkisstjórn af hálfu fyrrv. forsrh. og fyrrv. fjmrh. þegar við í frægum sjónvarpsþætti andmæltum skoðunum manna sem héldu því fram að það að gera samninga um Evrópskt efnahagssvæði væri það sama og að ganga inn í Evrópubandalagið. Það er jafnvitlaust nú og það var þá. Í Evrópska efnahagssvæðinu er fullkomin samstaða um allar ákvarðanir. Þar er enginn beittur meirihlutaákvörðunum. Þar er ekki um að ræða tollabandalag með sameiginlegum ytri tollum. Við erum ekki að afsala fullveldi á nokkurn máta.

Virðulegi forseti. Það er ástæðulaust fyrir íslensku þjóðina að horfa til framtíðarinnar með kvíða. Í einhverju fegursta og bjartsýnasta ástarkvæði sem ort hefur verið á íslenska tungu segir Guðmundur Kamban:

> Gegn svo mörgu sem guð þeim sendir
> menn gera kvíðann að hlíf.
> Og kvíða svo því sem aldrei hendir
> og enda í kvíða sitt líf.

Megi það hlutskipti aldrei verða okkar dugmiklu þjóðar.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Góðir tilheyrendur. Undanfarnar vikur hefur hin pólitíska atburðarás á Íslandi verið venju fremur hröð. Í kjölfar stuttrar kosningabaráttu komu stuttar stjórnarmyndunarviðræður og í gær þegar ný ríkisstjórn hafði starfað í þrjár vikur var aðeins mánuður frá kosningum.

Þið heyrið það á ræðum stjórnarandstæðinga hér í kvöld, góðir áheyrendur, að þeim svíður sárt og þeir eru næstum grátklökkir af reiði sumir hverjir. Þeir eru

ekki bara sárir heldur eru þeir liggur mér við að segja súrir yfir því hvernig komið er. Og yfir hverju eru þeir súrir? Kannski helst segir mér svo hugur um yfir því að vera nú ekki lengur ráðherrar. Þið munuð heyra það þegar formaður Alþb. kemur hér í ræðustól á eftir. Þetta er auðvitað mannlegt en það er ykkar að dæma um það hvort það er stórmannlegt. Það er annar handleggur.

Stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar er ekki löng en *langlífi og dugur ríkisstjórna hafa oftar en ekki verið* í öfugu hlutfalli við lengd stefnuyfirlýsingar. Í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar segir að lífskjör skuli jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er hæstur. Ríkisstjórnin hefur nú samþykkt tillögur iðnrh. um auknar niðurgreiðslur á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis þannig að um 11% lækkun verður á kostnaði vísitölufjölskyldunnar á hinum svokölluðu köldu svæðum sé miðað við algengasta taxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þá er kominn til framkvæmda fyrsti áfanginn af þremur úr tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar frá í vetur. Báðir núv. stjórnarflokkar lofuðu í kosningabaráttunni að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er hæstur. Þetta er nú verið að efna. Þetta er lífskjarajöfnun í framkvæmd og mikið hagsmunamál íbúa landsbyggðarinnar sem allt of margir búa við allt of háan hitunarkostnað.

Í þessu nýbyrjaða stjórnarsamstarfi hefur það komið í hlut Alþfl. að fara með umhverfismál. Það er í senn mikilvægt og vandasamt verkefni að vernda og verja það sem þessi þjóð á sér dýrmætast, landið sjálft, *náttúru þess og viðkvæmt lífríki. Fjölmiðlar fluttu okkur* um helgina fregnir af skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskólans. Þar var spurt um mikilvægustu verkefni nýrrar ríkisstjórnar. Umhverfisvernd var þar efst á blaði, ofar öllum öðrum verkefnum hjá þorra svarenda. Þetta eru ekki aðeins góð og gagnmerk tíðindi heldur gætu þetta verið vatnaskil í umhverfismálum á Íslandi. Sú vakning sem orðið hefur í umhverfismálum víða um lönd, sú bylgja umhverfis- og gróðurverndar sem hátt hefur risið um álfur hefur nú ekki aðeins náð hingað heldur hefur hún náð til næstum allra landsmanna. Og þessi skoðanakönnun er ekki aðeins ábending eða leiðbeining, hún er annað og meira. Hún er krafa til nýrrar ríkisstjórnar um að sinna umhverfismálum og ekki síst gróðurvernd af kostgæfni og gera það betur en gert hefur verið til þessa.

Þessi skoðanakönnun sýnir líka annað og ekki síður merkilegt, nefnilega það að verðmætamat er að breytast. Hreint og hollustusamlegt umhverfi eru lífsgæði sem skipta miklu og á mikils að meta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lýst að *styðja skuli einstaklinga og félög í baráttu gegn* landeyðingu og fyrir gróðurvernd. Lög á að setja um eignarhald á orkulindum og almenningum og um afnotarétt almennings. Þá er það og stefna ríkisstjórnarinnar að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi um mengunarvarnir og verndun lífríkis sjávar. En hér þarf fleira að koma til og ég nefni nokkur meginmál úr ítarlegri kosningastefnuskrá Alþfl. sem við hljótum að vera sammála um að stefna að.

Það verður að setja löggjöf þar sem meginreglan er sú að lausaganga búfjár verði ekki leyfð. Við eigum hiklaust að stefna að því marki í áföngum að um aldamót eða jafnvel fyrr heyri lausaganga búfjár á Íslandi sögunni til. Þetta er stórmál. Þetta verðum við að gera til að hlífa landinu, stöðva ofbeit og eins til að minnka slysahættu. Við verðum að auka ræktun örfoka lands, hlífa viðkvæmum stöðum og náttúruminjum, gera átak í frárennslismálum gegn fjörumengun, bæta meðferð úrgangs og auka endurvinnslu. Þar eru miklir möguleikar ónýttir. Stofna byggðasamlög um sorpeyðingu er nái til allra þéttbýlissvæða og koma á skilagjaldi af ökutækjum. Tryggja fullkomnar mengunarvarnir jafnt í stóriðju sem í smáiðju. Í stóriðju eins og gert verður í væntanlegu álveri á Keilisnesi. Við eigum líka að gera það að lagaskyldu að umhverfismat framkvæmda fari ævinlega fram áður en framkvæmdir hefjast. Við eigum líka að taka upp og staðfesta hina alþjóðlegu mengunarbótareglu að sá borgar sem menguninni veldur eða úrganginn skapar.

Umhverfismál eru mál sem varða okkur öll. Þau varða alla menn alls staðar. Þau varða kannski mestu þá sem á eftir okkur koma, komandi kynslóðir. Við berum ábyrgð gagnvart þeim. Sú ábyrgð felst ekki aðeins í því að varðveita það sem okkur hefur verið trúað fyrir heldur líka skila betra landi til þeirra sem á eftir okkur koma.

Umhverfismál eru mál sem sérstaklega höfða til unga fólksins og samstarf á þeim vettvangi er sannarlega tilhlökkunarefni. Það er líka brýnt að leggja *áherslu á það að umhverfismál eru landsbyggðarmál* því þau taka til landsins alls, jafnt í byggðum sem óbyggðum. En fyrst og síðast eru umhverfismálin mál okkar allra hvort sem við erum ung eða aldin. Þau eru mál okkar allra vegna þess að landið og tungan eru dýrmætust sameign þessarar þjóðar.

Góðar stundir.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Hvað á að segja um þessa stefnuræðu sem var flutt hér í kvöld? Stefnuræðu sem forsrh. ætlaði aldrei að flytja en varð að gera það þegar stjórnarandstaðan benti honum á það að samkvæmt landslögum yrði ríkisstjórnin að tilkynna þinginu stefnu í upphafi þings. Eða hvað á að segja um þá afsökunarræðu sem formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., flutti hér áðan? Ræðu þar sem hann var enn á ný, þrátt fyrir síðurnar tvær sem komu í Viðey, þrátt fyrir að engin svör voru í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar, þá var utanrrh. enn á ný að reyna að sannfæra okkur um það að Alþfl. hefði fengið hin skýru svör í stefnu þessarar ríkisstjórnar. Skýru svörin í sjávarútvegsmálum, í landbúnaðarmálum, í umhverfismálum, í álmálinu og um Evrópska efnahagssvæðið.

Hver eru skýru svörin? Sjútvrh. sagði strax á fyrstu dögum þessarar ríkisstjórnar að það yrði ekki breytt um stefnu. Og hann hefur bætt um betur. Hann hefur ráðið helsta verndarengil óbreytts ástands í sjávarútvegsmálum sem aðstoðarmann sinn í sjútvrn. og fors-

rh. kemur hér í kvöld og segir á sinn hæverska hátt að ný stefna í sjávarútvegsmálum verði sett í nefnd. Og landbúnaðarmálin? Jú, hæstv. landbrh. hefur sagt hvað eftir annað að hann ætli að virða búvörusamninginn, búvörusamninginn sem Alþfl. gerði hróp að vikum og mánuðum saman og utanrrh. nýkominn í land í Viðey sagði: Þessi ríkisstjórn hefur orðið sammála um að taka fjóra milljarða út úr þessum búvörusamningi. En hæstv. landbrh. Halldór Blöndal segir nei, það verður ekkert tekið út úr honum, kannski bætt í hann fyrir bændur. Og það sem meira er. Forsrh. segir í stefnuræðu ríkisstjórnar Alþfl. hér í kvöld að markmið og verkefni ríkisstjórnarinnar sé að framkvæma, hæstv. utanrrh., þín eigin ríkisstjórn, að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem stjórnvöld og bændur sömdu um á síðustu árum. Eða með öðrum orðum, verkefni þessarar ríkisstjórnar er að framkvæma þá stefnu sem Steingrímur J. Sigfússon mótaði. Hvílíkt komplíment fyrir Steingrím J. Sigfússon og okkur í Alþb. En hvílíkt háð fyrir Alþfl. og formann hans sem hefur gert það að lífshugsjón sinni að breyta þessum búvörusamningi.

Hið sama gildir auðvitað líka um Landgræðsluna og Skógræktina, heiðursmannasamkomulagið í Viðey. Og forsrh. sagði einnig hæverskur að það væri oftúlkun á sínum heiðri. Og Evrópska efnahagssvæðið? Hver var það sem mótaði skýra stefnu hér í umræðunum á Alþingi um Evrópskt efnahagssvæði? Það var ekki hæstv. utanrrh. Nei, það var hæstv. sjútvrh. sem tók af skarið hér í umræðunum og sagði skýrt að stefna ríkisstjórnarinnar væri að Ísland gengi ekki í inn Evrópskt efnahagssvæði ef ekki fengist tollfrjáls aðgangur fyrir okkar fisk. En utanrrh. kallaði hér í salnum: nei, nei, það er ekki stefnan, en sjútvrh. sagði: víst, það er stefnan.

Það sama sagði formaður utanrmn. um álmálið. Hver var það sem hæddi iðnrh. mest á undanförnum mánuðum? Það var núv. hæstv. forsrh. Hver var það sem sagði í Morgunblaðinu viku eftir viku að það væri ekkert að marka yfirlýsingar hæstv. iðnrh. í álmálinu? Það var ekki ég. Það var ekki Hjörleifur Guttormsson. Það var ekki Steingrímur J. Sigfússon. Það var Davíð Oddsson, stjórnarmaður í Landsvirkjun. Maðurinn sem þú hefur nú gert að forsrh. Íslands. Og hvað segir hann þegar iðnrh. er að reyna að segja þjóðinni að það séu miklar líkur á því að nú náist samningur. Þá segir forsrh.: Nei, það eru svona kannski helmingslíkur.

Hvílík hirð sem Alþfl. er kominn inn í með sín stefnumál. Hvílíkur sigur fyrir Alþfl. Hvað er það sem Alþfl. hefur fengið fram? Nánast ekki neitt. Ekki í stefnumálunum, ekki í ráðuneytunum. Og hvað er þá nýtt í þessari ríkisstjórn? Er það kannski formúlan? Formúlan um sterka manninn, nýja leiðtogann í Sjálfstfl. sem hægt væri að semja við á dagstund úti í Viðey og fara svo í land og allt væri klárt. Er það þessi formúla sem á að koma í veg fyrir það, hæstv. utanrrh., að þú endurtakir ömurleikasöguna frá 1988 og þurfir að yfirgefa Sjálfstfl. á síðdegi og koma aftur til okkar í Alþb. og Framsfl. og biðja okkur að hjálpa þér aftur? Er það kenningin um sterka manninn í Sjálfstfl.?

En hvernig er kenningin um sterka manninn í Sjálfstfl. í framkvæmd? Þegar Davíð Oddsson lofaði Alþfl. í Viðey að Alþfl. fengi sjútvrn. þá sagði þingflokkur Sjálfstfl.: Nei, hann fær ekki sjútvrn. Þegar hæstv. forsrh. vildi líka láta hann fá dóms- og kirkjumrn. þá sagði þingflokkur Sjálfstfl.: Nei, hann fær ekki dóms- og kirkjumrn. Og þegar Alþfl. vildi fá Skógræktina og Landgræðsluna og forsrh. var búinn að lofa því þá sagði þingflokkur Sjálfstfl.: Nei, hann fær ekki Skógræktina og Landgræðsluna. Og þegar hæstv. forsrh. ætlaði að gera vin sinn Björn Bjarnason að formanni utanrmn. til að þóknast utanrrh. þá sagði meiri hluti þingflokks Sjálfstfl.: Nei, hann fær það ekki.

Staðreyndin er nefnilega sú að Davíð Oddsson er strax á fyrstu vikum þessarar nýju ríkisstjórnar áhrifaminni í þingflokki Sjálfstfl. en Þorsteinn Pálsson var á sínum tíma. Það er þess vegna ekki furða þó þúsundir sjálfstæðismanna um allt land séu farnir að sakna Þorsteins Pálssonar.

Svo koma þeir hér í kvöld forsrh. og utanrrh. og segja: Ja, það eru ríkisfjármálin. Það eru þessi voðalegu ríkisfjármál. Og það var það skemmtilega í ræðu utanrrh. hér í kvöld að ég var bæði skúrkurinn og aðalvitnið um ágæti þess sem utanrrh. var að segja. Fyrst sagði hann í nokkrar mínútur að ég væri aðalskúrkurinn og svo las hann upp texta eftir mig til að segja hvað ég hefði nú á réttu að standa. Hæstv. utanrrh., viltu ekki gera það upp við þig hvort ég er skúrkurinn eða aðalvitnið?

Og forsrh. blessaður, sem er nú enn að læra og við skulum fara mjúkum höndum um það, sagði hér í ræðu sinni í kvöld að þegar nýir ráðherrar komu í Stjórnarráðið þá hefðu þeir allt í einu komist að því, m.a. fjmrh., að það hefðu verið 7 milljarðar í einhverjum nýjum heimildum, voðaleg uppgötvun, svakaleg tíðindi. En hverjir eru þessir 7 milljarðar? Jú, hæstv. forsrh., þeir voru allir afgreiddir hér í salnum í vor. Þeir voru allir afgreiddir hér í mars þegar þingmenn Sjálfstfl. voru hér í salnum og ráðherrar Alþfl. Það er ekkert nýtt í þessum tölum. Ekki neitt sem ekki var í lánsfjárlögum og í heimildagreinum fjárlaga. Það er kannski ekki von að borgarstjórinn í Reykjavík hafi fylgst með því. En allir hinir hefðu átt að vita það.

Svo er það þessi voðalega staða ríkissjóðs við Seðlabankann. Staðreyndin er nú sú að ríkissjóður hefur á fyrstu þremur mánuðum þessa árs verið rekinn nákvæmlega samkvæmt þeirri áætlun sem var í fjárlögum. Það eru aðeins tvenn frávik. Það fyrsta er að við borguðum allt framlagið til Lánasjóðs ísl. námsmanna í febrúar, en þá þarf ekki að borga það seinna á árinu og svo hins vegar það að við urðum að borga víxil upp á rúman milljarð sem Jóhanna gat ekki borgað.

Auðvitað er hægt að setja fram spár. Það er fullt af mönnum í fjmrn. sem setja fram spár og það eru 50 menn sem vinna hjá Ríkisendurskoðun við að setja fram spár. Ég fékk líka spá í ágúst 1989, hæstv. utanrrh., þú manst vonandi eftir því, ég kom með hana inn í ríkisstjórnina, að ef ekkert yrði að gert mundi hallinn á árinu 1990 verða 15 milljarðar. En við vorum í verkhæfri ríkisstjórn. Við vorum í ríkisstjórn sem á

fjórum vikum bjó til ný fjárlög. Við vorum í ríkisstjórn sem þorði að taka ákvarðanir og taka á málunum og niðurstaðan varð sú að hallinn varð innan við 5 milljarðar. En nú er ekki tekið á málunum. Nú er bara sagt voða voða og gefnir út spádómar. Og forsrh. kemur hér í kvöld og segir: Jú það á að skera niður ríkisútgjöldin en ekki núna, ekki í sumar, seinna, kannski. Enginn veit hvenær.

Hvar eru nú allar tillögurnar frá hæstv. utanrrh. um niðurskurð ríkisfjármála? Hvar eru fjáraukalögin sem ætti að koma með hér inn í þingið? Hvar er vitnisburðurinn um það að hér sé verkhæf og sterk ríkisstjórn? Það er ekki nóg að tala, hæstv. utanrrh. Við vorum í ríkisstjórn sem framkvæmdi, sem þorði og gat og náði þeim árangri, sem fyrrv. forsrh. lýsti ágætlega, að hér tókst í fyrsta skipti í 30 ár að skapa ástand sem stóðst samanburð við það besta í hagstjórn á Vesturlöndum. Þjóðarsátt sem byggðist á því að verðlaginu væri haldið niðri. Launin þróuðust með ákveðnum hætti. Vöxtunum yrði haldið niðri.

En hvað er það sem ríkisstjórnin gerir? Hún hækkar vaxtagólf alls hagkerfisins með spariskírteinunum um 30% í dag. Það jafngildir 30% tekjuaukningu til fjármagnseigenda á Íslandi. Þróun vaxta spariskírteina úr 6% í 8%, 30% kaupaukning fyrir fjármagnseigendur. Á sama tíma er verið að deila við launafólkið um það hvort það fái 2,5% hækkun vegna bættra viðskiptakjara sem þó var lofað og undirritað í febrúar að yrði gert. Það eru hrein svik, hæstv. fjmrh., ef þessi ríkisstjórn stendur ekki við þau fyrirheit að greiða launafólki í landinu fulla hlutdeild sína í viðskiptakjarabatanum.

Vaxtaskrúfan gamla, kenning Sjálfstfl. og Seðlabankans er tekin við og raunvextirnir í bankakerfinu verða komnir upp í 10–11% eftir fáeinar vikur því það er ekki halli ríkissjóðs sem skapar þetta vandamál þó að vissulega þurfi að taka á honum. Ég hef aldrei leynt því að það þurfi að taka á honum og flutti um það langar ræður hér þegar ég mælti fyrir síðustu fjárlögum, hæstv. fjmrh., hvernig ætti að taka á honum og því getur þú flett upp í þingtíðindum.

Staðreyndin er sú að þessi ríkisstjórn er á fyrstu vikum sínum að splundra þjóðarsáttinni. Staðreyndin er sú að þessi ríkisstjórn hefur skipt þjóðinni upp í tvær fylkingar. Annars vegar er valdakerfi Sjálfstfl. og fjölskyldnanna fjórtán og hins vegar er fólkið í landinu. Það er hlutverk Alþb. nú og á næstu mánuðum að safna því liði félagshyggjufólks og jafnaðarmanna sem vill bjóða þessari ríkisstjórn byrginn. Og við segjum við alla þá sem kusu Alþfl. í góðri trú en vildu áfram félagshyggju í þessu landi: Við munum leita eftir samstarfsformum við ykkur öll. Við munum skoða það sem okkar æðsta verkefni að ná öllu þessu fólki saman því að við höfum ekki glatað trúnni á hina stóru jafnaðarmannahreyfingu og við vitum að hún verður ekki búin til í hirð Davíðs Oddsonar. Hún verður búin til af fólkinu í landinu, fólkinu sem vill lífskjarajöfnun og réttlæti eins og Alþb. boðaði í síðustu kosningum, fólkinu sem vill í reynd að hagsmunir þess séu efstir á blaði en ekki hagsmunir fjármagnseigenda. Það er það hlutverk sem Alþb. ætlar sér í þessari stjórnarandstöðu að búa hér til breiðfylkingu jafnaðarmanna og félagshyggjufólks, breiðfylkingu sem ekki aðeins býður þessari ríkisstjórn byrginn, heldur verður tilbúin að taka við í heild sinni þegar þessi ríkisstjórn hrökklast frá, þegar bál verðbólgunnar sem nú er búið að kveikja á ný hefur brennt þessa ríkisstjórn upp. Og við bjóðum öllum, öllum hvar í flokki sem þeir hafa staðið til liðs við okkur í að búa þá breiðfylkingu til. — Góða nótt.

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem fór frá við kosningarnar þann 20. apríl sl. náði árangri í efnahagsmálum sem mjög lengi hafði verið beðið eftir. Árangurinn byggðist á samstarfi fjölmargra aðila í þjóðfélaginu.

Það, að þeir flokkar sem að stjórninni stóðu áttu möguleika á að halda samstarfinu áfram að kosningum loknum, lagði þeim þá skyldu á herðar að reyna til þrautar að ná samkomulagi um endurnýjun stjórnarsamstarfsins. Þessi niðurstaða kosninganna var yfirlýsing kjósenda og áskorun um að halda verkinu áfram. Það urðu þess vegna mikil vonbrigði að Alþfl. skyldi ekki vilja gera alvarlega tilraun til að endurnýja stjórnarsamstarfið. Í stað þess að fara í alvöru stjórnarmyndunarviðræður við fyrrum samstarfsflokka sína fór alþýðuflokksforustan í viðræður við Sjálfstfl. þvert ofan í vilja flestra stuðningsmanna sinna. Síðan hafa verið veruleg átök í flokknum og nóg að gera hjá forustumönnum hans við að róa menn og kannski hefur hæstv. utanrrh. lýst hugarástandi samflokksmanna sinna best sjálfur þegar hann kom af fundi með félögum sínum og sagði að þeir væru milli vonar og ótta.

En það eru ekki einungis alþýðuflokksmenn sem eru milli vonar og ótta. Meiri hluti þjóðarinnar er vonsvikinn vegna þess að ekki var reynt til þrautar að endurnýja stjórnarsamstarfið milli flokkanna sem voru í síðustu ríkisstjórn og milli vonar og ótta vegna þess sem hefur gerst á síðustu dögum, vegna þess hvernig hæstv. ríkisstjórn hagar sínum fyrstu aðgerðum.

Í stað þess að leitast við að halda góðri samvinnu við launþegahreyfingarnar og aðra aðila í þjóðfélaginu um áframhaldandi stöðugleika er miklum vaxtahækkunum lýst yfir. Við þurfum að hækka vextina svo þeir geti lækkað aftur. Það er boðskapur hæstv. forsrh. Þetta var líka boðskapur stjórnar Þorsteins Pálssonar á sínum tíma og allir vita hvernig þeirri efnahagsstjórn reiddi af.

En nú er skriðunni ýtt af stað. Í dag hækka raunvextir af spariskírteinum ríkissjóðs um 1,9%, úr 6% í 7,9%. Þetta þýðir að raunkostnaður af lánum hækkar um 32% frá því sem var og vitanlega mun þetta verka á allt fjármálalífið. Þannig munu raunvextir bankanna sjálfsagt fara í 9–11% og afföll af húsbréfum fylgja eftir og húsnæðismálalánin hækkuðu líka í dag.

Hæstv. forsrh. sagði reyndar líka áðan að vaxtalækkun hefði mikla þýðingu til að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefði í þjóðarbúskapnum að undanförnu. En um leið boðar hann vaxtahækkanir. Hver skilur þetta?

Hvers vegna var ekki atvinnulífið á fullri ferð úr því vextirnir voru lágir? Svarið við því er einfalt. Vextir hér voru of háir og hér eru menn að setja af stað verðbólgurúllettu ef þeir sjá ekki að sér.

Launþegasamtökin mótmæla þessum vaxtahækkunum auðvitað mjög harkalega, en forsvarsmenn atvinnurekenda segja þetta skiljanlegar ráðstafanir. Hvers vegna skilja atvinnurekendur þessar aðgerðir svona vel þegar þeir á sama tíma kalla hugmyndir verkalýðsforingjanna um að launþegar fái hlutdeild sína í viðskiptakjarabatanum tilræði við stöðugleikann? Það er vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er að eyða kauphækkunartilefnunum. Fyrirtækin geta auðvitað ekki borgað það í kauphækkanir sem þau borga í vexti og forsvarsmenn þeirra telja það heppilegra að borga um tíma hærri vexti en að sitja uppi með hærra kaup.

Þarna er ógæfulega af stað farið hjá hæstv. ríkisstjórn og stefnt í óefni þeirri lífsnauðsynlegu samvinnu sem var komin á um að halda stöðugleika í efnahagslífinu. Það er því miður staðfesting á því sem menn óttuðust, að í þessu stjórnarsamstarfi mundi ekki verða lögð sama áhersla á þjóðarsátt og gert var í því fyrra.

Ég taldi, eftir að hafa fylgst með og tekið þátt í umræðum um sjávarútvegsmál í nýafstaðinni kosningabaráttu, einsýnt að ný ríkisstjórn mundi strax í upphafi taka ákvörðun um að stefna að því að taka upp nýja skipan mála sem fyrst. Mér eru það því mikil vonbrigði að hæstv. forsrh. skuli við þessa umræðu upplýsa að hann telur ekki nægja reynslu vera komna á núverandi fyrirkomulag, ekki fyrr en í ársbyrjun 1993 og að þá muni menn fara yfir þá reynslu sem fengist hafi af núgildandi skipulagi. Þetta þýðir að breytingar á þessu stórhættulega kerfi, sem er að setja sjávarbyggðir allt í kringum landið í hættu, eru ekkert á næstu grösum.

Ég skil þetta þannig að hæstv. ríkisstjórn vilji fresta því að taka á málinu vegna þess að það hefur komið fram að ekki er samstaða meðal stjórnarliða um hvað eigi að gera. Líklega mun sú frestun vara langt fram eftir kjörtímabilinu ef svona fer og kannski fram yfir lífdaga stjórnarinnar. Það gæti verið ástæðan fyrir því hvernig hæstv. forsrh. tekur til orða af þessu tilefni. Að hann sé að ýta óþægilegu ágreiningsmáli inn í framtíðina. En eru alþýðuflokksmenn sáttir við að þessu máli verði ýtt inn í framtíðina? Að stefnuleysi Sjálfstfl. sem þeir kölluðu svo í kosningabaráttunni er orðið að þeirra eigin stefnu? Eða er það eins og með búvörusamninginn, að þeir verði að láta það yfir sig ganga að hæstv. forsrh. lýsi því yfir að fjórða meginverkefni ríkisstjórnarinnar sé að framkvæma stefnu fyrri ríkisstjórna í landbúnaðarmálum.

Ég tel að hér megi einskis bíða, heldur eigi að skipa nefnd nú þegar sem verði skipuð mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum, ekki bara úr stjórnarflokkunum, því að það þarf samstarf, það þarf víðtækt samstarf ef það á að ná samkomulagi um breytingu á stjórn fiskveiða. Það þarf að skipa þessa nefnd strax og það skulu vera mín lokaorð, virðulegi forseti, það væri óskynsamlegt af hv. Alþingi og ríkisstjórn að binda sig við mastrið með stefnuleysi í sjávarútvegsmálum til að bíða eftir reynslu af núgildandi kerfi sem fyrir löngu er næg.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Sú var tíð að íslenska þjóðin bað Þorlák biskup helga um hjálpræði í raunum sínum og neyð. Nokkuð fyrir aldamótin 1200 var báti ýtt úr vör hér við sundin blá og stefnan tekin á Viðey. Um borð var sá sæli Þorlákur biskup. Viðeyingar höfðu kallað hann til í vandræðum sínum því sérkennileg plága herjaði á eyjarskeggja. Músagangur var svo mikill að varla mátti við búa og spilltu mýsnar bæði kornum og ökrum. Biskup stökkti vígðu vatni á tún og akra og hrakti mýsnar út á nes eitt. Varð ekki af músum mein eftir það meðan ráðum biskups var fylgt.

Þær eru margar Viðeyjarferðirnar í íslenskri sögu en ekki allar jafngöfugar eða árangursríkar og ferð biskups. Nú á vordögum var mikið um mannaferðir í Viðey. Þar þinguðu þeir sem nú hafa sest á valdastóla. En sjaldan hefur borist óljósari boðskapur úr eynni en sá sem lesa má í sáttmála hinnar nýju stjórnar og óvíst að honum fylgi nokkurt hjálpræði til handa íslenskri þjóð.

Í kosningabaráttunni sögðum við kvennalistakonur brýnustu verkefni þess kjörtímabils sem nú er hafið vera fjögur: Að jafna og bæta lífskjörin, móta nýja atvinnustefnu í sátt við náttúru landsins, þróun skynsamlegrar byggðastefnu og síðast en ekki síst, að standa vörð um hagsmuni íslensku þjóðarinnar í heimi mikilla breytinga.

Í kosningabaráttunni ríkti samstaða um nauðsyn þess að bæta kjör hinna lægst launuðu og bent var á leiðir til þess. Það verður hvorki séð af ræðu hæstv. forsrh. né af stjórnarsáttmálanum að sérstaklega verði tekið á kjörum hinna verst settu með þeim meðulum sem ríkisvaldið ræður yfir. Í stjórnarsáttmálanum er að finna eitthvað sem þar kallast sáttargerð um sanngjörn kjör. En hvað það þýðir, hvernig og hvenær hún verður gerð veit sá einn sem allt veit. Það verður að rétta hlut þeirra sem hallast standa fæti í okkar samfélagi þrátt fyrir slaka stöðu ríkissjóðs.

Jafnframt er óhjákvæmilegt að taka launakerfi ríkisins og kjör opinberra starfsmanna til rækilegrar endurskoðunar og leita allra leiða til að bæta og jafna kjörin. Nú er tækifæri til þess.

Þegar ég kvaddi skólann minn fyrir nokkrum dögum kvöddu um leið tveir samkennarar mínir, ung hjón, hámenntað raunvísindafólk, bæði doktorar frá Ameríku. Þau eru að flytja með litlu börnin sín tvö til Ástralíu þar sem þeim bjóðast mun betri kjör en hér, aðstaða til rannsókna og örugg dagvistun fyrir börnin. Þau eru dæmi um ungt fjölskyldufólk sem verður að glíma við milljóna námsskuldir, koma yfir sig húsnæði eða borga leigu og greiða fyrir barnagæslu með launum sem eru á bilinu 80–90 þús. kr. fyrir fulla vinnu. Það finnst kannski sumum há laun. En Íslendingum hættir til þess að gleyma að við erum ekki ein í heiminum. Vinnumarkaðurinn verður æ alþjóðlegri og það er víða boðið í gott og vel menntað fólk.

Meðan ungir læknar áttu í launadeilum fyrr í vetur stóð ekki á tilboðum til þeirra frá sænskum sjúkrahúsum. Íslenskir hjúkrunarfræðingar hafa fengið gylliboð frá Ameríku og því miður eru að verða mörg dæmi þess að Íslendingar skili sér ekki heim úr námi vegna þeirra aðstæðna sem hér er boðið upp á og skiptir þar ekki minnstu ástand dagvistarmála í borg Davíðs. Ég held að nánast allir þeir sem halda utan til náms vilji koma heim og leggja sitt af mörkum í lífsbaráttu okkar litlu þjóðar. En verði ekki breyting á afstöðu stjórnvalda til menntunar, rannsókna og tilrauna óttast ég að við munum missa úr landi fleira sérmenntað fólk þjóðinni til ómælds tjóns.

Sú afstaða sem einkennt hefur umræður um menntun og menntafólk er forneskjuleg og sorgleg hjá þjóð sem er einhver hin best menntaða í heimi og hefur á undanförnum áratugum fjárfest andvirði mörg hundruð togara og margra álvera í menntun fólks á öllum aldri. Það er bagalegt hve illa þessi menntun er nýtt til þróunar og nýsköpunar hér í landi möguleikanna, enda ríkir hér stöðnun. Þó er sú ógæfan mest þegar aðrar þjóðir kaupa upp þá þekkingarauðlind sem við eigum og framtíð þjóðarinnar hlýtur að byggjast á. Ég auglýsi hér með eftir stefnu stjórnarinnar í launa-, mennta- og menningarmálum.

Í kosningabaráttunni reyndum við kvennalistakonur að vekja athygli á þeirri staðreynd að það eru einkum konur sem flytja frá hinum dreifðu byggðum til höfuðborgarsvæðisins og þaðan liggur leið mun fleiri kvenna en karla suður Keflavíkurveginn og úr landi. Þarna eru á ferðinni þjóðfélagsbreytingar sem vert er að gefa gaum. Við teljum þetta hið versta mál, enda vandséð að landbúnaður og sjávarútvegur komist af án vinnu kvenna, hvað þá að veruleg nýsköpun eigi sér stað þegar konurnar eru á bak og burt. Ástæður þessarar þróunar eru einkum einhæf atvinna úti á landi, skortur á félagslegri þjónustu og menntunarþörf.

Virðulegi forseti. Í fylgdarliði Cossiga Ítalíuforseta sem hér var á dögunum var kona að nafni Maria Antonetta Maccocchi, fyrrv. þingkona og prófessor í stjórnmálafræði. Hún sagði okkur kvennalistakonum að efnahagsundrið á Ítalíu sem stórbætt hefur lífskjör þar í landi væri að verulegum hluta konum að þakka. Þar eins og í öðrum Evrópulöndum hafa konur streymt út á vinnumarkaðinn og myndað þar nýtt afl. Það hefur m.a. skilað sér í fjölda nýrra fyrirtækja í eigu kvenna og nýjungum sem borið hafa hróður Ítalíu út um veröld alla og aflað þjóðinni mikils gjaldeyris. Kanadískur sálfræðiprófessor, Nina Colwill, sem hér var á ferð nýlega, sagði að í Bandaríkjunum og Kanada væri mikill meiri hluti nýrra fyrirtækja í öllum greinum í eigu kvenna. Hér á landi getum við ekki bent á svipaða þróun. Íslenskar konur hafa aflað sér mikillar menntunar og hafa streymt út á vinnumarkaðinn, en fyrst og fremst í þjónustu- og umönnunarstörf. Um nýsköpun kvenna í atvinnulífinu eigum við allt of fá dæmi. Hvernig skyldi standa á því?

Ég þekki konu sem rak fataverslun og hannaði sjálf nokkurn hluta þeirra vara sem hún framleiddi. Hún vildi reyna fyrir sér í útflutningi og leitaði eftir fyrirgreiðslu hjá sjóðum og bönkum atvinnulífsins. En þar sitja sem kunnugt er einungis karlar við stjórnvöl og sitja fast. Svörin sem hún fékk voru þessi: „Vina mín, á Íslandi flytjum við inn föt, ekki út."

Önnur kona sem ætlaði að setja upp lítið verkstæði til skartgripa- og minjagripaframleiðslu leitaði fyrir sér um lán hjá ónefndum sjóði. Svörin sem hún fékk voru á þá leið að það tæki því ekki að vera að lána fyrir svona smáræði. Hjá þeim sjóði er hugsað í togurum og fiskvinnslustöðvum og löngu gleymt að margt smátt gerir eitt stórt. Konur þessa lands eru að glíma við staðnað kerfi þar sem allt er fullt af körlum, skipuðum til lífstíðar af gömlu flokkunum. Þetta mosavaxna karlveldi stendur þjóðinni fyrir þrifum meðan aðrar þjóðir eru komnar miklu lengra í að láta fagmennsku sitja í fyrirrúmi þótt ekki vanti þar karlveldið.

Hér þarf hugarfarsbyltingu. Við verðum að nýta þær auðlindir sem við eigum, en ein af þeim er hugvit, ekki síst kvenna, sem þarf tækifæri til að blómstra ef við ætlum okkur að búa við góð lífskjör og öflugt velferðarkerfi. En þegar rýnt er í stjórnarplöggin er fátt um fína drætti. Atvinnusköpunin sem þyrfti að taka mið af konum og þörfum landsbyggðarinnar er aðallega fólgin í bygging nýs álvers í anda þeirrar rúmlega 200 ára gömlu vestrænu viðhorfa til atvinnumála sem ríkisstjórnin segist aðhyllast og kennd eru við iðnað og hagvöxt. Þótt sú stefna hafi fært okkur miklar framfarir glímir mannkynið sem kunnugt er við afleiðingar hennar sem lýsa sér í meiri spjöllum á jörðinni en dæmi eru til og atvinnustefna framtíðarinnar hlýtur að taka mið af.

Íslendingar standa nú frammi fyrir stórum ákvörðunum um tengsl okkar við ríki Evrópu. Okkur er hollt að minnast þess að við höfum ekkert umboð til að taka neinar þær ákvarðanir sem gerbreyta stöðu þjóðarinnar í heiminum eða bylta hér lífsháttum og menningu nema að afar vel athuguðu máli. Við kvennalistakonur höfum talið hagsmunum Íslendinga betur borgið utan hinna stóru miðstýrðu og karlstýrðu bandalaga. Hingað hafa ekki borist neinar þær fregnir sem breyta þeirri skoðun okkar.

Góðir áheyrendur. Sú stefnuræða sem flutt var í kvöld boðar allnokkurn músagang hinna hörðu lögmála í Stjórnarráðinu sem getur orðið að plágu ef við erum ekki vel á verði. Við höfum engan Þorlák biskup á meðal vor til að kalla á okkur til hjálpar svo að vitað sé, enda óvíst að það yrði til nokkurs gagns að stökkva vígðu vatni á ríkisstjórnina taki hún að spilla fyrir okkur kornum og ökrum. Við þekkjum hins vegar mátt samstöðunnar og nauðsyn þess að veita ríkisstjórninni verðugt aðhald. Það ætlum við kvennalistakonur að gera og reyna það sem við getum til þess að ekki verði af þessum músum mein.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það eru vissulega tímamót í sögu hverrar þjóðar þegar ný ríkisstjórn tekur við völdum. Hin nýja ríkisstjórn er jafnvel svo ný að hæstv. forsrh. hefur ekki áður átt sæti á Alþingi sem þingmaður en hefur sinn feril þar sem

forsrh. Sú staðreynd verður e.t.v. skoðuð síðar í ljósi sögunnar. En mestu máli skiptir í nútíð og framtíð hver verk hennar verða og af þeim verður hún vegin og metin þegar ferli hennar lýkur. Við þingkonur Kvennalistans óskum þess að störf þessarar ríkisstjórnar verði landi og þjóð til farsældar. Við munum þó vera gagnrýnar á störf hennar en taka málefnalega afstöðu til þingmála hverju sinni.

Stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar, sem mönnum hefur þótt fáorð mjög, tekur í raun ekki afgerandi á neinu máli og í stefnuræðu hæstv. forsrh. hér áðan er heldur ekki að finna mikilsverðar upplýsingar um það hvernig stjórn landsmála er fyrirhuguð. Eitt má þó lesa út úr boðskapnum. Nú er ætlunin að koma á markaðsbúskap. Frjálshyggjan á að sitja í fyrirrúmi, gengið að sitja sem fastast og opna landið fyrir auðjöfrum Evrópu.

Einu er ríkisstjórnin búin að koma í verk nú þegar og það er að ýta af stað stórfelldri hækkun vaxta í þjóðfélaginu með því að hækka vexti á víxlum og skuldabréfum ríkissjóðs. Í dag var ákveðið í stjórn Húsnæðisstofnunar að hækka vexti á húsnæðislánum í 4,9%. Ávöxtunarkrafa húsbréfa er 8,5% og afföll eru komin í 22,5%. Vandi íbúðakaupenda í dag er því óheyrilega mikill og þeir taka á sig skuldbindingar í 25 ár sem eru til komnar vegna stefnu fyrrv. ríkisstjórnar í húsnæðismálum og núv. ríkisstjórnar í vaxtamálum. Allir hugsandi menn hljóta því að horfa með skelfingu til þess ef vaxtaskriðan er nú að fara af stað á nýjan leik því að þau skriðuföll munu vinda upp á sig rétt eins og um náttúruhamfarir væri að ræða og eyðileggja bæði fjárhag heimilanna í landinu og þess atvinnurekstrar sem þjóðin byggir afkomu sína á.

Fyrir kosningar var það helsta baráttumál allra flokka að bæta lífskjör almennings. Nú skyldu menn uppskera fyrir þolinmæði og þrautseigju á þjóðarsáttartímanum. Úrbætur í launa- og kjaramálum eru eitt af aðalstefnumálum Kvennalistans eins og við sýndum með því tilboði sem við gerðum fráfarandi ríkisstjórnarflokkum strax eftir kosningar. En þá voru komnar breyttar áherslur, a.m.k. hjá Alþfl. — Jafnaðarmannaflokki Íslands. Nú var sá flokkur búinn að fá sín atkvæði og launa- og kjaramál kjósenda skipta ekki lengur máli. Þessi stefnubreyting Alþfl. er e.t.v. tilefni til þeirra einstæðu ummæla sem formaður VSÍ viðhafði á nýafstöðnum aðalfundi þeirra samtaka að engir stjórnmálamenn meini neitt með fyrirheitum sínum um hækkun lægstu launa. Þessi virðingarverði sjálfstæðismaður getur kannski leyft sér að setja svona fullyrðingar fram sem slíkur, en mér er það til efs að hann geti leyft sér að alhæfa þetta fyrir alla stjórnmálamenn. Ég frábið mér túlkun Einars Odds á minni skoðun því ég læt ekki af því að sá hópur launþega sem mestu hefur kostað til þjóðarsáttar er þeir sem lægstu launin hafa og fá greitt samkvæmt umsömdum töxtum.

Boðskapur formanns VSÍ er jafnalvarlegur sem hann er fráhrindandi. Það er hins vegar umhugsunarvert að þessi boðskapur kemur fram einmitt núna þegar ný ríkisstjórn undir forsæti sjálfstæðismanna sest að völdum. Það verður í það minnsta að ætla að formaðurinn ætti að vera vel kunnugur efndum og meiningum sjálfstæðismanna um kosningaloforð í launamálum.

Í hinu fáorða Viðeyjarsamkomulagi stendur þó m.a. þessi setning, með leyfi forseta: „Lífskjör verði jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er hæstur.“ Í kosningabaráttu síðustu vikna kom það fram í máli alþýðuflokksmanna á Vestfjörðum að tillaga um jöfnun orkuverðs, sem nefnd á vegum iðnrn. vann að, hafði ekki fengið afgreiðslu á síðasta þingi vegna fyrirstöðu sjálfstæðismanna. Nú hefur hæstv. umhvrh. upplýst það hér fyrr í kvöld að ríkisstjórnin hafi samþykkt að framkvæma fyrstu aðgerðir í lækkun húshitunarkostnaðar á þeim svæðum þar sem hann er hæstur. Ég hlýt að lýsa ánægju minni yfir því ef nú á að taka á því mikla nauðsynjamáli í jöfnun búsetuskilyrða. Hins vegar tel ég að sú tillaga sem hér um ræðir gangi allt of skammt og ég óttast að nú verði litið svo á að búið sé að afgreiða þetta mál endanlega.

Staðreyndin er sú að það er löngu orðið tímabært að jafna orkuverð í landinu. Um það mál hafa verið gerðar margar skýrslur hin síðari ár en frekar lítið orðið úr framkvæmdum. Þolinmæli þeirra sem árum saman hafa mátt búa við margfalt orkuverð til heimilisnota og atvinnurekstrar á við það sem gerist á suðvesturhorninu er þrotin og menn telja með réttu að tími skýrslugerða sé liðinn og tímabært að sjá úrbætur í framkvæmd.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. hér áðan var lögð áhersla á það að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar. Ef það ákvæði á að vera virkt, er þá ekki tími til þess kominn að aðrar auðlindir landsins eins og orkulindir séu einnig lýstar sameign þjóðarinnar og þjóðin njóti þeirra með jöfnuð að leiðarljósi?

Fólkið í hinum dreifðu byggðum sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og landbúnaði vill gjarnan vita hverju það á von á frá hinum nýju stjórnvöldum. Í stefnuræðu hæstv. forsrh. kom fram að leitast verði við að ná víðtækri sátt um stefnu í sjávarútvegsmálum. En hver sú stefna er kemur ekki fram, enda hafði Sjálfstfl. enga stefnu í þeim málum fyrir kosningar. Það verður því fróðlegt að fylgjast með því hvort einhver stefna finnst þegar farið verður að leita betur og eins gott að sú nefnd sem skipuð verður til að fjalla um það mál hafi hagsmuni íbúanna í sjávarplássum landsins að leiðarljósi en ekki hagsmuni fárra útvaldra sem hafa keypt óveiddan fisk í sjó á grundvelli hinna alræmdu kvótalaga.

Í Kvennalistanum höfum við lagt fram tillögu um nýja skipan fiskveiða sem byggir á því að 80% af úthlutuðum afla samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar ár hvert sé úthlutað til byggðarlaga og 20% renni í sameiginlegan sjóð sem verði til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar eftir ákveðnum reglum. Þessi tillaga hefur hingað til lítið fengist rædd.

Hver landbúnaðarstefnan verður hjá hæstv. ríkisstjórn er hægt að lesa í DV 17. maí sl., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Af hálfu ríkisins er sú krafa gerð að sauðfé fækki um minnst 55 þús. ær. Náist þetta markmið ekki með frjálsri sölu kemur til nánast flatur niðurskurður á

heildarfullvirðisrétti bænda."

Þar með blasir það við sem bændur hafa óttast mest því þar sem byggðin er hvað veikust eru flest bú undir stærðarmörkum meðalbús. Það liggur í augum uppi að þó að þetta sé sú tillaga sem unnin var í sjö manna nefnd, að næðist ekki fram fækkun sauðfjár í landinu með kaupum á fullvirðisrétti kæmi til flöt skerðing, þá er það stjórnmálamannanna að taka ákvörðun um það hvort þannig skuli að verki staðið. Í þessum tillögum er ekkert tillit tekið til landnýtingar eða byggðarsjónarmiða. Skerðingin tekur jafnt til þeirra sem eru undir meðalbústærð og hinna sem ekkert munar um þessa skerðingu. Það hefur þó verið sannað tölulega að það eru minni búin sem hagkvæmast er að reka og skila mestum arði. Þau eru því hagkvæmust fyrir þjóðarbúið. Það er ekki alltaf hagstæðast að hafa einingarnar sem stærstar. Það verður því að gera þá kröfu til stjórnvalda að fullt tillit verði tekið til þessara atriða þegar kemur að framkvæmd búvörusamningsins.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Allar ríkisstjórnir síðari ára hafa byrjað sinn feril með því að nú skyldi taka á fjárlagahallanum og alltaf hefur fólkinu í landinu verið lofað því að þegar búið væri að koma ríkisbúskapnum á réttan kjöl kæmi röðin að því, þá skyldi tekið á mjúku málunum svokölluðu sem gjarnan hafa verið kennd við Kvennalistann. Og hver eru svo þessi mjúku mál? Jú, það er í stuttu máli allt það sem snertir hið daglega líf fjölskyldna og einstaklinga á Íslandi. Það eru skólamálin, heilbrigðismálin, kjaramálin, félagsmálin og ekki síst umhverfismálin. Það er lífið sjálft sem þar er um að ræða, og eiga ekki stjórnmál að snúast um það? Eiga þau bara að snúast um peninga, um vexti, um halla ríkissjóðs?

Það þarf að breyta áherslum í þjóðarbúskapnum. Það hefur oft verið vitnað til þess að umfang hinna íslensku fjárlaga sé ekki meira, jafnvel minna en í einu stórfyrirtæki úti í heimi. En í vel reknum fyrirtækjum er það líka viðurkennt að ekki næst góður árangur í starfseminni nema starfsmennirnir séu ánægðir og þeir finni að þeir séu metnir að verðleikum. Að fyrirtækið hugsi jafnframt um hag þeirra samhliða hag fyrirtækisins. Þegar góður skilningur og traust ríkir á milli manna, þá næst árangur. Þegar íslenska þjóðin getur treyst því að þjóðkjörnir fulltrúar hennar séu að hugsa um hag heimilanna í landinu, þess hornsteins sem þjóðfélagið byggir á, séu að taka tillit til og byggja upp framtíðina sem er börn þessa lands, séu að launa þeim öldruðu starf þeirra við uppbyggingu þess þjóðfélags sem við lifum í með því að þeir geti átt áhyggjulaust ævikvöld, þá er von til að við getum rekið þetta þjóðfélag með reisn og þá verður enn betra að búa á Íslandi en annars staðar í heiminum og þá byggjum við Ísland allt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Núverandi ríkisstjórn hefur haft þrjár vikur til að fara í saumana á þeim veruleika sem blasir við í íslenskum efnahagsmálum. Staðreyndir um ástand fjármálanna eftir fyrstu fjóra mánuði ársins og afkomuhorfur á árinu öllu hafa nú verið dregnar saman. Myndin sem blasir við er allt önnur en sú sem fyrrv. fjmrh. dró upp fyrir þjóðina fyrir kosningar. Vaxandi viðskiptahalli, auknar erlendar lántökur og mikill halli á ríkisbúskapnum eru allt staðreyndir sem nú liggja fyrir. Þetta er afleiðing af stefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem þráðaðist við að viðurkenna staðreyndir efnahagslífsins.

Þegar fjárlög voru afgreidd var gert ráð fyrir að rekstrarhalli ríkissjóðs, þ.e. útgjöld umfram tekjur, yrði rúmlega 4 milljarðar kr. Nú er ljóst að hallinn stefnir að óbreyttu í meira en 9 milljarða. Ástæðurnar fyrir þessum mikla mun eru útgjöld, ákveðin af fyrrv. ríkisstjórn eftir að fjárlög voru afgreidd en á síðustu stjórnardögum hennar var m.a. gengið frá samningum um skólabyggingar og fleira upp á milljarða króna. Ástæðan er enn fremur kjarkleysi fyrrv. ríkisstjórnar við að standa við þann sparnað og þá tekjuöflun sem ákveðin hafði verið og loks er ástæðan vanáætlanir í fjárlögum.

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að ríkissjóður þyrfti að taka tæplega 6 milljarða kr. að láni innan lands til eigin fjármögnunar. Nú bendir flest til þess að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði tvöfalt meiri eða yfir 13 milljarðar á árinu ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða. Til viðbótar lánsfjárþörf ríkissjóðs þarf opinbera húsnæðiskerfið á rúmlega 20 milljarða lántöku að halda að óbreyttu. Samanlagt má því gera ráð fyrir að lánsfjárþörf hins opinbera sé 33–34 milljarðar kr. í ár í stað 23–24 milljarða eins og fjárlög gerðu ráð fyrir. Með öðrum orðum, ef ekkert verður aðhafst hefur lánsfjárþörf ríkisins aukist um 10 milljarða kr.

Þessar tölur, þessi vandi sem fyrrv. ríkisstjórn lætur eftir sig segir þó ekki nema hluta sögunnar. Á sama tíma og fyrrv. ríkisstjórn lofaði sífellt að taka að sér ný verkefni sem ríkið átti að fjármagna með innlendri lántöku sveikst hún um að afla fjárins. Þetta hefur leitt til þess að við stjórnarskiptin um sl. mánaðamót var yfirdráttur í Seðlabanka yfir 9 milljarðar sem er þrefalt hærri upphæð en á sama tíma árið áður. Slík skuldasöfnun jafngildir í raun erlendri lántöku og hefur nákvæmlega sömu þensluáhrif í efnahagskerfinu. Á sama tíma og þetta var að gerast leyfir fyrrv. fjmrh. sér að auglýsa á kostnað ríkisins að honum hafi tekist að koma í veg fyrir erlendar lántökur og að staða ríkisfjármálanna sé í góðu lagi. Slík er bíræfni sjónhverfingamannsins Ólafs Ragnars Grímssonar, þess hins sama sem áðan reyndi fyrir sér í þessum ræðustól með því að telja okkur trú um að hvítt sé svart og svart sé hvítt.

Hver er svo ástæðan fyrir þessum miklu umskiptum í lánsfjáröflun ríkissjóðs? Að mati sérfræðinga er ástæðan fyrst og fremst sú að fyrrv. ríkisstjórn neitaði að viðurkenna þá staðreynd að raunvextir á lánsfjármarkaðinum höfðu hækkað. Forsrh. og fjmrh. fyrrv. ríkisstjórnar virtust trúa því að hægt væri að tala vextina niður eða berja þá niður með handafli. Árangurinn af þessari trú þeirra félaga lýsir sér m.a. í því að eyðslan hefur aukist til muna og sparnaður hrunið. Tölurnar eru stórar. Ríkið þarf 10 þús. millj. kr. meira í sinn hlut á árinu á sama tíma og sparnaður er 12 þús. millj.

kr. minni en áður var talið. Nú er svo komið að allur nýr sparnaður landsmanna er langt frá því að duga fyrir þörfum ríkisins og þá er ekkert verið að hugsa um lánsfjárþörf fyrirtækja og heimila í landinu.

Fyrrv. fjmrh. *hélt bladamannafund daginn fyrir* stjórnarskiptin þegar honum var ljóst að ný ríkisstjórn tæki við daginn eftir. Þrátt fyrir fyrirliggjandi upplýsingar í ráðuneytinu hélt hann því fram á þeim fundi að horfurnar í rekstri ríkisins samrýmdust áformum fjárlaga. Vitneskjan var til í fjmrn., staðreyndin var til, en fyrrv. fjmrh. vildi ekki koma réttum upplýsingum til skila. *Ólafur Ragnar Grímsson verður að svara* nokkrum spurningum ef hann ætlast til þess að það sé yfirleitt tekið mark á honum.

1. Hvernig ætlaði ráðherrann fyrrv. að ná hallanum niður í fjárlagatöluna? Þar munar um 5 milljörðum kr.

2. Ætlaði hann að hækka skatta? Hvaða skatta og hve mikið? Sem dæmi má nefna að það þarf að hækka virðisaukaskatt um 3 *prósentustig til að afla nægilegra* tekna til að brúa bilið. Slíkt mundi hækka framfærslukostnað heimilanna um 2%.

3. Ætlaði hann að skera niður útgjöld? Hvaða útgjöld?

4. Ætlaði hann að falla frá því að nota þær heimildir sem þáv. ríkisstjórn hafði aflað sér? Hvernig ætlaði fyrrv. ráðherra að *afla lánsfjár ef hann vildi ekki* hækka raunvexti spariskírteina? Og ef ætlunin var að grípa til aðgerða eins og Ólafur Ragnar Grímsson sagði hér áðan, af hverju gerði hann það ekki fyrir kosningar? Hvernig stendur á því að maðurinn greip ekki til aðgerða fyrir kosningar?

Við þann viðskilnað fyrrv. ríkisstjórnar sem nú blasir við er það skylda Ólafs Ragnars, og reyndar einnig Steingríms Hermannssonar, að svara þessum spurningum málefnalega ef þeir vilja láta taka sig alvarlega.

Sú mynd sem ég hef verið að lýsa hér af ástandi ríkisfjármálanna er mjög dökk og miklu skuggalegri en flestir gátu átt von á. Ég vil ekki líta þannig á að ráðherrar í fyrrv. ríkisstjórn hafi vísvitandi ætlað sér að koma efnahagslífinu á vonarvöl. Það breytir því *hins* vegar ekki að óstjórnin í ríkisfjármálum og peningamálum er efnahagsvandi sem grafið hefur undan forsendum þeirrar sáttargerðar sem verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur gerðu á síðasta ári og þáv. ríkisstjórn lofaði að virða. Með aðgerðum sínum hefur fyrrv. ríkisstjórn sett efnahagslífið úr jafnvægi á nokkrum mánuðum þannig að *grípa verður til viðnámsaðgerða nú* þegar til að koma í veg fyrir verstu afleiðingarnar. Svigrúm ríkisstjórnarinnar til aðhaldsaðgerða á þessu ári er takmarkað. Fjárlagaárið er nærri hálfnað. Þá gengust stjórnvöld undir skuldbindingar í tengslum við framlengingu kjarasamninga sl. haust sem enn þrengja möguleika ríkisstjórnarinnar. Aðgerðirnar munu því fyrst og fremst beinast að því að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og freista þess að efla innlendan sparnað. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að hækka vexti af spariskírteinum ríkissjóðs um 1,5–1,9%. Jafnframt verða niðurgreiddir vextir Byggingarsjóðs ríkisins hækkaðir samkvæmt fyrirliggjandi tillögu stjórnar Húsnæðisstofnunar.

Þessar aðgerðir eru að sjálfsögðu ekki frekar brot á þjóðarsáttinni en þegar síðasta ríkisstjórn, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar, hækkaði vexti sl. sumar og sl. haust. Maður getur spurt þessa herramenn: *Voru þeir þá viljandi* að splundra þjóðarsáttinni, nokkrum mánuðum eftir að hún var gerð? Það er ekki málefnaleg röksemd sem kemur fram í slíkum ummælum.

Ríkisstjórnin vonast til að þessar aðgerðir mæti skilningi og hljóti stuðning allra þeirra sem vilja halda verðbólgunni í skefjum og ná á ný jafnvægi og stöðugleika *í efnahagslífinu*. Og þessar aðgerðir verða lagðar fram í skýrslu á morgun og verða ræddar í framhaldi þeirra umræðna sem hér hafa hafist í kvöld.

Við verðum að hafa það í huga Íslendingar að ekki er hægt að gera alla hluti í einu. Eina leiðin til að koma í veg fyrir skattahækkanir er að hægja á ferðinni, draga úr eyðslunni og sýna ráðdeild og sparsemi. *Í þeim efnum ber ríkinu* að ganga á undan með góðu fordæmi.

Góðir áheyrendur. Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er að rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun í atvinnulífinu og að tryggja stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar. Ríkisstjórnin stefnir jafnframt að því að aðlaga íslenskt efnahagslíf að Evrópu framtíðarinnar. *Til að ná þessum markmiðum skiptir miklu máli hvern*ig haldið verður á ríkisfjármálunum á næstunni. Ég hef hér rætt um brýnustu aðgerðir í þessum efnum. Þegar horft er til lengri tíma er m.a. nauðsynlegt að skattlagning fyrirtækja verði samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum og draga þarf úr umsvifum ríkisins. Til þess að svo geti orðið mun ríkisstjórnin breyta *ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, hefja sölu þeirra þar sem* samkeppni verður við komið, breyta þjónustustofnunum í sjálfstæðar stofnanir og bjóða út verkefni í ríkisrekstri. Á grundvelli stefnu frelsis og valddreifingar ætlar ríkisstjórnin í samvinnu við þjóðina að rjúfa kyrrstöðuna, treysta atvinnulífið og efla hagsæld hér á landi. — Góðar stundir.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þeir flokkar sem störfuðu í fráfarandi ríkisstjórn fengu meirihlutafylgi þjóðarinnar til að halda starfi sínu áfram. Þrátt fyrir það hikaði Alþfl. ekki við að mynda ríkisstjórn með Sjálfstfl. og hafði í reynd ekki fyrir því að taka þátt í *samtölum í því skyni* við aðra flokka. Það var alveg ljóst að ákvörðun þessa efnis var löngu tekin og aðeins formsatriðin eftir að kosningum loknum.

Við sem höfum lagt okkur fram um að ná málefnalegri samvinnu við Alþfl. höfum vissulega orðið fyrir vonbrigðum en það er alrangt hjá hæstv. umhvrh. að við séum grátklökkir af reiði eða súrir. Að því fólki *verður hann að leita annars staðar og kannski er það í* hans eigin flokki. Formaður flokksins hafði nefnilega ekki haft fyrir því að segja þessu fólki að hann geymdi íhaldið í brjósti sér sem fyrsta áfangastað að kosningum loknum. En hvað um það, ríkisstjórnin er staðreynd og þeir sem að henni standa hafa gert upp hug sinn. Ég botna ekkert í formanni Alþfl. að vera að eyða

tíma sínum í það hér í kvöld að afsaka þetta. Honum væri nær að eyða honum í það að kynna stefnu ríkisstjórnarinnar.

Einmitt hér í kvöld ætlaði hin nýja ríkisstjórn Íslands að gera þjóðinni grein fyrir ætlunarverkum sínum og stefnu. Má vera að einhverjir séu einhverju nær, en í mínum huga er afar margt óljóst eftir að hafa hlýtt á stefnuræðu forsrh. og ræðu utanrrh.

Forsrh. talar um afar vonda afkomu og fjmrh. jafnframt. Eru atvinnuvegir þjóðarinnar reknir með tapi? Nei, þar er víðast hvar umtalsverður hagnaður. Eru viðskiptakjör að versna? Nei, þau fara batnandi. Með vaxandi framleiðslu atvinnuveganna og bættri afkomu fyrirtækja eru allar forsendur til að skapa þegnum þjóðfélagsins góða afkomu ef rétt er á málum haldið. Vissulega eru úrlausnarefnin mörg eins og ávallt áður. Það vissu allir sem vildu vita að eitt mikilvægasta viðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar yrði að hemja útgjaldaþenslu í ríkisbúskapnum. Auðvitað vissu sjálfstæðismenn það líka og nægir að vitna til umræðu þeirra við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. En hvað sögðu þeir í kosningabaráttunni? Þeir lofuðu lækkun skatta. Hverju lofa þeir nú? Óbreyttum sköttum. Hver er svo líkleg niðurstaða? Enginn veit, en hún gæti allt eins orðið hækkun skatta í einu eða öðru formi.

Við framsóknarmenn höfum gert okkar ljósa grein fyrir því að það þarf mikið aðhald í ríkisfjármálum og við erum andvígir loforðum um aukin ríkisútgjöld og ný verkefni á vegum ríkisins sem ekki er til fjármagn fyrir. Við lofuðum heldur ekki skattalækkunum vegna þess að við vissum í stórum dráttum hvernig ástatt var í ríkisfjármálum þótt það sé vissulega rétt að það sé verra en við höfðum upplýsingar um. Við erum jafnframt andvígir takmarkalausri útgáfu skuldabréfa eins og húsbréfa með ríkisábyrgð þegar ekkert stendur þar að baki. Þessi bréf stefna nú í 25% afföll og jafnvel meira sem fæstir geta staðið undir.

Ríkisstjórnin hefur gripið til þess ráðs að hækka vextina í stað þess að auka aðhald í ríkisfjármálum og á peningamarkaði. Með því eru vextir hér orðnir mun hærri en gengur og gerist í helstu samkeppnislöndum okkar. Það mun draga úr möguleikum atvinnulífsins til að bæta kjör og jafnframt hækka verðlag og draga úr kaupmætti. Með því er verið að kalla á aukna eftirspurn eftir erlendu lánsfé. Innlendur sparnaður vex ekki með sífellt hærri vöxtum þegar raunvextir eru komnir á það stig sem er hér á landi heldur með stöðugleika í efnahagslífinu. Vaxtahækkun nú er að mínu mati ekkert annað en skaðlegt fálm.

En hvað hefur einkum orðið til að bæta ástandið í íslensku atvinnulífi fyrir utan skynsamlega kjarasamninga sem byggja á launahækkun í takt við aukna verðmætasköpun? Svarið liggur ekki síst í bættri afkomu sjávarútvegsins og annarra atvinnugreina en sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum miklar skipulagsbreytingar. Þær hafa leitt til aukinnar hagkvæmni sem getur orðið enn meiri ef hann fær að halda því starfsumhverfi sem honum hefur verið skapað. Lögin um stjórn fiskveiða, Hagræðingarsjóð og Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins mynda ekki síst þetta starfsumhverfi.

Sjútvrh. segir sem betur fer að ekki standi til að breyta miklu. Formaður Alþfl. segir hins vegar að breytingar verði framkvæmdar og forsrh. talar óljóst í þessu máli. Ríkisstjórnin segist ætla að skipa sérstaka nefnd manna með fullu jafnræði stjórnarflokkanna til að endurskoða stefnuna. Hvað þýðir þetta? Á nefndin ekki að lúta forustu sjútvrh.? Eða eiga formenn flokkanna að stjórna henni á jafnræðisgrundvelli? Eiga samtök hagsmunaaðila í sjávarútvegi ekki að eiga neina aðild að endurskoðuninni? Á stjórnarandstaðan á Alþingi ekki að eiga aðgang að þessu máli? Hvað stendur skrifað á minnisblöðin utan úr Viðey um þetta mál? Er eitthvert heiðursmannasamkomulag líka um það? Hvenær fá menn að sjá þau og það samkomulag þannig að einhver vissa geti ríkt um starfsumhverfi þessarar mikilvægustu atvinnugreinar landsmanna? Á að afnema lögin um Hagræðingarsjóð og Verðjöfnunarsjóð eins og Sjálfstfl. hefur lofað? Er það meðal svokallaðra ólaga sem forsrh. nefndi og hyggst afnema? Allar þessar spurningar brenna á þeim sem vinna í greininni og ekki verður unað við það að fá óljós og ósamstæð svör.

Alþfl. virðist því miður ekki skilja að góð afkoma í sjávarútvegi er forsenda framfara um allt land. Hann vill leggja sérstakan skatt á sjávarútveginn og hefta þannig framfarir og bætt kjör innan hans. Hvað á utanrrh. við þegar hann segir að arðurinn þurfi að skila sér til þjóðarinnar sem heildar? Voru þetta ekki rök þjóðnýtingarmannanna hér áður fyrr? Ég veit ekki betur en utanrrh. hafi lært þessi rök í erlendum háskólum og sé einn af þeim fáu hér innan dyra sem hafa aðhyllst þessa stefnu um alllangan tíma. Er það eitthvert sérstakt vandamál þessarar þjóðar að sjávarútvegurinn hefur nú nokkurn hagnað upp í miklar skuldir í stað tapreksturs áður? Þurfa menn að fá einhverja glýju í augun, eins og utanrrh. ávallt, að þessir peningar séu betur staddir í ríkiskassanum?

Framsfl. vill byggja á þeim grunni sem hefur verið lagður af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Flokkurinn óttast að núverandi ríkisstjórn hafi hvorki vilja né burði til að gæta þess sem áunnist hefur. Þjóðarsáttin er umgjörð efnahagsmála sem verður að ganga fyrir öðrum markmiðum í þjóðfélaginu. Sú sátt verður ekki varðveitt með vaxtahækkunum og vanefndum samninga. Sú sátt verður ekki haldin nema með hagkvæmum rekstri sjávarútvegsins og annarra atvinnugreina sem eykur verðmætasköpunina í þjóðfélaginu og þar með ráðstöfunarfé samfélagsins. Þjóðarsáttin verður heldur ekki framkvæmd nema með þátttöku bænda og fyllsta tillit verði tekið til hagsmuna þeirra. Þjóðarsáttinni verður ekki fram haldið nema svigrúm sem skapast til bættra kjara verði notað til að auka kaupmátt þeirra sem minnst hafa í sinn hlut. Umfram allt þarf að ríkja stöðugleiki og vitneskja um starfsumhverfi atvinnuveganna þannig að hægt sé að sækja óhikað fram á veg og skapa launþegum betri lífsskilyrði án ótta við að formenn stjórnarflokkanna raski forsendum efnahagslífsins með ótímabærum breytingum.

Við styðjum samningsumleitanir um Evrópskt efnahagssvæði á grundvelli þeim sem markaður var af fyrri ríkisstjórn. Við styðjum allar nýjungar í atvinnulífi

landsmanna sem skila þjóðarbúinu hagkvæmni og framförum hvort sem er á sviði almenns atvinnulífs eða stóriðju. Ríkisstjórnin tók við góðu búi sem getur skilað miklu ef rétt er á haldið. Við viljum í stjórnarandstöðu vinna að framlengingu þjóðarsáttar en vörum við fyrstu sporum hinnar nýju stjórnar.

Sú samstaða sem tekist hefur er jafnviðkvæm og vorgróðurinn sem er að lifna og treystir á sól og vatn. Hvort ríkisstjórnin getur viðhaldið þeirri umgerð sem þjóðarsáttin treystir á getur tíminn einn leitt í ljós.

Við munum veita þessari ríkisstjórn aðhald af öllum mætti og biðjum góða vætti þessa lands að hjálpa okkur í því mikilvæga hlutverki því ekki mun af veita.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Allar þær stofnanir sem koma að lána- og peningamálum eru sammála um að vaxtahækkun var óhjákvæmileg. Ríkisstjórnin hefur ekki gert annað en skrá það sem orðið var. Málsvarar stjórnarandstöðunnar hér í kvöld hafa ráðist að henni og gagnrýnt hana fyrir það. Hver er þeirra eigin saga í þeim málum?

Í fyrra ákvað þáverandi fjmrh. að hækka vexti á ríkisvíxlum um 12%. Var það fyrsta tilræðið við þjóðarsáttina? Í fyrra ákvað sami maður að hækka vexti á spariskírteinum ríkissjóðs upp í rúmlega 7%. Var það annað tilræðið við þjóðarsáttina? Svarið við báðum þessum spurningum er nei. Þetta voru óhjákvæmilegar aðgerðir sem skiluðu þeim árangri að þessi vaxtahækkun var aðeins um tímabundið skeið þar til unnt var að lækka vextina á ný. Og það er það sama sem þessi ríkisstjórn er nú að gera. Skyldi það vera af vonsku hennar einni saman eða af tilviljun að menn neyðast til að taka þessar ákvarðanir nú?

Lánsfjárþörf ríkisins, eins og hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, er við viðskilnað hæstv. fyrrv. fjmrh. í fjmrn. orðinn 10 milljörðum kr. meiri en hún var fyrir fjórum árum síðan. Lánsfjárþörf ríkissjóðs í hlutfalli af landsframleiðslu hefur tvöfaldast í valdatíð hans. Þetta er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin komst ekki hjá því að grípa til þess úrræðis að viðurkenna það sem orðið var í hans eigin valdatíð. Sé um að ræða tilræði við þjóðarsátt, þá er tilræðismaðurinn hæstv. fyrrv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson sem skildi þannig við sitt ráðuneyti að er einsdæmi. Það er einsdæmi að fjmrh. skilji þannig við ráðuneyti sitt að standa í háværum deilum við sitt eigið starfsfólk síðustu dagana í ráðuneytinu um viðskilnaðinn. Ég man ekki eftir öðrum fjmrh. sem hefur deilt við sitt eigið starfsfólk um sinn viðskilnað.

Forráðamenn Alþb. og þá ekki síst formaður þess hafa farið hamförum gegn Alþfl. eftir stjórnarskiptin. Þessi hæstv. ráðherra, sem allir vita að stóð sjálfur í viðræðum við forustumenn í Sjálfstfl. fyrir kosningar um möguleika á samstarfi þessara tveggja flokka eftir kosningar. Og hann talar um sameiningu jafnaðarmanna. Var það sameining jafnaðarmanna sem vakti fyrir hv. þm. þegar hann gekk til liðs við varaformann Sjálfstfl. um stjórnarmyndun veturinn 1980? Var það sameining jafnaðarmanna sem vakti fyrir þessum hæstv. fyrrv. ráðherra þegar hann fyrir kosningar reyndi að þvælast fyrir fótum iðnrh. Alþfl. í álmálinu, gera lítið úr ráðstöfunum félmrh. Alþfl. í húsnæðismálum og koma landráðastimpli á formann Alþfl. í Evrópumálum? Og var það sameining jafnaðarmanna, svo að vikið sé að félögum hans sem hafa tekið undir þennan söng, var það um jafnaðarstefnuna og sameiningu jafnaðarmanna sem hæstv. fyrrv. menntmrh. var að nema í leshringunum hjá Brynjólfi Bjarnasyni sællar minningar eða í kennslustundunum hjá Óla komma, sem hann hefur sjálfur sagt að hafi verið sú besta og mesta stjórnmálafræðsla sem hann hefur fengið um sína daga? Alþb. á ekkert veð í Alþfl. Alþfl. var ekki stofnaður og er ekki starfræktur til þess eins að þjóna því sem Alþb. vill. Við eigum skyldur við okkar flokk, við okkar stefnu og við okkar fólk og það er á grundvelli þessarar skyldu sem við tökum okkar ákvarðanir en ekki á grundvelli þess hvað aðrir flokkar og aðrir stjórnmálaforingjar vilja.

Virðulegi forseti. Mikil og erfið verkefni blasa við ríkisstjórninni. Það verða að nást samningar sem tryggja Íslendingum tollfrjálsan aðgang að mörkuðum Evrópubandalagsins fyrir fiskafurðir. Það er okkar stærsta byggðamál því það er forsendan fyrir því að hægt verði að byggja upp hér á landi öflugan úrvinnsluiðnað úr hráefnum landsbyggðarinnar. Það verður að takast að virkja orkulindirnar svo að orkan í iðrum jarðar og aflið í fossum og fallvötnum geti skilað íslensku þjóðinni bættum kjörum og betra mannlífi. Það verður að rjúfa þá múra ófrelsis sem einangrunarsinnar hafa hlaðið utan um íslenska þjóðríkið og valda því m.a. að margar nauðsynjar dagslegs lífs eru dýrari á Íslandi en á nokkru öðru byggðu bóli. Og það verður að sjá til þess að atvinnulíf og viðskiptahættir í landinu megi þróast með eðlilegum hætti þannig að réttur neytendanna til að velja og hafna sé virtur. Það verður að tryggja að ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um sameign allrar íslensku þjóðarinnar á fiskimiðunum sé virt þannig að landsmenn allir fái að njóta landkosta síns eigin lands í stað þess sem ella verður að auðlegð Íslands og Íslendinga færist í hendur fárra. Þetta eru þau mál sem varða íslensku þjóðina miklu meiru en deilur um það hvort Framsfl. og Alþb. hefðu fremur átt að setjast inn í Stjórnarráðið en Alþfl. og Sjálfstfl. Það kemur í hlut ríkisstjórnarinnar að hafa forustu um að takast á við þessi viðfangsefni framtíðarinnar og vonandi ber hún gæfu til þess að ná samstöðu um hvernig það verður gert. Menn geta svo auðvitað haft uppi um það illspár og úrtölur eins og stjórnarandstaðan. En við skulum einnig vera minnug þess sem Stephan G. sagði að „falin er í illspá hverri ósk um hrakför sýnu verri". Mér finnst þess gæta um of að slíkar óskir um sýnu verri hrakfarir séu faldar í hverri illspá stjórnarandstöðunnar.

Hitt bið ég menn að íhuga í ljósi reynslunnar að ef ekki tekst með samstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. að ryðja úr vegi gömlum fordómum, að opna fyrir nýjum straumum frelsis og framfara, ef ekki tekst í samstarfi þessara flokka að ryðja nýjar brautir í atvinnumálum, í ut-

anríkisviðskipta- og gjaldeyrismálum, í peninga- og lánamálum með auknu frjálsræði og samkeppni með hag neytendanna fyrir augum, hverjir eiga þá að vinna það verk? Eru það Framsfl. og Alþb. sem eru báðir flokkar hins óbreytta ástands?

Virðulegi forseti. Það bíður ríkisstjórnarinnar að leysa margvíslegan, bráðan vanda, vanda ríkisfjármálanna sem eru í kaldakoli, vanda þess að innlendur sparnaður dregst nú ört saman, þann vanda að þjóðinni hefur verið lofað meiru í útgjöldum og þjónustu hins opinbera en nemur því fé sem skattgreiðendur treysta sér að leggja til. Úrlausn þessara vandamála er mest aðkallandi og því mun bera meira á þeim en mörgu öðru. En ég ítreka það álit mitt að jafnvel þótt hér sé um að ræða mikið og stórt verkefni, þá er þetta ekki meginviðfangsefni ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. heldur hitt, sem er meginviðfangsefni samstarfs þessara tveggja flokka, að vísa Íslandi og Íslendingum veginn inn til nýrrar aldar með því að ljúka þeim viðfangsefnum nýsköpunar í atvinnumálum, efnahagsmálum, utanríkisviðskiptamálum og peninga- og lánamálum sem samstarf þessara tveggja flokka á að geta skilað. — Góðar stundir.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Alþingi Íslendinga stendur nú á merkum tímamótum. Á undanförnum tveimur og hálfu ári hefur farið fram umfangsmikil breyting á öllu verklagi þingsins, starfsmannahaldi, fjárreiðum þess og eignum og þegar næsta þing kemur saman mun Alþingi væntanlega starfa í einni málstofu. Þessar umfangsmiklu breytingar hafa farið fram í góðu samstarfi við alla hv. þm. og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka það og einnig þeim fyrrv. hv. þm. sem nú eru horfnir af þingi og mál mitt kunna að heyra.

Þessum staðreyndum hefur engum dottið í hug að mótmæla, enda blasa þær við hverjum manni sem í þetta hús kemur. Ástæða þess að um þær eru engin ósannindi höfð í frammi er trúlega sú að innri styrkur hins háa Alþingis nýtist landsmönnum fremur óbeint en beint og því engin hætta á að þeir sem að þessu verki stóðu njóti þess í atkvæðamagni í kosningum. Annað er hins vegar uppi á teningnum þegar verk fráfarandi ríkisstjórnar eru metin og gildir þá einu hver sú ríkisstjórn var. Þá er barist um hylli fjöldans og hvergi skeytt um heiðarleika í þeim málflutningi. Og það sem einkennilegra er, engin ráð eru fyrir því gerð að landsmenn viti e.t.v. betur og því síður er litið til óska þeirra þegar ný stefnuræða er flutt.

Nú vill svo til að fyrir liggur ný skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskólans um þau áhersluatriði sem fólki eru efst í huga um þessar mundir og hvaða kröfur eru gerðar til hinnar nýju ríkisstjórnar. Það er ekki að heyra að hæstv. forsrh. hafi lagt eyrun við þeim niðurstöðum fólksins í landinu því að í hugum manna skipa umhverfismálin efsta sætið. Um þann málaflokk fann ég ekki orð í stefnuræðu þeirri sem hér var flutt, ekki orð, enda féll ráðuneyti umhverfismála átakalaust í hlut Alþfl.

Jöfnun lífskjara skipar annað sæti en hæstv. forsrh. margítrekar í stefnuræðu sinni að ríkisstjórnin geti orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „ekki hvers manns vanda leyst", bara sumra. Hann ætlar að auka einkavæðingu, selja ríkisfyrirtæki og draga úr almannaþjónustu og segir sig sjálft á hverjum það bitnar. Skyldu það ekki vera þeir sem minnst mega sín að vanda?

Í stefnuræðunni kemur hins vegar ekki fram hvar á að skera niður í samfélagsþjónustunni. Í heilbrigðiskerfinu, í skólakerfinu? Við vitum það ekki. Þó er boðað að breyting verði á tilhögun húsnæðislána en um það verður ekki rætt hér í kvöld vegna þess að skýrsla hæstv. fjmrh. um það efni verður lögð fram á morgun. Hún verður lögð fram daginn eftir að umræður um stefnuræðu fara fram og bið ég menn að taka eftir þessu. Það er slæmt að heyra ekki hæstv. félmrh. skýra þær aðgerðir hér í kvöld. Við heyrðum hins vegar í útvarpsfréttum og sjónvarpsfréttum í kvöld að hækka eigi vexti af húsnæðislánum. En íbúðakaupendur geta verið rólegir. Þeir fá hækkunina bætta síðla næsta árs og segir sig sjálft hver huggun það er fátæku fólki sem er að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið.

Í skoðanakönnuninni umræddu biður fólk ekki um skattalækkun, ekki um skattalækkun sem hæstv. forsrh. er svo hugleikin. Fólk biður um hækkun skattleysismarka fyrir þá sem lægst launin hafa. Fólk biður ekki um skattalækkun fyrir alla. Það biður um aukna leikskólaþjónustu og öryggi fyrir börnin sín eftir að skóla lýkur. Um það áhersluatriði er ekki orð í stefnuræðu hæstv. forsrh. Áhersluatriði hans eru því órafjarri vilja fólksins í landinu. Fólkið í landinu vill áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum svo að hjól atvinnuveganna stöðvist ekki á nýjan leik eins og þau gerðu síðla árs 1988. Og fólkið í landinu veit að síðustu ríkisstjórn tókst að gera það sem engri ríkisstjórn hefur tekist í áratugi, að eyða verðbólgunni. Henni tókst einnig að bæta viðskiptakjörin og þess vegna krefjast nú launþegasamtökin í landinu hækkaðra launa. Sú mynd sem dregin er af stöðu efnahagsmála í þessu dæmalausa plaggi, stefnuræðunni, er eins og lélegur skólastíll og minnir á tilsvar ungs laganema með kímnigáfu í nýútkomnu stúdentablaði, en hann er spurður í lok viðtals: „Og framtíðin?" Svar: „Davíð Oddsson." Hvernig má það svo vera að hæstv. forsrh. og flokkur hans fær það kjörfylgi sem nægir honum til að véla Alþfl. til að mynda með sér ríkisstjórn? Jú, svarið er einfalt. Vinur litla mannsins, Borgfl. sálugi, fór aftur heim til flokksins sem hafði enga stefnu fram að færa fyrir kosningarnar og hefur ekki enn. Alþfl. fékk kjörfylgi sitt til þess að fyrrv. ríkisstjórn héldi áfram því starfi að þeim málefnum sem þjóðin óskar sér heitast, en það vill svo til að ef menn skoða kosningaplögg Alþb., þá voru einmitt þau málefni sem fólkið í landinu vill höfuðáhersluatriði Alþb. í þessum kosningum. Gallinn er bara sá að hin nýja ríkisstjórn hefur engan áhuga á þeim ef marka má stefnuræðuna. En hin nýja ríkisstjórn er staðreynd og ég tek auðvitað undir það að henni óska ég þjóðarinnar vegna alls hins besta. En það tókst að blekkja kjósendur.

Við getum aðeins horft forviða á þá hv. þm. sem

fegurstu draumana höfðu um öflugan flokk jafnaðarmanna og félagshyggjufólks, andstæðinga hringamyndunar og flutnings fjármagns á æ færri hendur í þjóðfélagi okkar, þá sem skrifuðu langar greinar um kolkrabbann sem teygir klærnar um allt samfélagið og eirir engu. Hvar er samviska þeirra stödd? Og kolkrabbinn er samur við sig. Veit formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hverjum hæstv. landbrh. fól að gera úttekt á stöðu fiskeldis í landinu þó að nýleg úttekt lægi fyrir? Úttekt á þessu hjartabarni hv. þm. Einhvern tíma hefði hv. þm. farið nokkrum orðum um frænda hæstv. landbrh. og tekið upp í sig, en það gerir hann ekki lengur.

Nú er Alþfl. líka reiðubúinn að fórna þjóðarsátt um hagsmuni fólks og fyrirtækja með vaxtahækkun til þess að styrkja einkahagsmuni lítils hluta þjóðarinnar á kostnað fólksins sem fjárins aflar. Ríkisstjórnin aðhyllist þau vestrænu viðhorf í atvinnumálum sem best hafa dugað þjóðum hins frjálsa heims, og er þá orðrétt vitnað til stefnuræðu. Skyldi sú atvinnustefna bera í sér þær milljónir atvinnulausra sem byggja þessi frjálsu ríki? Ég ætlast ekki til svars. Skyldi sú atvinnustefna líka bera í sér þær milljónir atvinnulausra í Bandaríkjum Norður-Ameríku þar sem þjóðin býr nú við 20% ólæsi? Er það vestræn atvinnustefna sem hentar íslenskri þjóð? Ég ætlast ekki til svars.

En að þessu sögðu hlýt ég að efast um hæfni þessarar hæstv. ríkisstjórnar til að fjalla um stöðu Íslands í nýrri Evrópu. Íslendingar hljóta að þurfa að stíga hvert skref í viðræðum um Evrópskt efnahagssvæði af mikilli varúð svo að við festumst ekki í Evrópubandalaginu áður en við fáum við ráðið.

Hugmyndin um evrópska efnahagssamvinnu og Evrópubandalag er upphaflega byggð á hagræðingu á tilflutningi fjármagns. Hún er fólgin í því að gera stóru fyrirtækin stærri á kostnað hinna minni. Hún snýst fyrst og síðast um óheftan flutning vöru og vinnuafls, þjónustu og fjármagns milli aðildarríkjanna. En hún snýst líka um mótun sameiginlegrar efnahagsstefnu hinna einstöku ríkja og þar með ákveðið framsal á sjálfsforræði aðildarríkjanna. Við ákvarðanatöku um aðild að þessari samvinnu skal á það bent að norræn samvinna byggðist aldrei á hagsmunum í heimi stórfyrirtækja og viðskipta heldur á hagsmunum hvers einstaks íbúa í daglegu lífi. Hún byggist á mennt og menningu og sameiginlegum hagsmunum í þjóðlegri tilvist og andlegri reisn og ótvíræðu sjálfsforræði hinna einstöku þjóða. Efnahagsbandalagslöndin eiga langan veg ófarinn til að ná því velferðarstigi sem við búum við á Norðurlöndum. Í öllum viðskiptum við bandalag Evrópuríkja verður að stíga hvert skref af varkárni og ég treysti ekki þessari ríkisstjórn fyrir því verkefni. Það er ekki að sjá að Danir hafi efnast á veru sinni í Efnahagsbandalaginu, en þar ganga nú 300 þús. manns atvinnulausir. Sex og átta akbrauta Evrópuvegir eru fyrir fjármagn en ekki fólk.

Hæstv. forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á hinu háa Alþingi eiga fram undan erfiða ákvarðanatöku sem hafa mun afgerandi áhrif á framtíð okkar allra. Kæruleysi og léttúð við gerð stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er óvirðing við fólkið í landinu og þjóðhagslega hættuleg. Það er ekki verkefni okkar að fara með rangar staðreyndir og stóryrði hvert um annað, eins og hæstv. heilbrrh. hafði hér t.d. í frammi áðan, og blekkingar um stöðu þjóðarbúsins. Verkefni okkar er að skýra og skilgreina raunverulega stöðu þess og lýsa mönnum inn í framtíðina með það eitt að leiðarljósi að hér í landi megi þrífast gott og heilbrigt mannlíf sem allir eiga aðgang að. Í stefnuræðu hæstv. ríkisstjórnar er enga slíka framtíðarsýn að finna, því miður. — Ég þakka áheyrnina.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. hefur flutt okkur stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar. Fulltrúar stjórnarflokkanna hafa lagt á borð fyrir alþjóð það sem þeir hafa upp á að bjóða við upphaf stjórnarsetu. Í ljós hefur komið að það er engin veisla í farangrinum, það er ekkert sem nýnæmi er í né heldur nokkuð sem gefur kjarngóða undirstöðu.

Stefnuræða hæstv. forsrh. var fyrir margra hluta sakir merkileg, ekki þó vegna þess sem þar var sagt heldur miklu fremur hins sem var ósagt látið. Í ræðunni var ekki minnst einu orði á heimilin og fjölskyldurnar í landinu og þau mál sem á þeim brenna, svo sem húsnæðismál og aðbúnað barna. Þar var ekkert að finna um mennta- eða menningarmál og hvergi voru umhverfismál nefnd á nafn. Samt eru þetta hin stórpólitísku mál í nútíð og framtíð sem bæði atvinnulíf og peningamarkaður ætti að lúta. Þetta eru þau mál sem þjóðinni finnst að ný ríkisstjórn ætti að leggja mikla áherslu á. Ný og viðamikil könnun Félagsvísindastofnunar sýnir þetta svo að ekki verður um villst. Samt skenkir forsrh. þeim ekki eina hugsun við samningu sinnar fyrstu stefnuræðu. Hann er ekki samstiga þjóð sinni.

Stefnuræða hæstv. forsrh. bar það með sér að flugeldasýningunni miklu er lokið. Hin tilkomumiklu neyðarblys sem send voru á loft í tilefni kosninga eru slokknuð. Gleymd eru þau góðu fyrirheit sem gefin voru þegar blysunum var skotið á loft. Gleymd eru fögur orð um fórnir launafólks sem sjálfsagt þótti að verðlauna með kjarabótum að loknum kosningum. Gleymd eru orð hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. kvöldið fyrir kjördag þegar hann sagði: „Það er að koma góðæri. Launþegar þurfa að fá sinn réttmæta skerf fyrir þær fórnir sem þeir hafa fært. Þær hafa ekki verið til einskis. Inneignin er þarna.“ Fögur orð og fyrirheit hæstv. utanrrh. brunnu upp með síðustu kosningaflugeldunum. Inneignin sem launafólki var sagt að það ætti hvarf að mestu úr huga og munni stjórnmálamanna daginn eftir kjördag.

Sama dularfulla hvarfið átti sér stað á síðum Morgunblaðsins. Svo seint sem á kjördag birtist þar Reykjavíkurbréf um hina margumræddu inneign. En eins og allir vita var blaðið þá í stjórnarandstöðu. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Forsendur fyrir kjarabótum eru óumdeilanlega fyrir hendi. Ef t.d. talsmenn Vinnuveitendasambandsins tækju upp á því að halda því fram að svo væri ekki,

mundu launþegar einfaldlega ekki leggja trúnað á orð þeirra vegna þess að staðreyndirnar blasa við."

Hinn 8. maí sl. kveður aftur á móti við nokkurn annan tón, enda vill Morgunblaðið standa með afkvæmi sínu, viðreisnarstjórninni. Þann dag segir í leiðara blaðsins, með leyfi forseta:

„Endurnýjun þjóðarsáttarsamninga stendur fyrir dyrum í haust. Spáð er að hagvöxtur verði aðeins 1% í ár. Það er því ekki mikið til skiptanna." Hvort eiga lesendur að trúa hæstv. ritstjórum Morgunblaðsins fyrir eða eftir kosningar?

Hluti inneignarinnar sem hæstv. utanrrh. gerði að umtalsefni daginn fyrir kosningar er hinn svokallaði viðskiptakjarabati sem ríkisstjórn þessa sama ráðherra reynir nú að hafa af launafólki. Gekk hæstv. fjmrh. m.a. svo langt í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær að fullyrða að hann væri ekkert bundinn af því sem gert var í febrúar á síðasta ári. Slík orð frá ráðherra eru siðlaus gagnvart almenningi sem á mikið undir afstöðu stjórnvalda og samkvæmni í stjórnarathöfnum. Persóna fjmrh. skiptir ekki máli. Stjórnvaldið er eitt og hið sama, embætti er eitt og hið sama. Þessu embætti ber að standa við sitt, því ber að standa við gerða samninga.

Fulltrúar ríkisstjórnar og atvinnurekenda neita því ekki að það hafi orðið verulegur viðskiptakjarabati. Þeir vilja hins vegar ekki semja um að greiða hann á yfirstandandi samningstíma heldur nota hann sem viðspyrnu fyrir sig þegar til nýrra kjarasamninga kemur í haust. Það er sannfæring mín að fái þeir vilja sínum framgengt þýði það einfaldlega að atvinnurekendur og ríkisvald fái svigrúm til að hygla þeim sem hafa sterkasta samkeppnisstöðu á vinnumarkaði og þarf að friða með sporslum og greiðslum fram hjá samningum. Eftir sitja konur og aðrir þeir sem fá laun samkvæmt umsömdum töxtum. Þessi leikur hefur verið margendurtekinn og á sinn drjúga þátt í því að það hefur dregið sundur með konum og körlum í launum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og stefnuræðu hæstv. forsrh. kemur fram að ríkisstjórnin ætli fyrst að takast á við ríkisfjármálin og bæta verðmætasköpun í atvinnulífinu. Svo komi röðin að því að bæta lífskjörin. En hver trúir þessu? Þeir sem síðast sátu við stjórnvölinn sögðust fyrst ætla að ná niður verðbólgunni, svo átti röðin að koma að hinum tekjulægstu. Þetta urðu aldrei annað en orðin tóm. Og núna horfir launafólk á útbrunnu flugeldana sem sendir voru upp því til heiðurs fyrir mánuði síðan. Sá sígildi lærdómur blasir við að launþegum eru engar gjafir gefnar. Kjarabætur verða hvorki færðar þeim á silfurfati né taldar upp úr kjörkössum. Þær þarf að sækja.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar endurspeglast sú skoðun að aukin verðmætasköpun í samfélaginu sé forsenda aukinnar velferðar og bættra lífskjara. Meira magn er talið til marks um meiri gæði. Þessi viðhorf á ríkisstjórnarbænum koma ekki á óvart. Alþýðuflokksmenn háðu sína kosningabaráttu undir yfirskriftinni „Ísland í A-flokk". Þeir líta með öðrum orðum svo á að land og þjóð sé ekki í þeim gæðaflokki heldur einhverjum sem neðar stendur.

Núv. forsrh. lýsti því líka margsinnis yfir í kosningabaráttunni að sú hætta vofði yfir að Ísland yrði meðal fátækustu ríkja Evrópu við aldarlok ef Sjálfstfl. fengi ekki stjórnartaumana. Þvílíkar blekkingar og þvílíkur barlómur. Þjóðarauður Íslendinga er mikill. Hér eru gjöful fiskimið og verðmætar orkulindir. Hér býr menntuð og vinnusöm þjóð. Hér er landsframleiðsla og þjóðartekjur með því sem hæst gerist í vestrænum löndum og hér lifir fjöldi fólks í vellystingum praktuglega. Í samfélagi þjóðanna erum við svo sannarlega í A-flokki og við stöndum ekki á neinum þröskuldi fátæktar.

Lífskjör fólks eru hins vegar mjög misjöfn hér á landi, lífsgæðunum er misskipt. Því verður ekki breytt með því að auka það sem við höfum úr að spila, heldur með því að stokka spilin og gefa upp á nýtt. Auðlegð okkar og fámenni ætti að gera okkur kleift að skapa hér fyrirmyndarþjóðfélag þar sem allir leggjast á eitt um að hlúa að einstaklingunum, þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín og enginn er dæmdur úr leik. Það eina sem kemur í veg fyrir að við búum í slíku samfélagi er sérgæska og viljaleysi þeirra sem mest hafa. Þau rök heyrast gjarnan að margir sem hafa mikið umleikis hafi unnið hörðum höndum og lagt mikið á sig til að komast í álnir. Þetta er vissulega rétt. En það hafa fjölmargir aðrir gert líka en borið ólíkt minna úr býtum. Þá er okkur sagt að við því sé ekkert að gera. Misskipting gæða og tekna sé lögmál. Þannig hafi þetta alltaf verið og þessu verði ekki breytt. Nú síðast heyrðust orð í þessa veru sögð af formanni Vinnuveitendasambandsins. Það er vissulega á brattann að sækja þegar jöfnuður og jafnrétti er annars vegar en ef við játumst undir lögmál ójafnaðar og misréttis jafngildir það siðgæðisuppgjöf, þá beygjum við okkur undir vald nauðhyggjunnar sem segir að engu verði breytt, þeirrar nauðhyggju sem slævir réttlætiskennd og frumkvæði einstaklinganna.

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Í ræðu sinni sagði hæstv. forsrh. dæmisögu af Persakeisara sem lét hermenn sína hýða sjóinn þar sem hann vildi ekki hlýðnast honum. Í dag hlæja menn að oflátungshætti Persakeisara en fara þó sífellt að fordæmi hans. Mennirnir telja sig herra sköpunarverksins og beita náttúruna ofbeldi af ýmsu tagi í þeim tilgangi að brjóta hana undir sig, gera hana sér undirgefna. Þeir arðræna hana, spilla ásjónu hennar, draga úr sköpunarkrafti hennar og koma í veg fyrir að hún endurnýi sig. Allt er þetta gert í nafni hins góða, í nafni framfara, hagvaxtar og hagsældar. Allt er þetta gert í nafni þeirra svokölluðu vestrænu viðhorfa í atvinnumálum sem hæstv. forsrh. sagði ríkisstjórnina aðhyllast.

Þó allir sem um véla séu sammála um að framtíð okkar byggist á að við sættum okkur við að minna sé betra, þá skipuleggja öll Vesturlönd framtíð sína út frá hinu gagnstæða. Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðið byggja t.d. tilveru sína á aukinni framleiðslu, aukinni neyslu og auknum hagvexti. Við verðum að snúa af þessari braut og eins og Vaclav Havel, forseti Tékkóslóvakíu, orðaði það: „Við verðum, án þess að skeyta um hæðnisraddir, að endurheimta gild-

ismat okkar frá náttúruheiminum og játa þeirri leiðsögn hans sem við áður höfum afneitað. . . . Maðurinn verður að snúa aftur til sjálfs sín og ábyrgðar sinnar á heiminum."

Góðir Íslendingar. Stjórnvöld mæðast í mörgu en eitt er nauðsynlegt, aðeins eitt. Það er að taka ábyrga afstöðu gagnvart framtíðinni. Það útheimtir aftur að við búum börnum okkar aðstæður sem eru líklegar til að efla þau til dáða og góðra verka síðar meir og það útheimtir að við skilum af okkur ekki minni höfuðstól í ómenguðu umhverfi og náttúruauðlindum en við fengum í arf frá fyrri kynslóðum. Aðeins þannig tryggjum við framtíð þessarar þjóðar.

Ég þakka þeim sem á hlýddu. — Góða nótt.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

5. fundur, miðvikudaginn 22. maí, kl. 2 miðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra. — Frh. umr.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Við hlýddum á stefnuræðu forsrh. hér í gærkvöldi og þrjár þingkonur Kvennalistans gerðu grein fyrir áliti Kvennalistans á henni í meginatriðum á ágætan hátt og þarf ég ekki miklu við það að bæta. Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi gera að frekara umtalsefni hér í örstuttu máli.

Rauði þráðurinn í ræðu hæstv. forsrh., sem ég vona að sé ekki allt of langt undan þannig að hann megi hlýða á mál mitt. Ég sé ekki til hæstv. forsrh. (**Forseti:** Ég skal láta athuga það, ég held hann hafi aðeins skroppið fram, kannski í síma eða eitthvað slíkt.) Mér þykir heldur verra að þurfa að halda áfram að fjalla um ræðu hans að honum fjarstöddum þó hér sé ágætur fulltrúi ríkisstjórnarinnar í líki hæstv. umhvrh. sem, eins og ég hef sagt við hann sjálfan, gegnir einu mikilvægasta hlutverkinu í ríkisstjórninni. Ég mun koma aðeins að því síðar, en það breytir ekki því að ég hefði gjarnan kosið að hæstv. forsrh. væri hér jafnframt ef hann hefur hugsað sér að taka þátt í umræðunni. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. mun hafa verið í símanum og það er verið að gera honum viðvart.)

Ég mun, virðulegur forseti, samt hefja mál mitt og tel ekki ástæðu til þess að bíða mjög lengi. Það sem mér þótti athyglisvert við ræðu hæstv. forsrh. í gærkvöldi var rauði þráðurinn sem þar var og kom kannski skýrast fram þegar hann sagði: „Ríkisstjórnin hefur bolmagn til að fella úr gildi margvísleg ólög, skráð og óskráð, sem truflað hafa menn og torveldað í verðmætasköpun og viðskiptum." — Þannig að það virðist vera að hömlulaust markaðskerfi sé rauði þráðurinn í stefnu þessarar ríkisstjórnar og fannst mér það koma mjög skýrt fram í máli hæstv. forsrh. hér í gær.

Það á einnig að taka upp einkavæðingu á vissum sviðum, taka hærri gjöld fyrir þjónustu ríkisins og taka greiðslur fyrir hana þar sem það hefur ekki verið gert ef maður skilur rétt það sem þar kom fram.

Tenging íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið er á óskalista ríkisstjórnarinnar og munum við þá ekki hafa möguleika á því að mæta sveiflum í íslensku efnahagslífi sem eru óhjákvæmilegar þar sem stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar byggir á náttúrulegum sveiflum og getum við ekki komist hjá því að það endurspeglist í efnahagskerfinu. Við getum ekki gengið að fiskinum í sjónum vísum sem einhverri fastri stærð.

Ég hefði einmitt hér viljað spyrja hæstv. forsrh. nánar út í það hvernig ríkisstjórnin hefur hugsað sér að þetta muni verða gert. Hann sagði að vísu í ræðu sinni að það yrði kannað hvernig því yrði fyrir komið að tengja íslensku krónuna evrópska myntkerfinu en mér þætti fróðlegt að vita á hvern hátt ríkisstjórnin hyggst þá mæta sveiflum í hagkerfinu vegna þess að það hlýtur að vera mjög erfitt að gera það ef við erum með fastbundið við evrópska myntkerfið og dettur manni í hug að enn einu sinni eigi að seilast ofan í vasa launafólks ef ekki verður um neina aðra möguleika að ræða. Ég vildi því gjarnan varpa þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvernig þeir hafa hugsað sér þetta eða hvort þetta er kannski algerlega óhugsað enn.

Evrópska efnahagssvæðið er líka mjög ofarlega á lista ríkisstjórnarinnar. Ég held því enn fram, þrátt fyrir mótmæli hæstv. utanrrh., að þarna sé verið að taka stórt skref inn í Evrópubandalagið.

Á undanförnum árum hafa ríkisstjórnir og stuðningsmenn þeirra verið iðnir við að setja lög á launafólk. Sett hefur verið bann á kjarasamninga, teknar af með lögum launahækkanir sem launafólk hefur samið um í frjálsum kjarasamningum og svo til að bíta höfuðið af skömminni þá setti síðasta ríkisstjórn lög sem felldu úr gildi samning sem páv. fjmrh. hafði gert fyrir hennar hönd við háskólamenntaða ríkisstarfsmenn. (Gripið fram í.) Það eru þó nokkrir. Allar slíkar ráðstafanir sem kallast efnahagsráðstafanir koma harðast niður á þeim sem lægstu launin hafa en í þeim hópi eru konur fjölmennastar. Auk þess virðast karlarnir eiga auðveldara með að fá launahækkanir umfram taxta. Þjóðarsáttin svokallaða var að miklu meiri hluta borin uppi af konum en körlum. Frá því í febrúar 1990, þegar þessi svokallaða þjóðarsátt var gerð, hefur dregið í sundur í launum kvenna og karla þrátt fyrir að konur vinni nú enn lengri vinnudag en áður.

En hvað með nýju ríkisstjórnina? Er líklegt að einhver stefnubreyting verði í þessum málum hjá henni? Ekki bendir nú margt til þess, ekki enn sem komið er alla vega.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni að ríkisstjórnin vildi ná stöðugleika á vinnumarkaði. Hvaða úrræði hefur svo ríkisstjórnin til að ná þessu jafnvægi? Jú, hækkun vaxta er það fyrsta sem á að taka til bragðs. Ríkisstjórnin spennir upp vextina með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fyrirtækin í landinu, að ég tali nú ekki

um heimilin. Áætlað er að heimilin í landinu skuldi um 170 milljarða króna svo hækkun vaxta hefur veruleg áhrif fyrir þau og mörg heimili munu varla geta ráðið við þessa hækkun vaxta. Þeir sem hins vegar hagnast af hækkun vaxta eru fjármagnseigendur sem nú fá verulegar upphæðir í sinn vasa án þess að þurfa að greiða nokkuð af þeim tekjum í sameiginlega sjóði landsmanna.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, bláa ritlingnum sem við fengum á borðið okkar fyrir nokkrum dögum, frá 30. apríl, segir í sjöunda lið, með leyfi forseta: „Samræmd verði skattlagning eigna og eignatekna."

Þetta er hin opinbera útgáfa. Að vísu var önnur útgáfa birt í Alþýðublaðinu á sínum tíma þar sem tekið var miklu ákveðnar á þessum málum, en þarna er orðið eftir að „samræmd verði skattlagning eigna og eignatekna" — hvað sem það nú boðar. Væri nú fróðlegt að fá nánari svör við því.

Hækkaðir vextir hafa auðvitað þær afleiðingar að verðbólga eykst, kostnaður fyrirtækjanna eykst og þar af leiðandi verður minna svigrúm fyrir fyrirtækin að hækka launin þegar að kjarasamningum kemur. Það er merkilegt að alltaf þegar laun hækka þá er hrópað úlfur, úlfur, verðbólga, verðbólga, en þegar vextir eiga að hækka þá virðist það eiga að vera allt í lagi og ekki hafa nein áhrif.

En það er fleira sem ríkisstjórnin virðist ætla að gera til að ná svokölluðum stöðugleika á vinnumarkaði ef marka má fréttir.

Í febrúar sl. var samið við BSRB og KÍ um að ef einhver bati yrði á viðskiptakjörum þá mundu launamenn í þessum félögum fá að njóta þess eftir ákveðnum reiknireglum. Nú segir hæstv. fjmrh. að hann sé að sjálfsögðu ekki bundinn þeim samningum sem gerðir voru, eins og hann komst að orði í útvarpsfréttum þann 20. maí sl. Þarna virðist því ríkisstjórninni finnast eðlilegt að standa ekki við það sem fyrri ríkisstjórn hefur samið um við launþega. Þetta þykja mér slæmar fréttir og vona að þetta sé einhver misskilningur af hálfu hæstv. fjmrh. eða að hann hafi mismælt sig í útvarpsfréttum. Þætti mér fróðlegt að vita hvort hæstv. forsrh. er sammála þessari túlkun fjmrh.

Að mati atvinnurekenda, studdir mjög dyggilega af ríkisstjórninni, er ekkert svigrúm nú til að hækka launin. Tíminn er ekki kominn. Tíminn er ekki runninn upp, segja þeir. Við verðum að bíða til haustsins. Formaður Vinnuveitendasambandsins sagði eitthvað á þá leið að krónutöluhækkunin sé í raun launalækkun, hvernig sem hann fór nú að því að fá það út. Viðleitnin til tekjujöfnunar virðist því vera minni en engin.

Sala ríkisfyrirtækja og einkavæðing er einnig lausn á vanda ríkissjóðs að mati ríkisstjórnarinnar ef marka má stefnuræðu hæstv. forsrh.

Ég tel fyllilega koma til greina að selja einhver fyrirtæki ríkisins en það verður að gaumgæfa málið mjög vel. Reynsla manna er mjög misjöfn af því er þessa leið varðar erlendis þar sem hún hefur víða verið reynd. Þarna þarf því að athuga málið mjög vel og það er heldur ekki hægt að heimfæra reynslu annarra þjóða beint upp á Íslendinga. Það hefur t.d. komið verulega niður á þjónustu víða erlendis og alltaf er hætta á því þegar um einkavæðingu er að ræða að ekki sé tekið tillit til heildarhagsmuna þegar verið er að meta hagkvæmni.

Í mörgum tilvikum getur verið eðlilegt að ríkið eigi hlut í atvinnufyrirtækjum og sé ég raunar ekkert athugavert við það að ríkið aðstoði við uppbyggingu, setji á stofn ný fyrirtæki, stuðli að þróunarstarfi og byggðaþróun t.d., þannig að það er ýmislegt sem þarf að taka tillit til þegar verið er að tala um einkavæðingu. Einnig getur í sumum tilvikum verið erfitt fyrir einstaklinga að ráða við fjárfestingu og því mjög eðlilegt að ríkið komi þar til aðstoðar. Það verður þess vegna að gæta þess mjög þegar verið er að ræða um einkavæðingu að ekki sé rasað um ráð fram og ekki sé farið út í það að einkavæða bara einkavæðingarinnar vegna, eins og mér hefur reyndar oftast fundist vera talað um.

Það verður einnig að hafa í huga í þessu sambandi að fyrirtæki í eigu ríkisins geta verið ákveðinn sveiflujafnari í hagkerfinu og er það sérstaklega mikilvægt fyrir okkar hagkerfi sem er eins sveiflukennt og raun ber vitni. Þannig að þegar um þenslu er að ræða, þá sé hægt að draga úr umsvifum ríkisfyrirtækja og síðan öfugt þegar um samdrátt er að ræða.

Ég tel auðvitað að einkavæðing geti aldrei átt við löggæslu og dómstóla og að mínu mati á það heldur ekki við í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Þegar ég er að tala um það svona þá er ég ekki að ræða um að það geti ekki verið einkaaðilar sem reka ákveðnar þjónustustofnanir innan heilbrigðisgeirans eins og t.d. sjúkraþjálfarar. Það er nú eðlilegt að þeir haldi áfram. Tannlæknar hafa rekið sínar stofur og læknar. En það má þó ekki vera þannig að hægt sé að senda reikningana til ríkisins fyrir þjónustu sem veitt er algjörlega óháð því hver hún er, sem frægt er nú orðið og þarf ekki að ræða það hér úr þessum ræðustóli.

Ég vil benda á að fyrir skömmu kom maður frá Bretlandi sem hélt erindi á ársfundi Vinnuveitendasambands Íslands, þar sem hann ræddi um einkavæðingu. Hann sagði aðspurður að í Bretlandi væri ekki einkavæðing í heilbrigðiskerfi og menntakerfi. Þetta kom eilítið á óvart því þar er vagga einkavæðingarinnar. Þá skýrði maðurinn það út: Jú, við erum með innan við 10% af skólakerfinu einkavætt. Hann taldi að ekki væri hægt að ræða um einkavæðingu og hann flokkaði það heldur ekki undir einkavæðingu þegar einkaaðilum er falinn ákveðinn þáttur t.d. heilbrigðisþjónustunnar fyrir hönd ríkisins. Ég tel því að við eigum alls ekki að fara út í einkavæðingu á þessu sviði og vona ég að það sé heldur ekki ætlun ríkisstjórnarinnar þó að það komi ekki fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar né heldur kom það fram í ræðu hæstv. forsrh. hér í gær.

Það skiptir líka mjög miklu máli þegar sala ríkisfyrirtækja er metin að ekki verði komið á einkaeinokun í stað einkavæðingar eins og dæmi eru um. Við getum t.d. tekið Bifreiðaskoðun Íslands, sem er eitt frægasta dæmið um þessar mundir, þar sem Bifreiðaskoðun Ís-

lands skoðar bifreiðar og þangað eru allir skyldugir að fara. Við höfum enga möguleika á að velja á milli Bifreiðaskoðunar Íslands og einhvers annars. Síðan er taxtinn settur upp og við verðum að gera svo vel og borga vegna þess að við erum skyldug samkvæmt lögum til þess að fara með bifreiðar okkar til skoðunar. Það tel ég vera eina stærstu hættuna hér í okkar fámenna litla landi að einkavæðingin leiði til einkaeinokunar og þá er verr farið en heima setið.

Ég tel að almennt eigi að draga úr miðstýringu í kerfinu, að ríkisvaldið sé ekki stöðugt að skipta sér af einstökum stofnunum og fyrirtækjum, skipa í stöður og hafa pólitísk afskipti af hverju og einu heldur eigi að auka sjálfstæði ríkisstofnana og fyrirtækja ríkisins og ekki síst auka ábyrgð starfsmanna. Það er þess vegna hægt að fara ýmsar leiðir til valddreifingar aðrar en færa fyrirtækin í hendur einstaklinga sem getur skilið eftir kannski enn verra og stærra vandamál ef það fer í hendur mjög fárra aðila. Er þó ekki á það bætandi þegar mjög stór hluti stórra fyrirtækja á Íslandi í einkaeign eru í eigu örfárra aðila. Það getur ekki verið það sem við viljum stefna að og ég vara eindregið við því.

Hæstv. forsrh. boðaði einnig í ræðu sinni að það eigi að hækka gjald fyrir þjónustu og taka gjald fyrir þjónustu sem ekki hefur verið gert hingað til. Það kemur í raun ekkert á óvart að það þurfi að hækka gjöld fyrir þjónustu því að þarna er auðvitað um að ræða gamlar stíflur frá fyrri ríkisstjórn sem kom í veg fyrir hækkun því að það mátti ekkert hækka á þjóðarsáttartíma svokölluðum. Það varð að bíða þangað til eftir það. Við kvennalistakonur höfðum margoft bent á að það þurfti auðvitað að gera sér grein fyrir því að þarna væri um frestun að ræða í mörgum tilvikum en ekki það að það væri hægt að fara þær leiðir sem farnar væru. Get ég minnt t.d. á það að í upphafi þessa árs gerði Tryggingastofnun ríkisins samning við sérfræðinga sem var með þeim ósköpum gerður að stærstur hluti af hækkuninni kom fram eftir 1. sept. til þess að það kæmi ekki fram á þessu tímabili sem hefur verið kennt við þjóðarsátt.

En allar hækkanir á þjónustu og gjöldum koma mjög illa við fólk og það getur verið mjög erfitt fyrir fólk sem verður að sækja ýmsa opinbera þjónustu að ráða við að greiða mikið fyrir hana. Og gildir þetta auðvitað sérstaklega um þá sem lægstu launin hafa og hafa borið uppi þjóðarsáttina.

Til hvers mun svo það allt saman leiða sem ríkisstjórnin boðar? Ég get ekki séð að þetta leiði til jöfnunar lífskjara, svo langt í frá. Það stuðlar alls ekki að byggðajafnvægi. Og það bætir alls ekki stöðu kvenna í þessu þjóðfélagi.

Konum í hvaða þjóðskipulagi sem er er sérstaklega annt um samhjálp og félagsleg réttindi og vilja að þau séu í heiðri höfð. Þær bera yfirleitt mesta ábyrgð á hag og velferð fjölskyldunnar og sjá að stærstum hluta um þá sjúku og þá sem minna mega sín. Þær eru sér því meira meðvitaðar um hve mikilvægt það er að standa vörð um velferðarkerfið. Ég óttast um velferðarkerfið í höndum þessarar ríkisstjórnar.

Það þýðir ekki alltaf að segja við konur og aðra þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu: Bíðið þið. Fyrst þurfum við að gera þetta og svo kemur að ykkur á eftir. Þetta hefur verið sagt allt of lengi og við erum ekki tilbúnar til að bíða eftir því.

Í síðustu ríkisstjórn skorti mikið á að tekið væri tillit til sjónarmiða kvenna. Hér voru flutt jafnréttisfrumvörp þar sem stöðugt var reynt að sjá til þess að skera niður þau ákvæði sem væru líkleg til þess að auka hlut kvenna. Ég vil minna á og hef ég af því nokkrar áhyggjur að það voru ekki síst þingmenn Sjálfstfl. sem gengu fram í því að skerða og skera burtu þau ákvæði frv. sem voru þó til bóta. Ég vona að þingmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, geri sér grein fyrir því að það verður að gæta þess í allri lagasetningu að sjónarmið kvenna komi þar að. Eitt af því er frv. um jafna stöðu kvenna og karla sem reyndar varð að lögum á síðasta þingi en það þarf að bæta það verulega.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að lagasetning um jafna stöðu kynjanna er engin lausn. Það höfum við margséð.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því að ekki er vikið einu orði að leikskóla og grunnskóla í ræðu hæstv. forsrh. Ég hafði bundið nokkrar vonir við það að frv. um samfelldan skóladag, sem var samþykkt í lok síðasta þings, og um leikskóla mundi verða hvatning til þessarar ríkisstjórnar um að taka nú þarna myndarlega á málum. Það kemur ekkert fram í ræðu hæstv. forsrh. en ég skora á hann að taka nú myndarlega á þessum málum og láta það verða eitt af forgangsmálum þessarar ríkisstjórnar að leggja áherslu á málefni barna. Það er eitt af forgangsmálunum í þessu þjóðfélagi.

Ég vil einnig minna ríkisstjórnina á það að í júní árið 1985 var staðfestur hér á Alþingi sáttmáli um afnám alls misréttis gagnvart konum eða mismununar gagnvart konum held ég að hann hafi nú heitið. Það er margt mjög merkilegt í þeim sáttmála og þar sem ríkisstjórnin er svo hrifin af því að fara vel eftir öllum samningum við erlend ríki og alþjóðasamningum, þá skora ég á hana að dusta rykið af þessum samningi og reyna að miða út frá honum við alla lagasetningu því að hann tekur á mörgum málum í þjóðfélaginu með tilliti til kvenna. Ég vil því beina því til ríkisstjórnarinnar að skoða nú hvað Alþingi og ríkisstjórn staðfestu árið 1985.

Í atvinnumálum gildir það sama um þessa ríkisstjórn og þá fyrri að það á að leggja höfuðáherslu á álframleiðslu. Og eins og hæstv. forsrh. sagði orðrétt hér í gær: Eins og verulegur meiri hluti þjóðarinnar vill. Ég er ekki alveg viss um að hæstv. ráðherra hafi lesið eða kynnt sér þá þjóðmálakönnun, sem birtist í Morgunblaðinu nú um helgina, þar sem greinilega kemur fram að aðeins liðlega 30% af þeim sem tóku þátt í þessari skoðanakönnun lögðu áherslu á orkufreka stóriðju. Ég held þess vegna að þarna hafi kannski verið einhver misskilningur á ferð en auðvitað var eðlilegt að hæstv. ráðherra vissi ekki af þessari könnun þar sem hún birtist sunnudaginn 19. maí í Morgnblaðinu, en við fengum ræðu ráðherrans í hendur fyrir þann tíma. Þarna held ég að hefði þurft að leiðrétta því að verulegur meiri hluti þjóðarinnar vill

ekki álver. Enda er það eðlilegt. Við kvennalistakonur urðum varar við það í kosningabaráttunni að mjög margir höfðu áhyggjur af þessari stefnu fyrrv. ríkisstjórnar — sem er sú stefna sem þessi ríkisstjórn tekur upp líka — og að fólk telur mikla hættu á því að verið sé að selja orkuna á undirverði. Eftir þeim upplýsingum sem við höfum núna, þó að við fáum ekki mikið að vita, virðist sem að við fáum varla það verð fyrir orkuna sem er nauðsynlegt fyrir okkur. Þarna er einnig verið að selja stóran hluta af orkunni til einnar tegundar framleiðslu og það á að miða raforkuverðið við álverð sem þýðir að þarna verður um verulegar sveiflur að ræða í raforkuverði. Síðan á að veita verulegan skattaafslátt. Fyrrv. fjmrh. upplýsti okkur á síðasta þingi um að það kæmi ekkert í ríkiskassann fyrr en eftir níu ár. Ekki veit ég hvort það stendur enn. Og síðan eru auðvitað byggðasjónarmiðin sem ekki hefur neitt tillit verið tekið til.

Og það sem verst af öllu er — og nú sakna ég nærveru hæstv. umhvrh. sem var hér staddur áðan — að það virðist ekki eiga að krefjast fullkominna mengunarvarna.

Ég skal ekki tefja umhvrh. mjög lengi, en það sem mér þykir verst af öllu varðandi það álver sem byggja á á Keilisnesi er að það virtist sem ekki ætti að krefjast fullkominna mengunarvarna í þessari álverksmiðju. Ég átti oft orðastað við fyrrv. umhvrh., sem ekki er lengur hér á þinginu, um þetta mál. Hann var mér mjög ósammála um það að þarna þyrfti að krefjast fullkominna megnunarvarna. Ég taldi, og ég deili þeim skoðunum með mörgum öðrum, að þarna þyrfti að hreinsa t.d. brennisteinsdíoxíð og ég taldi að þarna þyrfti að gera miklar kröfur. Það var mikið deilt hér í þinginu um það samkomulag sem hæstv. iðnrh. hafði undirritað varðandi mengunarvarnarþáttinn í þessu. Ekki veit ég hversu langt þetta er komið núna af hálfu núv. hæstv. umhvrh. en mig langaði til að vita hvernig þessi mál stæðu núna vegna þess að þetta skiptir verulega miklu máli og ég skora á hæstv. umhvrh. að gefa ekkert eftir í þessum efnum. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að umhvrn. sé eitt mikilvægasta ráðuneytið í þessari ríkisstjórn og það sem meira er, það kemur fram í þessari könnun sem ég minntist á áðan, að meiri hluti þjóðarinnar virðist vera á sama máli. Það er mjög ánægjulegt að fá niðurstöðu þessarar könnunar og ég vil leggja áherslu á það í þessu svokallaða álmáli, að þar verði ekkert gefið eftir og það verði frekar lagst á árar af hálfu umhvrn. með þeim sem hafa viljað auka og setja miklu strangari kröfur heldur en heyrst hefur að ætti að gera af hálfu ráðherra í fyrrv. ríkisstjórn.

Ég treysti því að hæstv. umhvrh. vilji að Ísland geti staðið undir þeirri auglýsingu sem mikið hefur verið haldið á lofti um að Ísland sé hreint og ómengað land því að það verður ekkert nema auglýsingin ef við ætlum að fara að gefa eitthvað eftir í mengunarvarnamálum. Ég ætla mér ekki við þessa umræðu að ræða um önnur umhverfismál sem eru auðvitað ekkert síður brýn. Ég geymi mér það til síðari tíma. Ég vona því að nýr umhvrh. taki þarna myndarlega á málum.

En almennt finnst mér að það sé mikið ráðleysi í þessari ríkisstjórn. Mér hefur ekki gefist tími til að líta á þennan bláa bækling sem við vorum að fá um leið og ég gekk upp í þennan ræðustól, en það verður að gerast síðar á fundinum af hálfu okkar kvennalistakvenna ef við höfum tíma til að líta á þennan bækling áður en umræðunni lýkur. Ráðleysi ríkisstjórnarinnar er svo mikið að það sem þeim finnst einna vænlegast í stöðunni er að gefa alveg eftir alla efnahagsstjórn til yfirþjóðlegra stofnana. Þetta fullyrði ég því að þessi ríkisstjórn er enn ákafari en sú fyrri, sem var nokkuð áköf, að gera samning um Evrópskt efnahagssvæði. Mér sýnist að þessi ríkisstjórn, ef marka má það sem hér hefur verið rætt fyrr í umræðunni, sé jafnvel tilbúin til að taka enn stærra skref í átt til Evrópubandalagsins en fyrri ríkisstjórn var tilbúin til að gera. Í umræðunni á þriðjudaginn var um Evrópska efnahagssvæðið fullyrti ég að Ísland afsalaði sér bæði dómsvaldi og löggjafarvaldi. Hæstv. utanrrh. mótmælti því mjög kröftuglega í ræðu sinni, en ég vil endurtaka það hér að ég tel að hér sé um afsal á löggjafarvaldi að ræða og vil ég fá, með leyfi forseta, örlítið að minnast á það. Það skal ekki verða langt en mér finnst skipta máli að það komi fram hér.

Í 23. gr. yfirlýsingar ráðherranna, sem utanrrh. Íslands er aðili að, er tekið fram að löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins eigi að vera æðri löggjöf aðildarlandanna. Það þýðir að ef við gerumst aðilar að þessu og tökum yfir um 60% af löggjöf Evrópubandalagsins að því er varðar efnahagsmál, þá mun Alþingi Íslendinga ekki geta sett lög á þessu sviði nema vera þá um leið að segja sig frá þessum samningum. Þó svo að formsins vegna þýði það það að Alþingi geti auðvitað gert það, þá er það í raun að afsala sér algerlega möguleikanum á að setja lög, því að um leið og þeir vilja breyta einhverju í löggjöf um efnahagsmál eða gera einhverjar ráðstafanir á því sviði, þá eru þeir í raun að segja upp samningnum. Ég vil þess vegna meina að þarna sé verið að afsala sér verulegum hluta af löggjafarvaldinu þó að auðvitað væri hægt að segja að formsins vegna hafi Alþingi enn þá möguleika á að setja lög.

Ég hef sömu skoðun á þeim dómstól sem þarna er um að ræða ef hann á að vera æðri dómstólum landsins og ekki verður hægt að áfrýja úrskurði hans til Hæstaréttar Íslands. Mín skoðun er sú að þarna sé verið að afsala sér verulegum hluta af yfirráðum yfir efnahag landsins, efnahagsstjórninni. Mér finnst einkennilegt ef ríkisstjórnin er tilbúin til þess að afsala sér efnahagsstjórn að verulegu leyti.

Við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu vera málefnalegar í stjórnarandstöðu, eins og við höfum reyndar alltaf verið, og taka afstöðu með góðum málum sem þessi ríkisstjórn flytur ef um það er að ræða. En okkar hlutverk er auðvitað fyrst og fremst að gæta hagsmuna kvenna og barna og umhverfisins einnig. Við leggjum líka mjög mikið upp úr því að menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé í heiðri haft. Þess vegna höfum við lýst andstöðu okkar við því að Ísland gerist aðili að Evrópsku efnahagssvæði eins

og meiningin er að gera núna á þeim grunni og á þeim forsendum sem gefnar eru. Við erum ekki á móti því að við gerum samninga og höfum samstarf við aðrar þjóðir, því erum við auðvitað fylgjandi og okkur þykir mjög mikilvægt að það sé gert, en ekki að það sé gert á þeim grunni sem þarna virðist vera lagður.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessa umræðu um stefnuræðu forsrh. ber að með nokkuð sérkennilegum hætti eins og kunnugt er. Hana ber að með þeim hætti að fyrst komst ríkisstjórnin að þeirri niðurstöðu að hún hefði í raun og veru enga stefnu til að kynna fyrir Alþingi og var það út af fyrir sig skynsamleg niðurstaða miðað við Viðeyjarskjalið hjá hæstv. ríkisstjórn vegna þess að hún hefur í sjálfu sér enga stefnu samkvæmt því að það er allt mjög loðið og stuttaralegt. Stjórnarandstöðunni fannst hins vegar viðkunnanlegt að umræða um stefnuræðu ríkisstjórnarinnar færi fram samkvæmt þingsköpum. Þess vegna var óskað eftir því að hæstv. forsrh. léti svo lítið að semja eins og eina stefnuræðu. Af fullri vinsemd kom hann til móts við þingið og þjóðina með því að búa til stefnuræðu og las hana upp í gærkvöld ásamt tveimur vísum eða vísnabrotum. Stefnan var tekin til umræðu með afbrigðum af því að stefnan var ekki tilbúin samkvæmt þingsköpum og stjórnarandstaðan féllst á það og sýndi þannig strax á fyrstu dögum þingsins samvinnuvilja sinn til þess að þinghald megi fara eðlilega fram samkvæmt þingsköpum og réttum reglum.

En þegar upp er staðið og stefna hæstv. ríkisstjórnar er skoðuð í ljósi bókarinnar, ritsins sem var dreift hér og er auðvitað blátt eins og allt sem kemur frá þessari ríkisstjórn, það er allt blátt. Meira að segja þetta kver frá hæstv. fjmrh. er líka blátt og stefnan er blá, það er allt blátt, kratarnir eiga ekkert í þessari stjórn nema fimm stóla eins og kunnugt er. Þegar þetta er allt saman skoðað kemur það á daginn að allt er þetta harla rýrt, satt best að segja og erfitt að átta sig á hlutunum þó í gegnum skíni auðvitað tilteknar pólitískar niðurstöður sem ég mun hér fara nokkrum orðum um í þessari umræðu.

Það er kannski vert að vekja athygli á því að hæstv. ráðherrar voru svo smekklegir, eða hitt þó heldur, í umræðunum í gærkvöldi að tala um þessa skýrslu hæstv. fjmrh. og innihald hennar án þess að þingheimi hefði gefist kostur á því að ræða um málin eða skoða skýrsluna á nokkurn hátt. Hefði auðvitað verið langeðlilegast að þessi skjöl hefðu verið tilbúin samhliða þannig að hægt væri að fjalla um þau í einni og sömu umræðunni í gærkvöld. Hins vegar er þessari skýrslu hæstv. fjmrh. dreift svo seint að það er auðvitað óhjákvæmilegt að hafa um hana sérstaka umræðu í þinginu. Ég sé ekki betur en sú umræða hljóti að fara fram úr því sem komið er einhvern tímann í næstu viku, þó það sé ekki nema vegna þess að hæstv. forsrh. mun hugsa sér að bregða sér bæjarleið strax á morgun til þess að hitta aðra ríkjaleiðtoga, eins og það heitir. Það verður auðvitað fróðlegt fyrir þá, aðra ríkjaleiðtoga, að kynnast hinum nýja forsrh. Íslands og þeim mikla trúnaði sem hann nýtur með þjóðinni og í því sveitarfélagi sem hann var ráðinn í vinnu hjá fyrir fjórum árum, upphaflega fyrir átta eða níu árum, en hefur ekki tekist að losa sig við, af því að stjórnsnilld forsrh. er svo mikil að samstarfsmenn hans í borgarstjórnarflokki Reykjavíkur hafa ekki komist að niðurstöðu um það hver eigi að vera eftirmaður hins mikla leiðtoga og er það kannski von að það sé flókið verk að finna mann sem fer í föt annars eins forustumanns í íslenskum stjórnmálum. Og þá er ég ekki að vitna til þeirra margvíslegu verkefna sem hæstv. forsrh. hefur tekið að sér á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins sem var ágætlega rakin í menningarþættinum Spaugstofunni sem birtist þjóðinni fyrir nokkrum kvöldum, eins og kunnugt er.

En í framhaldi af hinu bláa kveri númer eitt vakti það auðvitað athygli fjölmiðla hvað þetta var stutt og snaggaralegt. Þeir höfðu ekki séð þessa snjöllu skýringu hæstv. utanrrh. á þessu kveri sem ég mun koma aðeins að á eftir, og niðurstaða fjölmiðlanna varð sú, samkvæmt viðtölum við ráðherrana, að það væru til gögn sem heita bakskjöl. Og nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvar eru bakskjölin? Ég vænti þess að hann sjái sér fært að birta þinginu bakskjölin. Þau mættu gjarnan vera í blárri kápu eins og allt sem kemur frá ríkisstjórninni en ég vildi gjarnan fá að sjá bakskjölin. Það hefur heyrst um svokallað heiðursmannasamkomulag um ýmislegt sem hafi gerst í stofunni hjá landshöfðingjanum úti í Viðey, en það fara litlar fregnir af því hvað er í bakskjölunum. Er kannski minnst þar á fleiri mál en umhvrn. og landbrn. og verkaskipti þeirra? Er kannski komið þar inn á fleiri þætti er varða sjávarútvegsmál t.d., sem við vitum um eða landbúnaðarmál? Hvað er í bakskjölunum, hvað er í hinum óttalegu bakskjölum? Kannski hæstv. iðnrh. geti galdrað eitthvað af þessum bakskjölum út úr tölvunni hjá sér. Kannski eitthvað af þeim sé eldra en frá því í kosningunum síðustu og hafi verið samið kannski í mars eða svo eða febrúar, þegar hæstv. iðnrh. hóf að knýja á um það með ýmsum hætti og stefnu sinni í stjórnmálum og í síðustu ríkisstjórn að leggja drög að því að sú stjórn yrði mynduð sem nú situr. Kannski að hún finnist í tölvu iðnrn. eða viðskrn. þessi stefna, þessi bakskjöl. Ég vil fá að sjá þau og ég skora á hæstv. forsrh. að koma með þau, sýna þau og afhjúpa hinn óttalega leyndardóm bakskjalanna. Það er auðvitað með öllu siðlaust og fráleitt að halda því frá þjóðinni að hún fái ekki að sjá þessi miklu bakskjöl. (**ÓÞP:** Leyniskjöl.) Ég nota rétt orð, hv. 2. þm. Vestf., bakskjöl kölluðu hæstv. ráðherrar þetta og við skulum ekki vera með neinar dylgjur, hv. þm., við skulum bara fá gögnin á borðið. (**ÓÞP:** Bakskjöl geta verið leyniskjöl.) Bakskjöl geta verið leyniskjöl, sagði hv. þm. og forseti veitir þingmanni áminningu af einhverjum ástæðum. (**Gripið fram í:** Hann lamdi í bjölluna vegna ræðumanns.) Forseti lamdi ekki í bjölluna vegna ræðumanns, það er fullkomlega rangt, heldur vegna þess að þingmaðurinn var uppi með dylgjur og verður að gera grein fyrir þeim hér í ræðustól. Ég vil fá bakskjölin.

Í annan stað varðandi undirbúninginn að þessari stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og kverið bláa núm er eitt þá kom það fram hjá hæstv. utanrrh. að í rauninni væri þetta efnismikið skjal, gagnort og merkilegt. Hv. formaður þingflokks Alþfl. sagði reyndar í leiðara í Alþýðublaðinu fyrir nokkru að þetta væri hið merkasta skjal og það væri bjarghella. En hv. formaður þingflokks Alþfl. er sem kunnugt er náttúrufræðingur og leggur vafalaust í þetta mikið dýpri merkingu en við hin sem erum ekki fróð á raunvísindasviðinu. Bjarghellan mikla. Hæstv. utanrrh. upplýsti það hins vegar í gærkvöld fyrir þingið og þjóðina að hér væri komið skjal sem jafnaðist á við ræðu Þorgeirs Ljósvetningagoða. Hann mismælti sig að vísu ráðherrann og mun hafa sagt Þorgeirs Hávarssonar, en þeir sem hafa lesið Fóstbræðrasögu þeir muna ekki eftir miklum ræðum hjá Þorgeiri Hávarssyni nema helst þessari sem hann hélt þegar hann hékk á hvönninni eða þegar hann sá vinnumanninn sem lengdi höfuð sitt fram á smalaprikið svo Þorgeir mátti ekki við bindast og hjó af honum höfuðið, en að sjálfsögðu átti hæstv. utanrrh. ekki við ræðumanninn Þorgeir Hávarsson, (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) heldur átti hann við Þorgeir Ljósvetningagoða. Það er afskaplega athyglisvert að vera svo ánægður með handaverk sín að Þorgeir Ljósvetningagoði einn gæti hafa samið annan eins texta og þessa snilld sem drengskaparleiðtogarnir miklu klúðruðu saman úti í Viðey. Það dugir ekkert minna en Þorgeir Ljósvetningagoði. Ég sé að hæstv. landbrh. *finnst þetta nokkuð athyglisvert, en Þorgeir Ljósvetningagoði* bjó sem kunnugt er í Norðurlandskjördæmi eystra, nokkru fyrr að vísu en landinu var skipt í kjördæmi með þeim hætti sem síðan gerðist samkvæmt kosningalögunum 1959. (**Gripið fram í:** Hinn flutti nú athyglisverða ræðu þar sem hann hékk í hvönninni.) Ég hef þegar farið yfir ræðuna í hvönninni hv. þm., lauslega, og vitnað til hennar og ef sú ræða sem Þorgeir Hávarsson hélt þegar hann hékk í hvönninni minnir á eitthvað í nútíðinni þá minnir hún einna helst þegar ég hugsa mig betur um og sé hér út undan mér manninn, á ræðuna sem hæstv. heilbrrh. flutti hér í gærkvöld í útvarpsumræðum fyrir þing og þjóð. (**Gripið fram í:** Hvar er Butraldi Brúsason í þessu samhengi?) Butraldi Brúsason og afrek hans verða ekki rakin hér, hv. þm., þó það væri full ástæða til. Hann þótti slæmur nálægt vatnsbólum eins og kunnugt er, sem er mál sem heyrir undir aðra ráðherra en hæstv. heilbr.- og trmrh.

En það eru skjölin, bakskjölin, sem ég vil fá.

Í stefnuræðu sinni komst hæstv. forsrh. þannig að orði: „Ríkisstjórnin hefur hafnað því að hækka skatta á landsmenn en í staðinn ætlar ríkisstjórnin að hækka vexti.“ Hvað er í raun og veru að gerast hér? Vaxtahækkun eins og sú sem verið er að tala um og ákveðin hefur verið af ríkisstjórninni er auðvitað ekkert annað en skattahækkun á húsbyggjendur og atvinnuvegi þessa lands. Ríkisstjórnin hefur ákveðið vaxtahækkun sem er í raun og veru skattahækkun. Ef við skoðum þá hluti með hliðsjón af stærðum liggur það fyrir að peningalegur sparnaður í landinu er talinn vera 360–370 milljarðar króna. 1% vaxtahækkun jafngildir þess vegna skattahækkun upp á 3,6–3,7 milljarða króna. Sú vaxtahækkun sem ákveðin hefur verið þýðir í raun og veru íþyngingu á atvinnuvegi og húsbyggjendur upp á 7–8 milljarða króna. Það eru nýir skattar. Það eru skattar sem eru lagðir á húsbyggjendur og lagðir á atvinnuvegi þessa lands. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh.: Hvaða kannanir liggja fyrir á því hvaða áhrif þessar sérstöku vaxtahækkanir hafa á hag húsbyggjenda, hafa á hag atvinnuveganna í landinu, og þá sérstaklega sjávarútvegsins, og möguleika þessara greina til þess að greiða kaupbætur í samræmi við þann viðskiptakjarabata sem þjóðin hefur verið að fá á undanförnum missirum?

Það er alveg augljóst mál að með þessari vaxtahækkun upp á 7–8 milljarða króna er verið að skerða getu atvinnuveganna til þess að tryggja launamönnum sanngjarnan hlut í viðskiptakjarabata undanfarinna mánaða. Það er verið að taka fjármagnið í landinu með þessum hætti fram yfir kjör fólksins og þar með er þessi stjórn í raun og veru að segja við landsmenn: Þetta er ómenguð hrein hægri stjórn og ekkert annað.

Það er augljóst mál líka að þessi skattahækkun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er að því leytinu til verri en ýmsar aðrar skattahækkanir að hún leggst tillitslaust á atvinnuvegi og húsbyggjendur, burt séð frá efnahag og tekjum og greiðslugetu viðkomandi. Þessi skattur upp á 7–8 milljarða króna sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja þannig á þjóðina er þannig eins og veltuskattur, flatur skattur sem tekur ekkert tillit í raun og veru til fjárhags þeirra sem skattinn eiga að greiða. Þess vegna er það auðvitað beinlínis fráleitt þegar ríkisstjórnin reynir að setja málið þannig upp að hún hafi valið vaxtahækkun en hafnað skattahækkun. Hún kaus þessa sérstöku skattahækkun á þjóðina sem er ekki í þágu ríkissjóðs, heldur í þágu fjármagnseigenda, þeirra sem peningana eiga, hvort sem það er í bönkum eða hjá verðbréfafyrirtækjum. Þannig er þetta hægri stjórn. Og efnahagsstefna hennar og fyrstu ákvarðanir sýna hvergi vott þess að hér sé um að ræða stjórn sem vill jöfnuð í lífskjörum í landinu. Það er ekki snertur af því sem kalla mætti jafnaðarstefnu í þessari stjórn, enda gerði Alþfl. engar kröfur, aðrar en þær eins og kunnugt er, að fá fimm stóla. Punktur.

Hæstv. forsrh. komst þannig að orði í ræðu sinni í gærkvöld: „Frjálsir vextir og fjármagnsmarkaður er undantekningarlaust sú regla sem gildir hjá öllum þjóðum sem Íslendingar bera sig saman við.“ Með þessu er hæstv. forsrh. að segja að ríkisstjórnin eigi ekki að stjórna. Markaðurinn eigi að stjórna. Hagnaðarvonin á hverjum tíma og hverjum stað eigi að stjórna. Með þessu er ríkisstjórnin í raun og veru að segja: Hér erum við að hverfa að þeirri stefnu sem var ákveðin sumarið 1984 af ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. þegar vextirnir voru gefnir alfrjálsir með þeim afleiðingum að við blöstu og blasa enn gjaldþrot hundruða og þúsunda heimila og fyrirtækja í landinu.

Ríkisstjórnin lýsir því með öðrum orðum yfir í ræðu hæstv. forsrh. að hún ætli ekki að stjórna. Markaðurinn, gróðinn á að ráða ferðinni. Það kemur manni auðvitað ekkert á óvart að hæstv. viðskrh. skuli vera sátt-

ur við þessa stefnu vegna þess að í rauninni predikaði hann alltaf þessa stefnu í síðustu ríkisstjórn, iðulega í fullri andstöðu t.d. við þáv. hæstv. forsrh.

Þetta eru mjög alvarleg meginatriði sem þrátt fyrir allt koma fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. Annars vegar eru lagðir skattar á til þess að styrkja stöðu fjármagnsins og hins vegar verður markaðurinn að öðru leyti látinn ráða sjálfur. En það kostulega sem sýnir í rauninni andstæðurnar í stefnu stjórnarinnar er svo það að um leið og menn segja: Frelsi og markaður fyrir peningana, þá segja menn: Við verðum að binda okkur við erlend bandalög af ýmsu tagi. Og það sem fram kom í þeim efnum í ræðu hæstv. forsrh. og mun koma fram þarna í Viðeyjarkverinu bláa líka, er að athugað verði að tengja íslensku krónuna við evrópska myntkerfið og stuðla þar með að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að fara nokkrum orðum um þetta. Hvað er hér verið að tala um? Evrópska myntkerfið. Hvað þýðir það að tengjast evrópska myntkerfinu? Það þýðir það í örstuttu máli að Íslendingar afsala sér til hins evrópska markaðar gengisskráningarvaldinu algerlega. Með öðrum orðum er verið að slá því föstu að ekki hinn íslenski markaður eins og hann er heldur alþjóðlegur markaður skuli í raun og veru ákveða hver gengisskráningin er á hverjum tíma. Og ætli íslenskt efnahags- og atvinnulíf sé með þeim hætti þróað að það sé undir það búið að taka á sig gengisskráningarreglur sem eru hliðstæðar þeim sem gerast í svokölluðum þróuðum iðnríkjum Vestur-Evrópu? Halda menn t.d. að sjávarútvegsfyrirtækin vítt og breitt um landið, í Ólafsvík, á Patreksfirði, á Norðurlandi, Suðurlandi, Vestmannaeyjum, Reykjanesi, þessi fyrirtæki séu undir það búin að Ísland verði þannig aðili að evrópska myntkerfinu? Það er kostulegt að í ræðu þar sem í raun og veru hvergi eru nefnd fjölmörg þýðingarmikil mál, t.d. sérstaklega byggðavandinn í landinu, þar er einn sérstakur stefnumarkandi hlutur nefndur og það er að tengja íslensku krónuna við hið alþjóðlega evrópska myntkerfi.

Evrópustefnunefnd hefur verið að störfum á vegum hv. Alþingis um nokkurra ára skeið. Í þeirri nefnd hefur m.a. verið farið yfir spurningarnar um evrópska myntsamstarfið. Þar kemur mjög skýrt fram hvers konar fyrirbæri þetta Evrópska myntbandalag er, en þar kemur fram að einn liðurinn í þessu samstarfi er ákvörðunin um svokallaðan Evrópugjaldmiðil, ECU, sem er í rauninni eingöngu reikningseining og er notuð í fjármálum Evrópubandalagsins og viðskiptum seðlabanka á Evrópubandalagssvæðinu. Annar þátturinn er gengissamflot sem er svipað og gengissamflotið sem gekk undir nafninu Snákurinn fyrir 12, 14, 15 árum síðan, þar sem um það er að ræða að ríkin sem eru aðilar að þessu samstarfi ákveða að gengi megi ekki hreyfast nema um 2,25% til eða frá innan þessa samstarfs. Að gengi viðkomandi ríkja megi aldrei hreyfast meira en um 2,25% til eða frá. Með öðrum orðum, að ríkin hafi ekki sjálfstæði til þess að ákveða breytingu á kostnaðarskráningu sinna atvinnuvega með því að breyta gengi krónunnar til eða frá.

Í riti Evrópustefnunefndarinnar er minnt á það að samkvæmt stofnsamþykktum þessa samstarfs er gert ráð fyrir því að ríki geti fengið aukaaðild að þessu peningakerfi. Og það kemur fram í skýrslu nefndarinnar að ef menn ganga til aðildar, ef ríki verða aðilar að þessu samstarfi, þá munu hin einstöku aðildarríki ekki geta notað gengið sem hagstjórnartæki. Þetta er orðrétt upp úr skýrslu Evrópunefndarinnar, segir hér. „Ef af þessu verður munu hin einstöku aðildarríki ekki geta notað gengið sem hagstjórnartæki.“ Síðan segir hér að ef ríki ganga inn í þetta bandalag þá missa þau mikilvægt hagstjórnartæki til að bregðast við hærri kostnaði í einu landi umfram önnur. Þannig má segja að við það að ganga inn í þetta bandalag þá séu, orðrétt: „þjóðríkin að afsala sér möguleikum á óháðri peningamálastjórn“. Ég spyr: Hefur þetta verið rætt í þingflokki Alþfl.? Hefur þetta verið rætt í þingflokki Sjálfstfl.? Ég spyr formenn þingflokka Alþfl. og Sjálfstfl. hvort það hafi verið rætt í þessum flokkum að þeir fyrir sitt leyti séu samþykkir því að Ísland verði aðili að þessu evrópska myntkerfi, sem jafngildir ákvörðun um það að Íslendingar hafi ekki gengisskráningarvaldið í sínum höndum áfram. Það er auðvitað hrikalegur hlutur ef það hefur gerst að hæstv. forsrh. lýsi þessu yfir án þess að málið hafi verið rætt í þessum þingflokkum. En það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur að setja mál af þessu tagi fram í stefnuyfirlýsingu, eins og gert er, án þess að í rauninni hafi farið fram nokkur umræða um það nema í Evrópustefnunefndinni þar sem niðurstaða allra flokkanna, allra þingflokka, er sú að þetta samstarf komi í rauninni ekki til greina af því að ríkin séu með því að afsala sér þessu hagstjórnartæki.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að endurtaka það: Hefur þingflokkur Alþfl. samþykkt það, hv. 17. þm. Reykv., að Ísland hefji sérstaka athugun á aðild að evrópska myntsamstarfinu? Hefur þingflokkur Alþfl. samþykkt það, hv. þm.? Ég held að það sé nauðsynlegt að svar komi fram um það út af yfirlýsingu hæstv. forsrh. um það efni hér í gærkvöld sem er ítrekun á því sem kemur fram í hinu bláa kveri, Viðeyjarkveri, sem ég geri ráð fyrir að hafi verið samþykkt í þingflokki Alþfl. En hefur þetta mál verið sérstaklega rætt eða var þessu smyglað inn? Hér eru menn að leika sér með stóra hluti og segja stóra hluti. Hér er verið að segja býsna stóra hluti fyrir sjávarútveginn í Vestmannaeyjum, á Suðurnesjum, Austurlandi, Norðurlandi, Patreksfirði, Ólafsvík eða hvar það nú er.

Þetta vildi ég spyrja um, virðulegi forseti, og biðja forsrh. hæstv. um að fara nokkrum orðum um það ásamt viðskrh., hvernig ríkisstjórnin hugsar sér vinnu að þessum málum auk þess sem ég hef vakið hér athygli á öðrum málum eins og t.d. þeim að með vaxtahækkun ríkisstjórnarinnar er verið að hækka skattana um 7–8 milljarða króna.

Það kveður við í umræðum um efnahagsmál og vexti núna undanfarna daga að þá hafi ríkisstjórnin tekið við þannig búi að hér hafi allt verið í kaldakoli og m.a. sparnaður mjög þverrandi og þess vegna hafi orðið að hækka vexti. Staðreyndin er auðvitað sú sem allir

reyndir stjórnmálamenn vita og hagfræðingar eiga að vita að sparnaður fer ekki eingöngu eftir vaxtastigi á hverjum tíma. Um það höfum við tekið langar umræður fyrr úr þessum ræðustól. Auðvitað er það ekki þannig að sparnaður á undanförnum mánuðum hafi einvörðungu ráðist eftir vaxtastigi. En var það þá þannig að sparnaður í landinu hafi verið að hrynja síðustu mánuði? Hvað segja tölur bankakerfisins, Seðlabankans, um þessi efni? Það kemur t.d. fram sem er mjög athyglisvert að aukning innlána og ný verðbréfaútgáfa í aprílmánuði var 1,3 milljarðar kr. En almenn útlán á sama tíma, hver voru þau? Þau voru 1,1 milljarður kr. Það er því alveg augljóst af þessum tölum að sparnaður í hinu almenna bankakerfi í landinu var að styrkjast í síðasta mánuði. Nýr sparnaður og verðbréfaútgáfa var meiri en útlán þó að við höfum auðvitað margoft séð mánuði þar sem útlánin hafa verið miklu meiri en innlán. Ég fletti að gamni mínu upp hvernig þetta var í apríl 1990 til samanburðar. Hvernig var þessu háttað þá? Þá var nýr sparnaður og verðbréfaútgáfa í landinu 485 millj. kr. en útlán námu á sama tíma 1,8 milljörðum kr. Þannig hafa auðvitað alltaf verið sveiflur í þessum stærðum. En það er algerlega ljóst af þessum tölum, þar sem innlán voru meiri en útlán í aprílmánuði, að það er langt frá því að peningakerfið hafi verið komið á þann vonarvöl sem ríkisstjórnin vill vera láta þegar hún er að réttlæta vaxtahækkanir sínar, það er langt frá því.

Án þess að ég ætli að blanda mér frekar í þær umræður núna vil ég endurtaka þær spurningar almennt sem ég bar fram til hæstv. ráðherra um áhrif vaxtahækkananna á afkomu atvinnuvegannna. Hvar liggja fyrir skýrslur um það? Ég vil fá að sjá þær. Ríkisstjórnin hlýtur að hafa skýrslur um það. Hvar liggja fyrir skýrslur um áhrif vaxtahækkananna á húsnæðiskaupendur, íbúðarskuldara í landinu? Hvar liggja fyrir skýrslur um það? Ég skora á hæstv. félmrh. að reiða nú fram þær skýrslur sem hún hefur undir höndum sem eru vafalaust gildar í þessu efni þar sem tekin hefur verið sérstök ákvörðun um að hækka vexti langt aftur í tímann á húsnæðisskuldum fólks. Og það væri kannski fróðlegt líka að fá að vita hjá hæstv. félmrh., og ég spyr hana að því: Hvað verður með húsbréfin? Verða vextir á húsbréfunum hækkaðir? Þannig háttar til með húsbréfin að fjármagnskostnaður við þau er í fyrsta lagi vextir sem ganga inn í vaxtabótakerfið í landinu og ríkið endurgreiðir að nokkru leyti. Í öðru lagi eru það afföll. Það er verið að tala um afföll á bilinu 20–25% um þessar mundir. En afföllin eru með þeim hætti að vaxtabótakerfið greiðir ekki afföll, endurgreiðir ekki þau afföll sem fólk verður að bera. Einstaklingurinn verður að bera afföllin að fullu en vaxtabótakerfið skilar fólki til baka talsverðum hluta af vöxtunum sjálfum eins og m.a. kom hér fram í ræðu hæstv. utanrrh. í gærkvöldi.

Ég hef hér, virðulegi forseti, farið yfir nokkur atriði í sambandi við stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar og forsrh. Ég tel að þrátt fyrir magra texta þá liggi í grófum dráttum fyrir tilteknar niðurstöður sem ég vil draga saman. Í fyrsta lagi fær fjármagnið innan lands aukið frelsi. En það er verið að ræða um það að afhenda útlendingum gengisskráningarvaldið og þar með eitt mikilvægasta hagstjórnartæki landsmanna. Í öðru lagi tel ég að með þessari vaxtahækkun sem boðuð hefur verið og þeirri stefnu sem lýst hefur verið sé verið að leggja skatta upp á 7–8 milljarða kr. á þá hér í þjóðfélaginu sem síst skyldi. Í þriðja lagi tel ég að með þessari stefnu séu atvinnuvegir í hættu og vandi landsbyggðarinnar sérstaklega sé magnaður upp með þessum ákvörðunum um hærri vexti. Í síðasta lagi tel ég að með þeirri stefnu sem kynnt hefur verið séu menn í raun og veru að ákveða að magna verðbólguna upp á ný og þar með að stefna þjóðarsáttinni, eins og hún var kölluð, í verulega hættu.

Ég endurtek síðan, virðulegur forseti, að ég hef borið fram nokkrar spurningar til þriggja hæstv. ráðherra, forsrh., ráðherra viðskiptamála og félagsmála og endurtek líka það sem ég sagði í upphafi að ég vil fá að sjá bakskjölin. Ég vil fá að sjá bakskjölin. Ef hæstv. forsrh. er ekki með bakskjölin þá er hv. 17. þm. Reykv. vafalaust reiðubúinn til þess í anda opinna og lýðræðislegra stjórnarhátta, sem ég veit að hann er mjög öflugur talsmaður fyrir frá fyrri árum okkar þegar við vorum saman í flokki, að birta allt og lofa fólki að sjá allt. Og tregðist hæstv. forsrh. við þá skora ég á hinn nýja þingmann að sýna nú kraft sinn og þor og þrek til þess að ganga fram og sýna bakskjölin ef forsrh. vill það ekki.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegur forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beindi til mín örfáum orðum varðandi fyrirhugað álver sem rísa mun á Keilisnesi, eftir því sem vonir standa til. Hún lýsti áhyggjum sínum vegna þess að hún sagði að sér sýndist að ekki ætti að krefjast fullkominna mengunarvarna og lagði áherslu á að við ættum í þeim efnum að gera miklar kröfur. Undir það tek ég heils hugar með henni en fullvissa hana jafnframt um að gerðar verða mjög strangar kröfur um fullkomnar mengunarvarnir í þessu iðjuveri og legg áherslu á að ef þetta álver rís á þessum stað verður það búið bestu mengunarvörnum sem í dag eru tíðkanlegar í slíkum fyrirtækjum. Á því leikur enginn vafi. Um það verða gerðar kröfur.

Það er unnið að því um þessar mundir að leggja síðustu hönd á starfsleyfi fyrir þetta væntanlega stóriðjuver, um það verður fundað í næstu viku. Það munu gera fulltrúar umhvrn., Hollustuverndar og iðnrn. á fundi sem fram fer í Þýskalandi í næstu viku. Það verður ekkert gefið eftir í þessum efnum. Ég tek líka undir það sem hún sagði: Íslendingar verða að geta staðið við þær fullyrðingar að við búum í hreinu og ómenguðu landi. Undir það skal heils hugar tekið en jafnframt á það bent að það er nú því miður svo að við eigum býsna víða ótiltekið í þeim efnum þó ekki sé um stóriðju talað. Þar eru önnur mál sem bíða úrlausnar og hafa beðið lengi þar sem þarf að taka til hendi og þar sem kostar mikið að taka til hendi og þar sem við verðum að taka til hendi vegna þess að við eigum engan annan kost og eigum að gera fyrr en síðar.

Ég ítreka það að gerðar verða strangar kröfur um

fullkomnar mengunarvarnir. Hins vegar er auðvitað hægt að haga sínum málflutningi á þann veg að enda þótt hér sé ýtrustu kröfum fullnægt þá er auðvitað alltaf hægt að gera kröfur um meira og meira og það er í rauninni endalaust. En þetta álver mun áreiðanlega verða til fyrirmyndar í mengunarvörnum og jafn vel eða betur búið en það sem best þekkist í dag. Um það fullvissa ég hv. 15. þm. Reykv. í þessu sameiginlega áhugamáli okkar.

Aðeins langar mig, virðulegi forseti, að víkja að því sem hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson sagði hér áðan. Hann beindi spurningu til formanns þingflokks Alþfl. sem formaðurinn mun áreiðanlega svara í þessum umræðum síðar. En þar sem sá er þetta mælir gegndi formennsku í þingflokknum þar til fyrir skömmu er mér málið ekki óskylt og kýs þess vegna að svara því að því er mig varðar.

Hv. þm. Svavar Gestsson, sem hefur nú horfið úr þessum sal, spurði hvort það hefði verið rætt í þingflokki Alþfl. sem segir í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar, með leyfi forseta: „með því að kanna vandlega hvernig stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið."

Ég svara hv. þm. Svavari Geststsyni því til að auðvitað hefur þetta verið rætt í þingflokki Alþfl. Við höfum talið rétt að þessi könnun færi fram. Við viljum skoða þessi mál með opnum huga og fordómalaust. Það er ástæða til þess og sú skoðun hefur verið uppi í þingflokki Alþfl. En honum skal jafnframt sagt að þar hefur heldur ekki verið gerð um þetta mál nein sérstök samþykkt. Það er mjög algengt hjá þeim hv. þm. Alþb., þar sem fordómarnir fylla svo mikið rúm, að menn setja sig á móti því að hlutir séu kannaðir. Þekkingarleit og athugun á málavöxtum er þar ekki talið vera af hinu góða.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði líka almennt um þennan stjórnarsáttmála og sagði að þar væri ekki sneftil af jöfnuði og Alþfl. hefði engar kröfur gert nema að fá tiltekinn fjölda ráðherrastóla. Við höfum heyrt þetta áður frá talsmönnum Alþb., einkanlega frá fyrrv. ráðherrum þess flokks, sem nú er mikið niðri fyrir, þungt í sinni og líður illa. Við höfum heyrt það frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrrv. fjmrh., og formanni Alþb. að Alþfl. hafi fengið eina jeppabifreið fyrir sinn snúð í þessu stjórnarsamstarfi. Svo sem fram hefur komið í fréttum hefur sú bifreið verið seld, þannig að líklega er ekki mikið eftir að mati þeirra alþýðubandalagsmanna. Ég veit ekki hvort hv. þm. Svavar Gestsson tekur undir þetta mat síns formanns, að Alþfl. hafi borið þennan hlut frá borði við verkaskipti í nýrri ríkisstjórn. (**HG:** Er búið að selja hann?) Svo segja fréttir mér, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, það var í fréttum í gærkvöldi. Hvort hv. þm. Svavar Gestsson tekur undir það mat og hvort hann metur umhverfismálin svo lítils sem formaður hans flokks gerir. Hann hefur þá væntanlega orðið hissa þegar hann sá niðurstöður skoðanakönnunar Félagsvísindastofnunar Háskólans þar sem 86–87% þeirra sem spurðir voru telja að umhverfisvernd sé það mál sem mestu skipti og eigi að setja í forgang. En það er auðvitað ljóst og það er fróðlegt fyrir unga fólkið, það er fróðlegt fyrir kjósendur, fróðlegt fyrir almenning í landinu, að heyra hvert mat Alþb. leggur á þessi mál.

Mig langar líka að lokum, virðulegi forseti, til að nefna það að hv. þm. Svavar Gestsson talaði hér um hagfræði. Hann talaði um sparnað og vaxtastig, áhrif vaxtastigs á sparnað og ýmislegt fleira. Hann hefur lært sína hagfræði og gerði á ungum árum, bæði í Moskvu og Berlín eða var það Greifswald í Austur-Þýskalandi, að ég hygg, og í leshringunum hjá Brynjólfi eins og vikið var að hér í ræðu í gær. Sú hagfræði hefur gefist heldur illa. (**Gripið fram í:** Hann fór í fleiri tíma.) Hann hefur greinilega ekki lært nóg hafi hann sótt tíma hjá prófessor Gylfa Þ. Gíslasyni og ekki hlustað, hann hefur verið með eyrun stillt á aðra bylgjulengd á þeim árum, eins og þjóðin veit, en hann lærði sína hagfræði þarna og það er nú ekki góð hagfræði eins og þjóð veit og hefur fengið dóm sögunnar.

Aðaltilgangur minn með því að kveðja mér hljóðs nú við þessa umræðu, virðulegur forseti, var að svara þeim spurningum sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir beindi til mín, en ég gat ekki stillt mig um að víkja stuttlega að því sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér. Það var vissulega margt fleira í hans orðum sem mætti gera athugasemd við en þau hljómuðu kunnuglega flest og komu lítt á óvart.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að vitna á örfáum stöðum í þá stefnuræðu sem hæstv. forsrh. flutti í gær. Ég sé að vísu að forsrh. er ekki í salnum, en það skiptir kannski ekki öllu máli, í það minnsta fer maður að efast um áhrif hans og völd í þessari ríkisstjórn og sínum flokki eftir atburði síðustu daga.

Ég ætla að byrja á því, með leyfi forseta, að vitna hér í bls. 6 í stefnuræðunni. Þar segir:

„Það er mat ríkisstjórnarinnar að hæfilegar aðhaldsaðgerðir á sviði ríkisfjármála og peningamála muni duga til þess að koma á jafnvægi á ný í þjóðarbúskapnum og gera það mögulegt að varðveita forsendur kjarasáttar og ekki síst stöðugleika í gengi."

Ég spyr hæstv. ráðherra sem hér eru: Var þetta allur vandinn sem við blasti og skýtur þetta ekki nokkuð skökku við öðru því sem kemur fram í þessari stefnuræðu þar sem viðskilnaði fráfarandi ríkisstjórnar er lýst með þeim hætti að þar hafi ekki staðið steinn yfir steini í efnahags- og peningamálum, ekki síst ríkisfjármálum? Var þetta allur vandinn sem ríkisstjórnin var mynduð um? Hefði ekki áframhaldandi stjórnarseta fyrri stjórnarflokka verið alveg eins líkleg til þess að taka á þessu eina afmarkaða máli, ef þetta var allt það sem þurfti að gera?

Það er ekkert nýtt að ríkisfjármálin séu það stærsta verkefni sem íslensk stjórnvöld hafa staðið frammi fyrir. Svo hefur verið um langt árabil og sagan segir okkur að það hefur verið síst betra á þeim tíma þegar Sjálfstfl. hefur farið með forustu þeirra mála. Þá hefur það gerst, og það er hægt að sýna fram á með töl-

um, að hafðir hafa verið í frammi tilburðir til þess að lækka skatta, og það er góðra gjalda vert, en útgjöld ríkisins hafa aukist meira en í annan tíma þegar svo hefur staðið á. Og það hefur ekkert komið fram og það er ekkert í þessari stefnuræðu sem bendir til þess að öðruvísi verði tekið á ríkisfjármálum undir forustu Sjálfstfl. nú.

Það er svo annað mál að stærsti þensluvaldurinn á peningamarkaðinum í dag er ekki ríkisfjármálin, það eru húsnæðismálin og það kemur ekkert fram í þessari stefnuræðu sem bendir til þess að þar verði tekið á málum. Þar hafa menn byggt upp nýtt kerfi, húsbréfakerfið, án þess svo mikið sem skoða það hvort ekki hefði verið vænlegra að sníða agnúana af því kerfi sem sett var á áður og mæta þörfum markaðarins á þann hátt, frekar en eins og gert var að skella húsbréfakerfinu inn áður en búið var að gera nokkrar ráðstafanir gagnvart eldra kerfinu og lenda í þeirri stöðu að vera með þungann af tveimur kerfum inni á lánsfjármarkaðinum í einu.

Þetta er málaflokkur sem því miður fékkst ekki tekið á í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Þar var harka páv. og núv. hæstv. félmrh. slík að við þennan málaflokk var engu tauti komandi. En það skiptir kannski ekki miklu máli að velta fyrir sér hvað fráfarandi ríkisstjórn hefði gert ef hún hefði setið áfram.

Nú sé ég að hæstv. forsrh. gengur í salinn og þá ætla ég að koma eilítið að beinum tilvitnunum í hans stefnuræðu frá því í gær. Þar eru mörg gullkorn en þó eitt öðru fremra, þar sem stendur á bls. 10 að „hófstilling og skilningur á eigin takmörkun hlýtur að vera aðalsmerki vestrænna stjórnmálamanna."

Það flaug í gegnum huga minn eftir að ég las þetta að það verður ekki skafið af kímnigáfu hæstv. forsrh.

Ég var byrjaður að ræða um aðdraganda þess að núv. ríkisstjórn var mynduð. Ég held að það fari ekkert á milli mála að það var búið að leggja drögin að þessari stjórnarmyndun fyrir kosningar. Þar nægir að vitna til viðbragða forustumanna Alþfl. þegar kosningatölur birtust á kosninganótt. Þeir voru felmtri slegnir og gátu ekki leynt vonbrigðum sínum yfir því að páverandi stjórnarflokkar voru með meiri hluta til að viðhalda stjórnarsamstarfinu. Það var gripið til örþrifaráða og það sem helst var tínt til var ein ástæða, ekki fjölmargar, eins og hæstv. utanrrh. sagði hér í ræðu sinni í gær að það hafi verið fjölmargar ástæður fyrir því að ekki var hægt að halda áfram páverandi stjórnarsamstarfi, það var bara nefnd ein ástæða þessa nótt og sú ástæða var sessunautur minn hér í þingsölum á núverandi þingi, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Á þeirri stundu var ekkert hægt að tína til annað þó svo að ýmislegt hafi verið búið til á seinni tímum.

Ég kvíði því hins vegar ekkert að vera í stjórnarandstöðu og ég held að hlutverk stjórnarandstöðuflokkanna í dag, og þá kannski sérstaklega Framsfl. sem stærsta stjórnarandstöðuflokksins, sé veigamikið og ég er viss um að við munum axla þá ábyrgð, reyndar miklu betur en Sjálfstfl. gerði í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili.

En það er þó hægt að tína eitt atriði til Alþfl. til málsbóta varðandi stofnun núv. ríkisstjórnar. Það eina málefnalega sem hægt er að tína til er það að Alþb. hafi að nokkru brugðist á síðustu mánuðum fráfarandi ríkisstjórnar. Ólafur Ragnar Grímsson, páv. fjmrh., lét undan sínum samráðherrum til þess að halda friðinn innan flokksins með þeim afleiðingum að ríkisfjármál fóru að nokkru úr böndunum. Þetta var dýrkeyptur friður. Annað er það, og það er sýnu alvarlegra, að á síðustu vikum fyrir kosningar komu veikleikar þeirrar hugmyndafræði sem Alþb. byggir á berlega í ljós. Þegar svo var komið að ráðherrar Alþb. hættu að gera greinarmun á flokki og ríki eins og er alþekkt í hugmyndafræði þeirra landa sem þeir sækja sína til. Þetta kom fram m.a. í litprentuðum auglýsingabæklingum ráðherranna. Þetta kom fram í samningagleði um nýframkvæmdir. Þetta kom fram í vígslugleði framkvæmda á vegum ríkisins og öllu var þessu blandað saman við sterka hagsmuni flokksins í kosningabaráttu. Ég ítreka það að þetta er það eina sem hægt er að tína til málefnalega og Alþfl. getur hengt hatt sinn á.

Ég ætla nú að koma að stjórnmálaviðhorfinu almennt. Við erum á leið inn í frjálsara þjóðfélag á sviði atvinnulífs, peningamála og menningarmála. Að þverskallast við þessari staðreynd er álíka eins og hjá strútnum forðum að stinga höfðinu í sandinn. En það skiptir öllu hvernig staðið er að málum. Það er ekki sama hvaða frelsi við köllum eða fáum yfir okkur.

Í núv. ríkisstjórn ná saman þau öfl innan Alþfl. og Sjálfstfl. sem styðjast við harðan enskan frjálshyggjuskóla. Það þarf ekki annað en að leiða sjónir að aðstoðarmönnum og helstu hugmyndafræðingum, arkitektum þessarar ríkisstjórnar, sem ég tel vera hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. iðn.- og viðskrh. Jón Sigurðsson. Það þarf ekki annað en að líta til helstu aðstoðarmanna og hugmyndafræðinga þessara manna til þess að sjá við hvaða stefnu þessi ríkisstjórn mun öðru fremur styðjast.

Á hverju byggist þá þessi hugmyndafræði? Hún byggist á því að það séu fjármagnseigendurnir sem eru settir öðru ofar og það sé frelsi þeirra sem verði varið öðru fyrr. Og viti menn, eru það ekki einmitt fyrstu aðgerðir þessrar núv. ríkisstjórnar sem staðfesta þessa kenningu?

Hvað fylgir í kjölfar þessarar stefnu? Við þurfum ekki annað en líta til þeirra þjóða sem aðhyllast hana til að sjá að henni fylgja hörð átök á vinnumarkaði og átök í þjóðfélaginu almennt. Það er nefnilega ekki sama hvað við tínum til og hvað við viljum nota úr vestrænu samfélagi. Það er til allt önnur stefna sem byggir á frelsi hugvitsins, byggir á frelsi athafnanna og frumkvæði einstaklinganna. Það frelsi fjármagnsaflanna sem ég var að nefna hér áðan, þar fylgir nefnilega böggull skammrifi. Það frelsi sem veitir peningaöflunum algjöran forgang getur alveg eins heft framtakið í dróma. Við þurfum ekki annað en líta til okkar þjóðfélags. Við þurfum ekki annað en horfa á það sem er að þróast í okkar atvinnulífi þar sem er Eimskipafélags-, Flugleiða- og Sjóvásamsteypan sem í krafti síns fjármagns er að ná þeirri stöðu að geta drepið af sér framtak og frumkvæði einstaklingsins, fram-

tak og frumkvæði þeirra sem dirfast að fara inn á þeirra afmarkaða svið þar sem þeir hafa haslað sér völl, ekki til þess að standa í frjálsri samkeppni heldur til þess að ná einokun. Það er nefnilega hægt að ná einokuninni á fleiri en einn hátt.

Ég ætla að koma hér að örfáum málefnum til viðbótar. Ég ætla í fyrstu að víkja að landbúnaðarmálum. Nú sakna ég þess að hæstv. landbrh. er ekki í salnum og ég vil biðja virðulegan forseta að gera ráðstafanir til þess að hann mæti. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að láta hæstv. landbrh. vita að nærveru hans sé óskað í salnum.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir það því að ég veit það að hæstv. landbrh. mun ekki vilja missa af þessum umræðum. Hann hefur í sinni þingmannstíð gengið mjög hart eftir því að ráðherrar séu viðstaddir þegar rætt er um þeirra málaflokka þannig að ég vil ekki hafa það á samviskunni að hann verði ekki hér viðstaddur umræður um hans málefni.

Virðulegi forseti. Ég sé að það tefst eitthvað að landbrh. gangi í salinn þannig að ég breyti þá bara uppröðun á mínu efni og bíð með þennan kafla þar til hann er mættur.

Ég ætla að koma aðeins núna að fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Ég saknaði þess í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar að þar var ekkert minnst á frekari skattalagabreytingar. Það getur að vísu vel verið að það felist í þeim óskilgreinda kafla stefnuræðunnar þar sem talað var um að fella niður ólög en það er ekki skilgreint nánar. Ég spyr að því hvort núverandi löggjöf um aðstöðugjöld sé þar meðtalin. Þessi löggjöf er á margan hátt mjög óréttlát. Hún er mjög óréttlát gagnvart atvinnulífinu. Þetta er hreinn veltuskattur sem einn út af fyrir sig getur verið nægjanlega harður og hár til þess að velta um fyrirtækjum sem eru að komast á legg.

Þessi skattur er í annan stað óréttlátur vegna þess að hann hefur skapað Reykjavíkurborg algera sérstöðu varðandi tekjuöflun sveitarfélaganna. Það er í raun þessi skattur sem hefur gert hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að skattakóngi á Íslandi, sem hefur gert það að verkum að skattar á íbúa eru hærri í Reykjavík en í nokkru öðru sveitarfélagi í landinu. Og ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann muni í tíð sinnar ríkisstjórnar vilja beita sér fyrir því að breyta þessari skattlagningu og gera hana hagkvæmari, fyrst og fremst fyrir atvinnureksturinn og í leiðinni að jafna það óþolandi tekjumisrétti sem er á milli sveitarfélaga í landinu. Það skiptir nefnilega engu máli þegar við komum að fjármálum ríkis og sveitarfélaga hvort það er ríkið sem verður að fjármagna framkvæmdir og rekstur með lántöku, innlendri eða erlendri, eða hvort það er eitt einstakt sveitarfélag sem í krafti ranglátrar skattalöggjafar getur bruðlað þannig með peninga eins og Reykjavíkurborg hefur getað gert. Það hefur nákvæmlega sömu áhrif inn í hagkerfi okkar. Og ég spyr að því hvort þetta verði ekki leiðrétt.

Ég ætla síðan að koma örfáum orðum að álmálinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að eitt af því sem við hljótum að horfa til til aukinnar hagsældar sé orkusala og við eigum að skoða samninga um álbræðslu eins og annað þar. Ég held hins vegar að núv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. iðnrh. sé að mála sig endanlega út í horn í þessu máli. Það sem kláraði hleðsluna í því sé það þegar það er nánast sett inn í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar að hún sé mynduð m.a. til þess að klára þessa samninga. Hvað halda menn að þetta þýði fyrir okkar viðsemjendur? Þeir fá þarna upp í hendurnar óskasamningastöðu. Þeir fá upp í hendurnar þá samningastöðu að vita það að þetta er orðið hápólitískt mál. Ríkisstjórn landsins er búin að leggja það undir að ljúka samningum um álbræðslu. Það þarf ekki annað en að kynna sér blaðaskrif um þetta mál á síðustu vikum til að átta sig á að viðsemjendur okkar hafa metið þessa stöðu á þennan hátt og þeir eru komnir með það tangarhald á okkur í þessum samningum að ég sé ekki hvernig við komumst út úr því, enda eru forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh., á harðaflótta í þessu máli með yfirlýsingum um það að þetta sé ekki eini fiskurinn í sjónum og það séu fleiri aðilar sem hægt sé að semja við og fleiri nýtingarmöguleikar.

Það má vel vera að svo sé. Hitt er jafnalvarlegt ef þessi málflutningur, sem ég nefndi áðan, hefur skaðað þannig okkar hagsmuni að samningar um þennan þátt, samningar við Íslandsál séu úr sögunni.

Ég sé að hæstv. landbrh. er genginn í salinn og ég ætla þá að snúa mér eilítið að landbúnaðarmálum. Ég hlýt að fagna því að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar segir að ríkisstjórnin muni framfylgja þeirri stefnu sem bændur og stjórnvöld hafa mótað á síðustu árum. Og ég minni á það hér að þessi stefna er mótuð á þeim tíma þegar Framsfl. fer með landbúnaðarmál. Þessi stefna er mótuð í framhaldi af setningu búvörulaganna 1985.

Ég vil benda á það hér líka að bændur og forustumenn þeirra hafa tekið á þessum málaflokki, málaflokkum sinnar atvinnugreinar af meira raunsæi en ég tel að dæmi séu um meðal bændastéttar í okkar nágrannalöndum. Kemur þar fyrst til að íslenskir bændur eru almennt vel upplýstir og meðvitaðir um stöðu sína í íslensku þjóðfélagi. Það er svo annað mál að umræður á sviði þjóðmálanna hafa um of einkennst af þvældum orðaleppum og þar verð ég að segja það að þar hefur Alþfl. gengið fremstur.

Nýjasta lausnarorðið í dag er að lækka milliliðakostnaðinn. Ég ætla ekkert að draga úr því að það sé full þörf á því að lækka milliliðakostnað á þessu sviði og lækka með því matvælaverð. Ég hef um árabil verið trúnaðarmaður í vinnslustöðvum bænda og ég veit að þar eru menn tilbúnir til þess að taka á þessum málum. En menn verða þá að skilgreina hvað þeir eiga við. Ég ætla að nefna það hér að í 18 mánuði, frá því í desember 1989, hefur vinnslukostnaður mjólkurvara ekki hækkað um eina einustu krónu. Ég vil biðja menn að bera það saman við þær greinar sem hafa búið við hið algera frelsi, bera þessar hækkanir saman við það sem þar hefur verið að gerast.

En hverfum aftur að milliliðunum og hverjir þeir eru. Það er nefnilega margt sérstakt í þessari umræðu. Ef ég tek mjólkurvinnsluna sérstaklega, þá hafa mjólk-

urframleiðendur, bændur, þeirra er að góðu getið í umræðunni í dag, varanna sem þeir framleiða og þeirra sölukerfis líka, en svo eru einhver óskilgreind fyrirbæri þarna sem menn tala um að séu milliliðir og eru af hinu illa án þess að það sé skilgreint á nokkurn hátt frekar.

En hvað felst í þessum milliliðum? Hvað eru þessir milliliðir? Það er fólkið í landinu. Það er fólkið í hinum dreifðu byggðum sem vinnur við það að breyta framleiðslu bændanna í fullunnar neysluvörur fyrir okkur Íslendinga, fullunnar vörur sem fullnægja um 50% af okkar fæðuþörf. Bændur munu vera tilbúnir til þess að taka á þessum málum af fullri hörku. En það er annað sem er miklu viðkvæmara. Það er það að það eru mörg byggðarlög í landinu sem eiga nánast allt sitt undir því að þar verði áfram starfræktar vinnslustöðvar í landbúnaði. Það er kostnaðurinn við 50% af fæðu okkar Íslendinga sem í gegnum milliliðina, í gegnum vinnslukerfið, dreifist um allt land og viðheldur öðru fremur byggð og öflugri byggð þar sem hún enn þá er.

Sá eini munur sem ég mundi sjá á því að við hyrfum frá þessari stefnu og hyrfum til óhefts innflutnings landbúnaðarvara væri það að þeir fjármunir sem nú dreifast um byggðirnar á þennan hátt mundu renna í vasa verslunareigenda og milliliða af öðrum toga á höfuðborgarsvæðinu, til milliliða í innflutningsverslun og smásölu. Það er ekkert sem bendir til þess að þessi breyting mundi þýða mikla lækkun á matvælaverði.

Ég sagði áðan að við stefndum að frjálsara þjóðfélagi og það finnst kannski einhverjum þessi kafli ræðu minnar skjóta skökku við það. Ég segi nei vegna þess að ef viðskipti með landbúnaðarvörur í heiminum í dag, viðskipti og framleiðsla væru almennt undir frjálsu kerfi, þá mundi ég ekki óttast svo mjög um íslenska bændur og íslenska matvælaframleiðslu. En það er bara ekki svo. Þessi framleiðsla er um allan heim hneppt í fjötra niðurgreiðslna og viðskiptahafta. Og að gera róttækar breytingar á stöðu íslensks landbúnaðar við þessi skilyrði í þá veru að leyfa að vanhugsuðu máli innflutning landbúnaðarvara mundi þýða út frá þessum forsendum sem ég nefndi hér áðan dauðadóm fyrir innlenda matvöruframleiðslu á mjög skömmum tíma.

Ég ætla að nefna hér líka nokkrum orðum annan þátt í þessari umræðu. Fyrir nokkrum árum var reiknað út, það var árið 1988, hvað það mundi kosta íslenskt þjóðfélag að viðhalda þessari matvælaframleiðslu. Þar var reiknað út að það kostaði 9 milljarða. Óprúttnir stjórnmálamenn hafa framreiknað þessa tölu beint til dagsins í dag og segja: Þetta eru orðnir 13–14 milljarðar núna, en sleppa m.a. þeirri staðreynd að á þessum tíma hefur verðlag á íslenskri matvöru þróast á allt annan hátt en annað verðlag í landinu. En allt í lagi með það. Þeir sleppa því líka að segja hvernig þessi tala er uppbyggð. Hún er uppbyggð á þann hátt að tæplega helmingur af þessu er reiknuð markaðsvernd sem er þannig fundin að ef við keyptum þessar vörur í dag á spottmörkuðum erlendis, þá gætum við sparað þetta. Þeir sleppa því alveg að segja að ef þær umræður sem nú eru í gangi um ákveðin tollamál, svokallaðar GATT-viðræður, ganga í gegn, þá breytist öll verðmyndun á landbúnaðarvörum í heiminum og þessi reiknaða markaðsvernd yrði eitthvað allt annað en menn eru að tala um í dag. Kannski mundi hún hverfa að fullu.

Því miður er það svo að þessi umræða er á þessum nótum. Íslenskir stjórnmálamenn verða að taka sig á og ræða þessi mál út frá þeim forsendum sem liggja fyrir, ekki frösum og orðaleppum sem eru gripin upp að óhugsuðu máli.

Ég beini þá þeirri spurningu til núv. landbrh. hvort hann muni ekki tryggja það að á meðan viðskiptahættir eru með þessum hætti með landbúnaðarvörur í heiminum búi íslensk búvörurframleiðsla við hliðstæð skilyrði varðandi innflutningsvernd?

Ég ætla auk þess að koma með örfáum orðum að skógrækt á Íslandi og Skógrækt ríkisins. Þar hefur verið heilmikil umræða síðustu vikur. Menn greinir á hvar Skógræktin á heima í stjórnkerfinu. Í mínum huga er það engin spurning að skógræktin á heima undir landbrn. Fyrir því get ég fært einföld rök. Það sem er að gerast í skógræktarmálum á Íslandi í dag staðfestir það að skógrækt verður aldrei byggð upp að neinu marki á Íslandi öðruvísi en sem hluti af búskap bænda. Það verður að gerast heima á jörðunum hjá bændunum, að vísu með stuðningi og eftirliti ríkisvaldsins. Þetta verður að byggjast upp sem atvinnugrein sem mun þegar tímar líða skila okkur arði og sem slík á hún hvergi annars staðar heima en undir landbrn. Og ég spyr landbrh. einnig hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að svo verði áfram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa um fundahöldin í dag þar sem hefðbundnir þingflokksfundir hefðu átt að hefjast núna kl. 4, en þessum fundi verður haldið áfram til kl. 5 í dag. Ef ekki tekst að ljúka þessari umræðu, þá verður henni væntanlega fram haldið á mánudaginn en á mánudag verður skýrsla um ríkisfjármálin tekin til umræðu.

Þetta vildi forseti upplýsa á þessari stundu.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það var rétt athugað hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að þessi ríkisstjórn sem nýlega hefur tekið við störfum var ekki mynduð til þess eins að grípa til þeirra aðhaldsaðgerða sem óhjákvæmilegar reyndust við upphaf hennar starfs. Það er rétt athugað. Hún var mynduð til þess að rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun í atvinnulífinu sem mun skila sér í bættum lífskjörum. Hún var mynduð til þess að koma hér á frjálsara, réttlátara og jafnara þjóðfélagi en við höfum búið við.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. fór hér nokkrum orðum um almenn stjórnmálaviðhorf. Það var líka vel til fundið þótt nokkurs misskilnings gætti því miður í hans máli. Því auðvitað er það rétt og vel þekkt af þeim sem fylgjast vel með þróun stjórnmála í okkar landi og í veröldinni yfirleitt að markaðslausnir duga einna best til þess að leysa flest efnahagsleg viðfangsefni. Þar

sem markaðurinn bregst grípur ríkið inn í. Og það er ranghugmynd að hagkvæmni og jöfnuður þurfi að rekast á. Miklu oftar en ekki fer markaðsfrelsi og jafnrétti einstaklinganna saman en að þetta tvennt stangist á. Þetta eru sannindi sem hafa lengi verið kunn, en vefjast því miður fyrir ýmsum hv. þm. ef marka má þau orð sem fallið hafa í þessum umræðum.

Að þessu sögðu er það líka rétt að nefna að meðal mikilvægustu verkefna sem þessi stjórn ætlar sér að vinna að er að gera samninga við erlenda aðila um nýtingu okkar orkulinda til þess að efla hér atvinnulíf, tekjur og lífskjör í framtíðinni. M.a. til þess að halda þessari leið opinni og til þess að við eigum þess kost að efla hér fjölbreytt atvinnulíf á grundvelli hugvits og hátækni, þekkingar fólksins og auðlinda landsins, þá þurfum við traust og örugg sambönd við þau lönd sem við höfum við mestan samgang að hefð og sögu og af hagsmunum okkar, þ.e. Evrópuríkin.

Það er ekki síst um þessi stóru verkefni sem þessi stjórn er mynduð. En til þess að hún nái tökum á þessum miklu verkefnum var ekki undan því að víkjast og það dylst reyndar engum að taka þyrfti á því helsta verkefni sem að kallar í stjórn efnahagsmála á Íslandi um þessar mundir, sem er að verja forsendur þeirra kjarasamninga sem kenndir hafa verið við þjóðarsátt. Það er verkefnið og stjórnin tekur á því eins og það ber að höndum. Og sem betur fer hefur hulu verðbólgunnar verið svipt burtu og við okkur blasa hin raunverulegu viðfangsefni á sviði efnahagsmálanna jafnt til skamms tíma sem langs tíma.

Það var ánægjulegt að heyra það í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. að honum var það ljóst og reyndar er það athyglisvert við þessa umræðu að menn deila hér ekki um viðfangsefnið. Öllum ber saman um að þenslumerki hafi mátt greina í þjóðarbúskapnum og ekki síst í ríkisbúskapnum og hv. 6. þm. Norðurl. e. fór um þetta mál mjög athyglisverðum orðum þegar hann nefndi það að fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. hv. 8. þm. Reykn., hafi nokkuð förlast á síðustu mánuðum síns starfs. Hann gat sér gott orð í upphafi síns starfs fyrir að vilja taka myndarlega á þeim erfiðu viðfangsefnum sem þá var við að glíma og fyrir það eiga menn að sjálfsögðu hrós sem þeir hafa vel af hendi leyst, en því miður þá fataðist honum flugið og þess vegna fór sem fór. Aukinn halli ríkissjóðs er staðreynd. Þetta viðurkennir fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. 8. þm. Reykn., að hafi verið svo. Hann lýsti því sjálfur hér í gær að auðvitað hefði þurft að grípa til aðhaldsaðgerða og reyndar í blaðaviðtölum fyrr að að sjálfsögðu hefði mátt athuga það að hækka vextina á ríkisvíxlunum eitthvað ef á hefði þurft að halda og það hefði reyndar legið fyrir.

Ég ætla ekki hér að fara að tala um talnalestir, um hallamælingarnar, þær liggja hér fyrir í þessari skýrslu sem fjmrh. hefur útbýtt í þinginu í dag og munu senn verða ræddar. Það sem blasir við okkur er að útkoman verður mun lakari en að var stefnt með fjárlögum. Það er vaxandi innflutningur. Það er vaxandi viðskiptahalli þrátt fyrir batnandi viðskiptakjör.

En það er ekki allt með erfiðleikamerkjum. Sem betur fer hafa forsendur kjarasamninganna um verðlagsþróun staðist til þessa og reyndar heldur betur en þannig að kaupmátturinn er aðeins yfir þeim mörkum sem að var stefnt með þessum samningum. Það eru reyndar kannski merkilegustu tímamótin í okkar efnahagssögu á síðustu árum og áratugum að þetta hafi tekist. Við þurfum þess vegna að verja þessar forsendur og bregðast við hættumerkjum með aðhaldsaðgerðum á sviði ríkisfjármála og peningamála og það er einmitt það sem hér hefur verið gert og fyrir því máli er gerð grein í skýrslu fjmrh. sem útbýtt er í þinginu í dag.

En svo ég víki aftur að almennum stjórnmálaatriðum í mínu máli þá vil ég láta í ljós ánægju mína með það hvað hv. stjórnarandstæðingum, bæði í gær og í dag, hefur orðið tíðrætt um stefnumál Alþfl. og hversu annt þeir láta sér um kosningastefnuskrá hans í þessu stjórnarsamstarfi. Stjórnarandstaðan er því miður ekki hlynnt öllum okkar málum og við því er ekkert að segja. Það liggur í eðli stjórnarandstöðuhlutverksins. En það er hins vegar ljóst af því sem fram hefur komið frá þeim að einmitt þessi kosningastefnuskrá er heillegasta skjal sem saman hefur verið sett um þessar mundir um það hvernig við eigum að búa í haginn fyrir framtíðina.

Mig langar að víkja nokkrum orðum að sjávarútvegsmálunum í því samhengi. Því auðvitað er það mjög mikilvægt að við náum því skipulagi í sjávarútveginum sem skilar þjóðinni sem mestum arði af þessari undirstöðugrein — og því fólki sem við hana vinnur. Þetta er eitt af framtíðarmálunum. Þetta er líka eitt af þeim sviðum í atvinnurekstri og þjóðlífi þar sem markaðurinn veitir ekki einhlíta leiðsögn vegna þess að sótt er í sameiginlega auðlind þar sem óheftur aðgangur mundi spilla henni. Þetta eru grundvallarstaðreyndir og við þeim þarf að bregðast.

Hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson sagði hér í umræðunum í gær að það væri nauðsynlegt að útvegurinn byggi við stöðugt stjórnkerfi, stöðugt rekstrarumhverfi. Þetta er auðvitað laukrétt. En það er einmitt af þessum ástæðum sem við þurfum að taka fiskveiðistjórnunina til gagngerrar endurskoðunar. Sannleikurinn er nefnilega sá að fiskveiðistjórnkerfi okkar hefur nú lent í vanda — með vissum hætti í öngstræti. Ég ætla ekki hér að fjölyrða um það í hverju þessi vandi er fólginn en bendi á að þegar bætt er 2000 smábátum í úthlutunarkerfið, sem kennt er við kvótann, við þau 600 eða 700 skip sem voru þar fyrir koma upp alveg ný vandamál. Ég ætla líka að nefna að eftir því sem þetta kerfi festist í sessi — og ég tek það fram að ég tel að það hafi verið alveg bráðnauðsynlegt að koma því á í upphafi — þá koma vaxandi vandamál í sambandi við viðskipti og framsal með kvóta. Sé ekkert gert stefnir að mínu áliti í óstöðugleika í sjávarútveginum vegna ósættis um þetta fyrirkomulag. Það sem skiptir máli í umfjöllun núv. ríkisstjórnar um sjávarútvegsmálin er sú sterka áhersla sem lögð hefur verið á sameignarákvæði 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Og mig langar til að minna á að það var einmitt fyrir tilstilli Alþfl. að þetta ákvæði var sett í lögin. (**Gripið fram í:** Já.) Það er rétt, virðulegur

þingmaður. Nú þarf að fara skipulega í þetta mál til þess að gera þetta ákvæði virkt eins og margoft hefur fram komið. Og ég treysti á að um það geti tekist gott samstarf við þingmenn úr öllum flokkum og veit að virðulegur þingmaður, 1. þm. Austurl., mun leggja af mörkum í því samstarfi af sinni hálfu og bið hann að vera ekki of bundinn af því sem gert var í fyrri tíð einfaldlega vegna þess að lífið heldur áfram, hlutirnir þróast, ekkert kerfi af mannahöndum gert stenst þá þróun sem þarna hefur orðið. Við þurfum að finna nýjar lausnir einmitt til að koma á þessum stöðugu rekstrarskilyrðum í sjávarútveginum sem hann réttilega lýsti eftir.

Nú bendi ég á annað kerfi ekki síður mikilvægt fyrir hagi fólksins í landinu sem er húsnæðiskerfið. Mér finnst það reyndar mjög merkilegt hvað Framsfl. kýs að binda sig fast og lengi við þetta gamla húsnæðiskerfi. Það er sérhverjum manni ljóst sem vill líta á þessi mál með lágmarksskynsemi að það kerfi sem kennt hefur verið við árið 1986 var mistök frá upphafi. Framhald þess hefði þýtt óviðunandi mismunun milli þjóðfélagsþegnanna í einhvers konar biðraðakerfi og gjaldþrot húsnæðissjóðanna vegna lágu vaxtanna. Það hefur loksins verið tekið á þessu máli núna og ég hélt að hv. 1. þm. Austurl. hlyti að fagna því, þekkjandi af fyrri reynslu hversu mikla áherslu hann leggur á ábyrga fjármálastjórn. Hann nefndi til stuðnings sínu máli að afföll í húsbréfakerfinu stefndu í fjórðung og jafnvel meir og enginn gæti staðið undir slíkum afföllum. Mér finnst þetta merkileg yfirlýsing af hálfu þessa bókhaldsfróða manns.

Í upphafi míns máls benti ég á að hula verðbólgunnar er núna ekki lengur til trafala að meta svona hluti. Nú sjá menn verkefni efnahagsmálanna skýrar en áður. Það hefur nefnilega gerst svipað í húsnæðismálunum með tilkomu húsbréfanna. Þegar meiri hluti fjármögnunar íbúðakaupa er kominn á einn stað þá verða breytingar á kjörum eins og afföllum ljósari en áður. Reyndar er það líka rétt að það er ekkert einhlítt mál á hverjum þessi afföll lenda þegar um fasteignaviðskipti er að ræða. Það fer eftir gangi greiðslnanna, eftir verðinu á eignunum og fleira af því tagi. Og hver man ekki eftir því eða þekkir það ekki úr gamla húsnæðislánakerfinu þegar kaupendur þurftu sífellt að vera að framlengja og endursemja um bankalán, slá víxla til að brúa bilið á milli útborgana lána og biðja sinn kunningja- og fjölskylduhring að ábyrgjast lán? Verðbólguþróunin gat líka haft geysimikil áhrif á kostnað af eftirstöðvum íbúðarverðsins. Þetta kostaði allt sína peninga en allur heildarkostnaðurinn var mönnum dulinn. Nú horfast menn í augu við þetta. Og að mínu áliti er þetta framför en ekki afturför. Nú hefur hulunni verið svipt burt og tengslin milli fjármögnunar íbúðakaupa og lífskjaranna blasa við. Og það er einmitt einn þáttur í því samkomulagi sem náðst hefur í ríkisstjórninni um húsnæðismálin að greiða og tryggja stöðu húsbréfanna á markaðnum betur en verið hefur einmitt til þess að draga úr afföllunum. Þessi orð um húsnæðismálin vildi ég láta koma hér fram af því að þau hafa mikið verið rædd.

Ég kem að enn öðru máli, landbúnaðarmálunum. Hv. þm. sá 6. frá Norðurl. e. og ýmsir aðrir hér fyrr í umræðunni hafa gert þau nokkuð að umtalsefni. Mig langar að láta í ljós þá einföldu skoðun að tíminn vinni með okkur í landbúnaðarmálunum. Bæði hérlendis og erlendis eru að gerast hlutir sem auka þrýstinginn á þetta kerfi okkar. Það kom m.a. fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Við þurfum að taka nú á þessu máli, eins og greinir í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, að móta landbúnaðarstefnu sem hafi að leiðarljósi lægra verð til neytenda, bætta samkeppnisstöðu bænda, lægri ríkisútgjöld og gróðurvernd. Þetta felur m.a. í sér breytingu á vinnslu- og dreifingarkerfi landbúnaðarvöru í framhaldi af endurskoðun búvörusamningsins. Þetta er ekki yfirlýsing um kyrrstöðu í landbúnaðarmálum. Þetta er ekki yfirlýsing um status quo. Þetta er yfirlýsing um það að vinna af skynsemi að því að vinna niður kostnaðinn af þessu kerfi, opna kerfið fyrir viðskiptum, gera samkeppnisstöðu þess líkari öðrum atvinnugreinum. Þetta eru mikilvægir hlutir.

Og vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. finnst mér hann tala heldur óvirðulega um orð og orðaleppa sem hann kallaði svo sem greina mætti í málflutningi okkar alþýðuflokksmanna um landbúnaðarmál. Orð eru nefnilega til alls fyrst og ég tel að með þessum orðum sé hreyft við þeim breytingum sem eru ekki síst bændum í hag, en reyndar neytendum og landsmönnum öllum líka. Það þarf að taka á þessu óðruvísi en að segja sem svo: Það kerfi sem framsóknarflokkurinn hefur byggt upp á tuttugu árum, eða hvað það nú er, er það eina sem til greina kemur. Ég vara við því hugarfari.

Ég ætla að víkja nokkuð að vaxtamálum. Í gegnum vaxtaræður stjórnarandstæðinga hér í þessum umræðum finnst mér skína ráðstjórnarhugsun. Menn sem þykjast vera nútímalega þenkjandi koma upp um sig hvað eftir annað þegar þessi gamla vanahugsun íslenskra stjórnmálamanna, að stjórna vöxtunum með tilskipunum, kemur fram í orðum þeirra hvað eftir annað. Hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson talaði hér um vextina eins og skatt en vöxtunum er alls ekki ætlað það hlutverk sem skatti er ætlað. Vöxtunum er ætlað það hlutverk að hvetja til sparnaðar, draga úr eyðslu, hafa áhrif á ráðstöfun fjármuna til fjárfestingar og annarrar notkunar. Þessar breytingar, sem nýlega hafa verið ákveðnar, eru nú kallaðar svik við þjóðarsátt. Mig langar til að minna á að fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., sem nú hefur einna hæst um þessi meintu svik bauð sjálfur spariskírteini á vildarkjörum, 7,05% vextir þýddi það, um mitt sl. ár til stórra kaupenda. Og hann var aftur á ferðinni undir lok ársins þegar hann örvaði söluna á ríkisvíxlunum með tilboðum undir borðið til útvalinna kaupenda. Þá var ekki talað um neina vaxtaskrúfu. Það var heldur ekki gert þegar hann hækkaði vextina á ríkisvíxlunum í upphafi þessa árs upp í 11–12% úr 10%. Þá var ekki rætt um nein svik við þjóðarsáttina. Kannski er þjóðarsáttin bara í gildi suma daga í hugum ykkar alþýðubandalagsmanna.

En auðvitað eru þessar vaxtabreytingar engin svik við þjóðarsáttina. Þær eru einfaldlega nauðsynlegar til þess að sporna gegn þeirri þenslu sem nú gætir í þjóð-

arbúskapnum og kynni að grafa undan þjóðarsáttinni ef ekki yrði tekið á málinu. Vaxtahækkunin hjá ríkissjóði er nauðsynleg til þess að örva sölu á ríkisvíxlunum og spariskírteinunum, en vextir á þeim hafa legið of langt undir því sem gengur og gerist á fjármagnsmarkaði till þess að þetta seljist. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að horfast í augu við veruleikann á lánamarkaðnum en ekki upphafið að vaxtaskrúfu, eins og reyndar dæmin frá liðnu ári sýna og sanna að mínu áliti.

Mig langar líka til að nefna í þessu sambandi að sú staðreynd að við höfum nú frjálslegri viðskipti með fjármagn og lán milli Íslands og annarra landa gerir það að verkum að þessir vextir geta ekki og eiga ekki, mega ekki, víkja lengi mikið frá því sem gerist í heiminum í kringum okkur. Það er það aðhald sem frelsið veitir, bæði sparendum og lántakendum til hagsbóta. Þetta skilja allir sem vilja skilja það, en án vaxtahækkunar og aukinnar sölu á ríkisvíxlum og spariskírteinum nú yrði ríkissjóður að treysta á lántökur í Seðlabankanum eða erlend lán þegar í stað. Það er ekki leiðin til þess að varðveita stöðugleika í efnahagsmálum.

Ýmsir af talsmönnum Kvennalistans hafa haldið því fram að fyrirtækjaumhverfi hér á Íslandi, og reyndar í þeim stefnuyfirlýsingum sem þessi stjórn hefur látið frá sér fara, væri andstætt smáfyrirtækjum. Mig langar til að benda á að það hefur afar margt verið gert að undanförnu einmitt til þess að bæta stöðu hinna smærri fyrirtækja. Ég nefni þar fyrst og fremst breytingar á gjaldeyrisreglum, frjálsari gjaldeyrisviðskipti, bankakerfi með greiðari aðgangi fyrir viðskiptavinina og svo sérstakar stuðningsaðgerðir við smáfyrirtækjarekstur á sl. árum. Það sem áður voru forréttindi fárra í viðskiptum, þeirra sem nutu velvilja valdhafanna, er nú öllum heimilt á eigin ábyrgð. Þetta gildir um gjaldeyrisviðskipti og erlendar lántökur og verður enn almennara í framhaldi þeirra breytinga sem nú eru á áætlun þeirrar ríkisstjórnar sem nýlega hefur tekið við störfum.

Umræðan hér um Evrópusamstarfið hefur líka beinst í þennan farveg. Hv. 14. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir hélt því t.d. fram í gær að Evrópubandalagið væri hagsmunabandalag stórfyrirtækjanna og eingöngu hugsað til þess að bæta þeirra hag. Mér finnst það nú satt að segja ófyrirgefanlegt af þingmanni sem vill láta taka sig alvarlega að leyfa sér slíkan málflutning í ræðustóli á þingi. Evrópubandalagið snýst um miklu mikilvægari og fyrir almenning afdrifaríkari hluti. Það eru reyndar settar ýmsar hömlur á rekstur stórfyrirtækjanna í starfsreglum bandalagsins og eins og margoft hefur komið fram eru heildaráhrifin af hinum fyrirhuguðu breytingum og auknu samstarfi bandalagsríkjanna aukinn hagvöxtur sem bætir lífskjör allra þjóðanna. Það er reyndar athyglisvert að í samstarfsáætlunum Evrópubandalagsins og í samstarfsáætlunum þeirra og annarra ríkja er mjög mikið að því hugað að bæta stöðu smárra og miðlungi stórra fyrirtækja. Í því samstarfi hafa Íslendingar tekið þátt og hugsa sér að gera eftir því sem skynsamlegt og hagkvæmt er. Styrkur Evrópusamstarfsins liggur ekki síst í því að það viðurkennir fjölbreytni í atvinnulífi, í menningu, í þjóðlífi Evrópuríkja og lítur á þessa fjölbreytni sem eina helstu auðlind álfunnar. Þessu er ég sammála.

En víkjum aftur talinu að vöxtunum og fjármagnsmarkaðnum. Í máli talsmanna stjórnarandstæðinganna, ekki síst hv. 9. þm. Reykv., kom það fram, og reyndar var það í máli hv. 7. þm. Reykn., að vaxtahækkunin væri fjármagnseigendum í hag og það var yfirleitt talað um fjármagnseigendurna eins og einhverja örfáa stórríka menn.

Þetta er dæmi um óvandaðan málflutning. Öllum sem vilja vita má vera það ljóst að Íslendingar svo þúsundum skiptir sem betur fer eiga sparifé og þá sakar heldur ekki að nefna almannasjóði eins og lífeyrissjóðina sem eru stærstu fjármagnseigendur á Íslandi. Það er spurning um það hvort þessi skattlagning sem hv. 9. þm. Reykv. var að tala um var ekki einhver misskilningur af hans hálfu, vegna þess að vaxtabreytingin gagnast að langmestu leyti þessum almannasjóðum og þessum almenningi sem á sparifé í bönkunum. Hvað varðar hagsmuni alls þessa fólks, jafnt ungra sem gamalla, er mjög mikilvægt að hér sé rekin ábyrg vaxtapólitík. Reyndar er það svo að 60% af innlánum í bönkum og sparisjóðum koma frá einstaklingunum og hlutur þeirra sem eru komnir yfir sextugt er langstærstur eða um 35% af öllum innlánum. Hv. 9. þm. Reykv. telur sig e.t.v. ekki þurfa að bera hag þessa fólks sérstaklega fyrir brjósti.

Svo ég víki enn að málflutningi stjórnarandstæðinga í umræðunum í gær þá kom það fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. Guðmundar Bjarnasonar að hann teldi Alþfl. hafa komið í veg fyrir og stöðvað hagræðingaráform hans í heilbrigðiskerfinu í fyrrv. ríkisstjórn. Þetta eru staðlausir stafir. Ég vil alls ekki gera lítið úr vilja Guðmundar Bjarnasonar til þess að hagræða í heilbrigðiskerfinu, hann hafði til þess góðan vilja, en staðreyndin er sú að hann kom þeim hugmyndum sínum ekki fram. Það mikilvæga verkefni, eins og glöggt má sjá í þessari skýrslu um ríkisfjármálin, stöðu þeirra, horfur og aðgerðir, er nú í höndum hins nýja heilbrrh. Sighvats Björgvinssonar og hann er ekki öfundsverður af því hlutverki og því hlutskipti að þurfa að taka á þeim óleystu útgjaldavandamálum sem þar er að finna. En á þeim þarf þó að taka.

Mig langar, virðulegi forseti, að koma hér að lokum nokkuð að því sem rætt hefur verið um gengistilhögun. Hv. 9. þm. Reykv. vék að því nokkrum orðum að sú stefna ríkisstjórnarinnar sem finna má í hennar stefnuyfirlýsingu og segir, með leyfi forseta: „Með því að kanna vandlega hvernig stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið."

Hv. þm. innti eftir því hvort þetta mál hefði verið rætt í þingflokkum stjórnarinnar og fyrrv. þingflokksformaður Alþfl. hefur þegar svarað því að það mál hefði vissulega verið rætt þar í samhengi stefnuyfirlýsingarinnar ef ekki sérstaklega. Hér er fyrst og fremst um könnun að ræða, en ég bendi á að stöðugleiki í gengi er einhver mikilvægasta forsenda þeirrar kjarasáttar sem hv. stjórnarandstæðingar láta sér svo annt

um. Við þurfum að finna leiðir til þess að gera stöðugleika í gengi og þann aga sem hann veitir okkar efnahagslega umhverfi, trúverðugan í augum þeirra sem semja um kaup og kjör og í augum þeirra sem þurfa að gera ráðstafanir fram í tímann í sínum viðskiptum við önnur lönd og í sínum fjárráðstöfunum. Ein leið til þess kynni að verða nánari tenging við myntkerfi Evrópuríkjanna. Ég bendi á það að á liðnu ári ákváðu Norðmenn einhliða að tengja gengi norsku krónunnar við ECU, hina evrópsku mynteiningu, með þeim hætti sem þeim hentar sjálfum. Í síðustu viku tóku Svíar sömu ákvörðun. Ég lít svo á að við þurfum að kanna mjög vandlega þær breytingar, þá þróun sem er að verða í okkar efnahagslega umhverfi hvað varðar gengistilhögun.

Þetta er bakgrunnur þessa fimmta liðar stefnuyfirlýsingarinnar og auðvitað verður þetta mál undirbúið með þeim hætti að okkar efnahagsstofnanir, stofnanir á þessu sviði, Seðlabanki, Þjóðhagsstofnun, ráðuneytin sem með þessi mál fara, munu í sameiningu kynna sér vandlega hvernig að þessu er staðið, t.d. hjá þessum nágrönnum okkar sem ég hef nefnt. Viðleitnin er jafnan sú að reyna að búa hér svo um hnúta að íslenskt atvinnulíf og íslenskur almenningur geti búið við stöðugleika í efnahagsmálum til þess að leggja grunn að þeirri efnahagslegu framtíð, þeim efnahagslegu framförum, sem þessi ríkisstjórn stefnir að að ná. Hún ætlar sér að rjúfa kyrrstöðuna. Hún ætlar sér að efla hér hagvöxt. Hún ætlar sér að nýta hér íslenskar auðlindir og umhverfi eins og best má verða íslenskum almenningi til hagsbóta.

Þetta er bakgrunnurinn. Það er ekki nokkur minnsta ástæða til þess af hv. 9. þm. Reykv. að reyna að gera þetta tortryggilegt, enda fellur slík tilraun um sig sjálfa.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson beindi til mín hér spurningum um áhrif af hækkunum vaxta í húsnæðislánakerfinu og hækkun vaxta af húsbréfum, spurði hvort það væri á döfinni og er mér auðvitað ljúft að svara þessum spurningum.

Auðvitað væri vissulega tilefni til þess að taka hér nokkuð langa umræðu um húsnæðismál í tilefni af þeim ummælum sem hafa fallið um húsbréfakerfið frá fyrrv. forsrh. og fyrrv. fjmrh. þar sem þeir kenna raunverulega húsbréfakerfinu um allan þann vanda sem við er að glíma á lánamarkaðnum og í ríkisfjármálunum. Tímans vegna skal ég aðeins að hluta til koma inn á það og geyma mér þar til í síðari umræðum um þessi mál að ræða það mál ítarlega.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að flestir hafa vitað það að vaxtahækkun í húsnæðislánakerfinu væri óhjákvæmileg og það hefur reyndar verið svo að frá því að ég settist í stól félmrh. fyrir fjórum árum síðan hefur verið mikill þrýstingur á það að hækka vextina í almenna húsnæðislánakerfinu. Ég hef staðið gegn því vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að áður en til slíkra vaxtahækkana yrði gripið þá yrði komið á kerfi sem hlífði láglaunafólki og fólki með meðaltekjur við þeim vaxtahækkunum.

Hv. þm. Svavar Gestsson veit það að til eru skýrslur frá fyrri ríkisstjórn sem sérfræðingar ríkisstjórnarinnar létu gera, m.a. aðstoðarmaður fyrrv. forsrh. og fyrrv. fjmrh. sem vann úttekt á stöðu byggingarsjóðanna og gerði tillögur um það hvernig koma ætti jafnvægi á þessa sjóði. Tillögur þessara sérfræðinga, sem til eru í tveimur eða þremur skýrslum, voru þær að það væri nauðsynlegt að grípa til vaxtahækkana á lánum allt frá 1. júlí 1984 sem yrðu að vera 5% eða 5,5% ef lánakerfinu frá 1986 yrði haldið áfram. Tillögur liggja einnig fyrir núna frá Seðlabankanum um að vaxtahækkun á almenna húsnæðislánakerfinu frá 1. júlí 1984 hefði þurft að vera upp í 5,5–6%. Hér er því mjög vægilega farið í sakirnar með vaxtahækkun upp í 4,9%.

Ef maður spyr um áhrif þess fyrir lántakendur þá er ljóst að hún verður nokkuð mismunandi. Hér er um að ræða lántakendur frá 1984 sem eru sennilega 20.000. Ef við skoðum lántakendur sem taka lán á árabilinu 1984 til 1986, þá erum við þar að tala um 8000 manns. Meðallánin hjá þessu fólki eru um 1 millj. kr. þannig að aukning á greiðslubyrði á einu ári er þar sennilega um 11.000 kr. Til þess er líka að taka að sá hluti í þessum hópi sem er með lágar eða meðaltekjur, þar erum við að tala um bráttóheimilistekjur sennilega 150–170 þús. kr., fær þessa vaxtahækkun að fullu greidda til baka.

Síðan getum við tekið hópinn frá 1986 og fram til dagsins í dag. Þar erum við að tala sennilega um 12.000 manns. Þar eru meðallánin um 2 millj. kr. Þeir sem eru með 3,5% vexti, þ.e. sá hópur frá 1986 til 1989, hann er sennilega með lán um 2 millj. að meðaltali og vaxtahækkun hjá þessum hópi yrði um 22.000 kr.

Síðan erum við að tala um þriðja hópinn sem býr nú við vaxtakjör upp á 4,5%. Vextir hjá þessum hópi hækka um 0,4% og þar erum við sennilega að tala um 10.000 kr.

Ég vil undirstrika það aftur sem ég sagði að fólk með lágar og meðaltekjur fær þessar vaxtabætur endurgreiddar.

Síðan er til þess að taka að það sem þessi vaxtahækkun mun skila á heilu ári er um 600 millj. kr. og sennilega eru það um 200 til 300 millj. af þessari upphæð sem fara út aftur í formi vaxtabóta til fólks með lágar og meðaltekjur.

Mig langar aðeins að koma inn á húsnæðismálin í nokkrum orðum, einkanlega út af orðum fyrrv. fjmrh. ekki síst, beini nú orðum mínum til hans þó það væri ástæða til þess að gera það líka til fyrrv. forsrh.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kennir húsbréfakerfinu raunverulega um allan vandann. Ég hygg, hv. þm., þegar grannt er skoðað, að það sé nú ekkert sem hefur lagt meira í það að aðstoða fyrrv. fjmrh. í að ná niður hallanum á ríkissjóði en húsbréfakerfið. Ég minni hv. þm. á það að ríkisframlögin í byggingarsjóðina eru sennilega um þremur milljörðum minni á tímum hans sem fjmrh. á árunum 1989 og 1990 en var á árunum 1987 til ársins 1988. Þessi upphæð hefur farið í það að aðstoða hv. þm. við það þegar hann var fjmrh. að ná niður hallanum á ríkissjóði.

Ég hefði líka vitanlega getað farið þá leið þegar verið er að tala um háa ávöxtunarkröfu á húsbréfunum að gera það sama og hv. þm., þegar hann var fjmrh., gerði mánuðina janúar, febrúar, mars að fjármagna ríkissjóð í gegnum Seðlabankann, með yfirdrætti í Seðlabanka. Þar var um að ræða kannski 8–9 milljarða. 1–1,5 milljarðar af því var vegna þeirra vandamála sem við er að glíma í 1986-kerfinu. Ég hefði auðvitað getað haldið niðri ávöxtunarkröfunni af húsbréfunum með því að fara með eins og 5 milljarða þangað og biðja Jóhannes Nordal að kaupa þetta til þess að geta haldið niðri ávöxtunarkröfunni á húsbréfunum. Auðvitað fer maður ekki þá leið vegna þess að það er bara blekking, hv. þm.

Mér fannst það nokkuð skondið í fréttatilkynningu sem hv. þm., fyrrv. fjmrh., gaf út í aprílmánuði þar sem hann kenndi húsbréfakerfinu um allt sem við var að glíma á lánamarkaðinum. Þar segir hann að það sem helst sé ástæðan fyrir mikilli aukningu á innlendri lántöku sé að húsbréfin hafi aukist á árinum 1990 og 1991 úr 5 milljörðum í 10 milljarða. Það er auðvitað ósköp eðlilegt að það var að gerast. Húsbréfakerfið var að taka við og á móti þessu lækkuðu bein lán í Byggingarsjóði ríkisins úr 8,9 milljörðum í 4,9 milljarða, eða um nálægt sömu upphæð. Þetta nefndi fyrrv. fjmrh. auðvitað ekki þegar hann var í sínum kosningaæfingum í aprílmánuði.

Hv. þm. nefndi það að þetta væri helsta aukningin en þegar við skoðum hreinar innlendar lántökur opinberra aðila á árunum 1990 til 1991 er aukningin á A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 úr 5,1 milljarði í 9,1 milljarð sem hlutfall af landsframleiðslu, þá erum við þar að tala um 2,5%. En ef við tölum um húsnæðissjóðina þá hækka hreinar lántökur til húsnæðissjóðanna úr 14,2 í 17,5 milljarða kr. Þegar við skoðum hvað þetta þýðir þá er mesta aukningin á lántökum ríkissjóðs, A-hluta, en þær aukast um 4 milljarða eða sem svarar 1% af landsframleiðslu. Aukning hreinnar lántöku húsnæðissjóðanna er 3,3 milljarðar eða um 0,5% af landsframleiðslu.

Þessa lét auðvitað fyrrv. fjmrh. í engu getið þegar hann var að senda út sinn kosningaáróður í aprílmánuði. Það er auðvitað ljóst að þegar hv. þm. og fyrrv. fjmrh. kaus að fjármagna ríkissjóð í gegnum Seðlabankann til þess að komast hjá vaxtahækkunum á spariskírteinum, þá var hann ekki bara að gera það með því að taka mikinn yfirdrátt í Seðlabankanum, heldur var hann að komast hjá hækkun á vöxtunum. Og hverjir voru hinir raunverulegu vextir á spariskírteinunum? Hverjir voru þessir vextir af spariskírteinunum til ýmissa kaupenda? Ég hygg að þeir hafi verið svona að meðaltali 6,8 til 7%. Ég hygg því að við séum í rauninni ekki að tala um hækkun á spariskírteinum nema úr kannski um 7% í 7,9%. Þannig eru nú þessar blekkingar sem fyrrv. fjmrh. hefur viðhaft í þessum málum.

Þegar verið er að tala um og gefa í skyn með einföldum hætti að það sé mikil aukning á fjármagni í húsnæðiskerfið eða húsnæðismálin, þá er það hrein blekking. Staðreyndin er sú, sem ég tel víst að fyrrv. fjmrh. viti þó hann láti það ekki uppi þegar hann er í umræðum opinberlega um þessi mál, að við erum að breyta farveginum á fjármögnun til húsnæðismála. (**ÓRG:** Friðrik er alveg sammála mér.) Þá skilur hann bara ekki málið heldur.

Við getum bara sett dæmið mjög einfalt upp fyrir hv. þm. Ef við værum ekki með neitt húsbréfakerfi, sem er nú mesti skaðvaldurinn að mati fyrrv. fjmrh. í þessu öllu saman, þá væru um 55% af fjármagni lífeyrissjóðanna bundin inn í húsnæðismálakerfið. Þar værum við að tala um 15 milljarða. Síðan værum við með fjármögnun til húsnæðismála gegnum bankakerfið, gegnum lífeyrissjóðina, gegnum handhafabréf. Þetta er áætlað að sé í kringum 6–7 milljarðar af því fólk þurfti í meira mæli að leita þangað af því að lánin voru lægri í 1986-kerfinu en í húsbréfakerfinu. Þar erum við að tala um lán í það heila í húsnæðismálin upp á 21–22 milljarða. Hvað erum við að tala um í dag? Við erum að tala um 20 milljarða kr. Þar af 10–12 milljarða í húsbréfakerfið og restin fer í að fjármagna lánakerfið frá 1986 og félagslega íbúðakerfið. Allar áætlanir sem sérfræðingur fjmrh., minn sérfræðingur og sérfræðingur fyrrv. forsrh. hafa sett fram um útgáfu á húsbréfum hafa staðist. Þeir áætluðu það að útgáfan yrði 12 milljarðar á ári þegar húsbréfakerfið tæki við og það hefur staðist.

Nú vil ég spyrja hv. þm. og hefði óskað eftir því að fyrrv. forsrh. svaraði einni þeirri spurningu: Þið hafið sett það fram að húsbréfakerfið væri vandamálið og forsrh. sagði hér í umræðum í gær að það þyrfti að draga úr framboði til húsbréfakerfisins. Nú spyr ég: Hvaða leiðir viljið þið fara í því? Á að hætta greiðsluerfiðleikalánum sem eru sennilega 1–1,5 milljarðar á þessu ári. Er það leiðin? Á að lækka lánahlutfallið úr 65% niður í 50%? Er það leiðin? Á að stytta lánstímann úr 25 árum í 15 ár og auka þar með greiðslubyrðina? Hvaða leiðir eru það sem þið eruð að tala um í þessu sambandi? Það er auðvitað nauðsynlegt að slíkt komi fram og ég óska eftir því að fyrrv. fjmrh. geri hér skýrt og rækilega grein fyrir því hvernig hann vill draga úr þessum skaðvaldi, sem hann orðar svo, húsbréfakerfinu.

Það sem er auðvitað leiðin í þessum málum er það að koma okkur sem fyrst út úr 1986-lánakerfinu og þar hefur fyrrv. fjmrh. stutt mig dyggilega og ég vona að hann fari ekki að breyta þar um. Raunhækkun til húsnæðismála verður fyrst með lánakerfinu frá 1986. Hver varð hún á milli áranna 1986 og 1987? Raunaukningin varð um 41,5%. Og á árunum 1986–1990 eykst lánaþörfin til byggingarsjóðanna úr 7,9 milljörðum í 12,9 milljarða þannig að ég frábið mér það að verið sé að setja húsbréfakerfið upp sem einhvern skaðvald í þessu efni. Menn verða að skoða dæmið í heild, líta á fjármögnunina, hvernig hún hefur verið almennt til húsnæðismála, en ekki að taka húsbréfakerfið úr samhengi við aðra þætti fjármögnunar í húsnæðismálum. (**ÓRG:** Eru allir sammála þessu í ríkisstjórninni?) Ja, ég vona að það verði, a.m.k. með tímanum.

Þá er það ávöxtunarkrafa húsbréfa. Af hverju það? Það stafar af mikilli lánsfjárþörf ríkissjóðs, kannski

ekki síst þar. Það er vegna þess að við erum að fjármagna tvö lánakerfi og við erum að koma okkur út úr 1986-lánakerfinu. Það er vegna þess að við erum líka að fjármagna tímabundin greiðsluerfiðleikalán. Það er vegna þess að markaðskynning á húsbréfum hefur ekki verið sem skyldi, það skal ég viðurkenna. En ég skal líka segja þér það, fyrrv. fjmrh., að ef ég hefði haft alla þessa peninga sem þú hefur haft á undanförnum tveim árum til þess að kynna þín spariskírteini, ef ég hefði haft þá til þess að kynna húsbréfin og markaðssetja þau með því fjármagni sem fyrrv. fjmrh. hafði til þess að kynna spariskírteini, þá hygg ég að staðan væri ekki slík. En það er verið að skoða leiðir til þess að bæta markaðskynninguna á húsbréfunum.

Síðan hefur innri fjármögnunin ekki verið alveg eins og ætlast var til. Ég hygg að hún sé um 20% en reiknað var með að hún væri 30%. Ég hygg að það stafi af þeirri villandi umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum, neikvæðu umfjöllun um húsbréfakerfið. Það er eins og það hafi ekki verið til afföll í húsnæðismálum síðan húsbréfakerfið kom til og þar hafa fjölmiðlar lagt sitt af mörkum um það að sverta húsbréfakerfið. (**Gripið fram í:** Það er alrangt.) Ég nefni kaup lífeyrissjóðanna á húsbréfum. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er 27 milljarðar. Þeir hafa keypt húsbréf fyrstu 3–4 mánuði þessa árs fyrir sennilega 2,3 milljarða af 27 milljarða ráðstöfunarfé. Samt hefur nú verið viðurkennt að þetta sé hagstæðasti ávöxtunarkosturinn og þá spyr maður sig hvers vegna lífeyrissjóðirnir komi ekki í meira mæli inn í húsbréfakerfið en raun ber vitni. Það hlýtur að vera til hagsbóta fyrir þá að ávaxta sitt fjármagn og það hlýtur að vera til hagsbóta fyrir þeirra sjóðfélaga sem standa í íbúðarkaupum.

Það er áhyggjuefni að lífeyrissjóðirnir eru auðvitað mjög sterkir á lánamarkaðinum. Það er sennilega um 36% af sparnaðinum sem þeir hafa til ráðstöfunar sem er sama og allt fjármagn bankakerfisins. Og þeir geta — ég er ekki að segja að þeir hafi gert það, en þeir geta ef þeir svo kjósa haft samráð um sín markaðsviðskipti á lánamarkaðinum og það er auðvitað óheilbrigt að það sé með þeim hætti. Ég hygg að það þurfi að koma til alvarlegrar skoðunar hvort ekki sé ástæða til þess að setja hluta af húsbréfunum til reynslu yfir á erlendan verðbréfamarkað. (**HBl:** Sjálfsagður hlutur.)

Ég ætla tímans vegna, virðulegi forseti, ekki að eyða meiri tíma í húsnæðismál. Ég gæti tekið langan tíma í þau en geymi mér það þangað til umræða verður um þetta mál sem mér skilst að verði nk. mánudag um skýrslu fjmrh., en þætti vænt um ef fyrrv. fjmrh. svaraði minni spurningu, hvort sem það verður núna eða á mánudaginn, hvernig hann vilji draga úr framboði húsbréfa sem hann hefur talið að væru kannski mesti skaðvaldurinn í efnahagslífinu og í ríkisfjármálunum, sem er auðvitað bull eins og ýmislegt sem hefur komið frá hv. þm. um þetta mál.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það hafa nú komið fram fjölmörg atriði sem væri ástæða til þess að ræða sérstaklega hér í framhaldi af þeim umræðum sem urðu í gærkvöldi, hinum formbundnu umræðum. Reyndar hóf hv. 9. þm. Reykv. ræðu um að það hefði orðið að halda ríkisstjórninni og forsrh. sérstaklega að því að flytja stefnuræðu með þeim hætti sem gert var. Ég vil ekki kannast við það að í sjálfu sér hafi nokkuð verið amast við því að verða við óskum um það þó ég sé reyndar þeirrar skoðunar að ákvæðin í þingskapalögum um stefnuræðu forsrh. séu bersýnilega ætluð almennu, venjulegu þingi, þegar þingið er að hefja sinn feril að hausti og lögð eru drög að verkáætlun þess þingvetrar sem fram undan er.

Þetta þing sem við höldum núna er sérstakt þing, aukaþing um tiltekið verkefni og það er ljóst að fyrirmæli í þingskapalögunum um tveggja vikna hámarksfrest á framlagningu stefnuræðu gagnvart þessu þingi er nánast bundið við lok þingtímans, því að þinginu var ekki ætlað að standa nema rétt um tvær vikur. En engu að síður var sjálfsagt að verða við því að flytja ræðu af því tagi þó auðvitað megi segja að sú ræða markaðist töluvert af þessu. Þetta var ekki hefðbundin stefnuræða þar sem vikið var að þáttum frá hinum einstöku ráðuneytum og hvað þar yrði helst á dagskránni. Þess vegna er eðlilegt að ýmsir ræðumenn, hv. þm. stjórnarandstöðunnar, hafi fundið að því að það vantaði atriði um þennan þáttinn og hinn, umhverfismál, skólamál, leikskólamál. Fjöldinn allur af slíkum þáttum hefur auðvitað verið nefndur, en það helgast af þessu sem ég er að nefna. Það var auðvitað annars konar aðdragandi að stefnuræðu núna en gerist á venjulegum haustþingum.

Fyrst ég er að fjalla um orð hv. 9. þm. Reykv. fyrir utan þennan þátt, þá lagði hann mjög mikla áherslu á sérstaka þætti sem tengdust kannski ekki beint stefnuræðunni. Honum var mikið í mun að fjalla um litinn á þeim bæklingum sem fram koma og fram hafa komið að undanförnu, þetta væri allt saman blátt, sagði hv. þm. og ég fann ekki betur en hann legði í það mikla merkingu. Það er engin merking sérstök í því. Við leggjum ekki jafnmikið og hv. þm. og reyndar Alþb. upp úr litasamsetningu af þessu tagi. Ég minnist þess sérstaklega, ég hygg að það hafi verið mánuði fyrir kosningarnar eða svo, þegar hv. 8. þm. Reykn., formaður Alþb., lét draga að hún sérstakan nýjan fána fyrir flokkinn, mánuði fyrir kosningar til þess að reyna að láta fenna yfir fortíðina þennan mánuðinn sem menn höfðu til þess að gera upp hug sinn til flokkanna. Það má auðvitað lesa upp heilmiklar merkingar úr þeim litum sem þar voru. Það var rauður punktur, punkturinn aftan við sósíalismann, síðan var græn sletta til að minna á veru formannsins í Möðruvallahreyfingunni og Framsfl. og síðan var allur helsti flöturinn hvítmálaður til merkis um uppgjöf Alþb. og sósíalismans í veröldinni. (**SvG:** Bláa bókin er blá, er það ekki?) Bláa bókin er blá og falleg og fögur, en þetta er sem sagt merkingin sem hægt er að leggja í litasamsetningu af þessu tagi eins og kom fram hjá formanni Alþb. mánuði fyrir kosningar.

Jafnframt gerði hv. þm. mjög ákveðnar kröfur um að fá þau bakskjöl sem rætt hefur verið um að forustumenn flokkanna hefðu vitnað til í tengslum við stjórn-

armyndunarviðræður þeirra. Það er alveg rétt. Það var nefnt alveg sérstaklega að flokkarnir hefðu af sinni hálfu látið fara fram margvíslega vinnu á þessum tiltölulega fáu dögum sem menn höfðu. Það var nefnt að þau skjöl öll og sú vinna sem þar lægi til grundvallar yrði auðvitað notuð þegar verkáætlun stjórnarinnar, sem samkvæmt stefnuyfirlýsingunni á að leggja fram á haustþingi, verður unnin. Fyrir utan öll hin almennu plögg sem trúnaðarmenn flokkanna unnu á þessum tíma voru jafnframt lögð fram plögg sem ég hygg að hafi verið birt og dreift af hálfu annarra aðila, bæði fjmrn., Ríkisendurskoðunar og fleiri slíkra aðila.

Ég býst við því og ég hef reyndar það fyrir satt að þegar stjórnarsáttmálar hafi verið mjög langir eins og þeir stundum hafa verið, afskaplega langir, þá liggi bak við þá sáttmála óheyrilegur fjöldi bakplagga, heil fjöll af bakplöggum sem engum manni hefur dottið í hug að óska eftir að fá lögð fram. Í tengslum við þessa þætti, bakskjölin og slíka hluti, og í tengslum við umræðuna í gær sem sjónvarpað var var því haldið blákalt fram af sumum ræðumönnum að þessi stjórnarmyndunartími hefði verið raunar aðeins yfirskin því að stjórnarmyndun hefði átt sér stað fyrr. Og ég sá reyndar í blaði í dag að hv. 4. þm. Austurl. endurprentar lítið brot úr langri ræðu þar sem hann þykist hafa séð það allt saman fyrir að slíkar viðræður hefðu þegar átt sér stað og allt væri þannig í pottinn búið að það væri bara formsatriði, ef ég skildi ræðu hans og grein rétt, að mynda þessa stjórn. Ég sá einnig í blöðum fyrir kosningarnar greinar um að annars vegar ætti Sjálfstfl. og forustumenn hans í viðræðum um stjórnarmyndun við Alþfl. og hins vegar voru sögur um það að forustumenn Sjálfstfl. hefðu átt þess háttar samtöl við forustumenn Alþb. Báðar þessar lýsingar eru jafnrangar og ég held að menn þurfi ekki að hafa neinar getgátur uppi í þessum efnum hvað þetta snertir.

Hv. 15. þm. Reykv. kom hér inn á það hvað í því fælist þegar talað er um að tengja eða kanna tengingu krónunnar við evrópska myntkerfið. Hæstv. viðskrh. hefur gert mjög ítarlega og góða grein fyrir þeim þætti. Í því felst auðvitað fyrst og fremst að menn vilja skapa og tryggja atvinnulífinu traustan grundvöll, trausta viðmiðun sem það getur byggt á. Og vegna þess að hv. 9. þm. Reykv. talaði mikið um þennan þátt og í rauninni sviptingu á sjálfsforræði í hagstjórn sem í þessu gæti falist, ekki síst fyrir atvinnulífið, þá hygg ég að einmitt atvinnulífið vilji gjarnan að til sé þess háttar viðmiðun, ekki viðmiðun sem tryggi í raun blýfast gengi heldur stöðugt gengi, gengi sem er í samræmi og samhengi við þann raunveruleika sem menn búa við, þann raunveruleika sem er í viðskiptalöndunum í nágrenni við okkur þar sem okkar tengsl eru mikilvægust.

Hv. 15. þm. Reykv. spurði jafnframt um hvað orð um samræmingu eigna og eignatekna þýddu í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í þessu felst í rauninni það sem þar segir, að menn vilji taka skattlagningu eignatekna til athugunar. Það hefur verið mjög í umræðunni að óeðlilegt væri að þess háttar tekjur lytu ekki lögmálum skattlagningar. En um leið er sagt að þegar slíkt er skoðað eigi menn að gæta þess að ekki komi upp tvísköttun. Þess vegna vija menn á sama tíma og í samhengi skoða skattlagningu annars vegar eigna og hins vegar eignatekna. Ég held að þetta sé ósköp ljóst og ósköp skýrt, eins og reyndar flest í þessari stuttu stefnuyfirlýsingu.

Hv. 15. þm. Reykv. talaði jafnframt töluvert um einkavæðingu. Ég get ekki annað en verið ánægður með það að mér finnst að hugtök að þessu leyti til séu töluvert að breytast. Þingmaðurinn talaði töluvert um að hún vildi forðast miðstýringu. Þetta er að verða allra manna mál að miðstýring er eitthvað sem mönnum finnst fjandsamlegt heilbrigðu atvinnulífi og þróun þess og þessi ágæti hv. þm. tók undir það. Að vísu hafði þingmaðurinn áhyggjur af vissum þáttum einkavæðingar og einkum þá þar sem um væri að ræða starfsemi sem hefði einokunargildi eða einokunarþátturinn væri ríkur. Ríkisstjórnin deilir þessum áhyggjum með þingmanninum og vill varðandi einkavæðingu fara afskaplega varlega þar sem þannig er í pottinn búið að um starfsemi sem hefur einokunarblæ á sér eða einokunarréttindi beint er að ræða. Þar kemur einkavæðing síst fyrr en ella og þarf a.m.k. vandlegrar íhugunar við áður en í slíkt er ráðist.

En varðandi hitt sem þingmaðurinn nefndi að í vissum þáttum eins og félags- og menntamálum ætti einkavæðing ekki við, þá er ég ekki sammála. Þingmaðurinn nefndi sérstaklega dómstóla og lögreglu, þar ætti slíkt ekki við, og auðvitað virðist það liggja í augum uppi. Þó vek ég athygli á því að einkafyrirtæki hafa tekið að sér vissa þætti sem lögregla sá alfarið um áður eins og til að mynda gæslu á mannvirkjum með eftirlitsmönnum. Þetta er nýr þáttur sem almenn löggæsla sá áður um og einkarekstur hefur sýnt að slíkir aðilar geta ágætlega sinnt.

Hv. þm. taldi, og það þótti mér athyglisvert, að ríkisstjórnin og ég í ræðu minni í gær hefði mistúlkað það að verulegur meiri hluti þjóðarinnar styddi álver á Keilisnesi eða byggingu þess ef samningar tækjust. Þetta kom mér á óvart vegna þess að það er svo stutt síðan hv. 10. þm. Reykv. lýsti því yfir að Kvennalistinn mundi fyrir sitt leyti ekki láta það mál vefjast fyrir sér vegna þess að kosningarnar sýndu að verulegur meiri hluti þjóðarinnar styddi það að álver kæmi á Keilisnesi. Ég hygg að þarna sé eitthvað málum blandað ef hv. þm. telur að við séum að ofætla í þessum efnum. Kvennalistinn hafði sjálfur á mikilvægum fundi, á ögurstundu ákvarðað að þetta væri svona. Og ég hygg þess vegna að við getum verið mjög öruggir um það að a.m.k. hér í þinginu séu flestir þeirrar skoðunar að verulegur meiri hluti þjóðarinnar vilji álver á Keilisnesi.

Ég verð að segja það eins og er að mér sýnist á öllum þessum umræðum að það hafi sannast að þau orð, þær fullyrðingar sem hafðar voru uppi á stjórnarmyndunartímabilinu, að auðvelt væri að endurvekja fyrrv. ríkisstjórn, það væri í rauninni fátt sem þar bæri á milli, hafa bersýnilega alls ekki staðist. Jafnframt hafa menn talað um að liðsstyrkur Kvennalistans mundi styrkja þá stjórn og málefnasamstöðu þar. Umræður þær sem hér hafa átt sér stað sanna að það er heldur

ekki rétt hvað mjög mikilvæg mál snertir. Það hefði bersýnilega verið bullandi ágreiningur í slíku stjórnarliði ef til slíks fjögurra flokka stjórnarmynsturs hefði verið stofnað. Ég hygg að sú ríkisstjórn hefði varla hangið með mikið meira hald heldur en Þorgeir á hvönninni forðum ef hún hefði verið sett á laggirnar.

Hv. 8. þm. Reykv. fjallaði heilmikið um vaxtahækkanir, að vísu alls ekki í samhengi hlutanna. Hv. þm. *fjallaði í rauninni alls ekki um það hvers vegna vaxtahækkanir hafa verið óhjákvæmilegar.* (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, var ég að rugla ykkur saman, hv. 8. þm. Reykn.? Ég skal ekki gera það aftur. (**SvG:** Þú ert að rugla mér saman við Geir Haarde.) Það er enn þá lakara. Það var auðvitað hv. 9. þm. Reykv. sem var með þennan ruglanda. Hv. þm. Geir Haarde hefði aldrei verið með slíkan ruglanda, hann er svo vel að sér í þessum fræðum að hann hefði aldrei farið að rugla saman, eins og hv. 9. þm. Reykv. gerði, skattahækkunum og vaxtahækkunum því að slíkt er svo fráleitt að gera eins og hæstv. viðskrh. benti á og fór ítarlega og vel yfir. En það er nauðsynlegt og þýðingarmikið að allir þingmenn geri sér grein fyrir því að þessi vaxtahækkun er í raun atriði um form. Allar forsendurnar lágu fyrir. Þannig hafði verið á málum haldið, eins og reyndar hv. 6. þm. Norðurl. e. vakti athygli á, af hálfu hv. 8. þm. Reykn. að við þessum hlutum varð að bregðast og vaxtahækkun var óhjákvæmilegur hluti af þeim viðbrögðum. Ég vil fullyrða að hæstv. fyrrv. fjmrh. hefði brugðist við með mjög svipuðum hætti þó hann forðaðist það fram yfir kosningar. Ég er ekki í *vafa um að sú hefði orðið niðurstaðan.*

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði hvort rætt hefði verið sérstaklega á stjórnarmyndunarfundum um aðstöðugjöld og hvernig yrði með slík gjöld farið. Jú, það er alveg rétt, þeir þættir komu til umræðu í stjórnarmyndunarviðræðum eins og fjölmargir aðrir þættir. Og það er enginn vafi á því að þetta verður einn af þeim þáttum sem ræddir verða á milli flokkanna í þeirra stjórnarstamstarfi. Ég legg hins vegar áherslu á það fyrir mitt leyti að aðstöðugjöld eru í sjálfu sér ekki neinn heilagur hlutur. Það er alveg rétt sem bent hefur verið á að aðstöðugjöld sem aðferð til þess að rukka inn skatt geta verið ósanngjörn vegna þess að aðferðin tekur ekkert mið af því hvernig hag fyrirtækjanna er komið. En ég tel að vilji menn hverfa frá slíku fyrirkomulagi, þá sé algerlega nauðsynlegt að hafa samt hvata fyrir sveitarfélögin til þess að ýta undir atvinnulíf í sínu byggðarlagi. Þau hafi af því beinan ávinning að greiða götu þess að til atvinnufyrirtækja sé stofnað í sínu byggðarlagi, mjög ríkan hvata til þess og aðstöðugjöldin hafa vissulega verið slíkur hvati. Hann er rangur sá samanburður sem hv. þm. gerði á skatttekjum Reykjavíkur, *þeim skatti sem Reykjavík leggur á* sína þegna og önnur sveitarfélög. Það er alveg rétt á hinn bóginn að skatttekjur borgarinnar jukust vegna þess að menn bjuggu einmitt í haginn. Menn notfærðu sér þennan hvata m.a. Það er hollt fyrir atvinnulífið og það er hollt fyrir sveitarfélögin að hafa hvata af þessu tagi. En engin slík gjöld eru heilög vé sem menn geta ekki rætt stjórnarflokkanna á milli. En ég legg þó áherslu á það að ég tel, og sú skoðun mín er óbreytt, að það sé ekki í verkahring sveitarfélaganna að jafna stöðu þeirra á milli. Það er verkefni ríkisvaldsins í viðskiptum sínum við sveitarfélögin.

Ég hygg að ég fái nú tækifæri aftur, fyrst umræðan mun halda áfram á mánudaginn, til að fjalla nánar um ýmsa þætti sem hér hafa komið fram og í þeim ræðum sem ég veit að á eftir að flytja hér. En ég hygg að *forseti hafi rætt um að slíta umræðum um þetta leyti.*

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

6. fundur, mánudaginn 27. maí, kl. 2 miðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra. — Frh. umr.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það sem hér er á dagskrá er stefnuræða forsrh., sem gengur nú í salinn, og get ég því haldið áfram ræðu minni en það er að sjálfsögðu mikilvægt að hæstv. ríkisstjórn sé viðstödd þessa umræðu því þegar umræðunni var frestað þá höfðu nánast allir hæstv. *ráðherrar talað í umræðunni og gáfu* mikið tilefni til alllangrar umræðu um hin ýmsu mál.

Ég ætlaði í upphafi að gera að umtalsefni það sem segir í stefnuræðu forsrh. um væntanlega vinnu við sjávarútvegsstefnu og fiskveiðistefnu, en orðalag er með þeim hætti að það verður að fá frekari upplýsingar um það mál. Hæstv. viðskrh., sem ekki er hér viðstaddur, talaði allmikið um þetta mál. Hann sagði m.a. að þetta mál væri komið í öngstræti, eins og hann orðaði það, og mikil þörf væri á breytingum. Sérstaklega lagði hann upp úr því að líta yrði til sameignarákvæðis laganna. Og í ræðu hæstv. forsrh. er sagt: „Þetta er grundvallarákvæði og það verður að vera virkt.“ Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvað átt sé við með þessum orðum.

Það hefur nokkuð verið rætt hér í umræðunum hvernig þetta ákvæði er til komið og margir vilja eigna sér það. Þannig var að ekki var sérstök ástæða til að hafa slíkt ákvæði í lögum þegar þau giltu aðeins í eitt til tvö ár en eftir að lögin voru ótímabundin var full ástæða til þess. Það var hins vegar gert að setja þetta ákvæði inn í löggjöf jafnvel þó það væri til mjög *skamms tíma og þegar núgildandi löggjöf* var samþykkt stóð í frv.: „Nytjastofnar á Íslandi eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Og í greinargerð með frv. komu fram þessi orð, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Enda þótt frv. byggi á því að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að

fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talið myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi." Um þetta eru allir sammála. Það var síðan gert að setja þennan texta að nokkru leyti inn í lögin því það var tekið upp úr honum og bætt við 1. gr.: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Menn geta svo talað um það aftur á bak og áfram hér í umræðum hvort þetta orðalag er komið vegna kröfu þessa eða hins, sem mér heyrist að sé mikið mál ekki síst hjá hæstv. utanrrh. Það skiptir að sjálfsögðu engu máli, enda full samstaða um málið. En það er mikilvægt að vita hvað átt er við með því að það verði að vera virkt. Það er nú sérstaklega tekið fram af hæstv. forsrh. og ekki að óþörfu að það megi ekki líta svo á að það standi til að þjóðnýta íslenskan sjávarútveg. Þar séu aðrir kostir tiltækir og komi til álita. Þá vitum við það. Það stendur ekki til að þjóðnýta íslenskan sjávarútveg. Það er fyrir fram útilokað en ýmsir aðrir kostir eru tiltækir og koma til álita. Það segir jafnframt að þar eigi ekki að úthýsa neinni skoðun. Það er út af fyrir sig gott og blessað að byrja ekki á því að úthýsa einhverjum skoðunum.

Til þessa verks ætlar ríkisstjórnin að setja sérstaka nefnd. Og hún á að starfa með fullu jafnræði stjórnarflokkanna. Ég vildi fá upplýsingar um það hversu fjölmenn þessi nefnd eigi að vera, hver eigi að gegna formennsku í þessari nefnd, hver eigi að skipa hana og hvort beri að skilja það svo að hér sé verið að taka þetta mál úr höndum hæstv. sjútvrh., sem er að sjálfsögðu afar þýðingarmikið og óvenjulegt ef það stendur til að fara í þetta starf með þeim hætti.

Hingað til hefur verið unnið að þessu máli í nánu samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila í landinu. Ég skil þetta orðalag svo að það standi ekki lengur til. Hér á eingöngu að vera nefnd með fullu jafnræði stjórnarflokkanna. Það er samkvæmt þessu orðalagi hugmyndin að stjórnarflokkarnir skipi menn í þessa nefnd og engir aðrir komi þar að, sem er nýlunda ef rétt er.

Hér er að sjálfsögðu um mjög þýðingarmikið mál að ræða sem ég tek fyllilega undir að verði að sinna á næstu árum og vinna í því en það skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli með hvaða formerkjum það er gert. Eins og umræðurnar hafa verið hér á Alþingi þá er afar erfitt að átta sig á því hvað stendur til því talsmenn Alþfl. tala allt öðruvísi en talsmenn Sjálfstfl. Og hefur þó hæstv. heilbrrh. ekkert komið inn á málið enn þá og væri fróðlegt að fá skilning hans á þessu máli, hvernig eigi að koma þessu fyrir og hvaða breytingar standi þarna til, því hann hefur haft ýmsar skoðanir á þessu viðkvæma máli og væri fróðlegt að vita hvernig hann lítur á þetta samkomulag. Hvort hann telji að það standi til að breyta litlu sem engu eða hvort það standi til að gera hér grundvallarbreytingar eins og mátti skilja á hæstv. utanrrh. Mátti skilja hann svo að þessi árangur í stjórnarmyndunarviðræðunum væri í reynd aðalástæðan fyrir því að Alþfl. fór í þessa ríkisstjórn ásamt mikilvægum ákvæðum um landbúnaðarmálin. Ég treysti hæstv. heilbrrh. mjög vel til að útskýra það hér fyrir þingheimi og þjóðinni hvernig líta beri á þennan texta. En auðvitað er mikilvægast að þeir sem að þessu hafa staðið upplýsi það með hvaða hætti eigi að líta á þessi mál.

Hæstv. viðskrh., sem hér er kominn, lagði á það áherslu að menn mættu ekki vera bundnir af því sem áður hefði verið gert, menn ættu að temja sér víðsýni og vera ekki að hamast í einhverju sem einhvern tímann hefði verið ákveðið hér áður fyrr. Ég get verið honum alveg sammála í þeim efnum að auðvitað eiga menn ekki að binda sig allt of mikið í fortíðina. En í mikilvægum málum er nauðsynlegt að vita hvað er verið að hugsa. Hvað þarna stendur að baki. Það er ekki nóg, eins og hæstv. viðskrh. gerði hér í umræðum, hann sagði einfaldlega: „Þessi mál eru komin í öngstræti." Aðallega vegna þess hversu margir eiga aðild að því. Hann tók það sérstaklega fram að vegna þess að smábátar væru komnir inn í þetta kerfi þá yrði ekki lengur séð fram úr því. Hvað á hæstv. viðskrh. við með þessum orðum? Ég heyri ekki á máli hæstv. sjútvrh. að svo sé.

Það er ekki frambærilegt fyrir hæstv. ríkisstjórn að tala svo mismunandi í jafnþýðingarmiklu máli og þessu. Og því er ekki hægt að skilja við þessa umræðu nema fá um það skýrari svör en hér hafa komið fram, þannig að þeir sem starfa í þessari grein, eru þar að fjárfesta, viti nokkurn veginn hvað til stendur. Það er nefnilega ekki nóg að menn viti bara um hverjir vextirnir eigi að vera. Það er margt annað sem menn þurfa að vita um í þjóðfélaginu til að geta tekið ákvarðanir fram í tímann.

Hér hafa orðið miklar umræður um vaxtamál. Í reynd er það helsta sem hér hefur komið fram að vextir skuli hækka og það ekkert lítið. Raunvextir af ríkisskuldabréfum eru komnir um eða yfir 8%, sem þýðir væntanlega það að bankarnir munu elta þessa ákvörðun og telja sig þurfa að hafa vextina hærri en af ríkisskuldabréfum. Það vita allir að vextir af verðtryggðum innlánum bankanna eru að öllum jafnaði heldur hærri en vextir af ríkisskuldabréfum. Ég skal ekki fullyrða hvað bankarnir hugsa sér en ekki er ólíklegt að vextir af verðtryggðum innlánum verði ekki minni en 8,5% í framhaldi af þessari ákvörðun og er þá ekki ólíklegt að útlánsvextir fari í ein 11% a.m.k. Því hingað til hafa bankarnir eitthvað viljað hafa fyrir sinn snúð og ég vænti þess að þar hafi ekki orðið mikil breyting á.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að með þessu sé verið að auka sparnað og draga úr eyðslu. Vaxtahækkunin muni hafa þau áhrif að meira muni seljast af ríkisskuldabréfum. Ég býst við að það sé rétt þangað til bankarnir hækka sína vexti. En er það mjög líklegt að þessar ráðstafanir muni auka heildarsparnað í landinu? Ég leyfi mér að hafa miklar efasemdir um að það sé eitthvað sem um munar. Því að þegar raunávöxtun er

komin svo hátt, hún var komin á ríkisskuldabréfum í um 7% áður, eða í 6,5–7%, og fari hún nú upp í rúmlega 8% leyfi ég mér að efast um að það verði til þess að sparnaðurinn aukist verulega í samfélaginu. Ég held að það sé af og frá. Þar að auki verður að hafa það í huga að þessir vextir eru skattfrjálsir. Það þarf ekki að borga neinn skatt af slíkum tekjum. Með því er ávöxtunin komin mun hærra en gengur og gerist í okkar nágrannalöndum. Að sjálfsögðu verður það þá niðurstaðan að vextir hér á landi eru orðnir mun hærri en gengur og gerist hér í kringum okkur.

Hver eru viðbrögðin við þessum staðreyndum? Jú, atvinnuvegirnir munu að sjálfsögðu leita í auknum mæli eftir erlendum lánum. Hver eru viðbrögðin í húsbréfakerfinu? Félmrh. hefur þegar sent sendimenn á erlendan markað til þess að kanna hvort ekki sé hægt að selja húsbréfin þar. Landsvirkjun hefur nýlega tekið stórt lán erlendis og allir munu þá vilja fá erlent lánsfé. Það verður þá orðið baráttumál hinna ýmsu aðila hvort þeir geti fengið aðgang að erlenda fénu eða verði að sitja uppi með það að fara hér í innlenda banka.

Það er útilokað að vextir hér á landi séu mjög frábrugðnir því sem gengur og gerist í kringum okkur. Vextirnir geta hvorki verið mikið lægri eða hærri. Við erum það háð alþjóðlegum lánamörkuðum að það er mikilvægt að þar sé samræmi á milli. Það er hins vegar eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn spyrji: Hvað vilja menn þá gera? Ég get svarað því fyrir mitt leyti að ég tel mikilvægast að halda jafnvægi í samfélaginu eins og margoft hefur komið fram að er mikilvægasta atriðið fyrir sparnaði að hér ríki stöðugleiki í efnahagsmálum. Ég held að þessi vaxtahækkun sé ekki til þess fallin að auka þann stöðugleika, langt í frá. Það er veruleg hætta á því að hún kunni að raska þessum stöðugleika og þá mun hún hafa þveröfug áhrif við það sem henni var ætlað að gera.

Ég er hins vegar sammála hæstv. ríkisstjórn í því að það er mikilvægt að grípa til aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstrinum til þess að minnka þensluna. Það er ekkert auðvelt verk — ég geri mér fulla grein fyrir því — að velja þar og hafna hvað þar skuli vera efst á blaði, en mikilvægast er að halda jafnvægi í efnahagslífinu og það er betra að fresta ýmsum góðum áformum fremur en að missa stöðugleikann og það sem við höfum verið að vinna að.

Í framhaldi af þessu verður ekki hjá því komist að ræða nokkuð um húsnæðismálin og þá miklu þörf sem er á fjármögnun húsbygginga hér í landinu. Hæstv. viðskrh. orðaði það svo að hann væri undrandi á því að jafnbókhaldsfróður maður og sá sem hér stendur skuli ekki skilja almennilega hvað hér er á ferðinni. Ég skal alveg játa það að á undanförnum árum til alllangs tíma hef ég oft og tíðum skilið heldur lítið í því sem fram hefur farið um þessi mál og ekki alveg verið sáttur við það hvernig að þeim hefur verið unnið. Það þýðir ekkert annað en að viðurkenna það sem vandamál, fjármögnun húsnæðiskerfisins. Það hlýtur að vera mikið vandamál þegar útlánin eru orðin miklu meiri heldur en byggingarstarfsemin sem sýnir það að mikill hluti þessara lána fer til annarra þarfa, til einkaneyslu og ýmissa annarra þarfa hér í samfélaginu. Svo ætla menn bara að drífa í því að fara með þetta allt á erlenda markaði og fara þá að fjármagna einkaneysluna að hluta til með erlendu lánsfé. Ég tel þetta mjög varhugaverða þróun. Aðalatriðið er það hvernig hægt er að útvega sem ódýrast fjármagn til þessara hluta.

Það hefur verið staðfest að útlán hafa aukist á föstu verðlagi um 60–70% á sama tíma og íbúðabyggingar hafa aukist um 16%. Getur einhver mælt því í mót að hér sé um gífurlegt vandamál að ræða? Og er eitthvert vit í því að halda áfram á þessari braut?

Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það sé best að leggja gamla kerfið niður og setja allt yfir í húsbréfin. Mér er það fullkomlega ljóst að vextirnir í gamla kerfinu fá ekki staðist til langframa, þ.e. að þar séu allt aðrir vextir en í húsbréfakerfinu. En það hefur ávallt verið leið að hækka vextina þar til þess að koma á auknu jafnvægi. Fyrir eins og einum eða tveimur mánuðum var ekki nokkur leið að hækka þessa vexti nema íbúðaskipti ættu sér stað, þ.e. eigendaskipti. Þá væri að sjálfsögðu eðlilegt að hækka alla þessa vexti jafnt, eins langt aftur í tímann og nokkur leið er og það hefur alltaf verið talað um 1984. Nú hefur það verið ákveðið og ég er því sammála en skil ekki í sjálfu sér af hverju þetta var ekki hægt fyrir tveimur mánuðum, en er hægt í dag því að hæstv. núv. félmrh. fullyrti þá að það gengi ekki og það var ekki gert.

Það hefur verið mjög áberandi sá vilji að reyna að koma allri fjármögnuninni inn í húsbréfakerfið og sú fjármögnun er orðin mjög dýr þegar raunávöxtun er komin yfir 8%, jafnvel orðin um 9% og stefnir e.t.v. hærra. Það fólk sem er að ákveða að taka húsbréf í dag er ekki að binda sér byrði fyrir næsta ár, heldur 25 ár fram í tímann. Og ef það mundi nú gerast að vextir lækkuðu á almennum markaði, þá mun þetta fólk ekki njóta þess. Nei, það hefur tekið lán á markaðnum þegar vextir eru mjög háir og er þar af leiðandi bundið því í 25 ár.

Það er grundvallaratriði hvort menn telja þetta sanngjarnt eða hvort það er talið sanngjarnt að lána til þessara mála úr almennum húsnæðislánasjóði og það fólk sem þar er með lán geti átt þess von að njóta vaxtalækkana ef þær verða einhvern tímann í framtíðinni.

Ég er alveg viss um það að þessir vextir verða ekki næstu 25 árin. Ég er e.t.v. ekki mikill spámaður en ég álít að það séu miklu meiri líkur á því að þeir muni lækka og lækka verulega heldur en að þeir muni hækka. Mér finnst ekki nokkur sanngirni í því að sú kynslóð sem nú er að koma sér upp húsnæði eigi að bera þessa háu vexti næstu 25 árin. Þess vegna er það miklu betra að lána út á íbúðarhúsnæði úr almennum sjóði eins og gert hefur verið mjög lengi, en að sjálfsögðu verður sá sjóður að taka tillit til þeirra kjara á þeim lánum sem hann tekur í þessu skyni.

Það hefur mikið komið fram í þessari umræðu að þetta sé ekki í sjálfu sér neitt vandamál því að vaxtabótakerfið, þ.e. skattfrádráttur, muni leysa málið og þeir sem lægstu tekjurnar hafi muni fá þetta að verulegu leyti endurgreitt. Það hefur verið upplýst hér að til

standi að gera þær breytingar á að menn geti reiknað afföllin inn í þennan útreikning, en á það verður að benda að það er aðeins ákveðið hámark sem hver og einn getur fengið í vaxtaafslátt þannig að það að taka það inn í nýtist ekki þessum aðilum sem þegar hafa náð hámarkinu og það er fyrir hjón ef ég man rétt innan við 200 þús. kr.

Í öðru lagi mun það líka kosta ríkissjóð mikla fjármuni að standa undir þessum vaxtabótum. Það hefur verið áætlað fyrir næsta ár að það sé á bilinu 2–2,5 milljarðar og alveg ljóst að sú vaxtahækkun sem nú kemur mun verða til þess að stórhækka þessa fjárhæð. Það er nauðsynlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. ríkisstjórn hvað vaxtaákvörðunin muni þýða í minni tekjum í ríkissjóð því það er ekki nóg að halda því fram að það sé ekkert ríkisframlag til húsnæðismálanna. Það er þá óbeint með þessum afslætti.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara út í að tala um ríkisfjármálin. Það mun verða gert við síðari umræðu. Ég vildi fyrst og fremst fara þess á leit að fá skýrari svör um þá nefndarskipan sem ég hef gert að umtalsefni um endurskoðun fiskveiðistefnunnar og vil fá það frá hæstv. forsrh. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er nú genginn í salinn og getur þá upplýst það betur, en mér finnst nauðsynlegt að fá betur úr því skorið hvort hin ýmsu ummæli þeirra sem hér hafa talað af hálfu Alþfl. í þessu máli fá staðist. Sérstaklega fannst mér að hæstv. utanrrh. talaði þannig að ég trúi því vart að núv. hæstv. sjútvrh. geti fallist á þann skilning. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það getur enginn skorið úr þessu nema hæstv. forsrh. því að auðvitað vita þeir best hvað gerðist á fundum þeirra í hinni frægu Viðey á sínum tíma þar sem ég reikna með að dýpri skilningur hafi verið lagður í málið en kemur fram í þeim texta sem kom hér fram hjá hæstv. forsrh.

Ég vil jafnframt fá betri upplýsingar um það hvað menn hyggjast fyrir í sambandi við húsbréfakerfið og vildi spyrja hæstv. forsrh. um það. Mér skilst á orðum hans að hann telji mikilvægt að takmarka útgáfu þessara skuldabréfa á þessum þrengingartímum. Það er ekki hægt að stunda meiri útlánastarfsemi í samfélaginu en við höfum peninga í og ég held að það liggi alveg á borðinu að við höfum ekki það fjármagn til húsnæðismálanna sem menn hafa ætlað að setja í þetta. Ef það er hugmyndin að koma nú í veg fyrir þenslu og lækka spennuna á fjármagnsmarkaði, þá er ekkert annað að gera en að draga úr þessari útgáfu nú um sinn. Hér er um svo stórar fjárhæðir að tefla að það er engin önnur leið. En svo virðist sem hæstv. félmrh. telji þetta ekkert vandamál og það sé ekkert annað að gera en að bregða sér bara til Danmerkur og reyna að selja þessa pappíra þar.

Framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hefur farið um þetta nokkrum orðum og tekið mun dýpra í árinni en flestir aðrir. En það er alveg rétt hjá honum að hér er um stórhættuleg áform að ræða, að ætla sér að falla í þá gryfju að selja þessa pappíra endalaust alveg án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á fjármagnsmarkaðinn. Vextirnir geti bara hækkað og hækkað. Aðalatriðið sé að selja nógu mikið af pappírum. Þetta eru sjónarmið sem standast enga bókhaldsfræði, svo að ég noti nú orðalag hæstv. viðskrh. sem er orðinn mjög áhugasamur um þau mál og ég þakka hans viðurkenningarorð í því sambandi, en þetta er a.m.k. bókhald, hæstv. viðskrh., sem ég skil ekki. Má vera að hæstv. viðskrh. skilji það mun betur en ég og ætla ég ekkert að efa það. En mér finnst á orðum hæstv. félmrh. að ráðherrann fari nokkru offari í þessu máli og ég er hræddur um að það geti leitt til þess að vextir eigi enn eftir að hækka.

Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það standi til að láta þetta mál ganga áfram með óbreyttum hætti eða hvort ekki sé nauðsynlegt að taka tillit til þess eins og í sambandi við ríkisfjármálin að heildarsparnaður landsmanna hefur dregist verulega saman. Það er því miður staðreynd sem við verðum að taka fullt tillit til og það á ekki síst við um svo stórar stærðir sem húsnæðismálin eru.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra að þessu sinni en vænti þess að hæstv. forsrh. geti upplýst þessi tvö atriði sem ég hef einkum gert hér að umræðuefni.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þessar umræður sem hafa staðið lengi dags og nokkra daga hafa á margan hátt verið fróðlegar og athyglisverðar. Ekki síst hefur verið fróðlegt og athugandi fyrir okkur stjórnarsinna að fylgjast með umræðum og yfirlýsingum stjórnarandstæðinga í þeirra nýja hlutverki. Það verður náttúrlega að segjast eins og er að auðvitað hefur borið mjög á því að þeir hafa ekki kunnað almennilega fótum sínum forráð í þessu nýja hlutverki, enda kannski ekki von, og fullyrðingar og umræður svona gengið á víxl og þvers og kruss án þess að endilega væri mikið samræmi í málflutningnum. T.d. hefur borið talsvert á því að núv. stjórnarandstæðingar hafa fullyrt það að núv. hæstv. ríkisstjórn væri stefnulaus og að mjög hefði skort á það að stefnumótun hæstv. ríkisstjórnar hefði komið fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. En jafnskjótt og einn stjórnarandstæðingur hafði sleppt orðinu í þessa veru tók sá næsti til máls og fullyrti að þessi ríkisstjórn væri byggð á hugmyndafræði kaldrar frjálshyggju og sú kalda frjálshyggja var meira að segja nánar ættfærð og ættir hennar raktar út til Bretlands. Þannig er nú samræmið í málflutningnum að á sama tíma og menn tala um að skorti á um stefnumótun ríkisstjórnarinnar, þá er talað um það í öðru orðinu að ríkisstjórnin sé háð hugmyndafræði frjálshyggjunnar. Einhvern tíma hefur verið sagt að sú hugmyndafræði væri býsna skýr þó að um hana mætti að öðru leyti ýmislegt grátt segja.

En vegna þessara miklu umræðna um það að töluvert hafi á það skort að stefnumótun ríkisstjórnarinnar kæmi nógu skýrt fram, þá hafði ég fyrir því að lesa í gegnum stefnuræðu hæstv. fyrrv. forsrh. sem hann flutti á haustdögum 1988, nánar tiltekið 2. nóv. það ár. Og það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir að leitað sé með miklum velvilja og farið mjög ítarlega yfir þessa ræðu og lesið með eins jákvæðu hugarfari og hægt er að hugsa sér þá verður ekki sagt að um skýra

stefnumótun hæstv. forsrh. sé að ræða. Sú ræða var að verulegu leyti hefðbundið fortíðaruppgjör, uppgjör við fortíðina og lýsing á því sem gert hafði verið, en fátt um fína drætti verðandi stefnumótun til framtíðarinnar. Ég hygg að sá hluti stefnuræðu þáv. hæstv. forsrh. sem fjallaði um raunverulega stefnumótun þáv. ríkisstjórnar sé 2–3 mínútur af þeim hálftíma sem ráðherrann hafði til umráða. Svo mikið um þá skýru stefnu sem vænta mátti frá þeim mönnum sem hér hafa galað hvað hæst um að það skorti mjög á skýrleika í stefnumótun núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Sannleikurinn er auðvitað sá að stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið að koma fram og hefur komið fram með skýrum hætti. Það er að sönnu rétt að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er ekki mjög löng en það er náttúrlega bara kostur en stefna hennar hefur komið skýrt fram. Hún hefur m.a. birst í þeim efnahagsráðstöfunum sem kynntar hafa verið upp á síðkastið og miða að því, sem flestir sem hér hafa tekið til máls hafa tekið undir, að treysta og tryggja efnahagslegt jafnvægi og stöðugleika í landinu. Þess vegna hefur verið gripið til þeirra efnahagsaðgerða sem mjög hafa verið ræddar á síðustu dögum m.a. hér í þinginu.

Núv. hv. stjórnarandstæðingar hafa látið sem svo að viðskilnaður fráfarandi ríkisstjórnar hafi verið mjög góður. Fráfarandi hæstv. forsrh. talaði um að það væri ánægjulegt til þess að vita að hann hefði skilað mjög góðu búi og í ljósi þessa er kannski ekki að undra þó að ekki geti að líta í ræðum hv. stjórnarandstæðinga miklar tillögur um leiðir í þeim vanda sem vissulega blasir við. Því að ef menn eru þeirrar skoðunar að allt sé í svo miklu himnalagi sem hv. stjórnarandstæðingar tala um, þá er auðvitað ekki ástæða til þess að hafa uppi miklar tillögur. Þess vegna er það auðvitað þannig að þegar hv. stjórnarandstæðingar tala hér eins og t.d. hv. 1. þm. Austurl. áðan, þá finnur maður ekki í ræðum hans vott af miklum tillöguflutningi. Að vísu gat þingmaðurinn þess alveg sérstaklega í ræðu sinni að nú kæmi að þeim kafla í ræðunni þar sem mundi örla á tillögum, hugmyndum að lausn á þeim málum sem við blasa, lausn á vandanum í ríkisfjármálum, lausn á vandanum varðandi hina opinberu lánsfjárþörf o.s.frv. Svo biðu menn í ofvæni og niðurstaðan varð sú að ekkert birtist nema einhverjir almennt orðaðir frasar um að það þurfi að draga úr opinberri lánsfjárþörf og það sé mikilvægast að halda jafnvægi í samfélaginu og hann sé sammála ríkisstjórninni um það að gæta aðhalds og sparnaðar í ríkisbúskapnum. Þetta var nú kjarninn í þessum tillöguflutningi. Úr því að svo er hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, þá er kannski ekki við því að búast að það sé mikið stórbrotnara sem frá stjórnarandstöðunni kemur í þessum efnum.

En hver er þá raunveruleikinn? Hvað blasir við okkur? Hver eru þau vandamál sem við er að glíma í búskap ríkisins og hins opinbera? Ég skal nefna nokkur atriði sem hér hafa auðvitað komið fram mörg hver en það sakar ekki að séu ítrekuð.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir og hefur ekki verið gerður um það ágreiningur að hallinn á ríkissjóði verði að óbreyttu, ef stjórnarstefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar verði fylgt áfram, ef stefnu Ólafs Ragnars Grímssonar, hæstv. fyrrv. fjmrh., verði fylgt áfram, helmingi meiri, verði tvöfalt meiri en talað var um í upphafi þegar fjárlagafrv. var afgreitt. Það liggur fyrir skjalfest að mati þeirra sérfræðinga sem gleggst mega vita, sérfræðinga fjmrn., að hallinn á ríkissjóði verður tvöfalt meiri en um var talað í upphafi. Og telja menn svo ekki ástæðu til þess að taka til hendinni og sýna aðhald og sýna ráðdeildarsemi í ríkisbúskapnum?

Í öðru lagi lagði ríkisstjórnin af stað með það í farteskinu að innlendur sparnaður sem átti að standa undir allri opinberri lánsfjáröflun átti að verða 38 milljarðar. Hann verður ekki 38 heldur 26, líka að mati þeirra sérfræðinga sem gleggst mega um vita. Það er kunnara en frá þurfi að segja að fráfarandi ríkisstjórn lagði á það höfuðáherslu að í framtíðinni og í hennar tíð yrði að miða við það að opinber lánsfjármögnun færi fram á innlendum lánamarkaði. Það yrði að reiða sig á þann innlenda sparnað sem til staðar væri í landinu. Þegar það blasir við að sparnaðurinn hefur hrunið saman og ekki bara það, heldur einnig hitt að allar tölur fráfarandi ríkisstjórnar um opinbera lánsfjárþörf eru gersamlega út í loftið og gersamlega vanáætlaðar, þá blasir auðvitað við hverju einasta mannsbarni að það er vá fyrir dyrum. Það blasir auðvitað við að sú stjórnarstefna að fjármagna opinbera lánsfjárþörf eingöngu innan lands gengur ekki upp. Hún er orðin efnahagslega og pólitískt gjaldþrota þegar það liggur fyrir að sparnaðurinn hefur hrunið um 12 milljarða og opinber lánsfjárþörf hefur aukist um 11. Málum er einfaldlega þannig komið núna að opinber lánsfjárþörf er 8 milljörðum meiri, 8 þúsund milljónum meiri en gervallur sparnaðurinn í landinu.

Við sjálfstæðismenn vöruðum mjög við því fyrir kosningarnar að miðað við þær forsendur sem þáv. hæstv. ríkisstjórn gaf sér um sparnaðinn í landinu og um opinberar lántökur í landinu væri teflt mjög á hið tæpasta vað. Um þá staðreynd að þáv. ríkisstjórn ætlaðist til þess að 60% af sparnaðinum í landinu rynnu til hins opinbera og það sem eftir væri ætti síðan að skiptast á milli atvinnulífsins og einstaklinganna í landinu sögðum við sem svo: Þessi stefnumótun getur ekki haft nema eitt í för með sér. Hún hlýtur að hafa í för með sér verulega vaxtahækkun. Því að þegar kapphlaup almennings og fyrirtækja um sparnaðinn í landinu byrjar, um þennan takmarkaða sparnað sem hið opinbera ætlaði að skilja eftir til ráðstöfunar fyrir þessa aðila, þá hljóta vextirnir að hækka. Og vitaskuld hefur þetta gerst og það var auðvitað það sem var undirliggjandi í þessu hagkerfi. Það var þessi mikli þrýstingur á það að vextirnir mundu hækka. Og það er auðvitað það sem er að koma á daginn.

Hv. 1. þm. Austurl. talaði um það hér áðan að hann efaðist um að vaxtahækkunin nú ylli neinni aukningu í heildarsparnaði í landinu. Hann efaðist um það og hann sagði sem svo efnislega að vaxtahækkun við þessar aðstæður væri alls ekki nein einhlít lausn á þeim vanda sem við var að glíma. Ég gæti ekki verið meira sammála honum en ég er um þetta mál vegna þess að

auðvitað er þetta rétt. Vaxtahækkun við þessar aðstæður ein og sér er engin einhlít lausn og þess vegna er það auðvitað þannig að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á það höfuðáherslu að draga úr hinni opinberu lánsfjárþörf, draga úr sókn ríkisins og hins opinbera inn á lánamarkaðinn jafnframt því að hækka vextina. Þannig hefur verið reynt að gera hvort tveggja, að auka á ný sparnaðinn sem efnahagsstefna fyrrv. ríkisstjórnar hafði drepið niður og líka það að draga úr hinni opinberu lánsfjárþörf sem ríkisstjórnin, sem hv. 1. þm. Austurl. sat í, hafði aukið nánast dag frá degi. Það er mjög athyglisvert t.d. að skoða það í opinberum hagtölum að bruttólánsfjárþörf opinberra aðila tvöfaldaðist, jókst um helming, um 100%, á valdatíma hæstv. síðustu ríkisstjórnar. Og samt sem áður láta talsmenn stjórnarandstöðunnar alveg eins og ekkert sé, eins og hér sé ekki um að ræða neitt vandamál sem þurfi að taka á. Sem betur fer finnast þeir talsmenn fyrrv. ríkisstjórnar sem viðurkenna að það sé við vanda að glíma og sem betur fer eru til heiðarlegir talsmenn hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar sem tala á þessum nótum, viðurkenna vandann þegar hann blasir við. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega vekja athygli á grein eftir Má Guðmundsson, fyrrv. efnahagsráðgjafa fráfarandi fjmrh., sem rekur þessi mál mjög vel, ítarlega og efnislega. Þar er þá a.m.k. um að ræða sæmilega efnislega tilraun til þess að taka til varnar fyrir hæstv. fráfarandi ríkisstjórn og reyna að gera sér grein fyrir því hvað í raun og veru er á seyði í þessum málum sem við erum núna að fjalla um.

Mig langar í þessu sambandi til að vitna til nokkurra lykilorða úr grein Más Guðmundssonar sem ég held að ekki síst hv. stjórnarandstæðingar ættu að lesa og kynna sér vel og vandlega. Már Guðmundsson segir t.d. orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Við mikinn vanda er að stríða í ríkisfjármálum og hefur verið um árabil hvað sem líður mismunandi mati á því hver halli ríkissjóðs muni hugsanlega verða í ár að óbreyttu.“ Og áfram heldur Már Guðmundsson, með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi er útlit fyrir að halli ríkissjóðs verði meiri en gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga verði ekki gripið til aðgerða í tekju- og útgjaldahlið ríkisfjármálanna.“

Þetta er mjög athyglisverð yfirlýsing. Hann viðurkennir með öðrum orðum að tekju- og útgjaldaáform ríkisstjórnarinnar á fjárlagafrv. hafi ekki staðist. Og áfram heldur hann: „Í öðru lagi hefur innlend lánsfjáröflun gengið verr það sem af er en á sama tíma í fyrra og stafar það af minni sparnaði almennings og fyrirtækja en í fyrra og því að vextir á ríkisvíxlum og spariskírteinum hafa dregist aftur úr öðrum vöxtum, einkum á húsbréfum, þrátt yfir hækkun vaxta á ríkisvíxlum og spariskírteinum í upphafi ársins.“

Hér er það viðurkennt að lánsfjáröflun hins opinbera mistókst, eins og við höfum verið að halda fram, þrátt fyrir það að þáv. hæstv. ríkisstjórn hafi beitt sér fyrir vaxtahækkunum, vaxtahækkunum af því tagi og þeim toga sem hv. stjórnarandstæðingar eru sífellt núna gasprandi um og gagnrýnandi okkur fyrir.

„Í þriðja lagi“, segir svo efnahagsráðgjafi fráfarandi fjmrh., „eru svo horfur um innlenda fjáröflun ríkissjóðs taldar verri á árinu í heild vegna minni sparnaðar og aukinnar lánsfjáreftirspurnar fyrirtækja og einstaklinga.“

Og síðan segir hann og það er niðurstaða hans máls að það skipti raunar ekki máli hvaða ríkisstjórn sé við völd. Aðalmálið við þessar aðstæður sé frá hreinu hagstjórnarsjónarmiði minni halli ríkissjóðs og/eða meiri innlend lánsfjáröflun en ella hefði orðið við óbreyttar aðstæður.

Í þessari grein er sem sagt farið mjög ítarlega yfir málin og sýnt fram á þennan veikleika sem í raun og veru var kominn fram og hefur verið að birtast okkur mjög áberandi upp á síðkastið varðandi efnahagsstjórn fráfarandi ríkisstjórnar.

Í þessum umræðum hefur mjög verið rætt um tengsl þessara vaxtahækkana, sem óhjákvæmilegar voru, ekki síst af þeim ástæðum sem ég hef þegar rakið með skírskotun í grein Más Guðmundssonar, og hinnar svokölluðu þjóðarsáttar, sáttar um sanngjarnt kaup og kjör sem við sjálfstæðismenn studdum mjög þegar þessir tímamótasamningar voru gerðir á síðasta ári. Fyrrv. hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, talaði mjög á þessum nótum og vitnaði með mikilli velþóknun í orð Einars Odds Kristjánssonar, formanns Vinnuveitendasambands Íslands, sem farið hafði viðurkenningarorðum um fráfarandi ríkisstjórn fyrir það hversu vel hún hafði staðið að því að standa með aðilum vinnumarkaðarins að því að vernda þau markmið sem sett höfðu verið í upphafi þjóðarsáttar, ekki síst með þeim hætti að berja niður kauphækkanir BHMR, en það var það mál sem Einar Oddur ræddi um um leið og hann hældi Steingrími Hermannssyni og ríkisstjórn hans í ræðu sinni á aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands. Það væri kannski fróðlegt í þessu sambandi að vekja athygli á því að Einar Oddur Kristjánsson hefur einmitt tjáð sig um það hvert sé samband þeirra efnahagsráðstafana sem nú sé verið að gera og þeirrar þjóðarsáttar sem hann kannski öðrum fremur hefur orðið persónugervingur fyrir. Hann hefur sagt það í blaðaviðtali að hann fullyrði að sú vaxtahækkun sem menn urðu að grípa til við þessar aðstæður núna sé rétt þrátt fyrir það að hún kunni að koma harkalega til skemmri tíma litið við bæði almenning og fyrirtæki í landinu. Hann segir sem svo í Morgunblaðinu 18. maí, með leyfi forseta:

„Ég fullyrði að þó að vaxtahækkunin sé bæði óvinsæl og komi illa við atvinnureksturinn og margan launþegann, þá er hún rétt.“ Og hann segir: „Það hefði þurft að grípa til vaxtahækkunar hjá ríkinu miklu, miklu fyrr“ eins og hann segir orðrétt. Og hann vekur auðvitað athygli á því sem er kjarni þessa máls og hefur auðvitað komið fram í máli okkar talsmanna ríkisstjórnarinnar. Hann segir: „Aðalmálið í þessu sambandi er auðvitað það að hægt sé að halda aftur af eyðslu ríkissjóðs þannig að hægt sé að skapa skilyrði til þess stöðugleika sem við þurfum að búa við í okkar landi.“

Virðulegi forseti. Núv. stjórnarandstaða hefur mjög, eins og ég hef rakið, látið sem ekkert sé. Það sé ekki

við slíkan vanda að glíma sem við stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar höfum talað um. Eins og ég rakti fyrr, þá fullyrti fráfarandi hæstv. forsrh. að hann mundi skila mjög góðu búi. Í þessu sambandi langar mig sérstaklega til þess að vekja athygli á því sem ég tel að sé kannski hvað alvarlegast varðandi viðskilnað fráfarandi ríkisstjórnar og er mál sem ég bið sérstaklega talsmenn stjórnarandstöðunnar á landsbyggðinni, talsmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa látið sig hagsmuni útflutningsgreinanna einhverju varða, bið þessa menn sérstaklega að leggja við eyrum vegna þess að það blasir við að að óbreyttu stefndi viðskiptahallinn á þessu ári í algert met. Við vorum mjög mörg á árinu 1987 og 1988 sem sögðum: Viðskiptahallinn er gersamlega óásættanlegur eins og hann er og kemur til með að verða að óbreyttu. Við sögðum: Ef ekki verður gripið á þessu máli, ef ekki verður gripið í taumana og beitt þeim aðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar eru, þá mun þessi viðskiptahalli ríða útflutningsgreinunum á slig. 3,5% viðskiptahalli, sem blasti við á árunum 1987 og 1988 og varð reyndin á, er allt of mikill.

Hvað er það sem blasir við núna? Jú, að mati fjmrn., þetta er byggt á tölum um innflutning það sem af er árinu og líklegar horfur um útflutning, þá blasir það við að viðskiptahallinn verði ekki 3,5–3,7% eins og hann var á árinu 1987 og 1988 heldur 4,5% af landsframleiðslu. Að viðskiptahallinn verði með öðrum orðum 16–17 milljarðar, 16–17 þúsund milljónir króna. Hafi verið ástæða til þess að bregðast hart við, eins og vissulega var á árunum 1987 og 1988, þá spyr ég: Hvernig var ástæða til þess að bregðast við þessu máli núna? Eru t.d. talsmenn Framsfl. sem mjög höfðu hátt um sig á þessum tíma ekki sammála því að það þurfi að bregðast við þessum alvarlegu og válegu tíðindum með því að gæta aðhalds í ríkisbúskapnum, draga úr þenslunni þar sem hún er og þar fram eftir götunum? Hafa menn kannski skipt um skoðun á þessum árum við að sitja í nokkur ár í ríkisstjórn? Ég vona að svo sé ekki.

Ég sagði hér áðan að það hefði lítið komið frá stjórnarandstæðingum varðandi lausnir á þeim málum sem við blasa. En þó að þessar hugmyndir að lausn hafi ekki komið fram hér í umræðunum, þá er það hins vegar þannig að í tímaritinu Þjóðlífi birtist að vísu mjög losaraleg grein, lausleg frásögn af því að alþýðubandalagsmenn hefðu á fyrstu dögum eftir kosningar gengið mjög með grasið í skónum á eftir Alþfl. og að því er ráða má af þessari grein boðið fram mjög athyglisverð mál, mál sem sagt er að hafi átt að greiða fyrir því að Alþb. og Alþfl. næðu saman í stjórn. Og þó að formaður Alþb. sé fjarstaddur, þá situr hér a.m.k. varaformaður þess sama flokks og getur kannski upplýst okkur um það frekar hvað Alþb. var að hugsa með þessum hugmyndum sem þarna voru lagðar fram í tillöguformi. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að tekin verði upp kvótaleiga sem í mínu ungdæmi var nú bara kallaður auðlindaskattur. Það verði með öðrum orðum tekinn upp auðlindaskattur ef Alþb. megi nokkru ráða. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem hér eru lagðar fram og eru auðvitað nýjar í þeim umræðum sem fram hafa farið. (**Gripið fram í:** Í hvaða tímariti er þetta?) Þetta er tímaritið Þjóðlíf. (Gripið fram í.) Ég er að spyrja varaformann Alþb. hvort þetta sé rétt. Vegna þess að hér er verið að segja frá því af hinu opinbera, liggur mér við að segja, alþýðubandalagsmanni sem hefur ritað sérstaka bók um innviði Alþb. og er þar mjög hnútum kunnugur eins og varaformaður Alþb. ætti að vita, e.t.v. núv. flokksbróðir hans, ég man það ekki lengur. Það hefur verið svo hraður flóttinn úr þeim flokki að maður man nú ekki lengur hverjir sitja þar eftir. Hins vegar greinir þessi söguskýrandi Alþb. jafnframt frá því að hér sé um að ræða sjö síðna lesningu og athyglisverða í þokkabót fyrir sakir opnunar og frjálsræðis. Opnun og frjálsræði. Það er frjálsræði sem er allt í einu farið að láta á sér kræla á þeim bæ. Í þessu opnunar- og frjálsræðisplaggi er m.a. gert ráð fyrir að haldið verði áfram að selja ríkisfyrirtæki og væri nú gaman að heyra hvaða ríkisfyrirtæki voru komin á sölulista Alþb.

Í öðru lagi er rakinn stuðningur við hið Evrópska efnahagssvæði sem við ræddum um hér áðan. Sérstök stuðningsyfirlýsing í þessu plaggi við hið Evrópska efnahagssvæði og ekki bara það. Frjálsræðið er svo mikið þarna að það er ekki nóg með að það eigi að styðja hið Evrópska efnahagssvæði, heldur efla fríverslun við Bandaríkin, Kanada og Kyrrahafslöndin samfara Evrópusamningnum. Og síðan eigi að fara fram uppstokkun á landbúnaðarkerfinu eins og það leggur sig að því er mér virðist.

Þetta er auðvitað hið fróðlegasta plagg. Þó að það sé ekki ítarlegt hérna í þessum litla bút, þá er það örugglega ítarlegra á þessum sjö síðum frjálslyndis og opnunar sem frá er greint og ég veit að varaformaður Alþb. hefur örugglega lesið með mikilli athygli og þekkir auðvitað því að hér er um að ræða, að því er sagt er, hans tillögur, tillögur hans flokks, tillögur til þess að reyna að setja á brú frá Alþb. til Alþfl.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef sagt hefur ekki í þessum umræðum komið fram mjög ítarleg stefnumótun stjórnarandstöðunnar þó að við því hafi verið að búast vegna þess að stjórnarandstæðingar hafa talað hér langt mál. (Gripið fram í.) Það hefur hins vegar komið fram, varaformaður Alþb., að stefna ríkisstjórnarinnar er skýr og undan því hefur ekkert þurft að kvarta. Það er ekki það sem er vandinn í þessari umræðu heldur miklu frekar hitt að uppgjöf stjórnarandstöðunnar og það að neita að horfast í augu við þær staðreyndir sem blasa við hverjum manni er auðvitað það sem hefur verið niðurstaðan í þessum umræðum, algerlega málefnaleg uppgjöf stjórnarandstöðunnar. Þess í stað hef ég dregið fram hér sögulegan fróðleik um það að Alþb. hafi lagt fram ýmsar tillögur sem væri mjög fróðlegt að fá nánari upplýsingar um.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það bar svo við að forustumenn ríkisstjórnarinnar, annars vegar hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. utanrrh., vitnuðu báðir í látna menn þegar þeir vildu undirstrika mikilleik þeirrar stefnu sem nú

væri upp tekin. Hæstv. utanrrh. vitnaði í ræðu þá er merkust hefði verið haldin á Alþingi og vildi með því móti koma því á framfæri að hann tæki það eitt sér til fyrirmyndar sem gott væri. Reyndar var þetta áður en hv. 3. þm. Vestf. *flutti hér ræðu sína áðan.*

En hvað um það. Efasemdarmenn voru í salnum og þau undur gerðust að hv. 9. þm. Reykv. dró það mjög í efa að satt væri frá sagt af hæstv. utanrrh. Sá maður sem flutti hina merku ræðu og gagnorðu eins og utanrrh. hafði frá sagt var Þorgeir Hávarsson. En aftur á móti vildi hv. 9. þm. Reykv. halda því fram að hér væri um Þorgeir Ljósvetningagoða að ræða. Nú veit ég það að hæstv. utanrrh. þekkir vel til sögu Vestfjarða og á Þorgeiri Hávarssyni hefur hann full deili. Hins vegar er mér ekki kunnugt um það hvort hann veit eitthvað um Þorgeir Ljósvetningagoða. Það er þó hugsanlegt en þar er um mann úr Þingeyjarsýslu að ræða.

Ég vil aftur á móti vekja athygli á því að Þorgeir Hávarsson orðaði í mjög stuttu máli það sem hann hafði merkast sagt um dagana. Með leyfi forseta hljóðar þetta svo:

„Það bar til um vorið eftir að þeir Þorgeir og Þormóður fóru norður á Strandir og allt norður til Horns. Einn dag fóru þeir í bjarg að sækja sér hvannir og í einni tó er síðan er kölluð Þorgeirstó skáru þeir miklar hvannir. Skyldi Þormóður þá upp bera en Þorgeir var eftir. Þá brast aurskriða undan fótum hans. Honum varð þá það fyrir að hann greip um einn hvannnjóla með grasinu og hélt þar niðri allt við rótina, ella hefði hann ofan fallið. Þar var sextugt ofan á fjörugrjót. Hann gat þó eigi upp komist og hékk þar þann veg og vildi þó með öngu móti kalla á Þormóð sér til bjargar þó að hann félli ofan á annað borð og var þá bani vís sem vita mátti.

Þormóður beið uppi á hömrunum því að hann ætlaði að Þorgeir mundi upp koma. En er honum þótti Þorgeiri dveljast svo miklu lengur en von var að, þá gengur hann ofan í skriðuhjallana. Hann kallar þá og spyr hví hann komist aldrei eða hvort hann hefur enn eigi nógar hvannirnar. Þorgeir svarar þá með óskelfdri röddu og óttalausu brjósti: „Eg ætla," segir hann, „að eg hafi þá nógar að þessi er uppi er eg held um."

Ég efa að annar hafi nú flutt á gagnorðari hátt sitt mál, en nokkuð hefur þetta í munnlegri geymd hæstv. utanrrh. lengst því að þar hefur það að ræðu orðið. En einnig hefur líka nokkuð ruglast til með staðinn því að hann villist á fuglabjargi og Almannagjá, en þar hefur brattlendi á báðum stöðum orðið vafalaust til að villa um fyrir honum.

Ég vil aftur á móti að það sé á hreinu og hv. 9. þm. Reykv. velkist ekki í neinum vafa um það hver það er sem hæstv. utanrrh. hefur því sem næst gert að leiðtoga lífs síns í vopnaburði hér í þingsölum.

Ég tel að þá sé næst að víkja þar að í ræðu hæstv. forsrh., sem nú er stjórnandi þessa lands, og vísa á bug þeim misskilningi sem hér kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf. að samhliða bæri að ræða stefnuræðu hæstv. fyrrv. forsrh. frá 1988. Hæstv. núv. forsrh. minnist á það í sinni ræðu að honum hafi verið sögð saga í barnaskóla af Persakeisara sem lét flengja sjóinn með svipum vegna þess að sjógangur torveldaði stríðsáform hans. Og með leyfi forseta er það orðrétt svo sem hann leggur út af þessu:

„Þessi keisari skildi ekki hversu lítils maðurinn má *sín gagnvart máttarvöldum og gagnvart hinum hörðu* lögmálum sem um alla menn gilda."

Í þessari yfirlýsingu er hæstv. forsrh. í allri hógværð að vekja á því athygli að honum sé ekki áfátt sem Persakeisara að þessu leyti að hann skilji gjörla hversu lítill maðurinn er gagnvart hinum hörðu lögmálum. Auðvitað er þetta í beinum tengslum við það sem kemur svo í framhaldi seinna í ræðunni þar sem hann vekur athygli á því að hófstilling og skilningur á eigin takmörkunum hlýtur að vera aðalsmerki vestrænna stjórnmálamanna.

Mér er það nú nokkuð umhugsunarefni satt best að segja hvort það séu höfuðeinkenni hæstv. forsrh. sem *taldi að annað minna hlutskipti kæmi nú varla til* greina ef hann yfirgæfi borgarstjórastól Reykjavíkur en að gerast forsætisráðherra á Alþingi strax og hann væri kominn hér inn. En hvað um það. Við skulum örlítið hugsa um bakgrunninn. Persakeisari var á sínum tíma stjórnandi yfir mjög stóru og voldugu ríki og vestræn menning má þakka guði fyrir að hæfileikar hans voru ekki meiri en þeir þó voru því að svo mjög saumaði hann að Grikkjum að aðrir veittu þeim ekki meiri skráveifu. Hann fór með her sinn yfir Dardanellasundið með því að láta herskipin mynda flotbrú yfir og reið þar yfir með sitt riddaralið. En hver var vandi hans á ströndinni forðum þegar hann gaf hermönnunum fyrirmæli um að fara að berja sjóinn? Vandi hans var sá að hann var með her sem var aðgerðarlaus og hann þurfti að koma í veg fyrir það að þeir dræpu hvern annan. Og til þess að fela þeim einhver verkefni sem mundu nú þreyta herinn en jafnframt halda honum til hæfilegs aga taldi hann vitlegast að láta þá berja sjóinn. Og það skulu þeir vita að sá her sem öllu hlýðir að hann jafnvel hlýddi þeim fyrirmælum foringja síns að berja sjóinn barðist af þeirri hörku hinum megin að ekki var á bætandi og vafalaust kannast margir við það sem Magnús Ásgeirsson orti um: Lofsöngskórarnir lyfta í hæðir Leonidasi og falli hans. En þessi frægi hershöfðingi Spartverja varði Laugarskarð þar til þeir féllu félagar hans fyrir innrásarherjum Persanna.

Ég er ekki viss um að allt sem við látum aðhafast í dag og flokkum undir þjálfun þess efnis þætti standast tímans tönn ef horft væri í fjarlægð á það. Einu sinni bárust þær fréttir með blöðum að víkingasveitin íslenska hefði öll fengið fyrirmæli um það að stökkva fram af palli og niður í sandbing og væri komin á sjúkrahús vegna þess að þetta var meira en þeir voru færir um og höfðu menn brákast á ökklum eða annars staðar við byltuna því að sandbingurinn reyndist freðinn. Þeir tóku nú ekki betur flugið í það skiptið þó að hraustir væru. Hins vegar eru ekki neinar fréttir af því að einn einasti hermaður Persakeisara hafi skaðast á því að berja sjóinn en það gerðu þeir svikalaust ef marka má söguna.

Ég spyr aftur á móti sjálfan mig að því hvort sú stefnumörkun sem birtist í ræðu hæstv. forsrh. og er að

finna á bls. 14 í þeirri ræðu sem okkur var send og ætti að vera aðalumhugsunarefnið fyrir hv. 3. þm. Vestf. segi mönnum að nú séu komnir þeir menn til valda sem þekki sín takmörk. En þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Í tengslum við peningamál er rétt að vekja sérstaka athygli á því ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að kannaðir verði kostir þess að tengja íslensku krónuna við evrópska myntkerfið og stuðla þar með að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Sú hugsanlega tenging er til marks um þann ásetning ríkisstjórnarinnar að gera þau kjör sem íslenskir atvinnuvegir búa við sambærileg við það sem gerist í öðrum löndum. Ramminn í peningamálum hefur verið of veikur og óhjákvæmilegt að styrkja hann." Hæstv. viðskrh. notar það orð um þetta að nú eigi að „aga" íslenskt atvinnulíf. Hæstv. fjmrh. talar aftur á móti út um borg og bí um þetta tæpitungulaust og segir að hugsunin sé sú að þeir stefni að því að binda þetta fast. Þetta er ekki algerlega skýrt orðað, hv. 3. þm. Vestf. Það er látið í það skína að það eigi að athuga þetta, en fjmrh. undirstrikar að það eigi að gera þetta. Hæstv. forsrh. sagði aftur á móti að þetta þýddi ekki endilega stöðugt gengi, þýddi ekki endilega blýfast gengi. Ef það er bundið fast, þá er það illa bundið ef það fylgir ekki eftir því gengi sem hér er verið að tala um.

Vissulega eru þessi atriði í stefnuskránni mér ærið áhyggjuefni. Það varð ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar að falli að hún ofmat styrkleika stjórnmálamanna. Hún hélt að hægt væri að halda gengi íslensku krónunnar föstu eins og stjórnmálamenn vildu. Það væri hægt að binda það fast. Við munum eftir hvað gerðist á vordögum þegar hæstv. forsrh. þeirrar ríkisstjórnar ætlaði til Ameríku. Þá gerðist það að gjaldeyririnn sópaðist út úr bönkunum með ævintýralegum hraða og lögmál markaðarins tóku við. Lögmál markaðarins sem ég hélt að hæstv. forsrh. gerði sér grein fyrir. Samkvæmt lögmálum markaðarins ræður Bandaríkjaforseti ekki skráningu Bandaríkjadollars. Margrét Thatcher réði ekki skráningu pundsins og ekki heldur núv. forsætisráðherra þar. Okkur berast þær fréttir að á fjármagnsmörkuðum og uppboðsmörkuðum hækki pundið eða lækki, hækki Bandaríkjadollar eða lækki. Sem sagt, markaðslögmálin eiga að gilda undir þessum kringumstæðum. En hér dettur mönnum í hug að hægt sé að afnema öll markaðslögmál og binda þetta fast.

Ég hef varpað þeirri spurningu fram hvort menn treystu sér til að reka verslun hér í Reykjavík ef maðurinn sem kemur inn af götunni fær að ákveða verðið á vörunni í búðinni. Treysta menn sér til að reka verslun undir þessum kringumstæðum? Eru menn ekki með fastgenginu að segja við þá sem framleiða íslenskan gjaldeyri og framleiða erlendan gjaldeyri: Við viljum ráða á hvaða verði hann er keyptur. Við viljum ráða því, þ.e. kaupandinn vill ráða. Hann vill ekki láta markaðslögmál ráða á hvaða verði hann er keyptur. Hann vill að Seðlabanki Íslands segi við manninn sem er búinn að afla þessa gjaldeyris: Ég ætla að taka þennan gjaldeyri af þér og borga þér þetta fyrir hann. Það er ekki skrýtið þó að hv. 1. þm. Vestf. setji hönd undir kinn því að hann veit alveg hvað þetta kostar. Það þýðir gjaldþrot sjávarútvegsfyrirtækjanna hringinn í kringum landið ef verðbólgan fer af stað. Svo einfalt er það.

Það væri fróðlegt fyrir hæstv. ráðherra að kynna sér það hvað forverar Sjálfstfl. á Alþingi Íslendinga sögðu um þessa hluti. Sögðust þeir vera að fella gengið? Nei. Þeir sögðust vera að skrá það rétt og þeir sögðu satt. Það liggur nefnilega fyrir að það er ekki á valdi stjórnmálamanna að ákveða gengi nokkurs gjaldmiðils. Það hlýtur að vera markaðurinn einn sem ræður því. Efnahagsleg stjórn í landinu ræður því hvaða verð er á gjaldmiðlinum. En það er hægt að falsa hann ef menn vilja. Það var gert í kommúnistalöndunum, þar var hann falsaður. Gjaldeyririnn var fjórfaldur í Ungverjalandi miðað við það sem hann var seldur á á torgum úti. Hann var áttfaldur í Búlgaríu fyrir nokkrum árum. Svo tala menn um að það sé komin ríkisstjórn sem ætli að virða vestrænt hagkerfi og starfa eftir því, nema með einni undantekningu: Hún ætlar sjálf að ákveða á hvaða verði menn kaupa gjaldeyrinn.

Ég skora á þá menn, sem svona tala og boða að þetta sé hægt, að reka verslun, þó ekki væri nema mánaðartíma í Reykjavík og láta kúnnann ákveða á hvaða verði varan er seld. Sem sagt, þegar viðskiptavinurinn kemur inn í búðina þá spyrjið þið hann: Á hvað ætlar þú að kaupa þetta? og afgreiða svo út úr versluninni samkvæmt því. Þetta er það sem menn eru að leggja hér til. Svo munu menn segja: En hvað með Evrópu? Nú eru Danir búnir að binda dönsku krónuna. En hvers vegna? Af því að Danmörk er ekki lengur sjálfstætt land. Svo einfalt er það. Danmörk er bara eitt hérað í Evrópu, eitt hérað í hinu nýja stóra ríki, Bandaríkjum Evrópu. Auðvitað ræður eitt hérað ekki sínu gjaldeyrisverði. Það liggur í hlutarins eðli. Það er engin sérstök extra skráning á íslensku krónunni á Austfjörðum eða á Snæfellsnesinu eða á Vestfjörðum. Það gengur ekki upp og alveg eins verður engin sérstök skráning á dönsku krónunni í þessu stóra ríki. Auðvitað verður það í reynd að það er verið að leggja hana niður sem gjaldmiðil með þessu móti.

Og hæstv. viðskrh. fer nú enn einu sinni af stað með tímasprengjuna, banabita ríkisstjórna sem hann hefur átt að ráðleggja, og boðar fast gengi. Það væri skynsamlegra að taka upp draugatrú en að ætla að fara eftir þessu. Það stendur kannski til líka, ég veit það ekki. Það er ekki orð um það í stefnuræðunni.

En af því að ég vil trúa því að þetta mál sé enn á athugunarstigi þá mælist ég til þess að menn hugsi sig mjög vel um áður en þeir binda þetta fast. Og svo maður tali nú á sjómannamáli, þá væri þetta ákvörðun um að hætta að hreyfa stýrið fram og til baka, heldur láta logsjóða það bara fast í eitt skipti fyrir öll og láta svo ráðast hvert skútan færi.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl. fjallaði í máli sínu einkum um tvo þætti. Annars vegar mál sem snerta sjávarútvegsstefnu og hins vegar þætti varðandi húsnæðismálin og reyndar vaxtamál í beinum og óbein-

um tengslum við þau. Hv. þm. nefndi það að hann sæi ekki rök fyrir þeirri fullyrðingu hæstv. viðskrh. að mál þessi hefðu verið komin í öngstræti og í annan stað talaði hann um að það væri ófært að af hálfu ríkisstjórnarinnar væri talað með svo mjög mismunandi hætti um jafnmikilvægan þátt og sjávarútvegsmálin.

Ég vil ræða þessi tvö atriði í samhengi og rifja aðeins upp hvernig þessi mál voru komin hvað þetta snertir á síðustu dögum fyrri ríkisstjórnar, hvort þau mál hafi verið komin í öngstræti og hvort ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir og talsmenn þeirra hafi talað einum rómi um þessi mál, til að mynda gagnvart kjósendum sem áttu að velja Alþingi og hugsanlega stuðla að myndun ríkisstjórnar eftir kosningar.

Auðvitað fór því fjarri að ríkisstjórnarflokkarnir töluðu einum rómi. Sem sjútvrh. talaði hv. 1. þm. Austurl. auðvitað um kvótann með sínu lagi og vildi ekki miklar breytingar á honum gera, taldi hann hafa verið farsæla lausn ef ég man rétt. Alþfl. vildi gjörbreytta stefnu, vildi kvótaleigu eins og menn minnast og flutti fyrir þeim hugmyndum sínum sín rök. Alþb. hafði aftur á móti mismunandi skoðanir á málinu eftir því hvernig lá á. Hv. 8. þm. Reykn. talaði um að af hálfu Alþb. hafi verið settar fram mjög athyglisverðar tillögur þegar hv. 3. þm. Vesturl. við annan mann skrifaði sérstaka grein um það með hvaða hætti ætti að fara með þetta mál. Þarna væri komin alveg ný lausn, nokkurs konar aflagjald og nýtt skrapdagakerfi undir heitinu banndagakerfi. En hann tók jafnframt fram og þeir alþýðubandalagsmenn þegar þeir áttu við talsmenn Kvennalistans að Alþb. væri líka hlynnt byggðakvóta. Ég get því ekki ímyndað mér að hægt hafi verið að tala með misjafnari hætti um þennan þátt en stjórnarflokkarnir gerðu fyrir síðustu kosningar og sá blæbrigðamunur sem nú er talað um af hálfu núv. stjórnarflokka er hátíð mikil hjá því sem þarna var.

Núv. stjórnarflokkar hafa komið sér saman um það með hvaða hætti þeir vilji nálgast þetta viðfangsefni. Þeir halda því ekki leyndu og enginn þarf að fara í grafgötur með það að þessir tveir flokkar töluðu líka með mismunandi hætti fyrir kosningar. Þá lá ekki á þeim sú skylda að boða sameiginlega stefnu eða hafa sameiginlega afstöðu, eins og hefði mátt gera kröfu til þáv. ríkisstjórnarflokka sem sinntu þeirri skyldu sinni með þeim hætti sem ég var að lýsa. Núv. stjórnarflokkar hafa komið sér saman um með hvaða hætti þeir vilja nálgast þetta viðfangsefni.

Þá vil ég koma að beinum spurningum sem hv. 1. þm. Austurl. bar fram varðandi þessa þætti. Fyrst varðandi þá nefnd sem stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um að skipa og hefur verið lýst að það skuli vera fullt jafnræði milli þeirra. Þingmaðurinn spurði hversu fjölmenn þessi nefnd yrði, hver yrði formaður nefndarinnar og hver skipaði nefndina. Gert er ráð fyrir því að þessi nefnd verði sjö manna, þrír frá hvorum stjórnarflokknum og síðan formaður. Formaður, eins og nefndin, er skipaður af hæstv. sjútvrh. en það er gert ráð fyrir því að samráð verði milli stjórnarflokkanna um formanninn. Það kemur auðvitað í hlut hæstv. sjútvrh. að leita þess samráðs og skipa síðan formanninn og nefndina í framhaldi af því.

Það er auðvitað alveg ljóst að nefndin mun eiga náið og gott samstarf við alla þá aðila sem að þessu máli koma, hagsmunaaðila sem aðra. Með öðrum hætti vinnst þetta mál ekki skaplega. Síðan þegar málið kemur til kasta þingsins, þegar það nálgast þann farveginn, tel ég alveg einsýnt að einnig verði haft náið samstarf við stjórnarandstöðuna. Með þessum hætti hafa stjórnarflokkarnir markað þá braut með hvaða hætti þeir vilja nálgast þetta viðfangsefni. Og ég verð að segja það og endurtaka það að mér finnst miklu meiri samhljómur í þessari stefnumótun og þessari atburðarás en nema mátti úr orðum talsmanna fráfarandi stjórnarflokka fyrir síðustu kosningar þar sem hvað gekk á annars horn og enginn samhljómur var.

Hv. þm. ræddi töluvert um húsbréfin og vandamál sem þeim tengdust vegna þeirrar miklu eftirspurnar eftir því naumt skammtaða sparifé sem nú væri.

Ég hef nú tekið eftir því að undanförnu að ótrúlega fljótt eru tveir fráfarandi stjórnarflokkar að hlaupa frá verkum sínum í síðustu ríkisstjórn — hreint alveg með ótrúlegum hraða.

Ég las það í viðtali við hv. 7. þm. Reykn., hæstv. fyrrv. forsrh., að húsbréfin hefðu hreinlega verið mistök. Það hefði verið eðlilegra að segja þetta fyrir kosningar en eftir kosningar. Ég minnist þess alveg sérstaklega þegar formenn flokka voru í yfirheyrslu í sjónvarpi. Þá var auðvitað formaður Framsfl. þar til sérstakrar yfirheyrslu eins og við hinir. Þar var lesið fyrir hann upp úr stefnuskrá Framsfl. fyrir kosningarnar 1987 þar sem var sagt eitthvað á þá lund að efla ætti húsnæðiskerfið og gera á því umfangsmiklar breytingar. Spyrjendurnir bentu á að húsnæðiskerfinu frá 1986 hefði verið lokað, hvort þetta væru efndir. Þá svaraði formaður Framsfl. og þáv. forsrh. að húsbréfakerfið, sem komið hefði verið á af hans ríkisstjórn, væri þessi umbreyting og bylting sem þarna hefði verið boðuð. Þetta var þremur vikum eða svo, kannski fjórum, fyrir kosningar. Nú er liðinn mánuður frá kosningum og þá er sagt að kerfið sé mistök.

Ég get ekki ímyndað mér að fólkið í landinu vilji hentistefnu af þessu tagi og muni flokka hentistefnu af þessu tagi undir óheilindi, bæði gagnvart samstarfsmönnum í ríkisstjórn og gagnvart kjósendum sem fá boðskap af þessu tagi.

Reyndar, ef maður fer að fara yfir málin eins og menn hafa hlaupið frá þeim, var í þessu sama viðtali rætt við hv. 7. þm. Reykn. um álmálið. Þar voru stórkostleg mistök gerð líka að mati þingmannsins. Við höfum heyrt það sama um Evrópskt efnahagssvæði og jafnframt hefur hann tekið fram að stjórn ríkisfjármálanna síðasta missirið hafi verið mistök. Ég sé því ekki annað en langan mistakaferil í þessari ríkisstjórn sem hann vildi helst endurreisa og hefur talið í þessum viðtölum að vel hefði mátt gera, þrátt fyrir samfelldan mistakaferil sem rakinn var af hálfu hans í þessum viðtölum.

Hv. 1. þm. Austurl. spurði hvort ákveðið hefði verið að takmarka útgáfu húsbréfa á þessum þrengingartímum og þá eftirspurn sem er eftir minnkandi spari-

fé almennings. Slík ákvörðun hefur ekki verið tekin. Ég tel reyndar að sá áfangi sem ríkisstjórnin náði og kynntur hefur verið í húsnæðismálum hafi verið afskaplega mikilvægur, hefði þurft að gerast fyrr en hafi verið afskaplega mikilvægur og um hann var samstaða. Ég tel hins vegar að húsbréfin hljóti að verða áfram til meðferðar hjá ríkisstjórninni og til þess þáttar verði litið varðandi heildareftirspurn eftir lánsfé. Á hinn bóginn vil ég ítreka það að ég tel að húsbréfin séu komin til að vera og þau eigi eftir að sanna sig þegar þau fá að starfa við heilbrigðar aðstæður. Þessi ríkisstjórn er að vinna að því að skapa þessar heilbrigðu aðstæður, m.a. með því að losa sig við hið tvöfalda kerfi sem í gangi hefur verið og með því að reyna að draga úr umsvifum á öðrum sviðum. Menn gera líka ráð fyrir því að áform um útvíkkun á húsbréfakerfinu verði að bíða um sinn. Allt þetta tel ég vera afskaplega mikilvægt. Ég tel að það sé allt of snemmt að fella dóma yfir húsbréfakerfinu með þeim hætti sem hv. 7. þm. Reykn. leyfði sér að gera þrátt fyrir stórar yfirlýsingar örskömmu fyrir kosningar.

Hv. 2. þm. Vestf. hélt sig mest við hvönnina og reyndar Persakeisara, sem ég hafði aðeins fjallað um. Ég verð að segja það eins og er að ég get ekki ímyndað mér neinn sem mundi vera líklegri til þess að segja spakleg ummæli á örlagastundu eins og þeirri, hangandi í hvönn fyrir þverhníptu bjargi heldur en einmitt hv. þm.

En varðandi Persakeisara, sem ég hafði nefnt sérstaklega í minni ræðu, þá lét ég þess líka getið að sumir talsmenn fyrrv. ríkisstjórnar hafi borið sig líkt að og Persakeisari við stjórnun vaxta- og peningamála. Það er fróðlegt í þessu sambandi að hafa í huga að hv. þm. sagði að hermennirnir hefðu forðum verið látnir berja sjóinn með svipu því ella hefðu þeir farið að berja hvern annan. Vel má vera að þetta hafi verið hugsunin hjá hæstv. þáv. forsrh. að haga sér eins í vaxta- og peningamálum til þess að stuðningsmenn stjórnarinnar færu nú ekki að berja hvern annan. En ég man reyndar ekki betur en þetta hafi ekki dugað vegna þess að þeir hafi einmitt varðandi vaxtamálin, hér í þinghúsinu, tekið upp á því að berja hvern annan.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Myndun núv. ríkisstjórnar getur vissulega boðað kaflaskil í íslenskum stjórnmálum ef ríkisstjórninni endist aldur og hún situr út þetta kjörtímabil. Það eru hins vegar nú þegar farnar að koma fram efasemdir í opinberri umræðu um það hvort innviðir ríkisstjórnarinnar séu slíkir og stuðningur við hana í landinu sé slíkur að ekki sé víst að hún verði margra ára gömul. En hvað sem líður slíkum spádómum og skoðanakönnunum er alveg ljóst að myndun þessarar stjórnar getur reynst afdrifarík. Hún felur í sér hægri stefnu með aukið frjálsræði markaðsafla og samdrátt í félagslegri þjónustu. Fyrir landsbyggðina eru hættumerkin mörg og auðsæ og það getur verið skammt í skerðingu á efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Nokkuð hefur verið rætt um myndun ríkisstjórnarinnar og hversu langan aðdraganda stjórnarmyndunin átti sér. Ég hef haldið því fram, og gerði það raunar á síðasta þingi, að þá þegar væru komin skýr teikn um að búið væri að ganga frá föstu bandalagi milli Alþfl. og Sjálfstfl. um myndun ríkisstjórnar að loknum kosningum ef þeir fengju til þess meiri hluta. Sólarmerkin voru auðvitað mörg og auðsæ að þessu leyti. Einna skýrast lágu þau fyrir í sambandi við álmálið svokallaða og það sem laut að ráðum í þýðingarmiklum stjórnum eins og stjórn Landsvirkjunar, sem tengist því máli, og birtist mönnum fyrir þinglok þegar Sjálfstfl. rauf samkomulag sem hann var búinn að gera við Kvennalistann um kosningar í þá þýðingarmiklu stjórn.

En það var auðvitað mjög margt annað sem lá fyrir, einnig tengt þessu máli. Það voru beinar yfirlýsingar af hálfu núv. varaformanns Sjálfstfl. þess efnis að ef þáv. ríkisstjórn hefði ekki meiri hluta til að ganga frá álsamningum mundi Sjálfstfl. hlaupa undir bagga. Auðvitað var hlustað á þessi mál af þeim sem með völdin fara í Alþfl. Og það voru fleiri ráðin að tjaldabaki sem tengdust þessu bandalagi, þar á meðal ráðning nýs seðlabankastjóra. Ætli það hafi verið einhver tilviljun að það var gengið frá því milli þessara flokka að í sæti Geirs Hallgrímssonar heitins sem bankastjóri í Seðlabankanum kæmi þingmaður úr Sjálfstfl., Birgir Ísleifur Gunnarsson? Og það var raunar bent á það af þeim sem hér stendur í umræðum á síðasta þingi að tengt þessu máli væri samkomulag um það að þáv. og núv. hæstv. viðskrh. hefði verið að tryggja sér bankastjórastól í Seðlabankanum þegar tímar líða innan fárra ára. Það vill svo til að einmitt nú í dag lesum við það í einu dagblaðanna og sjáum það með nokkuð ótvíræðum hætti staðfest af málsvörum Alþfl. og raunar hæstv. viðskrh. sjálfum að þannig var frá hnútunum gengið. Það var sem sagt ekki aðeins verið að fjalla um ráðherrastóla heldur líka um bankastjórastóla í þessum efnum fyrir utan svo þau málefni sem Alþfl. voru kærust í síðustu ríkisstjórn og hann reyndi að keyra þar fram og sem hann fékk undirtektir við frá Sjálfstfl. án skilyrða eins og undirstrikað hefur verið, án þess að þar væru nokkrir varnaglar slegnir, bæði í sambandi við byggingu álbræðslu á Keilisnesi og einnig í sambandi við stofnun Evrópsks efnahagssvæðis ef samningar væru á annað borð í boði þar að lútandi.

Það eru líka sterkar líkur fyrir því, þó að hæstv. forsrh. væri að reyna að bera það af sér hér í ræðu fyrr í þessari umræðu, að hann hafi hnýtt endana í sambandi við þetta bandalag áður en hann tók ákvarðanir um það að bjóða sig fram til forustu í Sjálfstfl. gegn þáv. formanni Þorsteini Pálssyni. Því að auðvitað þurfti hæstv. núv. forsrh. að hafa tryggingu fyrir því eins mikla og hann gæti til þess að skila flokki sínum inn í ríkisstjórnarsamstarf að kosningum loknum. Þessi ráð eru því ráðin að öllum líkindum fyrri hluta febrúarmánaðar og raunar liggja þræðirnir lengra til baka.

Það verður hins vegar ekki talið heiðarlegt af Alþfl. að reyna að breiða yfir þessi áform og yfir þetta samkomulag sem ráðið var að tjaldabaki fyrir kosningar og villa á sér heimildir með þeim hætti sem hann reyndi að gera, að hann hugsanlega væri til viðtals um áfram-

haldandi stjórnarmyndun þeirra flokka sem þá mynduðu ríkisstjórn og safna til sín fylgi með málflutningi frambjóðenda víða um land sem gekk allur í þá átt að það væri það samstarf sem Alþfl. keppti að að kosningum loknum. En nú er Alþfl. kominn í þetta samstarf og hæstv. forsrh. minnti sérstaklega á í stefnuræðu sinni viðreisnarárin ellefu eða tólf á árunum 1959–1971 með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Ég tel að stjórnarmyndunin sé rökrétt niðurstaða af úrslitum nýgenginna kosninga. Sjálfstfl. og Alþfl. fengu sameiginlega ríflegan meiri hluta á Alþingi. Afar góð reynsla var af samstarfi þessara tveggja flokka á árunum 1959–1971."

Þetta og fleira sagði hæstv. forsrh. þegar hann var að rifja upp endurminningarnar af þessu stjórnarsamstarfi.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að grípa hér niður í gamla umræðu, í ræðu sem haldin var síðla á þessu tímabili af manni sem eitt sinn var í Alþb., gekk síðan í Samtök frjálslyndra og vinstri manna og að lokum í Alþfl., forustumaður í íslenskri verkalýðshreyfingu, Björn Jónsson. Hann sagði við almenna stjórnmálaumræðu 1969 þegar hann leit yfir ferilinn, svo langt sem þá var komið sögu:

„Eftir eigin uppgjöri á kjaraþróun vinnustéttanna á viðreisnarárunum, frá 1960 og til þessa dags, standa leikar nú svo að almennt neysluvöruverðlag hefur rétt um það bil þrefaldast, þ.e. verðbólguvöxtur orðið nálægt 20% á ári að meðaltali, sem mun vera nálegt heimsmeti ef frá eru skilin ríki Suður-Ameríku. Á hinn bóginn hefur kaup verkamanna hækkað verulega minna á sama tímabili og hvergi nærri haldið í við óðaverðbólguna, einkanlega þegar þess er gætt að þær neysluvörur sem hinir lægst launuðu kaupa og neyta hlutfallslega meira en aðrir hafa jafnvel áttfaldast meðan meðalhækkanir hafa þó haldist innan þreföldunarmarkanna enn sem komið er. ... Síðustu tvö árin hefur steininn tekið úr í þessum efnum er kjör verkafólks hafa fyrir beinan tilverknað stjórnvalda verið rýrð um 20–25% að mati verkalýðssamtakanna."

Og í sömu umræðu segir hv. þm. eftir að hafa vikið orðum að fyrrv. samstarfsaðilum í Alþb.:

„Á hinu leitinu stendur svo Alþfl., sem hefur fyrirgert öllum siðferðilegum rétti til að bera sér í munn orðið „jafnaðarstefna" eftir 11 ára þjónustu við Sjálfstfl., þar sem engu stefnumáli jafnaðarmannaflokks hefur verið fram komið."

Þetta var dómur Björns Jónssonar yfir þessu stjórnarsamstarfi sem hæstv. forsrh. minntist svo ljúflega í stefnuræðu sinni. (**ÓRG:** Er ekki rétt að kalla utanrrh. í salinn og lofa honum að heyra þetta?) Jú, það væri full ástæða til þess en kannski rifja ég eitthvað upp úr munni föður hans síðar í umræðunni og þá er rétt að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur.

Í þessari stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, sem er stuttorð og hefur verið sérstaklega lofuð af núv. formanni þingflokks Alþfl. fyrir það að vera stuttorð, gagnorð og áræðin og kölluð bjarghellan, er m.a. boðaður niðurskurður ríkisútgjalda og að þjónustustofnanir taki í auknum mæli gjöld fyrir veitta þjónustu. Það á að semja um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði og ríkisstjórnin hefur þegar veitt utanrrh. fyrirvaralaust umboð til þess að ganga frá slíkum samningi. Það á að kanna hvernig stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið og það á að ljúka samningum um álbræðslu á Keilisnesi sem hefur í för með sér um 100 milljarða kr. fjárfestingu ef í verður ráðist. (Gripið fram í.) 100 milljarða kr. fjárfestingu vegna þeirrar álbræðslu, hv. þm. Egill Jónsson, með virkjunum talið vissulega, og allt lýtur það að sama marki. Málefnum sjávarútvegsins er hins vegar vísað í nefnd og óljóst um það fullkomlega hvað stjórnarflokkarnir geta orðið sammála að lokum.

Í stefnuyfirlýsingunni er auk þess boðað: ...„að Íslendingar verði á fordómalausan hátt þátttakendur í hinni miklu umsköpun í átt til frelsis sem nú setur svip sinn á þróun stjórnmála í Evrópu." Þessi véfréttarstíll ætti að minna menn á að hvorugur stjórnarflokkanna hefur útilokað aðild að Evrópubandalaginu.

Þetta eru siglingaljósin, sum nokkuð óskýr, sem við blasa af þessari ríkisstjórn sem núv. stjórnarflokkar bundu fastmælum mörgum vikum fyrir kosningar að efna til ef þeir fengju til þess fylgi.

Ég ætla, virðulegi forseti, að víkja hér nánar að örfáum atriðum þessara mála og óska eftir því að auk hæstv. viðskrh., sem ég ætla að ræða ögn við hér varðandi málefni Evrópsks efnahagssvæðis, og raunar hæstv. utanrrh., sem ég óska eindregið eftir að verði hér viðstaddur, verði hæstv. umhvrh. einnig hér fljótlega í þingsal vegna fyrirspurna sem ég ætla að bera fram við hann og tengjast álbræðslu á Keilisnesi.

Þátttaka Íslands í Evrópsku efnahagssvæði er einn af hornsteinum þessarar ríkisstjórnar. Eins og fram hefur komið, þá liggur fyrir um það fyrirvaralaus stuðningur Sjálfstfl. við kröfu Alþfl. um það og keppikefli að slíkur samningur verði gerður. Nú er það svo að það var hér til sérstakrar umræðu þegar hæstv. utanrrh. flutti skýrslu um Evrópskt efnahagssvæði, hvort með því að stefna að slíkum samningi væri verið að skerða völd íslenskra stofnana, Alþingis Íslendinga, íslensks dómsvalds og fullveldi okkar á fleiri sviðum. Ég inni forseta eftir því hvort ekki sé von á hæstv. utanrrh. í þingsal. (**Forseti:** Það er verið að finna hann.)

Hæstv. utanrrh. hefur hér ítrekað borið til baka staðhæfingar okkar stjórnarandstæðinga um það að með gerð samnings um Evrópskt efnahagssvæði sé verið að afsala völdum, m.a. gengið á vald Alþingis Íslendinga, og völdum í sambandi við dómsmál og framkvæmdarvald. Ég vil í þessu sambandi, virðulegur forseti, rifja það upp að þessi mál hafa verið víðar til umræðu en hér á Íslandi. Það mat hefur komið fram í öðrum EFTA-ríkjum, m.a. hjá norska forsætisráðherranum, að hér sé um að ræða yfirþjóðlegt vald, yfirþjóðlegar ákvarðanir í sambandi við Evrópskt efnahagssvæði þannig að ekki er deilt um það í því landi. Á ráðstefnu þingmanna EFTA-ríkjanna — er hæstv. utanrrh. ekki í þinghúsi? (**Forseti:** Hann er í þinghúsinu. Það er verið að finna hann.) Ég held, virðulegur forseti, að ég hljóti að gera aðeins hlé á ræðu minni á meðan hæstv. utanrrh. er að skila sér í þingsal því að

ég vil helst ekki þurfa að endurtaka margt af því sem ég er hér að segja.

Virðulegur forseti. Það er dálítið erfitt að vera hér í umræðum um stefnuræðu forsrh. þegar þeir hæstv. ráðherrar sem málið er skylt gefa sér ekki tíma til þess að vera í þingsal og þar á meðal formaður Alþfl. en ég vænti þess fastlega að hann fari að sýna sig. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. mun vera á leiðinni inn í salinn.)

Þá er hæstv. utanrrh. kominn hér í kallfæri og ég ætla þá að halda áfram ræðu minni. Ég nefndi það, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra hefði haldið því fram og undirstrikað það sérstaklega að með samningi um Evrópskt efnahagssvæði væri ekki verið að ganga á völd Alþingis og skerða vald Alþingis. Ég vil vísa til þess að á vettvangi þingmannasamtaka EFTA hafa þessi mál verið til umræðu. Þar liggja fyrir um það tillögur, eins og þeir mega gerst þekkja sem sóttu fund þingmannasamtaka EFTA í síðustu viku, tillögur um það að stofnuð verði sérstök samkunda þingmanna á hinu Evrópska efnahagssvæði, bæði frá Evrópubandalaginu en einnig frá EFTA-ríkjunum. Í undirbúningi þessa fundar var haldinn fundur þann 18. apríl sl. þar sem formaður þingmannasamtaka EFTA um þessar mundir, Austurríkismaðurinn Herbert Schmidtmeier, og hæstv. utanrrh. vill væntanlega telja hann flokksbróður sinn, hann er sósíaldemókrati austurrískur, þar hélt herra Schmidtmeier inngangserindi og vék sérstaklega að í því erindi hver nauðsyn væri á því að stofna sérstök þingmannasamtök frá þingum landa í hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að ein af afleiðingum þess að til þess svæðis sé stofnað sé óhjákvæmilega, de facto loss, raunveruleg skerðing áhrifa á þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Og segir þar að hann vildi sjá slíka samkomu þingmanna til þess að fylgjast með og vinna gegn því tapi á völdum, eins og stendur orðrétt í hans ræðu, þjóðþinganna yfir í raunverulega alþjóðlegt löggjafarferli.

Þetta eru orð formanns þingmannasamtaka EFTA í opinberu inngangserindi sem hann flytur 18. apríl sl. Svo kemur hæstv. utanrrh. hér trekk í trekk í ræðustól, gerði það þegar hann ræddi hér um skýrslu sem hann flutti um Evrópska efnahagssvæðið fyrir röskri viku, og fullyrðir það og ítrekar að ekki sé um að ræða neitt valdaafsal Alþingis Íslendinga vegna stofnunar Evrópska efnahagssvæðisins. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að tjá sig hér við þessa umræðu og hvernig hann lítur á ummæli þingbróður síns austurrísks og flokksbróður að máli sósíaldemókrata. Og ég held að það sé hollt fyrir hv. þm. á Alþingi Íslendinga að hugleiða þessi mál áður en lengra er haldið í þessu stefnumiði ríkisstjórnarinnar að stofna þetta Evrópska efnahagssvæði.

Ég hef hér fyrir framan mig drögin að þessari samkomu sem hugmyndin er að efna til til þess að vinna gegn þessu valdaafsali til raunverulega alþjóðlegs löggjafarferlis eins og þarna er talað um. Ég ætla ekki að fara að rekja þau drög frekar, en það er auðvitað ekki að ástæðulausu sem þingmenn í EFTA-ríkjunum eru áhyggjufullir yfir þessu efni og telja að það þurfi að koma eitthvað í staðinn. Og það eru þessi þingmannasamtök sem hv. þm. Jón Helgason og Vilhjálmur Egilsson, ég hygg að hann hafi verið í ferðum þessu tengdum, geta greint hér frá frekar ef þeir sjá ástæðu til við umræðuna.

Ég vil í þessu tilviki einnig nefna grein sem birtist í opnu Morgunblaðsins 24. maí sl., skrifuð af hæstaréttarlögmanni Jóhanni Þórðarsyni þar sem hann á skilmerkilegan hátt reifar það og rekur hvað hér er á ferðinni í sambandi við valdaafsal. Það er freistandi, virðulegur forseti, vegna þess að hann beinir þar orðum sínum til nýrra þingmanna á Alþingi Íslendinga, að vitna til orða hans þar sem hann er að greina frá því hvaða höft Alþingi er sett í og þingmenn hér og hvaða þröskulda nýir þingmenn á Alþingi rekast á eftir að við verum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði ef þeim dytti nú í hug að fara að flytja lagafrumvörp á sviði fjórfrelsisins, þessum 60% af lögum og samþykktum Evrópubandalagsins sem meiningin er að gera að íslenskum lögum og fella inn í íslenska lagasafnið ef við verðum aðilar að þessu svæði. Ég skora á alla hv. þm. og ekki síst þá sem nýir eru á Alþingi Íslendinga að setja sig inn í það hvað hér er að gerast í raun og veru ef við ætlum að ganga inn í þennan samning sem þarna liggur í aðalatriðum frágenginn og nánast alveg frágenginn að því er varðar öll ákvæði sem snerta innri markaðinn. 98% hefur hæstv. utanrrh. gjarnan nefnt í þessu sambandi. Það er að magni til sjálfsagt ekki fjarri lagi þó ég leggi ekki mat á efnisinnihaldið eða þýðinguna að því er Ísland varðar.

Ég vil, virðulegur forseti, einnig nefna það að mér finnst það ekki aðeins vera núv. stjórnarflokkar sem gá ekki alltaf að sér í þessum efnum. Mér hefur fundist að Framsfl., sem gekk ansi langt í því í tíð síðustu ríkisstjórnar að bakka hæstv. utanrrh. upp í þessum efnum og hæstv. viðskrh., ráðherra Alþfl., að þeir líti nú um öxl og endurskoði þá stefnu sem sumir þeirra a.m.k. vildu halda á lofti og tækju undir með þeim mörgu stuðningsmönnum og forustumönnum Framsfl., því ég vil telja menn eins og ritstjóra Tímans í hópi forustumanna flokksins, sem hafa mælt mjög gild og gagnmerk varnaðarorð í þessum efnum. Það nægir að vísa til leiðara Tímans 22. maí sl., undir fyrirsögninni „Staða Íslands" þar sem ritstjóri Tímans rekur að mínu mati með skilmerkilegum hætti hvað hér er á ferðinni og hvaða hættur blasa við sjálfstæði Íslands ef við bindumst þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég ætla ekki að vitna í þennan leiðara í löngu máli en leyfi mér þó að grípa niður í honum þar sem segir: „Bjargálna fólk í ýmiss konar smárekstri mun lenda í samkeppni við útlenda menn enda munu útlendingar sækja á íslenskan vinnumarkað langt umfram það sem eðlilegt er. Hvernig á 250 þús. manna þjóð að standast forgjafarlaust samkeppni við 380 milljónir Evrópubúa sem sækja að óvörðu efnahagskerfi smáþjóðar í nafni fjórfrelsisins? Hitt má líklegt telja að yfirþjóðlegu völdin verði smám saman víkkuð út, aukin og efld stig af stigi, þangað til mörkin milli Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins hafa verið máð út."

Það er mál manna í vaxandi mæli, virðulegur forseti, ekki síst í EFTA-ríkjunum utan Íslands, að í rauninni verði Evrópskt efnahagssvæði ekkert annað en biðsalur með stuttri dvöl áður en gengið verði alla leið inn í Evrópubandalagið. Í upphafi skal endinn skoða og það er því fyllsta ástæða fyrir okkur hér á Alþingi að staldra við.

Einn þátturinn að nálgun að Evrópubandalaginu eru ákvæðin í stjórnarsáttmálanum þar sem segir, með leyfi forseta, að ásetningurinn sé með því að kanna vandlega hvernig stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið.

Hæstv. viðskrh. gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni um daginn og sagði í þessu sambandi: „Við þurfum að finna leiðir til þess að gera stöðugleika í gengi, þennan aga sem það veitir okkar efnahagslega umhverfi, trúverðugan í augum þeirra sem semja um kaup og kjör og í augum þeirra sem gera ráðstafanir fram í tímann í sínum viðskiptum við önnur lönd og í sínum fjárráðstöfunum."

Þetta sagði hæstv. viðskrh. þegar hann var að skýra áhuga sinn á því að þessi tenging yrði könnuð í fyllstu alvöru. En þarna þurfa menn sannarlega að átta sig á hvað fylgir. Hvað fylgir því ef við förum að binda íslensku krónuna við evrópska myntkerfið? Ja, þá eru menn búnir að afsala sér enn frekar stjórntækjum í þýðingarmiklum þáttum íslensks efnahagslífs. Þá eru menn í rauninni að festa hér endanlega hávaxtastefnu í sessi. Því þegar búið er að opna fyrir fjárstreymi inn og út úr landinu, frjálst fjárstreymi, sem hæstv. viðskrh. gerði sér lítið fyrir og gerði raunar með reglugerðarsetningu á sl. sumri, til þess svona að taka forskot á sælu fjórfrelsisins í þessum efnum, þegar það er búið, ja þá er ekki lengur möguleiki á að halda hér fjármagni í landinu séu ávöxtunarmöguleikar ekki taldir fýsilegir eða ákjósanlegir í atvinnurekstri af þeim sem vilja ávaxta sitt pund, aðrir en þeir að egna fyrir með háum vöxtum. Með háum vöxtum, það er það eina sem eftir er. Og hvað þýðir það fyrir atvinnurekstur og nýsköpun í atvinnulífi? Ætli hávaxtastefna sé hvetjandi fyrir fjárfestingar og nýsköpun í atvinnulífi? Ætli hún sé líkleg til þess að tryggja hér atvinnu í landinu og þróun atvinnulífs í landinu? Ætli það sé ekki hætt við að það fylgi henni atvinnuleysi, svipað og er reyndin innan Evrópubandalagsins, þrefalt eða ferfalt meiri en er hjá EFTA-ríkjunum, m.a. vegna þess hvernig þeir standa að stýringu efnahagsmála á sínu svæði.

Ég ætla ekki að gera ríkisstjórninni það að ganga blinda inn í hið Evrópska efnahagssvæði en trúin er augljós á að þetta sé framtíðin sem þarna eigi að stefna í að tengja krónuna þessu evrópska myntkerfi, reyra hana fasta og afsala sér þannig einu af þýðingarmestu stjórntækjunum í okkar efnahagslífi.

Hæstv. viðskrh. nefndi það hér, og ég vil aðeins staldra við það stutt, í sambandi við sjávarútvegsmálin að ríkisstjórnin ætlaði að framfylgja og festa í sessi og gera að veruleika að fiskstofnarnir á Íslandsmiðum væru sameign þjóðarinnar. Það er vissulega gott og gilt markmið og hæstv. viðskrh. var eins og alþýðuflokksmenn hafa stundað nú um hríð að merkja þetta stefnumið og þessa áherslu sérstaklega Alþfl.

Ég vil leyfa mér hér við þessa umræðu að rifja það upp, virðulegur forseti, að þó Alþfl. hafi stutt þetta sjónarmið þá er hann ekki frumkvöðull þessara mála hér í þingsölum. Þegar fyrst var flutt frv. um stjórn fiskveiða í íslenskri lögsögu haustið 1983, þ.e. stjórn fiskveiða með núverandi kvótakerfi, þá var þetta mál rætt og ég vil leyfa mér að rifja upp örfá orð sem ég mælti við þá umræðu undir lok ræðu þann 14. des. 1983, þar sem segir:

„Vegna þess að hér er verið að ræða um að breyta mjög verulega til, að brjóta í blað er óhætt að segja í sambandi við stjórnun fiskveiða í landinu, er eðlilegt að menn spyrji: Er ekki réttmætt að taka til athugunar að kveða á um í lögum hver sé eignar- og umráðaaðili hinna lífrænu auðlinda hafsins? Ég veit að slík löggjöf er vandaverk því að það er tiltölulega auðvelt að slá því föstu, sem mörgum kann að þykja sjálfsagt og þurfi ekki að skrá í lög, að auðlind hafsins innan íslenskrar fiskveiðilögsögu sé almannaeign þar sem íslenska ríkið fari með eignarréttinn. En menn eru að ræða í tengslum við breytta fiskveiðistefnu og uppi eru hugmyndir um sölu veiðileyfa og margt af því tagi, þó að hæstv. ráðherra sé ekki að gera tillögu um það hér og hafi jafnvel lýst andstöðu sinni við það. En ef til einhvers slíks kemur, þá er nú kannski vissara að menn hafi það nokkuð á hreinu hver sé eignar- og umráðaaðili yfir þessari auðlind, fiskstofnunum við landið."

Í framhaldi af þessu minnti ég á frv. sem ég hafði þá flutt á þinginu um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frv. sem var lögfest á síðasta þingi eftir að hafa verið flutt hér oft í þingsölum.

En þingmenn Alþb. fluttu, vegna þessa frv. 1983, brtt. við frv. Flm. voru Steingrímur J. Sigfússon, Geir Gunnarsson og sá sem hér talar, og lagt var til að það kæmi ný grein, 1. gr., inn í þetta frv.: „Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga."

Þessi tillaga fékk stuðning páv. stjórnarandstöðu á þingi með þó örfáum undantekningum. Auk Alþb. studdu þetta þingmenn Alþfl. og þingmenn Kvennalista og einhverjir þingmenn Bandalags jafnaðarmanna sem þá voru á þingi. En tillagan var felld og það er ekki fyrr en á þinginu síðla árs 1987 sem þetta er lögfest og vissulega ætla ég ekki að taka af Alþfl. að hafa átt þátt í því að þetta ákvæði kom inn í löggjöfina þá. En hugmyndin og áherslan lá fyrir löngu fyrr, strax og tillögur komu hér fram frá stjórnvöldum um að taka upp núverandi stjórnkerfi á fiskveiðum.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, nefna hér þannig að því sem rétt er í þessum efnum sé til haga haldið og er þó sannarlega ástæða til einnig að halda því til haga sem sameiginlegt telst í málflutningi og sjónarmiðum Alþfl. og Alþb., því að því miður hefur þeim atriðum farið heldur betur fækkandi í seinni tíð sem þessir flokkar geta tekið sameiginlega undir og lagst sameiginlega á árar. Því miður.

Þá vil ég, virðulegur forseti, aðeins víkja hér að öðru

máli sem oft er kallað stórt eða mikið í sniðum af flutningsmönnum, þ.e. álbræðslumálið. Ég ætlaði að fá eyra hæstv. umhvrh. vegna þess máls sérstaklega og bið virðulegan forseta að gera honum aðvart en hæstv. ráðherra hefur setið hér undir þessum umræðum, þannig að ég er síst að finna að því þó að hann hafi vikið sér frá. — Ég vænti þess að hæstv. ráðherra komi senn í þingsal. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir. Hann gengur hér í salninn.)

Við umræðuna hér, virðulegur forseti, 22. maí tók hæstv. umhvrh. þátt í henni og það var vegna máls hv. 15. þm. Reykv. í sambandi við mengunarvarnir frá fyrirhugaðri álbræðslu á Keilisnesi. Hæstv. umhvrh. lét þar ágæt orð falla, þar sem hann tók undir málflutning hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, sagði orðrétt: „undir það tek ég heils hugar með henni". „Hún lýsti áhyggjum sínum vegna þess [sagði ráðherrann] að hún sagði að sér sýndist að ekki ætti að krefjast fullkominna mengunarvarna og lagði áherslu á að við ættum í þeim efnum að gera miklar kröfur. Undir það tek ég heils hugar með henni en fullvissa hana jafnframt um að gerðar verða mjög strangar kröfur um fullkomnar mengunarvarnir í þessu iðjuveri og legg áherslu á að ef þetta álver rís á þessum stað verður það búið bestu mengunarvörnum sem í dag eru tíðkanlegar í slíkum fyrirtækjum. Á því leikur enginn vafi. Um það verða gerðar kröfur."

Allt eru þetta mjög ánægjuleg orð og yfirlýsingar frá hæstv. umhvrh. og ég vil lýsa ánægju minni yfir því að hæstv. ráðherra hefur í orðum sínum sem ráðherra eftir að hann kom inn í umhvrn. kveðið mjög fast að orði um þau miklu verkefni sem þar sé að sinna. Ég er sannfærður um að allir hv. þm. — og það er vonandi þorri ef ekki allir á Alþingi Íslendinga sem vilja sjá aðgerðir til bóta og til að byggja fyrir spillingu og spjöll á íslensku umhverfi. Það skiptir því afskaplega miklu máli að menn standi þar vel á verði, ekki síst þegar stórmál af þessu tagi eru á döfinni.

Nú er það svo að í síðustu viku gengu nokkur orð í fjölmiðlum á milli fyrrv. ráðherra og núv. um þessi mál, sem snúa að undirbúningi álbræðslu á Keilisnesi að því er varðar umhverfismálin sérstaklega. Það væri kannski ekki úr vegi, virðulegur forseti, að hv. 7. þm. Reykn. Steingrími Hermannssyni yrði gert viðvart vegna þess að ég ætla að leyfa mér aðeins að leiða hann til vitnis hér með tilvitnun í orð hans, ef honum yrði greint frá því að hér sé vikið að máli sem væri ágætt ef hann vildi á hlýða. En það var í síðustu viku, 23. maí, að rætt var við hv. þm., fyrrv. forsrh., um þessi efni vegna ræðu sem hann flutti í kjördæmi sínu og vék m.a. að undirbúningi álbræðslu. Er hv. þm. í húsinu? (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að gera hv. 7. þm. Reykn. viðvart.) Já, ég þakka. Þar segir fjölmiðillinn, sem er Ríkisútvarpið, í hádegisfréttum: „En harðast gagnrýndi Steingrímur Jón Sigurðsson fyrir það sem hann kallaði alvarleg mistök í álmálinu." Síðan segir þingmaðurinn orðrétt: „Ég er hræddari við mengunarmálin. Þar urðu iðnrh. á veruleg mistök sem ég satt að segja forðaðist nú að ræða í kosningabaráttunni. Hann skrifaði undir minnisblað eða hvað á að kalla það 4. okt., sem hann hefði aldrei átt að gera. Hann telur að með því móti hafi hann fest samningsaðilana mjög. Staðreyndin er sú að þeir hafa vísað í þetta allan tímann og sagt að undir þetta skrifaði ráðherrann og því verður ekki breytt, a.m.k. alltaf þegar þeim hefur hentað."

Og fréttamaður segir: „Steingrímur Hermannsson sagði að á minnisblaðinu væri tekið fram að Íslendingum væri eingöngu heimilt að krefjast strangari mengunarvarna ef slíkt væri samþykkt á alþjóðavettvangi og sýnt væri fram á að tjón yrði að öðrum kosti á landi á Keilisnesi. Þetta litla „og" sé stórhættulegt." Og þingmaðurinn segir áfram: „En ef samþykktur yrði einhver staðall yfir allan heiminn, meiri kröfur um hreinsun á brennisteini eða flúor, þá er sem sagt okkur ekki heimilt að krefjast þess nema sýnt sé fram á að það valdi tjóni á Keilisnesi. Þetta náttúrlega gengur ekki og satt að segja var Júlíus Sólnes að berjast við þetta eina „og" í síðustu tvo mánuðina fyrir kosningar. Og honum var alltaf sagt: „Þetta hefur iðnrh. skrifað undir." En þetta er atriði sem þeir hafa alls ekki fallist á að breyta til þessa, svo ég nefni eitt lítið atriði. Það voru líka mistök hjá iðnrh. að fara út til Amsterdam í ágúst í fyrra, þegar menn Landsvirkjunar sátu þar að samningum um raforkuverðið, og handsala samkomulagið sem hann hafði ekki nokkurn rétt til að gera. Það er Landsvirkjun sem semur um raforkuverðið, að vísu þarf iðnrh. síðan að samþykkja það. Þessir erlendu aðilar, þegar beðið var um hækkun eða styttingu á afsláttartímanum, sögðu: Ja, ráðherrann er búinn að samþykkja þetta. Þannig hafa því miður orðið mistök í þessu máli og mjög alvarleg mistök."

Í öðrum ummælum í fjölmiðlum lætur fyrrv. forsrh. að því liggja að þessi mistök hæstv. iðnrh. gætu kostað álverið. En sem kunnugt er hefur hv. þm. Steingrímur Hermannsson verið stuðningsmaður þess um hríð, ef ég hef lesið rétt í hans mál, að þessi verksmiðja yrði byggð. Ég segi nú því miður, því að ástæða væri til að ... (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. 4. þm. Austurl. um að hv. 7. þm. Reykn. mun vera nýfarinn úr húsinu, en hann mun væntanlega koma hingað innan tíðar vegna þess að hann er sjálfur á mælendaskrá.) Já, við skulum vænta þess. Hann getur þá e.t.v., ef ástæða er til, blandað sér í þessa umræðu og tekur þátt í umræðunni hér síðar. En ég taldi rétt, virðulegur forseti, að víkja að þessu máli hér og leiða til vitnis hv. þm.

Nú er það svo að um þessi efni fjallaði ég allítarlega í ræðu sem haldin var hér í þinginu 13. mars sl. og vitnaði þá til, vegna þess að það bæði lá fyrir í þeim texta sem þar var til umræðu og einnig hafði þetta mál fengið rúm á síðum Dagblaðsins 8. febr. sl., einmitt þetta „og" og „eða". Og það leyndi sér heldur ekki í þeim skýrslum sem hæstv. ráðherra lagði fyrir Alþingi sl. haust að lokinni undirskrift, 4. okt. sl. og aftur í þingskjali, skýrslunni sem ráðherrann lagði hér fyrir í marsmánuði og var hér til umræðu. Ég innti hæstv. þáv. umhvrh. alveg sérstaklega eftir því við þessa umræðu eftir að hafa rakið þessa 7. gr. í sam-

komulagsdrögum um umhverfismál: Hvernig verður aðstaða íslenskra stjórnvalda að því er þetta varðar þegar allt er saman lagt sem hér er upp talið, þ.e. allir þessir þættir sem tengdir eru saman og sem sagt samþætt skilyrði fyrir því að taka upp samninginn varðandi umhverfisvarnir í álbræðslunni á 35 ára samningstíma. Það er nú ekkert minna sem hér er undir. Spurningin um það hvort íslensk stjórnvöld að gerðum samningi, sem efnislega væri á þessa leið eins og þarna lágu fyrir drög um, hafi rétt til þess að taka þennan samning upp á samningstímabilinu. Hálfur mannsaldur sem um er að ræða, 35 ár, eins og að er stefnt varðandi þennan samning.

Þetta atriði bið ég hæstv. umhvrh. að skýra út hér fyrir okkur við þessa umræðu alveg sérstaklega í ljósi þess að á morgun munu standa yfir samningaviðræður varðandi umhverfismálin sérstaklega, þar sem væntanlega verður tekist á um þessi efni og fleira sem varðar verndun íslensks umhverfis gagnvart þessu stóra fyrirtæki ef byggt verður.

Og það er fleira sem ég vildi nefna í þessu sambandi. Það er til að mynda spurningin um mörk varðandi brennistein sem hafa verið til umræðu hér oft fyrr á Alþingi. Spurningin um vothreinsun eða ekki vothreinsun. En fyrrv. umhvrh. greindi okkur frá því í marsmánuði við umræðuna um skýrslu hæstv. iðnrh. að hann hefði ekki allt of mikla trú á vothreinsun. Það sagði núv. hæstv. umhvrh. efnislega, hygg ég, við umræðuna hér að hann væri ekki sannfærður um að vothreinsun væri það sem skilaði bestum árangri. Í staðinn ætlaði Júlíus Sólnes að gera kröfur um 2% mörk á brennisteini í rafskautunum sjálfum. Og ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Er afdráttarlaust kveðið á um það í þeim drögum sem rædd eru að viðmiðunarmörk verði 2% að því er varðar innihald brennisteins í rafskautum í bræðslunni?

Það er auðvitað fjölmargt fleira í sambandi við þetta mál sem ástæða væri til að ræða, þar á meðal stöðuna varðandi raforkusamning, þar sem hæstv. viðskrh. og samningamenn hans telja að langt sé komið á leið og nánast búið að ganga frá meginatriðum að því leyti. Ég ætla ekki að fara að taka tíma hér til þess að ræða þau efni sérstaklega, en ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Ætlar hann ekki að gefa því Alþingi sem nú situr skýrslu um þessi efni, hver staðan raunverulega er varðandi álbræðslusamningana? Því ég tel að hæstv. ríkisstjórn skuldi Alþingi upplýsingar um það þýðingarmikla mál og þinginu eigi ekki að fresta áður en málið hefur verið rætt og staða þess upplýst af hálfu hæstv. ráðherra sem þar bera mesta ábyrgð. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. verði við því þannig að hér geti orðið ítarleg umræða á þessu þingi um þetta mál áður en sumarhlé verður tekið og þinginu frestað eins og áformað mun vera. Ýmislegt hefur komið fram sem ástæða er til að ræða, nýjar upplýsingar í fjölmiðlum, sem ég ætla ekki að fara að rekja hér sérstaklega, þar á meðal hindranir í vegi þess að Íslendingar eigi þann hlut í sambandi við byggingu þessa fyrirtækis sem menn höfðu talið að yrði og fjölmargt fleira.

Hæstv. iðnrh., sem einnig er viðskrh., orðaði stöðuna þannig 22. maí sl.: „Ég held að málið sé óðum að þéttast í einn punkt" — eins og hann orðaði það. Ég held að það sé rétt að hæstv. ráðherra kynni Alþingi stöðuna áður en þessi punktur er settur undir og aftan við þá samninga sem hæstv. ráðherra er að vinna að. Ég trúi ekki öðru en hæstv. forsrh. stuðli frekar að því en hitt að þingið verði upplýst um þessi efni, ekki síst af því að hæstv. forsrh. hefur á fyrri stigum lýst þungum áhyggjum vegna þessa samnings og upplýsti þjóðina um það í nóvember sl. að þarna stefndi í mikla tvísýnu og ljóst væri að ekkert væri nema tap upp úr þeim viðskiptum að hafa sem þarna væru ráðgerð næstu 15–20 árin, svo ég vitni efnislega til þess sem hæstv. núv. forsrh., stjórnarmaður í Landsvirkjun, þá greindi frá í fjölmiðlum.

Virðulegi forseti. Það eru mörg efnin sem ástæða væri til að ræða af tilefni þessarar stefnuyfirlýsingar. Auðvitað vonum við stjórnarandstæðingar að þessi ríkisstjórn haldi ekki áfram eftir þeim siglingaljósum sem hún hefur dregið upp, en það er út af fyrir sig ekki réttmætt að ganga út frá öðru en að hún fylgi því sem formaður þingflokks Alþfl. kallar áræðna yfirlýsingu og þá bjarghellu sem þjóðin þurfi á að halda. Þetta stuttorða kver sem heitir Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er samkvæmt orðum formanns þingflokks Alþfl. mikið að innihaldi því þrátt fyrir sparnað í orðum er stefnuyfirlýsing Viðeyjarstjórnarinnar sérstök fyrir hversu vel og ítarlega brýnustu verkefnin eru skilgreind, eins og hann orðaði það í leiðara Alþýðublaðsins 14. maí sl. Hann nefnir líka Lilju í því sambandi sem jafnaðarmenn vildu helst orta, eins og hann orðar það, og telur að þarna sé margt komið sem Alþfl. hefur lengi barist fyrir. Það á kannski ekki við um hv. þm. að hann hafi lengið verið baráttumaður þeirra stefnumiða en nú er hann kominn inn á þessa nýju bjarghellu sem orðin er til á grundvelli hreinskilinna viðræðna yfir borði Skúla fógeta í Viðey, eins og þingmaðurinn orðaði það, þar sem formennirnir gerðu flokkum sínum tillögu að stuttri en kjarnyrtri starfsáætlun næstu fjögurra ára, og brýnir lið sitt allt að sýna trúnað þeirri starfsáætlun sem félagarnir samþykktu með lýðræðislegum hætti tveir og einir yfir borðinu í Viðey.

En það er mál þeirra stjórnarsinna sjálfra hvernig þeir túlka þessa stefnuyfirlýsingu sem einhverjir kynnu að kalla hrollvekju eftir að hafa skoðað hana. Það eru margir sem eyddu atkvæðum sínum á Alþfl. í kosningunum 20. apríl sl. sem áreiðanlega hafa fengið eftirþanka. En spurningin er auðvitað sú: Hversu lengi heldur þetta samstarf? Hversu lengi lætur Alþfl. leiða sig í þessu samstarfi?

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sé ekki víðs fjarri því ég ætla að vitna hér til orða föður hans, eins ég lofaði fyrr við umræðuna, sem hann mælti hér síðla á viðreisnarskeiðinu. — Er hæstv. utanrrh. hér nálægt? Eins og menn muna stóð þetta samstarf í 11 eða 12 ár samfleytt en skilaði ekki mikilli uppskeru, ekki fyrir launafólk í landinu, ef trúa má þeim orðum sem ég vitnaði til frá einum af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar á þeim árum, sam-

kvæmt orðum Björns Jónssonar. Hannibal Valdimarsson þingmaður mælti svo í almennum stjórnmálaumræðum þann 28. apríl 1969, með leyfi forseta:

„En hvenær halda menn að forusta Alþfl. taki sinnaskiptum og hverfi frá kjötkötlunum hjá Sjálfstfl.? Halda menn að hann taki saman pjönkur sínar og hverfi frá allri íhaldssamvinnu og gerist stríðandi Alþfl. á ný ef hann heldur fylgi sínu eða eykur það í næstu kosningum? Nei, svo barnalegur getur enginn verið. Auðvitað er einasta vonin til þess að Alþfl. hverfi aftur til síns fyrra hlutverks að hann verði fyrir miklu áfalli í næstu kosningum. Þá og því aðeins er nokkur von til þess að Gylfi Þ. Gíslason vakni upp við vondan draum einn morguninn og athugi eitthvað sinn gang, standi frammi fyrir spurningunni: Hvers vegna varð Alþfl. fyrir fylgishruni? Þá gæti e.t.v. hvarflað að honum að hann yrði líklega að breyta eitthvað til. Einasta leiðin til þess að toga Alþfl. aftur á rétta braut er sú að kjósendurnir refsi honum fyrir íhaldsþjónkun hans og segi honum þannig til vegar."

Þetta mælti fyrrum formaður Alþfl., síðar formaður Alþb., hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Og væri betur að skammt væri til kosninga því þá væri kannski von til þess að sá meiri hluti sem illu heilli varð til og þessi ríkisstjórn hvílir á hyrfi og væri ekki lengur til staðar. Því það er ýmislegt sem þegar bendir til þess að kjósendur Alþfl. hefðu kosið að ráðstafa atkvæði sínu öðruvísi en gert var ef þeir hefðu gert sér í hugarlund hvaða ríkisstjórn yrði hér mynduð u.þ.b. viku eftir kosningar.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu sem núna hefur staðið nokkuð lengi hafa þingmenn gagnrýnt stefnuræðu forsrh. nokkuð. Talað um það að hún væri innihaldslaus, þar væri enga stefnu að finna og þar væri fátt um einhverja hluti sem hægt væri að standa á. Ég tek ekki undir þessi orð heldur þvert á móti. Ég tel að þessi stefnuræða hafi verið betri en menn gátu vonast til og þá er ekki um neina oftúlkun af minni hálfu að ræða á þeim hlutum. Ég tel það virðingarvert að sá flokkur sem gekk til kosninga stefnulaus skuli geta tæpum mánuði seinna verið þó búinn að marka skýra stefnu í tveimur málaflokkum og það í meginmálaflokkum hér, þ.e. í sjávarútvegi og landbúnaði, og því vil ég þakka forsrh. fyrir þessa ræðu.

En það er þó nokkuð furðulegt að heyra hver stefnan í raun og veru er í þessum tveimur málaflokkum.

Í sjávarútveginum er gert ráð fyrir því að þar sé um óbreytta stefnu að ræða frá þeirri stefnu sem fyrrv. ríkisstjórn hafði mótað og því hefur hæstv. sjútvrh. lýst margoft yfir. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þegar á kjörtímabilið líður verði sett hér á fót nefnd sem eigi að fara yfir það hvernig til hafi tekist. Það var nokkuð merkilegt að hlusta á hæstv. forsrh. hér áðan þegar hann lýsti því hvernig þessi nefnd ætti að vera skipuð. Þá vildi ég gjarnan biðja virðulegan forseta að fá hér í salinn hæstv. utanrrh. vegna þess að ég þarf að eiga nokkur orð við hann vegna þessarar nefndarskipunar.

En meðan ég bíð eftir honum ætla ég að ræða aðeins um landbúnaðarstefnuna. Þar kemur líka fram að ríkisstjórnin hefur markað skýra stefnu, því að í landbúnaðarmálum á að framkvæma sömu stefnu og fyrri ríkisstjórn mótaði og var í samvinnu mótuð af fulltrúum bænda og stjórnvalda. Það kemur nokkuð á óvart að á svo skömmum tíma sem liðinn er frá því í kosningabaráttunni og þar til ríkisstjórnin er mynduð skuli Sjálfstfl. hafa getað svínbeygt Alþfl. eins og raun ber vitni.

Nú veit ég ekki hvort hæstv. utanrrh. er hér einhvers staðar í kallfæri. (**Forseti:** Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að óska eftir hæstv. utanrrh. í salinn.) Þakka þér fyrir.

Í Ríkisútvarpinu miðvikudaginn 24. apríl var lesin frétt frá þingflokksfundi Alþfl. þar sem sagt er að alþýðuflokksmenn telji að ástandið í ríkisfjármálunum sé miklu verra en hingað til hafi verið haldið að þjóðinni og að óbreyttu stefni í 8 milljarða rekstrarhalla á ríkissjóði í ár, þ.e. á A-hluta fjárlaga. Kratar setja á oddinn í stjórnarmyndunarviðræðunum að tekið verði á þessu og stefnt að jöfnuði árið 1993 — og hérna er með leyfi forseta vitnað í þessa frétt. „Þeir vilja að nýi búvörusamningurinn verði lækkaður um 4 milljarða af ráðgerðum útgjöldum ríkissjóðs, að þensla ríkisútgjalda yfirleitt verði stöðvuð og skorið þar niður fremur en hitt, að tiltekin ríkisfyrirtæki verði gerð að sjálfstæðum stofnunum og að sjávarútvegsstefnunni verði gjörbreytt þannig að á næsta ári fái ríkið 5 milljarða króna í tekjur af veiðileyfasölu. Þetta eru þau atriði sem kratarnir settu á oddinn sem skilyrði fyrir því að þeir gætu gengið inn í þessa ríkisstjórn. Nú hefur það komið fram að stefnan í landbúnaðinum á að vera óbreytt og það á ekki að fara út í innheimtu á veiðileyfum fyrir sjávarútveginn." — Af því að nú gengur hér í salinn hæstv. utanrrh. þá ætla ég aðeins að rifja þetta upp, ef hann hefur misst af því sem ég hér sagði: Í útvarpinu 24. apríl sl. var vitnað í upplýsingar af þingflokksfundi Alþfl. þar sem kemur fram að Alþfl. setji það á oddinn í umræðunni um myndun nýrrar ríkisstjórnar að 4 milljarðar kr. verði teknir af landbúnaðinum með því að skera upp búvörusamninginn og 5 milljarðar kr. verða innheimtir með veiðileyfasölu og það strax á næsta ári, eins og þetta er orðað í fréttinni og henni hefur ekki verið mótmælt af alþýðuflokksmönnum.

Nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Hefur Alþfl. fallið frá öllu því sem hann hefur haldið fram hingað til varðandi uppstokkun í landbúnaði og gjörbreytingu á sjávarútvegsstefnunni?

Við þessu þurfum við að fá skýr svör.

Mig minnir að í frægri útvarpsfrétt þar sem vitnað var í hæstv. utanrrh. á fundi alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík hafi komið fram að það væri heiðursmannasamkomulag milli formanna flokkanna um það að formaður þeirrar nefndar sem ætti að endurskoða sjávarútvegsstefnuna þegar hún yrði sett á fót yrði alþýðuflokksmaður. Nú kom það hér fram hjá hæstv. forsrh. áðan að nefndin á að vera sjö manna, þrír frá Alþfl., þrír frá Sjálfstfl. og einn sem menn kæmu sér saman

um. Og nú er spurningin: Er hér um oftúlkun af hálfu forsrh. að ræða eða er hér einhver misskilningur? Ég hef það staðfest að þetta er til á segulbandsspólu hjá Ríkisútvarpinu sem var tekin upp á þessum fundi alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík og hæstv. utanrrh. kom fram með.

Því hefur verið haldið fram að Davíð Oddsson hafi lítið vald á þingflokki Sjálfstfl. og þar ráði öllu hæstv. sjútvrh. Hann sé sterki maðurinn í þingflokknum þessa stundina. Það er hins vegar alveg ljóst að þó hæstv. forsrh. Davíð Oddsson eigi erfitt með að ráða við þingflokk Sjálfstfl. þá á hann ekki í neinum vandræðum með að ráða við Alþfl. Þar hefur hann fullt vald á þeim hlutum sem hann þarf að koma í gegn. Gleggsta merki þess er það að hæstv. utanrrh. hefur étið allt heiðursmannasamkomulagið ofan í sig með landbúnaðinn, með sjávarútveginn og nú kemur það í ljós hvort hann þarf líka að éta ofan í sig að formaður nefndar sem á að endurskoða sjávarútvegsstefnuna eigi að koma úr röðum alþýðuflokksmanna.

Það má því segja að því slagorði sem Sjálfstfl. hefur oft verið með í kosningum: einn flokk til ábyrgðar, til að sýna hvað það sé miklu betra og hagstæðara þjóðinni að það sé einn flokkur sem stjórni, muni þjóðin nú kynnast í þessu stjórnarsamstarfi og hvað það er að láta einn flokk stjórna. Það er reynslan ein auðvitað sem sker úr um það.

Hér hefur mikið verið rætt um húsnæðismál og hv. 1. þm. Austurl. Halldór Ásgrímsson fór hér nokkrum orðum um það. Ég ætla ekki að hafa það allt eftir en hins vegar eru hér nokkrar spurningar sem brenna á um þessar mundir og ég vildi gjarnan fá svör við hjá hæstv. ráðherrum. Það mátti skilja það svo á hæstv. fjmrh. þegar hann var að tilkynna vaxtahækkanir í húsnæðislánakerfinu frá 1984 að það væri aðeins áfangi á þeirri leið að hækka vexti enn þá frekar. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Er það rétt skilið af minni hálfu að hér sé aðeins um áfangahækkun að ræða? Gaman væri að vita, ef í húsinu væri staddur hæstv. félmrh., hvort hann er samþykkur þessari túlkun hæstv. fjmrh.

Húsbréfin og þau afföll sem á þeim eru núna, 22–23%, munu auðvitað leiða til þess að atvinnulífið, eins og hv. 1. þm. Austurl. kom inn á fyrr í sinni ræðu, mun þurfa að bera 10–12% raunvexti á næstunni. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Telur hann að atvinnulífið geti búið við það til lengdar að þurfa að greiða 10–12% raunvexti?

Réttlætið var aðalröksemdin fyrir því að vextir voru hækkaðir í húsnæðislánakerfinu frá 1. júlí 1984 úr 3,5% í 4,9%. Nú er það vitað að þeir sem byggðu eða keyptu á árunum 1984–1986 þurftu að stórum hluta að fjármagna sínar íbúðarbyggingar og íbúðarkaup með allt öðrum lánum en lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ætli það hafi ekki verið á bilinu 10–15% af íbúðarverðinu sem þá var fjármagnað með lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins? En restin var fjármögnuð með dýrum bankalánum og dýrum lánum úr lífeyrissjóðakerfinu. Þetta er líka sá hópur sem lenti í misgenginu á launum og lánskjörum hér 1983–1984. Því spyr ég hæstv. fjmrh. hvort honum finnist það vera réttlæti að auka enn álögur á þessu fólki sem þarna fékk lán og hefur þurft að bera misgengið frá 1983–1984 og fjármagna sín íbúðarkaup með dýrum lánum úr lífeyrissjóðunum og bankakerfinu. Er þarna verið að fullnægja réttlætinu? Ef menn vilja fullnægja réttlætinu, þá spyr ég: Hvað ætla menn að gera þá við hópinn frá 1970–1980 sem fékk 120 milljarða kr. að láni á þessum tíma og fjármagnaði viðbótina með niðurgreiddum vöxtum úr bankakerfinu? Hvernig ætla menn að fullnægja réttlætinu gagnvart þessum hópi? Um það vil ég spyrja hæstv. utanrrh. (**EgJ:** Var það ekki fjmrh. sem þú ætlaðir að spyrja um þetta?) Jú, fyrirgefðu, hæstv. fjmrh. Þakka hér fyrir, hv. þm. Egill Jónsson. Ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. um þetta.

Afföllin í húsbréfunum eru, eins og ég sagði áðan, 22–23%. Það er dálítið merkilegt að allar þær aðgerðir núv. ríkisstjórnar í vaxtamálum sem nú er verið að framkvæma virðast byggðar á þeirri skýrslu sem Seðlabankinn gaf út 5. maí 1991. Við lestur hennar kemur ýmislegt í ljós sem fær mann til að velta fyrir sér hvort sú ágæta stofnun sé í raun og veru í stakk búin til að leggja mat á þessa hluti. Á bls. 39 í skýrslunni, sem hæstv. fjmrh. hefur dreift, er sagt: „Líklegt má telja að nokkuð dragi úr útgáfu húsbréfa með hækkandi sól." Hvað þýðir þetta í raun og veru? Hvenær hefur hæstv. félmrh. tekist að tengja verðgildi húsbréfanna við sólina?

Það er náttúrlega stórfurðulegt af opinberri stofnun sem ætlar að láta teka sig alvarlega að setja svona í skýrslu. Og ef ríkisstjórn ætlar síðan að byggja allar sínar aðgerðir á þessum faglegu vinnubrögðum sem Seðlabankinn hefur þarna lagt til. Það er hækkandi sól sem mun draga úr útgáfu húsbréfanna en það er líka sagt að hugsanlega geti hækkandi ávöxtunarkrafa haft einhver áhrif til að draga úr fasteignaviðskiptum. Og af því að hæstv. viðskrh. gengur í salinn og ég var að vitna hér í skýrslu Seðlabankans og af því að hann er nú yfirmaður þeirrar ágætu stofnunar, þá kemur fram á bls. 39 í þeirri skýrslu sem hæstv. fjmrh. hefur dreift í þinginu að Seðlabankinn telur að líklegt megi telja að nokkuð dragi úr útgáfu húsbréfa með hækkandi sól. Nú hefði ég gaman af að fá svar hæstv. viðskrh., yfirmanns þessarar stofnunar, við því hvað þessi orð þýða og hvað hann segir um þessi faglegu vinnubrögð bankans. (**Gripið fram í:** Farðu bara á Veðurstofuna.) Já, þá er það nú hæstv. samgrh. sem þyrfti að svara og ég ætla nú ekki að draga fleiri hérna til. (**Viðskrh.:** Þingmaðurinn verður að taka sólarhæðina sjálfur.) Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir.

Í lokin þetta og spyr ég hæstv. viðskrh. líka að því: Telur hann, miðað við þá háu raunvexti, sem núna eru við lýði og verða með þeim hækkandi vöxtum sem eru að verða almennt á markaðnum út af háum vöxtum í húsnæðiskerfinu, að atvinnulífið geti búið við það til lengdar að borga 10–12% raunvexti?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að fyrsta dagskrármálið, ríkisfjármálin, sem hæstv. fjmrh. á eftir að mæla fyrir er ekki komið á dagskrá. Forseti gerir því ráð fyrir að

hæstv. fjmrh. svari ekki þessum spurningum fyrr en undir þeim dagskrárlið. Um leið vill forseti minna á að nú er til umræðu stefnuræða forsrh. og meiningin að reyna að ljúka henni áður en ríkisfjármálin verða tekin á dagskrá.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér aftur hljóðs undir þessum dagskrárlið, stefnuræðu forsrh., eru kannski fyrst og fremst nokkrar setningar úr ræðu hæstv. iðn.- og viðskrh. En það er auðvitað fjölmargt fleira sem fram hefur komið í þessum umræðum sem ástæða væri til að fjalla ofurlítið nánar um.

Hv. 3. þm. Vestf. Einar Guðfinnsson spurði eftir því í ræðu sinni fyrr í dag hvort það væri svo með t.d. stjórnarandstöðuþingmenn af landsbyggðinni að þeir teldu ekki nauðsynlegt að reynt væri að gæta aðhalds í ríkisbúskapnum og hvort þeir teldu ekki nauðsynlegt að reyna að draga úr þenslunni þar sem hún er. Ég vil svara honum því strax að ég tel að þetta hvort tveggja sé nauðsynlegt. Og ég vil líka segja honum og minna hann á, og mun reyndar koma að því aðeins nánar hér á eftir, að ég hef lagt fram fjölmargar tillögur um það hvernig hægt sé að gæta aðhalds í ríkisbúskapnum hvað varðar þann dýra og útgjaldasama málaflokk sem heilbrigðis- og tryggingamálin eru. Sumt af því hefur náð fram að ganga. Sumt af því hefur skilað árangri en annað því miður ekki.

Hvað varðar það að draga úr þenslunni þar sem hún er þá held ég að nauðsynlegast sé að draga úr þenslunni í húsnæðismálunum. Ég held að það sé nauðsynlegast að taka á húsnæðismálakerfinu. Þar finnst mér raunar gilda einu hvort um er að ræða svokallað 1986-kerfi eða húsbréfakerfið. Það er fyrst og fremst um það að ræða að reyna að draga úr þeirri gífurlegu spennu sem þar er nú ríkjandi. Og ég hygg að það kunni að geta haft líka mest áhrif hér á þessu svæði og ég óttast að þenslan sé líka, ef hún er einhver í uppsiglingu nú, sem kunna að vera ákveðin hættumerki um, einmitt hér á þessu svæði, fremur en kannski í Bolungarvík eða í smærri sjávarplássum á Vestfjörðum. E.t.v. veit þó hv. 3. þm. Vestf. betur um það heldur en ég. En ef ég ber það saman við þau byggðarlög sem ég best þekki til í Norðurlandskjördæmi eyrstra þá er það ábyggilega svo að þenslumerkin eru ekki þar. Þau eru öllu fremur hér. Og ef það eina sem á að gera til þess að draga úr þessari þenslu, það skjótvirkasta og það róttækasta að mati hæstv. ríkisstjórnar, er að hækka vextina er ég hræddur um að sú vaxtahækkun muni koma við atvinnulífið í þessum byggðarlögum fyrr en hér á höfuðborgarsvæðinu og hafa áhrif í þá veru að lama atvinnulíf þar áður en hún fer að hafa veruleg áhrif á hugsanleg þenslumerki hér á höfuðborgarsvæðinu.

En það var einmitt í sambandi við húsnæðismálin sem mig langar aðeins að bæta við örfáum orðum og hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. félmrh. örfárra spurninga en ég geri svo sem ekki kröfu til þess að ráðherra sé endilega kallaður í salinn. Hann er kannski meira að segja ekki í húsinu. En mig langar þó að láta þetta koma fram því það eru kannski meira athugasemdir við ræðu hæstv. ráðherra hér fyrr í þessari stefnuumræðu, m.a. um áhrif vaxtahækkunarinnar sem ráðgerð er á húsnæðislánunum allt frá 1984. Hæstv. ráðherra gerði ráð fyrir að þetta hefði áhrif sem gætu numið allt að 600 millj. kr. hærri vaxtagreiðslum, en svo segir í ræðu hæstv. ráðherra. Síðan er reynt að gera þessu nánari skil, hvernig þetta komi út og reyndar ekki talið að um verulegar upphæðir sé að ræða. Það sé t.d. 11 þús. kr. hækkun á meðalláni hjá fjöldanum öllum af fólkinu sem geti nú varla talist mjög mikið ef ber að skilja tóninn í ræðunni á þann hátt, enda fái þeir sem lægstar tekjurnar hafa þetta að mestu eða jafnvel að öllu leyti upp borið aftur með vaxtabótum.

En ef farið er ofan í þessar upplýsingar hæstv. ráðherra kemur m.a. fram í ræðunni að lántakendur frá árunum 1984–1986 séu u.þ.b. 8 þús. manns. Greiðslubyrði þeirra aukist sennilega um 11 þús. kr. Þá sýnist mér þetta geta verið um 88 millj. kr. Hópurinn sem tekið hafi lán eftir 1986 sé hins vegar um 12 þús. manns og greiðslubyrðin hjá þessum hópi hækki um 22 þús. kr. á ári sem gæti þá gert u.þ.b. 260 millj. kr. eða samtals 350 millj. kr. Niðurstaða mín úr þessu er að þá vanti enn þá 250 millj. kr. til að ná þeirri tölu sem hæstv. félmrh., sem nú er kominn hér í salinn, gerði ráð fyrir í ræðu sinni að þessi vaxtahækkun ætti að skila á heilu ári. Þannig að einhverjir eiga þá eftir að bera verulegan bagga af þessum vaxtahækkunum sem hér eru tilgreindar, auk þess sem mér skilst nú reyndar líka að sé e.t.v. svo hjá þeim sem lægstar tekjurnar hafa að sumir þeirra séu nú þegar með fullnýttar sínar vaxtabætur eða það sem þeir geta fengið endurgreitt. Því kunni viðbót eins og þessi sem hér er ráðgerð, vaxtahækkunin sem hér er ráðgerð, að koma algerlega óbætt á þá sem verst eru settir.

Síðan eru það hugmyndirnar, sem virðast nú eiga að leysa allan vanda, að loka 1986-kerfinu og hæstv. félmrh. nefnir hér seint í ræðu sinni og segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það sem er auðvitað leiðin í þessum málum er það að koma okkur sem fyrst út úr 1986-lánakerfinu.“ Við framsóknarmenn höfum haft nokkrar efasemdir um að þetta væri endilega eina leiðin eða sú rétta heldur væri mögulegt að þessi kerfi spiluðu að einhverju leyti saman. Og ég ítreka hér þá skoðun mína að ég sé ekki hvernig það á að leysa vandann vegna þess að sé 86-kerfinu lokað færist auðvitað fjárþörfin yfir í húsbréfakerfið, heldur áfram að auka á kröfurnar um aukna fjármuni þar og þensluna á þessum markaði. Og þá, ef allt er reiknað til enda, ætti það líka að leiða til annaðhvort aukinna affalla eða enn frekari vaxtahækkana.

Mig langar aðeins að fara yfir það dæmi sem hæstv. félmrh. setti hér upp í sínu máli síðast þegar þessi stefnuræða var hér til umræðu og taldi auðvitað dæmið mjög einfalt, og í sjálfu sér er það svo einfalt að jafnvel hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. ættu að geta skilið, eins og félmrh. orðaði það í sinni ræðu, að fjárþörfin væri um 22 milljarðar kr. Ef ekki hefði verið um húsbréfakerfið að ræða þá hefðu lífeyrissjóðirnir átt að skila 55% af sínu ráðstöfunarfé, eða 15 millj-

örðum kr. u.þ.b., og síðan það sem á vantaði leyst með öðrum fjármögnunarleiðum, í gegnum bankakerfið, í gegnum hin hefðbundnu lífeyrissjóðslán og handhafaskuldabréf og fleira sem húsbyggjendur þurftu að grípa til, upp á 7 milljarða eða 22 samtals. Húsbréfakerfið hins vegar skili u.þ.b. 12 milljörðum kr., eins og kemur hér fram í ræðu hæstv. ráðherra, og restin fer í að fjármagna lánakerfið frá 1986 og félagslega íbúðakerfið, eða þessir 10 milljarðar. Ég sé þess vegna ekki hvernig það er hugsanlegt að fá það út að það leiði til sparnaðar eða leiði til einhverra breytinga á þessu húsnæðismáli öllu saman sem er nú í hálfgerðri flækju eins og er. Ég vonast hins vegar til og meina það af heilum hug að hæstv. félmrh. takist að finna leiðir til þess að leysa úr þeim málum, en ég sé ekki og hef ekki enn fundið nein rök fyrir því að eina leiðin sé að loka 1986-kerfinu.

Og mig langar til að vitna í blaðaviðtal við Björn Þórhallsson sem birtist í Tímanum núna um helgina. Björn er viðskiptafræðingur og á, eins og menn vita, sæti bæði í miðstjórn ASÍ og í Húsnæðisstofnun. Hann hefur miklar efasemdir um málið og segir þar m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Sagan frá 1986 er að endurtaka sig. Menn vanreiknuðu sig á lánaeftirspurninni þá. Alveg það sama er að gerast nú með húsbréfakerfið. Eftirspurnin er miklu meiri en nokkur reiknaði með. Það út af fyrir sig breytir ekki neinu um hvort kerfið er notað." Síðan segir Björn: „Grundvallarvitleysan er sú, eins og ég hef verið að reyna að segja mönnum, að það er ekki nema takmarkað magn af peningum sem þjóðin getur varið til húsbygginga og endurfjármögnunar íbúða á hverjum tíma. Málið er að finna leið til að dreifa þessum peningum á sem farsælastan hátt. Ég sé enga leið til þess nema skömmtun með einni eða annarri aðferðinni og ég er enn þeirrar skoðunar að 86-kerfið með ákveðnum lagfæringum hefði verið miklu farsælla fyrir alla aðila. Það hefði auðvitað þýtt tiltekna skömmtun og biðraðir. En menn lenda bara líka í biðröðum í húsbréfakerfinu." Menn lenda bara líka í biðröðum í húsbréfakerfinu, segir Björn hér. Og áfram: „Lánin skammtast hreinlega af því að fólk hættir að leggja í að taka lán á þeim ofurkjörum sem þar gilda. Komi þær þúsundir fólks sem beðið hafa þolinmóðar í biðröðum nú inn í húsbréfakerfið sé ég fyrir mér hækkandi afföll af húsbréfum. Eigi þetta ekki allt að fara til andskotans" — með leyfi hæstv. forseta af því þetta er nú bein tilvitnun í blaðaviðtal — „þá þyrfti að skammta útgáfu húsbréfanna með einhverjum hætti. Verði vaxtahækkunarskömmtunarstýringin látin ráða sé ég ekki annað en það leiði áfram til víxlhækkandi vaxta þangað til það verður einhver sprenging," segir hér í þessu blaðaviðtali.

Björn óttast það jafnframt að það eigi einhverjir eftir að snýta rauðu áður en yfir lýkur og varðandi víxlhækkanirnar segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta og skal ég þá ljúka tilvitnun í þetta blaðaviðtal: „Svo horfir maður upp á það sorglega sem er að gerast með vaxtastigið þessa dagana. Húsbréfin, sem nánast eru ríkisskuldabréf, keppa við spariskírteinin og til þess að þau seljist eru vextir þeirra hækkaðir sem þýðir aftur að bankarnir sem vilja halda sínu elta með vextina hjá sér og þá aukast enn afföllin á húsbréfunum. Verði þessi dans stiginn áfram, hvar kemur hann þá til með að enda?"

Þetta er það sem við stjórnarandstæðingarnir höfum óttast og verið að vara við í okkar ræðum hér að þessi leið um verulegar vaxtahækkanir, sem allt bendir nú til að gangi yfir, og víxlverkanir vaxta eigi eftir að leiða til alvarlegra áfalla, ekki bara að rifta eða rjúfa þjóðarsátt heldur líka leiða til alvarlegra áfalla fyrir marga einstaklinga í þjóðfélaginu, svo og hafa alvarleg áhrif á atvinnulífið og atvinnustigið. Ég þarf ekki að ítreka það.

Hæstv. félmrh. spurði reyndar nokkurra spurninga um það hvað menn vildu gera. Því hafa bæði hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Halldór Ásgrímsson svarað hér í ræðum sínum. Það yrði nú að stöðva eða draga úr útgáfu húsbréfanna um sinn til þess að draga úr þessari spennu. Og hæstv. ráðherra spyr hér m.a.: Á að hætta greiðsluerfiðleikalánunum? Ég óttast að hæstv. ráðherra eigi með vaxtahækkunarstefnunni eftir að reyna það að það þurfi enn að auka greiðsluerfiðleikalánin, því þeim einstaklingum fjölgar alveg örugglega sem eiga eftir að lenda í miklum erfiðleikum með sín húsnæðismál og lán á næstunni.

Þá langar mig til þess að koma hér að þeim setningum í ræðu hæstv. iðn.- og viðskrh. sem ég nefndi hér áðan úr hans ræðu síðast þegar málin voru hér til þessarar umræðu. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Svo ég víki enn að málflutningi stjórnarandstæðinga í umræðunum í gær, þá kom það fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. Guðmundar Bjarnasonar að hann teldi Alþfl. hafa komið í veg fyrir og stöðvað hagræðingaráform hans í heilbrigðiskerfinu í fyrrv. ríkisstjórn. Þetta eru staðlausir stafir. Ég vil alls ekki gera lítið úr vilja Guðmundar Bjarnasonar til þess að hagræða í heilbrigðiskerfinu. Hann hafði til þess góðan vilja, en staðreyndin er sú að hann kom þeim hugmyndum sínum ekki fram. Það mikilvæga verkefni, eins og glöggt má sjá á þessari skýrslu um ríkisfjármálin, stöðu þeirra, horfur og aðgerðir, er nú í höndum hins nýja heilbrrh. Sighvats Björgvinssonar. Hann er ekki öfundsverður af því hlutverki og því hlutskipti að þurfa að taka á þeim óleystu útgjaldavandamálum sem þar er að finna, en á þeim þarf þó að taka."

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra sem hér var vitnað til að ég vonast til þess að núv. hæstv. heilbrrh. takist að koma þessum málum í höfn sem þar var áætlað og áformað að vinna að og ég hafði reynt að beita mér fyrir og ég skal eftir föngum reyna að aðstoða hæstv. ráðherra við það verkefni vegna þess að ég hef áður lýst því yfir að ég mun styðja þessa ríkisstjórn til allra góðra verka og viðurkenni að það þarf að taka á ýmsum málum, ekki síður í heilbrigðiskerfinu en annars staðar.

En því sem hér segir í tilvitnuðum orðum, að fullyrðingar mínar um það að hagræðingaráform hafi strandað á Alþfl. séu staðlausir stafir sem ég hafi þar sett fram, vil ég mótmæla. Og það sem hæstv. ráðherra segir síðar, að staðreyndin sé sú að fyrrv. hæstv.

heilbrrh. kom ekki hugmyndum sínum fram, einmitt vegna andstöðu ákveðinna aðila í Alþfl. fyrst og fremst, kannski hjá fleiri aðilum innan þingsins en ekki síst í Alþfl.

Ég verð, hæstv. forseti, að fá að eyða í þetta örfáum orðum og rifja aftur upp þau áform sem ég var uppi með og fylgja því aðeins eftir. Sumt af því byggðist á áætlunum sem fjárlagafrv. greindi frá og fjárlögin byggðu á. Þar er t.d. í fyrsta lagi talað um sjúkrahúsmálaráð í Reykjavík. Í fjárlagafrv. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Í væntanlegu frv. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem lagt verður fram á fyrstu vikum þingsins er gert ráð fyrir að sérstakt samstarfs- og þróunarráð verði stofnað fyrir sjúkrahúsin í Reykjavík. Ráðið mun m.a. fá það hlutverk að skipta fjárveitingu milli sjúkrahúsanna. Að undanförnu hefur skapast ófremdarástand hvað varðar lokun deilda, sérstaklega lokun langlegudeilda. Með markvissari verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna verður að tryggja betri nýtingu fjármuna. Verja þarf þó verulegum fjármunum til breytinga á húsnæði og tækjakaupa ef ná á fram þeirri verkaskiptingu sem að er stefnt."

Þetta gerði ég fljótlega eftir að þing kom saman eins og ég vænti að hv. þm. sem þar sátu muni. Eftir allmiklar umræður og breytingar á frv. náðist þó að koma þessu sjúkrahúsmálaráði á þó svo það væri, því miður, nokkuð útþynnt frá því sem var í upphafi áætlað og þar kenndi ég um í upphafi þessara umræðna fyrst og fremst andstöðu Sjálfstfl. og greindi frá því. Þar höfðu sjálfstæðismenn, bæði utan og innan þings, tafið málið og gert það að verkum að það er varla von að það skili því sem því var ætlað í upphafi, en ég vonast þó til þess að það skili allnokkru. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að rökstyðja að það séu sjálfstæðismenn?) Jú, ég gæti gert það, hv. þm., með alllöngu máli en ég held að menn muni þetta og viti það, þeir sem fylgdust með því hvernig það mál var unnið hér í gegnum þingið. Því var breytt verulega bæði í undirbúningi og í þingi en hafðist þó fram að lokum á þann hátt að sjúkrahúsmálaráðið er til en verkefni þess önnur og minni en ég hafði ætlað mér í upphafi.

Síðan eru ákvæði í frv. um lyfjakostnaðinn og aðgerðir til þess að draga úr kostnaði við lyf. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir lyfjakostnaði eru nú áætlaðir 2,3 milljarðar kr. í frv. Sú tala byggist á því að hægt verði að ná þar fram sparnaði sem nemur 500–600 millj. kr. M.a. er gert ráð fyrir að ná þessum sparnaði með breyttu skipulagi á innflutningi og dreifingu lyfja, lækkaðri álagningu í heildsölu og smásölu og breyttu skipulagi á kostnaðarþátttöku notenda í lyfjakostnaði."

Ýmislegt af þessu hefur gengið fram. Við höfum t.d. náð því að hafa áhrif á álagningu lyfja, bæði heildsölu og smásölu, sem munar verulega um. Þar hygg ég að hafi náðst árangur sem gæti skilað nú u.þ.b. 300 millj. kr. sparnaði á ári. En það sem ekki náðist fram og var tafið eða stöðvað af Alþfl. og ég átti við hér í ræðu minni um daginn, en tímans vegna var ekki hægt að gera því ítarleg skil, var frv. það sem samið hafði verið og lagt fyrir ríkisstjórn 5. febr. sl., reyndar rætt í ríkisstjórninni 8. febr. og síðan sent þingflokkunum en fékk þar litla eða enga umfjöllun. Þar var gert ráð fyrir gjörbreytingu á framkvæmd lyfjamála, m.a. að setja á stofn svokallaða lyfjastofnun sem semji við framleiðendur og innflytjendur um verð, afhendingu, birgðahald og dreifingu lyfja til notenda. Stofnunin er útboðs- og innkaupaaðili en er ekki ætlað að sjá um dreifingu og birgðahald.

Þetta vildi ég nefna hér og gera sérstaka grein fyrir hvernig þetta var hugsað af því að það hefur verið rangtúlkað allnokkuð í umfjöllun um þetta frv. Þar hefur verið talað um að þessari lyfjastofnun væri ætlað að vera birgðahaldari og dreifingaraðili. Það var ekki meiningin. Hún átti að vera innkaupa- og útboðsaðili, fyrst og fremst, fyrir öll lyf. Út af fyrir sig geta menn fundið aðrar leiðir til þess að leita hér sparnaðar og aðhalds, en ég hygg þó að eftir mikla umfjöllun í heilbrrn. og í mörgum nefndum sem höfðu komist að þessari niðurstöðu hafi hér verið fundin leið sem átti að geta leitt til verulegs sparnaðar. En þettta frv. fékkst ekki lagt fram fyrr en á síðustu dögum þingsins og þá með athugasemdum um að það væri lagt fram til kynningar, til að vekja umræðu, enda þótt umfjöllun um það í ríkisstjórn væri ekki lokið og þingflokkar hefðu fyrirvara um einstaka þætti frv. Þetta voru fyrirvarar sem einkum komu frá Alþfl.

Virðulegi forseti. Ég verð enn að nefna eitt mál í viðbót máli mínu til áréttingar. Það eru breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Þar var gert ráð fyrir allverulegum sparnaði einnig í lífeyristryggingum með því að tekjutengja grunnlífeyrinn. Það nefndarálit sem frv. byggði á var dags. 2. okt. 1990, þá fljótlega á eftir lagt fyrir ríkisstjórn, margumrætt í fjárlagagerðinni og gert ráð fyrir því að ná þessu frv. fram á þinginu þannig að það gæti haft áhrif á niðurstöður fjárlaganna. Einnig þar var andstaða í þingflokki Alþfl. og ég vænti þess að þingmenn flokksins viti það og muni þannig að ég þurfi ekki út af fyrir sig að hafa um það fleiri orð.

Ég er ekki að gera neitt lítið úr því að þar kunni menn að hafa haft aðrar skoðanir en þær sem settar voru fram í þessu frv. og gætu ekki fallist á þær hugmyndir. En ekkert kom þó annað út úr málinu en að það væri ekki hægt að samþykkja þetta óðruvísi en að taka lífeyrismálin í heild sinni til umfjöllunar. Það vita allir að það hefði tekið langan tíma og sýnir sig reyndar að gera það og ég óttast að það kunni einnig að vefjast fyrir hæstv. núv. heilbrrh. að ná þeim málum fram saman, eins og hann hefur þó látið frá sér fara í blaðaviðtölum þessa seinustu daga, að breytingar á almannatryggingalöggjöfinni verði ekki gerðar nema í tengslum við breytingar á lífeyrislöggjöfinni almennt og það kunni að taka nokkuð langan tíma.

Ég ítreka það að ég er tilbúinn til þess að aðstoða hæstv. ráðherra við það að reyna að ná fram þessum málum og skoða þær breytingar sem hann kann að leggja til varðandi bæði almannatryggingar og breytingar á lyfjalögum. En ég óttast hins vegar að það kunni eitthvað að vefjast fyrir og tefjast áður en það

fer að hafa veruleg áhrif á útgjaldahlið fjárlaga en það munum við nú sjálfsagt ræða nánar í umræðu sem hér á eftir að fara fram síðar í dag.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég síðan minna á það að við gerðum breytingar á reglum um greiðslu fyrir lýtalækningar sem hafa áhrif til sparnaðar þannig að það var ýmislegt reynt. Margt af því náði fram að ganga þó að ekki gengi allt eftir af því sem við ætluðum okkur að ná fram.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram nánar í þessari umræðu vegna ummæla hæstv. viðskrh. í umræðunum um daginn og ítreka það að ég stend fullkomlega við það að það sem tafði málin — ég er ekki að segja að það hafi verið af neinni annarri ástæðu en þeirri að við vorum ekki nákvæmlega sammála um það hvernig að þessu skyldi staðið — og varð þess valdandi að sá sem hér stendur kom ekki þessum sparnaðaráformum sínum fram var andstaðan í Alþfl. og það stendur eftir sem áður það sem ég hef um það sagt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að þessum fundi verður síðan frestað klukkan hálfsex. Ef hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur þá ekki lokið máli sínu verður hann beðinn um að fresta sinni ræðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er þess albúinn ef svo fer að ég næ ekki að ljúka máli mínu fyrir hálfsex að gera þá hlé á því. Ég er því ekkert óvanur að þurfa að skipta mér á nokkra fundi og reyni þá að koma því haganlega fyrir í textanum.

Ég ætlaði að ræða fyrst nokkur atriði í stefnuræðu hæstv. forsrh. sem ég hef skilið svo, þrátt fyrir allt, að sé nú aðaldagskrárefni þessa fundar. Væri þá auðvitað til mikilla bóta að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur, en væntanlega er hann ekki langt undan. Ég ætla þá að fara í textann og fletta þar upp sem hæstv. forsrh. er að hefja mál sitt og byrjar á því að leggja út af þeirri athyglisverðu kenningu, eins og það sé rétt svo gott sem sannað, að tveggja flokka ríkisstjórnir séu mun betri stjórnir en þegar fleiri flokkar koma að málum.

Ég held það væri ástæða til þess að hafa það í huga þegar þessari merku kenningu er nú enn einu sinni gert svo hátt undir höfði að hæstv. forsrh. hefur stefnuræðu sína, hina fyrstu, og kannski einu, maður veit það ekki, á því að það sé stóri punkturinn við myndun þessarar ríkisstjórnar að hún sé bara tveggja flokka. (Gripið fram í.) Það er aldrei að vita nema þetta eigi líka við víðar í sveitarstjórnum. En alla vega er það nú dálítið spaugilegt í ljósi reynslunnar undanfarin ár, þess að stjórn fjögurra eða fimm flokka sat út kjörtímabil og tókst að starfa með ágætum árangri og í ljósi þess að þriggja flokka ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. hrökklaðist frá. Það mætti alveg eins ímynda sér að þetta sneri alveg öfugt og stjórnir væru þeim mun verri og veikari sem færri væru í þeim flokkarnir. Alla vega verður þessi fullyrðing og þessi gamla kenning ekki studd í ljósi þróunar í íslenskum stjórnmálum hin síðari ár. Svo mikið er víst.

Í öðru lagi kemur önnur gömul kenning sem oft hefur heyrst og ég ætla að leyfa mér að ræða lítillega. Það er þetta um viðreisnina og gloríuna um viðreisn. Hér er því haldið fram, eins og ekkert þurfi að rökstyðja það nánar, sagt í tveimur línum, með leyfi forseta, á bls. 2 í stefnuræðu hæstv. forsrh.: „Afar góð reynsla var af samstarfi þessara tveggja flokka á árunum 1959 til 1971.“ — Alþfl. og Sjálfstfl. Afar góð reynsla var af samstarfi þessara flokka á þessum tíma. Punktur. Ekki frekari rökstuðningur fyrir því. Var þetta nú svona afar gott, eins og hæstv. forsrh. heldur fram? (**Gripið fram í:** Sérstaklega fylgi Alþfl. Það var mjög gott.) Já, það var eiginlega það eina, held ég, sem ég man eftir í svipinn, að þróaðist með réttum hætti á þessum árum. Það var fylgi Alþfl. Hann var við það að deyja í höndunum á þeim eins og einn af forustumönnum Sjálfstfl. orðaði það. „Ætlar þetta nú að drepast í höndunum á okkur“, var haft eftir einum af forustumönnum Sjálfstfl. á þessum tíma eða undir lok viðreisnar og höfðu þeir þá orðið áhyggjur af því að Alþfl. gufaði þarna upp, mundi bíða aldurtila í höndunum á þeim.

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að viðreisnarstjórnin svokölluð hafi verið einhver versta ríkisstjórn ef ekki versta ríkisstjórn sem Ísland hefur haft. Það vill nú þannig til að ræðumaður var að alast upp á þessum árum, eins og fleiri að taka út þroska sinn, og ég þekkti vel til aðstæðna í landsbyggðarhéraði á þessum árum. Mér er ákaflega minnisstætt það landlæga og árlega atvinnuleysi sem öllu öðru fremur einkenndi lífskjör og aðstæður í íslenskum byggðarlögum við sjávarsíðuna á þessum árum. Þannig háttaði til í Norður-Þingeyjarsýslu á þessum árum að þar þurftu svo til allir menn sem ætluðu sér að tryggja sér störf að ferðast um langan veg til vertíðar eða annarrar starfsemi, jafnvel í öðrum landshlutum, eða sitja heima við árlegt og reglubundið atvinnuleysi kannski meiri hluta vetrar. Það er auðvitað ekki að því að spyrja að þetta setti mikið mark á allt andrúmsloft byggðarlaganna á þessum tíma.

Þessari ríkisstjórn, þessari frægu viðreisn sem hæstv. forsrh. var að hæla í ræðu sinni, tókst að sólunda einhverju mesta góðæri til sjávar sem komið hefur í sögu Íslands þegar norsk-íslenska síldarstofninum var mokað upp og honum gjöreytt á nokkrum árum. Og hvernig var ástandið í lokin? Það var skilið þannig við íslenskan sjávarútveg að flotinn var gjörsamlega ónothæfur. Það var skilið þannig við íslenskan fiskiðnað að það varð að byggja hann upp nánast frá grunni þegar ný stjórn tók við. Meiri hörmungarstjórn hefur í raun og veru ekki verið á Íslandi ef litið er til þess að eitthvað hafi verið gert til þess að undirbyggja framfarasókn, uppbyggingu og aukna verðmætasköpun í atvinnulífinu.

Þetta eru nú ósköp einfaldlega staðreyndir málsins. Það er auðvelt að fletta upp tölum um það hvernig íslenski fiskiskipastóllinn var samansettur árið 1970. Það er auðvelt að fara yfir það hvernig fiskvinnslustöðvarnar hringinn í kringum landið voru á sig komnar.

Ég hygg að allir sanngjarnir menn verði að viður-

kenna að það hefur orðið mikil breyting á til hins betra frá því að það tókst að koma þessari hörmungarviðreisnarstjórn frá. Og það er nú svo þrátt fyrir allt að viðreisn er skammaryrði í hugum fólks sem man þessa tíma, alveg sérstaklega út um landsbyggðina. Alveg sérstaklega út um landsbyggðina er viðreisn skammaryrði. Þess vegna er það neyðarlegt af hæstv. forsrh. og ber auðvitað vitni um það sem oft hefur verið að koma fram undanfarna daga að hæstv. forsrh. er ekki nógu vel að sér um hlutina. Hann hefur lifað í hinum verndaða heimi borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík, á vernduðum vinnustað eins og einhverjir hafa orðað það, og veit næsta lítið um það hvernig hlutirnir liggja í andrúmslofti og hugum almennings annars staðar í landinu en utan veggja hins verndaða vinnustaðar.

Í öllu falli skulu því mín eftirmæli um þessa viðreisnarstjórn vera þau að hún hafi verið einhver mesta hörmungarstjórn sem við Íslendingar höfum búið við áratugum saman og í raun og veru á ég í erfiðleikum með að finna þar nokkurn samjöfnuð nema ef vera skyldi sú ríkisstjórn sem sat á Íslandi í 14–16 mánuði 1987 og fram á haustdaga 1988. Eymd þeirrar stjórnar var þó af öðrum toga en viðreisnarinnar. Fyrst og fremst var þar á ferðinni stjórn sem ekki náði saman um nokkurn skapaðan hlut og hrökklaðist að lokum frá af þeim sökum.

Í þriðja lagi er hér í stefnuræðu hæstv. forsrh. — hvernig er það, hæstv. forseti, er forsrh. genginn algerlega úr umræðunni? (**Forseti:** Samkvæmt töflu í borði forseta, þá er hæstv. forsrh. í húsinu. Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að gera honum viðvart svo að það verður að vænta þess að hann komi fljótlega í salinn.) Já, ég geri enga athugasemd við það að sjálfsögðu þó að hæstv. forsrh. bregði sér frá augnablik. Það getur hent alla menn að þurfa þess á löngum fundum, en það er náttúrlega óæskilegt að hann sé fjarstaddur langtímum saman.

Þá vildi ég aðeins koma að kafla í ræðu hæstv. forsrh. þar sem mikið er gert úr því að viðskilnaður fráfarandi ríkisstjórnar hafi verið slæmur. Það er dálítið merkilegt að hér koma stjórnarsinnar hver á fætur öðrum í ræðustólinn og reyna að hamra á þetta járn. Að það sé aðalvandinn að viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar hafi verið svo vondur og eru þar með um leið, sérstaklega sjálfstæðismenn, að níða niður Alþfl. ekki síður en aðra flokka sem áttu sæti í þessari stjórn. Það er talað um slaka í hagstjórn og fleiri slíka hluti sem séu mjög alvarlegs eðlis og menn hleypa í brýnar og verða mjög ábúðarmiklir þegar þeir ræða um þennan viðskilnað fráfarandi ríkisstjórnar.

Hvernig ætli það standi ef aðeins er farið yfir það og skoðaður viðskilnaður ríkisstjórna við nokkur síðustu stjórnarskipti? Hvaða einkunn halda menn þá að sú ríkisstjórn sem fór frá á sl. vori fái í þeim samanburði? (**Fjmrh.:** Mjög slæmur.) Hæstv. fjmrh. kallar hér fram í og segir: Mjög slæmur. Það er best að ræða það aðeins við hæstv. fjmrh.

Hvað heldur hæstv. fjmrh. um ríkisstjórnina sem fór frá haustið 1988? Dettur honum í hug eitt augnablik annað en að viðurkenna að viðskilnaður síðustu ríkisstjórnar, þeirrar sem lét af völdum 30. apríl sl., var mikið, mikið betri á allan hátt. Og ég vil leyfa mér að segja að það sé borðleggjandi að við þrenn eða fern síðustu stjórnarskipti á undan þessum hafi viðskilnaður ríkisstjórnar verið mun lakari, mun verri. Það er enginn efi um það í mínum huga að stjórnirnar sem fóru frá 1988, 1987 og 1983, það skal ég segja þó að Alþb. hafi átt aðild að þeirri stjórn, voru í öllum tilvikum mun lakari en þessi sem hér er verið að ræða. Og það er dálítið merkilegt að hæstv. ráðherrar og hv. talsmenn stjórnarliðsins vorkenna sjálfum sér og mikla það mjög fyrir sér hversu bágt þeir eigi nú að þurfa að taka við stjórnartaumunum og það sé svo erfitt verkefni sem er fram undan.

En hvað er það sem er fram undan? Það eru ósköp einfaldlega venjuleg hagstjórnaratriði sem taka þarf á. Og það liggur alveg á borðinu að engin ríkisstjórn um langan tíma hefur í raun og veru tekið við jafngóðu búi, jafnlágri verðbólgu og tiltölulega jafnmiklum stöðugleika almennt séð í þjóðarbúskapnum. Það er alveg sama hversu oft hæstv. núv. fjmrh. hristir höfuðið. Hann getur ekki borið á móti þeim staðreyndum sem liggja fyrir um það að ástand í okkar efnahagsmálum, ástand í atvinnulífinu hvað verðlag og þróun þess snertir er á allan hátt mikið betra en verið hefur um stjórnarskipti um langt árabil.

Það sem helst er rætt um er staðan á fjármálamarkaðnum, ákveðin þenslumerki sem engum þarf að koma á óvart að láti á sér kræla og fyrri ríkisstjórn reyndar oft búin að ræða á fundum sínum að þyrfti að fylgjast með. M.a. þess vegna ákvað fyrrv. ríkisstjórn að láta hefja inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð og taka á tiltölulega skömmum tíma upp háar inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð, allt að 5 og upp í 5,5%, til þess að bati í viðskiptakjörum sjávarútvegsins færi ekki allur út í efnahagslífið. Þannig var þegar búið að grípa til ýmissa ráðstafana vegna þess að menn bjuggust við að fyrr eða síðar hlytu þenslumerki að láta á sér kræla vegna batnandi efnahagsástands og batnandi viðskiptakjara. Og ég segi: Þetta eru ekki annað en ósköp venjuleg og dagleg verkefni ríkisstjórna sem þurfa að sjálfsögðu að grípa til stjórnunaraðgerða af þessu tagi jafnan þegar slíkir hlutir láta á sér kræla. Þetta er hvorki merkilegra né meira en bara dagsdaglega á að vera á borðum ríkisstjórnar.

Það er algerlega ástæðulaust af hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að vera að vorkenna sér svona út af því. Eða bjuggust þeir við því að fá stjórn landsins í þannig ástandi í sínar hendur að þeir þyrftu ekkert að gera í fjögur ár? Ætluðust þeir til þess að þetta væri svo fullkomið ástand að þeir gætu setið með hendurnar undir rassinum í heil fjögur ár og þyrftu ekkert að stjórna, ha hæstv. fjmrh., ef þú vildir hlusta á augnablik? (**Fjmrh.:** Ég heyri, hlusta og mun svara.) Þannig er sem sagt, hæstv. fjmrh., sem grét á síðum Morgunblaðsins í miklu viðtali þar fyrir nokkrum dögum, að þú þarft ekkert að vorkenna sjálfum þér. Þitt hlutskipti er ekki annað en það sem allir ráðherrar fá, að taka á málum þegar þau koma upp og reyna að gera það með skynsamlegum hætti. Það er alveg ástæðulaust og mun ekk-

ert hjálpa þér í erfiðu starfi að gráta svona, hvort sem þú gerir það á síðum Morgunblaðsins eða einhverjum öðrum öxlum. Það er nú það. Svona sjálfsmeðaumkun og vorkunn er bara leiðinleg, satt best að segja.

Læt ég þá lokið að ræða um þennan viðskilnað sem, hvað sem talsmenn stjórnarinnar reyna hér að gera, mun alveg óumdeilanlega hljóta þann dóm sögunnar að hafa verið mikið betri að flestu leyti en aðrar ríkisstjórnir hafa fengið til að taka við. Það mun ekki takast að hrekja þá staðreynd. (**Forseti:** Nú heyrist forseta hv. þm. vera kominn að þáttaskilum í sinni ræðu og nú er klukkan hálfsex svo að það er þá kannski rétti tíminn til að fresta þessari ræðu ef hv. þm. er tilbúinn til þess og þar sem fresta þarf þessum fundi núna.) Sérstaklega í von um það að hæstv. forsrh. verði þá við þegar ég held áfram máli mínu. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. hefur verið hér við en vegna mistaka um boð til hans áðan kom hann ekki strax í salinn en hann kom um leið og hann fékk boðin. Forseti vill taka það fram.) — [Fundarhlé.]

Ég hafði drepið á nokkur atriði, ein þrjú tölusett atriði sem ég taldi svo upp í ræðu hæstv. forsrh. og ætla að ljúka minni yfirferð yfir þá merku ræðu sem að sjálfsögðu eðli málsins samkvæmt á öðru fremur að vera hér grundvöllur umræðnanna þar sem þetta heitir nú einu sinni umræða um stefnuræðu forsrh. Ég ætlaði að koma næst að atriðum sem vikið er að á bls. 12 í því handriti sem ég fékk sent og ég geri ráð fyrir að hafi verið flutt óbreytt af hæstv. forsrh.

Þar er vikið að þeim aðgerðum eða þeirri meginstefnu í fjármálum hins opinbera sem að sögn hæstv. forsrh. er skýr og kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þrennt er þar nefnt, að það verði að brúa bil milli útgjalda og tekna með lækkun útgjalda og frestun framkvæmda, í annan stað með sölu fyrirtækja ríkisins og einkavæðingu og í þriðja lagi með því að taka í auknum mæli gjald fyrir þjónustu sem fyrirtæki og stofnanir á vegum hins opinbera veita.

Um hið fyrsta er ekki margt að segja. Það liggja þegar fyrir einhver áform hæstv. ríkisstjórnar um að draga úr framkvæmdum og lækka útgjöld og það er ekki eins og það hafi aldrei verið gert áður eða reynt áður og er ekki mikið meira um það að segja. Þótt að sjálfsögðu sé þar ýmislegt sem sársaukafullt er fyrir menn að taka á, þá ætla ég síst að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn fyrir að reyna að ná einhverjum árangri á því sviði. Það hafa flestar aðrar ríkisstjórnir reynt og ekkert nema gott eitt um það að segja svo fremi sem þar sé farið fram af skynsemi.

Um það sem í annan stað er talið, þá er það nú svo að ég sé ekkert athugavert við það þó að það sé skoðað í einstökum tilvikum að selja eitthvað af fyrirtækjum sem ríkið á ef breyttar aðstæður gera það að verkum að slíkt sé eðlilegt. Það hafa flestar ríkisstjórnir á undanförnum árum eða áratugum jafnvel gert í einhverjum mæli, meiri eða minni. Sú ríkisstjórn sem síðast sat á undan þessari gerði nokkuð af því og þá var jafnvel reynt að fá sæmilegt verð fyrir fyrirtækin, ekki bara að gefa þau. Stundum hefur manni virst að það væri meira af hugsjónaástæðum gert að reyna að koma fyrirtækjunum með einhverjum hætti frá ríkinu bara þó svo að það þyrfti jafnvel að gefa þau, hvort sem það væru nú bankar eða eitthvað annað. En svo fremi sem það séu þá einhver skynsamleg viðskipti og ríkið fái eðlilegt verð fyrir þær eignir sem almenningur á í slíkum fyrirtækjum og svo fremi sem ekkert mæli gegn því af öðrum ástæðum að viðkomandi starfsemi færist á hendur einkaaðila, þá hef ég ekkert nema gott um viðleitni af því tagi að segja.

En í þriðja lagi um einkavæðinguna eða öllu heldur í öðru lagi um einkavæðinguna eins og síðan er vikið að í ræðu forsrh., þá hlýtur maður að spyrja: Við hvaða mörk skal þessi einkavæðing dregin og ef hæstv. forsrh. vildi nú nótera hjá sér, þá hefði ég nú haft áhuga á því að heyra ef hæstv. ríkisstjórn er þegar komin með skýra stefnu í þeim efnum: Hvar liggja mörkin sem hæstv. ríkisstjórn vonandi hefur dregið sér gagnvart því hvað skuli einkavæða og hvað ekki? Því að þar vil ég gera mjög skýran greinarmun á, annars vegar ýmsum rekstri, t.d. framleiðslustarfsemi eða þjónustu af því tagi að hún sé þegar fyrir í viðamiklum mæli í höndum einkaaðila og einkavæðingu sem lýtur að því að færa kannski það sem eftir er af ríkisumsvifum eða opinberum umsvifum á slíkum sviðum yfir í hendur einkaaðila og hins vegar ef til stendur að hefja einkavæðingu í velferðarþjónustunni. Ég geri skýran greinarmun á því hvort ríkið er að standa í framleiðslustarfsemi eða við gætum hugsað okkur að reka bjórkrá eða eitthvað af því tagi eða hvort ríkið er að sjá um undirstöðuþætti velferðarþjónustunnar og hvort til stendur að hefja einkavæðingu inn á það svið. Það væri nú fróðlegt fyrir okkur, jafnvel fleiri en ræðumann og fyrirspyrjanda, að heyra hvað hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið í þessum efnum, ef eitthvað, eða hvort hugsanlega hafi verið samið eitthvað um þetta úti í Viðey eins og fleira, og þá hvað. Ég þarf svo sem ekkert að boða það, en það má alveg fljóta með, að ef það á að lesa á milli línanna að jafnvel eigi nú að láta drauma um einkaskóla og einkarekstur í heilbrigðisgeiranum rætast í þessari ríkisstjórn, þá verður það ekki gert nema í mikilli andstöðu við mig a.m.k.

Þá er enn fremur í úrræðum hæstv. forsrh. gamalkunnugur skolli á ferðinni þar sem talað er um að í auknum mæli skuli taka gjald fyrir þjónustu sem fyrirtæki og stofnanir á vegum hins opinbera veita. Þetta er náskyldur hlutur og spurningin er aftur sú sama: Hvar ætlar þá hæstv. ríkisstjórn að draga mörkin í þessum efnum? Á þetta jafnvel að ganga yfir heilbrigðiskerfið, skólakerfið almennt eða í einhverjum einstökum tilvikum? Þarna verður líka að mínu mati að gera einhvern talsverðan greinarmun á þeirri starfsemi sem hið opinbera hefur með höndum eða kemur nálægt eftir því hvers eðlis hún er og hversu viðkvæm sú þjónusta er. Og það er stutt leiðin á milli þess að hefja slíka gjaldtöku þótt hún geti í fyrstu umferð virst býsna sakleysisleg og yfir í hitt að slík gjaldtaka fari að mismuna þegnum þjóðfélagsins með tilliti til efnahags þannig að slík þjónusta verði forréttindi þeirra sem betur mega sín. Ef hæstv. forsrh. hefði eitthvað að segja okkur aðeins ítarlegar um þessi efni hvað ríkisstjórn-

in hefur hugsað sér í þessum málum.

Í sjötta lagi vil ég þá nefna vaxtamál sem nokkuð er komið inn á í þessari ræðu og verða nú e.t.v. hugsanlega rædd eitthvað meira hér í umræðum um skýrslu hæstv. fjmrh. Ég veit ekki í raun og veru hvar skal til taka þegar vaxtamálin ber á góma. Það er alveg ljóst að ég hef verið í hópi þeirra sem vilja gjalda mikinn varhug við óhóflegum vaxtahækkunum og mjög háu vaxtastigi. Ég óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun í morgun að hún taki saman fyrir mig upplýsingar um skuldsetningu helstu greina atvinnulífsins og ákveðna sundurgreiningu á slíkum upplýsingum sökum þess að ég held að það sé óhjákvæmilegt ef menn vilja reyna að skoða það eitthvað af skynsemi hvaða áhrif til að mynda þær raunvaxtahækkanir sem nú þegar blasa við og eru að hluta orðnar fyrir atbeina ríkisins, ríkisstjórnarinnar, hvaða áhrif þær hafi í þjóðfélaginu, þá verði menn aðeins að glöggva sig á skuldsetningu þeirra aðila í þjóðfélaginu sem greiða vextina. Því miður virðist það vera svo að menn gleymi æðioft að á vaxtadæminu eru tvær hliðar, debet og kredit í raun og veru. Menn horfa á þetta öðrum megin frá, að það sé eftirsókn í lánsfé og það sé jafnvægisleysi að því leyti og segja: Við verðum að kippa þessu í lag með því að hækka vextina. En menn mega þá ekki gleyma því að það gerist ýmislegt fleira heldur en kannski hugsanlega þetta að hækkandi vextir dragi úr eftirspurn eftir lánsfé og auki jafnvel eitthvað sparnað. Það er jú kennisetningin að svoleiðis eigi þetta nú að vera, en það gerist bara ýmislegt fleira sem líka hefur áhrif og líka eru efnahagsmál í sjálfu sér. Það þurfa einhverjir um leið að borga hækkandi vexti og það eru ekki endilega aðilar sem geta bara dregið það við sig að taka lán, bara pakkað saman og hætt því af því að vextirnir hafi hækkað. Það er nefnilega ekki þannig.

Ég held að það væri hollt fyrir hæstv. ríkisstjórn eða efnahagssérfræðinga hennar að skoða tímabilið 1985–1988 og reyna að rýna svolítið í það. Hvað var það sem gerðist á þessum árum? Því að vonandi eru menn ekki búnir að gleyma því að einmitt á þessum tíma fóru vextirnir í þær hæðir sem þeir hafa hvorki fyrr né síðar komist í. Þá vantaði ekki aldeilis að það væru nógu háir raunvextir. En sló það á þensluna? Læknaði það öll mein efnahagsmálanna á árunum 1985–1988, það háa raunvaxtastig sem þá var innleitt? Ekki aldeilis. Þvert á móti hefur ástandið aldrei verið verra en einmitt í lok hávaxtaskeiðsins og þenslan í raun og veru aldrei meiri heldur en undir lok þess skeiðs. Segir þetta okkur ekki einhverja sögu? Er ekki ástæða til þess að setja spurningarmerki við það að þessi fínu lögmál verki eins, þessir hlutir taki eins við sér hér uppi á Íslandi eins og þeir eiga að gera í fræðibókunum þeirra frjálshyggjumanna?

Það er nefnilega staðreynd, eða hefur a.m.k. verið hingað til nema eitthvað mikið sé þá að breytast, að hinn sérhæfði og litli og þröngi íslenski peningamarkaður lýtur bara ekkert þessum fínu lögmálum. Það er ekki hægt að stilla hann svona upp eða niður. Þensla á Íslandi verður ekki slegin niður í einu vetfangi með einhverjum vaxtaákvörðunum. Það er löng reynsla fyrir því. Menn gætu sagt sem svo að þeir vildu að það væri svo, að hér væri svo fullkominn markaður að hann hegðaði sér 100% eins og kennslubækurnar segja að hann eigi að gera úti í hinum stóra heimi. En það er bara löng reynsla fyrir því að hann gerir það ekki á Íslandi.

Það þarf að hyggja að ýmsu fleiru í hagstjórn og efnahagsmálum hér ef á að ná að halda jafnvægi heldur en þessum vaxtaþætti einum. Þess vegna finnst mér í stefnuræðu forsrh. og því sem enn hefur komið fram af ráðstöfunum eða áformum hæstv. ríkisstjórnar í raun og veru fjallað með furðu einfeldningslegum hætti um þessi atriði sem lúta að þenslunni og vaxtastiginu. Það er næstum að segja einhver barnsleg trú sem þar skín í gegn að það sé hægt að lækna þetta bara svona með einni vaxtahækkun og þá verði allt komið í samt lag, allt komið í jafnvægi og allir ánægðir og sælir eftir það. Það er nú ekki svo og út af fyrir sig væri fróðlegt, hæstv. forseti, að ræða dálítið rækilegar um þetta vaxtadæmi því að það er svo margt sem þar kemur inn í. En ef hæstv. félmrh. skyldi eiga leið hingað í þinghúsið á meðan ég er hér í ræðustóli, þá hafði ég hugsað mér að bæta lítillega við og víkja orðum að húsnæðismálum og vaxtaákvörðunum þar og ljúka þá kannski umfjöllun um vexti. Ef hins vegar hæstv. félmrh. er vant við látinn, þá gæti ég hugsað mér að skjóta þeim spurningum til hæstv. forsrh. því að ég þykist vita að það tali allir fyrir einn og einn fyrir alla í hæstv. ríkisstjórn í Viðeyjarstíl og það komi þá út á eitt þó að ég beini máli mínu þangað.

En þá aðeins í sjöunda lagi um evrópska myntkerfið sem vikið er að bæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem og í stefnuræðunni að ríkisstjórnin hafi áhuga á að láta athuga hvort stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið, eins og segir hér í þessu kveri sem maður er á góðri leið með að læra utan að, enda er það ekki langt. Og svo er vikið að þessu hér líka í ræðunni. Ég held að úr því að menn eru á annað borð farnir að velta vöngum yfir þessu og ætla að fara að setja skoðun í gang, þá sé mikilvægt að taka þetta til umræðu því að maður verður að ætla að hér séu menn að tala í alvöru, ekki bara að slá þessu svona fram í gríni þó menn séu gamansamir í hæstv. ríkisstjórn eins og kunnugt er. Ég vildi þá gjarnan, ef athugun verður sett í gang á þessum hlutum í annað borð, að það yrði skoðað fleira en bara evrópska myntkerfið og ég spyr: Þó svo að Evrópa sé mikilvægur markaður okkar Íslendinga, hvers vegna er ekki horft til þess að við eigum víða mikilvæga markaði sem lúta öðrum gjaldmiðlum? Þannig er það til að mynda þegar gengi krónunnar í dag er skoðað að þá er tekin þar ákveðin karfa sem tekur mið af helstu viðskiptasvæðum okkar og myntum á þeim. Ég held að það séu margar hættur því samfara, þessari hugsun að það sé hægt að leysa efnahagsvandamálin uppi á Íslandi m.a. með því að binda bara gengi krónunnar fast við einhverjar brautir úti í Evrópu. Þar með fái menn þennan stöðugleika sem menn hafi svo lengi verið að þrá. Og ég held, eins og reyndar hefur komið fram í þess-

ari umræðu, ég sé það í ræðum sem ég hef lesið úr umræðunni, að fyrir það fyrsta væru menn þarna að afsala sér í raun og veru einu viðamesta hagstjórnartækinu sem menn hafa haft í höndum, hvað sem um það má nú segja og beitingu þess, þ.e. að geta lagað gengi krónunnar að breyttum aðstæðum. Í öðru lagi held ég að það væri ákaflega óskynsamlegt að gefa sér það að hagsveiflur á Íslandi við okkar sérstöku aðstæður, okkar sérhæfðu framleiðslu hér til útflutnings væru samfara eða færu það vel í takt við það sem gerist á meginlandi Evrópu hjá iðnríkjunum þar að það væri skynsamlegt að binda þetta tvennt alltaf saman.

Við skulum nú segja að einhverjar þær framleiðsluvörur iðnríkjanna í Evrópu sem eru mikilvægar í þeirra útflutningi eða efnahagsmálum, stál eða kol eða hver fjandinn sem það nú kann að vera, bílar t.d., hrynji í verði. Er þá ástæða til að breyta gengi íslensku krónunnar vegna þess að Evrópugjaldmiðlar veikist af einhverjum slíkum ástæðum gagnvart öðrum? Eða öfugt, ef það gerist nú á sama tíma að afli vex á Íslandsmiðum og fiskur hækkar í verði. Ég held að menn verði að muna eftir því rétt eins og þegar menn eru að ræða við Evrópubandalagið um sérhagsmuni Íslands að þessir sérhagsmunir koma víðar fram heldur en bara í því að við þurfum að koma fiskinum á markað. Þeir þýða auðvitað líka að hagsveifla hér er allt önnur heldur en í okkar nágrannaríkjum vegna okkar sérhæfðu framleiðslustarfsemi og okkar sérhæfða efnahagslífs og útflutnings.

Við megum ekki gleyma heldur mörkuðum okkar vestan hafs og í Asíu sem að sjálfsögðu tengjast ekki Evrópugjaldmiðlum eða sveiflum þar og ég held að það sé ákaflega varhugavert að gefa sér það að það sé endilega einhlít og skynsamleg ráðstöfun að tengja þetta svona við Evrópumyntina. Vonandi lítur hæstv. ríkisstjórn ekki á þetta í þröngu ljósi heldur þá víðu ef hún er að skoða á annað borð með hvaða hætti væri hægt að tengja eða miða gengi krónunnar við erlenda gjaldmiðla.

Hæstv. forseti. Það hefði verið ástæða til þess mönnum til skemmtunar að lesa upp úr ræðu hæstv. forsrh. á bls. 15 og 16 þar sem fjallað er um sjávarútvegsmál. Satt best að segja setti endurtekið að mér hlátur þegar ég las þann kafla, frá greinaskilum ofarlega á bls. 15 og langleiðina niður bls. 16 og einhver hefði nú af prakkaraskap beðið hæstv. forsrh. um að þýða kaflann, hvað þetta eigi að þýða sem er nú sagt því að ég bókstaflega fæ ekki nokkurn skapaðan hlut út úr því og las ég þó þetta vandlega og af velvilja og með jákvæðu hugarfari eins og hv. þm. Einar Kr. Guðfinnsson sagðist hafa lesið annan texta hérna í ræðu fyrr í dag. Það er þó ekki hægt annað en að segja að umfjöllun hæstv. ríkisstjórnar um sjávarútvegsmálin er satt best að segja brjóstumkennanleg. En upp úr stendur þó að það á að skipa nefnd og svo var upplýst í svari hér í dag að hún á að vera sjö manna nefnd. Í henni eiga að vera þrír frá hvorum flokki og oddamaður sem ýmist alþýðuflokksmenn telja sig einir eiga að ráða eða samráð skuli verða um hver sé. Þetta hefur þó komið fram þegar um stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum og má segja að það sé nokkuð miðað við svona ýmislegt annað.

En besti kafli ræðunnar er tvímælalaust á bls. 16. Málsgreinin á miðri síðu er fjórar línur og ég ætla að leyfa mér að lesa hana. Þessi setning er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár."

Þetta er fínn kafli, góður „passus". Tvímælalaust það besta í ræðunni. (Gripið fram í.) Ja, það geta ýmsir tekið þetta til sín, en svo lengi sem hæstv. ríkisstjórn segir ekki og gerir ekki annað en þetta í landbúnaðarmálunum, þá er það í ágætis lagi.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ég sjái ástæðu til að koma víðar við í þessari ræðu nema þá að fara að tala í bundnu máli því að talsvert af því sem eftir er er nú kveðskapur eftir ýmsa menn. En ég ætla þá lítillega að ræða húsnæðismálin og hér er hæstv. félmrh. kominn og kemur þá aftur að umræðum um vexti og vaxtamál. Það verður að segja eins og er að því miður hlýt ég að álykta sem svo að hæstv. félmrh. hafi í þessari ríkisstjórn þegar beðið sinn fyrsta ósigur því að ég trúi því tæplega nema fá að heyra það af munni hæstv. félmrh. að með glöðu geði hafi sú ákvörðun af hennar hálfu verið tekin um vexti sem nýlega hefur verið tilkynnt. Þar á ég að sjálfsögðu við þá ákvörðun að breyta vöxtum á eldri lánum, húsnæðislánum allt aftur til ársins 1984. Ég hlýt að harma þá ráðstöfun, ég tel hana óskynsamlega og í raun og veru ómaklega gagnvart þessu fólki, þolendum þessa máls og ætla að fara um það nokkrum orðum hvers vegna ég tel að svo sé.

Það er alveg ljóst að sá hópur sem fyrir þessari breytingu verður, íbúðabyggjendur eða kaupendur frá níunda áratugnum, er búinn að ganga í gegnum ýmislegt. Hér eru á ferðinni m.a. þeir frægu misgengishópar sem fengu á sig og nýtekin lán sín á árunum eftir 1983 margillrætt misgengi lána og launa. Hér eru á ferðinni fyrstu kynslóðir í raun og veru þolendur verðtryggðra lána í mikilli verðbólgu sem auðvitað voru settir í allt aðra og mikið verri stöðu en næstu kynslóðir á undan sem höfðu getað ráðist í þessa stærstu fjárfestingu hverrar venjulegrar fjölskyldu á niðurgreiddum kjörum. Og þetta eru hópar sem sumir hverjir þurftu, vegna ýmiss konar breytinga og óáranar sem gekk yfir í húsnæðismálum þjóðarinnar, að bíða eftir lánum sínum, þurftu að þola kerfisbreytingar og þurftu að ganga í gegnum ýmsar hremmingar sem of langt mál yrði upp að telja.

Og enn er nú hróflað við forsendum þessa fólks og það afturvirkt. Þess vegna er það nú sem ég harma það af því að ég trúi ekki öðru en þetta hafi verið nauðug gjörð af hálfu hæstv. félmrh. Í ræðu félmrh. er að vísu talað um að hér séu ekki mjög stórar upphæðir á ferðinni, nefnd dæmi um fólk sem tók lán á árunum 1984–1986 og svo aftur hópinn eftir það að kerfið breyttist og talað um 11 þús., 22 þús. eða 10 þús. kr. af svona meðalláni sem greiðslubyrðin þyngist. Þegar

um meðallán er að ræða er auðvitað ljóst að þá verður stór hluti lántakendanna fyrir miklu meiri greiðslubyrði heldur en þarna er upp talið. Sjálfur hef ég á síðustu dögum reiknað ein tvö dæmi sem ég þekki til þar sem greiðslubyrðin þyngist um 30–40 þús. á ári. En þar með er bara ekki öll sagan sögð og reyndar vil ég fyrst undirstrika að það eru ekki endilega upphæðirnar í þessu máli sem skipta sköpum að mínu mati um eðli verknaðarins. Það er grundvallaratriði sem hér er til umræðu. Hvort síðan greiðslubyrðin þyngist um 22 þús. eða 44 þús. eða jafnvel 88 þús., það breytir ekki eðli verknaðarins. Það sem gert er, og því miður ekki í fyrsta sinn gagnvart hluta af þessu fólki, er að þeim forsendum, sem það gekk út frá þegar það tók sínar ákvarðanir um tiltekna fjárfestingu, er raskað og það er það sem er slæmt í þessu máli, fyrirvaralaust, án nokkurs aðdraganda.

Ég held að miklu skárri leið hefði verið sú sem rædd var t.d. í ráðherranefnd um húsnæðismál á sl. vetri, að gefa þá a.m.k. einhverja aðlögun að slíkri breytingu. Ég var sjálfur tilbúinn til þess að ræða málamiðlun af því tagi að vextir breyttust á lánum við eigendaskipti á íbúðum. Hvers vegna? Fyrst og fremst vegna þess að það breytir því grundvallareðli þessa máls að þá vita menn fyrir fram að hverju þeir ganga. Áður en þeir ganga til tiltekinna íbúðakaupa vita þeir að vextirnir munu breytast og hækka á áhvílandi lánum og geta reiknað dæmið út frá þeim forsendum. Það er grundvallaratriði í þessu máli.

Í öðru lagi hefði að mínu mati verið mun skárri aðferð en þetta að gefa tiltekinn aðlögunartíma frá stofndegi láns áður en vöxtunum var breytt, t.d. 10 ár eins og við ræddum í margnefndri ráðherranefnd sl. vetur. Þannig til að mynda að fyrstu lánin, lán tekin 1984, hefðu þá hækkað í vöxtum 1994 og síðan koll af kolli þangað til við værum búin að ná á tíu árum eða sex árum upp að nútímanum. Þetta hefði líka skipt máli vegna þess að yfirleitt er greiðslubyrði húsbyggjenda mest fyrstu árin, gjarnan fyrstu fjögur árin meðan eftirstöðvalán eru greidd upp og yfirleitt munar það miklu þegar fyrsti fjórðungurinn af 40 ára láni væri þannig greiddur upp. Með þessu móti hefðu á tiltölulega skömmum tíma náðst inn svipaðar tekjur fyrir byggingarsjóðina því að ár frá ári hefði þetta skilað byggingarsjóðunum vaxandi tekjum og minnkað vaxtamuninn. En eðli aðgerðarinnar væri allt annað og mun mannúðlegra að mínu mati og síður hægt að segja að þannig væri komið aftan að fólki.

Ég held að það verði líka að hafa það í huga að þetta fólk, sem tekið hefur lán til íbúðakaupa eða bygginga síðan 1984, verður fyrir vaxtahækkunum með ýmsum öðrum hætti en þessum. Að sjálfsögðu er þetta fólk einnig mjög gjarnan með lífeyrissjóðslán frá þeim tíma sem þau voru aðalfjármögnunin til hliðar við hið opinbera húsnæðislánakerfi og með ýmis önnur skammtímalán af ýmsum toga sem taka þá núna á sig að fullu vaxtahækkanir sem hæstv. ríkisstjórn beitir sér fyrir. Þannig að því miður verður það ekki þannig, óttast ég, þegar upp verður staðið að þyngingar greiðslubyrðarinnar verði bara 10 þús., 11 þús. eða 22 þús. að meðaltali eins og hér er reiknað út. Ég óttast það að við eigum eftir að sjá þar miklu ljótari dæmi, bara reynslunni ríkari af því að glíma við þau vandamál sem upp hafa komið hjá húsbyggjendum á undanförnum árum.

Ég held þess vegna að hæstv. ríkisstjórn hafi þarna því miður ekki tekið skynsamlega eða réttlætanlega ákvörðun og ég hlýt að þessu sinni að verða sammála höfundum Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins um það að það vanti algjörlega hinar siðferðislegu forsendur til að réttlæta þessa ákvörðun.

Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins víkur líka að því að misgengið sem búið var til með óskynsamlegum stjórnarathöfnum á árunum 1983–1984 og 1985 var í raun og veru siðleysi, hvernig þar var komið aftan að fólki og hér er höggvið í sama knérunn, því miður, og hefði maður þó ætlað að þessi hópur, þessi kynslóð sem baksað hefur í því á þessum síðasta áratug að koma sér upp húsnæði væri búin að þola nóg. Það hélt ég að skuldbreytingaaðgerðir, greiðsluerfiðleikalán, jöfnun á greiðslubyrði og annað því um líkt, sem menn hafa verið að baksa við allan þennan áratug til þess að reyna að koma til móts við gífurlega erfiðleika fólks á þessu sviði, væri búið að kenna mönnum. En því miður virðist svo ekki vera.

Það væri svo auðvitað fróðlegt, ef maður leyfði sér það að fara út í vangaveltur í framhaldi af þessu um kynslóðaskiptin á Íslandi, þau hin einu og sönnu kynslóðaskipti sem ekki eru mæld í árum heldur fyrst og fremst mæld í því hverjir komu til og réðust í þessa fjárfestingu fyrir tíma verðtryggingar, misgengis og vaxtasprengingar og hverjir ekki. Enn verður aukið á aðstöðumun kynslóðanna í landinu einmitt með þessum ráðstöfunum, með því að hækka vextina ofan á verðtryggð lán þannig að sá hópur sem ber skuldirnar í dag þurfi að greiða það enn dýrara verði en ávöxtun hinna sem eiga peningana — og skyldi það nú ekki einmitt vera kynslóðin sem fékk sérstaka hjálp á verðbólgutímanum m.a. við að koma sér upp húsnæði — hún verður aukin með þessum ráðstöfunum. Það er enginn vafi á því að ef draga á einhverja eina markalínu í gegnum landið þar sem verulega mikill aðstöðumunur er á ferðinni í þessum efnum, þá eru það þessi kynslóðaskipti sem ráðast af verðtryggingu fjármagns og háum vöxtum og ýmsum mislukkuðum stjórnarathöfnum á síðustu árum sem skapa þann aðstöðumun — og ekki bætir þessi ráðstöfun úr skák.

Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. á eftir að tala hér í umræðunni og ég veit svo sem ekki satt best að segja hvort ég á að leggja það á hana að biðja hana um að ræða þetta mál aðeins frekar eða reyna að rökstyðja það hvers vegna þessi niðurstaða varð fyrir valinu. Ég hefði þó haft áhuga á því að spyrja, hvort ekki hefði komið til tals í ríkisstjórninni að fara frekar þá leið að láta vaxtahækkanirnar koma inn á tilteknum tíma, við eigendaskipti á íbúðum eða eftir tiltekinn tíma frá stofndegi láns, þannig að ekki þyrfti að koma til þeirra afturvirku aðgerða sem hér er verið að kynna.

Hv. þm. Einar Kr. Guðfinnsson kom hér inn í umræðuna í dag og þá var þetta farið að líkjast venjuleg-

um eldhúsdegi fannst mér því að lítt hélt nú ræðumaður sig við dagskrárefnið, þ.e. stefnuræðu forsrh., en fór hér í talsverðar æfingar og gerðist dómari yfir málflutningi stjórnarandstöðunnar. Það var út af fyrir sig ágætt og ég hugsa að okkur gæti enst þessi umræða langt fram á sumar og jafnvel fram undir Jónsmessu ef allir stjórnarsinnar gengju jafnmyndarlega fram í henni og hv. 3. þm. Vestf. Einar Kr. Guðfinnsson. Hann fór meira að segja að lesa upp úr ræðu hæstv. fyrrv. forsrh. frá haustinu 1988 og taldi að hún hefði ekki verið mjög merkileg og satt best að segja hefði enn minni stefna komið fram í henni heldur en í stefnuræðu núv. hæstv. forsrh. og var það þá orðin réttlætingin af hálfu hv. þm. að það mætti finna dæmi um enn lélegri ræður eða ég skildi hans málflutning þannig. En ég hygg að hv. þm., þó að hann hafi ekki verið hér á Alþingi þá haustdaga 1988, hljóti að muna það að þá var við talsvert aðrar aðstæður að glíma. Þá var ekki ríkisstjórn að koma saman að afloknum kosningum heldur var mynduð í skyndingu ríkisstjórn til að taka við því þrotabúi sem Sjálfstfl. skildi eftir sig og eðli málsins samkvæmt var sú skyndihjálp efnahagslífsins og atvinnulífsins, sem þá varð að grípa til, efst á baugi og aðalumfjöllunarefni jafnt í stefnuræðu forsrh. sem umræðum almennt á því hausti. Það skapaði að sjálfsögðu allt aðrar aðstæður heldur en nú þar sem ríkisstjórn tekur við góðu búi að afloknum kosningum og hefur fátt sér til afsökunar að hafa ekki gengið frá ítarlegri stefnuskrá og stjórnarsáttmála annað en bráðræði við að komast í stólana.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. beindi til mín og studdust við heimildir, sem hann greinilega tekur mikið mark á, í tímaritinu Þjóðlífi, þá verð ég nú að hryggja hann með því að ekki kannast ég við þær tillögur eða þau plögg upp á sjö blaðsíður eða hvað það nú var sem þar er talað um og held ég að hv. þm. verði að ganga betur á heimildarmenn sína um það hvað þeir hafi fyrir sér í þessum efnum. Ýmislegt af því sem þar er upp talið kannast ég ekki við, annað gæti svo sem staðið heima, en í heildina tekið var þetta eiginlega nokkuð sérkennilegt innlegg, það verð ég að segja, í stefnuræðu forsrh. og ég sé ekki að umfjöllun um þessa heimild hv. þm. úr Þjóðlífi hafi mikið erindi inn í þessa umræðu, enda skildi ég ekki satt best að segja í fljótu bragði hvaða erindi það átti inn í umræðuna, hverju það hefði breytt eða skipt hv. þm. þó svo að eitthvað af því væri rétt sem þar er upp talið. Sú tenging kom a.m.k. ekki skýrt fram í máli hans en kannski getur hann aðstoðað mig við það að skilja samhengið í þeim efnum.

Úr því að stefnuræða hæstv. forsrh. er hér á dagskrá, þá vænti ég þess að sömuleiðis sé stefnuyfirlýsingin í þessu bláa kveri upp á þrjár síður eða þrjár arkir. Þar er í einum stað vikið að atriði sem ég hefði haft áhuga á að heyra hæstv. forsrh. fjalla ofurlítið nánar um. Þar stendur í 14. tölul. að ríkisstjórnin ætli sér að ná fram markmiðum sínum m.a. með því að endurskoða núgildandi kosningalög í þeim tilgangi að tryggja jafnræði með kjósendum og auka áhrif þeirra á það hverjir veljist til þingsetu. Ég hefði gjarnan viljað fá þýðingu á þessum texta líka. Hvað er hæstv. ríkisstjórn hér að fara? Hvað stendur til? Er það sem sagt orðið samkomulag milli stjórnarflokkanna að breyta kjördæmaskipan á nýjan leik? Ber að skilja það svo að það eigi að fjölga þingmönnum hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu eða hvað? Gæti hæstv. forsrh. upplýst þingheim um það hvað sé í vændum í þessum efnum því að eitthvað hlýtur að valda því að þessir hlutir eru settir svona á blað? Ég hefði haft gaman af því að heyra þó ekki væri nema eitthvert lítilræði frá hæstv. forsrh. um það.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi þá ekki mikið meira um þetta að segja. Ég hafði reyndar hugsað mér að ræða hér lítillega um aðdragandann að þessari stjórnarmyndun og andrúmsloftið almennt í kringum hana, en ég veit eiginlega ekki hvort það er ástæða til að leggja það á hv. þingheim og hæstv. ráðherra. Þeir hafa sjálfsagt um nóg að hugsa svo sem eins og nýgerðar skoðanakannanir í þeim efnum sem út af fyrir sig talar fyrir sig sjálft og segir, held ég, það sem segja þarf um andrúmsloftið í kringum þessa stjórnarmyndun og verður væntanlega aðstandendum hæstv. ríkisstjórnar nokkurt umhugsunarefni.

En það er þó ekki hægt að neita því að ýmislegt verkar satt best að segja sérkennilega á mann hafandi verið í ríkisstjórn og átt það maður best vissi ágætt samstarf við hæstv. ráðherra Alþfl. sem síðan hefur komið á daginn. Ég var nú í þeim hópi sem varð nokkuð undrandi kosninganóttina þegar tveir hæstv. ráðherrar Alþfl. komu í fjölmiðla, hvor í sínum fjölmiðlinum, og fluttu sömu ræðuna sem greinilega var vel undirbúin og vel lærð heima. Það var dálítið önnur ræða heldur en við höfðum heyrt í ríkisstjórninni dagana þá á undan og það var dálítið önnur ræða heldur en þjóðin fékk að heyra í kosningabaráttunni. A.m.k. rekur mig ekki minni til þess að frambjóðandi Alþfl. á Norðurl. e. hafi talað með þeim hætti á framboðsfundum sem þeir hæstv. ráðherrar Jónar tveir gerðu á kosninganóttina um leið og búið var að loka kjörstöðum. Sá grunur hefur óneitanlega læðst að mönnum æ oftar á sl. vikum frá því að kosningum lauk að eitthvað meira hafi verið búið að vinna að þessari stjórnarmyndun áður en sest var niður í Viðey heldur en látið hefur verið í veðri vaka.

Á baksíðu Dagblaðsins er greint frá því í dag, og ber blaðið þar fyrir sig áreiðanlegar heimildir að það telur úr þingflokki Alþfl., að núv. hæstv. viðskrh. og iðnrh. muni taka við stöðu seðlabankastjóra svona um mitt kjörtímabil. Nú verður að segja það eins og er honum til hróss að þetta er auðvitað skynsamleg ákvörðun, ef rétt er, af honum að forða sér vel fyrir næstu kosningar út úr stjórnmálunum og reyna ekki á gæfu sína oftar í kosningum. En þetta bendir til þess að ýmislegt sem sagt hefur verið um samkomulag um hitt og þetta löngu fyrir stjórnarmyndun eigi við einhver rök að styðjast. Hér var á það minnt af einum hv. þm. og ræðumanni áður í umræðunni að skipan Birgis Ísl. Gunnarssonar, fyrrv. hv. þm., í bankastjórastöðu hefði verið nokkurt umhugsunarefni í þessu sambandi og hugsanlegt er að þessum kaupum hafi þá fylgt frátek-

ið sæti fyrir næsta væntanlegan seðlabankastjóra, hver sem það nú verður.

Allt er þetta nú skrautlegt, svo ekki sé meira sagt, og hlýtur að hafa sín áhrif á þróun stjórnmálanna hér á næstu mánuðum og missirum, og hefur reyndar þegar gert það eða er þegar farið að gera það ef marka má hræringar sem skoðanakannanir virðast endurspegla og get ég ekki annað sagt en það að þjóðin virðist ætla að draga hárréttan lærdóm af því sem henni hefur verið boðið upp á í þessum efnum sl. daga og sl. vikur. Alþfl. fær vonandi sína refsingu, hana á hann skilið og ekkert annað. Sú ríkisstjórn sem ætti undir öllum venjulegum kringumstæðum með sæmilega sterkan þingmeirihluta að baki að hafa talsverðan stuðning og meðbyr þjóðarinnar í fyrstu, býr við merkilega rýran kost í þeim efnum, verandi að leggja af stað á nýju kjörtímabili.

Ég held að allur aðdragandi að stjórnarmynduninni, að uppleggið valdi því að svona er. Hæstv. ríkisstjórn verður því að taka sig heldur betur á ef hún á að geta vænst þess að sigla við meðbyr hér á næstu missirum í stjórnmálum. Ekki get ég nú sagt að fyrstu stjórnarathafnir auki manni trú á að svo verði og satt best að segja held ég að ákveðin axarsköft og mistök sem þegar hafa verið gerð valdi því að ekki bara við, pólitískir andstæðingar stjórnarinnar svo sem eðlilegt er að höfum ýmsar hugleiðingar, óttumst að nú sigli landsmenn aftur inn í svipaða óáran stjórnmálalega og efnahagslega og þeir bjuggu við hér fyrir nokkrum árum síðan heldur hefur greinilega þjóðin öll af þessu áhyggjur. Ég óttast það að sömu gömlu íhalds- og frjálshyggjuúrræðin, sem nú er byrjað á að grípa til, reynist nákvæmlega jafnilla, verði nákvæmlega jafnhaldlaus og þau reyndust t.d. á árunum 1985–1988. Og ég sé ekki hvers vegna, hvað það ætti að vera sem hefur breyst svo að til að mynda okurháir vextir í landi eins og Íslandi, þar sem atvinnulífið og einstaklingarnir upp til hópa eru mjög skuldsettir, hafi önnur áhrif nú heldur en þeir höfðu þá. Og því miður þarf þá ekki að sökum að spyrja, við þekkjum hvað af slíku leiðir.

Hæstv. forseti. Ég held að ég láti þá máli mínu lokið. Ég hef beint nokkrum atriðum til hæstv. forsrh. og félmrh. og vænti þess að þeir hæstv. ráðherrar sjái sér fært að víkja að þeim hér á eftir.

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins í örfáum orðum koma inn á húsnæðismálin sem hæstv. forsrh. gerði að umræðuefni hér fyrir kvöldmatinn og vísaði þá til ummæla sem ég hef haft um þau.

Ég vil upplýsa hæstv. forsrh. um það að í síðustu ríkisstjórn voru nokkuð skiptar skoðanir um það hvort leggja ætti niður 86-kerfið. Um það urðu miklar umræður og bæði Framsfl. og Alþb. lýstu miklum efasemdum og töldu að húsbréfakerfið hefði ekki fengið þá reynslu sem nauðsynleg er til að unnt væri að taka þá slíka ákvörðun. Eftir þessa umræðu varð það að samkomulagi að leggja fram frv. sem frestaði frekari greiðslum úr Byggingarsjóði ríkisins en ákveða ekki þá að leggja það niður, sú ákvörðun yrði að takast seinna. Á þetta var sæst. Það hefur núna fengist töluverð reynsla á húsbréfakerfið. Húsbréfakerfið er vafalaust hér til að vera. Hins vegar hefur það sýnt sig að sú mikla aukning á peningamagni til íbúðabygginga sem það hefur haft í för með sér er ofviða hinum litla íslenska fjármagnsmarkaði.

Ég hlustaði nýlega á erindi sem hagfræðingur Seðlabankans hélt, sem er manna kunnugastur þessu kerfi, Yngvi Örn Kristinsson mun hann heita. Þar upplýsti hann að útlán til íbúðabygginga hefðu aukist frá 1988–1989 þegar húsbréfin halda innreið sína um u.þ.b. 70%. Aukist á verðlagi ársins í ár úr rúmlega 9 milljörðum í yfir 16 milljarða. Ég er þeirrar skoðunar að nú sé sú reynsla fengin af húsbréfakerfinu að menn þurfi að taka þessi mál öll til endurskoðunar. Og það er skoðun okkar framsóknarmanna að það eigi að halda þessum kerfum báðum við. Það er alveg ljóst að þeir sem byggja í fyrsta sinn ráða fæstir við þau gífurlegu afföll eða með öðrum orðum þá háu vexti sem fylgja húsbréfakerfinu í dag, auk þess styttri lán en hjá Byggingarsjóði ríkisins. Og það er ekki nokkur vafi á því að þeir sem hafa lent í þessari, ég vil leyfa mér að kalla það svikamyllu á hinum íslenska fjármagnsmarkaði munu eiga um sárt að binda. Það er ekki nokkur vafi sem kom fram hér hjá einum ræðumanni í dag að greiðsluerfiðleikalána verður meiri þörf á næstunni heldur en nokkru sinni fyrr. Ég held að hæstv. ríkisstjórn verði að skoða málið í þessu ljósi og verði að athuga í fyrsta lagi hvernig er hægt að draga úr fjárútstreymi vegna íbúðabygginga og íbúðakaupa og í öðru lagi hvernig er unnt að hjálpa þeim sem byggja í fyrsta sinn. Ég held að það megi segja að það sé ofætlan að veita ríkistryggð skuldabréf öllum sem eru í íbúðabyggingum eða íbúðakaupum eins og nú er gert. Það verður að draga úr þessu, enda ætti varla að vera á því þörf. Að þessari reynslu sem núna er komin fenginni tel ég, og við framsóknarmenn, að það eigi að skoða það að 86-kerfið haldi áfram fyrir þá sem eru að byggja í fyrsta sinn. Þetta er í raun og veru ekkert nýtt. Við höfum lagt áherslu á það í allri umræðunni um húsnæðismálin á síðasta þingi m.a. og innan ríkisstjórnar að taka verði sérstaklega tillit til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn. Þeir eigi mestan rétt á aðstoð ríkisvaldsins. Ég get tekið undir það með ýmsum að það kann að vera eðlilegt að veita þeim sem byggja í annað sinn einhverja aðstoð, en ég held að eftir það eigi menn að fara að gæta sín á þessum málum og þar gætu húsbréfin verið eðlileg fjárhagsaðstoð og gangi þá á markaðsverði.

Ég harma það því, ef rétt er, að ákvörðun hafi verið tekin um það núna að leggja niður 86-kerfið og vísa öllum sem eru þar á biðlista yfir á húsbréfin. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að þá muni þrengslin þar verða enn þá meiri, framboðið enn þá meira og afföllin enn þá meiri. Og sú svikamylla sem ég nefndi þar áðan mun aukast mjög. Svo ég vildi nú koma þessum leiðréttingum á framfæri. Við stóðum að sjálfsögðu að húsbréfakerfinu og teljum það verðuga viðbót við húsnæðismálin, en vitanlega verðum við að læra af þeirri reynslu sem er fengin og hún er fengin

núna og verður dýrara verði keypt ef ekki er tekið á þeim málum á skynsamlegan máta.

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Hér fór fram fyrir nokkru umræða um Evrópska efnahagssvæðið í framhaldi af skýrslu utanrrh. um ráðherrafund EB og EFTA 13. maí sl. Ég gat því miður ekki verið þarna viðstaddur nema að litlu leyti og því blanda ég mér hér í almennar stjórnmálaumræður í framhaldi af stefnuræðu forsrh. með því að ræða fyrst og fremst um EES.

Hinn 9. febr. sl. skrifaði ég leiðara í blaðið Suðurland á Selfossi sem ég nefndi: „Forðumst fjötrana frá Brussel. Flýtum okkur hægt í EES og EB." Með leyfi hæstv. forseta vildi ég vitna til leiðarans enda eiga þau aðvörunarorð sem þar voru sögð enn þá vel við.

„Mikil umræða stendur nú yfir um hvort Ísland eigi að gerast aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði eða jafnvel verða beinn aðili að Evrópubandalaginu. Stærsti gallinn við þessar umræður er skortur á upplýsingum frá ríkisstjórninni um hvað felist í samningunum frá EES fyrir atvinnuvegina og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar yfirleitt. Engin viðhlítandi grein hefur verið gerð fyrir því hverjir eru kostir og hverjir gallar við Evrópska efnahagssvæðið. Samt er talað um að fyrir Íslands hönd verði skrifað undir þennan samning í vor eða sumar. Slík frammistaða utanrrh. og ríkisstjórnarinnar allrar er stórlega ámælisverð þó ekki sé meira sagt. Hér er því ástæða til að nema staðar og spyrja: Eigum við Íslendingar nokkuð erindi í þessi bandalög? Þjónar það markmiðum okkar sem lítillar þjóðar sem vill halda óskertu sjálfstæði sínu? Gera menn sér ljóst hvað hér hangir á spýtunni? Með því að ganga í Evrópska efnahagssvæðið verður Alþingi að samþykkja á einu bretti í haust löggjöf Evrópubandalagsins upp á 11.000 blaðsíður eða alls 1400 lög og tilskipanir. Við höfum enga heimild til að gera neinar breytingar á þeirri löggjöf í meðferð Alþingis. Hvað felst í þessum lögum? Með þeim innleiðum við hér á landi óheft frelsi eins og tíðkast innan EB í búsetu- og atvinnumálum. Frelsi til að stofna þjónustufyrirtæki, fjármagnsfyrirtæki og öllum viðskiptahömlum verður rutt úr vegi. Við verðum með öðrum orðum að veita 320 milljónum manna sem búa í EB fullt jafnrétti hér á landi á borð við íslenska þegna í öllum atvinnuefnum ef frá er skilinn landbúnaður og sjávarútvegur. Hætt er við að einhverjum muni þykja slíkt frelsi æði þungur baggi þegar erlend félög fara að seilast hér til umsvifa þar sem arðvænlegast er á fullum jafnréttisgrundvelli og íslenskir menn og félög. Hverjir munu þá verða að láta í minni pokann ef svo ber undir? Svarið liggur í augum uppi.

Annað er það sem menn hafa heldur varla áttað sig á. Settur verður upp sérstakur dómstóll EES. Hann fer með æðsta dómsvald í öllum sameiginlegum málum svæðisins og verður því yfirdómstóll Hæstaréttar í þeim efnum. Lög EES koma til með að ganga framar íslenskum lögum á öllum þeim sviðum sem efnahagssvæðið nær til og erlend eftirlitsstofnun verður æðsti stjórnsysluaðilinn. Í þessu öllu felst meira valdaframsal og skerðing á fullveldi þjóðarinnar en menn hafa flestir gert sér grein fyrir. Er aðild að EES kaupandi þessu verði? Hvað fáum við í staðinn?

Helsti ávinningur okkar að aðild EES væri tollfrjáls verslun með sjávarafurðir innan EB alls. Það var lengi okkar krafa. En nú er komið í ljós að því er algjörlega hafnað af yfirvöldum EB nema fiskveiðiréttindi komi á móti. Það viljum við ekki. Þar með er fallin um sjálfa sig aðalröksemdin fyrir inngöngu í EES eða EB. Þar við bætist að ein krafa EB í viðræðunum nú er að EFTA-löndin fallist á að leyfa innflutning á 70 vörutegundum á sviði landbúnaðar undir merkjum frjálsra viðskipta. Viljum við Íslendingar taka við slíku? Um þennan böggul skammrifsins hefur verið vandlega þagað af samningamönnum okkar.

Ég held að framtíð okkar sé best borgið utan slíkra bandalaga. Við fengum ekki sjálfstæðið 1944 til að glata því hálfri öld síðar.

En hver á þá stefnan að vera ef ekki aðild að EES? Því er auðsvarað. Við eigum að gera tvíhliða samninga við EB sem þýðir útvíkkun á þeim samningi sem við höfðum við bandalagið frá 1972. Það þýðir að tollfrelsi þarf að fást fyrir allar okkar sjávarafurðir en ekki u.þ.b. 80% af þeim eins og nú er. Þar að auki eigum við að stofna viðskiptasendiráð í Japan og hefja öfluga markaðssölu í Asíu sem er mesti framtíðarmarkaður allra Evrópuþjóða. Í þriðja lagi eigum við að framkvæma þá ályktun sem Alþingi samþykkti fyrir fjórum árum um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Það mál hefur alveg verið vanrækt af núv. stjórn. Þar liggja miklir ónýttir viðskiptamöguleikar eins og Kanadamenn hafa séð. Austur-Evrópa hefur verið mikilvægt viðskiptasvæði og bakslagið þar verður vonandi ekki til þess að viðskiptatengsl rofni heldur birti á ný. Þá má ekki vanrækja að huga að nánari utanríkisviðskiptatengslum við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga, en ásamt þeim getum við ráðið miklu um fiskveiðistefnu og framboð á sjávarafurðum frá Norður-Atlantshafssvæðinu.

Margt er því til ráða í alþjóðasamvinnu okkar og viðskiptum annað en að fjötrast miðstýringarvaldinu í Brussel og skerða fullveldi fyrir hagsmuni sem eru ímyndaðir en ekki raunverulegir."

Svo mörg voru þau orð frá 9. febr. sl. og sem enn eru í fullu gildi.

Þessu næst örfáar athugasemdir vegna yfirlýsingar ráðherrafundar Evrópubandalagsins og EFTA 13. maí 1991.

Það er rétt að undirstrika að áður en núv. ríkisstjórn tók við völdum hafði ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar leitt viðræður af Íslands hálfu ásamt öðrum EFTA-ríkjum við Efnahagsbandalagið um sameiginlegt efnahagssvæði í Evrópu sem skyldi verða skref til endanlegrar sameiningar þessara ríkja í eitt allsherjar Evrópubandalag. Það hefði í för með sér frjálsan flutning á vörum, fólki og fjármagni milli landanna ásamt sameiginlegri landbúnaðarstefnu og frjálsan aðgang aðildarríkjanna að fiskimiðunum. Gera má ráð fyrir að einhver aðlögunartími fáist til þess að koma þessum markmiðum í höfn en lokatakmarkið er þetta, það vil

ég undirstrika. Innri lög aðildarríkjanna verða að víkja gagnvart lögum bandalagsins og æðsta dómsvald í mörgum málum verður í höndum erlendra dómenda. Einhvern tímann á aðlögunartímabili þessara Evrópusamninga þarf að vísu að bera þá undir íslenska kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu og jafnframt að breyta stjórnarskránni en hæpið er að þá verði aftur snúið.

Þetta er Evrópumálið, sem núv. ríkisstjórn tók í arf frá fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. forsrh. Steingrími Hermannssyni. Að vísu sneri hann blaðinu við í áróðursstríði síðustu daga fyrir kosningar eða kannski hann hafi verið búinn að gleyma öllum þessum samningaumræðum eigin ríkisstjórnar. Nú skiptir það reyndar ekki máli lengur hverju Steingrímur gleymir eða hvað hann man. Það sem skiptir máli í dag er að ganga varlega og með galopin augun til þessara viðræðna og gefa síðan Alþingi kost á því að fjalla um þetta viðkvæma mál, samþykkja hugsanlegt samningsuppkast eða hafna.

Þegar rætt er um aðild Íslands að EES hefur mjög mörgum sést yfir að slík aðild kemur til með að hafa byltingarkenndar breytingar í för með sér á stöðu fyrirtækja og atvinnulífsins í landinu. Gert er ráð fyrir að samþykkja verði alls 1400 lög vegna aðildarinnar, 11.000 blaðsíður að lengd. Þessi lög hafa því að meginmarkmiði að innleiða ákvæði sambærileg lögum EB í íslenskan rétt. Hvað þýðir þetta í framkvæmd? Hér er um að ræða að ríkisborgurum allra EB-landanna og EES-landanna verði veitt jafnrétti á við íslenska borgara á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins. Þau svið eru þjónustuviðskipti, stofnun atvinnufyrirtækja á flestum sviðum utan sjávarútvegsins, frelsi og jafnrétti til fjármagnsflutninga og jöfn atvinnu- og búseturéttindi. Hætt er við að samkeppnisaðstaða íslenskra fyrirtækja geti orðið allt önnur og verri þegar erlend fyrirtæki hafa hér jafnrétti til starfa, m.a. vegna þess hve íslensk fyrirtæki eru háð lánsfjármagni til uppbyggingar og nýtískureksturs. Hér verður heimilað að stofna erlenda banka og fjármagnsfyrirtæki svo dæmi séu tekin. Og í öllum greinum þjónustufyrirtækja fá borgarar ríkjanna 18 jafnrétti á við Íslendinga. Nú er hins vegar krafist íslensks ríkisborgararéttar til verslunarrekstrar og margs annars hér á landi. Hafa menn gert sér grein fyrir því hver áhrif slík óheft erlend samkeppni fyrirtækja milljónaþjóðanna getur haft á hina litlu markaði hér á landi? Er ekki hætt við að kostur ýmissa Íslendinga sem í rekstri standa verði æði mikið þrengdur frá því sem nú er?

Ég vil í þessum umræðum varpa fram nokkrum spurningum sem reynst hefur erfitt að fá svar við. Það virðast allir vera sammála um að ekki komi til greina að heimila erlendum veiðiskipum að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Eins hefur af hálfu margra þingmanna, m.a. sjútvrh. og formanns utanrmn., komið fram sú skoðun að við höfum ekkert í EES að gera nema við fáum fullar tollaívilnanir á fiskafurðir okkar í ríkjum Efnahagsbandalagsins. Er hæstv. utanrrh. sammála þessu? Ef þessi atriði nást fram í samningum, verður það þá gert á kostnað landbúnaðarins og heimilaður innflutningur landbúnaðarafurða? Í skýrslum ráðherra má lesa í 14. lið að svo verði gert, m.a. með unnar landbúnaðarvörur og hugsanlega garðávexti, sams konar vörur og ræktaðar eru í gróðurhúsum á Íslandi. Slíkt gæti á skömmum tíma gengið af þessum greinum landbúnaðarins dauðum og því spyr ég utanrrh.: Er verið að versla með þessi atriði í samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði? Sú verslun hófst þá að sjálfsögðu í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Vonandi stendur hún ekki enn þá.

Í 10. lið yfirlýsingarinnar frá ráðherrafundinum er fagnað því samkomulagi sem náðst hefur í tengslum við hindrunarlausa fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipta. Víst er gott að eiga aðgang að stórum markaði í Evrópu. Þann aðgang höfum við þó í dag að mestu leyti. Allar okkar iðnaðarvörur fara þar tollfrjálst inn og 80% af okkar sjávarafurðum. Eftir hverju er þá verið að sækjast? Borgum við ekki aðildina of dýru verði? Menn verða að gera sér ljóst hvaða böggull fylgir hér skammrifi. Umræða um það hefur verið allt of lítil. Menn vita ekki hvað aðildin felur í sér. Landið verður opnað fyrir atvinnuumsækjendum og fjárfestingum milljónaþjóðanna sem vinsa bestu bitana úr þar sem hagnaðurinn er mestur. Sitjum við þá uppi með ruðurnar einar. Þeirri spurningu er beint til hæstv. utanrrh.: Þýðir þetta að erlend fyrirtæki geti keypt íslensk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki? Og geta þessir erlendu fjármagnseigendur hugsanlega eftir stuttan aðlögunartíma fest kaup á fasteignum og jörðum hér á landi eða jafnvel orkuvirkjunum? (**HG:** Hvar er utanrrh.?) Ef svör við þessum spurningum eru jákvæð minni ég á að við erum að semja fyrir komandi kynslóðir á Íslandi um afsal á fullveldi okkar og auðlindum og þá eigum við að standa utan við þessi bandalög og finna aðrar leiðir til að tryggja utanríkisviðskiptahagsmuni okkar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa menn varið mörgum dögum í að ræða lítið efni sem er sú stefnuræða sem hæstv. forsrh. flutti þingi og þjóð nú á dögunum. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er við upphaf ferils síns óvinsælasta ríkisstjórn á Íslandi frá því mælingar hófust. Ríkisstjórnin er ekki óvinsæl vegna þess að stjórnarsáttmálinn er þunnur í roðinu og segir ekkert um ferðalagið sem er í vændum. Hæstv. ríkisstjórn er á leiðinni til frjálshyggjuvallanna. Þessi ríkisstjórn er ekki óvinsæl vegna stefnuræðu hæstv. forsrh. sem segir lítið um ferðalagið. Ríkisstjórnin er óvinsæl vegna sinna fyrstu aðgerða. Hún er óvinsæl af sínum fyrstu verkum og óvinsældir hennar munu vaxa haldi hún áfram með sama hætti.

Fólkið í landinu er hrætt við fyrstu skref þessarar ríkisstjórnar. Það er ekki að ástæðulausu því að fyrstu aðgerðirnar hræða. Fólkið í Reykjavík og fólkið í byggðunum er hrætt við þá ríkisstjórn sem nú hefur tekið við völdum á Íslandi. Það finnur nú að til valda hafa sest menn sem bera kannski ekki mikla virðingu fyrir því sem vel hefur gefist, menn sem ætla að fara aðrar leiðir en þjóðarsátt var um. Viljinn til sáttargerð-

ar og samkomulags er horfinn, enda kallaði hæstv. forsrh. slíkt að flengja sjóinn í stefnuræðu sinni. Engum þurfti að koma slíkt á óvart. Þar talaði maður sem nánast hefur stjórnað sem einræðisherra í einu stærsta fyrirtæki á Íslandi nú í átta ár.

Það er á fyrstu starfsvikum þessarar ríkisstjórnar sem stjórnarflokkarnir tapa frá sér þriðja eða fjórða hverjum fylgismanni sem þeir plötuðu til að kjósa sig í kosningunum 20. apríl. Það gera þessir flokkar vegna þess að fólkið sem kaus þá hefur nú áttað sig á að stefna þessarar ríkisstjórnar er með og fyrir þá ríku en gegn þeim mörgu, smáu og fátæku.

Alþfl. mælist nú með 9,5% kjósenda og sex þingmenn. Sjálfstfl. mælist hins vegar með 40% fylgi og 26 þingmenn. En það vita allir að Sjálfstfl. mælist stærri í skoðanakönnunum en í kosningum. Formaður Sjálfstfl. sagði sjálfur að allir vissu að flokkurinn fengi 10% minna fylgi í kosningum en í könnunum. Þetta sagði hann þegar hann glímdi við hæstv. sjútvrh. á frægum landsfundi fyrir stuttu síðan. Ég hygg að þessi skoðun Davíðs Oddssonar sé rétt. Það þýðir að stjórnarflokkarnir sem nú hafa aðeins ráðið ríkjum á Íslandi í tæpar fjórar vikur hafa ekki lengur á bak við sig meirihlutavilja þessarar þjóðar. Ef gengið yrði til kosninga nú hefðu þessir flokkar trúlega ekki nema 25–26 þingmenn á Alþingi Íslendinga. Slíkur er hugurinn sem fylgir þessari ríkisstjórn úr garði eftir nokkurra daga verkstjórn.

Það hefur orðið mikið vinsældahrap hjá barnungri ríkisstjórn. Alþfl. kom vel fram genginn úr fyrri ríkisstjórn en nú eru góðir drengir fjötraðir í heljarböndum. Alþfl. er nú eftir fjögurra vikna samstarf við íhaldið það grátt leikinn að kosningar yrðu spurning upp á líf og dauða. Er það hart að hafa svo selt líf sitt í hendur kvalara síns, en auðvitað er það svo að þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur.

Nú ber svo við að öllum þingheimi mun verða boðið til Þjóðleikhússins í þessari viku að sjá eitt verka Þjóðleikhússins. Nafn leikritsins vekur forvitni mína og fleiri þingmanna því að leikritið heitir Ráðherrann klipptur. Mér kemur til hugar að Þjóðleikhúsið hafi verið svo frjótt í hugsun sinni eftir að hv. samþingmaður minn Árni Johnsen og hæstv. fyrrv. menntmrh. hefðu rutt í það 700 millj. til breytinga og brambolts, að nú eigi að setja á svið merkilegt stykki þar sem þeir sýna hvernig hæstv. forsrh. fer að því að klippa fylgið af flokki sínum og vinsældirnar af sjálfum sér. Mér kæmi til hugar að frjóleiki Þjóðleikhússins yrði með þeim hætti að þegar við komum hér saman á haustdögum verði þeir með nýtt stykki á fjölunum sem gæti heitið Hvar er ráðherrann með hattinn og menn hans?

Það stefnir vissulega í það að flokkur ráðherrans með hattinn og menn hans séu að hverfa út úr íslenskri stjórnmálasögu. Slík eru verkin eftir fjögurra vikna starf í ríkisráðinu. Kannski spaugstofan úr Viðey verði til þess að frjóvga mjög leikritagerð og menningarstarf í íslensku samfélagi. Kannski hún verði til þess að rithöfundar þurfi ekki styrki úr ríkissjóði, að menningin dafni í skjóli þeirra spaugilegu atriða sem hér hafa farið fram á Alþingi Íslendinga og við myndun þessarar óvinsælustu ríkisstjórnar frá því að mælingar hófust, hæstv. forsrh. Þar er sparnaður upp á nokkur hundruð milljónir fyrir ríkisstjórnina ef svo vel tekst til.

Hæstv. forseti. Ég verð eigi að síður að viðurkenna það hér á hinu háa Alþingi að ég bar góðan hug til þessarar ríkisstjórnar. Ég árnaði henni heilla og vænti þess að þar gengju að störfum menn sem vildu láta gott af sér leiða. Ég vildi trúa því a.m.k. að það yrði borin virðing fyrir þjóðarsáttinni og þeirri von sem alþýðan á Íslandi bar í brjósti um að lífskjarajöfnun væri næsta skrefið á Íslandi. Ef ríkisstjórnin bar ekki virðingu fyrir óskum alþýðunnar, þá hélt ég að hún skynjaði mikilvægi breyttrar rekstrarstöðu fyrirtækjanna á Íslandi. Lág verðbólga, lægri vextir og stöðugleiki er það sem forráðamenn þeirra segja að hafi valdið byltingu á síðustu tveimur árum undir forustu Framsfl. í ríkisstjórn. Það er nákvæmlega sama hvar í flokki menn eru sem stjórna fyrirtækjum. Þeir segja: Staðan er gjörbreytt hjá íslenskum fyrirtækjum og það er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut sem nú hefur verið mörkuð. En nú sjá allir sem heyra og sjá að mál munu á örskömmum tíma þróast í það sama og var 1987 og 1988.

Það er enginn vafi á því að fyrstu skref þessarar ríkisstjórnar eru lík því sem gerðist á árunum 1987–1988. Stjórnarsáttmálinn segir ekkert, stefnuræðan segir ekkert og aðgerðirnar eru allar enn á einn veg. Að koma hlutunum í það sama horf og lagði íslensk fyrirtæki að velli svo til haustið 1988. Það yrði örlagarík niðurstaða fyrir vinsælasta borgarstjóra heimsins, ef hann rústar íslenskan efnahag á einu sumri, ef fyrirtækin standa í þeim sömu sporum og þau stóðu í á haustdögum 1988.

Ég vil því vona að innan þessarar ríkisstjórnar myndist smástjórnarandstaða. Ég vil treysta á hæstv. sjútvrh., sem lærði svo mjög mikið á þeim tíma sem hann var forsrh., sem hét Einari Oddi og öllum þeim að slíkt skyldi aldrei koma fyrir framar ef hann yrði forsrh. á ný. Hann verður að þjappa saman stjórnarandstöðu í Sjálfstfl. þar sem menn snúast til varnar. Hann getur farið um Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn, hann getur farið um Selfoss og Vík og spurt hvort hann eigi ekki að halda áfram þeirri stefnu sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði. Ég hygg að hann hafi óþægilega oft verið minntur á hina 13 óhappasömu mánuði sem honum mistókst í forsrn. Það kynni þó ekki að vera að ef hann beitti harðri stjórnarandstöðu gegn þeim aðgerðum sem nú eru hafnar og sem munu koma fram á íslenskum vinnumarkaði á næstu mánuðum, að hann yrði endurreistur. Það er mikilvægt að hafa öflugan húsbónda í Stjórnarráðinu. Að vísu vil ég trúa því að borgarstjórinn, eftir þessa ræðu mína hér, taki sig til og lesi þá harmsögu sem félagi hans, hæstv. sjútvrh., lenti í á þessum 13 mánuðum og hafði heitið þjóð sinni, flokki sínum, atvinnulífinu og verkalýðshreyfingunni að slíkt skyldi aldrei koma fyrir sig aftur, að hæstv. forsrh. láti það verða sitt fyrsta verk að hafa þá sögu til lestrar meðan vornóttin er björtust og muni síðan breyta stefnu sinni.

En hvað er það sem ríkisstjórnin hefur gert á stuttum ferli? Hefur hún eitthvað gert? Hvað er það sem hræðir svo mjög sem hún hefur aðhafst? Skyldu það ekki vera ólánsvextirnir sem eiga þar hlut að máli? Þegar við sem áttum aðild að fyrri ríkisstjórn, ég og hæstv. viðskrh. nú og þá, vorum að tala saman, vorum við stundum sammála og æði oft. En þá vorum við yfirleitt að tala um skitna nafnvexti, yfirleitt að tala um mikið samkomulag sem þyrfti að ríkja, yfirleitt að tala um það að vaxtakjörin væru einn mikilvægasti þátturinn, ekki bara í rekstri fyrirtækjanna heldur fólksins á Íslandi. En við vorum að glíma þá við skitna nafnvexti. Hvað hefur gerst nú?

Hæstv. fjmrh. hélt hér fjálglega ræðu þá og talaði við fyrirrennara sinn, hv. þm. Ólaf Ragnar, og kallaði hann vaxtakóng. Nú er íslenska þjóðin að eignast nýjan vaxtakóng því að fyrsta keyrslan á þessum fjórum *vikum ríkisstjórnarinnar hefur verið með því einu* að keyra upp raunvaxtastigið á Íslandi. Ég trúi því að hv. þm. og félagi minn Eggert Haukdal líti undan, því að vissulega er það þetta sem fyrirtækin og fólkið óttast. Það er þetta sem gerir það að verkum að nú situr við völd óvinsælasta ríkisstjórn frá því að lýðveldið var stofnað sem er dæmd til að tapa af sér þriðja eða fjórða hverjum manni yrði gengið til kosninga.

Vextir ríkisvíxla hækkuðu úr 11,5% upp í 14% á einu bretti. Nokkrum dögum síðar hækkuðu þeir raunvextina á spariskírteinum ríkissjóðs úr 6,6% upp í 7,9 og 8,1%. Skynja menn nú hvaða kapphlaup fer í gang? Dettur mönnum það í hug að bankakerfið sem hefur verið með vexti á sparisjóðsbókum, á megninu á fjármagninu, upp á 3,5%, hæstu raunvextir upp í 5,75%, geti setið kyrrt? Hér fer Einbjörn að toga í Tvíbjörn. Hér hefst barátta.

Hæstv. ríkisstjórn hefur því miður ekki leitað samkomulags við þá aðila á Íslandi sem ráða fjármagninu og vaxtaþróuninni. Þeir segja: Þetta var orðið, við erum að viðurkenna staðreyndir. En hitt er ljóst og á öllum að vera ljóst að það er ekkert reynt að fara aðrar leiðir, ná samkomulagi o.s.frv. Auðvitað vissi maður það að hjá fyrri ríkisstjórn voru ákveðin vandamál í gangi. Jóhanna barði húsbréfin við bakhlið Stjórnarráðsins þá. Húsbréfin hafa því miður verið vandamál og hafa því miður gert það að verkum að raunvextir á Íslandi hafa hækkað. En það bar að leita leiða því ýmislegt hefur farið úrskeiðis. Núv. ríkisstjórn bar að gera það sem hin ætlaði sér en vannst ekki tími til, leita samkomulags við lífeyrissjóðina um fjármögnun, leita eftir því að Seðlabankinn, sem er viðskiptavaki húsbréfanna, standi við sitt hlutverk. Þetta bar að gera. Það bar jafnvel að loka þessu húsbréfakerfi um sinn til að *stöðva afföllin, spenninginn í þjóðfélaginu.* En ekkert af þessu var gert. Keyrslan á raunvöxtum hófst upp á við.

Síðan sjáið þið þetta á fleiri sviðum. Vextir á húsnæðislánum hækka, var það ekki úr 3,5% í 4,9%? Þar var heill milljarður á einni nóttu lagður á herðar íslenskra heimila. Stjórnarherrarnir segja að þeir hafi frekar viljað fara þessa leið en fara í skattahækkanir. Þó er það ljóst að hefði verið farið í skattahækkanir, þá hefði verið hægt að leggja þær á ákveðin breið bök í íslensku samfélagi sem þær hefðu engu máli skipt. Hér eru *hundruð manna sem eiga aleigu sína í bréfum*, ekki 50 millj., ekki 100 millj., heldur jafnvel 150 eða 200 millj. kr. og borga ekkert til ríkisins eða sveitarfélagsins. Þarna var leið.

Nú mun það gerast að þetta fátæka fólk sem hafði gert sér áætlanir fram til aldamóta stendur frammi fyrir því að enn verður það að leita á náðir hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Biðraðir munu lengjast sem biðja um skuldbreytingu vegna vaxtahækkunarinnar. Fólk í þrotum mun koma og leita á náðir hæstv. félmrh. og biðja um skuldbreytingu því vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar standi það ekki undir þeim áætlunum sem það hafði gert um sín fjármál. Mér skilst að vextir í verkamannabústaðakerfinu, sem hafi verið 1% muni á næstunni eða hafi þegar verið hækkaðir, ég hef *ekki verið heima um sinn*, hafi hækkað eða verði hækkaðir. Hæstv. forsrh. hristir höfuð sitt og hefur það þá ekki gerst enn þá. (**Félmrh.:** Þú samþykktir þá hækkun.) Margt gerði maður nú fyrir hæstv. félmrh. til þess að halda friði á hinu fyrra heimili ríkisstjórnarinnar sem maður studdi.

Ég held að það hefði verið mjög mikilvægt fyrir hæstv. ríkisstjórn að leita annarra leiða, að fara ekki í þessar stórkostlegu raunvaxtahækkanir. Menn verða að gá að því að þetta eru stórkostlegar raunvaxtahækkanir. Bankarnir sumir hafa á orði að nota sér nú aðstæðurnar og auka vaxtamuninn. Eftir höfðinu dansa limirnir og börnin á heimilinu reyna að nota sér þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að hæstv. ráðherrar leiti samkomulags þegar um að fara aðrar leiðir. Þeir eru með aðgerðum sínum að rjúfa samkomulagið í íslensku þjóðfélagi. Þeir munu standa frammi fyrir því á haustdögum að samkomulagið verði rofið nema þeir leiti annarra aðgerða. Þetta sér hver læs maður í yfirlýsingum verkalýðsins, í þeim ótta sem nú ríkir hjá íslenskum forráðamönnum í fyrirtækjunum. Launþegarnir munu spyrja eftir kauphækkun og stríðsdansinn á vinnumarkaðinum byrjar strax nema stefnunni verði snúið við.

Hér er mættur hæstv. landbrh. Ég ætla að gleðja hann með því að ég hef ráðlagt ýmsum þeim mönnum sem nú sitja í ríkisstjórn og eiga aðild að henni í flokkum sínum að minnast 13 mánaða ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og hefja innan flokksins öfluga leiðsögn þar sem hinu unga, óharðnaða liði verður vísað frá villu síns vegar.

En það er ljóst mál að þessi ríkisstjórn ræðst ekki bara að því að hækka vextina. Hvar byrjar hún að skera? Voru það ekki 350 millj. kr. sem á beint að skera af vegafénu? Hæstv. samgrh. verður vandi á höndum ef svo fer fram sem nú horfir.

Vissulega eru víða hættur. Mér finnst hætturnar vera meiri á milli línanna í stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar í sögðum og ósögðum orðum, í glaðbeittu brosi manna heldur en í því sem hefur komið fram. Það ríkir glaðværð nú yfir félaga Hannesi Hólmsteini og fleirum hans skoðanabræðrum. Og vissulega óttast ég og fann

það í ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals hér áðan að hann hefði áhyggjur af samningunum úti í Evrópu. Þetta er ræða sem hann á að halda á hverjum degi í sínum flokki og á hverjum þingflokksfundi á hann að rísa upp í lokin og halda þrumandi ræðu um EES. (**EH:** Ég hafði áhyggjur af samningaviðræðum fyrrv. ríkisstjórnar. Það voru þær sem eru aðaláhyggjuefnið.) Vissulega var ástæða til þess að hafa áhyggjur þá og það hafði ég með hv. þm. En nú hefur beislið verið tekið út úr hæstv. utanrrh. og hann ferðast frjáls um heiminn. Hann einn fer með málið. Ég bið stjórnarandstöðuna í Sjálfstfl. að reyna að koma á ný upp í hann beislinu. (Gripið fram í.) En þeir höfðu bæði á honum taglband og beisli uppi í honum allan tímann. (**Forseti:** Forseti biður hv. þm. um að vera ekki með samtal í salnum.) (Gripið fram í.) Hann hófst nú á dögunum um leið og beislið var tekið út úr hæstv. utanrrh. (**SJS:** Hver hafði beislað hann þá?) Það er margt að óttast og ég bið hæstv. ríkisstjórn að ganga hægt um gleðinnar dyr.

Eitt er skelfilegt að sjá í þeim sáttmála sem nú hefur verið gerður. Það eitt getur kostað íslensku þjóðina sjálfstæðið. Það er ætlunin að binda íslensku krónuna við erlendan gjaldmiðil. — Hæstv. landbrh. tekur sig til og fer að lesa þann sáttmála sem ríkisstjórnin hefur gert. Ég hygg, miðað við það efnahagsástand sem hér hefur oft ríkt, að við gætum lent í ægilegri stöðu ef við höfum afsalað okkur frelsinu yfir því að ráða okkar gjaldmiðli. Við getum séð fyrir okkur að þá væru þeir einir ábyrgir í samfélaginu, mennirnir sem reka sjávarútveginn á Íslandi. Þeir einir vissu að þeir mættu engan glæfrasamning gera um kaup á vinnumarkaði. En fyrir kosningar gæti það hent að borgarstjórinn í Reykjavík eða hæstv. ríkisstjórn gerði óheyrilegan samning við opinbera starfsmenn. Slíku yrði ekki fleytt áfram. (**ÓRG:** Eins og gerðist 1989.) Nema þá var gjaldmiðillinn ekki — ja, hann var bundinn þá. Auðvitað var það svo að menn upplifðu það þá í sjálfu sér að sjá þetta fyrir sér, óðaverðbólgu, verðstöðvunina sem lenti á frystihúsunum. Auðvitað sjá menn þetta fyrir sér. Þetta er hættumerki sem ég bið hæstv. ráðherra, ekki síst landsbyggðarmenn þá fáu sem eru í hópnum, að íhuga gætilega og taka til skoðunar. Nú sé ég að hæstv. landbrh. hefur lesið sér til um málið, brosir blítt og mér líður betur.

Síðan eru það auðvitað mörg mál sem eru í aðsigi sem maður hefur ekki séð enn þá á borðunum. Það er sala ríkisfyrirtækja, sala á ýmsu því sem ég ætla ekki að fara hér út í að ræða. Maður á yfirleitt ekki að ræða um hluti sem ekki hafa verið settir fram og ekki eru í augsýn. Ég held að það eigi ekki að gera. Hins vegar er það svo að auðvitað tekur þessi ríkisstjórn við töluverðum vanda. Ég veit að hæstv. landbrh. er vandi á höndum í nýju starfi. Auðvitað var það svo að þeir sem studdu fyrri ríkisstjórn hafa aðeins talað úr pokahorni sínu í ýmsum málum nú eftir að kosningar eru gengnar hjá garði af því að þeir þurftu að taka tillit til félaga sinna. Þetta hefur hent í ýmsum málaflokkum og þá ekki síst sem varða hæstv. iðnrh. og fleiri.

Nú hef ég vissulega miklar áhyggjur af því sem fram undan er í íslenskum landbúnaði. Ég hef aldrei verið sannfærður um að sá búvörusamningur sem ríkisvaldið og Stéttarsamband bænda gerðu með sér sé gallalaus. Ég held að í honum séu miklar hættur fólgnar sem menn þurfi að hafa í huga. Ég hef aldrei verið sannfærður um að það eigi að gera landbúnaðinn að markaðstorgi peningahyggjunnar. Ég er ekki búinn að sjá fyrir afleiðingar þess samkomulags sem gert var. Það var kannski skiljanlegt að menn reyndu að leysa vandann í sauðfjárræktinni með uppkaupum á rétti. En við skulum huga að því sem nú heyrist manna á meðal að kvótinn í mjólkinni eigi að fara að seljast, lítrinn á 100, 200 eða 250 kr. Þarna sé komið í gang markaðstorg þar sem sá smái verður undir, þar sem réttinum verður ekki komið til þeirra fátæku, til þeirra með verðtryggðu skuldirnar. Þeir ganga ekki á sölutorgið og kaupa réttinn fyrir þetta verð. Þess vegna er þarna atriði sem löggjafarþingið sjálft þyrfti að taka til skoðunar og umræðu því að ég hygg að það væri mikil vá fyrir dyrum ef slík peningahyggja ryður sér inn í íslenskan landbúnað.

Ég tel að menn ættu að hafa rétt til þess að skipta sín á milli á sauðfjárrétti og mjólkurrétti en að uppkaupin færu fram í gegnum Framleiðnisjóð eða uppkaupasjóð eða Framleiðsluráð og væru síðan endurseld þaðan. Hverjir munu bíða tjón ef þessar vangaveltur mínar eiga við rök að styðjast? Það eru íslenskir neytendur. Þetta mun hækka vöruverðið. Það eru íslenskar byggðir sem munu drúpa höfði ef þetta á við rök að styðjast. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að menn skoði þær hættur sem má koma í veg fyrir án þess að rjúfa sáttargerðina, einungis með reglugerð og samkomulagi við Stéttarsambandið og bændurna í landinu.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa ræðu mína öllu meira. Mér þótti mikilvægt að hafa tekið til máls áður en haldið er heim í sumarfrí. Samviska mín sagði mér að það væri mikilvægt að segja þessari ríkisstjórn, sem svo gáleysislega hefur lagt af stað í mikið ferðalag, að hún þyrfti að endurskoða aðgerðir sínar, læra af staðreyndum sem liggja fyrir skammt aftur í tímanum, taka sig á í tilverunni og skila að ferli sínum loknum, Íslendinga vegna, góðri afkomu og góðu búi.

Viðskiptaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Suðurl., vék eins og margir fyrri ræðumenn að vaxtabreytingum sem voru meðal fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Það sem þar skiptir mestu máli er að vaxtahækkun var óhjákvæmilegt andsvar við þensluhættu í þjóðarbúskapnum. Þetta lá ljóst fyrir þegar menn fóru að skoða þá þróun sem orðið hafði á fyrstu mánuðum ársins. Það hefur reyndar komið fram að hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., viðurkenndi þetta berum orðum, bæði hér í ræðustóli í þinginu og í blaðaviðtölum í byrjun maímánaðar. Það hefur líka komið fram í máli margra sem hér hafa talað af hálfu Framsfl. að þeir viðurkenna þessa nauðsyn. Þess vegna þykir mér það skjóta skökku við ef menn nú þverskall-

ast við því að viðurkenna þessar staðreyndir efnahagslífsins. Þær eru ekki alltaf þægilegar en þær eru óhjákvæmilegar.

Ég vildi minna hv. 5. þm. Suðurl. á það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl. en hann sagði í sinni ræðu í dag það útilokað að vextir á Íslandi víki mjög frá erlendum vöxtum um verulegan tíma. Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt sjónarmið, sjónarmið sem við höfum ekki alltaf haft í heiðri. En sú staðreynd að nú eru opnari samgöngur, opnari viðskipti milli Íslands og annarra landa á lánamarkaði, mun einmitt tryggja það að vaxtakjör hér á landi keyri ekki úr hófi miðað við þennan mælikvarða.

Þetta sem ég hef nú sagt á við vextina af ríkisskuldabréfunum, af ríkisvíxlunum og húsbréfunum. Hin vaxtahækkunin, sem hér hefur mjög verið rædd, breytingin á vaxtakjörum á hinum eldri Húsnæðisstofnunarlánum frá árinu 1984 og fram undir þetta er nokkurs annars eðlis. Þar liggur fyrir margendurtekið álit efnahagsráðgjafa fyrri ríkisstjórnar og reyndar þessarar að óhjákvæmilegt sé að færa þá vexti í átt við markaðsvexti og í átt við vextina sem algengir eru á húsbréfunum til þess að tryggja fjárhagslegt jafnvægi í þessu mikilvæga lánakerfi. Þetta lá alveg skýrt fyrir á liðnum vetri í álitum þar sem fram kom þessi skoðun af hálfu efnahagsráðgjafa fyrrv. fjmrh. og efnahagsráðgjafa fyrrv. forsrh. og reyndar tóku ráðherrar úr flokkum Framsfl. og Alþb., þeir hv. fyrrv. landb.- og samgrh. Steingrímur J. Sigfússon og hv. fyrrv. heilbrrh., 1. þm. Norðurl. e. Guðmundur Bjarnason, í sérstakri ráðherranefnd undir þá skoðun að undan þessu yrði ekki vikist. Spurningin var aðeins hvenær og hversu mikið. Þetta mátti ekki dragast lengur. Þetta er einfaldlega það sem við erum nú að koma í verk. Þess vegna er það ekki stórmannlegt að vega að þessari ákvörðun nú þegar hún er loksins tekin. Og ég vil aftur vitna í mál hv. 1. þm. Austurl. en hann sagði í ræðu sinni áðan að hann styddi hækkun vaxta í gamla húsnæðislánakerfinu. Það var skynsamlega mælt og í samræmi við hans fyrri afstöðu og mættu aðrir stjórnarandstæðingar taka sér hann til fyrirmyndar um þetta.

Hér hefur verið nokkuð vikið að gengistilhögun og það gerðu meðal annarra hv. 5. þm. Suðurl., hv. 2. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Austurl. Allir fóru þeir þeim orðum um það áform stjórnarinnar — og mig langar að lesa enn úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar segir, með leyfi forseta: „Að kanna vandlega hvernig stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið."

Það kostar ekki minna en að kalla það að með þessari könnun fari fram framsal frelsis og sjálfstæðis og yfirráða yfir hagstjórnartækjum landsins. Þetta er fráleitur málflutningur. Mig langar til að beina þeirri spurningu til þessara ágætu ræðumanna: Hafa þá Norðmenn og Svíar afsalað sér sínu efnahagslega fullveldi með því að ákveða, Norðmenn í fyrra og Svíar í fyrri viku, að tengja sjálfviljugir gengi sinna gjaldmiðla við hina evrópsku mynteiningu ECU innan ákveðinna marka og að sínu eigin vali? Þetta er að sjálfsögðu hluturinn sem við erum hér að ræða. Reyndar þætti nú vafalaust mörgum Evrópuríkjum það furðu sæta væri því fram haldið að aðild þeirra að hinu evrópska myntkerfi jafngilti því að þær hefðu sagt sig frá efnahagslegu sjálfstæði. Þetta er svo fráleitur málflutningur að ekki tekur nokkru tali. Þess vegna hljóta menn að svara því þegar slíkum firrum er fram haldið úr ræðustól á Alþingi. Nei, þessi könnun á gengistilhögun er andsvar við mikilli þörf. Þeirri að finna leiðir til þess að tryggja þann stöðugleika í efnahagslífinu sem hv. stjórnarandstæðingum er svo tamt að tala um að þeir helst vildu að væri hér varðveittur, en tala þó gegn í máli eins og hér var áður flutt.

Hv. 4. þm. Austurl. vék nokkuð í sínu máli að því hvort það væri rétt að alþýðuflokksmenn hefðu haft frumkvæði um það að sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaga komst í lög. Það er nú svo með hugmyndirnar að hvort tveggja er óvíst, faðernið og fæðingardagurinn. Því hefur hvergi verið fram haldið að það hafi verið frumleg hugsun af okkar hálfu að fiskurinn í sjónum væri eign fólksins og heppilegt væri að þetta yrði í lög fest. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. að á þinginu 1983 var hugmyndum af þessu tagi hreyft af Alþb. Ég gæti nefnt fyrri heimildir um þennan málflutning, að vísu ekki á þingi en utan þings, sem eru nákvæmlega sömu ættar. En það sem hér skiptir máli er að það var fyrir frumkvæði Alþfl. að þetta komst í lögin, í 1. gr. núverandi laga um stjórn fiskveiða, bæði í fyrri gerð frá 1988 og í seinni gerð frá vorinu 1990, þegar enn var á þessum ákvæðum hert og reyndar aftur að tillögum alþýðuflokksmanna. Þetta eru einfaldlega staðreyndirnar í málinu og þótt það sé að sönnu rétt að það sé sama hvaðan gott komi, þá skal þó rétt vera rétt. Svona er sagan en þar með er engri rýrð varpað á þá hugmynd sem hv. 1. þm. Austurl. meðal annarra hreyfði á þinginu 1983.

Þá vék hv. 4. þm. Austurl. nokkuð að stöðu viðræðna um Atlantsálsverið fyrirhugaða á Keilisnesi. Hann innti eftir því hvort þinginu yrði gerð grein fyrir stöðu þessara viðræðna og með hvaða hætti, auk þess sem hann vék að nokkrum efnisatriðum málsins, einkum að því er varðar umhverfismál og starfsleyfi þessa fyrirhugaða iðjuvers.

Mig langar til þess að rifja upp að í mars sl. var þinginu gerð ákaflega ítarleg grein fyrir málinu. Skýrsla sú fékk hér mjög ítarlega umræðu í þinginu, a.m.k. af hálfu hv. 4. þm. Austurl. eins og menn hafa í minni og hefur varla skort þar á lengd ræðutíma eða tjáningarfæri fyrir þann ágæta þingmann. Þar kom margt skarplega athugað fram og allt hefur það verið heyrt og séð og lesið. Þótt áheyrendur væru ekki alltaf margir að þeim ræðuhöldum get ég þó sagt fyrir mig sjálfan að á það mál hlýddi ég allt. Ég get glatt hv. þm. með því að segja að hans einbeitta krafa og nokkurra annarra um að í þessu iðjuveri verði gætt ýtrustu krafna um mengunarvarnir eftir því sem nútímatækni leyfir er sannarlega heyrð. Það er sannarlega viðvarandi markmið mitt og hæstv. umhvrh. í þessu máli eins og verið hefur. Það er ánægjulegt að í þeim viðræðum sem nú standa yfir hefur miðað vel í áttina að

þessu marki. Ég sé fyrir mér að á næstu vikum fáist niðurstaða í viðræðunum um starfsleyfið sem tryggi einmitt þetta markmið. Það er mjög ánægjulegt en það stendur enn ekki svo á að unnt sé að gera grein fyrir málinu á opinberum vettvangi, enda fara viðræður fram þessa daga, en ég bind vonir við að það verði á næstu vikum. Þá munum við að sjálfsögðu njóta þeirra nýju þingskapa. sem við bindum vonir við að samþykkt verði í þessari viku, sem gefa færi á því að fastanefndir þingsins komi saman þótt Alþingi sé ekki að störfum án þess að til þess sé veitt sérstök heimild. Þá munu m.a. koma fram kostir þeirra nýju þingskapalaga sem nú eru til umræðu í hv. Alþingi.

Þetta gildir í senn um starfsleyfið sem hv. þm. vék sérstaklega að og þar vék hann einkum að tveimur þáttum málsins. Annars vegar endurskoðunarákvæði og vitnaði þá til minnisblaðs frá 4. okt. 1990 sem var mikilvægur áfangi í málinu. Ég get enn glatt hann með því að á grundvelli þess samkomulags sem þá náðist hefur nú náðst annað samkomulag eða er í sjónmáli enn betra um þessi endurskoðunarákvæði sem ég þó get ekki, eins og hver maður getur skilið, fjallað um hér í þessum ræðustóli þar sem viðræðurnar fara nú fram.

Hins vegar vék svo hv. þm. að brennisteinsmörkum, þ.e. hámarki þess sem þolað yrði að frá þessari bræðslu færi af brennisteinstvíildi. Þar hafa einkum tvær aðferðir verið ræddar, annars vegar að takmarka þann brennistein sem inn fer í ferilinn í rafskautunum, hins vegar að setja útblástursmörk.

Ég fullyrði það að nú sé í sjónmáli niðurstaða í þessu efni sem sé með því allra strangasta sem dæmi eru um og sem fullnægi vel óskum okkar um þetta mikilvæga mál. Umfram þetta get ég ekki skýrt frá efnisatriðum í málinu en segi það eitt að ég mun að sjálfsögðu freista þess að upplýsa þingið, jafnt stjórnarandstöðu sem stjórnarliða, um framvindu þessa máls en segi, eins og fyrr hefur fram komið, að ég reikna fremur með því að það verði í júnímánuði en í þessum mánuði og heiti þá á hv. þm. að taka þátt í þeim samráðum svo mikilvægt sem þetta mál er og svo mikilvægt fyrir okkar atvinnulíf að þarna komi senn niðurstaða í málið.

Virðulegi forseti. Með þessum orðum tel ég að ég hafi svarað því sem til mín hefur verið beint í þessum umræðum og lýk svo máli mínu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að svara nokkru af því sem fram hefur komið í máli nokkurra ræðumanna hér í dag og í kvöld og þá sérstaklega fyrrum samstarfsmanna minna í ríkisstjórn, þ.e. fyrrv. forsrh., hv. þm. Steingríms Hermannssonar, og því sem hefur komið fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar.

Ég vil fyrst víkja að þeim vaxtahækkunum sem ákveðnar hafa verið í húsnæðislánakerfinu og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom að nokkru inn á. Hv. þm. orðaði það svo að hér hefði verið um að ræða breytingu á vöxtum sem hefði verið án nokkurs aðdraganda eða fyrirvara. Hv. þm. veit auðvitað að þessi mál hafa verið lengi til skoðunar og voru lengi til skoðunar hjá fyrrv. ríkisstjórn og um það voru lagðar fram nokkrar skýrslur af hálfu sérfræðinga fyrrv. ríkisstjórnar um þessi mál og þá stöðu sem Byggingarsjóður ríkisins er í. Þessar skýrslur bentu eindregið til þess og komust raunar í þessum tveimur eða þremur skýrslum sem fyrir lágu að sömu niðurstöðu um það að annaðhvort væri nauðsynlegt að hækka verulega ríkisframlag í Byggingarsjóð ríkisins eða að fram færi vaxtahækkun. Sú vaxtahækkun sem var álitin nauðsynleg í skýrslum þessara sérfræðinga var um 5% til þess að sjóðurinn mundi ná jafnvægi. Undir þá skýrslu skrifaði m.a. fyrrum efnahagsráðgjafi fyrrv. fjmrh. og efnahagsráðgjafi fyrrv. forsrh.

Það er rétt sem hv. þm. benti á að tvær aðrar leiðir voru til skoðunar, sem hann nefndi hér sérstaklega, þ.e. að hækka vexti af lánum ákveðnum árafjölda eftir stofndag láns eða að hækka vexti við eigendaskipti á íbúð.

Í þeim athugunum sem fram hafa farið á þessu máli á undanförnum dögum og vikum hefur komið í ljós að það að hækka vexti t.d. 10 árum eftir stofndag láns, eins og hv. þm. nefndi, hefði gefið mjög lítið. Sú vaxtahækkun hefði ekki skilað sér fyrr en á árinu 1994 og miðað við 5% vexti þá hefði það skilað á því ári um 40 millj. kr. Ef farin hefði verið hin leiðin, sem hv. þm. nefndi, að hækka vexti við eigendaskipti á íbúð hefði sú vaxtahækkun, ef miðað er við 1% vexti, skilað um 25 millj. kr. á ári og 2% hækkun skilað 50 millj. kr.

Það blasti við þegar þessi mál höfðu verið skoðuð á sl. vikum að Húsnæðisstofnun gat ekki greitt til baka verulegan hluta af því láni sem hún varð að taka, skammtímaláni hjá ríkissjóði, til þess að geta staðið undir útgefnum lánsloforðum. Sú staðreynd blasti því við að annaðhvort varð að fara þessa vaxtahækkunarleið eða fara í skattahækkanir. Þessi leið var valin sem á að skila á ári um 600 millj. kr., en til baka gengur einn þriðji til helmingur af þessari vaxtahækkun í formi vaxtabóta. Þessi vaxtahækkun mun skila á þessu ári um 300 millj. kr. í staðinn fyrir að sú leið sem hv. þm. nefndi hér hefði fyrst skilað einhverju á árinu 1994 og þá einungis um 40 millj. kr. Og síðari leiðina hef ég nefnt einnig, að hækka vexti við eigendaskipti á íbúð sem hefði skilað mjög litlu.

Hv. þm. nefndi það mjög að þessi vaxtahækkun sem ákveðin hefur verið raski greiðsluáætlun hjá fólki og hann talaði um afturvirkni í vaxtahækkunum. Það er auðvitað nokkuð villandi að nefna þetta afturvirkni vegna þess að vextirnir hækka frá þeim degi sem þeir eru ákveðnir, sem verður 1. júlí, þannig að vextirnir hækka ekki afturvirkt.

Það er líka nokkuð sérstakt í þessari umræðu allri að það er einungis verið að tala um að vextir af húsnæðislánum raski greiðsluáætlun fólks. Það er þó auðvitað ljóst að bæði í 1986-kerfinu og því kerfi sem við bjuggum við áður þurfti fólk að taka verulegan hluta af sínum lánum bæði hjá lífeyrissjóðum og í bönkum. Þessir vextir hafa hækkað verulega, t.d. vextirnir hjá

lífeyrissjóðunum. Ég hygg að það megi segja að þær breytingar hafi orðið, t.d. frá því að lánakerfið 1986 komst á, að vextir hjá lífeyrissjóðunum sem einstaklingar taka hafi hækkað úr 5% upp í 7% og í sumum tilfellum upp í 8%. En það heyrist aldrei neitt í fjölmiðlum eða hér í þingsölum þegar verið er að hækka þá vexti sem þó hljóta með sama hætti og sömu rökum og þingmaðurinn notaði að raska greiðsluáætlunum hjá fólki. Það eru einmitt þessi skammtímalán sem hafa verið íbúðarkaupendum mjög erfið. En það er þó ljóst að þarna hafa orðið verulegar vaxtabreytingar þegar lífeyrissjóðirnir hafa farið út í það að hækka vexti hjá sínum sjóðfélögum á þau lán sem þeirra sjóðfélagar hafa tekið til íbúðarkaupa.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um það sem fram kom hjá fyrrv. forsrh. Steingrími Hermannssyni og fannst mér nú nokkuð furðulegur málflutningur hans. Fyrrv. forsrh. nefndi hér að það hefði ekki verið ákveðið að leggja niður 1986-kerfið með þeim lögum sem voru samþykkt hér fyrir nokkrum vikum síðan. Það er auðvitað rangt að það hafi ekki verið ákveðið að leggja niður 1986-kerfið þá. Þau ákvæði í lögum sem voru grundvöllurinn að 1986-kerfinu voru felld niður og það sem stóð raunverulega eftir var ákvæði til bráðabirgða um það að þeir sem væru með lánsrétt og væru í biðröðinni yrðu afgreiddir á næstu þremur árum að því tilskildu að um semdist við lífeyrissjóðina. Einnig stóð eftir ákvæði um að húsnæðismálastjórn væri heimilt að ákveða nýjan lánaflokk til viðbótar tveim sem stóðu eftir, en öll ákvæði sem lutu að 1986-kerfinu í lögunum voru felld brott og það samþykkt hér á þingi, m.a. af hv. þm. Steingrími Hermannssyni, fyrrv. forsrh.

Það er einnig nokkuð athyglisvert að hv. þm. Steingrímur Hermannsson talar mikið um aukningu á peningum til íbúðabygginga sem hafi komið til eftir að húsbréfakerfið komst á. Þetta er auðvitað alrangt þegar málið er skoðað í réttu samhengi. Hv. þm. nefndi að útlán hefðu aukist um 70% á árunum 1988–1989. Þá var húsbréfakerfið ekki tekið til starfa. Því kerfi var þá ekki komið á, en útlánaaukning, ef maður skoðar aftur í tímann, til húsnæðismála hjá Húsnæðisstofnun er hvað mest milli áranna 1983 og 1984, en þá er raunaukning yfir 80%. Þegar 1986-kerfinu er komið á verður raunaukning milli áranna 1986 og 1987 um 42%.

Það er líka athyglisvert að á fyrstu 18 mánuðunum sem 1986-kerfið starfaði var fjöldi þeirra sem höfðu raðað sér upp í biðröðina um 10 þúsund manns. En hvað hefur skeð á þeim 18 mánuðum sem húsbréfakerfið hefur starfað? Þar hafa 5 þúsund manns komið og látið meta sína greiðslubyrði, en íbúðaviðskipti hafa orðið 3300 á þessum tíma. Það er því alveg ljóst að fólk var að raða sér í biðröð eftir niðurgreiddum lánum í 1986-kerfi. Það var þess vegna auðvitað kerfi sem ekki gekk upp. Það var athyglisvert sem fram kom í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar í þessum umræðum. Hann talaði um útgáfu húsbréfa sem ekkert stæði á bak við, en það var auðvitað 1986-kerfið sem ekkert stóð á bak við. Þar var verið að ávísa lánsloforðum mörg ár fram í tímann og auðvitað stóð ekkert á bak við það.

Það má auðvitað spyrja þegar svo virðist vera að þingmenn Framsfl. vilji endurvekja 1986-kerfið hvort þeir vilji fara inn í það biðraðakerfi sem við höfum búið við. Vegna þess að það er alveg ljóst að ef ekkert hefði verið gert í þessum málum og 1986-kerfið væri ekki komið á, þá værum við búin að ávísa 25 milljörðum fram í tímann og biðröðin væri orðin a.m.k. 4 ár. Það er einmitt á bak við slíkt kerfi sem ekkert stendur en ekki húsbréfakerfið eins og forsrh. hélt fram. Það var einmitt 1986-kerfið sem var svikamylla sem lofaði fólki meiru en hægt var að standa við en ekki húsbréfakerfið. Nefni ég þetta orð „svikamylla" af því að það kom aftur og aftur fram í máli fyrrv. forsrh.

Fyrrv. forsrh. hélt því fram að greiðsluerfiðleikalán yrðu meiri með tilkomu húsbréfakerfisins. Ég vil leyfa mér að draga þetta í efa. Þær greiðsluerfiðleikaumsóknir sem verið er að afgreiða þessa dagana, það hafa borist um 1000 talsins, segja mér starfsmenn Húsnæðisstofnunar að séu að stórum hluta tilkomnar vegna 1986-kerfisins. Vegna þess að það eru skammtímalánin sem fólk þurfti að taka til viðbótar því sem það fékk í lánakerfinu frá 1986 sem þetta fólk hefur ekki ráðið við. En í húsbréfakerfinu er greiðslugeta fólks metin og metið hverju líklegt er að fólk geti staðið undir þannig að það er ólíklegra að þetta fólk lendi í greiðsluerfiðleikum.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hélt því fram hér að það væri rétt að halda 1986-kerfinu áfram fyrir þá sem eru að byggja í fyrsta sinn. Við höfum hér álitsgerðir um hvað þetta kerfi mundi þýða ef við hefðum haldið því áfram. Í skýrslum sem sérfræðingar fyrri ríkisstjórnar reiknuðu út lá það fyrir að ef við hefðum haldið 1986-kerfinu áfram hefðu lántökur á næstu 10 árum þurft að verða 175 milljarðar. Ef við hefðum stöðvað það kerfi og afgreitt biðröðina, þá hefðu lántökur næstu 10 árin orðið að vera 52 milljarðar. Ef útgáfu lánsloforða hefði þegar verið hætt og 1986-kerfið stöðvað alveg hefðu lántökur þurft að vera 30 milljarðar til þess að mæta þegar gerðum skuldbindingum. Við erum að tala þarna um lántökur, og við erum einmitt að ræða það hér aftur og aftur að það sé of mikið af lánum á lánamarkaðinum. Það sé hægt að draga úr lántökum úr 174 milljörðum niður í 30 milljarða með því að loka lánakerfinu frá 1986 nema ef menn hefðu viljað fara þá leið að setja í það ríkisframlög. Þá erum við að tala um 15 milljarða í ríkisframlög ef við hefðum valið það að halda áfram kerfinu frá 1986. Við erum að tala um 15 milljarða í ríkisframlög ef við hefðum ætlað að halda því áfram. Er þetta sú leið sem framsóknarmenn vilja fara? (**Gripið fram í:** Ríkisendurskoðun hefur metið að húsbréfakerfið kostaði jafnmikið og þetta.) Og að afgreiða þá sem eru að koma sér upp sinni fyrstu íbúð sem eru kannski um 2500–3000 manns. Þá erum við að tala sennilega um 6 milljarða kr.

Það er nefnilega svo, og ég held að það sé aldrei nógu oft sagt vegna þess að mér finnst sumum ganga

mjög erfiðlega að skilja það, að það er ekki verið að auka neitt fjármagn inn í húsnæðismálin frá því sem verið hefur. Það kemur fram í skýrslu Seðlabankans. Það kemur fram hér í fréttabréfi frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka einnig að það sem hefur raunverulega skeð er að það er dregið úr lánveitingum til húsnæðismála í bönkum, hjá lífeyrissjóðum og gegnum ýmis önnur skammtímalán því að meira er veitt til lántakenda gegnum húsbréfakerfið. Og það sem er einnig ljóst að skeð hefur og kemur fram í fréttabréfi frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka er að fasteignaverð hefur lækkað með tilkomu húsbréfakerfisins. Hér kemur fram að það fór lækkandi frá miðju ári 1989 alveg fram á annan ársfjórðung 1990 en hefur síðan verið nokkuð stöðugt. Og þar kemur fram að húsbréfakerfið hafi haft þar veruleg áhrif. En það var allt annað sem skeði með 1986-kerfinu vegna þess að þá rauk fasteignaverð upp um 10%. Þá talaði enginn um afföll þó að fólk þyrfti að borga þau afföll í formi hækkaðs íbúðarverðs og með því að þurfa sífellt að vera að taka skammtímalán í bönkum og þurfa sífellt að endurnýja þau.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason nefnir að hann telji að það þurfi ekki minna fjármagn í húsnæðismálin en í 1986-kerfinu en það er tvennt sem skeður sem orsakar það að það þarf minna fjármagn þar inn. Það er innri fjármögnunin og það er að það er minni eftirspurn eftir þessum lánum en í 1986-kerfinu þar sem allir voru í biðröð eftir niðurgreiddum lánum.

Ég saknaði þess í máli hv. þm. Steingríms Hermannssonar að hann skyldi ekki koma með tillögur um það hvernig hann vill þá draga úr framboði á húsbréfakerfinu. Ég held að það hefði verið nauðsynlegt að fá það fram hér í umræðuna, fá það fram hvort hann vilji lækka lánshlutfallið eða stytta lánstímann eða stöðva e.t.v. greiðsluerfiðleikalánin eða draga úr þeim með einhverjum hætti. Allir útreikningar sem hafa verið gerðir, af því að hér er verið að nefna greiðslubyrði í 1986-kerfinu og í húsbréfakerfinu, sýna það að þar sem svo mikið meira er lánað í húsbréfakerfinu er greiðslubyrðin þar hagstæðari fyrir fólk í flestum tilfellum en í 1986-lánakerfinu. Og yrði lánshlutfall hækkað upp í 75%, sem að hefur verið stefnt en hefur verið frestað um sinn, þá er það mun hagstæðara fyrir fyrstuíbúðarkaupendur að fjármagna sín íbúðarviðskipti gegnum húsbréfakerfið en að fá lánafyrirgreiðslu úr 1986-kerfinu.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, koma inn á útgáfu á húsbréfum sem hér er talið að sé óeðlilega mikil. Allar áætlanir í því efni hafa staðist. Allar áætlanir sem sérfræðingar fyrrv. ríkisstjórnar lögðu fram hafa staðist. Frá nóvember 1989 til dagsins í dag er útgáfan á húsbréfunum um 13 milljarðar. Áætlun sérfræðinga var að þegar húsbréfakerfið yrði að fullu komið í notkun yrði hún um 12 milljarðar á ári. Og áætluð útgáfa á þessu ári er um 10 milljarðar auk greiðsluerfiðleikalánanna. Það er auðvitað ljóst að þau vandræði sem við erum í núna eru tímabundin einmitt vegna þess að við erum að fjármagna þetta 1986-kerfi. Við höfum verið í vandræðum með að fjármagna það og við þekkjum þá erfiðleika sem við höfum gengið í gegnum með að þurfa t.d. að taka skammtímalán hjá ríkissjóði til þess að geta fjármagnað þessi lánsloforð.

Fyrst hv. þm. Halldór Ásgrímsson er genginn í salinn, þá held ég, af því að hann ræddi hér um mikla aukningu til húsnæðismála þegar húsbréfakerfið kom til, að hann ætti að kynna sér þá aukningu sem varð til húsnæðismála á árunum 1983–1984. Þá var raunaukningin rúm 80% milli ára og með tilkomu 1986-kerfisins varð hún rúmlega 40%. Sú 70% aukning sem hv. þm. nefndi og hv. þm. Steingrímur Hermannsson einnig varð milli áranna 1988 og 1989 þegar ekkert húsbréfakerfi var komið á. Staðreyndin er sú, hv. þm., að við erum að fjármagna það sem við þurfum til húsnæðismála með öðrum hætti, eftir öðrum leiðum en við höfum áður gert, en það er engin raunaukning til húsnæðismála. Það hefur dregið úr því sem lánað er til húsnæðismála gegnum bankakerfið og gegnum lífeyrissjóðina svo að þar skapast svigrúm til annarra þarfa í þjóðfélaginu. Íbúðaviðskipti hafa ekkert aukist. Á fyrstu 4 mánuðum þessa árs eru íbúðaviðskipti gegnum húsbréfakerfið um 1200 og þetta er sá tími sem viðskipti eru hvað mest á fasteignamarkaðnum. Ef við yfirfærum þessi íbúðaviðskipti yfir á heilt ár, þá erum við að tala um 3600. Meðalíbúðaviðskipti á ári eru um 4500.

Mér finnst því nauðsynlegt að þetta mál sé skoðað í heild en ekki tekið úr samhengi hvert við annað eins og mér finnst gæta mjög mikið í umræðunni. Ég held því að ekkert óvænt hafi skeð með tilkomu húsbréfakerfisins. Allar þær áætlanir sem gerðar hafa verið í þessu efni hafa staðist. Það sem við er að glíma núna er mikil lánsfjárþörf almennt á markaðinum og við erum að fjármagna hér tvö húsnæðiskerfi. Það er fyrst og fremst það sem hefur skeð. Það hefur verið ákveðið að loka lánakerfinu frá 1986 og þegar við komumst út úr því er alveg ljóst að það mun stuðla mjög að því að tryggja jafnvægi á húsbréfamarkaðnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel rétt að víkja hér örfáum orðum að hæstv. félmrh. vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram um húsnæðiskerfið frá 1986 og húsbréfakerfið.

Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á bæði þessi kerfi. Það er hæstv. ráðherra fullkunnugt um. Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að bæði kerfin kosti ríkið álíka mikið. Annars vegar þyrftu að koma til bein framlög, hins vegar koma til húsnæðisbætur gegnum skattakerfið. Aftur á móti er ómetið hversu mörg lán munu falla á ríkið vegna ábyrgðar ríkisins á þessum lánum. Og allt tal um það að hægt sé að reikna fram í tímann fjárhag manna, eins og hér er verið að tala um, er náttúrlega í reynd út og suður. Auðvitað kemur þar margt til. Þar koma til veikindi og margir aðrir hlutir. Þar kemur til hverjum verður sagt upp vinnu og hverjum ekki. Hver getur reiknað þetta út og hvar eru þessir sérfræðingar sem eru svona færir að þeir geti séð þetta allt fyrir? Það dugar ekki að hafa stærðfræðinga. Það verður þá að hafa spákonulið líka.

Ég hygg nú að hæstv. félmrh. sakni þess ekki síður en ég að hér er ekki í salnum hv. 8. þm. Reykv. Hann er fjarri góðu gamni. Hann hefur oft viljað ræða húsnæðismál. Sá er nú formaður þingflokks Sjálfstfl., ef ég veit rétt, og væri nú fróðlegt að fá hans álit á stöðunni. Hins vegar tel ég að það sé sjálfgefið miðað við það frelsi sem menn eru að tala um að hæstv. félmrh. manni sig upp í það að fara með húsbréfin á erlendan markað og selja þau þar. Auðvitað getur Jóhannes Nordal, hæstv. seðlabankastjóri, alveg eins fjármagnað virkjanirnar hér innan lands og notað húsbréfin til að selja erlendis. Það er talað um að hér eigi að vera algert frelsi í fjármálum eftir tvö ár og hvernig fær það þá staðist ef það er allt í lagi að hafa algert frelsi eftir tvö ár að þetta sé óframkvæmanlegt í dag og gangi bara ekki upp með slíka hæfileikamenn í ríkisstjórn sem nú sitja? Það er alveg óvíst um gæði stjórnarherranna eftir tvö ár. Það veit það ekki nokkur maður. En nú ku vera valinn maður í hverju sæti og ef það er ekki hægt að gera þetta núna, þá er spurning: Verður það þá nokkurn tíma hægt?

Ég held að hæstv. félmrh. ætti að manna sig upp og fara með eina skjalatösku út og selja og sjá hvort það kemur ekki hreyfing á liðið hér heima.

Það var einu sinni umræða í Frjálsri þjóð um kaup ákveðins lögfræðings á víxlum með afföllum sem hann seldi svo einum af ríkisbönkunum. Svo hörð urðu þau skrif að ærulaus fór sá lögfræðingur frá um síðir. Nú eru afföllin eitt af því sem allir sérfræðingar sáu fyrir. Hvenær verða afföllin svo há að hæstv. félmrh. fari að hafa áhyggjur af þessum húsbréfum sem keypt eru með afföllum?

Mér er ljóst að gamla kerfið byggði á þeirri hagfræði að fyrst yrði að vera til sparnaður og svo yrði hægt að lána. Nú hafa menn snúið þessu við. Nú eru bréfin prentuð og svo er látið á það reyna hvort einhverjir vilja kaupa þau og hvort lán getur orðið til með þeim hætti.

Ég held að þessi umræða um húsbréfin hljóti að verða til þess að menn hugleiði hvar landamærin eru. Hvenær telja menn að þetta sé ekki í lagi? Upp í hvað eru afföllin komin þegar þar að kemur?

Ég hlýddi hér áðan á hæstv. iðn.- og viðskrh. þessarar ríkisstjórnar. Reyndar finnst mér að þar fari í reynd yfirráðherra ríkisstjórnarinnar, sá sem leiðbeini í öllum málaflokkum sem ríkisstjórnin fæst við og fyrst og fremst muni honum ætlað að leiðbeina hæstv. forsrh. Sú umræða fjallaði um gengismál. Og sú umræða fjallaði um það hvort rétt væri að binda gengi íslensku krónunnar við evrópumynt Efnahagsbandalags Evrópu. Hvort það væri skynsamleg ráðstöfun. Hvort það væri verið að skerða þau stjórntæki sem við hefðum eða ekki. Hæstv. viðskrh. er fullkunnugt um það að Svíar hyggjast ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Hæstv. viðskrh. er fullkunnugt um það að miklar hræringar eru í Noregi um að gera það einnig. Hæstv. viðskrh. er fullkunnugt um það að þessar þjóðir eru með allt annað hlutfall milli útflutnings og viðskipta innan lands en Íslendingar. Allt annað hlutfall og allt önnur hlutföll líka innan Evrópu en við Íslendingar. Hæstv. ráðherra er farinn að hrista höfuðið og batnar nú lítið ástandið við það. Hæstv. ráðherra vill aftur á móti gera tilraun til að verja það í reynd að hann er höfuðsmiður þeirrar kenningar að það beri að aga íslenskt atvinnulíf með þeim hætti að neyða menn til að afhenda þann erlenda gjaldeyri sem þeir hafa aflað undir sannvirði. Þannig vill hann aga íslenskt atvinnulíf og enn hristir hæstv. ráðherra höfuðið.

Ég vil minnast þess að viðreisnin stóð frammi fyrir ýmsum erfiðum ákvörðunum. Það var kannski ekki svo erfitt að stjórna þegar síldin óð hér við strendur þessa lands og auðvelt var að selja síldina. En þegar síldarstofninn hrundi og gengi íslensku krónunnar var orðið svo vitlaust að það náði engri átt, þá þurfti að taka erfiðar ákvarðanir og þá reyndi á menn hvort þeir þyrðu að taka erfiðar ákvarðanir og þeir tóku þær. Þeir felldu gengi íslensku krónunnar, mun hæstv. viðskrh. vafalaust segja. Ég segi: þeir gerðu tilraun til að skrá það rétt. Og ég vil bæta því við að ég tel það hættulegri leik í íslenskum efnahagsmálum en nokkuð annað að falsa gengi íslensku krónunnar.

En sú viðleitni að það þurfi að aga íslenskt efnahagslíf og það þurfi að halda aga á viðskiptum er ekki nýtilkomin á Íslandi. Til forna var það þannig að goðarnir réðu verði erlendra kaupmanna sem komu hér með varning og vildu selja. Goðarnir fóru fyrstir til skips. Þeir máttu ráða hvað þeir keyptu af varningnum og þeir verðlögðu jafnframt. Þorgrímur goðorðsmaður úr Haukadal gekk að vísu dálítið lengra því hann borgaði ekki varninginn og þegar Austmenn gerðu athugasemd við það þá fór hann til og drap þá. Enda hygg ég að það hafi orðið til að fækka þó nokkuð viðskiptum erlendra kaupmanna við Vestfirði. Engu að síður þá stóðu deilurnar löngum milli þessara innlendu valdsmanna sem vildu halda aga á þessum viðskiptum og hinna erlendu. Og niðurstaðan varð sú að siglingar til landsins lögðust verulega af því að það var þó nokkur áhætta sem kaupmennirnir tóku, að búa við það að goðorðsmennirnir skyldu hafa þetta vald. En það er ekki minni áhætta sem þeir Íslendingar taka í dag sem glíma við að afla þessari þjóð gjaldeyris þegar hæstv. viðskrh. er þeirrar skoðunar að Seðlabanki Íslands eigi að kaupa gjaldeyrinn á því verði sem Seðlabanka Íslands þóknast. Og nú ætli Seðlabanki Íslands að binda þetta fast og það verði alveg sama hvaða vitleysur verða gerðar í íslenskum efnahagsmálum, alveg sama hvernig markaðsmál þróast, þetta verður keypt á ákveðnu verði af Seðlabanka Íslands og menn eru skyldugir að selja.

Þetta er nú stefna sem segir sex. Það er ekki skrýtið þó hæstv. viðskrh. telji að það þurfi að pakka þetta inn í góðar umbúðir, glanspappír, til þess að koma þessu niður í annað sinn því menn minnast þess hvað þetta var kallað í fyrri ríkisstjórn, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, þegar þetta var kallað fastgengisstefna og varð banabiti þeirrar ríkisstjórnar. Einfaldlega vegna þess að það gengur ekki upp að láta sér detta það í hug að afsala sér því hagstjórnarvaldi sem felst í því að leiðrétta gengisskráningu þegar vitleysan hefur átt sér stað.

Auðvitað vilja allir Íslendingar að efnahagsmál í þessu landi þróist á þann veg að við búum við sem stöðugast verðlag. Hver vill það ekki? Ég þekki engan sem ekki vill að þannig sé staðið að efnahagsmálum. En það er ákaflega sérstætt að telja að hægt sé að stöðva verðbólguna í frystihúsunum, stöðva hana hjá þeim hluta sem vinnur að gjaldeyrisframleiðslunni þegar aðrir hafa frelsi til að vaða áfram með hækkanir.

Ég vil trúa því að núv. hæstv. forsrh. muni hugsa sig um tvisvar áður en hann fer út í það fen að láta hæstv. viðskrh. heilaþvo sig í þessum efnum. Ég trúi því að hann muni hugsa sig um tvisvar. Og eitt veit ég fyrir víst, að hæstv. sjútvrh. mun ekki láta það gerast aftur að hann verði ruglaður í ríminu hvað þetta snertir. Það er nefnilega svo að sporin hræða.

Hæstv. viðskrh. er málsnjall maður og ákaflega snjall í að setja fram ýmsar hugmyndir og flytja þannig fram mál að þingmenn trúa í fyrsta skipti. Ég hygg að það væri fróðlegt fyrir þá sem eru að koma hér í þingið núna að lesa það sem sagt var um Bifreiðaskoðun Íslands hf. af hæstv. ráðherra. Það er skemmtileg kvöldlesning ef menn hafa ekki reyfara við hendina og bera svo saman hvað gerðist. Ætli það hafi í annað sinn verið meira logið að þinginu en í þetta skipti? Ég efa það. Og það sem verra er. Það er búið að koma óorði á sölu ríkisfyrirtækja með tiltækinu, hreinu óorði á sölu ríkisfyrirtækja. Menn eru bara logandi hræddir og spyrja: Fer þá með þetta eins og með Bifreiðaskoðun Íslands hf.? Og enn vaknar spurningin: Á hvaða forsendum voru allar skuldir húsbyggjenda á Íslandi hækkaðar með frv. til laga um Bifreiðaskoðun Íslands hf.? Og hvers vegna voru þær hækkaðar? Vegna þess að þetta hækkaði verðbólguna í landinu og þar með vísitöluna og þar með skuldirnar. Allt tengt saman sjálfvirkt.

Nei, hæstv. viðskrh. Því miður hefur það gerst að við höfum mátt upplifa það sumir hverjir að þrátt fyrir mjög vandað málfar, góða framsetningu, yfirvegaða rósemd hér í ræðustólnum þá hefur niðurstaðan verið hrein martröð.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og reyndar hefur komið fram í ræðum manna hér áður þá er ég nýr í þinginu og eins og nýir þingmenn að læra. Ég hef gaman af því. Eitt af því sem ég læri er þetta: Það er gert ráð fyrir því, sem sjálfsagt auðvitað er, að ráðherrar sitji hér og hlusti á allar umræður sem snerta þann málaflokk sem þeim tengist. En jafnframt gera menn ráð fyrir því að þingmenn geti verið á vappi og komi hér lítið. Spurt spurninga og farið svo. Svo er þeim svarað og þá koma aðrir þingmenn og spyrja sömu spurninganna og jafnvel fara svo. Þetta getur gerst nokkrum sinnum. Þetta er sennilega einhver venja sem hér er en fyrir nýjan þingmann og reyndar í senn nýjan ráðherra er þetta afskaplega skrýtin aðferð sem notuð er. (**ÓRG:** Pálmi Jónsson er alveg snillingur í þessu.) Mér finnst nú sá þingmaður sem kallaði fram í vera snillingur í ýmsu og reyndar líka í þessu.

Ég ætla þess vegna ekki hér og nú að fara yfir allar þær spurningar sem fram hafa komið því flestum þeirra hefur nú verið svarað áður. Ég tel þó að sumar ræður hafi verið afskaplega gagnlegar. Fyrir mig hafa þær líka verið gagnlegar og ég vona að fyrir þingheim allan og þjóðina hafi verið gagnlegt að sjá staðfestingu þess að hið fyrra stjórnarsamstarf, sem menn sumir hverjir syrgja svo mjög, var gersamlega gengið sér til húðar og gat ekki áfram gengið. Og ég segi nú fyrir mig að ef ég hefði verið ráðherra af hálfu Alþfl. og setið síðan undir þeim árásum öllum sem þeir hafa hér gert þá hefði ég velt fyrir mér hvernig þessir ágætu hv. þm., fyrrv. samstarfsmenn mínir, hafi ætlað sér að sitja með mér áfram í ríkisstjórn. Það hafa ekki verið spöruð stóryrðin og árásirnar á fyrrum samstarfsmenn hér í þessum þingsal við þessa umræðu.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði í lok sinnar ræðu og þá var hann reyndar ekki staddur á landnámsöld eins og verulegan hluta af ræðunni: „Verst er þegar leiðrétta þarf þegar vitleysan hefur átt sér stað“ og þá átti hann við gengið. Að það væri erfitt að þurfa að leiðrétta það þegar vitleysa í þeim efnum hefði átt sér stað. Þetta má hv. þm. núna færa yfir á vextina. Það kom nefnilega í hlut þessarar ríkisstjórnar sem nú er að leiðrétta það mál þegar vitleysan hafði átt sér stað allt of lengi.

Það kemur að þætti sem margir hv. þm. hafa vikið að, m.a. hv. 11. þm. Reykv., um hvernig atvinnulífið gæti þrifist við vaxtahækkun af þessu tagi. Þingmaðurinn spurði hér hvort ég teldi og ríkisstjórnin teldi að atvinnulífið þyldi 10–12% raunvexti. Ég er þeirrar skoðunar að ekkert atvinnulíf hvorki hér né annars staðar þoli slíkt til lengdar. En ég er með sama hætti sömu skoðunar og forsvarsmenn atvinnulífsins, til að mynda formaður Vinnuveitendasambandsins, sem hafa sagt að sú vaxtahækkun sem þessi stjórn greip til hafi verið vondur kostur en þó óhjákvæmilegur. Við, ráðherrar þessarar ríkisstjórnar, höfum sagt það að þessi kostur sé vondur, hafi þó þurft að gerast fyrr og þá í minna mæli og það sé verkefni stjórnarinnar, og reyndar hefur hún þegar haldið á stað í það verkefni, að skapa hér skilyrði þess að þessir háu vextir geti gengið niður á ný þannig að atvinnulífið hafi eðlilegt svigrúm. Atvinnulífið hefur ekki eðlilegt svigrúm til lengdar við vaxtastig af þessu tagi. Það fer ekkert á milli mála í mínum huga. Það hefur að vísu búið við það áður tímabundið.

Ég minnist þess reyndar að þau einu ríkisskuldabréf sem ég á persónulega keypti ég 1986 þegar hv. 7. þm. Reykn. var forsrh. og þau bera 9% fasta vexti. Það var undir forustu Framsfl. sem þessir vextir voru settir. Það vaxtastig er afskaplega hátt. Það vaxtastig sem við höfum, gagnvart okkar þætti ríkisins, orðið að stilla okkur á um þessar mundir er verulega lægra, en þó afskaplega hátt. Þetta viðurkennum við og við gerum okkur grein fyrir að aðgerðin var nauðsynleg en forsenda okkar starfa er sú að vextir megi lækka á ný og við höfum þegar hafið það verk eins og hefur komið fram hjá fjmrh. (**Gripið fram í:** Hvenær kemur það til framkvæmda?) Það kemur til framkvæmda í rauninni strax að hluta til að skapa þá stöðu gagnvart búskap ríkisins að þunginn í fjármagni sem ýtir vöxtunum upp

minnki. Ég vænti þess að það sem gerist með þessar ráðstafanir okkar dugi til þess að það jafnvægi skapist, sem var í ójafnvægi komið, og að með haustinu muni vextir lækka á nýjan leik. Ég bind vonir við það.

Hv. 5. þm. Suðurl. flutti hér mjög mikilúðlega ræðu og ágæta og ábyggilega vel meinta til okkar í ríkisstjórninni og óskaði okkur góðs en taldi okkur þó vera á villigötum. Hann taldi að við værum að stefna þjóðarsátt í voða og ganga þar götuna aftur á bak. Ég fullyrði að þetta er hið gagnstæða. Við erum einmitt að koma böndum á það sem úr böndum hafði farið. Ég tel að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til muni þýða það að jafnvægi haldist og þær upplýsingar sem við höfum benda til þess að með þessum aðgerðum muni kaupmáttur launa verða heldur hærri út árið en gert var ráð fyrir við framlengingu kjarasamninga í nóvember. Þess vegna er það ekki rétt hjá þingmanninum að við séum að stofna í hættu samskiptum og samningum við launþega. Þvert á móti erum við að koma í veg fyrir að þeir hlutir gerist sem aðrir hér höfðu stofnað til að gætu gerst. Þess vegna er engin hætta á því sem þingmaðurinn nefndi að þessi ríkisstjórn mundi rústa efnahag landsins á einu sumri, eins og hann orðaði það með svo stórbrotnum hætti. Enda þótt hann sé nú nær búskap en ég er þá skildist mér á honum að hann hefði það háttalag að fara í reiðtúr eftir að hann hefði tekið beislið úr hestinum og þeysti síðan um grundir. Það var ekki gert þar sem ég var í sveit. En það kann að vera að það gildi á Suðurlandi. (**ÓÞÞ:** Hvar var hæstv. forsrh. í sveit?) Í Svartárdalnum, herra þingmaður, hjá góðum og gegnum framsóknarmönnum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. fór yfir nokkra þætti í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og það sem nefnt var í stefnuræðu einkum varðandi einkavæðingu fyrirtækja eða útboð og bað um nánari skýringar á þessum þáttum. Það hefur nú komið áður fram að með stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru menn auðvitað að setja meginlínur og draga þær meginlínur sem stjórnin ætlar að ganga eftir. Menn hafa ekki tekið ákvörðun um það, og það hefur ekkert farið leynt, á þessu stigi nákvæmlega hvaða fyrirtæki það eru sem seld verða. Þó hafa mörk verið sett og skorður reistar. Við höfum þannig sagt til að mynda að fyrirtæki sem væru í eðli sínu einokunarfyrirtæki væru síður seljanleg en hin. Þar væri mun erfiðara við að eiga. Þó er það þekkt að fyrirtæki sem hafa einokunareðli hafa verið seld annars staðar og það dæmi hefur gengið upp. Það er að vísu í stærri löndum en okkar en það hefur þó gengið upp. En þar verða menn að mínu viti að fara miklu varlegar en þar sem öðruvísi horfir.

Þingmaðurinn nefndi að hann sæi ekki að einkavæðing í velferðarþjónustunni gæti komið til greina. Ég er ósammála honum. Auðvitað getur einkavæðing í velferðarþjónustunni komið til greina en þó með þeim hætti að velferðarþjónustan verði ekki skert og e.t.v. með þeim hætti að menn geti fremur notið hennar í vaxandi mæli vegna þess að menn fái hana við lægra gjaldi en ella væri.

Jafnframt var spurt um hvaða gjöld menn hefðu hugsað sér að taka eða hvers eðlis þau gjöld væru fyrir þjónustu sem veitt væri. Þetta hefur ekki verið tiltekið en slíkt hefur auðvitað verið rætt, bæði hér inni á þinginu og annars staðar. Hugsunin er auðvitað sú að gera mönnum ljósan þann kostnað sem á bak við þjónustuna býr, auka kostnaðarvitund þeirra sem þjónustunnar njóta, en um leið hljóta menn auðvitað þegar gjaldtaka hefst með þessum hætti að lækka þá skatta á móti þegar gjald er tekið. Það held ég að sé enginn vafi á að menn eiga að gera.

Það hefur töluvert verið rætt um þá ákvörðun að hækka vexti á hinu gamla húsnæðiskerfi og menn tala þar um að þeir vextir séu afturvirkir. Ég vil nú vara menn við því að nota orðalag af þessu tagi því það er villandi. Það væru jú afturvirkir vextir ef vextir væru hækkaðir á þeim afborgunum sem menn hafa þegar greitt. Það væru afturvirkir vextir. Það eru ekki afturvirkir vextir þegar vextir eru hækkaðir á lánum þar sem áskilið er að vextir séu breytilegir, þannig að menn gátu við því búist að slíkir vextir hækkuðu. Það eru ekki afturvirkir vextir í þeim skilningi sem það orð tekur til. Til að mynda í þeim banka sem hv. 5. þm. Suðurl. mun vera formaður fyrir breytast vextir af þessu tagi. Ég tók eitt sinn sjálfur lán í þeim banka og þeir vextir hækkuðu reglubundið ef vextir hækkuðu og reyndar, rétt að taka það fram að þeir höfðu tilhneigingu til að lækka þó aðeins hægar ef vextir lækkuðu. Þetta voru breytilegir vextir. Ég leit ekki þannig á að þar væri um afturvirka vexti að ræða. Ég bið því menn að fara varlega í notkun hugtaka af þessu tagi.

Ég er líka undrandi á því hversu mjög menn hafa haft uppi stór orð varðandi þann þátt stefnuyfirlýsingar sem lýtur að hugsanlegri tengingu við hið evrópska myntkerfi. Þar tala menn um könnun á því efni og könnun þá væntanlega á kostum þess. Ókostir þess hafa verið nefndir. Auðvitað eru ókostir fylgjandi slíkri ráðagjörð, en um leið og kostir eru kannaðir þá ætla menn auðvitað ekki að horfa fram hjá þeim ókostum sem kunna að vera. (**Gripið fram í:** Það eru góð tíðindi.) Það eru tíðindi sem þingmaðurinn gat gefið sér sjálfur. (Gripið fram í.) Þingmaðurinn hefur ekki kannað ræðuna grannt. Það er fjarri öllu lagi því það er jafnan tekið fram að menn ætli að kanna þessa kosti. Ef þeir eru hagfelldir þá verða þeir farnir. Það er einmitt verið að skapa með slíkri aðgerð heilbrigðari skilyrði fyrir atvinnulífið þannig að atvinnulífið viti að hvaða kjörum það gengur. Auðvitað hafa menn talað um gengisfellingarnotkun eins og hún var hér á árum áður. Við vitum það vel að þá var gjarnan í samningum samið með gengisfellingu í huga. Aðilar sem höfðu ekkert með gengið að gera sömdu upp á gengisfellingu. Þekkingin er orðin meiri núna og menn vilja ekki þau vinnubrögð á nýjan leik.

Þarna hafa menn haft uppi allt of stór orð um þennan þátt sem ég held að geti verið mjög til framdráttar, en ég hef þennan fyrirvara, eins og hæstv. viðskrh. sló hér mjög fastan, menn eru að kanna hér kosti. Séu kostirnir ekki nægjanlegir þá verður aðferðin ekki notuð.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði jafnframt hvað þýddi

ákvæði um það í stefnuyfirlýsingu að auka bæri jafnræði með kjósendum. Mér er nú fyrirmunað að átta mig á hvers vegna þarf að skýra þessa setningu. Mér finnst hún reyndar segja allt sem segja þarf í þessum efnum. Það er mál manna að auka beri jafnræði með kjósendum. Menn vilja að atkvæði fylgi eins og kostur er persónu manna, ekki búsetu. Við viðurkennum á hinn bóginn að að sjálfsögðu verða menn að fara þar að með gát. Þetta þarf allt sinn aðlögunartíma, en það hlýtur þó að vera markmið í sjálfu sér, sem ég held að flestir þingmenn hljóti að hafa, að þetta jafnræði beri að auka. Mér finnst reyndar textinn þarna, eins og víðast annars staðar í þessari knöppu stefnuyfirlýsingu, vera afskaplega skýr og klár.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi vikið að flestum þáttum sem menn hafa hér drepið á sem ekki hefur verið svarað áður af öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Hæstv. félmrh. hefur svarað mörgum árásum á ráðherrann og ég verð að segja það alveg eins og er að ég er alveg undrandi á því hve framsóknarmenn hér, hv. þm., hafa ráðist af mikilli hörku á félmrh. sem sat allt þar til fyrir skömmu í ríkisstjórn með þeim. Ég tel að Framsfl. geti ekki og eigi ekki að komast upp með að bera ekki ábyrgð á verkum sem unnin eru í stjórn sem flokkurinn hefur forsæti fyrir. Ég hef a.m.k. tekið eftir því að ef eitthvað hefur vel verið gert þá er það sérstaklega nefnt að það hafi verið gert af ríkisstjórn sem var undir forustu Framsfl. En síðan getur hver þingmaðurinn á fætur öðrum komið hér með stórar árásir á samstarfsmenn sína og látið eins og viðkomandi ráðherrar og stjórnarflokkur hafi verið gjörsamlega ábyrgðarlaus. Mönnum á ekki að haldast það uppi. Menn eiga ekki að komast upp með það og ég held að þeir komist ekki upp með það.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska eftir því að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur innan tíðar, því ég hyggst bæði beina til hans fyrirspurnum og kynna fyrir honum texta sem ég held að sé gott að hann rifji upp.

Hæstv. forsrh. lýsti undrun sinni á því að í þeirri umræðu sem hér hefði farið fram hefðu komið fram mismunandi áherslur hjá stuðningsmönnum fráfarandi ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. þarf ekkert að vera undrandi á því. Það er eðli stjórnmálanna í landinu að flokkar með ólíkar skoðanir hafi mismunandi áherslur.

Hitt er hins vegar nokkuð sérstakt, sem hefur sett svip sinn á þessa umræðu, að annar stjórnarflokkurinn fullyrðir að stefna ríkisstjórnarinnar sé svona og hinn stjórnarflokkurinn fullyrðir að hún sé hinsegin. Maður fær engin svör frá forsrh. um það hver hún er.

Það er kannski til þess að forðast einhverjar deilur hér milli forsrh. og einstakra ráðherra að sú leið er valin. Ég nefni t.d. þessa umræðu um vextina. Hún er dálítið sérkennileg af hálfu hæstv. forsrh. og reyndar hæstv. viðskrh. líka.

Í fyrsta lagi er talað um að það hafi verið mikil nauðsyn á að hækka hér vextina. Í þeirri fullyrðingu er enginn greinarmunur gerður á vöxtunum á ríkisvíxlunum annars vegar og á spariskírteinum ríkissjóðs hins vegar. Það er auðvitað málflutningur sem hvorki er samboðinn hæstv. viðskrh., hæstv. fjmrh. né hæstv. forsrh. Því það er auðvitað alveg ljóst að það liggja allt önnur rök á bak við það að hækka vexti á skammtímapappírum eins og ríkisvíxlum, sem eru til tveggja vikna eða jafnvel aðeins lengri tíma, til þess að bregðast við ákveðnum aðstæðum í peningamálum um skamma stund og svo hins vegar að hækka grundvöll allra vaxta í hagkerfinu með því að hækka vextina á spariskírteinum ríkissjóðs um 30%. Það er allt önnur aðgerð, hæstv. ráðherrar. Það er ekki hægt að bjóða þinginu það og efnahagsumræðunni í landinu að ræða þetta eins og ráðherrar hafa gert hér án þess að gera nokkurn greinarmun á þessu tvennu og tala um hvort tveggja sem bundið af hinni sömu nauðsyn.

Ég hef sagt það og menn hafa vitnað í þau ummæli mín hér nokkrum sinnum að það voru viss rök fyrir því að hækka vextina á ríkisvíxlunum eitthvað. Ég hef aldrei neitað því. (**Fjmrh.:** Af hverju var það ekki gert?) Það var ekki gert, hæstv. fjmrh., vegna þess að það stóðu deilur milli fjmrn. og Seðlabankans um það hvort það ætti að knýja vexti viðskiptabankanna niður eða fara með vexti ríkisvíxlanna upp. Ég hefði hins vegar ekki farið eins hátt og hæstv. ráðherra gerði vegna þess að það var í raun og veru algjör uppgjöf í þessari glímu. En að hækka svo vextina á spariskírteinum í kjölfarið fól í sér grundvallarbreytingu á öllu peningakerfinu í landinu.

Við glímdum við það hér í tæp tvö ár að ná raunvöxtunum niður um rúmt 1%. Ég get sagt hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. það að ef þeir halda að þeir taki raunvextina á spariskírteinunum niður aftur um þriðjung í haust þá lifa þeir í einhverri sérkennilegri veröld. Það er einhver sérkennileg veröld. Ég vildi þess vegna spyrja vegna ræðu hæstv. forsrh.: Er það virkilega ætlunin hjá hæstv. ráðherrum að það eigi að skilja þá á þann veg að þessa vaxtahækkun á spariskírteinunum eigi að taka til baka í haust? (**ÓÞÞ:** Það kom mjög skýrt fram.) Því miður, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, þó að ég viti nú að þingmaðurinn hlustar venjulega vel og les vel, þá held ég að hæstv. ráðherrar hafi sagt „vextirnir" og ekki gert greinarmun þar á hvort þeir voru að tala um vextina á ríkisvíxlunum eða vextina á spariskírteinunum. Þess vegna spyr ég: Eru þeir að tala um hvort tveggja eða eru þeir bara að tala um vextina á ríkisvíxlunum?

Það er auðvitað alveg nauðsynlegt fyrir atvinnulífið og peningakerfið í landinu og almenning að fá að vita hvort það er stefna ríkisstjórnarinnar að taka vextina á spariskírteinunum aftur niður í 6% í haust. Og ég spyr hæstv. forsrh. sem sagði þetta hér áðan, hann verður að tala alveg skýrt — ber að skilja ráðherrann á þann veg?

Mér fannst hins vegar koma ansi skemmtileg og persónuleg skýring hjá hæstv. ráðherra í léttum dúr á því hvers vegna hann hefði hækkað vextina á spariskírteinunum, því hæstv. forsrh. upplýsti það hér að hann hefði eingöngu keypt spariskírteini þegar vextirnir voru

9%. Síðan hefði hann ekki keypt spariskírteini og var greinilega komið að því að ráðherrann átti dálítinn sjóð og vildi kaupa aftur. (Gripið fram í.) Já, það er hins vegar rétt og rétt að halda því til haga í þingtíðindunum að núv. hæstv. fjmrh. hins vegar gerðist áskrifandi að spariskírteinum ríkisins í minni tíð þegar vextirnir voru um 6% og sýnir það að hann er bæði þjóðhollur og skynsamur maður.

En um þetta verður auðvitað að spyrja alveg nákvæmlega og fá nákvæm svör.

Í þessari vaxtaumræðu hefur hæstv. forsrh. einnig, kannski í þeim anda að ekki megi deila við hæstv. félmrh., og ég skil það nú vel svona í byrjun alla vega, ekki minnst á vaxtasamkeppni húsbréfanna og spariskírteina ríkissjóðs. Meginástæðan fyrir því að það gengur erfiðlega að selja spariskírteini ríkissjóðs eru húsbréfin. Og ef hæstv. forsrh. trúir mér ekki í þeim efnum þá getur hann kallað til fundar við sig framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, Þórarin V. Þórarinsson, og spurt hann. Og ef okkur ber nú saman, bæði mér og Þórarni V. Þórarinssyni, þá er kannski eitthvað til í því sem við erum að segja. En Þórarinn V. Þórarinsson sagði það hér fyrir skömmu að aðalmeinið í vaxtamálum ríkisins væri það að ríkið væri að keppa við sjálft sig. Það væri ekki hallinn á ríkissjóði, hann er að vísu almennt vandamál og hefur verið og verður, en vandinn núna einmitt á þessum tímapunkti og á næstu vikum og mánuðum í peningakerfi þjóðarinnar er samkeppni ríkisins við sjálft sig, milli spariskírteinanna annars vegar og húsbréfanna hins vegar. Og á þetta grundvallaratriði, lykilatriði málsins, minntist hæstv. forsrh. ekki.

Ég ætla hins vegar að hlífa honum við því að spyrja hann að því hvernig hann ætli að komast hjá þessari samkeppni. Því ef hann kemst ekki hjá henni þá er alveg ljóst að þessi vaxtahækkun sem nýlega var ákveðin skilar engu. Það held ég að verði niðurstaðan að eftir nokkrar vikur munu hæstv. ráðherrar hafa uppgötvað það að þetta mikla patent sem þeir eru búnir að lýsa hér í umræðunum að sé þeirra eina patent til þess að leysa vandamálin muni engu skila. Þess vegna vil ég spyrja hér: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera ef þessi vaxtahækkun skilar ekki þessum árangri? Hver er stefna ríkisstjórnarinnar sem hún ætlar sér að grípa til ef í ljós kemur að þessi vaxtahækkun skilar ekki tilætluðum árangri? Á þá að hækka vextina enn meira? Á þá að fara með vextina á spariskírteinunum kannski upp í þessi frægu 9%, þegar hæstv. forsrh. keypti síðast? Þannig að bankakerfið allt sé komið með raunvextina upp í 11–12%? Og eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan þá þolir ekkert atvinnulíf slíkt. Það er alveg rétt hjá honum.

Þess vegna hefur það komið fram hér í umræðunum og að því leyti eru þessar umræður gagnlegar að hæstv. ríkisstjórn hefur bara eitt patent og það er fullkomin óvissa um hvort það virkar eða ekki. Ég er satt að segja þeirrar skoðunar að það muni ekki virka. Ég ætla ekki að fullyrða það alveg hér og nú að það muni alls ekki virka, en ég er þeirrar skoðunar að það muni ekki virka.

Málið er nefnilega þannig, hæstv. forsrh., að vandi ríkisfjármálanna verður ekki leystur með vaxtabreytingum. Vandi ríkisfjármálanna verður leystur annaðhvort með því að skera niður útgjöldin eða auka tekjurnar eða gera hvort tveggja. Með því að telja sjálfum sér trú um það, eins og hæstv. forsrh. gerði í stefnuræðu sinni, að valið standi milli skattahækkunar og vaxtahækkunar er verið að rugla algjörlega saman tveimur atriðum. Vaxtahækkunin er einfaldlega afleiðing af því að menn hvorki völdu niðurskurð á ríkisútgjöldum né skattahækkun. Eða með öðrum orðum, að ríkisstjórnin hefur ekki viljað taka á grundvallarvandamálum ríkisbúskaparins að sinni. Það er auðvitað merkilegt í ljósi þess að mér sýnast tölur benda til þess að tekjustig ríkisins á þessu ári verði lægra hlutfall af landsframleiðslu en í fyrra og lægra hlutfall en stefnt er að í gildandi fjárlögum, eða með öðrum orðum að ríkisstjórnin ætli sér ekki að sækja einu sinni þær tekjur sem stefnt er að í fjárlögunum. Ég spyr bara: Hvaða efnahagsleg skynsemi er í því? Auðvitað veit ég að Sjálfstfl. söng þennan söng hér í stjórnarandstöðunni og í kosningunum að þeir mundu ekki hækka skatta. En þeir gætu þó skotið sér á bak við það að í fjárlögunum er gengið út frá ákveðnu tekjustigi og hvers vegna ekki að taka það? (Gripið fram í.) Það er vegna þess, ágæti ráðherra, sem virðist líta á að árið hafi endað á kjördag í apríl, að þær aðferðir sem við töluðum þá um, sérstaklega hækkun á áfengi og tóbaki, var ólíkleg að skila þeim tekjuauka sem þurfti. Eins og ég hef bent hæstv. ráðherra á við annað tækifæri er það að seinka lækkun jöfnunargjaldsins aðferð sem gæti dugað. Ég er alveg viss um það að forsvarsmenn iðnaðarins mundu fagna því að þeirri áformuðu niðurþrepun á jöfnunargjaldinu sem er í lögum verði breytt þannig að jöfnunargjaldið verði óbreytt til næstu áramóta. Það mundi a.m.k. hjálpa til upp í það sem reiknað var með í fjárlögunum.

Hæstv. forsrh. sagði hér að þessi vaxtahækkun væri gerð til þess að varðveita þjóðarsáttina. Ég vil nú mælast til þess við hæstv. forsrh. að hann biðji hæstv. fjmrh. að segja sér frá ræðu formanns BSRB sem hann flutti í dag á þingi BSRB vegna þess að hæstv. fjmrh. var viðstaddur þegar sú ræða var flutt. Í þeirri ræðu skorar formaður BSRB í fyrsta sinn síðan þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir á félagsmenn BSRB til þess að koma til sérstakra fjöldaaðgerða, til þess að mótmæla atlögu ríkisstjórnarinnar að þjóðarsáttarsamningunum. Það er því alveg ljóst að forusta BSRB er ekki á sömu skoðun og hæstv. forsrh. Hún sér sérstaka nauðsyn á því að kalla í setningarræðu formanns BSRB á félagsmenn samtakanna til þess að mæta til sérstakra mótmæla til að standa vörð um þjóðarsáttina.

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því hér áðan að fá hæstv. utanrrh. í salinn. Ég vildi spyrja virðulegan forseta að því hvort ekki er hægt að verða við þeirri ósk. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að formaður Alþfl. sé viðstaddur umræðu um stefnuræðu forsrh. því það voru tveir menn sem sömdu um þessa stefnu og aðeins tveir. Þeir eru þeir einu sem vita nákvæmlega hvað í henni felst. Þótt ég hefði gaman af að spyrja varaformann Al-

þfl. ýmissa spurninga þá veit ég að það dugir ekki því varaformaðurinn var ekki í Viðey. Hefur m.a. áfram verið látinn sitja hérna óæðra megin í ráðherraröðinni í þessari nýju uppsetningu sem var búin (**FrS:** Hver sat þarna megin á síðasta kjörtímabili?) Það er auðvitað alveg rétt, ég sat þarna megin, það er alveg rétt. En það tóku hins vegar allir eftir því við þingsetningu að forusta Sjálfstfl. og Alþfl. hafði búið til nýja röð. Hún var þannig að fyrst kom formaður Sjálfstfl., svo kom formaður Alþfl., svo kom varaformaður Sjálfstfl. og svo kom fyrrv. formaður Sjálfstfl. En hver situr í þessum stól hér? Það er maður sem hefur enga trúnaðarstöðu í Alþfl. og það er maðurinn sem lætur eins og hann sé varaformaður Alþfl., hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson. Þegar þetta var stokkað upp hefði auðvitað verið rétt að flytja hæstv. félmrh. líka hérna yfir. Það var ekki gert. Þar með var búið að gefa til kynna hvar þungavigtin í ríkisstjórninni liggur og hvar léttavigtin í ríkisstjórninni liggur. Það er nú svona aukaatriði í málinu. En ég spyr, virðulegur forseti, er ekki þess að vænta að hæstv. utanrrh. komi hér í salinn? (**Forseti:** Forseti vill svara því játandi. Hæstv. utanrrh. hefur verið gert viðvart og hann verður væntanlega hér innan tíðar.)

Meðan beðið er eftir hæstv. utanrrh. þá vil ég bara endurtaka þær spurningar mínar til hæstv. forsrh. eða annarra ráðherra:

1. Hvað mun ríkisstjórnin gera ef þessi vaxtahækkun skilar ekki árangri?

2. Hvernig hyggst forsrh. bregðast við samkeppni húsbréfanna við spariskírteinin?

3. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. og einnig hæstv. viðskrh.: Hafa viðræður farið fram við Landsbankann um þann mikla vanda sem hefur skapast í fjárhagsstöðu Landsbankans vegna þess hve Landsbankinn liggur með mikið óselt af húsbréfum?

Síðast þegar ég vissi var Landsbankinn með yfir einn milljarð, síðustu tölur sem ég heyrði voru reyndar einn og hálfur milljarður. Ég skal ekki segja hvort þær eru réttar í dag. En það er alla vega yfir einn milljarður sem Landsbankinn liggur með í óseldum húsbréfum og það er miklu hærri upphæð heldur en Landsbankinn reiknaði nokkurn tímann með þegar hann bauðst til þess að verða viðskiptavaki fyrir húsbréfin. Og það er alveg ljóst að þetta mikla magn af óseldum húsbréfum sem liggur í Landsbankanum er að skapa mikinn vanda í rekstri Landsbankans. Ég vil þess vegna beina þeim spurningum til hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh. hvort viðræður hafi átt sér stað milli þeirra og Landsbankans um þetta mál.

Meðan beðið er eftir hæstv. utanrrh. vil ég aðeins víkja að því sem sagt var um meðferð hæstv. iðnrh. á álmálinu. Hv. þm. Alþfl., leiðarahöfundar Alþýðublaðsins sem eru nú þögulir mjög í þingsölum, skrifa þeim mun oftar í fjórblöðunginn, og ráðherrar Alþfl. hafa mjög kvartað yfir því að við hefðum í kosningabaráttunni verið eitthvað ósanngjarnir við Alþfl. og það sé ein af skýringunum á því hvers vegna núv. ríkisstjórn var mynduð. Staðreyndin er hins vegar sú að við héldum verndarhendi yfir Alþfl., sérstaklega iðnrh., í þessari kosningabaráttu. (Gripið fram í.) Nei, samanber það að við ræddum hvorki um umhverfismálin sérstaklega né þetta fræga „og" í kosningabaráttunni og afleik iðnrh. í samningunum og glímuna við erlendu fyrirtækin um að fá þetta „og" út úr heiminum. Við ræddum heldur ekki um það hvernig hann prívat handsalaði raforkusamninginn þó hann segði við ríkisstjórnarborðið að hann kæmi ekki nálægt því að semja um raforkuverðið heldur væri Landsvirkjun með það. Við tókum ekki upp þá grundvallarspurningu: Sagði hann ríkisstjórninni ósatt í þessu stóra hagsmunamáli? Eru það erlendu fyrirtækin sem segja satt þegar fulltrúar þeirra sögðu við hæstv. forsrh. og samningamenn Landsvirkjunar þegar þeir reyndu að fá raforkuverðinu breytt: Það getum við ekki gert vegna þess að iðnrh. hefur handsalað okkur þennan samning? Ráðherrann sem sagði við ríkisstjórnarborðið mánuðum saman: Ég tek ekki þátt í að semja um raforkuverðið, það er Landsvirkjun sem gerir það. Hver segir satt, iðnrh. eða erlendu fyrirtækin eða hæstv. forsrh.? Ef það er rétt sem erlendu fyrirtækin og hæstv. forsrh. segja þá er það ljóst að hæstv. iðnrh. sagði ósatt við ríkisstjórnarborðið og það er alvarlegur hlutur, hv. þöguli þingmaður. Þetta ræddum við ekki í kosningabaráttunni. Og við ræddum heldur ekki viðræðufundinn sem ráðherranefnd ríkisstjórnarinnar átti við samninganefnd Landsvirkjunar um raforkusamninginn. Þegar núv. hæstv. forsrh. lýsti þeim samningsdrögum sem núv. hæstv. iðnrh. handsalaði sem rússneskri rúllettu, sem væri svo mikið hættuspil að það líktist helst rússneskri rúllettu. En rússnesk rúlletta er á þann veg að menn setja byssu upp að gagnauganu og það er eitt skot í einu gati og ef menn eru óheppnir þá er lífið á enda, í þessu tilviki Landsvirkjun komin á höfuðið. (**Gripið fram í:** Hvar er friðurinn núna, Ólafur?) (**Gripið fram í:** Hann er úti, það er ljóst.) Það er nefnilega alveg rétt, hv. þm., sem kom inn á þing í krafti vinstri stefnu og situr nú og styður harða hægri stjórn, þetta sögðum við ekki í kosningabaráttunni vegna þess einmitt að þá hefði verið spurt eins og hv. þm. spurði núna: Hvar er friðurinn nú? Við hlífðum nefnilega Alþfl. sérstaklega í kosningabaráttunni.

Nú er hins vegar tími kominn til að spyrja vegna þess að við höfum ekki fengið að fylgjast með og fengum bara véfréttir sem svör hér áðan frá hæstv. iðnrh. Og ég vil spyrja í fyrsta lagi hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh.: Hafa orðið þær breytingar á raforkusamningnum að líkingin við rússnesku rúllettuna eigi ekki lengur við? Það er ekki samlíking sem var sett fram í einhverju kaffispjalli, það var samlíking sem var sett fram á formlegum samráðsfundi samninganefndar Landsvirkjunar og ráðherranefndar síðustu ríkisstjórnar í álmálinu. Hefur orðið sú breyting á raforkusamningnum að það sé ekki lengur hægt að líkja honum við rússneska rúllettu og hver er þá sú breyting?

Í öðru lagi held ég að ég hafi tekið rétt eftir því að hæstv. umhvrh. hefur enn ekki kvatt sér hljóðs hér í kvöld. Er það ekki rétt með farið? En til hans var einmitt beint mjög mikilvægri spurningu. Spurningu sem snertir hið fræga „og" í þeim samningsdrögum

sem iðnrh. undirritaði sl. haust. Við sem sátum í ráðherranefnd fjögurra ráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar munum marga fundi í þeirri ráðherranefnd þar sem rætt var um það að Ísland gæti aldrei samþykkt samning um nýtt álver nema þetta „og" væri á brott. Fyrrv. hæstv. forsrh. sagði hvað eftir annað á þeim fundum að hann mundi aldrei geta varið það fyrir samvisku sinni eða þjóð sinni að mæla með samningi þar sem Íslendingum væri meinað að gera þær kröfur í umhverfismálum sem bestar og réttastar væru taldar í veröldinni. Og fyrrv. umhvrh. á heiður skilið fyrir það, þó ýmsir hafi gert sér leik að því að hæðast að honum, þá á hann heiður skilið fyrir það að hann tók afdráttarlaust strax þá stefnu þegar okkur var ljóst hvers konar fingurbrjótur þetta „og" var í textanum sem hæstv. iðnrh. hafði undirritað að hann mundi aldrei veita starfsleyfið fyrr en þetta „og" væri á brott. Þess vegna er alveg nauðsynlegt fyrir okkur, og fyrir þingið í heild og sérstaklega fyrir okkur sem höfum fylgst með þessu máli í smáatriðum í rúmt eitt og hálft ár, að fá alveg skýr og ótvíræð svör við því frá hæstv. umhvrh.: Ætlar hann að standa jafnföstum fótum á þessari stefnu eins og fyrirrennari hans?

Hæstv. iðnrh. sýndi okkur stundum uppkast að texta sem hann batt vonir við að erlendu fyrirtækin gætu samþykkt þar sem þetta „og" var á brott. Þar sem Ísland gat með uppréttu höfði sagt að í samningum um nýtt álver væri lagður sá grundvöllur að hér yrði að fara að sams konar umhverfisverndarkröfum og í öllum öðrum Evrópulöndum. Ég hef ekki heyrt af því að fyrirtækin hafi enn sem komið er samþykkt slíka texta. En það væri fagnaðarefni ef þau hefðu gert það, það væri fagnaðarefni. Því satt að segja er það þannig að ef þessi fingurbrjótur iðnrh. verður ekki á brott úr hinum endanlega samningi þá getur Alþingi ekki samþykkt þennan álsamning, það er ekki hægt. Það er bara ekki hægt. Okkur er sagt að á næstu dögum verði gengið til mikilvægra viðræðna um þetta atriði og þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. umhvrh. sérstaklega, því ég tel að hann sé maðurinn sem standi þessa vakt aðallega, segi það alveg skýrt hér í þingsalnum hvar hann ætli að standa. Nei, þetta ræddum við ekki í kosningabaráttunni, hv. þöguli þingmaður. Þetta ræddum við ekki í kosningabaráttunni vegna þess að við vildum ekki vera að bera á torg þessi vandamál ráðherra Alþfl. En það var af nógu að taka ef menn á annað borð hefðu viljað opna á þetta en það var ekki gert. Vegna þess að við vildum sýna samstarfsmönnum okkar ákveðinn skilning. (**Gripið fram í:** Samanber fundinn í Kópavogi.) Fundurinn í Kópavogi, hv. þöguli þingmaður, var svar við fundi sem tveimur dögum áður var á Suðurnesjum þar sem Jónarnir tveir opnuðu skothríð á þann sem hér stendur og ef hv. þm. vill leita sér staðfestingar á því þá getur hann bara farið í registrið yfir fréttatíma útvarpsins og fundið út hverjir byrjuðu að skjóta í þeim slag. Það getur hann gert milli þess sem hann skrifar eindálkinn í fjórblöðunginn.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að ég vil gjarnan fara að ljúka ræðu minni svona hvað úr hverju. En það er snúið fyrir mig ef hæstv. utanrrh. kemur ekki fljótlega í salinn — en ég sé nú að hann er kominn hér í hliðarherbergi. Það er alla vega í áttina. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. hefur verið hér allan tímann og hlustað vel.) Já, ég hef ekki vitað af honum fyrr en ég sé að hann er að lesa eitthvað í hliðarherbergi og ég læt mér það nægja. Ég ætla að bera hér fram við hæstv. utanrrh. tvær spurningar og síðan lesa fyrir hann nokkra texta.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. utanrrh. fyrir nokkru síðan að frá því hefði verið gengið milli hans og hæstv. forsrh. að Alþfl. fengi formennsku í þeirri nefnd sem ætti að móta hina nýju sjávarútvegsstefnu. Nú kom það fram hjá hæstv. forsrh. í dag að þetta er oftúlkun, svo notað sé frægt orðalag. Það hefur sem sagt að dómi forsrh. ekki verið samið um það að Alþfl. fái þennan formann, heldur var samið um að hæstv. sjútvrh. ætti að velja þennan formann en forsrh. treysti honum til að gera það skynsamlega. Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh. að því hvernig standi á því að hann er að segja Alþfl. og þjóðinni frá því að Alþfl. eigi að fá þennan formann þegar forsrh. segir að það sé ekki frágengið. Það er kannski rétt að í leiðinni spyrji ég hæstv. forsrh. að því, af því að það hefur held ég aldrei verið gert í þessum umræðum: Hver eru rökin fyrir því að ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að hafa eingöngu tvo af þeim fimm flokkum sem eiga fulltrúa hér á Alþingi með í þessari nefnd? Í tíð síðustu ríkisstjórnar, ef ég man rétt, áttu allir flokkar fulltrúa í nefnd sem átti að móta tillögur um sjávarútvegsstefnuna. (**Forsrh.:** Ég svaraði þessu áðan.) Já, það hefur þá kannski farið fram hjá mér. Ég mun þá bara fletta því upp í þingtíðindum. En ég hefði talið það skynsamlegra að hafa þar fleiri með. Um þetta þarf að myndast breið samstaða og það er alla vega ekki vænlegt fyrir flokka sem hafa samkvæmt skoðanakönnunum ekki lengur þingmeirihluta hér á Alþingi. Samkvæmt skoðanakönnunum fengju núv. stjórnarandstöðuflokkar meiri hluta á Alþingi einir ef kosið væri nú en Sjálfstfl. og Alþfl. væru í minni hluta. Það er ekki vænlegt fyrir slíka flokka að ætla sér að mynda nýja stefnu í jafnmiklu grundvallarhagsmunamáli þjóðarinnar eins og þetta er. Það er satt að segja dálítið merkilegt að við hinir flokkarnir skulum vera tilbúnir að taka þátt í þessari vinnu. En ég tek eftir því að menn óska ekki eftir því samstarfi.

Hin spurningin sem mig langar að bera fram við hæstv. utanrrh. er hvernig standi á því að Alþfl. hefur samþykkt það að fjórða meginverkefni núv. ríkisstjórnar sé að framkvæma — og ég legg áherslu á það enda stendur það í stefnuræðu forsrh. — að framkvæma það sem stjórnvöld og fulltrúar bænda sömdu um á hinum síðari árum. Það er í raun og veru bara eitt sem stjórnvöld og samtök bænda hafa samið um á hinum síðari árum og það er búvörusamningurinn frægi. Mér vitanlega hafa stjórnvöld og bændur og samtök þeirra eiginlega ekki samið um neitt annað markvert á síðari árum.

Við sátum í ríkisstjórn þar sem ráðherrar Alþfl. mótmæltu þessum búvörusamningi, neituðu að taka þátt í honum, bönnuðu að hann yrði lagður fyrir þingið og háðu sína kosningabaráttu gegn honum. Eftir að ríkis-

stjórnin var mynduð sagði hæstv. utanrrh. að þessi ríkisstjórn ætlaði sér að taka 4 milljarða út úr þessum búvörusamningi. Nú segir hæstv. forsrh. hins vegar að fjórða meginverkefni ríkisstjórnarinnar sé að framkvæma þennan búvörusamning.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. að gefnu tilefni: Er þessi texti í stefnuræðu forsrh. samþykktur af Alþfl.? Er þetta rétt lýsing á stefnu ríkisstjórnarinnar þannig að Alþfl. geri enga athugasemd við þessa frásögn?

Virðulegi forseti. Ég vona að mér verði fyrirgefið það þó ég taki svona eins og tíu mínútur eða svo til að lesa fyrir vin minn utanrrh. nokkra stutta texta. Það er nú þannig að við höfum brallað ýmislegt saman í pólitík, ég og hæstv. utanrrh. Þegar við vorum báðir ungir og efnilegir menn vorum við saman í litlum stjórnmálaflokki sem átti sér tvo leiðtoga, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson. Og þegar ég kynntist hæstv. utanrrh. fyrst, ja, í alvöruumræðum um stjórnmál var hann á sumrum og stundum líka á vetrum íhlauparitstjóri við lítið vikublað sem ungir menntamenn og ungir vinstri menn og jafnaðarmenn á Íslandi töldu nú með einu því besta sem hafði verið gert í íslenskri pólitík um þær mundir, Nýtt land – frjáls þjóð. Og það er kannski u.þ.b. hálfur áratugur eða svo sem við áttum nokkuð skemmtilega samleið, þó ég væri þá í Framsfl., a.m.k. skráður í hann lengst af á þeim tíma, en hæstv. utanrrh. væri skráður í Samtök frjálslyndra og vinstri manna og áður í Alþb. og við síðan báðir í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna. Ég hrökk þess vegna við þegar hæstv. utanrrh. sagði við myndun þessarar ríkisstjórnar: „Við eigum góðar minningar um viðreisnarstjórnina." Og þetta sagði hann ekki bara einu sinni heldur oftar. Í þeirri stefnuræðu sem flutt var fyrir hönd Alþfl. hér af hæstv. forsrh. er vitnað með mjög jákvæðum hætti til þessarar stjórnar. Mig langar til þess, hér tíu mínútum fyrir miðnætti, að skilja eftir hjá hæstv. utanrrh. nokkra texta úr ræðum og skrifum fjögurra manna um þessa viðreisnarstjórn, hvað þessir fjórir menn sögðu um þessa viðreisnarstjórn meðan hún var og hét og reynsla hafði fengist af henni. Ég vona að aðrir hv. þm. fyrirgefi mér þetta og ef þeir hafa ekki áhuga á þessum einkalestri mínum fyrir hæstv. utanrrh. þá er það allt í lagi mín vegna þó menn fari bara úr salnum.

Fyrsti textinn er úr ræðu sem vinur okkar beggja, Björn Jónsson, flutti hér á Alþingi 1970. Þar segir með leyfi hæstv. forseta: „Að baki eru viðreisnarárin, lengsta æviskeið samfellds ríkisstjórnarsamstarfs meðal þjóðarinnar, og að sögn þeirra sem þar hafa búið við eina sæng, hið ástríkasta og samhentasta sem sögur fara af, æviskeið sem er orðið það langt að yngstu árgangarnir sem ganga að kjörborðinu í vor voru tæplega byrjaðir að draga til stafs þegar fyrsti sáttmáli núverandi stjórnarflokka var undirritaður. Engan þeirra undrar því lengur sú mikla furða að flokkar með svo gerólík markmið, Alþfl., fyrrum brjóstvörn snauðrar alþýðu með fána jafnaðarstefnunnar við hún, og flokkur stóratvinnurekenda og fjáraflamanna, skuli hafa lifað svo lengi í sátt og samlyndi. En nú er úti það ævintýri sem fáir hafa skilið, nema sem grínsögu frá því undarlega landi, Íslandi."

Annar textinn er í ræðu sem sami maður, Björn Jónsson, flutti á Alþingi árið áður, 1969. (**Fjmrh.:** Í hvaða flokki varst þú þá?) Það upplýsti ég hér áðan, hæstv. fjmrh., þá var ég enn þá skráður í Framsfl. En ég bið nú hæstv. fjmrh. að vera ekki að blanda sér inn í þennan einkalestur minn fyrir hæstv. utanrrh. (**Viðskrh.:** Er þingið ætlað til einkalesturs?) Nei, en af því að hæstv. iðnrh. var þjónn og uppeldissonur þessarar viðreisnarstjórnar og hefur alltaf haft á henni allt aðra skoðun en hæstv. utanrrh. og sambúð þeirra er orðin með þeim hætti að hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., segir við þjóðina: „Við höfum ávallt haft góðar minningar um þessa ríkisstjórn", þá er nauðsynlegt að rifja upp þessa texta. Væri gott fyrir núverandi ráðamann Alþfl. að hlusta á þá líka.

Björn Jónsson sagði í þingræðu árið áður, hæstv. utanrrh.: „Á hinu leitinu stendur svo Alþfl. sem hefur fyrirgert öllum siðferðilegum rétti til að bera sér í munn orðið jafnaðarstefna eftir ellefu ára þjónustu við Sjálfstfl., þar sem engu stefnumáli jafnaðarmannaflokks hefur verið fram komið."

Þetta, hæstv. utanrrh., voru orð Björns Jónssonar í þessum ræðustól 1969 þegar hann talaði fyrir hönd Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Og það er hollt fyrir núv. formann Alþfl. og vin Björns Jónssonar að lesa þessa ræðu á ný.

Það er nefnilega þannig, virðulegi utanrrh., að ég hef engan sérstakan áhuga á því að núv. hæstv. utanrrh. eyðileggi Alþfl. þó sumir haldi kannski að ég hafi á því áhuga, af einhverjum þröngum flokkshagsmunum Alþfl. Ég er að lesa fyrir hæstv. utanrrh. þessa texta svo hann á síðkvöldum, kannski í útlöndum eða í flugvélum þegar hann situr einn með sjálfum sér, hugsi aðeins út í það að kannski hafi Björn Jónsson og Hannibal Valdimarsson haft rétt fyrir sér í þessum ræðum.

Á þessu sama ári, 1969, sagði hv. þáv. þm. Hannibal Valdimarsson, formaður Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, eftirfarandi, með leyfi forseta: „Leiðtogar Alþfl. bera stundum harm sinn á torg í heyranda hljóði út af því að vondir menn hafi oftar en einu sinni klofið flokkinn. Eru þá oftast nefndir tveir höfuðskálkar, þeir Héðinn Valdimarsson og Hannibal Valdimarsson. Þennan söng upphóf hæstv. menntmrh. Gylfi Þ. Gíslason líka hér í gærkvöldi. En hvernig var það annars með þessa úthrópuðu klofningsmenn Alþfl.? Hlupu þeir sjálfir brott úr flokknum? Var þeim ekki af löglegri flokksstjórn vikið úr flokknum? Það er eins og mig minni það nú. Svo var það a.m.k. að því er mig varðar. Fyrir þetta hef ég aldrei áfellst Alþfl. Hann vildi ótruflaður af öllu og öllum fá að taka sína hægri beygju, og þar sem ég var ekki á þeim buxunum að lalla með, var mér eðlilega sagt upp vistinni eftir 27 ára þjónustu á þeim bæ, því auðvitað átti flokksstjórnin en ekki einstaklingurinn að ráða stefnunni."

Virðulegi forseti. Fyrrv. formaður Alþfl., Hannibal Valdimarsson, var ekki á þeim buxunum að lalla með. En nú lallar formaður Alþfl. á undan og biður hina að lalla með. Ég veit að hæstv. utanrrh. er vel að sér í

þessari sögu. Hann hefur flutt margar ræður um að það hafi átt sér stað söguleg mistök í íslenskri vinstri hreyfingu á áratugunum áður en þetta var sagt. En hafa ekki verið gerð fleiri mistök í sögu íslenskrar vinstri hreyfingar en bara þau sem hæstv. utanrrh. nefnir tíðast? Kann það ekki að vera að þetta sé rétt hjá páv. þingmanni Hannibal Valdimarssyni, að það hafi verið söguleg mistök hjá Gylfa Þ. Gíslasyni að taka þessa hægri beygju, hjá Emil Jónssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni, að taka þessa hægri beygju? Er það kannski ekki hugsanlegt að hv. páv. þm. Hannibal Valdimarsson hafi haft rétt fyrir sér? Að það séu hinir sem hafi gert hin sögulegu mistök.

En Hannibal Valdimarsson heldur áfram í þessari sömu ræðu, með leyfi virðulegs forseta: „En hvenær halda menn að forusta Alþfl. taki sinnaskiptum og hverfi frá kjötkötlunum hjá Sjálfstfl.? Halda menn að hann taki saman pjönkur sínar og hverfi frá allri íhaldssamvinnu og gerist stríðandi Alþfl. á ný ef hann heldur fylgi sínu eða eykur það í næstu kosningum? Nei, svo barnalegur getur enginn verið. Auðvitað er einasta vonin til þess að Alþfl. hverfi aftur til síns fyrra hlutverks að hann verði fyrir miklu áfalli í næstu kosningum. Þá og því aðeins er nokkur von til þess að Gylfi Þ. Gíslason vakni upp við vondan draum einn morguninn og athugi eitthvað sinn gang, standi frammi fyrir spurningunni: Hvers vegna varð Alþfl. fyrir fylgishruni? Þá gæti e.t.v. hvarflað að honum að hann yrði líklega að breyta eitthvað til. Einasta leiðin til þess að toga Alþfl. aftur á rétta braut er sú að kjósendurnir refsi honum fyrir íhaldsþjónkun hans og segi honum þannig til vegar."

Þessi orð Hannibals Valdimarssonar reyndust rétt, hæstv. utanrrh. Kjósendur Alþfl. refsuðu honum. Það munaði örfáum hundruðum atkvæða að hann þurrkaðist út af Alþingi Íslendinga. Við hefðum margir kosið að sjá hæstv. utanrrh. frekar í hlutverki Hannibals Valdimarssonar í þessari ræðu en í hlutverki Gylfa Þ. Gíslasonar sem ræðunni var beint til.

Virðulegi forseti. Ég er hérna með nokkrar síður úr þessu litla blaði sem ég nefndi áðan, Nýtt land – frjáls þjóð, sem kom út á viðreisnarárunum. Og það vill svo til að í þessu blaði er að finna margar af snjöllustu lýsingunum á því hvers konar óstjórn viðreisnin var á sínum tíma því það voru ungir og efnilegir menn sem þar héldu um penna, sérstaklega bræður tveir, Ólafur Hannibalsson og Jón Baldvin Hannibalsson. Það er dálítið fróðlegt að fletta þessu gamla blaði og sjá myndir af ungum menntamanni nýkomnum frá Edinborg, skrifandi síðu eftir síðu og síðu eftir síðu. Um pólitíkina á Íslandi, pólitíkina í Bretlandi, framtíð íslenskrar jafnaðarmannahreyfingar og hvað beri að gera og hvað beri ekki að gera. Ég tala nú ekki um dóminn sem hann fellir yfir Alþfl. og íhaldsþjónkun Alþfl. Eru þetta góðu minningarnar, virðulegi utanrrh., um viðreisnartímana, greinarnar í Nýju landi – frjálsri þjóð sem kennarinn í Hagaskóla skrifaði í sumarleyfinu? Eru það góðu minningarnar? Það eina sem hæstv. utanrrh. gerði á viðreisnarárunum sem markvert er var að skrifa þessar greinar. Þær eru snjallar, hæstv. utanrrh. Þær eru jafnsnjallar þegar maður les þær í dag og þegar maður las þær á sínum tíma, ungur maður í menntaskóla og fannst þetta helvíti gott.

Hér segir t.d. í grein sem Jón Baldvin Hannibalsson ritar í Nýtt land – frjálsa þjóð: „Annars vegar er um að ræða, miðað við núverandi klofning lýðræðissinnaðra vinstri afla í landinu, að lífvænleg stjórn í stað Sjálfstfl. sé lítt hugsanleg í bráð heldur leiki vinstri flokkarnir á víxl hlutverk sitt sem hækjukerfi íhaldsins, fari svo að kratahækjan taki að digna." Hækjukerfi íhaldsins, það var lýsingin sem hæstv. utanrrh. gaf Alþfl. á viðreisnarárunum. Eru þetta góðu minningarnar?

Það er margt fleira (Gripið fram í.) Genitískir framsóknarmenn eiga engan rétt á því að grípa fram í í þessari umræðu. Það segir hér í þessari sömu grein, virðulegi forseti: „Eða með leyfi að spyrja, hafa ungir menn, sem telja sig lýðræðissósíalista, ekki einhverjar hærri hugmyndir um hlutverk flokksins en núverandi leiðtogar hans?" Þetta er spurningin sem núv. hæstv. utanrrh. bar fram til ungra alþýðuflokksmanna á þeim árum sem viðreisnarstjórnin var á miðjum sínum ferli.

Síðan er birt í þessu sama blaði ritstjórnargrein eftir JBH, skemmtileg grein, glæsileg grein, sem heitir Að dragast aftur úr. Að dragast aftur úr, virðulegi utanrrh. Er utanrrh. búinn að gleyma þessari grein? Hún er skrifuð þegar viðreisnarstjórnin hafði setið í tíu ár. Dómur þessa unga stjórnmálaleiðtoga um viðreisnarstjórnina eftir þessa setu er miskunnarlaus en alveg skýr. Hann lýsir því markvisst á þennan hátt, með leyfi virðulegs forseta:

„Eitt megineinkenni íslenskrar þjóðfélagsþróunar á undanförnum árum hefur verið það að við höfum stöðugt verið að dragast aftur úr þeim þjóðum sem við þrátt fyrir allt höfum helst reynt að halda til jafns við. Bilið fer sífellt breikkandi. Ef ekki verður að gert í tíma getur svo farið að örlög Íslands verði hin sömu og þeirra byggðarlaga á Íslandi sem hafa verið að tærast upp. Fólksflóttinn staðnæmist ekki í Stór-Reykjavík heldur haldi út fyrir landsteinana, landflótti margra sérmenntaðra manna, lækna, verkfræðinga og nú síðast iðnaðarmanna og vaxandi brottflutningur almennt til annarra landa er forsmekkur að þessari þróun. Á aldarfjórðungsafmæli lýðveldisins er þjóðin haldin ugg og kvíða um framtíðina."

Þegar ég las þetta um daginn rifjuðust upp fyrir mér orð núv. hæstv. utanrrh. sem hann mælti á fundi Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur eftir að núv. ríkisstjórn var mynduð, að flokksmenn væru á milli vonar og ótta. Það var uggur og kvíði sem einkenndi þjóðina eftir tíu ára viðreisnarstjórn.

Hinn ungi stjórnmálaleiðtogi hélt áfram að skrifa glæsilegar greinar. Nokkru síðar birtir hann pólitískt erindisbréf — titlarnir voru yfirleitt nokkuð góðir — pólitískt erindisbréf, upp á heila síðu. Þar er gerð úttekt á viðreisnarstjórninni kjörtímabil fyrir kjörtímabil. Ég ætla að grípa niður af handahófi í það sem Jón Baldvin Hannibalsson setti niður á blað í hinu pólitíska erindisbréfi sínu til vinstri manna á Íslandi og til

þjóðarinnar, með leyfi virðulegs forseta, árið 1969, eftir að viðreisnarstjórnin hafði setið í tíu ár:

„Fjórar gengislækkanir einnar stjórnar staðfesta að fjármálastjórnin var í molum.“ — Var í molum, hæstv. utanrrh. Réð ekki neitt við neitt. — „Þegar samdráttur varð í fjárfestingum og framkvæmdum fundu launþegar að fjárráð þeirra á veltiárunum höfðu byggst á vinnuþrælkun, aukastörfum, yfirborgunum, en kaup fyrir átta stunda vinnudag nægði hvergi til lífsframfæris meðalfjölskyldu. Þar við bættist að í happdrættisvímunni hafði láðst að huga að þeim málaflokkum sem til langs tíma áttu að gera þjóðinni fært að standa betur að vígi. Skólakerfið var staðnað, tengsl þess við atvinnulífið lítil sem engin, heilir herskarar unglinga eiga engar námsbrautir er búi þá undir framtíðarstörf. Loks var bikarinn bergður í botn þegar þúsundir manna úr ýmsum stéttum fylltu biðraðir atvinnuleysingja. Alþfl. er svo kirfilega bundinn á klafa Sjálfstfl.“ — og hlustaðu nú, hæstv. utanrrh., á þín eigin orð — „gegnum þéttriðið net fjárhagslegra hagsmuna að foringjarnir munu aldrei sjálfviljugir slíta stjórnarsamstarfinu sem þeir eiga upphefð sína og þjóðfélagsaðstöðu að þakka. Hann getur einfaldlega ekki framar séð sér pólitískt farborða af eigin rammleik.“

Þær eru margar fleiri, hæstv. utanrrh., greinarnar í þessu litla blaði. Ég ætla ekki að lesa þær allar upp í kvöld. En ég hef merkt þær á hornunum, brotið upp á þau, ef hæstv. utanrrh. vildi fá lánuð ljósrit til að hafa með sér í flugvélunum og til að lesa á kvöldstundum erlendis þegar hann er að bíða eftir næsta fundi í samningalotunni miklu og rifja upp minningarnar um viðreisnarstjórnina, þessar góðu minningar þegar íslenskir vinstri menn og jafnaðarmenn áttu ungan hugsjónamann sem braust um og sagði meiningu sínu og sagði Alþfl. til syndanna og hikaði ekki við að draga saman í snjallar greinar hvernig viðreisnarstjórnin fór með Alþfl. og hvernig forusta Alþfl. hafði svikið allt sem hægt var að tengja jafnaðarstefnunni og var gengin á vit þeirra fjármálahagsmuna sem valdakerfi Sjálfstfl. byggðist á. Það er nefnilega þannig, virðulegi forseti, að besta lesningin um örlög Alþfl. á viðreisnarárunum eru greinar eftir Jón Baldvin Hannibalsson, núv. hæstv. utanrrh., núv. formann Alþfl., skrifaðar á seinni hluta viðreisnartímans þegar hægt var að kveða upp dóm yfir þeirri ríkisstjórn. Kannski kemur hæstv. utanrrh. hér í stólinn og segir: Ég hafði rangt fyrir mér. Ég var bara ungur maður. Ég vissi ekki hvað ég var að skrifa. En áður en hæstv. utanrrh. gerir það ætla ég að biðja hann að hugleiða að þetta sem ég er með hér í höndunum er það besta sem hann hefur sett saman á sínum stjórnmálaferli. Og ef hann ætlar að fara að afneita þessu hér á Alþingi fyrir einhverja stundarhagsmuni er hann að afneita því besta og glæsilegasta sem hann á í sínum stjórnmálaferli þegar hann var úti í eyðimörkinni. Efnilegasti foringi íslenskra vinstri manna var úti í eyðimörkinni og vissi ekkert hvað hann átti í vændum og var búinn að bjóða öllu valdakerfinu í landinu birginn og fékk hvergi stöðu. (**Fjmrh.:** Er þetta kennsla í stjórnmálafræðinni?) Nei, þetta er ekki kennt í stjórnmálafræðinni, hæstv. fjmrh. Þetta er ekki kennslustund í stjórnmálafræði. Þetta er samtal mitt við vin minn, utanrrh., sem ég kýs að hafa hér í ræðustól Alþingis af því að þessar greinar skipta miklu máli í sögu íslenskrar jafnaðarhreyfingar. Þær skipta miklu máli í stjórnmálaferli núv. hæstv. utanrrh. vegna þess að við sumir berum enn þá hlýjar tilfinningar til hans og viljum ekki að hann hljóti örlög Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hann skrifaði sjálfur svona réttilega um á sínum tíma, og kjósum frekar að hann starfi áfram undir merki Björns Jónssonar og Hannibals Valdimarssonar. Þá kaus ég að rifja upp á þessu aukaþingi þennan texta fyrir hæstv. utanrrh. sérstaklega. (Gripið fram í.) Nei, það sagði ég hérna áðan, hæstv. fjmrh.

Ég var ekki að lesa þessar greinar til að hæstv. utanrrh. færi að tjá sig um þær sérstaklega, ég vil taka það fram. Ég var ekki að gera þetta til þess að hæstv. utanrrh. þyrfti að koma hér og svara eitthvað fyrir þetta. Ég tók það skýrt fram í byrjun áður en ég hóf lesturinn, að það væri ekki tilgangurinn, heldur væri þetta upprifjun til þess að hann hefði með sjálfum sér einn á síðkvöldum og til umhugsunar um að örlög forustumanna Alþfl. voru mörkuð með skýrum hætti af efnilegasta leiðtoga jafnaðarmanna á Íslandi á áratugnum 1960–1970 og hann hafði rétt fyrir sér, virðulegur utanrrh. Allt það sem Jón Baldvin Hannibalsson sagði í þessum greinum um örlög forustusveitar Alþfl. reyndist rétt. Alþfl. var nærri því þurrkaður út. Það sem bjargaði Alþfl. frá því að deyja út var annars vegar Vilmundur Gylfason, blessuð sé minning hans, og svo hins vegar það liðsinni sem núv. hæstv. utanrrh. veitti Alþfl. eftir að hann gekk í hann. Ef Vilmundur Gylfason og Jón Baldvin Hannibalsson hefðu ekki fyrir rúmum 10 árum síðan hafið björgunarstarf í Alþfl., þá væri hann fyrir löngu búinn að vera. Þá hefði þessi spásögn hins unga leiðtoga öll reynst rétt.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Kannski ætti ég að segja að ég væri ögn snortinn yfir því mikla lofi sem hv. þm. hefur borið á þann sem hann kallar efnilegasta leiðtoga vinstri hreyfingarinnar forðum daga sem skrifaði eitursnjallar greinar í fáséð og fátækt blað og hafði rétt fyrir sér í öllum meginatriðum. Það rifjast upp fyrir mér að það er kannski engin furða, eftir þessa lýsingu á hinum pólitíska gæðingi, að hv. þm. hafi líka fyrir aðeins örfáum vikum orðið til þess að bjóða þessum sama manni forsætisráðherrastól í ríkisstjórn sem hann vildi beita sér fyrir að mynda. Sennilega er það til marks um það að álit hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar á formanni Alþfl. hafi þrátt fyrir allt ekkert breyst.

Um viðreisnarstjórnina örfá orð. Ég mun hafa byrjað afskipti af stjórnmálum í blaðaskrifum á árinu 1964. Ég byrjaði þau afskipti með blaðagreinum í blaði sem hét Frjáls þjóð þar sem ég skar upp herör gegn hugmyndafræðilegum arfi forustumanna Sósíalistaflokksins, krafðist þess að framkvæmt yrði sögulegt uppgjör við fordæðuskap þeirra hugmyndafræðilegu gjaldþrotamanna sem þar stýrðu búi, vildi beita mér fyrir því að þeir sem væru raunverulegir jafnaðarmenn í þá-

verandi samsteypu sem hét Alþýðubandalag gerðu annað tveggja að taka forræði á þeim pólitíska vettvangi og vísa þessum gömlu kommum út þar sem þeir ættu heima eða færu úr þessu Alþýðubandalagi og reyndu að búa til grundvöll fyrir nýjum jafnaðarmannaflokki.

Ég er alveg sannfærður um það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gæti notað allan þennan vetur til þess að lesa ekki síður snjallar greinar og mjög skorinorðar sem höfðu þetta að meginstefnu. En þeir sem helst voru til andsvara voru ýmsir þeirra sem enn eru framarlega í flokki hv. þm., formanns Alþb., og þótti þetta hinn versti málflutningur og töldu það fráleitast af öllu að kröfur væru hafðar uppi um það að Sovéttrúboðið íslenska, eftir alla þeirra klofningsiðju í íslenskri vinstri og verkalýðshreyfingu á röngum forsendum, þar sem þeir höfðu rangt fyrir sér í öllum grundvallaratriðum, yrði gert upp við það pólitíska þrotabú.

Þessu til staðfestingar er kannski rétt að nefna það að eitt stærsta málið sem kom upp undir lok viðreisnarferilsins var spurningin um inngöngu Íslands í EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu. Það vill svo til að það mun hafa verið Björn Jónsson sem beitti sér fyrir því að gera þann sem hér stendur að fulltrúa Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í því nefndarstarfi sem þá undirbjó það mál af hálfu íslenskra stjórnvalda. Og ég held að ég ýki það ekkert þegar ég segi að ég hafi átt allverulegan þátt í því að þessi stjórnmálasamtök, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, tóku afdráttarlausa afstöðu með því að Íslendingar ættu að gerast aðilar að Fríverslunarsamtökunum, EFTA, þar sem aftur á móti Alþb. sem heild var eindregið andvígt þessu. Og taldi þetta eins og núna vera landsölu, vera framsal á sjálfstæði, vera uppgjöf á íslensku sjálfstæði. Með öðrum orðum: Allir sömu orðalepparnir og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og félagar hans halda hér uppi nú þegar við ræðum um samninga við Evrópubandalagið um Evrópskt efnahagssvæði. Þeir höfðu rangt fyrir sér í því þá eins og þeir hafa rangt fyrir sér núna.

Annað. Þegar viðreisnarstjórnin fór frá eftir að Alþfl. varð fyrir áfalli í kosningum 1971 sögðu sumir að hún hefði verið felld, viðreisnarstjórnin hefði verið felld, meiri hluta hennar hnekkt af Samtökum frjálslyndra og vinstri manna. Það er að vísu eitthvað til í því. En í raun og veru er ég þeirrar skoðunar að viðreisnarstjórnin hafi fyrst og fremst dáið úr þreytu, uppdráttarsýki. Hana hafi þrotið erindið. Hún skildi að vísu vel við eftir áföllin sem ríkisstjórnin varð fyrir, og þjóðin varð fyrir 1967 og 1968, komið sæmilegt jafnvægi. En engu að síður voru hugmyndir hennar að nokkru leyti upp urnar og sér í lagi var skilningsleysi hennar á nauðsyn þess að Íslendingar beittu sér fyrir útfærslu landhelginnar. Það held ég að hafi verið hennar banabiti.

En í þessu viðfangi er rétt að hafa það í huga að Samtök frjálslyndra og vinstri manna voru stjórnmálahreyfing sem varð til í uppgjöri við gömlu Moskvukommana í Alþb. Samtök frjálslyndra og vinstri manna urðu til vegna þess að menn eins og Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson áttu ekki samleið með þessum forustumönnum í Alþb., var gert þar ólíft reyndar, og hurfu þaðan á braut undir merki kröfunnar um að nauðsynlegt væri að hreinsa til, gera upp þessa arfleifð. Þeir komust að sömu niðurstöðu og Jón Baldvinsson forðum daga 1938 að undir merkjum mannanna frá Moskvu mundi íslensk vinstri hreyfing vissulega bíða ósigur.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna fengu fimm þingmenn, fengu það sem menn kalla stundum oddaaðstöðu til stjórnarmyndunar. Og þá er kannski rétt að rifja það upp að þá eins og oft áður vildu menn túlka þessi kosningaúrslit sem kröfu kjósenda um nýja vinstri stjórn, þ.e. alþýðubandalagsforingjarnir gömlu túlkuðu þessi kosningaúrslit, sem voru að því er samtökin varðaði uppgjör við þá, sem kröfu um það að nú yrði mynduð ríkisstjórn með þátttöku kommúnista. Og því miður, og það voru alvarleg mistök, var það svo að forustumenn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna höfðu ekki nægt traust á sjálfum sér, ekki nægilegt pólitískt sjálfstraust til þess að hafna þessu, að undanteknum einum manni sem að vísu var ekki þar í fremstu röð. Ég var kominn í pólitíska útlegð vestur á firði og átti ekki þarna aðra aðild en þá að ég átti sæti í einhverju sem kallað var flokksstjórn, eða miðstjórn, SFV. Ég kom á fundi þar sem þessi stjórnarmyndun var til umræðu og ég lét bóka það sérstaklega á þeim virðulega fundi að ég teldi þetta mjög misráðið; að Samtök frjálslyndra og vinstri manna ættu annað erindi í pólitík en að álpast inn í vitlausa vinstri stjórn undir forustu Framsfl. og með þátttöku gömlu kommanna með vitlaust prógramm í farteskinu. Og Samtökin ættu ekki að gleyma því höfuðhlutverki sínu og þeim tilgangi sínum að beita sér fyrir sameiningu jafnaðarmanna. Ég mælti með því að Samtökin byðu að vísu Ólafi Jóhannessyni hlutleysi, ef hann gæti skapað hér minnihlutastjórn um skeið, en sneru sér síðan að því meginverkefni sínu að taka upp viðræður við Alþfl. til þess að vinda bráðan bug að sameiningu flokkanna.

Þetta lýsir kannski afstöðu minni til viðreisnarinnar sem var á þessum tíma sem hv. þm. var að vitna til á þann veg að viðreisnarstjórnin væri merkileg umbótastjórn í efnahagsmálum framan af, hefði að vísu þrotið erindið undir lokin. Hef ég í engu breytt afstöðu minni til þess, samanber afstöðu mína til inngöngunnar í EFTA á sínum tíma, samanber einnig afstöðu mína til þessarar stjórnarmyndunar 1971. Og þó að ég ætli ekki að fara hér með það úr þessum ræðustóli, þá minnist ég ákaflega vel samtala sem ég átti við Björn Jónsson um þá stjórnarmyndun og reyndar við Hannibal Valdimarsson og veit reyndar núna að báðir fullyrtu eftir á að það hefðu verið alvarleg mistök þegar þeir gengu til þeirrar stjórnarmyndunar.

Til þess að orðlengja ekki frekar um þetta þá ætla ég að bæta einu við. Svo er mál með vexti að ungur og efnilegur stjórnmálafræðingur, menntaður úr Manchester, gaf einu sinni út smákver sem mun hafa verið að stofni til bókarkafli í alþjóðlegt fræðirit um samsteypustjórnir þar sem hinn ungi prófessor, dr. Ólafur Ragnar Grímsson, var að setja fram nýstárlegar kenningar, eða kenningatilbrigði skulum við kalla það, um

samsteypustjórnir. Og tók einkum og sér í lagi dæmi af einni samsteypustjórn íslenskri. Það var viðreisnarstjórnin sem hann tók sem dæmi um þessa kenningu sína, dæmi um það hvernig farsællega hefði til tekist í stjórnarsamstarfi sem skýrði það hvers vegna þessi samsteypustjórn hefði enst svo lengi, sem skýrði það m.a. hvers vegna þessi ríkisstjórn hefði náð svo eftirtektarverðum og jákvæðum árangri um meginverkefni sitt sem var að opna Ísland fyrir straumum samtíðarinnar og endurskipuleggja íslenskt atvinnulíf eftir að hafa tekið hér við mjög úreltu og reyndar gjaldþrota haftakerfi frá fyrri tíð. Þetta er ákaflega athyglisverð ritsmíð og sýnir aðeins eitt, að þegar prófessor dr. Ólafur Ragnar Grímsson er að leggja fræðilegt mat í stjórnmálum, setja fram kenningar og tilgátur og rökstyðja það, þá er hann ekki ofstækisfyllri en svo að hann tekur þessa viðreisnarstjórn sem dæmi um árangursríkt stjórnarsamstarf ólíkra flokka. Segir ekki meira af því að svo stöddu.

Til mín var beint örfáum spurningum. Fyrst er það að hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson nefndi í ræðu sinni Schmidtmeier, formann þingmannasamtaka EFTA, austurríska þingmann, og hafði eftir honum einhver orð sem hann taldi vera til marks um það að höfundurinn, Schmidtmeier, teldi nauðsyn á því að innan EFTA væri stofnað til sérstakra þingsamtaka, ef ég skildi hann rétt, til þess að vega upp á móti þeim missi í valdi þjóðþinga sem væntanlegur samningur um Evrópskt efnahagssvæði fæli í sér.

Nú er það svo að ég vil ekki rengja hv. þm. um tilfærð ummæli og hef ekki séð þau sjálfur. Ég nefni að það er áreiðanlega hægt að fara í öll þjóðþing EFTA-landanna og finna til einhver ummæli einhverra manna eins og t.d. í Alþingi Íslendinga um það að þar eru menn sem telja að þessi samningur feli í sér eitthvert framsal á valdi þjóðþinga. Það er hins vegar ekki afstaða þingmannasamtaka EFTA, ekki ráðgjafarnefndar EFTA. Innan EFTA starfa tvær ráðgjafarnefndir, önnur ráðgjafarnefnd aðila vinnumarkaðarins og hin þingmannanefndin. Ég hef setið fundi með báðum þessum ráðgjafarnefndum oft og iðulega og séð frá þeim þeirra ályktanir. Hvergi í neinni ályktun sem ég hef séð frá þessum aðilum hefur því verið haldið fram að þessi fyrirhugaði samningur feli í sér afsal á valdi þjóðþinga.

Hitt er alveg rétt að menn hafa talað um það í þingmannanefndinni að það væri æskilegt að koma á nánara samstarfi milli fulltrúa þjóðþinga EFTA-ríkjanna, bæði innbyrðis sem og við Evrópuþingið af hálfu Evrópubandalagsins. Það hefur hins vegar ekkert með þetta mál að gera, þ.e. hugsanlegt ágreiningsefni um það hvort um væri að ræða eitthvert framsal á valdi þjóðþinga. Um það hef ég ekki annað að segja en það að þessi samningur felur ekki í sér neitt slíkt valdaafsal og þau rök eru gamalkunn hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Málið er einfaldlega það að sá samningur verður aldrei að löggerningi nema þjóðþingin samþykki hann. Það verða engar nýjar reglur eða ný lög innleidd á grundvelli þessa samnings nema með því móti að þjóðþingin samþykki það. Það verða engar ákvarðanir teknar í stofnunum innan EFTA nema með samstöðu þannig að hvert einstakt aðildarríki hefur þar neitunarvald. Og þessi rök eru alveg ómótmælanleg sönnun þess að í þessum milliríkjasamningi felst ekkert afsal á löggjafarvaldi þjóðþinganna né heldur valdi ríkisstjórna umfram það þá sem tíðkast varðandi reglugerðarsetningu um tæknileg atriði.

Ef það er svo að umræddur þingmaður hafi á því aðra skoðun, þá er mín afstaða einfaldlega sú að sú skoðun er röng og styðst ekki við rök. Ég hef hvergi nokkurs staðar séð neina ályktun frá þingmannasamtökum EFTA sem tekur undir þessa skoðun.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson beindi til mín einni eða tveimur spurningum. Fyrri spurningin var sú hvort Alþfl. hefði fallið frá afstöðu sinni varðandi endurskoðun búvörusamnings og varðandi það að stefna að því að taka upp gjaldtöku fyrir veiðileyfi í áföngum á komandi árum. Svarið við því er einfaldlega nei. Alþfl. hefur ekki fallið frá því. Og mætti ég kannski vitna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fyrst um landbúnaðarmál. Í þessari stefnuyfirlýsingu segir, með leyfi forseta:

„Markmiðum sínum hyggst ríkisstjórnin ná m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

3. Með mótun landbúnaðarstefnu er hafi að leiðarljósi lægra verð til neytenda, bætta samkeppnisstöðu bænda, ekki hvað síst með lækkun verðlags, lægri ríkisútgjöld og gróðurvernd. Þetta felur m.a. í sér breytingar á vinnslu- og dreifingarkerfi landbúnaðarvara í framhaldi af endurskoðun búvörusamnings."

Að mínu mati getur þetta naumast skýrara verið. Í tíð fyrri ríkisstjórnar neitaði Alþfl. að fallast á eða standa að þeim drögum að búvörusamningi sem undirrituð voru af fyrrv. hæstv. landbrh. Hann rökstuddi það með greinargerð sem lögð var fram í ríkisstjórn þar sem búvörusamningsdrögin voru gagnrýnd og settar fram kröfur um það hvernig þyrfti að halda þessari vinnu áfram og hverju þyrfti að bæta við til þess að Alþfl. gæti talið þetta ásættanlegt. Sérstaklega lögðum við þar áherslu á nauðsyn þess að aflétta leifum einokunar í vinnslu- og dreifingarkerfi til þess að reyna að tryggja betur það lofsverða markmið að ná verðlækkunum til neytenda í framkvæmd eins og er vikið að í stefnuyfirlýsingunni. Við erum þess vegna prýðilega ásáttir við þá stefnumörkun sem hér hefur farið fram. Við það er síðan að bæta að meðan á stjórnarmyndunarviðræðum stóð, þótt þær stæðu yfir skamman tíma, var unnið sérstakt stefnuskjal um landbúnaðarmál sem er ítarlegra, lýsir þessu betur og er hugsað sem innlegg í þá hvítbók sem lýst hefur verið yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að verði lögð fram fyrir upphaf þings í haust. (**HÁ:** Um stefnuræðuna.) Að því er varðar stefnuræðuna sjálfa skal það tekið fram að sá sem hér stendur óskaði ekki eftir því að lesa hana yfir, telur það ekki sitt hlutverk, treystir hæstv. forsrh. fyllilega til þess að semja sinn texta sjálfur og túlka fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þá stefnu sem þingflokkar beggja flokka hafa komið sér saman um að fylgja fram. (**Gripið fram í:** Er það oftúlkun?) Ég hef svarað þessari spurningu, hv. þm.

Að því er varðar sjávarútvegsmálin, þá er kannski ástæða til þess að víkja hér enn að stefnuyfirlýsingunni. Þar segir að ríkisstjórnin hyggist ná markmiðum sínum með mótun sjávarútvegsstefnu sem nær jafnt til veiða og vinnslu, hamlar gegn ofveiði, eflir fiskmarkaði, treystir byggð og stuðlar að hagræðingu. Og þar sem stjórnskipuleg staða sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða er tryggð. Í stefnuræðu forsrh. var rækilega fjallað um þennan þátt stefnuyfirlýsingarinnar, sérstaklega að því markmiði að gera virka 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna um sameignarákvæðið.

Nú er það svo að það eru skiptar skoðanir í öllum stjórnmálaflokkum, jafnvel líka Framsfl., um fiskveiðistjórnina. Og það er alveg ljóst að sú stefna sem Alþfl. hefur gert að sinni hefur ekkert verið samþykkt fyrir fram í þessu stjórnarsamstarfi út af fyrir sig, þ.e. sá þáttur stefnunnar sem er tillagan um það að taka upp gjaldtöku fyrir veiðileyfi í áföngum á næstu árum, henni hefur ekki verið hafnað. Því er hins vegar ekki slegið föstu að hún skuli koma til framkvæmda. Ástæðurnar fyrir þessu eru einfaldar. Eins og menn vita er kveðið á um það í lögum að stefnt skuli að endurskoðun á núverandi skipan fiskveiðistjórnunar eftir tiltekinn tíma. Það sem við komum okkur saman um í þessari stefnuyfirlýsingu var að setja upp nefnd milli stjórnarflokkanna og nota þannig þann tíma sem líður áður en endurskoðunin kemst á dagskrá til þess að fara yfir alla þá gagnrýni sem fram hefur komið á ýmsa annmarka núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis sem og þær hugmyndir sem fram hafa verið settar af hálfu stjórnarflokkanna og nýta tímann til þess að fullmóta stefnu um breytingar á sjávarútvegsstefnunni, bæði að því er tekur til veiða og vinnslu. Samkomulag okkar var um það að þessi nefnd skyldi verða öflug, hún skyldi verða skipuð þremur mönnum frá hvorum flokki. Um það var samkomulag okkar í millum að Alþfl. skyldi hafa tilnefningarrétt að því er varðaði formann, en það skyldi verða samkomulagsmál. Þetta er eins og fram kom í ræðu forsrh.

Við erum hér að tala um stefnu sem tekur bæði til veiða og vinnslu, þ.e. við erum ekki eingöngu að tala hér um fiskveiðistjórnunina sjálfa, kvótakerfið eða breytingar á því. Við erum einnig að tala um aðra þætti málsins eins og hér er vikið að: Eflingu fiskmarkaða til þess að reyna að gefa íslenskri fiskvinnslu jafnan rétt, jafna aðstöðu til þess að bjóða í hráefnið á við erlenda fiskvinnslu. Við munum vafalaust einnig víkja að áhrifum væntanlegra samninga um Evrópskt efnahagssvæði með þeim tollaívilnunum fyrir unnar fiskafurðir og hvernig nýta megi þær breytingar sem lyftistöng fyrir fiskvinnsluna um landið. Við erum einnig að tala um markaðsmál og sölumál. Með öðrum orðum heildarstefnu í sjávarútvegi að því er varðar bæði veiðar og vinnslu.

Sérstaklega var um það spurt hvort Alþfl. væri fallinn frá, eins og það var orðað, krófum sínum um það að lækka útgjöld á næstu fjárlögum um 4 milljarða til landbúnaðarmála samkvæmt búvörusamningnum eða hvort krafan um upptöku veiðileyfa skyldi koma til framkvæmda strax á næsta fjárhagsári. Að því er þessi mál varðar er það einfaldlega svo að það kemur fyrst og fremst í hlut núv. hæstv. fjmrh. að verkstýra undirbúningi fjárlaga á næsta ári. Þegar hafa verið lagðar fram með skýrslu fjmrh. upplýsingar um stöðu þeirra mála nú. Þær upplýsingar eru þess eðlis að öllum má ljóst vera að það verður vandasamt verk að koma saman fjárlögum ef stefna á að jöfnuði í ríkisfjármálum strax á næsta fjárlagaári. Það er hins vegar alveg ljóst að með opnun íslenska hagkerfisins, ekki síst opnun fjármagnsmarkaðarins, þá eiga stjórnvöld nánast ekki önnur tæki á sínu valdi, ef þau vilja halda hér stöðugleika og festu í stjórnarfari og þar á meðal reyna að tryggja stöðugleika í gengi, en að gera það með því að beita tækjum sem heita jöfnuður í ríkisfjármálum og ríkisbúskap og með því að draga úr óheyrilega mikilli lánsfjárþörf hins opinbera. Mér segir þess vegna svo hugur um að þær hugmyndir sem við höfum lýst séu þess eðlis að við munum fljótlega reka okkur á það að við getum ekki náð jöfnuði í ríkisfjármálum nema með því að fylgja fast fram þessari stefnuyfirlýsingu sem kveður á um það að lækka ríkisútgjöld vegna landbúnaðarmála. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það líka að það mundi auðvelda hæstv. fjmrh. mjög hans vandasama verk ef samkomulag gæti tekist um það að stíga fyrstu skrefin, eða við getum sagt annað skrefið í þá átt að taka upp gjaldtöku fyrir veiðileyfi t.d. í þeim tilvikum þegar veiðileyfum er úthlutað til útgerðarmanna sem ekki nýta þau en selja hins vegar öðrum í ágóðaskyni. Menn hafa nefnt mismunandi tölur í þessum efnum sem er ekki aðalatriði málsins heldur hitt að þessi viðskipti eru mikil. Það er þegar tekin upp eins konar gjaldtaka fyrir veiðileyfi í formi verslunar með kvóta, ýmist innan ársins eða jafnvel með endanlegri sölu.

Með öðrum orðum, þetta er mál sem snýr að ríkisfjármálunum, ekki bara þessum atvinnuvegum einum út af fyrir sig. Þar sem vandinn í ríkisfjármálunum er jafnmikill og við höfum nú upplýsingar um er ég ekki í nokkrum vafa um það að menn hljóta að taka alvarlega þær hugmyndir og þær ábendingar sem hér hefur verið lýst vegna þess að þær kunna að vera algerlega óumflýjanlegar ef við ætlum okkur að tryggja hér og varðveita stöðugleika og festu í efnahags- og atvinnulífi.

Virðulegi forseti. Ég tel að með þessum svörum hafi ég svarað þeim spurningum sem til mín var beint.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi fá upplýsingar um það hversu lengi standi til að halda þessum fundi áfram. Hæstv. ráðherrar flytja hér mjög fróðlegar ræður, bæði í sögulegu samhengi og einnig eru ýmsar nýjar upplýsingar sem þar koma fram, en einhverjir þeirra munu nú vera á mælendaskrá. Ég hafði fengið upplýsingar um það hjá mínum þingflokksformanni að þessi fundur mundi alls ekki standa lengur en til kl. 12. Ekki það að við getum að sjálfsögðu verið hér lengur ef sérstök þörf krefur, en það er mikilvægt að störfum þingsins sé háttað eins og um er talað milli þingflokksformanna. Áður en lengra er haldið vildi ég því fá upplýsingar

um það hve lengi stendur til að halda þessum fundi áfram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. að það hafði verið rætt á fundi með forsetum og þingflokksformönnum í morgun hvernig þinghaldið mætti ganga fyrir sig í dag. Þá var jafnframt gert ráð fyrir því að þau tvö mál sem hér eru á dagskrá yrðu tekin til umræðu, þ.e. framhald stefnuræðu forsrh. mundi ljúka og að síðan yrði tekið fyrir 1. dagskrármálið, ríkisfjármálin. Ef útlit væri fyrir að þeirri umræðu yrði ekki lokið nálægt miðnætti — það var nú aldrei ákveðið kl. 12 eins og hv. 1. þm. Austurl. nefndi — þá yrði þeirri umræðu frestað.

Nú liggur það fyrir að 1. dagskrármálið hefur ekki verið tekið fyrir á þessum fundi eins og gert hafði verið ráð fyrir, en þessari umræðu um stefnuræðu forsrh. gæti lokið fljótlega þar sem aðeins er einn á mælendaskrá, hæstv. umhvrh. Hann hefur tjáð mér að hann ætli að tala örstutt, en til hans hefur verið beint spurningum sem hann mun að sjálfsögðu þurfa að svara. Forseti hafði ákveðið að gefa hæstv. umhvrh. kost á því að svara og síðan mundi þessum fundi ljúka með því að stefnuræðuumræðunni væri þar með lokið. Þá væri aðeins eftir 1. dagskrármálið sem yrði þá tekið fyrir á næsta fundi.

Þetta er það svar sem forseti getur gefið hv. 1. þm. Austurl. Að vísu eru liðin þrjú korter fram yfir þann tíma sem menn höfðu gert sér vonir um að geta lokið þessum fundi, en þar sem svo stutt er í það að umræðunni geti lokið hefur forseti ákveðið að hæstv. umhvrh. fái að tala.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það kom einnig fram í frásögn formanns þingflokks Alþb. að í þeim samningum sem gerðir voru milli formanna þingflokka og forseta var talað um að þessum fundi mundi ljúka í síðasta lagi um miðnætti.

Nú hefur það gerst í þessum umræðum hér eftir miðnætti að hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., hefur upplýst það að Alþfl. hafi ekki vitað neitt um það hvað stóð í stefnuræðu forsrh., a.m.k. hafi formaður Alþfl. ekki kynnt sér ræðuna fyrir fram og tekur ekki ábyrgð á því sem hæstv. forsrh. segir að sé fjórða meginverkefni þessarar ríkisstjórnar, svo að ég vitni orðrétt í stefnuræðuna. Það er auðvitað alveg ljóst að þegar það er upplýst hér skömmu eftir miðnætti að annar af stjórnarflokkunum, a.m.k. formaður hans, hafði ekki kynnt sér né tekið ábyrgð á þeirri stefnuræðu sem hér var flutt efnislega, þá er komin upp alveg ný staða í þessum umræðum.

Við sem höfum tekið þátt í umræðunni til þessa, og mér er kunnugt um að það á við ýmsa þingmenn sem ekki eru hér staddir í kvöld, höfum talað ávallt á þann veg að stefnuræðan sé sameiginlegt verkefni, sameiginleg tilkynning ríkisstjórnarinnar, hún sé ekki einkatexti forsrh., hún sé stefnuræða ríkisstjórnarinnar. Hún er kynnt sem slík og þjóðin hlustaði á hana sem slíka. Nú kemur það bara í ljós að Alþfl. frábiður sér alla ábyrgð á þessari stefnuræðu. Það er algerlega ný staða í þessum umræðum. Og í ljósi þess, virðulegi forseti, óska ég eftir því að þessari umræðu sé nú frestað. Ég tel óhjákvæmilegt að tala aftur í þessari umræðu eftir þá ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti hér, ekki vegna þess sem hann sagði um hina sögulegu upprifjun þó að ég gæti ýmislegt sagt um það, né heldur það sem hann sagði um hina ágætu fræðiritgerð, sem hann þarf greinilega að lesa aftur því hún snerist fyrst og fremst um það hvers vegna sumar ríkisstjórnir eru langlífar en aðrar skammlífar en ekki um stefnuna. En ég tel óhjákvæmilegt að umræðan haldi áfram í ljósi þess sem hér hefur verið sagt, það sé ógerlegt að ljúka henni nú. Ég ætla ekkert að leggjast gegn því að umhvrh. flytji sína ræðu hér, en síðan tel ég óhjákvæmilegt að umræðunni sé frestað þannig að hún geti haldið áfram á morgun og allur þingheimur geti þar til hún hefst á ný gert sér grein fyrir þeirri merku yfirlýsingu sem hér kom fram, að formaður Alþfl. lýsti þeirri afstöðu að hann hefði ekki kynnt sér stefnuræðu forsrh. og Alþfl. hefði ekki samþykkt þann texta né hann verið borinn undir Alþfl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en forseti gefur fleirum orðið um þingsköp vill hann minna hv. 8. þm. Reykn. á það að hann hefur nú þegar talað tvisvar í þessari umræðu og þar af leiðandi á hann ekki möguleika á að tala oftar í þessari umferð. Hins vegar er hægt að benda hv. þingmönnum á það að hér hefur umræðan þó nokkuð tengst fyrsta dagskrármálinu, þ.e. ríkisfjármálum, og það á eftir að taka þá skýrslu til umræðu. Þá geta menn væntanlega á svipaðan hátt tengt umræðuna inn á þann dagskrárlið þegar þar að kemur.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Þetta mun vera í annað skiptið á þingferli mínum, svo stuttur sem hann er, sem ég bið um orðið um þingsköp. En það er til þess að vekja athygli á því að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar las ég heldur aldrei ræður forsrh. áður en þær voru sendar þingmönnum til birtingar. Ég hef það ekki fyrir sið að skipta mér af textum annarra manna og treysti þáv. forsrh. til þess að túlka af myndugleik stefnu þáv. ríkisstjórnar eins og ég ber fullt traust til núv. hæstv. forsrh. um að gera slíkt hið sama án þess að ég fari yfir þeirra stíla. Ef það eiga að vera rök fyrir að fresta þessari umræðu, þá hefðu umræður um stefnuræður fyrrv. hæstv. forsrh. eiginlega aldrei átt að fara fram. Ég held að þessi rök dugi til þess að það eigi ekki að taka mark á rökum hv. þm.

Geir H. Haarde *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af því að menn hafa verið hér að vitna í svokallað samkomulag á fundi formanna þingflokka og forseta í morgun, að rétt er að upplýsa að það var ekkert samkomulag um að ljúka þessum umræðum á miðnætti. Það var hins vegar

svona ábending um að það kynni að vera æskilegt og heppilegt, ábending sem kom frá hv. formanni þingflokks Framsfl. og sem enginn sá ástæðu til þess að andmæla neitt sérstaklega. (**Utanrrh.:** Svona almennt vinnuverndarsjónarmið.)

En mér þykir nú vera svolítið annar gállinn á hv. 8. þm. Reykn. heldur en var þegar hann hímdi hér í stóli fjmrh. fyrir nokkrum vikum síðan. Hann situr nú hér fyrir aftan forsrh. og kallar mjög fram í eins og hann reyndar gerði nú stöku sinnum meðan hann var fjmrh., en m.a. lét hann það fram koma hér í ræðu sinni um þingsköp að hann hefði ekkert á móti því að hæstv. umhvrh. tæki hér til máls, hann hafði bara ekkert á móti því. (**Gripið fram í:** Náðarsamlegast.) Náðarsamlegast ætlaði hann að fallast á það að hæstv. umhvrh. fengi nú að taka hér til máls. Það var vissulega mjög fróðlegt að fá þá blessun og þá náð af hálfu hv. 8. þm. Reykn. Ég er viss um að hæstv. umhvrh. þykir mikið til um það.

En varðandi það sem mönnum fór í milli í morgun þá var af minni hálfu ekkert samkomulag um það og ég bendi á að af hálfu þess manns sem mætti fyrir Alþb. á sambærilegan fund fyrir helgi var talað um að það mætti jafnvel sameina þessar umræður, umræður um skýrslu fjmrh. og það sem eftir væri af stefnuræðu forsrh., við skyldum bara sjá til hvort það gengi ekki upp. Það hefur ekki komið á daginn að menn hafi verið tilbúnir til þess þannig að ég vil bara lýsa því yfir að af okkar hálfu eða af minni hálfu sem formanns þingflokks Sjálfstfl. er ekkert samkomulag um að ljúka þessum fundi nú og mín vegna má þessi umræða halda hér áfram eitthvað lengur.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég var aðeins að vitna til þess sem við mig hafði verið sagt um þessi mál og hér hefur verið upplýst að þessum ummælum þingflokksformanns Framsfl. var ekki andmælt. Það er nú venjan að menn reyni a.m.k. að hafa bærilegt samkomulag um þinghaldið. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að halda hér áfram fram eftir nóttu, þótt það megi mín vegna, og allra síst ef það verður til þess að það komi í veg fyrir það að hæstv. ráðherrar geti tjáð sig um mikilvæg mál.

Hér hefur hæstv. utanrrh. komið fram með mikilvægar yfirlýsingar að því er varðar landbúnaðarmál þar sem hann sagði að eitt mikilvægasta málið í sambandi við niðurskurð ríkisútgjalda væri niðurskurður í landbúnaðarmálum. Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að fá upplýsingar um skoðanir hæstv. landbrh. á þessum ummælum.

Hæstv. utanrrh. hefur jafnframt sagt að það hafi alls ekki verið útilokað að taka upp veiðileyfasölu, sérstaklega í ákveðnum tilvikum sem ég sé ekki betur en muni hindra millifærslu aflaréttinda milli skipa og það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að fá skoðanir hæstv. sjútvrh. á þessum ummælum utanrrh. Utanrrh. hefur talað með þeim hætti hér í kvöld að það er nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar frá hæstv. ráðherrum um þessi ummæli hans og við munum að sjálfsögðu krefjast þess. (**Utanrrh.:** Ég sagði aldrei veiðileyfasala.)

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég kem nú í fyrsta lagi í ræðustól til að staðfesta það að nákvæmlega eins og hér hefur verið greint frá voru mér borin skilaboð um áform um fundahald hér í kvöld. Hvort sem menn kalla það samkomulag eða ekki, þá var þingmönnum greint frá því að svona stæði til að haga fundum hér og ég hygg að mjög margir hafi gengið út frá því að fundahöldum mundi ljúka um miðnætti og ég veit af þingmönnum sem höfðu hugsað sér að koma hér til fundar t.d. ef til stæði að taka fyrir fyrra dagskrármálið, en ljóst var orðið að svo yrði ekki.

En í öðru lagi og ekki síður vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að í mínu tilviki hef ég ekki talað nema einu sinni við þessa umræðu og svo kann að fara að ég hafi áhuga á því að taka aftur til máls, ekki síst í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hér komu fram hjá hæstv. utanrrh. síðast. Það er alveg ljóst að ég las texta í stefnuræðu hæstv. forsrh., og ég gerði reyndar sérstaklega að umtalsefni þann texta á bls. 16 í ræðunni sem ég leyfði mér að kalla besta hluta ræðunnar, fjórar línur um landbúnaðarmál, sem er algjörlega afdráttarlaus og skýr. Það verður ekki ráðið annað af texta hæstv. forsrh. en að ekkert annað standi til að hans meiningu en að framkvæma búvörusamninginn óbreyttan. Það er ómögulegt að lesa ræðu hæstv. forsrh. öðruvísi.

Ef skilja átti hæstv. utanrrh. þannig hér áðan, sem ég hygg að fleiri hafi gert en ég, að að hans mati væri þvert á móti í undirbúningi við fjárlagagerðina að skera stórlega niður fjárveitingar til þessa málaflokks þó það tengdist samningnum, þá eru hér stór tíðindi uppi í umræðunni sem nauðsynlegt er að ræða, ekki síst af því að hæstv. landbrh. heiðrar okkur nú með nærveru sinni og er óhjákvæmilegt að hann geri þá grein fyrir sínum sjónarmiðum til þess hluta málsins vegna þess að framkvæmd þessa búvörusamnings er hafin. Og að sjálfsögðu er hún væntanlega hafin af hálfu bændanna í trausti þess að við samninginn verði staðið að fullu og öllu leyti. Það er þess vegna ekki hægt að bíða haustsins með umræður um það hvort ríkisstjórnin ætlar sér að virða þennan samning eða ekki. Það verður að fást á hreint ekki síðar en nú í þessari umræðu úr því að hæstv. utanrrh. hefur tekið þannig til orða, formaður Alþfl., að gefa tilefni til efasemda.

Þetta vildi ég nú taka fram fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, og er eins viðbúinn því að biðja nú forseta að setja mig á mælendaskrá hvort sem það verður þá hér síðar í kvöld eða í nótt eða síðar ef umræðum yrði frestað og mundi þá óska eftir því að þessir þrír hæstv. ráðherrar a.m.k., forsrh., utanrrh. og landbrh., yrðu viðstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill staðfesta það sem kom hér fram í máli hv. 8. þm. Reykv. að þessum tilmælum var beint til forseta að reynt yrði að hafa þessa umræðu ekki langt fram yfir miðnætti. Ef útlit yrði fyrir að henni mundi

ekki ljúka á þeim tíma, þá yrði henni frestað. Það var aldrei neitt formlegt samkomulag um þetta atriði, en að sjálfsögðu hafði forseti hug á því að reyna að stefna að því að þessari umræðu gæti lokið. En nú vill forseti benda á það að þegar hv. 8. þm. Reykn. hóf sína ræðu þá var klukkan 15 mínútur yfir 11 og þegar hann lauk sinni ræðu var hún 15 mínútur yfir miðnætti þannig að það var komið fram yfir þennan tíma og það var ekki útlit fyrir að margir væru á mælendaskrá og þess vegna hafði forseti gert ráð fyrir því að hægt væri að ljúka þessari umræðu á skikkanlegum tíma, þ.e. innan klukkutíma frá miðnætti. Nú hefur þingskapaumræða staðið í 15 mínútur þannig að við erum að nálgast það að klukkan verði 1.

En forseti vill jafnframt benda hv. þm. á að á næsta fundi verða ríkisfjármálin á dagskrá og það ætti ekki að verða stórt vandamál fyrir hv. þm. að ræða um þau mál sem hér hafa komið upp í huga manna að þeir þurfi að ræða frekar, þ.e. um landbúnaðinn, því að hann hlýtur óbeint að tengjast þeim málum sem þar verða rædd, ríkisfjármálum.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hún er nokkuð sérkennileg hin fyrsta ganga hv. þm. Geirs H. Haarde sem formanns þingflokks Sjálfstfl. í þessari þingskapaumræðu. Hann kemur hér með derring af því tagi að ég hafi náðarsamlegast verið að tala um það að umhvrh. mætti tala hér og það hafi ekkert samkomulag verið gert o.s.frv.

Ég vil fyrst segja það að ástæðan fyrir því að ég nefndi hæstv. umhvrh. var einfaldlega sú að forseti var búinn að lýsa því að hann hefði beðið um orðið áður en ég bað um orðið um þingsköp. Mér fannst það bara sjálfsögð kurteisi gagnvart hæstv. umhvrh. að taka það fram að ég mundi ekki gera neina athugasemd við það þó að hann flytti sína ræðu hér þó að ég að öðru leyti óskaði eftir því að umræðunni yrði frestað. (Gripið fram í.) Það er enginn derringur af neinu tagi, það er bara sjálfsögð kurteisi gagnvart hæstv. utanrrh., en kannski skilur hv. þm. Geir H. Haarde ekki kurteisi hér í samskiptum þingmanna.

Ég vandist því þegar ég var hér formaður þingflokks í tæp fjögur ár að ef formenn þingflokka höfðu talað um það og beint ákveðnum tilmælum í sameiningu til forseta, þá var það nánast samkomulag. Þá voru ekki höfð þau vinnubrögð . . . (**GHH:** Í sameiningu?) Já, ég sagði það vegna þess að það var sagt í mínum þingflokki og þingflokki Framsfl. að þetta væru tilmæli formanna þingflokkanna. Ef formaður þingflokks Sjálfstfl. eða formaður þingflokks Alþfl. hafa ekki staðið að því, þá er auðvitað alveg nauðsynlegt að við gerum grein fyrir því í okkar þingflokkum, stjórnarandstöðuflokkarnir. Menn þurfa að taka upp greinilega alveg sérstaka hætti í samningum milli þingflokkanna hér í þinginu við þessa tvo menn sem nú eru orðnir formenn þingflokka í Sjálfstfl. og Alþfl.

Það er hins vegar óheppilegt að menn séu á svo stífum gormum hér, formenn þingflokka og forsetar, að það þurfi slíkar stífar neglingar í samskiptum manna. Það er mjög óheppilegt. En það virðist vera á þeim tóni og þeim ummælum sem koma fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde að það þurfi kannski hér í þinginu. Ef ríkisstjórnarflokkarnir kjósa það, þá munum við auðvitað laga okkur að þeim vinnubrögðum, en ég teldi það óskynsamlegt fyrir stjórnarflokkana að fara að temja sér þau vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. sagði það hér að hann hefði ekki lesið stefnuræðu forsrh. og hefði ekki gert það áður. Það er merkileg frétt. En það sem skapar tíðindin er kannski ekki í sjálfu sér þetta, hvort hann las hana eða las hana ekki, þó að mér finnist það nú nokkuð merkileg tíðindi í sjálfu sér. Það sem er hins vegar merkilegt er að í fyrsta sinn sem hæstv. utanrrh. er spurður að því hvort hann sé sammála einhverjum texta í þessari stefnuræðu, þá segir hann nei, hann er ekki sammála honum. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að halda sig við þingskapaumræðuna.) Já, já, ég er að gera það, virðulegi forseti. Og ég er alveg klár á því að það er fjöldi manns hér, þingmenn, sem vildu þá gjarnan halda áfram að spyrja hæstv. utanrrh. nánar út í þetta af því að það er fjölmargt annað í ræðunni sem væri fróðlegt að vita hvort utanrrh. og Alþfl. er sammála eða ekki fyrst á annað borð þetta er þannig.

Það er engu að síður staðreynd, virðulegi utanrrh., að forsrh. lýsti því yfir að þetta sem utanrrh. er ósammála sé fjórða meginverkefni ríkisstjórnarinnar. Það stendur í stefnuræðunni. (Gripið fram í.) Það stendur ekki í þessu bláa kveri. (Gripið fram í.) Já, að framkvæma þá samninga stendur í stefnuræðunni, að framkvæma þá samninga. (Gripið fram í.) Má ég sjá stefnuræðuna? (Gripið fram í.) (**Forseti:** Forseti verður nú að biðja hv. 8. þm. Reykn. að halda sig við þingskapaumræðu en ekki efnislegar umræður.) Já, ég mun gera það, virðulegur forseti. Það stendur hér í ræðu forsrh.:

„Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár."

En ég sé hins vegar að hæstv. forsrh. hefur skrifað hérna á spássíuna einhverjar setningar. Ég ætla að vona að hann láti ekki setja þær í þingtíðindin vegna þess að það væri fölsun á því sem hann sagði hér í salnum. (Gripið fram í.) Já, já, en ég sé bara að það er búið að breyta orðalaginu með pólitískum hætti á þessum texta. (**Forsrh.:** Það er mitt eigið plagg.) Já, það er gott. (Gripið fram í.) Þá hefur ekki átt að leiðrétta ræðuna í þingtíðindunum. Segulbandið er þá til vitnis. (**Forsrh.:** Hvers konar loddari ert þú?) Það er enginn loddaraskapur, hæstv. forsrh. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að það sem hér hefur komið fram er það að þessar fjórar línur í stefnuræðunni eru mjög viðkvæmur texti. Ég tel nauðsynlegt að umræðurnar fái að halda áfram um þessa stefnuræðu. Það er ljóst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur beðið um orðið, en virðulegi forseti sagði það hér áðan að ég hefði þegar talað tvisvar. Ég vil af því tilefni spyrja um það hvort það sé rangt sem mér skildist að væri lögmál þessarar framhaldsumræðu að þegar samþykkt var að hér færi fram almenn stjórnmálaumræða í framhaldi af útvarpsumræðunni, þá giltu

venjulegar reglur um þessa framhaldsumræðu en ekki þannig að þeir þingmenn sem valdir voru af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna til þess að tala í þeim umræðum hefðu þar með bara rétt til þess að tala einu sinni í framhaldsumræðunum. Ég man nú ekki hvað hv. 7. þm. Reykn. hefur t.d. talað oft, mig minnir þó að hann hafi talað tvisvar eftir að sjónvarpsumræðunni lauk, en það má vera að það sé rangt hjá mér. En minn skilningur var alla vega sá að takmörkin um það að tala tvisvar væru í framhaldsumræðunni en ekki þannig að ræðan sú stutta sem flutt var í sjónvarpsumræðunni teldist fyrri ræða. Hins vegar ef forseti heldur sig við þá túlkun, þá mun ég auðvitað beygja mig undir það, en það er annað en mér hafði skilist.

Ég vil ítreka þær óskir að þessari umræðu verði frestað. Það verði ekki farið inn á þá braut að halda hér næturfund um þetta efni að fjarstöddum stórum hópi þingmanna og þessari umræðu verði fram haldið á morgun og ég beini því til forseta að taka það til vinsamlegrar athugunar, enda nauðsynlegt að formenn þingflokkanna allir geri út um það sín á milli um hvað þeir sömdu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykn. ef hann hefur staðið í þeirri trú að þeir sem töluðu hér við fyrstu umræðu eða réttara sagt á fyrsta fundi þegar stefnuræða forsrh. var í sjónvarps- og útvarpsumræðu hafi rétt til þess að tala tvisvar eftir það. Þessir fundir sem síðan hafa verið haldnir, sem eru tveir, eru framhald umræðunnar frá því að sjónvarpað var þannig að þeir sem töluðu í þeirri umræðu geta aðeins talað einu sinni eftir það og það hefur hv. 8. þm. Reykn. gert. Hann hefur nú þegar talað tvisvar í þessari umræðu og sama gildir um hv. 7. þm. Reykn. Hann hefur einnig nú þegar talað tvisvar. Hann talaði við sjónvarpsumræðuna og síðan aftur í kvöld. Þannig er um fleiri. Forseti hefur samviskusamlega merkt það hjá sér hversu oft menn hafa talað.

Halldór Ásgrímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins fá það upplýst hvort það standi til að fresta þessari umræðu eða ekki. Ég legg á það áherslu að henni verði frestað. Ég geri engar athugasemdir við það þótt umræður haldi eitthvað áfram og tel þá nauðsynlegt að um það sé rætt á milli þingflokksformanna hvort þessar umræður verði síðan sameinaðar eða ekki. Ég legg á það áherslu að hún haldi áfram og henni verði lokið. Ég á ekki von á því að það taki mjög langan tíma. Ég vildi gjarnan að við gætum jafnframt athugað með það hvort túlka beri þingsköp með þeim hætti að þeir sem töluðu í útvarps- og sjónvarpsumræðunum hafi talað tvisvar. Það má vel vera rétt. En mér finnst vera lögð allmikil ofuráhersla á þá túlkun. Það verður að gæta þess að sú umræða þar sem ræðutími er takmarkaður við tiltölulega fáar mínútur er samkvæmt sérstakri grein þingskapanna og því með öðrum hætti en venjulegar umræður. Ég vildi gjarnan fá það upplýst hvort það hafi verið áður túlkað með þessum hætti í störfum Alþingis þótt í reynd skipti það nú ekki neinu meginmáli því það eru nægir til að tala um þessi mál ef þeir sem vildu gjarnan tala aftur hafa ekki heimild til þess. En áður en lengra er haldið vildi ég fá upplýst hvort það standi til að fresta umræðunni eða ekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi fyrra atriðið sem hv. 1. þm. Austurl. spurði um, þ.e. hversu oft menn mega tala við þessa umræðu, þá er það nú sennilega ekki venjulegt að umræðu um stefnuræðu forsrh. sé frestað eins og hefur gerst í þessu tilviki nú. Það var gert til að koma til móts við stjórnarandstöðuna til þess að gefa mönnum kost á að ræða almennt um stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég verð að taka það fram hér og nú að það hefur verið mjög góð samstaða og gott samstarf við þingflokksformenn bæði stjórnar og stjórnarandstöðu um þinghaldið. Og það hefur ekki verið neitt vandamál fram að þessu að mér sé kunnugt um eða neinn misskilningur þar á milli manna. Og eins og forseti hefur margtekið fram hér við þessa þingskapaumræðu þá var þessum tilmælum beint til forseta að reynt yrði að ljúka henni ekki löngu eftir miðnætti og það hafði forseti ætlað sér að gera. Nú hefur þingskapaumræðan staðið í hálftíma og ef hún hefði ekki komið til þá værum við væntanlega sum komin heim og aðrir á heimleið.

En forseti hefur áhuga á því og vill beina því til hv. þm. að þessari umræðu megi nú ljúka með örstuttri ræðu hæstv. umhvrh. og hæstv. forsrh., sem taka örfáar mínútur og síðan verði þá hægt að taka upp umræður um þessi mál undir liðnum ríkisfjármál sem verður á dagskrá næsta fundar. Forseti getur ekki séð að sú umræða þurfi að koma í bága við þá umræðu sem fram hefur farið um stefnuræðuna í dag því að menn hafa ófeimnir beint henni inn á ríkisfjármálin sem er í raun og veru ekki óeðlilegur hlutur.

Þetta eru vinsamleg tilmæli forseta til hv. þm. sem hér eru staddir um að málið megi ganga fram með þessum hætti. Það eru ekki aðrir á mælendaskrá. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur ekki sett sig á mælendaskrá. (**SJS:** Ég hélt að ég hefði gert það.) Hann talaði um að hann mundi e.t.v. gera það. En gerði það ekki. (**SJS:** Þá bið ég um orðið.) Er hv. þm. að biðja um að verða settur á mælendaskrá eða er hann að biðja um orðið? (**SJS:** Ég er að biðja um orðið á löngu umræðunni hér í nótt, þá bið ég um orðið.) Um þingsköp? (**SJS:** Nei, ég bið um orðið.) Þá biður hann um orðið að verða settur á mælendaskrá. Þá hefur forseti skilið það rétt.

En forseti beinir því sem sagt til hv. þm. hvort þeir séu sáttir við að málinu ljúki með þessum hætti. En ef hv. 4. þm. Norðurl. e. gerir ráð fyrir að flytja langa ræðu þá verður forseti að sjálfsögðu að taka tillit til þess og endurskoða þetta.

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekki stöðu til annars en að hlýða ákvörðunum forseta og ætla ekki að standa í rökræðum um þær, en það er alveg ljóst að ég hef áhuga á að leggja spurningar fyrir eina þrjá hæstv.

ráðherra í framhaldi af upplýsingum sem komu fram hér í umræðunni og ég hlýt að nota rétt minn til að gera það þá í þessari umræðu ef henni verður lokið hér í kvöld eða nótt.

Ég hyggst m.a. tala beint út frá texta stefnuræðu hæstv. forsrh. Og ég tel með öllu óeðlilegt annað en að sá hluti míns máls sé þá fluttur við þessa umræðu. En hitt verð ég að segja, virðulegur forseti, að mér finnst ég vera settur í heldur óþægilega stöðu þegar það er beinlínis sagt úr forsetastóli að það fari algjörlega eftir því hversu mikið ég nýti af rétti mínum til að tala hér í seinna skiptið í þessari umræðu hvort hægt sé að ljúka henni eða ekki. Ég sé ekki að það þurfi að verða mjög langt mál hjá mér en ég mun þurfa að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og veit ekki hvort ég á að skjóta á að það taki stundarfjórðung eða tvo stundarfjórðunga en eitthvað af þeirri stærðargráðu gæti það hugsanlega verið. Forseti verður síðan að meta það hvað hann vill þá við það gera. En ekki þykir mér það samt þægilegt að þurfa að halda þá áfram umræðunni eftir þau orð sem hæstv. forseti kaus að hafa um þetta. Ég vissi ekki til þess að slíkar nauðir ræki hér til að ljúka þessari umræðu að setja þyrfti einstaka hv. þm. í þessa aðstöðu.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að í þingflokki Framsfl. og í þingflokki Alþb. var flutt önnur lýsing á því sem fram fór milli forseta og formanna þingflokka heldur en hér hefur komið fram af hálfu formanns þingflokks Sjálfstfl. Ég tel það afar óheppilega byrjun á samstarfi þingflokka á þessu kjörtímabili og samstarfi þingflokka við forseta að þessari umræðu sé haldið áfram nú gegn óskum okkar. Ég setti hér fram formlega ósk um það að þessari umræðu yrði frestað og formenn þingflokkanna hefðu tækifæri til þess að ráða ráðum sínum um það hvernig yrði með framhaldið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lýst því að honum finnist hann settur í óþægilega stöðu. En hitt er aðalatriðið að kæmi það í ljós á morgun að formenn þingflokka Alþb. og Framsfl. teldu það réttan skilning sem hér hefur verið lýst, að það hafi verið gert eins konar samkomulag við þá og það hafi verið þeirra skilningur að þessari umræðu ætti að ljúka um miðnætti, þá hefur verið þvingað hér fram af hálfu ríkisstjórnarinnar framhald umræðnanna gegn þeim skilningi sem ríkti. Ég sé satt að segja ekki af hverju er þörf á því, virðulegi forseti, og bið þess vegna forseta að hugleiða það hvort ekki sé skynsamlegra að fresta umræðunni nú. Formenn þingflokka og forsetar hafa tækifæri til þess fyrir hádegi á morgun að skipuleggja næsta dag í samráði við þá ráðherra sem þurfa að þeirri umræðu að koma og aðra þingmenn. Ég teldi það satt að segja miklu farsælla framhald á þessu máli heldur en að þvinga fram það sem lýst var hér áðan.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegur forseti. Ég hygg nú að þingflokkarnir hafi sýnt það að þeir vilji hafa sem best samstarf við stjórnarandstöðuna um umræður hér og alls ekki viljað þvinga neitt fram í þeim efnum. Ég býst við að þegar menn hafa rætt um það að reyna að klára umræðu um stefnuræðu forsrh., það er nú í þriðja ganginn sem sú umræða er á dagskrá, þá hafi menn af beggja hálfu ætlað sér það. Ég tók eftir því að hv. 8. þm. Reykn. hélt hér ræðu og lýsti því yfir úr ræðustólnum að hann væri hér á einkafundi með utanrrh. Ég hef setið hér samviskusamlega undir ræðum. En þegar þingmaðurinn sagði þetta þá fór ég niður í kaffi. (Gripið fram í.) Af því að þingmaðurinn sagðist vera á einkafundi með utanrrh. Ég segi nú fyrir mig: Hver er að ganga gegn góðu samstarfi hér í þinginu, formaður þingflokks Sjálfstfl. eða maðurinn sem var á einkaviðræðum við utanrrh. hér klukkutíma áður? Ég velti því fyrir mér.

En ég vil aðeins upplýsa gagnvart þessum undarlega útúrsnúningi varðandi . . . (**ÓRG:** Það voru ekki viðræður, það voru einkaumræður.) vegna þessa útúrsnúnings varðandi landbúnaðarmálin þá segir ekki annað í þessari inngangssetningu að kaflanum „. . . að fylgja þeirri stefnu sem stjórnvöld og bændur hafa markað." Síðan er það útskýrt í hverju sú stefna felst. Sú stefna hefur falist í því að laga framleiðsluna að markaðnum. Síðan er farið yfir það. Það er enginn ágreiningur milli manna um þessi atriði. Ekki nokkur skapaður hlutur. Því er síðan lýst í hverju þetta felst. Þannig að ég mundi nú taka undir með forseta og mælast til að menn kláruðu þessa umræðu. En með sama hætti vil ég segja að ekki vil ég standa að því ef stjórnarandstaðan telur að við séum að þvinga eitthvað fram í þeim efnum, þá vil ég ekki gera það því ég hef sagt að ég vilji að menn hafi sem mest rými til almennrar umræðu um stefnumál ríkisstjórnarinnar hér í upphafi þessa þings. En það var talað um það milli formanna flokka og formanna þingflokka að reyna að ljúka þinginu þann 31. og formaður þingflokks Framsfl. og formaður Framsfl. til að mynda voru mjög viljugir til þess. Ég skal þó viðurkenna að formaður Alþb. kvaðst hafa fyrirvara í þeim efnum, en aðrir vildu gjarnan að þetta gengi fram með þeim hætti. Við í ríkisstjórninni höfum samt sem áður þrátt fyrir þessa tímasetningu viljað takmarka almennar umræður sem allra, allra minnst.

Ég held að það væri kostur að ljúka þessari umræðu um stefnuræðu forsrh. nú. Svo hafa menn til viðbótar skýrslu fjmrh. sem hefði þó gjarnan mátt fylgja og flétta inn í umræðu um stefnuræðu forsrh.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti sér nú ástæðu til þess að gera fimm mínútna hlé á þessum fundi til þess að reyna aðeins að átta sig betur á hlutunum í samráði við fulltrúa þingflokka eftir því sem tök eru á. Því verður þessum fundi nú frestað í 7 mínútur eða til kl. hálftvö. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

5. fundur, þriðjudaginn 28. maí,
kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1, n. 4.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Stjórnskipunar- og þingskapanefnd hefur fjallað um frv. til stjórnarskipunarlaga. Eins og hv. þm. er kunnugt þá er þetta frv. samhljóða frv. sem var flutt af hv. þáv. þm. Ólafi G. Einarssyni, Páli Péturssyni, Málmfríði Sigurðardóttur og Stefáni Valgeirssyni og var samþykkt á síðasta þingi, og er lagt fyrir Alþingi skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Það liggur í eðli þessa máls að Alþingi getur gert annað tveggja, að hafna því eða samþykkja það. Sú nefnd sem hefur fjallað um málið er sammála því að það beri að samþykkja þetta frv. og staðfesta það. Hv. þm. er kunnugt um efni þess og þær miklu breytingar sem það hefur í för með sér.

Í fyrsta lagi er um að ræða verulega þrengingu á rétti til að gefa út bráðabirgðalög.

Í öðru lagi mun Alþingi samkvæmt þessu frv. starfa í einni málstofu.

Í þriðja lagi mun Alþingi héðan í frá, ef frv. þetta verður samþykkt, koma saman fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag.

Í fjórða lagi munu samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, alþingiskosningar fara fram eigi síðar en í lok kjörtímabils og skv. 15. gr. skal upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði talið frá mánaðamótum.

Rétt er að taka það fram að það ber að sjálfsögðu að skilja svo að því er varðar næstkomandi kosningar, ef þær verða að loknum fjórum árum, að átt sé við þriðja laugardag í aprílmánuði.

Við sem áttum sæti í þessari nefnd unnum jafnframt sameiginlega með hv. stjórnskipunar- og þingskapanefnd Nd. að yfirferð á frv. til laga um þingsköp Alþingis. Ég tel ekki rétt að fjalla um það mál fyrr en það kemur formlega hér til deildarinnar sem væntanlega getur gerst síðar í dag, en vil aðeins ítreka það að nefndin er sammála um það að mæla með því að frv. þetta verði samþykkt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þegar frv. til stjórnarskipunarlaga kom til meðferðar á síðasta löggjafarþingi, þá lét ég í ljós efasemdir um að það væri rétt án þess að ganga um leið frá skýrum tillögum um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis að afgreiða málið eins og það lá fyrir. Engu að síður taldi ég með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára að það væri rétt að standa að því að frv. yrði afgreitt en áskildi mér persónulega allan fyrirvara um meðferð þessa máls ef illa færi varðandi afgreiðslu á frv. um þingsköp Alþingis.

Nú hefur verið haldið þannig á þessum málum að þau hafa bæði verið til meðferðar samtímis hér á hv. Alþingi. Í hv. Nd. er nú verið að ræða við 2. umr. frv. til laga um þingsköp Alþingis og ég tel að eins og það frv. lítur út núna, þá sé það í öllum meginatriðum ásættanlegt þannig að óhætt sé, ef svo má að orði komast, að fallast á það að þær breytingar verði gerðar á stjórnskipuninni sem hér eru uppi tillögur um.

Það sem ég á við í þeim efnum er aðallega eitt ákvæði í þingskapalagafrv., þ.e. það ákvæði að afbrigði skuli því aðeins heimiluð að $^2/_3$ hlutar þingmanna standi að ákvörðun um afbrigðin. Það er veruleg breyting frá því sem er í gildandi þingsköpum, eins og hv. þm. þekkja, þar sem annars vegar nægir einfaldur meiri hluti þegar um er að ræða ríkisstjórnarmál og hins vegar nokkuð aukinn meiri hluti þegar um er að ræða önnur mál.

Ég tel að þetta og ýmis fleiri ákvæði hins nýja frv. til þingskapalaga séu með þeim hætti að það sé með ágætri samvisku hægt að fallast á það að þessi breyting eigi sér stað. Ég tel að þingskapalögin séu í raun og veru hjartað í þingræðinu og þar birtist þau grundvallaratriði sem starfsemi Alþingis byggist á. Tilgangurinn er auðvitað sá að tryggja rétt allra réttkjörinna alþingismanna til þess að hafa áhrif á gang mála, hvort sem þeir eru fáir eða margir í þingflokki, í stjórn eða stjórnarandstöðu eftir atvikum.

Þetta vildi ég láta koma hér fram við þessa umræðu, virðulegi forseti, um leið og ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að ræða nokkuð um þingsköpin sjálf þegar það frv. kemur hér til meðferðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

6. fundur, þriðjudaginn 28. maí,
að loknum 5. fundi.

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

5. fundur, þriðjudaginn 28. maí, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, 2. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 2, n. 5, brtt. 6.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir áliti stjórnskipunar- og þingskapanefndar Nd. sem flutt er á þskj. 5 um frv. til laga um þingsköp Alþingis.

Frv. þetta felur í sér heildarendurskoðun á þingsköpum Alþingis og er flutt í tengslum við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni sem nú er til meðferðar í Ed. þingsins.

Þær breytingar sem Alþingi samþykkti á stjórnarskránni á síðasta þingi og fólu m.a. í sér brottfall deildaskiptingar þingsins kalla á verulegar breytingar á þingsköpum Alþingis. Það var jafnframt mat þeirra er unnu að endurskoðun þingskapalaga að heppilegt væri að gera samhliða þeirri endurskoðun ýmsar aðrar tímabærar breytingar á þingsköpunum, m.a. setja fyllri ákvæði um fastanefndir en verið hefur.

Nefndin fjallaði um frv. þetta á allnokkrum fundum og var setið við þá vinnu tímunum saman eins og eðlilegt er þegar um er að ræða svo mikilvægt mál. Að auki voru haldnir sameiginlegir fundir með stjórnskipunar- og þingskapanefnd Ed. Nefndin er í öllum höfuðatriðum sammála efni frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á þskj. 6. Þessar breytingar eru unnar í samráði við efrideildarnefndina.

Samtals flytur nefndin 39 brtt. Sumar þessar brtt. eru veigameiri en aðrar og mun ég gera sérstaka grein fyrir þeim í upphafi. Aðrar breytingar lúta fyrst og fremst að því að gera ákvæði frv. skýrari og taka af tvímæli um ýmis atriði. Mun ég víkja að þeim breytingum síðar.

Sný ég mér þá fyrst að meginbreytingum frv. Þær eru eftirfarandi:

1. Nánari reglur eru settar um kosningu varaforseta og verkefni forsætisnefndar. Kveðið er á um að forseti skuli gangast fyrir kosningu fjögurra varaforseta samkvæmt reglum 68. gr. um listakosningu. Ef ekki er samkomulag milli þingflokka um einn lista skal kosning fara eftir reglum 5. mgr. 68. gr. Æskilegt er talið að sem flestir flokkar eigi aðild að forsætisnefndinni sem skipuð er forsetum og varaforsetum og þykir eðlilegt að þingflokkar reyni að ná samkomulagi áður en til listakosningar kemur um hverjir skuli skipa embætti varaforseta.

Í þessu sambandi er rétt að taka það fram að undirstrikað er enn frekar en var upphaflega í því frv. sem nú liggur fyrir að áður en komi til listakosningar skuli þess freistað að ná samkomulagi milli þingflokka um skipan í forsætisnefndina og kjör varaforseta.

Jafnframt er ákvæði frv. um verkefni forsætisnefndar gert fyllra en var áður. Kveðið er á um að varaforsetar starfi með forseta og myndi ásamt honum forsætisnefndina. Í greininni um þetta atriði eru tilgreind helstu viðfangsefni nefndarinnar sem ekki var í upphaflega frv. nema að litlu leyti, en jafnframt gert ráð fyrir að forseti geti borið undir nefndina þau mál sem hann telur þörf á að hún fjalli um. Er jafnframt kveðið á um að forsætisnefnd séu falin þau verkefni sem forsetar deilda og sameinaðs þings hafa haft á hendi sameiginlega fram að þessu, svo sem skipulagning þinghaldsins, alþjóðasamstarf þingsins, fjárhagsáætlanir og fleira. Hins vegar er forseta nú falið að fara með æðsta vald í stjórnsýslu þingsins og rekstri samkvæmt 9. gr. og því er svo kveðið á í greininni að hann skeri úr ef ágreiningur verður í forsætisnefndinni.

2. Ný ákvæði eru sett um meðferð fjárlagafrv. Veigamesta breytingin hér frá upphaflega frv. er sú að fjárlaganefnd er ekki gert skylt að vísa til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra. Hins vegar er nefndinni veitt heimild til slíks og jafnframt kveðið á um að aðrar fastanefndir geti að eigin frumkvæði ákveðið að fjalla um einstaka þætti fjárlagafrv. Það er skoðun nefndarinnar að of stórt skref væri stigið með því að skylda fjárlaganefnd til að vísa einstökum þáttum fjárlagafrv. til annarra fastanefnda þótt sú kunni raunin að verða síðar meir. Jafnframt er það skoðun nefndarinnar að meginreglan hljóti að verða sú að fjárlaganefndin óski eftir því að fagnefndirnar fjalli um einstaka þætti frv. en heppilegast sé að sú þróun gerist ekki of skyndilega heldur sé eðlilegast að heimildin sé fyrir hendi en ekki lögð skylda á neinn aðila í þessu máli á þessu stigi. Nefndarmenn voru, hygg ég, á einu máli um það engu að síður að eðlilegt væri að reikna með því að þessi yrði þróunin, svo sem reynsla er af víða með öðrum þjóðþingum. En reynslan af þessu nýja fyrirkomulagi verður að segja til um framhaldið.

Aðrar breytingar er varða meðferð fjárlagafrv. eru þessar:

Kveðið er á um að frv. til fjárlaga skuli að nýju vísað til fjárlaganefndar að lokinni 2. umr. Reynslan er sú að fjvn. hefur haft frv. til meðferðar milli 2. og 3. umr. þótt því hafi ekki formlega verið vísað til hennar á ný að lokinni 2. umr.

Þá er kveðið á um að fjárlaganefnd vísi lánsfjárlagafrumvarpinu til efnahags- og viðskiptanefndar en ekki eingöngu þeim köflum þess er fjalla um skatta- og efnahagsmál. Enn fremur er fjárlaganefnd falið að tilgreina fyrir hvaða tíma fagnefndirnar skili áliti sínu svo hún hafi nægilega rúman tíma til þess að taka afstöðu til tillagna fagnefndanna áður en hún gengur

endanlega frá málinu til 2. umr.

Loks er lagt til að 3. umr. fjárlagafrv. hefjist eigi síðar en 15. des. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að lokaafgreiðsla fjárlaga dragist fram undir jól eins og stundum hefur gerst. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af því að þingið mun nú koma saman tíu dögum fyrr á haustin en áður var. Ekki þótti hins vegar ráðlegt að binda 2. umr. fjárlaga við ákveðinn tíma og var talið eðlilegra að forsetar og fjárlaganefnd komi sér saman um hagkvæma tímasetningu 2. umr.

3. Veitt er heimild til að nefnd athugi þingmál áður en það kemur til 1. umr. Sett er inn ákvæði er heimilar að áður en 1. umr. fer fram um stjfrv. eða fyrri umr. um tillögu frá ríkisstjórninni geti forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi þingmálið. Forseti ákveður hvaða tíma nefndin fær til þessarar athugunar. Þessi athugun á ekki að hafa nein áhrif á það hvort málinu verður vísað með formlegum hætti til nefndar að lokinni 1. umr. eins og venja hefur verið.

Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að við 1. umr. um ýmis meiri háttar stjfrv. eða fyrri umr. um tillögu frá ríkisstjórninni hefur komið í ljós að þingmenn eru stundum vanbúnir að standa í miklum umræðum vegna þess að þá skortir upplýsingar og skýringar á efni þessara mála. Til að bæta úr þessu og einnig til þess að þingmenn séu ekki að eyða ræðutíma sínum í fyrirspurnir um einstök efnisatriði málanna er talið heppilegt að tiltekinn hópur þingmanna eigi færi á að afla sér upplýsinga og skýringa frá embættismönnum eða hagsmunaaðilum áður en 1. umr. hefst eða strax eftir að framsögu fyrir málinu er lokið.

Til þess að þessi nefndarumfjöllun tefji ekki mál er forseta falið að ákveða hvenær málið kemur á dagskrá.

4. Kveðið er á um að kostnaðaráætlun skuli fylgja áliti ef nefnd mælir með samþykkt máls. Kveðið er á um að ef nefnd mælir með samþykkt lagafrv. eða þáltill. skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Er þetta nýmæli en oft hefur þessari hugmynd verið hreyft áður og nokkur dæmi eru þess að nefndir hafi skilað slíkum kostnaðaráætlunum. Nefndin telur þetta framfaraspor og bæði eðlilega og sjálfsagða breytingu. En skyldan í þessu efni samkvæmt brtt. yrði hjá hlutaðeigandi þingnefnd en ekki flm. málanna, enda er oft örðugt fyrir þá að afla nauðsynlegra gagna um fjárhagshlið frv. og tillagna.

5. Sett er bráðabirgðaákvæði um með hvaða hætti breytingin frá deildaskiptu þingi í eina málstofu fer fram á þessu löggjafarþingi sem nú stendur yfir. Í ákvæðinu segir að þegar þingskapalögin hafa öðlast gildi ásamt nýjum stjórnarskipunarlögum skuli umboð forseta, varaforseta, skrifara og þingnefnda falla niður. Skuli þá aldursforseti Alþingis boða til þingfundar og standa fyrir kosningu kjörbréfanefndar og forseta Alþingis sem gengst síðan fyrir kosningu varaforseta og fastanefnda samkvæmt ákvæðum hinna nýju þingskapalaga. Þannig er gert ráð fyrir að fyrsti fundur þingsins í einni málstofu hafi þau verkefni sem fyrsti fundur nýs þings hefði. Aftur á móti er talið óþarft að slíta þessu þingi og setja nýtt, heldur er gert ráð fyrir að þetta þing starfi áfram og því verði frestað til hausts þegar það hefur lokið störfum innan skamms.

Aðrar brtt. nefndarinnar eru veigaminni og lúta fyrst og fremst að því að gera ákvæði frv. skýrari og taka af tvímæli um ýmis atriði. Mun ég nefna helstu breytingar hér á eftir:

1. Tekin eru af öll tvímæli um það að þó að aðeins ein tilnefning berist í embætti forseta Alþingis skuli kosning eigi að síður fara fram.

2. Bætt er við ákvæði þess efnis að þingflokki sem ekki á fulltrúa í fastanefnd sé heimilt með samþykki nefndarinnar að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar. Er talið að þessi tilhögun stuðli að greiðari afgreiðslu mála í þinginu eins og reynsla frá síðasta kjörtímabili þykir benda til.

3. Kveðið er á um að nægilegt sé að samþykki meiri hluta nefndar liggi fyrir ákveði nefnd að halda fund meðan þingfundur stendur yfir, enda hafi forseti þá ekki hreyft andmælum við því. Telja verður full strangt að áskilja samþykki allra nefndarmanna líkt og var í frv. Hér er um undantekningarreglu að ræða og það er álit nefndarinnar að henni eigi ekki að beita nema brýn nauðsyn krefji.

4. Vikið er að verksviði allshn. með nokkuð öðrum hætti en áður var. Allshn. á sér enga samsvörun í Stjórnarráðinu ólíkt öðrum fastanefndum og þess vegna þykir heppilegt að tilgreina hvaða málum skuli vísað til hennar. Kveðið er á um það að til nefndarinnar skuli vísa dómsmálum, kirkjumálum, byggðamálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður.

5. Nokkrar breytingar eru á ákvæðinu um grg. með þáltill. Í frv. var sett ákvæði sem gerir ráð fyrir því að með hverri þáltill. skyldi fylgja grg. ólíkt því sem er í gildandi þingskapalögum. Það var hins vegar skoðun nefndarinnar að þetta ákvæði í frv. væri of fortakslaust, því t.d. hefur verið venja að tillögum um vantraust og frestun á fundum Alþingis fylgi engin sérstök grg. Þess vegna er í brtt. nefndarinnar kveðið á um að grg. skuli að jafnaði fylgja þáltill.

6. Nefndinni þótti rétt að veita framsögumönnum nefnda sem flytja skýrslur almennt þann rétt að mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa um skýrslurnar en að sá réttur sé ekki bundinn við framsögumenn alþjóðanefnda einvörðungu eins og kveðið var á um í frv.

7. Nefndin hefur gert tillögu um að brott falli ákvæði er lýtur að viðmiðun um lengd skriflegra svara ráðherra við fyrirspurn. Í frv. var ákvæði þess efnis að skrifleg svör skyldu við það miðast að þau væru eigi lengri en munnleg svör. Það er gerð tillaga um að þetta ákvæði falli brott og talið fullnægjandi það sem segir í frv. um bæði skriflegar og munnlegar fyrirspurnir og svör við þeim, þ.e. að þau skuli vera í stuttu máli.

8. Kveðið er á um að ósk um lengri utandagskrárumræðu skuli borin fram við forseta eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst og jafnframt að forseti skuli í upphafi þingfundar tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Sams konar ákvæði eru þegar fyrir hendi í þing-

sköpum um utandagskrárumræður hinar styttri.

9. Tekin eru af öll tvímæli um að þingmaður skuli mæla úr ræðustól og það sé aðeins í undantekningartilvikum sem forseti geti leyft að frá slíku sé vikið.

10. Rýmkaður er réttur ráðherra til að taka þátt í umræðum frá því sem frv. gerir ráð fyrir þó svo þar sé um að ræða þrengingu frá því sem er í núgildandi þingskapalögum. Í frv. segir að sá ráðherra er hlut á að máli megi tala svo oft sem honum þykir þurfa. Þetta álítur nefndin vera of þröngt ákvæði og vill að þessi réttur sé hjá þeim ráðherrum sem með einhverjum hætti tengjast málinu. Þannig verður að líta svo á að forsrh. hafi þennan rétt ævinlega og aðrir ráðherrar en sá sem flytur málið ef þeir á einhvern hátt koma inn í umræðuna, t.d. vegna fyrirspurnar frá þingmönnum, eða ef þeir þurfa að lýsa afstöðu síns flokks til málsins.

11. Gerð er tillaga um breytingu á ákvæði um skráningu atkvæða. Kveðið er á um að atkvæði hvers þingmanns við lokaafgreiðslu lagafrv. og þáltill. skuli skrásetja í þingtíðindum eftir að hafin hefur verið notkun rafeindabúnaðar við atkvæðagreiðsluna. Sama gildi og um aðrar atkvæðagreiðslur ef einhver þingmaður óskar þess. Er gert ráð fyrir að hann beri þá fram ósk við forseta þegar atkvæðagreiðslan stendur yfir.

12. Tekin eru af öll tvímæli um að skyldan til að útvarpa frá Alþingi samkvæmt þingsköpum sé bundin við Ríkisútvarpið/hljóðvarp svo sem verið hefur fram að þessu.

13. Breytt er ákvæði um setu varamanna í forföllum aðalmanna. Gerð er tillaga um það hér að úr kosningalögum falli ákvæði sem lúta að setu varamanna á Alþingi en gerð er tillaga um að þau flytjist yfir í þetta frv. og lög um þingsköp. Úr kosningalögum hafa verið tekin í þetta frv. ákvæði um setu varamanna á þingi í forföllum aðalmanna og jafnframt ákvæði um í hvaða nefndum varaþingmenn skulu sitja. Því þykir óþarft að þessi ákvæði, sem eru að auki úrelt að hluta, standi lengur í kosningalögum.

14. Tekin eru af öll tvímæli um val á framsögumönnum. Þeir skulu ýmist valdir í upphafi nefndarumfjöllunar eða við lokaafgreiðslu mála í nefndinni. Jafnframt er staðfest sú þingvenja að heimilt sé að taka mál á dagskrá einni nóttu eftir að áliti meiri hluta nefndar hefur verið útbýtt.

Auk þeirra brtt. sem hér hefur verið gerð grein fyrir ræddi nefndin mörg fleiri atriði er varða þingsköp. Um þau var ýmist ekki samkomulag ellegar þau voru þess eðlis að ekki þótti ástæða til þess að breyta þeim að sinni. En nefndin hefur í áliti sínu gert grein fyrir nokkrum þessara atriða og mér þykir rétt að lýsa þeim nokkuð frekar.

Þannig telur nefndin í fyrsta lagi að túlka beri 19. gr. frv. þannig að samkvæmt henni verði heimilt að halda opna nefndarfundi ef nefndir telja sérstaka ástæðu til að veita fjölmiðlum eða almenningi aðgang að fundinum. Almenna reglan yrði eftir sem áður að sjálfsögðu sú að nefndarfundir yrðu lokaðir öðrum en nefndarmönnum, starfsmönnum og þeim sem sérstaklega hefðu verið boðaðir til fundarins, en í nál. segir svo: „Einnig verður heimilt ef nefndin telur ástæðu til að opna fundi með þeim hætti sem hér hefur verið lýst."

Stjórnskipunar- og þingskapanefndin telur mikilvægt að tryggð verði betri skil til þingmanna á upplýsingum úr starfi þeirra nefnda þingsins sem sinna utanríkis- og alþjóðamálum. Rétt er að taka fram að veruleg breyting hefur orðið í þessu efni á undanförnum þingum og skýrslugjöf þessara alþjóðanefnda til þingsins hefur færst mjög í vöxt sem að sjálfsögðu er til mikilla bóta. Nefndin telur hins vegar koma mjög til álita og telur það reyndar eðlilegt að utanrmn. fái slíkar skýrslur til umfjöllunar og jafnframt skýrslur um ferðir eða fundi á vegum þessara alþjóðanefnda.

Nefndin ræddi nokkuð hugmyndir sem fram hafa komið um að stjórn og stjórnarandstaða skipti með sér formannsembættum í fastanefndum, svo sem algengt er í nágrannaþingum. Ekki er hins vegar samstaða um að setja slíkt ákvæði í þingskapalög hérlendis á þessu stigi a.m.k., en rétt er að benda á að það er ekkert sem hindrar að þessi skipan komist á síðar meir ef um það verður samkomulag milli þingflokka.

Ég vil þá geta þess að nefndinni barst bréf frá hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni þar sem hann vík ur að reglum 64. gr. um það hvað teljast skuli lögmæt ályktun Alþingis. Það er skoðun hv. þm. samkvæmt þessu bréfi að þau ákvæði sem nú er að finna í þessu frv. í 64. gr. séu ófullnægjandi og setja beri þrengri skorður við því en nú er hvað teljast megi lögmæt ályktun þingsins. Nefndin féllst ekki á þetta sjónarmið og gerir þar af leiðandi ekki brtt. í þessa átt.

Nefndin ræddi hugmynd um að koma á fót fastanefnd er hefði á hendi samskipti Alþingis við Ríkisendurskoðun og sinnti ýmsum þeirra verkefna er forsetar Alþingis annast nú og lúta að tengslum við Ríkisendurskoðun, m.a. að taka ákvörðun um beiðni þingmanna um skýrslur frá stofnuninni og mæla fyrir starfsskýrslu hennar. Í tengslum við þetta var jafnframt rætt um það hvort hugsanlegt væri að auka hlutverk yfirskoðunarmanna ríkisreiknings í þessu sambandi og þá jafnvel að þeir yrðu skilyrðislaust þingmenn allir þrír og sætu í þessari nefnd, en um það var ekki samkomulag á þessu stigi frekar en þessa hugmynd í heild sinni. Nefndin telur að breytingar á þessu sviði komi fyllilega til greina og að unnt sé að taka það mál upp á nýjan leik í haust, hugsanlega með breytingum á lögunum um Ríkisendurskoðun.

Nefndin taldi rétt að beina því til væntanlegrar forsætisnefndar að þegar á fyrsta þingi sem starfar á grundvelli hinna nýju þingskapalaga verði gengist fyrir endurskoðun laganna í ljósi fenginnar reynslu og það metið hvaða ákvæði hinna nýju laga um þingsköp hafi verið ófullnægjandi eða ekki gefið góða raun. Nefndin beinir því þannig til forsætisnefndar að gengist verði fyrir endurskoðun þingskapalaganna að loknu næsta þingi í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af framkvæmd þeirra.

Virðulegi forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim helstu breytingum sem stjórnskipunar- og þingskapanefnd deildarinnar hefur orðið sammála um að leggja

til við hv. deild að gerðar verði á þessu frv.

Ég vil þá að lokum segja nokkur orð frá eigin brjósti varðandi þetta mál og leggja á það áherslu að frá því að farið var að vinna að þeim breytingum á stjórnarskrá og þingsköpum sem þingið er nú að fjalla um hefur sú meginhugsun legið til grundvallar að bæta beri störf Alþingis og styrkja stöðu þess í stjórnkerfinu. Liður í þessu er að styrkja embætti forseta þingsins og með þessum þingskapalögum er stigið veigamikið skref í þá átt. Vísa ég þá einkum til 9. gr. frv. þar sem kveðið er á um að forseti beri ábyrgð á rekstri þingsins og fari með æðsta vald í stjórnsýslu þess. Skyldur forseta Alþingis eru þó ekki aðeins gagnvart þinginu því forseti þingsins er jafnframt einn af handhöfum forsetavalds ásamt forsrh. og forseta Hæstaréttar. Ég tel að í ljósi þeirra breytinga sem nú er verið að gera á stöðu forseta Alþingis sé það eðlilegt framhald að starfskjörum forseta Alþingis verði breytt þannig að þau verði með svipuðum hætti og hjá öðrum æðstu starfsmönnum íslensku þjóðarinnar. Þannig finnst mér eðlilegt að lögum um þingfararkaup verði breytt, hugsanlega á næsta hausti, á þann veg að forseti þingsins njóti lögkjara ráðherra. Með því móti væri það staðfest að oddviti löggjafarvaldsins hefði að þessu leyti sömu stöðu í stjórnkerfinu og oddvitar framkvæmdarvaldsins, ráðherrar í ríkisstjórninni.

Ég vil leggja áherslu á það að hér er um afmarkaða breytingu að ræða í mínum huga sem er óskyld öðrum hugmyndum sem uppi hafa verið um breytingar á þingfararkaupslögunum. Hugmyndin um þessa breytingu á starfskjörum forseta Alþingis er einvörðungu tengd þeim breytingum sem nú er verið að gera á þingsköpum og skipulagi þingsins í mínum huga. Ég vænti þess að samstaða gæti orðið um slíka breytingu á haustþingi.

Ég vil loks bæta því við, virðulegi forseti, að í nefndinni kom fram hugmynd um að fjölga nefndarmönnum í fjárlaganefnd úr níu í ellefu eða jafnvel þrettán. Sambærilegar hugmyndir komu fram í umræðum um þetta efni í Ed. þegar málið var þar rætt. Ekki var fullt samkomulag um það í nefndinni að taka undir þessa hugmynd. Nú hefur hins vegar um það samist milli nokkurra úr hópi þingmanna, m.a. mín og formanns þingflokks Alþfl. og væntanlega fleiri í hópi þeirra sem störfuðu í þingskapanefndinni, að leggja til að nefndarmenn í fjárlaganefndinni verði ellefu, þeim fjölgi úr níu í ellefu. Ég geri ráð fyrir að brtt. um það efni verði flutt hér síðar í dag.

Að svo mæltu vil ég, herra forseti, leyfa mér að þakka meðnefndarmönnum mínum í stjórnskipunar- og þingskapanefndinni fyrir ánægjulegt samstarf og ég vænti þess að þetta mikilvæga frv. sem gott samkomulag er um milli þingflokka í nær öllum atriðum geti átt greiða leið í gegnum þingið. Í þetta mál hefur verið lögð mjög mikil vinna, bæði í undirbúning málsins og sömuleiðis í störfum þingskapanefndarinnar og ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega starfsmönnum þingsins sem lagt hafa hart að sér við undirbúning þessa máls fyrir þeirra vel unnu störf og læt máli mínu lokið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka málefnalegt nefndarstarf og mikla og á margan hátt góða vinnu í nefndum beggja deilda við umfjöllun þessa frv. Að ýmsu leyti erum við kvennalistakonur sáttar við niðurstöðu nefndarinnar og breytingar á frv. í meðförum hennar. Þær eru flestar og vonandi allar í rétta átt. Því er þó ekki að leyna að við erum mjög ósáttar við að ekki var lengra gengið í nefndinni en gert var í þá átt að tryggja öllum stjórnmálaflokkum aðild að stjórn þingsins.

Svo sem ég gat við 1. umr. þessa máls er samkvæmt orðalagi 3. gr. þessa frv. ekkert sem mælir gegn því að áfram verði haldið á þeirri farsælu braut að líta á stjórn þingsins sem samstarfsverkefni allra þingflokka. Því töldum við kvennalistakonur rétt að kanna hvort ekki yrði samstaða um að festa þessa vinnureglu í nýjum þingsköpum. Fyrir því reyndist ekki vilji þótt margir tækju undir með okkur kvennalistakonum. Af þeim sökum skrifa ég undir álit nefndarinnar með fyrirvara. Ég verð að lýsa undrun minni og vonbrigðum með þessa niðurstöðu í þessum áfanga málsins. Ég tek það þó fram að þær breytingar sem nefndin gerði voru mjög í rétta átt og ég tel umfjöllun nefndarinnar hafa verið mjög góða þótt niðurstaðan væri kannski ekki alveg sú sem við hefðum kosið.

Það sem veldur undrun minni er það að ég tel að það sé ekki síst hagur stjórnarinnar hverju sinni að sem víðtækast samráð sé um stjórn þingsins. Í þingsköpum er samkvæmt þessu frv. raunar girt fyrir þann möguleika að stjórnarandstaðan geti látið afl atkvæða ráða í forsætisnefnd þegar svo háttar til að fleiri flokkar eru í stjórnarandstöðu en í stjórn. Þetta er gert með ákvæði í 10. gr. þar sem fest er úrskurðarvald forseta komi upp deilur í forsætisnefnd. Þetta tel ég eðlilegt, enda aldrei sú meiningin að fara að blanda pólitískum deilum saman við eðlilega stjórn þingsins. Það tel ég raunar að stjórn þingsins eigi að vera hafin yfir.

Ég tel að þetta ákvæði taki af öll tvímæli um að það eru engir ókostir og aðeins kostir sem fylgja samábyrgð allra flokka í forsætisnefnd.

Þótt ekki hafi náðst samstaða um þetta ákvæði í texta, þá lýsi ég ánægju minni yfir þeim áfanga að gengið er út frá því að samkomulag sé á milli flokka um kjör varaforseta með því að ganga út frá þeirri reglu að einn listi en ekki fleiri komi fram og setja einungis ákvæði um framkvæmd kosningar ef fleiri listar komi fram. Mér finnst það vissulega staðfesta að áfram hafi flestir hug á því að byggt verði á góðri reynslu af samstarfi allra um stjórn þingsins. Ég hygg að flestir virði stjórn Alþingis þeim mun meira sem hún er betur hafin yfir flokkadrátt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta frv. Ég vænti þess að eitthvað muni reynslan sýna að þurfi að endurskoða og það er fullkomlega eðlilegt. Mig langar þó áður en ég vík hér úr pontu að vekja athygli á því að verið er að gera róttækar breytingar á ýmsum grónum vinnureglum, ekki síst með því að gera breytingar á þeirri nefnd sem áður var fjárveitinganefnd og verður nú fjárlaganefnd. Ég vona að

sú tilraun muni takast vel og að verkefni muni færast mjúklega og eðlilega yfir á fleiri herðar þótt fjárlaganefnd muni að sjálfsögðu bera lokaábyrgð á störfum sínum og vinna úr þeim ábendingum sem koma frá fagnefndum. Fundasköp Alþingis er sá rammi sem umlykur mynd þjóðarinnar af störfum þingsins. Því ríður á að vel takist til um smíðina.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér virðist sem heild að þingsköpin stefni að því að hér sé þægileg afgreiðslustofnun fyrir ríkjandi meiri hluta á hverjum tíma. Virðing þingsins hafi ekki komið inn í þá umræðu á einn eða neinn veg. En eitt atriði er svo forkostulegt að það hlýtur að kalla á umhugsun og athugasemdir og það er að mönnum skuli detta það í hug að setja það inn í þingsköp að einfaldur meiri hluti í nefnd geti ákveðið að halda nefndarfund á sama tíma og menn eru að störfum í þinginu og þar er verið að ræða önnur mál. Það er slík lítilsvirðing við starfandi þingmenn að það sé hægt að kalla á þá eins og hunda til starfa út úr þingsalnum hvenær sem ríkjandi meiri hluti telur ástæðu til að mig undrar að menn skuli láta sér detta það í hug að setja þetta á blað. Ég skora nú á hæstv. meiri hluta og þá sem hafa sett þetta niður að gera sér grein fyrir muninum á því hvort menn í sátt og samlyndi ákveða að afgreiða eitthvert mál í hliðarsal í þingnefnd á sama tíma og þingfundur er vegna þess að það sé samkomulag um að gera þetta eða hvort með valdsboði er hægt að þvinga fram slík vinnubrögð. Það er móðgun við þingið, það er móðgun við einstaka þingmenn og það er slík þjónkun við framkvæmdarvaldið að taka slíkt atriði inn í þingsköp að ég skora á nefndarmenn að draga þetta atriði til baka og leiðrétta þetta.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég lít nú svo á að athugasemd síðasta ræðumanns sé ekki alvarleg, þ.e. ég held að þetta verði aldrei praktíserað þannig að menn verði kallaðir nauðugir út úr þingsalnum. Ég hef ekki trú á því. Þetta er orðað þannig að frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum. Ég tel að forseta beri skylda til að hreyfa andmælum ef einhverjir nefndarmenn telja sig vant við látna og ekki geta farið til fundar. Það er opnað hins vegar fyrir það að hægt sé að halda fund í nefnd þó fundur standi yfir í þinginu. Það orkar að vísu tvímælis en kann að vera nauðsynlegt, sérstaklega út af störfum þeirra nefnda sem annríkast eiga.

Ég kvaddi mér nú hljóðs vegna þess að ég vildi láta það koma fram að ég er sammála brtt. þeim sem nefndin flytur. Ég tel það algerlega forkastanleg vinnubrögð og langt fyrir neðan virðingu þeirra manna sem hafa verið að vinna að þessu frv. í góðri samvinnu og góðri trú hér í húsum Alþingis undanfarna daga þegar einstakir nefndarmenn sem ekki gerðu fyrirvara við nál. fara að flytja eða fylgja brtt. sem kveðnar voru í kútinn í nefndinni, sem ekki varð samstaða um að flytja í nefndinni. Þar á ég við þá hugmynd sem hv. frsm. orðaði hér í lok ræðu sinnar að fara að fjölga í fjárlaganefnd úr níu í ellefu.

Ég tel að í fyrsta lagi séu ekki efnisrök fyrir því að fjölga í nefndinni. Þeir flokkar sem nú sitja á Alþingi eiga allir rétt á fulltrúum í níu manna nefnd og smærri flokkar gætu sótt um áheyrnarfulltrúa. Ég tel engin efnisleg rök fyrir því að fjölga í þessari nefnd eða hafa hana stærri en aðrar nefndir þingsins. Þó er hitt miklu alvarlegra ef það á að fara að temja sér slík vinnubrögð sem mér sýnast að hér séu í farvatninu.

Einn nefndarmaður, hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, skrifaði undir nál. með fyrirvara. Henni er að sjálfsögðu frjálst að flytja brtt. eða fylgja brtt. En þeim sem skrifuðu undir nál. án þess að láta því fylgja fyrirvara um að þeir ætluðu að fylgja eða flytja brtt. er að mínu mati ekki sæmandi að standa fyrir svoleiðis málatilbúnaði.

Ég er eindregið andvígur því að fara að rífa upp það samkomulag sem gert var og ef svo yrði, herra forseti, að hér kynni að verða samþykkt brtt. þessa efnis þá óska ég eindregið eftir því að málið verði tekið til vandlegrar skoðunar í nefnd fyrir 3. umr.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns fá að taka undir með hv. 2. þm. Vestf. að mér þykir 20. gr., eins og hún er nú orðin, stórhættuleg og gefur möguleika til þess að keyrt sé yfir minni hluta í þinginu, hver sem hann er hverju sinni. Ég vara eindregið við því að þessi grein fái að standa óbreytt.

En ég kem hér fyrst og fremst upp til að mæla fyrir brtt. sem ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 7. En áður en ég geri það vil ég þakka hv. nefnd fyrir það að taka tillit til nokkurra af þeim brtt. sem ég sendi inn til nefndarinnar og hafa hlotið náð fyrir augum hennar. Það hafa þær hins vegar ekki allar og tvær af þeim brtt. leyfi ég mér að flytja á sérstöku þskj.

Sú fyrri gerir ráð fyrir því að nefndir skuli fjalla um allar brtt. sem fram koma innan tiltekins tíma. Ég man að þegar umræða um þessi mál fór fram á síðasta þingi voru það m.a. rök í málinu að vinnubrögð yrðu bætt og yrðu til muna mikið betri í nefndum en verið hafa fram til þessa. Ég tel að það sé liður í því að bæta enn betur nefndarstarfið að allar brtt. fari til nefnda og fái umfjöllun og skoðun í nefndum. Það hefur ekki tíðkast til þessa að nefndir hafi skoðað brtt. en ég tel að það sé réttur þingmanna að svo sé. Þess vegna leyfi ég mér að flytja þá brtt. sem er nr. 1 á þskj. 7. Ég ætla ekki að lesa allan þann texta en vil þó taka fram að nefnd ber ekki að fjalla um brtt. sem koma fram síðar en við 3. umr. um lagafrv. eða síðari umr. um þáltill.

Í öðru lagi er ég með brtt. við 57. gr. þar sem er heimild forseta að takmarka umræður við þrjá tíma sem hefur verið í þingsköpum og hefur lítið verið beitt. Ég er hins vegar hræddur um að þegar þingið er komið í eina málstofu og tími verður naumur þegar 63 þingmenn eiga að fara að fjalla um lagafrv. með ótakmörkuðum ræðutíma að þá verði farið að líta til þessarar greinar og henni hugsanlega beitt. Þess vegna útvíkkaði ég þetta og gerði brtt. um að heimildin yrði fjórir og hálfur tími. Það miðaði ég einfaldlega út frá

neðri deild sem hafði þrjá tíma áður og hlutfalla það upp í fjóra og hálfan. Ef maður hins vegar gerði þetta á móti efri deild þá ætti hlutfallið og tíminn að vera sex tímar.

Ég tel brýnt að hafa þetta inni sem ákveðinn varnagla þannig að umræður verði þá alla vega ekki skertar meira en þessu nemur.

Hæstv. forseti. Ég var með fleiri till. Ég var t.d. með till. varðandi áheyrnarfulltrúa að þeir skyldu vera eins og orðið segir og eins og það er skýrt í orðabók að þeir skyldu vera fulltrúar sem sætu fundi en hefðu ekki málfrelsi. Ég hef sjálfur reynslu af því að áheyrnarfulltrúar taka upp jafnvel meiri og minni hluta fundartíma nefnda og finnst mér það alveg óviðunandi. Áheyrnarfulltrúar geta komið sínum sjónarmiðum fram í gegnum formenn nefnda og eins hér í þingsölum. Ég mat það svo að slík till. hefði ekki stuðning. En ég vona að menn hafi víðsýni til að veita þessum tveimur brtt. brautargengi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þær till. sem liggja hér fyrir frá stjórnskipunar- og þingskapanefnd deildarinnar um frv. til laga um þingsköp Alþingis eru flestar mjög eðlilegar að mínu mati og horfa í rétta átt þannig að ég get lýst fylgi við mikinn hluta þeirra till. sem þar koma fram.

Ég leyfði mér að koma á framfæri við nefndina erindi varðandi 64. gr. frv., en við lauslega athugun þess hafði mér sést yfir þær skýringar sem fylgdu með greininni og þá túlkun sem í þeim fólst. Frv. eins og það liggur nú fyrir einnig að fram komnum þessum brtt. felur það í sér — og ég vek sérstaka athygli hv. þingdeildarmanna á því — að samkvæmt þessum þingsköpum er það staðfest, skulum við segja, sem fullyrt er að hefð hafi skapast fyrir hér í þinginu að hægt sé að afgreiða lög frá þingdeildinni, þessu eina sameinaða þingi, með einu atkvæði. Það er hægt að samþykkja frv. og ályktanir frá Alþingi með einu já-atkvæði. Og ég spyr hv. þingdeildarmenn: Finnst mönnum það eðlileg afgreiðsla mála og eðlilegar reglur að hafa það í lögum og þingsköpum Alþingis að héðan geti farið mál sem hafi ekki notið meiri stuðnings en svo að einn einasti þingmaður treystir sér til að bera ábyrgð á viðkomandi máli með já-atkvæði? Ég segi nei við því. Mér finnst með öllu óeðlilegt að það geti gerst og ég fullyrði að úti í samfélaginu væri það talið lítt frambærilegt mál og afgreiðsla mála frá Alþingi sem þannig væri afgreitt.

Mér finnst sjálfsagt að settur verði þröskuldur í sambandi við þessi mál, gerð krafa um það samkvæmt þingsköpum, að ákveðinn tiltekinn lágmarksfjöldi þingmanna og þá meira en einn einasti gjaldi máli já-atkvæði við atkvæðagreiðslu í þinginu. Ég setti fram í bréfi, sem ég hef leyft mér að láta dreifa hér til hv. þingdeildarmanna, til nefndarinnar þá hugmynd, ég segi þá hugmynd því þetta var ekki útfærð brtt. og ég hef enn ekki flutt brtt. um málið, að það verði sett í þingsköpin að u.þ.b. fjórðungur þingmanna þurfi að hafa goldið máli já-atkvæði til þess að það hljóti afgreiðslu og teljist staðfest sem ákvörðun þingsins varðandi viðkomandi mál við viðkomandi atkvæðagreiðslu og þá einnig lokaatkvæðagreiðslu. Eins og núverandi þingsköp eru og eins og hér er gerð tillaga um þarf helmingur þingmanna að vera á fundi til þess að atkvæðagreiðsla sé lögmæt og til viðbótar vildi ég sjá að helmingur þeirra hið minnsta, eða 17 þingmenn, þyrftu að styðja mál með já-atkvæði til þess að það fái framgang, u.þ.b. fjórði hluti þingmanna.

En nefndin tekur ekki undir þetta og leggur til að það verði lögfestur hér skilningur sem hefur verið tíðkaður eitthvað á fyrri stigum í störfum Alþingis. Þegar á þetta hefur reynt í einhverjum tilvikum að ekki hefur verið þetta fylgi við mál við atkvæðagreiðslu hefur verið talið nægjanlegt að meiri hluti greiddi atkvæði, enda væri meiri hluti þingdeildarmanna á fundi. Og þetta getur gengið alveg niður í eitt einasta atkvæði; aðrir sitja hjá, eitt atkvæði með, málið afgreitt.

Mér er sagt það, ég hef ekki kannað það nánar, að þessi sérkennilega regla og túlkun mála hér í þinginu á fyrri stigum hafi leitt til þess að sama túlkun hafi verið tekin upp í sambandi við afgreiðslu í sveitarstjórnum og menn hafi sótt vit sitt til túlkunar á þingsköpum Alþingis. Ég hafði ekki hugmynd um þetta. Mér hefur verið greint frá því að þetta hafi verið lögfest 1986 eða sett í reglugerð, ég veit ekki hvort var, og þessi háttur sé viðtekinn í sveitarstjórnum. Ég veit ekki hvort það er án undantekninga. Hér eru þingmenn sem hafa setið í borgarstjórn Reykjavíkur og vita hvaða háttur hefur verið hafður á þar. Það kann vel að vera að þar geti menn afgreitt mál með einu atkvæði en það er nú ekki víst að það reyni svo mikið á það við þær aðstæður sem þar ríkja. En ég vil vekja athygli þingdeildarinnar á þessu og ég áskil mér rétt til þess og mun e.t.v. nota rétt minn til þess að flytja brtt. um málið. En ég vildi gjarnan heyra í þingmönnum og ekki síst þingmönnum sem hafa setið lengi á þingi, hvort þeim finnist ekkert athugavert við það að lögfesta þessa reglu.

Ég er með þessum ábendingum á engan hátt að vefengja túlkanir á gildandi þingsköpum. Það kemur þessu máli ekki við. Heldur er ég aðeins að spyrja: Eigum við ekki að setja hér þennan þröskuld og lögfesta þessa reglu til þess að tryggja það sem ég vil telja sómasamlega afgreiðslu þingsins á málum en ekki að hægt sé að ná hér fram málum með örfáum atkvæðum, alveg niður í eitt einasta atkvæði, sem teljist frambærileg afgreiðsla mála á þinginu?

Ég held að þetta væri líka aðhald til þess að menn þurfi að gera upp hug sinn með öðrum hætti en felst í því að greiða atkvæði á móti eða sitja hjá. Þeir sem ætla sér í rauninni að bera ábyrgð á því að svona afgreiðsla fari fram en það gera auðvitað samkvæmt gildandi þingsköpum þeir sem sitja hjá við slíka atkvæðagreiðslu. En menn vita það að það gera menn af mjög mismunandi ástæðum að taka ekki afstöðu til mála. En það er ekki spurningin um fortíðina í þessu heldur hvaða reglur við viljum móta. Ég vænti að það sé nógu skýrt hvað ég er að fara og ætla ekki að eyða frekari orðum að því en flyt hugsanlega breytingartillögu við

málið til að láta á þetta reyna.

Hér hafa komið fram brtt. og verið boðaðar brtt. Brtt. á þskj. 7 frá hv. þm. Inga Birni Albertssyni um það að nefndum sé skylt að fjalla um brtt. sem fluttar eru um mál. Mér finnst þetta vera athyglisverð till. Ég er reiðubúinn að athuga það mál áður en ég tek afstöðu til þessa fyrri liðar. Og varðandi seinni liðinn um það að rýmka þann tíma sem varðar takmarkanir á málfrelsi þá gengur hann í þá átt sem ég tel rétt vera og ég er reiðubúinn að styðja þá brtt. sem er undir tölul. 2 hjá hv. þingmanni.

Síðan var hv. frsm. að boða brtt. varðandi fjölda nefndarmanna í fjvn. þingsins. Mér finnst það horfa í rétta átt að fjölga í þessari ábyrgðarmiklu nefnd og ég hef í mínum þingflokki lýst fylgi við það að fleiri verði í þessari þýðingarmiklu nefnd þingsins en þessi meginregla níu þingmenn og er reiðubúinn að styðja fjölgun upp í ellefu í nefndinni. Mér finnst það vera tryggging fyrir litla þingflokka. Það eru meiri líkur á að þeir fái fulltrúa í fjvn. Og mér finnst það í rauninni vera í anda þess sem víðar kemur fram hér og þó ekki alls staðar í þessu frv. að tryggja það að sjónarmið minni hluta njóti sín við athugun mála og tillögugerð. Ég get því hugsað mér að styðja slíka brtt. ef fram kemur. Og nóg um þann þátt.

Þá er það fyrirvari sem Kvennalistinn hefur kynnt hér varðandi sérstaklega stjórn þingsins ef ég hef tekið rétt eftir í máli talsmanns Kvennalistans við umræðuna. Ég er tvímælalaust stuðningsmaður þess að það verði tryggt að ákveðinn fjöldi þingflokka eigi varaforseta hér í þinginu. Og mér finnst mjög eðlilegt að miða við töluna fimm. Gæti hugsað mér hana hærri en ef gert er ráð fyrir fimm varaforsetum þá sé farið eftir stærð þingflokka við röðun, en ekki beitt ákvæðum 68. gr., mun það vera, um hlutfallskosningu í sambandi við kjörið. Það er að vísu látið að því liggja að reyna skuli á samkomulag en auðvitað er engin tryggging fyrir því þó það sé sett þarna fram. Þess vegna finnst mér eðlilegt að þingið skeri úr um þetta og sú regla verði lögfest að það verði tiltekinn fjöldi þingflokka sem fái varaforseta og röðunin fylgi stærð þingflokkanna.

Þetta eru kannski þau sérstöku álitaefni sem ég vildi nefna hér við umræðuna. Þó vil ég koma hér að því ákvæði sem varðar meðferð fjárlagafrv. og rætt var við 1. umr. málsins og vikið hefur verið að og brtt. liggja fyrir um.

Mér finnst þær brtt. sem hér eru fram komnar ekki vera til bóta varðandi fjárlaganefndina og vísun mála til fagnefnda eða annarra fastanefnda þingsins. Ég hefði viljað sjá ákvæði til bráðabirgða, ef talin væri ástæða til að skapa aðlögunartíma í þessu, sem vel kæmi til greina, og setja það frekar inn en að fara að lögfesta nú þessa undankomuleið fjvn. um að vísa einstökum viðeigandi þáttum fjárlagafrv. til þeirra. Mér finnst þetta vera spurning um annaðhvort eða. Annaðhvort ætla menn sér að taka upp þessi vinnubrögð eða þeir falla frá því og treysta sér ekki til þess. Því hefði verið réttmætt, virðulegur forseti, að þessu yrði í raun snúið við og þarna yrði sett ákvæði til bráðabirgða til aðlögunar sem enginn getur haft á móti út af fyrir sig.

Ég vek líka athygli á því að það hlýtur að vera krafa til framkvæmdarvaldsins, þeirra sem undirbúa fjárlagafrv. að þeir búi það úr garði þannig að það verði aðgengilegt fyrir málsmeðferð í þinginu og þar á meðal að fjárlagafrv. verði sett upp með það fyrir augum og greinargerð þess samin með það í huga að það sé aðgengilegt að vísa einstökum þáttum til fastanefnda þingsins annarra en fjárlaganefndarinnar til meðferðar. Þannig er t.d. norska fjárlagafrv. úr garði gert. Þar sá ég þessa tilhögun fyrst og leist strax mjög vel á hana og hef gert tilraun til þess eins og nefnt hefur verið hér við 1. umr. að fastanefndir aðrar en fjvn. tækju einstaka þætti fjárlagafrv. til athugunar. Það kom líka tillaga um þetta fram í nefnd þegar frv. til laga um jafnrétti kvenna og karla var rætt. Nefndin sem undirbjó það frv. gerði ráð fyrir því að það sem varðaði fjárveitingar og teldist snerta jafnrétti kynja, að það væri skylt að fjmrn. undirbyggi mál þannig að það væri sértekið og haldið sem sagt skilmerkilega til haga í greinargerð með fjárveitingafrv. sem varðar málaflokkinn. Einnig af þessum sökum finnst mér vera nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það þannig að fjmrn. og fjmrh. hvers tíma viti að hverju hann gengur gagnvart þinginu varðandi sitt verk. Ég vildi a.m.k. heyra það hér hjá þeim sem bera þetta fram, heyra það hjá hv. frsm. nefndarinnar hvort hann áttar sig ekki á þýðingu þessa og hvort ekki sé nauðsynlegt að slá þessu föstu, ákvæði um þetta að fjárlagafrv. skuli þannig frá gengið að það sé til þess fallið að vísa því með greiðum hætti og skilmerkilegum til fastanefnda þingsins.

Ég skal ekki, virðulegur forseti, fara að ræða hér atriði og brtt. sem ég er sammála. Það er ástæðulaust. Ég tek eftir því að hér er verið að gera brtt. við 55. gr. b-lið sem er lýst þannig: „Síðari breytingin felst í því að rýmka rétt ráðherra til að taka þátt í umræðum." Eins og þarna kemur fram er eðlilegt að rýmka þann rétt frá því sem var en mér finnst þarna kannski óþarflega rúmur réttur veittur. Það ætti frekar að vera í þá átt að mínu mati að ef tilefni er til, að gefnu tilefni fái ráðherra forgang inn í umræðu, en að það sé ótvírætt að hann eigi ekki rétt á því, hvaða ráðherra sem er, samkvæmt þingsköpum að biðja um orðið og komast fram fyrir þingmenn sem eru þegar á mælendaskrá. Ég er ekki viss um að þetta ákvæði sé nógu skilmerkilegt til þess að fyrir þetta sé tekið, sem ég tel vera eðlilegt, að ekki sé réttur ráðherra nema að gefnu tilefni. Þetta bið ég um að verði athugað. Ég vildi heyra túlkun frsm. á þessu atriði því að kannski hef ég ekki lesið alveg rétt í málið. Virðulegi forseti. Ætli frsm. nefndarinnar leggi við hlustir? Mér fyndist það nú vera góð regla að frsm. væri í þingsal. — Ég var að spyrja hvort hv. frsm. hefði heyrt mál mitt varðandi síðustu athugasemd en það er varðandi rétt ráðherra til að taka þátt í umræðum. Það er verið að færa hér til baka ákvæði úr upphaflegu frv. með brtt. nefndarinnar. Ég er ekki viss um hvort ég hef skilið það atriði rétt, en ég tek undir hugmyndir um breytingar að því marki að það sé eðlilegt að ráðherra geti farið inn í umræðu með

þeim hætti sem verið hefur, að gefnu tilefni, en ekki að hann eigi fortakslaust þann rétt að biðja hér um orðið úti í þingsal tilefnislaust og vera þar með tekinn fram fyrir aðra þingmenn. Ég spyr um túlkun á þessu atriði sem hugsanlega er auðskilið, en ég hafði ekki áður en ég fór hér í ræðustól áttað mig fyllilega á.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu á þessu stigi að ræða málið frekar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Í þeirri þingnefnd sem um þetta fjallaði var allgott samkomulag og náðist saman sjónarmið nefndarmanna um þær brtt. sem fyrir liggja, a.m.k. í megindráttum. Ég vil gjarnan fyrir mína parta þakka fyrir mjög lipurlega stjórn á störfum nefndarinnar og það starf sem þar fór fram.

Ég kom nú aðallega í þennan ræðustól til þess að ræða athugasemd sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykv. tók síðan undir. En ég sé mér til leiðinda að hvorugur þeirra er í þingsalnum. Hér eru vitaskuld fáir í þingsal sem sýnir að hv. alþm. hafa ekki ákaflega mikinn áhuga fyrir því máli sem hér er á dagskrá og má það merkilegt heita. En það er því merkilegra þegar einstakir þingmenn koma með allmiklum þjósti upp í ræðustól til að gera athugasemd og hlýða svo ekki á þau svör sem hægt er að gefa við slíkum athugasemdum eins og hér gerðist með hv. 2. þm. Vestf.

Mitt tilefni til að koma hingað í ræðustólinn er að segja það að athugasemd þessa hv. þm. var tilefnislaus. En hann á þó þá afsökun að í nál. nefndarinnar á þskj. 5 er prentaður texti sem gefur misskilningi á fæturna og sá texti í nál. er ekki í samræmi við textann í lagagreininni, hvorki eins og hún var upphaflega orðuð né eftir brtt. sem flutt er af hálfu nefndarinnar, og á slíkum mistökum er eðlilegt að biðja afsökunar.

Eins og lagagreinin hljóðar miðað við brtt. nefndarinnar, þá er hún svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndarfundi skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum."

Þessi lagagrein, svohljóðandi eftir brtt. nefndarinnar, þýðir það að aðalreglan er auðvitað sú að nefndarfundi skuli ekki halda meðan þingfundur stendur yfir, en í þessu er þó frávik „ef nefndarmenn samþykkja" og nefndarmenn eru bæði úr meiri og minni hluta. Þannig að það er ekkert tilefni til þess að gefa því á fæturna að meiri hlutinn geti kúgað minni hlutann í þessu efni. Og það er auðvitað eðlilegt að forseti samþykki slíka tilhögun. En það hefur auðvitað margsinnis komið fyrir í störfum Alþingis á undangengnum árum að nefndarfundir eru haldnir t.d. hér í hliðarherbergjum, örstuttir nefndarfundir meðan þingfundur stendur yfir, með samþykki allra nefndarmanna. Og það er margföld reynsla fyrir því að starf til að mynda fjvn. er það viðamikið að þar verður að halda fundarstarfi áfram þó þingfundir standi yfir en það verður auðvitað að gerast með samþykki nefndarmanna. Og ef ekki til að mynda minni hlutinn samþykkir, þá getur auðvitað meiri hlutinn haldið áfram sínu starfi í slíkri nefnd, þeirri miklu vinnunefnd, ef það fer ekki í bága við vilja forseta þingsins. Þessi grein, eins og hún hljóðar eftir brtt. nefndarinnar, tekur af tvímæli um þetta og gefur því ekki á nokkurn hátt á fæturna að það sé meiningin að kúga minni hluta nefndar einhverju sinni í þessum efnum. Þess vegna var athugasemd hv. 2. þm. Vestf. tilefnislaus.

Ég held að það sé kannski eðlilegra hlutverk frsm. nefndarinnar að svara þeim athugasemdum sem fram komu til að mynda frá hv. 4. þm. Austurl., en ég vek svona í leiðinni athygli á því að það eru ákaflega fá tilvik þar sem það er mögulegt að tillaga eða frv., þingmál gæti verið afgreitt með einu atkvæði. Það er mögulegt varðandi brtt. Það er ekki mögulegt varðandi frv. eða þingmál sem fer til nefndar vegna þess að það kemur væntanlega ekki aftur til þingsins eftir 1. umr. nema meiri hluti nefndar vilji leggja því lið og telji rétt að það sé samþykkt. Og ef ekki kemur meirihlutaálit, þá er hæpið að það sé tekið á dagskrá þannig að slíkt mál kemur ekki hingað til meðferðar og verður ekki afgreitt með einu atkvæði. Það eru fleiri sem standa á bak við það. Hins vegar getur þetta skeð með brtt. sem flutt er af einhverjum þingmanni sem kemur þá þegar til atkvæða í lok þeirrar umræðu. Ef sú tillaga er samþykkt með einu atkvæði, þá er hún ekki mikils háttar og þá er hún ekki þess háttar að menn telji hana þess verða að vera annaðhvort með eða á móti. Það þýðir að sú tillaga er auðvitað einskis virði að áliti meginþorra þingmanna og skiptir ekki máli hvort hún er samþykkt eða samþykkt ekki, þannig að þetta er nú ekki eins alvarlegt og menn kynnu að halda þótt það líti kannski ekkert sérstaklega vel út.

Ég vek athygli á því í sambandi við það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði um brtt. að því er lýtur að meðferð fjárlagafrv. og verksviði fjárlaganefndar og annarra fastanefnda þingsins að um leið og það er að nokkru sett í vald fjárlaganefndar að hve miklu leyti eða hvort hún vísar öllum þáttum fjárlagafrv. til annarra fastanefnda Alþingis, þá geta líka aðrar fastanefndir Alþingis ákveðið að taka til meðferðar og umfjöllunar einstaka þætti fjárlagafrv. að því er þeirra verksviði tilheyrir, þannig að þarna er býsna rýmilega að verki staðið.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir málefnalegar umræður um þetta mikilvæga mál og þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og athugasemdir við nál. og þær brtt. sem stjórnskipunar- og þingskapanefnd deildarinnar hefur flutt.

Ég tel að í nefndarstarfinu hafi verið með málefnalegum hætti og mjög ítarlega fjallað um þau atriði sem ræðumenn hér viku að. Og að því er varðar til að mynda brtt. á þskj. 7 frá hv. þm. Inga Birni Albertssyni, þá bárust þær nefndinni meðan hún hafði málið til meðferðar. Þær fengu þar skoðun en þessar tillögur fengu ekki hljómgrunn sem hér eru lagðar fram. Hins vegar komu frá sama hv. þm. aðrar brtt. sem

nefndin ákvað að gera að sínum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara hv. 2. þm. Vestf. frekar en þegar hefur verið gert. Ég tel að skýringar bæði hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 2. þm. Norðurl. v. séu fullnægjandi gagnvart þeirri athugasemd sem hann gerði hér við 20. gr. frv. um nefndarfundi á meðan þingfundur stendur.

En ég vil leyfa mér að koma þá að þeim athugasemdum sem hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson gerði hér í sinni ræðu. Hann fjallaði mjög ítarlega um þetta mál, og hefur áður gert, vissulega með mjög málefnalegum hætti þó svo að nefndin hafi ekki treyst sér til að taka undir öll þau sjónarmið sem hann hefur flutt. Um þau eru einfaldlega skiptar skoðanir.

Ég vil þá fyrst víkja að 64. gr. frv. um hvenær ályktun geti talist lögmæt á fundi. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að haldið verði þeirri venju, sem hér hefur verið í þingsköpum frá 1936 að ég hygg, að til þess að þingfundur teljist ályktunarbær þurfi a.m.k. helmingur þingmanna að vera viðstaddur og ef um er að ræða nafnakall, þá verði slíkur fjöldi að koma fram. Þátt taka þá í atkvæðagreiðslu þeir sem ýmist segja já eða nei eða greiða ekki atkvæði. Þá er það bókað í nafnakalli hverjir það eru sem ekki greiða atkvæði. Auðvitað er það ákveðin afstaða við slíka opinbera atkvæðagreiðslu að tilkynna að viðkomandi greiði ekki atkvæði og það verður með nákvæmlega sama hætti eftir að rafeindabúnaður kemur til sögunnar ljóst að sá þingmaður sem kýs að greiða ekki atkvæði hefur tekið þá afstöðu. Með slíkri afstöðu er þingmaður að sjálfsögðu að eftirláta öðrum þingmönnum að ráða úrslitum málsins og hann tekur þá á sig ábyrgðina á því hvort það eru einn eða fleiri þingmenn sem fá ráðið úrslitum máls.

Ég tel að þetta sé í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Ég tel að það geti skapast margháttuð vandkvæði önnur ef upp yrði tekinn sá háttur, sem ég hygg að vaki fyrir hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að skylda það að a.m.k. fjórðungur allra þingmanna, 17 þingmenn, verði að gjalda jáyrði við máli til að það megi ná fram að ganga. Það getur þá t.d. myndast sú staða ef 32 þingmenn eru á fundi, að 16 segi já, 15 segi nei, en einn þingmaður greiði ekki atkvæði. Og samkvæmt þessari túlkun, ef hún yrði ofan á, þá næði þetta mál ekki fram að ganga, það væri fellt. Ég tel ekki að slík úrslit séu eðlileg, að 15 manns geti fellt mál með þessum hætti fyrir 16 sem því vilja gjalda jáyrði. Það er hægt að hugsa sér ýmsa fleiri möguleika þar sem niðurstaða yrði að mínum dómi ekki eðlileg eða þar sem úrslit yrðu jafnvel afgerandi án þess að mál næði fram að ganga, þ.e. úrskurður forseta yrði þá sá, jafnvel þó að úrslit atkvæðagreiðslu væru skýr og málinu í vil, að það næði ekki fram að ganga. Ég tel að upp geti komið mjög vandræðalegar aðstæður í þeim efnum og nefni þetta eina dæmi.

Hitt vil ég undirstrika að með því að nægilega margir þingmenn greiði ekki atkvæði þá eru þeir að eftirláta öðrum að ráða lyktum málsins. Mér er tjáð af starfsmönnum þingsins að sambærileg regla við þá sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er að tala fyrir hafi verið við lýði hér á árunum 1915–1936 og þótt gefa afar slæma raun. Nú hef ég að vísu ekki rannsakað það sjálfstætt hvernig atkvæðagreiðslur fóru fram á þeim tíma, en þessu var sem sé breytt á árinu 1936, að mér skilst vegna þess að fyrri háttur þótti illframkvæmanlegur eða var til vandræða.

Hitt vildi ég svo að fram kæmi, vegna tilvísunar hv. þm. í sveitarstjórnarlög, að í 51. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, sem eru frá árinu 1986, segir svo, með leyfi forseta: „Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi. Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.“

Hér er sambærilegt ákvæði um það að meira en helmingur sveitarstjórnarmanna verði að vera viðstaddur á fundinum. Það er sambærilegt við ákvæðið í þingskapafrumvarpinu um að helmingur verði að vera á fundi til að hann sé ályktunarbær. Og síðan segir að afl atkvæða ráði úrslitum mála. Það þýðir einfaldlega það að ef jáin eru fleiri en neiin þá nær mál fram að ganga, ef neiin eru fleiri en jáin þá er mál fallið. Það er nákvæmlega þetta sem gert er ráð fyrir í 64. gr. frv. sem þingskapanefndin var sammála um að halda sig við.

Að því er varðar á hinn bóginn athugasemd hv. þm. um fjárlagameðferðina og tilvísun fjárlaganefndar á fjárlagafrv. í einstökum þáttum til annarra nefnda, þá vildi ég ítreka það sem ég sagði hér í framsögu minni að menn voru á því í þessari nefnd að fara heldur með löndum í þessari breytingu og gera ekki að óathuguðu máli róttækar breytingar sem óljóst væri hvort nefndir þingsins réðu við. Að það væri ekki farið að óathuguðu máli út í hugsanlega afdrifaríkar breytingar sem kynnu síðan að enda með því að fjárlagafrv. kláraðist ekki með eðlilegum hætti í meðferð.

Eflaust verða slíkar áhyggjur orðnar óþarfar hér eftir nokkur ár og eflaust verður sú venja viðtekin að einstakar fagnefndir fjalli um sín málefnasvið í fjárlagafrv. og ég tel að það sé rétt stefna, það sé til bóta. Það muni gera þessar nefndir ábyrgari og auðvelda þeim yfirsýn yfir sína málaflokka.

En menn vilja ekki, það var alla vega niðurstaða þessarar nefndar, að út í slíkar breytingar sé farið þannig að hætta geti verið einhver á því að þessi breyting klúðrist og menn sitji uppi með ástand sem er lögbundið og þeir fá ekki breytt. Þess vegna er þetta gert í þessum heimildastíl, þessu heimildaformi, þannig að menn geti fikrað sig áfram og farið fetið í þessari breytingu.

Hins vegar tel ég að það sé rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að e.t.v. þurfi að breyta uppsetningu eða frágangi fjárlagafrv. í þessu skyni og greinargerð þess. Það kann vel að vera að menn geti þróað slíkar breytingar en ég held að það sé einmitt ein röksemdin enn fyrir því að fara varlega í þessu máli, að uppsetningu fjárlagafrv. verður ekki breytt í einni svipan. Það þarf að gera að vel athuguðu og yfirveguðu ráði og í ljósi reynslu sem af þessu kann að fást. Ég tel því að athugasemdin sé réttmæt, það kunni að þurfa að breyta uppsetningu í fjárlagafrv. og greinargerð þess, en ég tel að við séum ekki í stakk búin til að gera það

t.d. nú í einu vetfangi fyrir næsta haust þannig að vel fari.

Að því er varðar síðan í síðasta lagi fyrirspurn hv. þm. um rétt ráðherra til að taka þátt í umræðum, en gerð er tillaga um að því atriði verði breytt og þetta er að finna í 55. gr. frv., þá er, eins og ég sagði í minni framsögu, gert ráð fyrir nokkurri rýmkun frá því sem frv. gerir ráð fyrir en hins vegar þrengingu frá því sem núgildandi þingskapalög leyfa. Í núgildandi þingskapalögum geta allir ráðherrar talað eins oft og þeim sýnist í öllum málum og ekki er hægt að banna þeim það. Þeir geta tekið til máls þegar þeim sýnist þó svo að um sé að ræða mál sem ekki eru á þeirra forræði.

Í undirbúningi þessa frv. ríkti það viðhorf að þetta væri óeðlilegt og það bæri að takmarka ræðurétt ráðherra við þessar aðstæður við mál þar sem þeir ættu sjálfir hlut að máli sem ráðherrar málaflokksins. Þá var bent á það í nefndarstarfinu að það kynni að vera vont og erfitt að skilgreina nákvæmlega hvaða ráðherrar ættu hlut að máli. Ég leyfi mér að nefna að það er nú ekki óalgengt til að mynda þegar verið er að fjalla hér um húsnæðismál að þá sé kallaður til viðskrh. vegna vaxta eða fjmrh. vegna ríkisframlaga o.s.frv. Sama gildir að sjálfsögðu um aðra málaflokka og ekki er það óalgengt að hæstv. forsrh. sé til kallaður og beðinn um að svara fyrirspurnum í hvaða máli sem er. Ég vek athygli á því að einmitt þetta atriði kom fram í athugasemd frá formanni Alþb. í Nd. þegar þetta mál var þar til umræðu.

Það þótti hins vegar óeðlilegt að hverfa til baka yfir í það horf sem nú er þannig að ráðherrar geti talað í öllum málum, alltaf þegar þeim sýnist og eins oft og þeim sýnist. Þannig að nú er sem sagt við það miðað að eingöngu ráðherrar — í fleirtölu — sem hlut eiga að máli megi tala þegar þeirra málefni ber á góma. Auðvitað er kannski svolítið vandmeðfarið að skilgreina það nákvæmlega en ég geri ráð fyrir því að ef fyrirspurnum er beint til ráðherra vegna einhverra atriða, þó um sé að ræða annan málaflokk en undir hann heyri, þá sé sjálfgert að beita þessu ákvæði og þessum heimildum. Til að mynda kann þetta að vera mjög gagnlegt þegar menn vilja spyrja eða ávarpa ráðherra, sem eru formenn stjórnmálaflokka, um einhver atriði, þó svo að ekki sé um að ræða mál beint á þeirra forræði.

Ég vil hins vegar lýsa þeim skilningi mínum að ráðherrar geti ekki krafist þess í skjóli þessa ákvæðis að fá að taka til máls á undan öðrum þingmönnum ef málið er hvorki á þeirra forræði né til þeirra hafi verið beint einhverjum ákveðnum fyrirspurnum, né með öðrum hætti hægt að rökstyðja það þannig að augljóst sé að þeir eigi hlut að máli. Þannig held ég að um þetta atriði sé ekki neinn misskilningur milli okkar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Virðulegur forseti. Ég hygg að þessum umræðum sé senn að ljúka og ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir málefnalega umræðu. Ég vil láta það koma hér fram vegna ummæla minna í framsögu um hugsanlega brtt. varðandi fjárlaganefnd og athugasemdir hv. þm. Páls Péturssonar af því tilefni að ég hef óskað eftir því við þingforseta að gert verði hlé á fundi deildarinnar milli 2. og 3. umr. og skotið á fundi í stjórnarskrár- og þingskapanefnd, þannig að mönnum gefist tækifæri til þess að ráða ráðum sínum áður en gengið er til 3. umr. En mér þætti vænt um ef unnt væri að ljúka 2. umr. og atkvæðagreiðslu við hana áður en slíkt hlé yrði gert.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv., frsm. nefndarinnar, fyrir hans innlegg hér í umræðuna og viðbrögð við mínu máli. Þó við séum ekki sammála um efnið að öllu leyti þá tók hann á því skilmerkilega og skýrði sín viðhorf. Ekki er fullljóst hvort hann mælir þar fyrir nefndina í heild eða með hvaða hætti nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu sem fyrir liggur enda ætlaðist ég ekki til þess að það væri rakið. Ég mun leggja hér fram nú við umræðuna brtt., og vænti þess að hún nái hér til dreifingar áður en umræðu lýkur, varðandi þetta atriði sem snertir 64. gr. þannig að það liggi þá fyrir vilji þingdeildarinnar í því.

Mér finnst í rauninni óþarflega mikill vandræðagangur í kringum skýringarnar sem hv. þm. reiddi hér fram, svo ég noti nú orð hans vandræðagangur, því hann vísaði til þess að reglan sem hefði verið í gildi eitthvað svipuð því og ég er að tala fyrir hér um árabil hafi leitt til þess að vandræðalegar aðstæður hafi skapast. Eitthvað svoleiðis sagði hv. þm. Ég held að það geti nú varla flokkast undir það. Ef menn hafa reglu af þessum toga þá einfaldlega gildir hún, þá er hún sá þröskuldur sem mál þarf að fara yfir í atkvæðagreiðslu í þinginu og er mjög skýrt og ótvírætt. Ég held að hitt geti leitt til vandræðagangs, sú regla sem nú er og það orðalag sem er í 64. gr. samkvæmt frv. Ég fullyrði að það þarf dálítið skarpan forseta til þess að lesa í það mál eins og skýringarnar við 64. gr. nú kveða á um, og þær skýringar fylgja nú ekki með prentuðum þingsköpum. Ég minni á að það hafa vandræðalegar aðstæður skapast hér í sambandi við forsetastarfið einmitt þegar reynt hefur á skýringar við gildandi ákvæði í þingsköpum að þessu leyti. Ég minni á dæmi sem ég hafði ekki ráðrúm til að fletta upp á í umræðuþætti Alþingistíðinda en varða afgreiðslu á þingmáli fyrir líklega tveimur árum, sem var till. til þál. frá ríkisstjórninni um manneldisstefnu. Ég veit að hv. þm. Guðmundur Bjarnason, þáv. heilbrrh., man vel eftir þeirri atkvæðagreiðslu og kannski fleiri. Af því sköpuðust einmitt umræður um það hvort afgreiðsla væri gild á tillögunni sem hlaut ekki allt of mikinn byr hér við lokaafgreiðslu í þingdeildinni, en var afgreidd samt. Frestað var hér fundi trekk í trekk af hæstv. forseta sameinaðs þings þá, til þess að ráðfæra sig við skrifstofu þingsins í þessum efnum. Þá las ég út úr þingsköpunum þann skilning sem ég er að bera hér fram varðandi þröskuldinn, og afgreiðslunni á þessu merka máli, manneldisstefnunni, var frestað milli funda og milli daga, ef ég man rétt. (**GHelg:** Það er ekki rétt.) Ég man það nú ekki. Ég vil ekki fullyrða að það hafi verið frestun á milli daga, en þessu geta menn nú slegið upp á í þingtíðindum. (**GHelg:** Forseti úrskurð-

aði þetta mál og gerði það rétt.) Já, það var ekki að efa að þáv. forseti sameinaðs þings hefur af skarpskyggni sinni úrskurðað snarlega í málinu og gert það rétt. En ég vek einfaldlega athygli á þessu og menn gera þá upp hug sinn hér að fram kominni brtt. varðandi þetta mál.

Dæmið sem hv. þm. Geir H. Haarde reiddi hér fram, fimmtán, sextán og einn situr hjá, hvaða vandræði eru af því? Það er augljóst ef þessi regla er sett að tillagan hefur ekki stuðning í þinginu. Það er ekki fjórði hluti þingmanna, ekki 17 atkvæði sem eru með henni. Það er ekkert vandræðalegt við það, hv. þm. Það liggur bara ljóst fyrir. Hitt er annað mál að það kæmi til greina að mínu mati að slá varnagla og heimila upptöku atkvæðagreiðslu einu sinni sem þannig hefur fallið, það kæmi til greina ef menn eru ósáttir við að hafa þennan þröskuld þannig að málið mætti ekki koma til endurupptöku á því þingi. En ég held að það væri góð trygging fyrir þingið að hafa þetta og mundi kannski hvetja menn til þess að taka af eða á afstöðu til mála frekar en að sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Virðulegur forseti. Í rauninni eru röksemdirnar varðandi fjárlagafrv. og þann umþóttunartíma sem þurfi til að laga sig að breyttum reglum svolítið í ætt við þetta heldur þokukenndur málflutningur, að það sé einhverjum erfiðleikum bundið að taka upp þá reglu að vísa skuli til fastanefnda þingsins einstökum þáttum, viðeigandi þáttum í fjárlagafrv. Hvað er einfaldara en svo að hafa ákvæði til bráðabirgða upp á eitt ár eða svo fyrir fjárlaga- og hagsýsluna og fjmrn. til að semja sig að þessu ákvæði og fyrir þingið að gera æfingu í eitt ár eða svo? Ég óttast nefnilega að þau ákvæði, sem nú er verið að leggja til af nefndinni, geti leitt til þess að menn heykist á því að framfylgja þessu, að taka þetta upp, og tregðulögmálið verði til þess, m.a. hugsanlega óvilji meiri hluta í einstökum þingnefndum að leggja það á sig að taka mál þessum tökum og fjmrn. að búa málið þannig í hendur þingsins að það sé auðvelt að skipta frv. upp með þessum hætti, það leiði til þess að þau áform sem hér er tekið undir með heimildarákvæði renni út í sandinn. Það væri mjög miður farið ef það gerðist.

Að lokum, virðulegur forseti, varðandi málfrelsi ráðherra, þá finnst mér í raun of langt gengið með því ákvæði sem fyrir liggur því það er ekki aðeins að viðkomandi ráðherra er hlut á að máli samkvæmt orðanna hljóðan geti skotið sér fram fyrir í umræðuna heldur má hann taka til máls svo oft sem honum hentar. Ekki bara ráðherrann sem ber málið fram, heldur sá sem hefur fengið rétt til þess að taka einu sinni til máls. Upp kemur spurningin: Á hann þá rétt á að koma aftur inn í umræðuna eða svo oft sem þurfa þykir, jafnvel þó að aðeins einn þingmaður hafi beint til hans fyrirspurn? Ég hefði talið vissara og eðlilegra að setja orðin „að gefnu tilefni“ inn í þetta til þess að ekki verði um að ræða misnotkun á heimildum til ráðherra til þess að blanda sér í umræður af tilefnislitlu eða tilefnislausu og hafa mun rýmri rétt heldur en almennir þingmenn að þessu leyti og aðgang að ræðustóli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 7 og 9, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 28 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið hér um athugasemd hv. 4. þm. Austurl. vil ég aðeins leyfa mér að benda á að ég á afar erfitt með að sjá að sú staða geti komið upp að mál sé afgreitt með einu atkvæði þó að það sé tæknilega hugsanlegt hér á hinu háa Alþingi. Það væri þá atkvæðagreiðsla um það hvort mál fengi að fara til nefndar vegna þess að við skulum gera ráð fyrir að öll mál fari til nefndar og varla kæmu þau frá nefndinni nema a.m.k. meiri hluti nefndarinnar styddi málið þannig að við skyldum nú halda að a.m.k. það fólk greiddi málinu atkvæði. Þeir sem voru á móti málinu í nefndinni greiddu þá væntanlega atkvæði á móti því þannig að ég held að hérna sé misskilningur á ferðinni og þessi ótti hv. þm. ástæðulaus.

Auðvitað er það hárrétt sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan að það að greiða ekki atkvæði á löglegum fundi er auðvitað afstaða og þeir sem ekki greiddu atkvæði ættu það þá auðvitað á hættu að málið verði samþykkt. Þeir leggja ekki meiri áherslu á það en svo að koma í veg fyrir það að þeir taka ekki afstöðu í málinu. Ég held því að þetta sé gjörsamlega ástæðulaus ótti og það hlýtur að vera fullkomlega eðlilegt þegar illa gengur að fá skýran meiri hluta að grípa til nafnakalls og fá það á hreint hver afstaða manna er. Það er gert og menn gera það þó að þeir greiði ekki atkvæði. Þess vegna mun ég styðja málið eins og það liggur fyrir í frv. því sem hér liggur frammi, enda hef ég setið í nefndinni og átt þátt í að taka afstöðu til málsins og ég hef ekki látið sannfærast um að hér sé ekki allt eins og skyldi.

Það má benda á að hér á hinu háa Alþingi gilti sú regla sem hv. þm. var að lýsa að hann óskaði eftir, ég hygg allt fram til áranna milli 1930 og 1940, en þá var þessu breytt í þá veru sem það er nú, og trúlega einmitt vegna þess að það skapaði meiri vandræði en ekki að viðhalda þeirri reglu. Það má benda á að upp gæti komið dæmi eins og það að hér væru 32 hv. þm. í salnum, mál væri afgreitt með 15:15 atkv., tveir sætu hjá, og þá er málið fallið. Það er enn þá hjákátlegra í raun og veru heldur en það sem hv. þm. óttast að muni gerast ef svo ævintýralega vildi til að einungis einn hv. þm. greiddi máli atkvæði sem ég held að geti tæplega komið til.

En ég ætla ekki að lengja þessar umræður, virðulegi forseti. Ég tók þátt í allri vinnu þeirrar nefndar sem um málið fjallaði. Ég tók þátt í umræðum um hversu margir skyldu vera í nefndum þingsins. Ég hef í engu breytt þeirri afstöðu minni og mun því ekki styðja neina tillögu um fjölgun í fjárlaganefnd. Ég tel það ekki rétt vinnubrögð að hv. þm. sem skrifa undir nál. án fyrirvara komi svo þegar málið kemur inn í þingið og fari að gera brtt. Það eru óeðlileg vinnubrögð með öllu en að sjálfsögðu hafa aðrir hv. þm. alla ástæðu og rétt til að gera svo.

Ég vil víkja aðeins að einu ákveðnu atriði til styrktar málflutningi hv. 8. þm. Reykv. varðandi embætti forseta Alþingis. Ég tek eindregið undir að það embætti verði styrkt í hvívetna og ég vil þar með taka undir að kjör hæstv. forseta Alþingis verði verulega bætt. Það er með öllu óeðlilegt að sá sem fer með stjórn hins háa Alþingis nái ekki launum helstu embættismanna þingsins, að ég tali nú ekki um ráðuneytisstjóra og ráðherra. Í öllum norrænum þjóðþingum nýtur forseti þingsins sömu kjara og ráðherrar, enda ábyrgð forseta í engu minni. Ég vil taka undir þetta og tel mig hafa nokkurn rétt til þess. Ég hef ekki getað gert það fyrr, en ég ætla að gera það nú og ég vil leggja á þetta mikla áherslu. Þetta varðar virðingu þingsins, það varðar sjálfstæði þjóðþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og það er óeðlilegt að forseti þingsins búi ekki við þau kjör sem hæstv. ráðherrar búa við. Ég vil leggja á þetta áherslu.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Ég átti þátt í því á forsetafundi fyrir örfáum mánuðum að kasta fram þeirri tillögu, auðvitað eftir langa umræðu hér í þinginu, áratuga umræðu öðru hverju, að forsetar beittu sér fyrir því að Alþingi yrði sett í eina málstofu. Engan á þeim fundi hefði órað fyrir því að sá draumur rættist á þessu þingi. Ég tel að Alþingi hafi með þessari vinnu og þeim samhug sem um þetta mál hefur ríkt sannað íslensku þjóðinni það að þegar virðing Alþingis er annars vegar eru þingmenn einhuga um að vinna að vegi þess og virðingu. Fyrir þetta þakka ég og vænti þess að menn greiði fyrir því að þetta mál, bæði sú stjórnarskrárbreyting sem nú hefur verið afgreidd í hv. Ed. og það mál sem hér liggur fyrir fái skjóta og góða afgreiðslu þannig að þetta mál megi verða okkur öllum til sóma.

Forseti (Matthías Bjarnason):

Áður en gengið verður til atkvæða vil ég geta þess að það var ætlun forseta að ljúka einnig 3. umr. um þetta dagskrármál hér í dag og taka síðan fyrir 3. fundinn, 1. umr. um stjórnarskipunarlög. En nú hefur komið fram ósk um það frá formanni nefndarinnar að það líði hálf klukkustund á milli funda, áður en þetta mál verði tekið til 3. umr. og verður orðið við þeirri ósk.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 6,1.a samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 6,1.b samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SAÞ, StH, VE, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, PP, PJ, RA, RG, MB.

HG greiddi ekki atkvæði.

9 þm. (SP, ÁJ, DO, FI, GHelg, JóhS, ÓRG, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. er nokkuð í þá átt sem við kvennalistakonur hefðum viljað hafa 3. gr. almennt og því munum við styðja hana, en eins og fram kom í ræðu minni hér áðan hefðum við viljað ganga lengra í þá átt að tryggja öllum flokkum aðild að stjórn þingsins. Ég segi því já.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú grein sem við greiðum hér atkvæði um skiptir miklu þar sem um er að ræða kjör forseta, varaforseta sem eiga að taka þátt í stjórn þingsins. Ég tel óeðlilegt að beitt sé hlutfallskosningu við kjör fjögurra varaforseta eins og gert er ráð fyrir að verði takist ekki samkomulag. Ég tel nauðsynlegt að um stjórn þingsins ríki sem víðtækust samstaða og þeir fjórir varaforsetar sem kjörnir eru raðist eftir stærð þingflokka. Ég vil ekki bera ábyrgð á afgreiðslu þessa máls með því að segja já. Ég greiði því ekki atkvæði.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32:1 atkv.
4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 6,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
7.–9. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 6,4 (ný 10. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 6,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
15.–16. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 6,6 samþ. með 33 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
18.–19. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
21.–22. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,8 samþ. með 33 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 6,9 samþ. með 33:1 atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
26.–28. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 6,10 samþ. með 31 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 6,11 samþ. með 30 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
31.–34. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 6,12 samþ. með 29 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
36.–38. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 6,13 samþ. með 33 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,14 samþ. með 33 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
41.–43. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,15 samþ. með 32 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,16 samþ. með 34 shlj. atkv.

45. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
46.–47. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,17 samþ. með 33 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 6,18 samþ. með 33 shlj. atkv.
49. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 6,19 samþ. með 34 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 7,1 felld með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, IBA, KHG, ÁRÁ, ÁMM, EH.

nei: IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JónS, PP, PJ, RA, RG, SighB, SAÞ, VE, ÖS, AÓB, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, MB.

ISG, KÁ greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (JóhS, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StH, ÁJ, DO, FI) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hér er gerð tillaga um að þær brtt. sem fram komi fyrir 3. umr. um lagafrv. og fyrir síðari umr. um þáltill. fái umfjöllun í nefnd. Þeir þingmenn sem vilja bæta vinnubrögð í nefndum og fá þar vandaðri vinnubrögð hljóta að styðja slíkar tillögur. Ég geri það og segi því já.

51. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
52.–53. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 6,20 samþ. með 27 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 6,21.a samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 6,21.b samþ. með 25 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
56. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 7,2 felld með 13:10 atkv.
57. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
58.–63. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 8 felld með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, IBA, JÁ, RA.

nei: VE, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, ISG, IP, JGS, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, PP, PJ, RG, SAÞ, MB.

AÓB, ÁRÁ greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (SP, StH, ÖS, DO, FI, FrS, GÁ, HBl, JóhS, ÓRG, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Vafalaust gerist það nú ekki oft að þáltill. eða lagafrv. sé samþykkt með örfáum atkvæðum vegna þess að allir aðrir sitji hjá. En hitt er fullkomlega raunhæft og á vafalaust eftir að gerast oft ef ekki eru reistar við því skorður að brtt., sem kannski hefur aldrei farið til meðferðar í nefnd og þingmenn þekkja ekki mjög mikið til, sé samþykkt með örfáum atkvæðum en aðrir sitji hjá og enn fleiri séu fjarstaddir. Ég held að slíkt sé ekki við hæfi, ekki sæmandi hér á Alþingi þegar verið er að fjalla um lög sem eiga að gilda árum og áratugum saman í mörgum tilvikum og ég held að það sé ekki til of mikils mælst að sú krafa sé gerð að sérhver samþykkt hljóti a.m.k. helming atkvæða þeirra sem viðstaddir eru atkvæðagreiðsluna. Það finnst mér svona lágmarkskrafa sem eðlilegt sé að gera og því segi ég já.

64.–65. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 6,22 samþ. með 31 shlj. atkv.
66. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
67. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 6,23 samþ. með 28 shlj. atkv.
68. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
69.–85. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 6,24 samþ. með 29 shlj. atkv.
86. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
87.–90. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 6,25 samþ. með 28 shlj. atkv.
91. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 6,26 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

6. fundur, þriðjudaginn 28. maí, kl. 5.18 síðdegis.

Þingsköp Alþingis, 3. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 9.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum hlutaðeigandi fyrir störf þeirra að því máli sem hér er til afgreiðslu og fagna þeirri samstöðu sem náðst hefur í nefndinni og reyndar í deildinni í þessu máli og um afgreiðslu frv. til þingskapa. Auðvitað hlýtur það að gerast í svo stóru máli að einstakar greinar kalla á umræðu eða tillögur komi fram um sérstök ákvæði frá þeim þingmönnum sem ekki eiga sæti í nefndinni. Þannig afgreiddum við þingmannatillögur við 2. umr. og nú við 3. umr. leyfi ég mér að mæla fyrir brtt. á þskj. 10 sem hefur verið dreift hér í deildinni. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt Sigríði A. Þórðardóttur, en tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 14. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í fjárlaganefnd skulu kosnir ellefu þingmenn en í aðrar fastanefndir níu þingmenn."

Rökin fyrir því að fjölga nefndarmönnunum í fjár-

laganefnd eru m.a. þessi:

Verkefni fjárlaganefndar verða talsvert umfangsmeiri en verkefni fjvn. voru. Hún fær nú viðbótarverkefni svo sem lánsfjárlög og ríkisreikning sem áður voru hjá fjh.- og viðskn. Þar sem starfstími við fjárlaga- og lánsfjárlagagerð lengist ekki að sama skapi, mun nefndin þurfa í enn ríkari mæli en áður að skipta með sér verkum við undirbúning og athugun mála. Fjölgun í nefndinni gefur því færi á meiri verkaskiptingu innan nefndarinnar. Það er ekki óeðlilegt við þær aðstæður sem hér er bent á að fjölga nefndarmönnum í ellefu, m.a. í því skyni að tryggja þingflokkum aðild að þýðingarmestu undirnefndum fjárlaganefndarinnar.

Að lokum má benda á þá staðreynd að aukin viðfangsefni varðandi eftirlit með framkvæmd fjárlaga krefjast jafnframt meira vinnuálags og verkaskiptingar.

Með tilliti til þess að rétt þótti að fjölga nefndarmönnum almennt í nefndum þannig að þeir verði eftirleiðis níu, og það er gert með hliðsjón af auknu vægi og fjölgun verkefna í nefndum, tel ég að þingmenn í hv. deild hljóti að sameinast um fjölgun fulltrúa í fjárlaganefnd úr níu í ellefu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 10, sem var of seint fram komin, samþ. með 25 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði við 2. umr. lýst fylgi við þá hugmynd sem kynnt var af frsm. þingskapanefndarinnar að fjölga í fjvn. í ellefu þingmenn og lýsi því stuðningi við fram komna tillögu. En erindi mitt hér í ræðustól var það að vekja athygli á einu því ákvæði sem samþykkt var við 2. umr. Mér hafði láðst að spyrjast nánar fyrir um viðkomandi brtt., en það er við 30. gr. eins og hún hefur verið ákvörðuð við 2. umr. þar sem segir í a-lið, með leyfi forseta:

„Mæli nefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skal hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.“

Þarna er á ferðinni nýmæli í þingsköpum.

Ég hefði nú ekki verið talsmaður þess að taka ákvæði af þessu tagi inn í þingsköp, en ég ætla ekki að fara að flytja brtt. varðandi þetta nú við 3. umr. málsins því að það má út af fyrir sig segja að það sé ekkert óeðlilegt að það liggi fyrir kostnaðaráætlun varðandi tillögur og samþykktir sem sýnilega leiða af sér verulegan kostnað.

Hitt tel ég hins vegar vera óeðlilegt í raun að það skuli vera skylda að láta gera slíka ályktun og prenta hana með nefndaráliti varðandi hvaða áætlun sem gerð er. Ég er ansi hræddur um það að þetta verði kannski notað til þess að bremsa af ýmis góð mál sem flutt eru hér í þinginu, t.d. þáltill. sem geta haft einhvern kostnað í för með sér, athuganir á málum og annað þess háttar sem vísað er til framkvæmdarvaldsins og það verði fært fram sem rök gegn því að samþykkja slík mál sem annars eru góðra gjalda verð.

En ég ætla ekki að ræða málið á þeim grundvelli frekar þó að ég veki athygli á þessu, heldur vil ég spyrjast fyrir, og þá beini ég því til frsm. þingskapanefndar, þó hann hafi nú skilað sínu áliti við 2. umr., og spyr hvort nefndin hafi um það fjallað með hvaða hætti staðið yrði að framkvæmd þessa ákvæðis. Ég teldi það ekki rétt að fara að senda ályktanir þingsins á færibandi t.d. til framkvæmdarvaldsins upp í Fjárlaga- og hagsýslustofnun eða upp í fjmrn. til að biðja framkvæmdarvaldið um áætlun á kostnaði að þeirra mati. Það teldi ég ekki skynsamlega að farið og ekki þinginu sæmandi að standa þannig að máli. Annað mál er það að það er auðvitað vel hægt að afla slíks álits eftir því sem þurfa þykir en ekki sem meginreglu.

Í lögum nr. 13/1979, sem eitt sinn voru býsna rómuð og mikið um rædd, kölluð Ólafslög, er ákvæði sem ekki hefur nú alltaf verið fylgt mjög stíft eftir. Í 13. gr. þeirra laga segir að eitt af verkefnum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar skuli vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, „kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.“ Þetta varðar frumvörp. En hér er gengið lengra. Hér er verið að setja í lög einnig varðandi ályktanir, að gera það að skyldu.

Ég tel að það hljóti þá að verða verkefni þingsins að hafa starfslið sem geti sinnt þessu verkefni á vegum þingsins þannig að sú regla verði ekki sköpuð að það eigi að fara að leita til ríkisstjórnar eða framkvæmdarvalds að meta það hvaða kostnað samþykktir af hálfu Alþingis kynnu að hafa í för með sér, sem getur nú oft verið býsna teygjanlegt. Og ég vil spyrja hv. 8. þm. Reykv. hvort nefndin hafi rætt framkvæmd á þessu ákvæði á vegum Alþingis.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Vegna ræðu síðasta ræðumanns vil ég segja það að ég held að ekki komi til greina annað en að þetta mat sem beðið er um að fylgi þskj., eða nál., verði unnið á vegum þingsins. Það væri óhæfa að ætlast til þess að það væri gert á vegum ráðuneyta. Þingið á að hafa afl, vald og starfslið til að láta framkvæma svona mat.

Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að þingheimur viti hvað hann er að gera og hvað það kostar sem hann er að gera í það og það skiptið, þannig að það liggi fyrir í stórum dráttum hvaða kostnaður hlýst af þeim samþykktum sem hér eru gerðar.

Ég stend fyrst og fremst upp vegna brtt. á þskj. 10 sem hér liggur fyrir og nýbúið er að veita afbrigði fyrir. Það er rétt hjá fyrra flm. þeirrar tillögu að samstaða hefur verið um þetta mál í þinginu, mjög góð og breið samstaða. En með því að samþykkja þessa tillögu þá væri hún rofin. Ég lýsi mig andvígan þessari tillögu. Ég vil halda mig við þær brtt. sem nefndin hefur gert og þá afstöðu sem tekin var af nefndinni sem hafði málið til meðferðar. Það eru engin efnisleg, haldbær rök fyrir þessari brtt. Það er rangt sem fyrri flm. hélt hér fram að um aukna vinnubyrði yrði að ræða í fjár-

laganefnd frá því sem verið hefur í fjvn. Þessi nefnd fær til meðferðar og yfirsjónar að vísu fleiri mál en fjvn. hafði en á hinn bóginn þá kemur hún til með að vísa grunnvinnu til annarra nefnda þingsins, þar á meðal til efnahags- og viðskn. tekjuhlið fjárlaganna og lánsfjárlögum. Þannig að að sjálfsögðu verður ekki þarna um aukna vinnubyrði að ræða og þau rök eru fallin.

Réttur smáflokka er prýðilega tryggður með því að hafa níu manna nefndir og það er engin ástæða til að teygja þær út í meiri stærð til þess að tryggja rétt smáflokka. Og það er engin ástæða til þess að hversu lítill hópur sem væri skyldi hann ætíð eiga fulltrúa. Það yrði þá að vera 63-manna nefndir ef menn ætluðu að sigla út fyrir öll þau sker að svo lítill minni hluti megi ekki verða að hann eigi ekki fulltrúa í fjárlaganefnd.

Það er sem sagt óþarft og ástæðulaust að hafa fleiri í fjárlaganefnd heldur en í ýmsum öðrum nefndum þingsins, ég nefni efnahags- og viðskn., sem að mörgu leyti fer með a.m.k. jafnvandasamt og kannski vandasamara starf, samkvæmt þessum þingsköpum heldur en fjárlaganefndin. Ég nefni utanrmn., sem hefur líka ákaflega veigamiklum og vandasömum störfum að gegna. Svo vandasömum að samkvæmt þingsköpum hefur það verið ákveðið og viðgengist um langan tíma að í þá nefnd væru kosnir varamenn. Og þar fyrir utan hefur sú nefnd verið það mikilvæg að hún hefur verið að störfum allt árið.

Þetta er nú um efni tillögunnar. Ég vil líka átelja harðlega vinnubrögð aðstandenda þessarar tillögu. Það var samkomulag í þingskapalaganefndinni og undirskriftir manna voru þar fyrirvaralausar með einni undantekningu. Anna Ólafsdóttir Björnsson skrifaði undir með fyrirvara og er henni þar með samkvæmt þingvenju eðlilegt og heimilt að flytja eða fylgja brtt. Engir aðrir boðuðu það í nefndinni að þeir mundu flytja eða fylgja brtt. frá öðrum. En það er hlaupið frá þessu og mér sýnist að hér sé verið að brjóta allar þingvenjur.

Það kom fram í ræðu frsm. nefndarinnar að hann hafði fallið fyrir þeirri freistingu að vilja styðja þetta mál. Ég sá hér áðan í meðförum manna þessa brtt., að vísu með öðrum flm. en nú eru komnir á hana. Og það er nú alveg til að bíta höfuðið af skömminni þegar hv. þm. hörfa með undirskriftir sínar eða fá aðra til að flytja fyrir sig brtt. þegar þeir sjá að þeir komast ekki upp með það nema með því að verða sér til ævarandi skammar að standa að brtt. Skömmin er söm því þó að hendurnar séu Esaús þá er náttúrlega röddin Jakobs. Og því miður hefur þetta farið svona.

Það var vilji þessarar þingskapalaganefndar og ákvörðun að breyta nafni nefndarinnar. Í staðinn fyrir fjárveitinganefnd ákváðum við að skíra hana heldur fjárlaganefnd. Okkur þótti það ábyrgara nafn og líklegt til þess að bæta vinnumóral nefndarinnar enn og álit það sem menn hafa á nefndinni. Því miður hefur hagsmunapot gripið suma þingmenn og þeir fara að reikna sig inn í nefndina. Það væri fróðlegt að fylgjast með því næstu daga, ef þessi tillaga yrði nú samþykkt, hverja Alþfl. kæmi til með að velja til setu í nefndinni. Það væri dálítið fróðlegt að fylgjast með því. Ég bið hv. alþm. að minnast orða minna þegar farið verður að kjósa í þessa nefnd.

Nú menn fara að reikna sig inn í þessa nefnd, reikna sig inn með hrossakaupum. Svo virðist sem einhverjum einstaklingum þyki mjög eftirsóknarvert að eiga sæti í þessari nefnd. Með því að hafa í henni ellefu fulltrúa þá er það að sjálfsögðu orðinn hortittur í þingskapalögunum og það er ólykt af allri þessari málsmeðferð. Hún er ekki til að auka virðingu Alþingis. Og eins og ég sagði í upphafi: Ef þessi tillaga verður samþykkt þá er sú samstaða rofin sem verið hefur um þessi þingskapalög og sem ég að öðru leyti tel mjög vel heppnuð og góð.

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég skal fúslega játa það að ég hefði vel kosið að láta minn jómfrúrdóm fallerast af öðru tilefni heldur en þessu. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að koma hér upp og skýra mína afstöðu og míns flokks í þessu máli sem hv. 11. þm. Reykn. hefur lagt fram tillögu um og hæstv. 1. þm. Norðurl. v. fjallaði hér um í nokkrum orðum og stórum.

Ég verð að segja það að ég tel það mér til happs að mér áskotnaðist sú auðna að fá að starfa með hæstv. 1. þm. Norðurl. v. í þeirri þingskapanefnd sem við unnum í saman. Ég hef ævinlega litið svo á að þar færi gamall Lappi og vitur sem gæti kennt okkur sem erum blautir á bak við eyrun margt það sem miður hefur farið. Og kennt okkur að draga dám af fortíðinni til þess að byggja framtíð. Þess vegna þykir mér það nokkuð miður að þurfa að koma hér upp og fara að kenna hæstv. 1. þm. Norðurl. v. nokkra undirstöðukafla í sagnfræði.

Hv. þm. sagði til að mynda að það væri alveg klárt að réttur smáflokka væri prýðilega tryggður með þeim nýju mönnum sem nú er gerð tillaga um að verði í fjárlaganefndinni. Mér veitist sá heiður að upplýsa hv. 1. þm. Norðurl. v. um það að aftur og aftur hefur sagan sýnt okkur að það hefur reynst nauðsynlegt að fjölga í fjvn. til þess að tryggja rétt smáflokka. Og svo ég seilist eilítið lengra aftur í sögunni þá veit ég að ég þarf ekki að minna hæstv. 1. þm. Norðurl. v. á hvernig ástandið var t.d. í þessari nefnd árið 1934. Þá var það svo að í öðrum deildanefndum voru fimm og síðar sjö manns en 1934 eða allar götur síðan þá hefur verið talin ástæða til að hafa fleiri menn í fjvn., þá voru þeir níu. Ég veit líka að ég þarf ekki að minna hv. 1. þm. Norðurl. v. á það að árið 1974 — og veit ég nú ekki hversu lengi hv. þm. hefur verið í þessum sölum — en mér býður í grun að hann hafi verið að skríða hér inn fyrir dyr í þann mund. Hvað gerðist þá? Þá var akkúrat fjölgað úr níu í tíu. Hvers vegna? Til þess að tryggja rétt smáflokka sem þá voru að koma inn. Þessi skipan var, eins og ég þarf ekki að minna hv. þm. á, til 1978.

Ég ætla nú ekki að minna hann á mikið fleira en samt ætla ég að minna þingheim á það að 1983 var enn talin ástæða til að fjölga í þessari nefnd úr níu í tíu. Sú skipan stóð að vísu ekki út allt kjörtímabilið, einung-

is til ársins 1986. Það er því alveg ljóst, og ég þarf ekkert að flytja hér langar sögulegar upprifjanir út af því máli, að það eru hefðir í þessu þingi.

Ég kem hér auðvitað sem fulltrúi hefðanna og sakna þess að hæstv. 1. þm. Norðurl. v. skuli ekki gerast talsmaður þeirra með mér. Ég bendi á að það hafa yfirleitt, og er enn þann dag í dag, verið fleiri fulltrúar í fjvn. en í öðrum nefndum. Ég er búinn að vera hér í tvær vikur og vissi lítið um hefðir og siðvenjur þessa þings þegar ég kom hér. Þó hef ég lært það að það eru sjö menn í venjulegum þingnefndum, í einni eru níu. Í fjvn. eru níu. Með öðrum orðum er hefð fyrir því að það séu fleiri í fjvn. en í öðrum nefndum.

Ég get svo algjörlega fallist á það að þetta mál kann að bera að með ekki nægilega heppilegum hætti og ég skal vera fyrsti maður til að viðurkenna það að má vera að sú væta sem ég hef að geyma á bak við eyrun enn þá sem nýbakaður þingmaður hafi gert það að verkum að e.t.v. var ekki nógu fast að þessu máli kveðið. Þó vil ég upplýsa það að þegar ég sat í hópi viturra og góðra Lappa og fjallaði um þessi mál í þingskapalaganefndinni þá kom upp hugmynd um að fjölga ekki bara í ellefu heldur í þrettán. Sem talsmaður mundangshófsins og meðalhófsins þá tók ég það upp og lét það ljóst vera að ég vildi gjarnan að fjölgað yrði í ellefu. Ég gerði það hins vegar ekki að svo föstu máli sem ég e.t.v. hefði átt að gera.

En ég vil bara draga það upp hér að það er alveg ljóst að sagan sýnir nauðsyn þess að fjölga oft í þessari nefnd umfram aðrar til þess endilega og enn fremur að tryggja rétt smáflokka sem hæstv. 1. þm. Norðurl. v. telur eigi að síður að hafi ævinlega verið tryggður með þeirri tölu sem nú er lagt til að verði í fjárlaganefndinni. Það er sem sagt alveg klárt að tveimur sinnum hefur þótt ástæða að fjölga úr níu í tíu til þess að tryggja þennan rétt. Og ég vísa því einfaldlega á bug í ljósi hefðar, á grundvelli sögu að það sé hægt að merkja þetta sem hortitt í þingskapalögum. Það er aldeilis fráleitt.

Það er alveg ljóst að það hlýtur að hafa verið einhver ástæða fyrir því að sagan sýnir okkur að allt frá 1934 hefur verið talin ástæða til að hafa fleiri í fjárlaganefndinni en öðrum nefndum. Hver er þessi ástæða? Ég var ekki búinn að vera lengi í þessari þingskapalaganefnd og hlusta mikið á menn sem höfðu setið afar lengi í fjvn., einkum og sér í lagi hv. 2. þm. Norðurl. v., þegar mér varð ljóst að það er engum blöðum um það að fletta að engin nefnd í þinginu sætir jafnmikilli vinnunauð, sætir jafnmiklum gestakomum, sætir jafnmiklu álagi og einmitt þessi. Þannig að á þessum tímum tegunda sem eru í hættu — stundum er nú talað um að þingmenn séu að verða óvinsælasti hópur þjóðarinnar þó þeir séu ekki beinlínis í útrýmingarhættu — má segja að það sé hér með vissum hætti verið að fylgja verndunarsjónarmiðum.

Ég er með þessu líka að benda á að við erum að taka álag af þingmönnum sem sitja í þessari nefnd. Og ég vil bara vekja athygli á einu, hæstv. 1. þm. Norðurl. v., að ánauðin í þessari nefnd er svo mikil að þeir sem til að mynda veita henni forstöðu sjá sér ekki fært vinnuagans vegna að taka þátt í störfum annarra nefnda.

Ég ætla því að yfirgefa þennan ræðustól öllu flekkaðri en ég gekk í hann sem óspjölluð jómfrú og hvetja menn til þess að standa hér fast á grunni sögunnar og samþykkja þessa brtt. hv. 11. þm. Reykn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Svona í upphafi máls míns þá vil ég segja að ég hef aldrei skilið þá málvenju þannig að þó við tölum um að sá sem flytji sína fyrstu ræðu flytji jómfrúrræðu að hann þurfi endilega að vera jómfrú. En það er nú kannski túlkun þeirra í Alþfl.

En ég ætla að koma hér að þessu máli út frá sjónarmiði okkar sem ekki höfum setið í þingskapalaganefndinni og þar hafa vissulega komið fram margvísleg sjónarmið sem mönnum hefur fundist að væri ástæða til að taka tillit til. Ég hef hins vegar skilið þessi vinnubrögð og þau þingskjöl sem hér hafa verið lögð fram þannig að hér yrði ekki gengið frá öðru í lagaformi en því sem samstaða væri um. Og ég minni þingmenn á það að í þskj. 5, þ.e. í nál., eru sex tölusettir liðir um ýmis efnisatriði sem ýmsum aðilum hefði fundist ástæða til að koma inn í þingskapalög. En um það var ekki samstaða og því ekki haldið til streitu. Það væri ósköp auðvelt að taka upp harðan málflutning fyrir hverjum einstökum lið sem þar er og þá væri lítið orðið úr þeirri samstöðu sem um þetta mál hefur verið og full ástæða er til að verði áfram.

Þetta voru nú meginþættirnir sem ég vildi koma hér á framfæri.

Að því viðbættu féll um sjálfan sig málflutningur hv. 17. þm. Reykv. þegar hann talaði um þann fjölda sem þarf að vera í fjvn. til þess að mæta þörfum smáflokka. Í hans máli kom það greinilega fram, sem hann hefur mátt vita, að það þarf ekki nema einfalda lagabreytingu sem hægt er að gera hvenær sem er til þess að breyta þessum lögum og þess vegna er hægt að bregðast við slíkri stöðu þegar hún kemur upp. Þau rök eru því ekki fyrir hendi.

Það er búið að rökstyðja það líka að það eru ekki þau rök fyrir hendi að hér sé um að ræða aukið vinnuálag. Frekar þvert á móti að það sé hægt að dreifa störfum á þann hátt að það minnki álagið á fjárlaganefnd. Þá stendur ekkert eftir annað en hér liggja á bak við einhverjir þeir þættir sem flm. hafa ekki upplýst enn þá um.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um hrossakaup. Ég vil nú ekki tala um hrossakaup í þessu sambandi. Mér býður hins vegar í grun að þarna sé um að ræða part af heiðursmannasamkomulagi. Og nú vil ég að það verði dregin upp þau undirplögg sem greina frá þessum hluta heiðursmannasamkomulagsins, (Gripið fram í.) bakskjöl heitir það já, sem greina frá þessum þætti heiðursmannasamkomulagsins og við verðum upplýst um það hér og nú.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska formanni þingflokks Alþfl. til hamingju með að hafa flutt sína

jómfrúrræðu þó að ég hefði gjarnan óskað honum þess að hafa hana skynsamlegri en hann hafði hana. Fyrir það fyrsta er það óþarfi að kalla mig hæstv., það er yfirdrifið nóg að kalla mig hv. og ég ætla alveg að láta mér það nægja.

Það hefur komið í ljós í þessari söguskoðun sem að sumu leyti var rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það dugir að hafa níu menn í fjvn. að öllu eðlilegu. Það er að vísu hægt að finna dæmi þess að það hafi verið tíu í tveimur undantekningartilfellum, en nú er verið að festa það í þingsköp að smáflokkar geta haft áheyrnarfulltrúa í nefndum og það er ekkert á móti því að áheyrnarfulltrúar eigi þar sæti.

Með þessari brtt. er ekki verið að tryggja rétt smáflokka. Það er verið að leysa krísu í stjórnarliðinu með því að fjölga í þessari nefnd. Eðli málsins samkvæmt átti Sjálfstfl. rétt á fjórum þingmönnum í fjárlaganefndinni. Fimmti maðurinn yrði alþýðuflokksmaður. Alþfl. þótti þetta helsti lítið handa sér því þeir eru svangir þó þeir hafi ekki marga fótgönguliða og verða að nota hv. þm. Össur í allt. Þá datt þeim þetta snjallræði í hug að hoppa inn á hugmynd sem Svavar Gestsson hafði upphaflega hreyft og tryggja einn viðbótarkrata inn í nefndina. Hér er nefnilega um ákaflega ómerkilegt hagsmunapot af lægstu gráðu að ræða og engin haldbær rök, engar göfugar hugsjónir á bak við þetta heldur aðeins ómerkilegasta hagsmunapot.

Það getur svo sem vel verið að hv. 17. þm. Reykv. Össuri Skarphéðinssyni þyki tími til kominn, úr því að hann er kominn í Alþfl. og ætlar nú að fara að traktera hann eins og aðra flokka þar sem hann hefur verið, að fara að tryggja rétt smáflokka. Svo langt getur hann gengið, svo nærri gæti hann gengið Alþfl. að Alþfl. þyrfti á þessu að halda.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil svara í örstuttu máli þeirri fyrirspurn sem hv. 4. þm. Austurl. beindi til mín varðandi 30. gr. frv.

Eins og fram kom hjá mér við 2. umr. er gerð sú brtt. af hálfu stjórnskipunar- og þingskapanefndar að kveðið er á um það að ef nefnd mælir með samþykkt frv. eða þáltill. skuli hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur að ný lög eða ályktun hafi í för með sér fyrir ríkissjóð. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson óskaði eftir að fá nánari skýringar á þessu atriði og er sjálfsagt að verða við því.

Hér er ekki um nýtt mál að ræða. Eins og hv. þm. vakti athygli á þá mun hafa verið vísir að slíku ákvæði í svokölluðum Ólafslögum, lögum nr. 13/1979. Hins vegar bar þessa hugmynd þannig að nefndinni að hún var ekki í upphaflega frv. og kom ekki að mig minnir fram við 1. umr. heldur var þetta hugmynd sem hv. þm. Pálmi Jónsson kom með inn í nefndarstarfið. Í upphaflegri mynd gerði hann ráð fyrir því að mönnum sem flyttu slík mál væri gert að gera grein fyrir kostnaði þegar við framlagningu í greinargerð með þingmáli. Nefndarmönnum þótti hins vegar ósanngjarnt að ætlast til að allir óbreyttir þingmenn sem hugsa sér að leggja fram mál afli slíkra upplýsinga og reikni út eða láti reikna út þann kostnað sem því fylgir. Hins vegar er ekkert óeðlilegt við það að leggja þá skyldu og kvöð á herðar þingnefndar sem tekur á sig ábyrgðina á því að slíkt mál verði að lögum eða slík tillaga nái samþykki.

Ein önnur breyting var gerð á þessari hugmynd, og ég hygg að það sé óhætt að skýra frá því að það var að frumkvæði hv. þm. Svavars Gestssonar. Hann vildi bæta því inn í og nefndin féllst á það að þetta skyldi vera mat, áætlun um þann kostnað sem nefndin sjálf teldi að viðkomandi mál hefði í för með sér til þess að tryggja að hér væri ekki bara verið að taka við einhverjum tilkynningum eða yfirlýsingum frá framkvæmdarvaldinu, heldur til þess að tryggja það að nefndir gætu lagt sjálfstætt mat, ef þær svo kysu, á þann kostnað sem hér er um að ræða og þyrftu ekki að taka við greinargerðum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun eða öðrum slíkum aðilum frekar en þeim sýndist. Það er skýringin á þessu. Það kom fram í máli hv. þm. Páls Péturssonar að vonandi verður þingið einhvern tíma þannig í stakk búið að það geti lagt sjálfstætt fjárhagslegt mat á hlutina, hvað þeir kosta, og fjárlaganefnd og aðrar fastanefndir hafi aðgang að slíku starfsfólki og geti unnið slík verk og þá held ég að væri gott að vera búið að fá þetta ákvæði inn í lögin. Ég tel að þetta sé nútímalegt ákvæði, til bóta, veiti ákveðið aðhald og jafnframt hefur þetta að sjálfsögðu mikið upplýsingagildi sem hérna er kveðið á um.

Að vísu er það rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á að mál geta verið svo smá í sniðum að þeim fylgi ekki sérstakur kostnaður. Þau geta verið það lítilfjörleg eða þess eðlis að ekki sé hægt að ætla að þeim fylgi mikill kostnaður. Þá kemur það fram. Þá segir bara í nefndarálitinu akkúrat það að ætla megi að kostnaður verði lítill eða enginn eftir atvikum þannig að ég held að það sé ekki til trafala.

Að því er varðar fram komna brtt. frá tveimur hv. þm. varðandi fjárlaganefnd vil ég að það komi hér fram af minni hálfu sem formanns þessarar sérnefndar um þingsköp og stjórnarskrá í Nd. að haldinn var fundur í nefndinni milli 2. og 3. umr. eftir að upp komu hugmyndir um það við 2. umr. málsins. Þar var grennslast fyrir um það hvort nefndin gæti hugsað sér að sameinast um slíka tillögu en svo reyndist ekki vera. Hitt er rétt frá sagt sem hér kom fram áðan að þessar hugmyndir voru ræddar í nefndinni á sínum tíma án þess að um þær væri samstaða og það reyndist óbreytt, það var ekki samstaða í nefndinni um að leggja sameiginlega fram slíka brtt. Þegar það lá fyrir í nefndinni var upplýst að við sem stöndum að nefndarálitinu mundum ekki flytja þá tillögu. Það er rétt sem hv. þm. gat um að í drögum hér fyrr í dag voru önnur nöfn vegna þess að það var talið eða menn vonuðust til að það mundi nást samstaða allra þingflokka um þetta. Svo er ekki og þess vegna flytjum við ekki þá tillögu, við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég vil láta það koma fram að við hv. þm. og aðrir sem um það tjáðu sig áskildum okkur rétt til þess að fylgja brtt. þessa efnis ef hún kæmi fram. Nú er hún komin fram

og þá vil ég að það komi til skila hér að ég fyrir mitt leyti og við sjálfstæðismenn í nefndinni munum greiða þessari tillögu atkvæði.

Ég vísa dylgjum hv. þm. Páls Péturssonar á bug og bendi honum á að ef hann reiknar vel og skarplega eins og honum er lagið og deilir 5 upp í 26 er útkoman 5,2, ef hann deilir 2 upp í 10 er útkoman 5. Ég held að hann viti hvað ég er að fara með þessu þannig að það er ekkert einboðið eftir einhverjum reiknireglum hvar þessir viðbótarmenn lenda ef tillagan verður samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel það skipta máli sem fram hefur komið hér við umræðuna vegna fyrirspurnar minnar um túlkun á 30. gr. sem samþykkt var við 2. umr. þar sem af hálfu bæði frsm. nefndarinnar og nefndarmanna eins og hv. þm. Páls Péturssonar hefur komið fram sá skilningur að kostnaðarmat sem kveðið er á um að skuli fylgja nefndarálitum verði unnið á vegum viðkomandi nefndar og á vegum þingsins ef þörf er á að leita eftir upplýsingum og mati þannig að ekki skapist sú hefð að það verði sent á færibandi t.d. til framkvæmdarvaldsins til þess að leggja slíkt í dóm. Það varðar miklu að mínu mati að sá skilningur ríki og verði í heiðri hafður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 10 samþ. með 26:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónS, KÁ, ÓRG, PJ, RG, SighB, MB.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, IP, JGS, JónK, PP.

KHG greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (StH, AÓB, IBA, ÓÞÞ, RA, SAÞ, SP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að möndla með framtíðarþingsköp Alþingis til þess að halda sátt á milli sundurleitra stjórnarflokka. Hér er augsýnilega verið að færa Alþfl. tvo menn inn í fjvn. Ég tel að þetta sé slæm aðferð á þessu þingi. Ég vara þingmenn við þessum vinnubrögðum. Við verðum að hafa framtíðina í huga er við sníðum Alþingi þingsköp, vinna af heiðarleika en það séu ekki hér höfð í frammi í svo mikilvægu máli hrossakaup. Ég segi því nei.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Það er sorglegt til þess að vita að við gerð laga um þingsköp Alþingis skuli menn falla í þá gryfju enn og aftur að líta ekki til framtíðar, eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á, heldur vera að sníða lög að eigin hagsmunum sem auðvitað eru tímabundnir. Fyrir nokkrum árum sátu hv. þm. veturlangt við að smíða ný kosningalög. Þá voru dæmi þess að einstakir þingmenn sóttu sérálit til Háskóla Íslands og annarra stofnana til þess að ganga úr skugga um hvort þeir sjálfir væru líklegar inni á Alþingi með þessum lögunum eða hinum. Slíkt er Alþingi Íslendinga ekki til sóma. Eftir þá vinnu sem hér hefur farið fram og þá ágætu samstöðu sem náðst hefur í þessu máli er hörmulegt til þess að vita að svo skuli nú fara að þetta mál verði tafið vegna svo vandræðalegra vinnubragða. Ég segi því auðvitað nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

NEÐRI DEILD

7. fundur, þriðjudaginn 28. maí, að loknum 6. fundi.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til stjórnskipunar- og þingskapanefndar með 30 shlj. atkv.

EFRI DEILD

7. fundur, þriðjudaginn 28. maí, kl. 18.15 síðdegis.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 11.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Stjórnskipunar- og þingskapanefnd hv. Ed. starfaði að máli þessu með sömu nefnd hv. Nd. og áttum við ágætt samstarf við þessa nefnd.

Á þskj. 5 og þskj. 6 koma fram brtt. nefndarinnar í Nd. sem nú hafa verið samþykktar. Eins og fram kemur á því nál. skrifa allir nefndarmenn í hv. Nd. undir það nál. og aðeins einn þingmaður, hv. þm. Kvennalista, skrifar undir það nál. með fyrirvara.

Þær breytingar, sem koma fram á þskj. 5 og 6 og ítarlega grein er gerð fyrir í nál., skýra sig að mestu leyti sjálfar en ég ætla að fara aðeins yfir helstu atriði sem þar koma fram.

Við 3. gr. eru gerðar mikilvægar breytingar er varða forseta þar sem fram kemur að það skuli ávallt fara fram kosning í embætti forseta Alþingis þótt aðeins ein tilnefning berist sem þykir eðlilegt og nauðsynlegt í svo mikilvægt embætti. Þá er kveðið á um það að reynt skuli að ná samkomulagi milli þingflokka um einn lista að því er varðar varaforseta.

Það er ástæða til þess að leggja á það áherslu að það hlýtur að vera æskilegt og að mínu mati mjög mikilvægt að sem flestir flokkar eigi aðild að forsætisnefndinni og það er eðlilegt að þingflokkarnir á hverjum tíma reyni að ná um það samkomulagi áður en farið er út í listakosningu. Ég verð að gera ráð fyrir því að slíkt samkomulag ætti að geta náðst á hverjum tíma því það er mikilvægt að allir flokkar eigi sem bestan aðgang að stjórn þingsins til þess að hún geti farið fram með farsælum hætti og ekki síður mikilvægt að stjórnarandstaða á hverjum tíma komi þar að máli. Þótt það sé að sjálfsögðu nauðsynlegt að það sé alveg ljóst að meiri hluti hlýtur ávallt að ráða hér á Alþingi, og það er mjög skýrt í þessu frv. að aðalforseti sker úr ef um ágreining er að ræða, þá er mjög óheppilegt og í reynd óframkvæmanlegt að þinginu sé almennt stjórnað í krafti meirihlutavalds heldur þarf þar að eiga sér stað eðlilegt samstarf og samvinna milli þeirra flokka sem eiga fulltrúa hér á Alþingi.

Við 10. gr. er brtt. sem kveður á um það hver séu helstu viðfangsefni forsætisnefndar sem forseti veitir forustu og varaforsetar eiga jafnframt aðild að. Þar er kveðið á með skýrari hætti en áður var hvert sé starf forsætisnefndarinnar og að hvaða verkefnum hún eigi fyrst og fremst að vinna. Þar kemur jafnframt fram að forseta er falið æðsta vald í stjórnsýslu þingsins með því að þar er kveðið á um að ef ágreiningur verður þá skeri forseti úr um það.

Við 20. gr. er brtt. þar sem kemur fram að meiri hluti nefndar geti ákveðið að halda fund meðan þingfundur stendur yfir enda hreyfi forseti ekki andmælum. Það þótti fullstrangt að áskilja að það þyrfti samþykki allra nefndarmanna en hér hlýtur að vera um ákvæði að ræða sem ekki þarf að beita nema í einstökum undantekningartilvikum. En fyrir því hefur verið venja að t.d. hv. fjvn. hefur oft á tíðum starfað á meðan þingfundir eiga sér stað hér á Alþingi.

Við 23. gr. er brtt. sem kveður á um hlutverk og málefnasvið allshn. en þar er kveðið á um að þangað skuli vísa dómsmálum, kirkjumálum, sem áður hefur verið gert nema það mun nú hafa verið að einhverju leyti siður að vísa kirkjumálum til menntmn., en þar er kveðið á um að byggðamál skuli vera sá málaflokkur sem vísa skuli til allshn. Það er m.a. með tilvísun til laga sem sett voru á síðasta Alþingi og fjölluðu um byggðamál þar sem skýrt kom fram að það væri mjög mikilvægt að Alþingi tæki þann málaflokk til meiri umfjöllunar og fjallaði um ýmsar skýrslur og tillögur sem varða þennan málaflokk þótt mjög erfitt sé að afmarka hann sérstaklega því hann hlýtur að koma að meira eða minna leyti inn á málasvið annarra nefnda hér í þinginu.

Jafnframt kemur fram í brtt. við 23. gr. að níu þingmenn geta farið þess á leit að máli sé vísað til nefndar áður en umræða fer fram og jafnframt að lokinni framsögu. Er þetta gert til þess að gera það kleift að þingmenn geti aflað sér upplýsinga um mál áður en umræða hefst og einnig kann svo að vera að einstakir ráðherrar óski eftir því að upplýsa þingmenn viðkomandi nefndar betur um málið áður en umfjöllun byrjar í þinginu. Þetta er í samræmi við m.a. umræður sem urðu hér í hv. deild.

Við 25. gr. eru mikilvægar brtt. um það með hvaða hætti fjárlaganefnd skuli starfa. Þar er ekki gert skylt að vísa til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra, en þar kemur skýrt fram að fastanefndir geta að eigin frumkvæði ákveðið að fjalla um einstaka þætti fjárlagafrv. Það má segja að um það sé almenn samstaða að fastanefndir fjalli í meira mæli um einstök málasvið en hér er um breytingu að ræða sem við sjáum ekki alveg fyrir endann á og mikilvægast að þar þróist góð samskipti milli fjárlaganefndar annars vegar og hinna fastanefndanna hins vegar og reynslan hlýtur að skera úr um það hvernig það heppnast. Ekki þótti æskilegt að festa það svo kyrfilega í lagatexta að ekkert svigrúm væri fyrir hendi. Hér er um nýmæli að ræða sem áreiðanlega mun verða mjög mikilvægt þegar fram líða stundir en eðlilegt að það fái nokkurn umþóttunartíma og að sjálfsögðu má breyta þessum lögum síðar í ljósi reynslunnar en þó er nú mikilvægara að góðar starfsreglur myndist í þessu efni.

Þá er kveðið á um það að fjárlaganefnd vísi lánsfjárlagafrv. til efnahags- og viðskiptanefndar og ekki eingöngu þeim köflum sem fjalla um skatta- og efnahagsmál, en efnahags- og viðskiptanefnd er einnig ætlað að fjalla um tekjuhlið fjárlagafrv.

Þá er kveðið á um það sem hefur verið hreyft hér í deildinni að 3. umr. fjárlagafrv. hefjist eigi síðar en 15. des. Það var rætt í nefndinni hvort ekki væri rétt að setja ákvæði um 2. umr. jafnframt, en eftir að það hafði verið rætt þótti það ekki heppilegt vegna þess að það kynni að leiða til þess að minni vinna verði lögð í fjárlagafrv. fyrir 2. umr. til þess að standast tímafrestina. En það sem þeir þingmenn sem hreyfðu þessu máli höfðu einkum í huga var að koma í veg fyrir að lokaafgreiðsla fjárlaganna væri hér alveg síðustu klukkutímana fyrir jólahald eins og oft hefur verið og því miður hefur oft á tíðum sett heldur slæman svip á þinghaldið. Þetta ætti að vera auðveldara nú þegar þinghaldið er fært fram um tíu daga eins og nú er gert ráð fyrir og stjórnarskrárbreytingin sem hér hefur verið fjallað um gerir ráð fyrir.

Hér eru ýmsar aðrar brtt. sem nú hafa verið samþykktar í hv. Nd. og nefndarmenn sem fjölluðu um þær ásamt neðrideildarnefndinni eru sammála í öllum meginatriðum eftir því sem ég best veit. Auk þess er í nál. gert ráð fyrir nokkrum atriðum sem þótti mikilvægt að taka fram í nál. til að leggja sérstaka áherslu á að

nefndirnar hefðu fjallað um þau. Þar er m.a. eitt atriði sem allmikið var rætt hér í Ed., þ.e. með hvaða hætti skuli koma fyrir samskiptum Ríkisendurskoðunar og Alþingis. M.a. var hreyft þeirri hugmynd að það væri betra að sérstök nefnd færi með það mál í stað forseta eins og nú er. Eftir nokkra umræðu gat í sjálfu sér verið samstaða um breytingar en þótti rétt að gera fremur breytingar á lögunum um Ríkisendurskoðun og því væri eðlilegt að það mál yrði tekið upp hér á Alþingi í haust eftir að það kemur saman í október.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að gera nokkra grein fyrir þessu starfi í stuttu máli en því til viðbótar vildi ég aðeins nefna það nokkrum orðum að nú hefur verið ákveðið eftir því sem ég best veit í hv. Nd. að fjölga í fjvn. úr níu í ellefu, en það var mál sem afar lítið var rætt á mörgum og löngum fundum nefndanna og kom því nokkuð á óvart þegar við ýmsir heyrðum á skotspónum að það stæði til að nokkrir nefndarmenn í Nd. ætluðu sér að standa að og flytja slíka brtt. Það eru mjög óheppileg vinnubrögð að mínu mati vegna þess að hið sameiginlega starf nefndanna hófst með þeim hætti að það væri mikilvægt að koma því til leiðar að ekki yrðu breytingar á málinu eftir að það hefði hlotið umfjöllun í hv. Nd.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að gangast undir neinar skuldbindingar í því máli því að auðvitað hafa allir hv. þm. hér í Ed. rétt til þess að flytja hér brtt. og krefjast um þær atkvæðagreiðslu. En það var mjög mikilvægt að mínu mati að sá svipur yrði á þessu máli að sem mest samstaða yrði um afgreiðslu þess. Þar af leiðandi kom það mér a.m.k. afar mikið á óvart þegar þessi brtt. kom allt í einu fram og ég hlustaði á hana hér af munni formanns neðrideildarnefndarinnar í umræðum í Nd.

Ég ætla ekkert að fullyrða um það hvort hægt hefði verið að ná samstöðu um þetta mál, en mér fannst þetta svona heldur setja leiðinlegri svip á vinnu í málinu en ég hefði viljað sjá.

Síðan má endalaust deila um það hvort rétt sé að hafa níu menn í fjvn. eða ellefu eða hvort e.t.v. sé rétt að hafa fleiri menn í öðrum nefndum þingsins og jafnvel öllum. Það er mjög óheppilegt þegar menn líta á þessi mál í ljósi þingstyrks, eins og hann er á þessu Alþingi, þótt það sé mjög erfitt að koma í veg fyrir það að menn líti nokkuð til þess. Um það var full samstaða að hafa níu manna nefndir þegar frv. var flutt á sínum tíma sem fylgiskjal og mér finnst mjög óheppilegt að það sé verið að leggja dóm á þetta mál í ljósi þingstyrks nú á Alþingi. Auðvitað getur þetta allt saman breyst í framtíðinni en ég er þeirrar skoðunar að það sé óheppilegt að hafa nefndir allt of fjölmennar. Það er heppilegt að sem flest sjónarmið geti komist að og sem flestir flokkar. Ég tel að það sé alveg nægilega séð fyrir því í níu manna nefnd.

Það varð mjög mikil umræða um það hvernig ætti að koma að öllum sjónarmiðum og fulltrúum sem flestra þingflokka að stjórn þingsins. Ekki þótti heppilegt að fjölga varaforsetunum sem gert er ráð fyrir að séu fjórir en mættu í sjálfu sér allt eins vera fimm. Það voru tveir varaforsetar áður í hvorri deild og síðan í sameinuðu þingi þannig að forsetarnir voru samtals níu en verða nú samtals fimm. Það var ekki talin æskileg skipan að hafa svo marga við forustu þingsins. Það gekk sem betur fer bærilega að samræma sjónarmið í þessu máli þó þau hafi ekki verið að fullu samræmd því margir voru þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt að varaforsetarnir væru skipaðir í röð eftir styrk þingflokkanna og þá hefði sú skipan orðið nú að allir þingflokkar hefðu fengið aðild að stjórn þingsins þó þar með væri ekki öruggt að slíkt yrði í framtíðinni.

Mér finnst að nú gildi allt í einu önnur sjónarmið þegar farið er að ræða um fjvn. en komu fram í umræðum í nefndinni þegar var verið að tala um stjórn þingsins. Þykir mér það nokkuð undarlegt. En það hefði verið heppilegra að þetta mál hefði verið rætt ítarlega í nefndinni og reynt að komast að niðurstöðu þannig að það hefði mátt þá koma í veg fyrir umræður sem við hlustuðum á að einhverju leyti í hv. Nd. áðan. Það setur ekki góðan lokasvip á afgreiðslu þessa mikilvæga máls. Þetta er atriði sem við munum áreiðanlega fjalla eitthvað um í efrideildarnefndinni. Ef samstaða næst um að breyta þessu aftur þá getum við að sjálfsögðu gert það. En ég geri svo sem ekki ráð fyrir því að meiri hluti sé fyrir því hér í deildinni að svo verði gert. En ég hefði talið æskilegt að hafa þessa skipan með þeim hætti sem um var talað þegar lokaafgreiðsla nefndarinnar fór fram en fara ekki að rjúka til með einhverja aðra skipan eftir að nefndin hefur lokið störfum.

Ég vil svo leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja það til að þessu frv., eins og það nú kemur frá hv. Nd. verði vísað til 2. umr. og stjórnskipunar- og þingskapanefndar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi hv. deild á eftir að fjalla um þetta mál við tvær umræður og í nefnd, þannig að ástæðulaust er að fara um það mörgum orðum á þessu stigi. Það eru þó fáein atriði sem mig langar til að hnykkja á í framhaldi af þessum umræðum sem fram hafa farið um málið bæði hér og á fundum nefndarinnar. En eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. störfuðu nefndirnar saman, þingskapanefnd efri deildar og neðri deildar, að þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Um þær varð samstaða í báðum nefndum, eða ég skildi það svo, í öllum meginatriðum þó efrideildarnefndin hljóti að sjálfsögðu að fjalla um málið með sjálfstæðum hætti eins og henni er skylt að gera og rétt.

Það er kannski rétt að geta þess út af orðum hv. 1. þm. Austurl. um ellefu manna fjvn. að ég hélt mjög fast á því máli í undirbúningi þessa frv. áður en það var lagt fram hér í þinginu og lagði á það áherslu að fjvn. yrði fjölmennari. Það var sjónarmið sem þingflokkur Alþb. fól mér að bera nefndinni og ég gerði það. Sömuleiðis hygg ég að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi gert grein fyrir því sjónarmiði hér við 1. umr. um stjórnarskrárfrv. á sínum tíma. Það sjónarmið Alþb. þarf því ekki að koma á óvart að við studdum í neðri deild breytinguna á þingskapafrv. að því er varðar fjölgunina í fjvn. Við meðferð málsins í undirbúnings-

nefndinni og í þingskapanefndunum fékk þetta sjónarmið hins vegar lítinn hljómgrunn. Það kom fram að hv. fulltrúar Kvennalistans í þingskapanefndinni voru þeirrar skoðunar að til greina gæti komið að fjölga í fjvn., eða fjárlaganefnd eins og hún heitir núna í þessu skjali, en fulltrúar stjórnarflokkanna lýstu harðri andstöðu við málið, einkanlega fulltrúar Sjálfstfl. en einnig fulltrúar Alþfl., þó það kæmi fram einu sinni frá formanni þingflokks Alþfl. að til greina gæti komið að fjölga í nefndinni. Á bak við það virtist þó ekki vera mikil alvara.

Ég skildi því málið svo að þessi hugmynd um ellefu manna fjvn. væri úr sögunni og við sem hefðum verið þeirrar skoðunar að hún ætti að vera skipuð ellefu mönnum yrðum ósköp einfaldlega að bíta í það súra epli að sætta okkur við að svo yrði ekki. Svo allt í einu rann upp ljós fyrir þessum snillingum í stjórnarliðinu af einhverjum ástæðum. Menn eru að gera þeim upp einhverjar undarlegar hvatir í þeim efnum. Mér dettur það nú ekki í hug. Svo rann upp fyrir þeim ljós og við fögnuðum því náttúrlega þegar menn sjá ljósið eins og gengur og studdum þessa till. í neðri deild og gerum það að sjálfsögðu einnig í þessari deild. Ég tel að það sé út af fyrir sig ástæðulaust að gera á þessu miklar breytingar og væri auðvitað best ef við gætum komið málinu fram án þess að breyta því mjög verulega.

Það sem ég vildi ræða hér að öðru leyti er í fyrsta lagi kosning varaforsetanna. Ég tel að það kerfi sem er í þessu frv. sé ekki það sem ég hefði helst getað hugsað mér. Ég hefði helst getað hugsað mér að hafa hér nákvæmlega sams konar ákvæði og eru í þingsköpum danska þjóðþingsins, þar sem gert er ráð fyrir að fimm stærstu þingflokkarnir tilnefni menn í forsætið. Ef þingflokkarnir eru sex þá fær sá sjötti eða minnsti ekki mann í forsætið og þar fram eftir götunum. Um þetta varð ekki samkomulag og ég stend að þessari málamiðlun fyrir mitt leyti hér í deildinni að reiknað verði með þeim möguleika að stillt verði upp á lista við kosningu varaforseta en gengið út frá því að menn reyni og freisti samkomulags. Mér finnst þessi aðferð í 68. gr. klúðursleg í sambandi við það að fella niður hlutfallstölu þess flokks sem fékk aðalforsetann. Þetta er að verða flókið, þetta minnir mig á kosningalögin þannig að það þyrfti helst að fá Þorkel Helgason til þess að lesa fyrir þingmenn svo þeir botnuðu eitthvað í þessu og dugði nú yfirleitt ekki til með þessi kosningalög. Svo er nú auk þess búið að fella hann d'Hondt út, sem er nú reyndar til bóta, hann hafði lítið að gera hérna. (**Gripið fram í:** Nei, hann er enn þá.) Nú, er hann hafður þarna enn þá já, og líka kannski hann Lague, sem Stefán Jónsson heitinn, fyrrv. alþm., kallaði Laggó og fullyrti að þetta tvennt, d'Hondt og Laggó, væru hvítvínstegundir sem mun nú ekki hafa verið. Út af fyrir sig sætti ég mig við þessa málamiðlun í sambandi við varaforsetana.

Ég vil þá aðeins koma að því sem lýtur að 25. gr., sem fjallar um fjárveitinga- eða fjárlaganefndina og er í raun og veru ein aðalbreytingin í þessum þingsköpum. Og ég held að rétt sé að hnykkja á því hér að ég er þeirrar skoðunar að þegar þingsköpin hafa verið samþykkt þurfi fjárlaganefndin að fara í gegnum þetta mál alveg lið fyrir lið því þetta gjörbreytir öllum hennar vinnubrögðum. Þetta eru allt, allt önnur vinnubrögð en verið hafa. Og menn þurfa að átta sig á því hvernig fjárlaganefndin annars vegar og fastanefndirnar hinar hins vegar skipta með sér verkum. Ef það fer að verða þannig að nefndirnar í raun og veru geri báðar það sama, menntmn. fari í menntamálakafla fjárlagafrv. og fjárlaganefndin í raun og veru líka, er verið að tvöfalda allt starf og þá er þetta í raun og veru til einskis. Þess vegna þarf að koma hér á skýrri verkaskiptingu. Það er mjög nauðsynlegt að forsætisnefnd þingsins, og ég vil beina því til þeirra sem þangað verða kjörnir, taki á því sérstaklega að fjárlaganefndin, mér liggur við að segja æfi sig á því strax í vor hvernig nýjum vinnubrögðum fjárlaganefndarinnar verður háttað. Þau verða og hljóta að verða allt önnur.

Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því að fastanefndirnar geti fjallað um málefni einstakra ráðuneyta og það er ekki gert að skyldu að vísa til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrv. sem fjalla um málefnasvið þeirra, eins og það er orðað. En í staðinn, og það er mjög mikilvægt, er fjárlaganefnd veitt heimild til slíks og jafnframt, sem er aðalatriðið, er kveðið á um það að fastanefndirnar geti að eigin frumkvæði ákveðið sjálfar að fjalla um þá þætti í fjárlögunum sem þeim sýnist á hverjum tíma. Þetta hlýtur auðvitað að vera þannig, ég geng a.m.k. út frá því að það verði þannig að fastanefndirnar taki þessi mál til meðferðar og fari í gegnum þau af fullri alvöru. Mér kemur t.d. til hugar í þessu sambandi einn allra þyngsti þáttur fjárlagafrv., sem er heilbr.- og trmrn., sem er sett þar upp í fjárlagafrv. í stórum blokkum sem eru upp á marga milljarða hver og útilokað í raun og veru fyrir fjárlaganefndina að skoða baksvið þessa en það ættu fastanefndirnar og fagnefndirnar að geta gert.

Ég tel einnig mjög mikilsvert að hér er búið að setja inn ákvæði um það að 3. umr. um fjárlög hefjist eigi síðar en 15. des. Ég hefði reyndar talið að hér ætti að ákveða að fjárlögin yrðu afgreidd fyrir 15. des. Ég hef fyrir því rök. Í fyrsta lagi þau að þingið kemur saman fyrr en gert hefur verið, það kemur saman 1. okt. Í öðru lagi eru þau rök að þær ákvarðanir sem fjárlög uppáleggja ráðuneytum að framkvæma eiga að taka gildi 1. jan. næsta almanaksár. Það er erfitt að hrinda þeim í framkvæmd með eins stuttum fyrirvara og verið hefur. Segjum að þannig fari t.d. við 3. umr. fjárlaga að ráðherra sé ætlað að skera niður rekstrarfjárveitingar til tiltekinnar stofnunar og hann fái ekki að vita af því fyrr en 20. des., niðurskurðurinn á að hefjast 1. jan. Það er nokkurn veginn alveg ómögulegt að ráða við þetta verkefni fyrir ráðuneytin. Ég minnist þess t.d. að í fjárlögum fyrir árið 1989 frekar en 1990 var ákveðið að skera Þjóðleikhúsið niður, að mig minnir úr 300 millj. í 230 millj. kr. eða eitthvað því um líkt. Það var mjög erfitt að ná taki á því á þessum stutta tíma yfir bláhátíðarnar. Þess vegna finnst mér skynsamlegast að slá því föstu að fjárlög verði af-

greidd fyrir 15. des. og búið, það á alveg eins að vera hægt. Og ef einhverjar brtt. verða gerðar í þessari virðulegu deild þá tel ég að það kæmi mjög til athugunar að skoða þetta.

Ég vil næst víkja, herra forseti, að brtt. við 30. gr. sem var rædd mikið í hv. neðri deild núna áðan, þar sem fjallað er um að leggja mat á kostnað af samþykkt mála. Þá er ekki gert ráð fyrir því að nefndirnar láti sér nægja að biðja um álit Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eða Þjóðhagsstofnunar á því hvað þetta og hitt kostar, heldur er gert ráð fyrir því að nefndin verði sjálf að meta það hvaða kostnað þær ráðstafanir sem felast í þáltill. eða í lagafrv. hafi í för með sér. Ég held að það sé mjög mikilvægt að festa það í sessi að nefndin verður að leggja á þetta sérstakt mat. Þeir pappírar sem hafa komið frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa iðulega verið notaðir til þess með hinum furðulegasta hætti að skjóta niður alls konar þjóðþrifamál. Þetta hefur að sjálfsögðu ekki nærri alltaf verið beint Nóbelsverðlaunatækt, þessir textar sem hafa komið frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, með fullri virðingu fyrir henni. En alþingismenn hafa iðulega látið sig hafa það að gera álitsgerðir Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að sínum gagnrýnislaust. Ef vel ætti að vera þyrfti Alþingi auðvitað að hafa sína efnahagsdeild eða efnahagsstofnun til að meta svona hluti þannig að menn þyrftu ekki að hlaupa í Fjárlaga- og hagsýslustofnun eða Ríkisendurskoðun, sem er nú enn þá furðulegra þegar hún er að hjálpa til við undirbúning fjárlaga. Stofnunin sem á að kontrólera fjárlögin á eftir, eins og þetta mun hafa verið. En mér er sagt að forstöðumenn Ríkisendurskoðunar hafi meira og minna verið með puttana í undirbúningi fjárlaga á undanförnum árum.

Síðan vil ég víkja aðeins að mjög mikilvægu atriði frá sjónarmiði okkar alþýðubandalagsmanna, en það er í 19. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því að það verði sú meginregla að nefndarfundir verði lokaðir en það verði heimilt, ef sérstakar aðstæður eru til þess að mati nefndarinnar, að opna nefndarfundi fyrir fjölmiðlum og veita þeim aðgang að þeim svo og almenningi. Hér getur verið um það að ræða að nefnd sé t.d. að fjalla um mikilvæg mál og kalli til viðtals fulltrúa stofnana, segjum fulltrúa Seðlabankans, segjum fulltrúa Landsvirkjunar, segjum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, svo ég nefni nú næstum því virðulegustu stofnanir í heimi. Þá getur nefndin sagt sem svo: Almenningur, fjölmiðlar geta komið hér og hlustað á meðan við erum að rekja garnirnar úr þessum höfuðsnillingum sem leiða þessar stofnanir. Við teljum að hér sé um að ræða mjög stórt skref í þá átt að opna þingið og störf þingsins og ég er alveg sannfærður um að við munum fyrir okkar leyti leita eftir því í einstökum þingnefndum að þær verði opnaðar með þessum hætti strax á næsta vetri til þess að kanna hvort menn eru reiðubúnir til að hjálpa til með þessum hætti að opna lýðræðið með svipuðum hætti og hefur verið gert um áratuga skeið í Bandaríkjunum með ágætum árangri og stuðlar að sterkara lýðræðislegu aðhaldi en við höfum átt kost á í okkar stjórnkerfi.

Síðan vil ég aðeins nefna það atriði sem lýtur að formennsku í fastanefndum. Þar lögðum við á það áherslu stjórnarandstæðingar, ég hygg úr öllum stjórnarandstöðuflokkunum, að stjórnarandstaðan ætti að eiga formenn í fastanefndum. Því miður tókst ekki að koma því í frv. En í nál. neðri deildar á þskj. 5 segir: „Hins vegar er ekkert sem hindrar að þessi skipan komist á síðar ef um það verður samkomulag milli þingflokka." Ég er alveg sannfærður um það að við munum láta á það reyna strax við fyrsta tækifæri hvort hægt er að ná samkomulagi um það að stjórnarandstaðan eigi formennsku í einhverjum fastanefndum. Ég er viss um að slíkt mundi bæta störf þingsins, hver svo sem í stjórnarandstöðunni er á hverjum tíma.

Ég vil segja það enn fremur, virðulegi forseti, að ég harma það að ekki tókst að ná samstöðu um brtt. sem lúta að málefnum Ríkisendurskoðunar í framhaldi af till. sem hv. 1. þm. Austurl. flutti hér munnlega við 1. umr. stjórnarskrárfrv. á sínum tíma. Við því er ekkert að gera en á málinu verður að taka síðar.

Að lokum vil ég nefna fyrirkomulagsatriði í sambandi við þinghaldið í framhaldi af þessari þingskapaumræðu og það er þá aðallega tvennt. Ég held að um leið og ný þingsköp hafa verið samþykkt eigi að endurskoða og endurmeta alla fundartíma Alþingis, vinnubrögð nefnda, vinnubrögð þingsins sem slíks, hvenær eru fundir í þinginu, eru þeir á morgnana, eru þeir síðdegis eða hvað? Ég gæti vel séð það fyrir mér að t.d. yrðu þingfundir tvisvar, þrisvar í viku sem byrjuðu kl. 10 á morgnana og nefndarfundir yrðu síðdegis eða eitthvað því um líkt. Ég tel með öðrum orðum að það megi ekki ganga inn í þessi nýju þingsköp á grundvelli gömlu vinnubragðanna, heldur verði menn að ganga inn í þetta eins og þeir séu að nema nýtt land þar sem enginn hafi komið áður og þar sem hlutirnir séu mjög opnir.

Ég vil líka nefna það sem ég hygg að hafi komið fram áður einhvers staðar í umræðum um þetta mál að undanförnu og það er spurningin um að opna fyrir stöðugt útvarp frá Alþingi. Þegar Alþingi er komið í eina málstofu þá á að vera hægt að opna fyrir stöðugt útvarp frá Alþingi. Það er ekki dýrt og ég held að með slíku gætum við fljótlega farið að ræða um gerbreytt fyrirkomulag á þessum svokölluðu eldhúsdagsumræðum og svipt þeim út úr þeim farvegi sem þær hafa verið í. Eldhúsdagsumræður eru afar leiðinlegar og afar gagnslitlar eins og þær eru og nauðsynlegt að taka það til endurskoðunar, en ég hreyfi því og mun gera það einnig í nefndinni að menn ræði það sérstaklega hvort menn eru tilbúnir til að mæla með því að forsætisnefnd hins nýja þings, þegar hún verður sett á laggirnar, kanni sérstaklega hvort ekki er hægt að koma því við að það verði um að ræða stöðugt útvarp frá Alþingi. Það hefur marga kosti, bæði fyrir þjóðina og svo náttúrlega fyrir þingmennina líka. Það veitir þeim aðhald væntanlega og sumir halda því reyndar fram að samkeppni þingmannanna innan kjördæmanna við að komast í ræðustól á örlagastundu yrði þeim mun harðari sem útvarpið heyrðist víðar. En ég er alveg sannfærður um að þetta er fullkominn misskilningur. Þing-

menn eru svo málefnalegir að þeir meta hlutina auðvitað eingöngu út frá slíkum forsendum. En ég held að við eigum að skoða það í fullri alvöru að opna þingið með þessum hætti.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að segja örfá orð við þessa umræðu þar sem við höfum tækifæri við 2. og 3. umr. til að segja álit okkar á þessu máli. Eins eigum við eftir að vinna þetta í nefnd og ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar.

En mig langaði til að gera að umtalsefni 3. gr. þar sem kemur fram hvernig kosnir skulu varaforsetar. Ég þarf kannski ekki að hafa svo mörg orð um það því að mínir fyrirvarar eru ákaflega svipaðir þeim fyrirvörum sem komu fram í máli frsm. þar sem hann taldi sig hefði viljað sjá þetta öðruvísi. Ég er honum algerlega sammála. Ég hefði viljað sjá það hvernig varaforsetar skulu kosnir allt öðruvísi. Ég hefði viljað að farið hefði verið eftir þeirri tillögu sem kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. Jóni Helgasyni um að það yrði svipað fyrirkomulag og er í danska þinginu, þ.e. að farið yrði eftir stærð þingflokka þegar valdir eru varaforsetar.

Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni í Nd. gerði fyrirvara við nefndarálitið og hennar fyrirvari byggðist fyrst og fremst á þessari grein. Mér þótti mjög miður að ekki skyldi nást samstaða um annað en það sem þó varð niðurstaðan eins og kemur fram í brtt. á þskj. 6 sem er örlítil breyting frá sjálfu frv. sem ég tel þó vera til bóta. Þar segir, með leyfi forseta: „Ef ekki er samkomulag milli þingflokka um einn lista skal kosning fara eftir reglum 5. mgr. þessarar greinar", þ.e. 68. gr. Mér finnst þó betra þar sem gefið er í skyn, að miðað skuli við að samkomulag verði og geri ég ráð fyrir að reynt verði með því samkomulagi að sjá til þess að sem flestir þingflokkar fái aðild að forsætisnefndinni eða stjórn þingsins.

Mig langaði einnig, virðulegi forseti, að ítreka það sem ég sagði við 1. umr. frv. sem við höfum nú þegar afgreitt frá deildinni, 1. mál þessa þings, um breytingar á stjórnarskipunarlögum, þegar ég gerði að umtalsefni 64. gr. þessa frv. Eins og málið var afgreitt frá Nd. var ekki gerð nein breyting á þeirri grein, þannig að ef þetta verður að lögum óbreytt er möguleiki á því að samþykkja ályktanir og lög frá Alþingi með aðeins einu já-atkvæði. Mér þykir þetta mjög óheppilegt fyrirkomulag og get tæplega sætt mig við það að lög og ályktanir séu afgreiddar frá Alþingi með svo litlum minni hluta eins og þarna er gert ráð fyrir. Það getur vel verið að þetta muni mjög sjaldan koma fyrir, en þó er gert ráð fyrir því í þessum þingsköpum að einungis 1–2 já-atkvæði geti nægt til þess að frv. verði að lögum eða ályktun Alþingis samþykkt.

Þetta vildi ég minnast á hér við 1. umr. til þess að hægt verði að fjalla um það í nefndinni. Ég tek það fram að ég hefði gjarnan viljað sjá ýmsar greinar þessa frv. öðruvísi, en þetta er það samkomulag sem hægt var að ná í nefndinni. Ég tel að við í þessari hv. deild eigum samt að fara yfir þau atriði og athugasemdir sem hér koma fram og auðvitað gera þær brtt. sem við getum orðið sammála um, ef við verðum það um einhver atriði.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem nú er komið hingað til hv. Ed. hefur fengið góðan og mikinn undirbúning við samningu frv. um breytingar á stjórnarskránni. Það frv. var upphaflega samið af nefnd sem var skipuð formönnum þingflokka og komið var á fót á síðasta þingi að beiðni þáv. forseta Alþingis til að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar og samhliða því nauðsynlegum breytingum á þingsköpum Alþingis. Núv. og fráfarandi þingflokksformenn hafa svo unnið að lokafrágangi frv. í samráði við þingflokkana.

Mér finnst ástæða til að fagna því að þetta mál hefur fengið góða afgreiðslu í nefndum, þ.e. fyrst og fremst í nefndinni í Nd. og svo jafnframt hjá fulltrúum nefndarinnar hér í Ed. sem komu að störfum með neðrideildarnefndinni á síðustu stigum málsins. Og það ber sérstaklega að fagna því að tekist hefur víðtæk samstaða um þær breytingar sem samþykktar voru í meðförum Nd. á frv.

Auðvitað er það svo að það hljóta að verða skiptar skoðanir um svo mikilvægt mál sem þingsköp Alþingis eru eftir að stjórnarskipunarlögin hafa fengið staðfestingu sem lög frá Alþingi. Því mátti e.t.v. búast við að einhverjar brtt. kæmu fram við 2. umr. málsins eins og reyndar gerðist í dag og kom hér fram í máli hv. 1. þm. Austurl. Ég skil vissulega hans vonbrigði að slíkt skyldi hafa gerst þegar álitið var að víðtæk samstaða hefði náðst í meðförum nefndarinnar í málinu. En ég skil líka vel að þingmenn Alþb. séu þá ánægðir með að þeirra viðhorf hafa fengið undirtektir að lokum þar sem það hefur verið þeirra sjónarmið að fjölga ætti í þessari nefnd.

Ég ætla ekki að fjölyrða um einstaka þætti þessa máls. Ég tel að frv. sé vel úr garði gert eins og það kemur nú frá hv. Nd. eftir að því hefur verið breytt í meðförum nefndarinnar og deildarinnar. Ég tel að þessar breytingar séu almennt til bóta og það var vissulega til þess að spara okkur tíma að fulltrúar úr nefndinni í Ed. fengu tækifæri til þess að starfa með neðrideildarnefndinni. Ég persónulega sé ekki ástæðu til að gera till. um breytingar á frv. en að sjálfsögðu hlýtur nefndin að fjalla um það og tekur þá ákvarðanir að þeirri umfjöllun lokinni.

Mér fannst þarfar ábendingar koma fram hjá hv. 9. þm. Reykv. Það var varðandi endurskoðun og endurmati á fundartímum bæði nefnda og þingfunda. Og það var athyglisverð ábending hjá honum um að það væri stöðugt útvarpað úr sölum Alþingis. Þetta er auðvitað mál sem oft hefur komið upp á borð hjá forsetum þingsins og þingmönnum og sjálfsagt að skoða það. Það hefur bæði sína kosti og galla eins og kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. En ég bendi á það sem kemur fram í 6. lið í áliti nefndarinnar þar sem hún beinir því til forsætisnefndar að hún gangist fyrir endurskoðun þingskapalaganna að loknu næsta þingi í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af framkvæmd þeirra. Ég held að þetta hljóti að gerast, að það þurfi

að koma nokkur reynsla á hvernig þessi nýju þingsköp reynast. Hér er auðvitað um tímamót að ræða í störfum Alþingis og það hlýtur að þurfa að fá nokkra aðlögun og fá að þróast og kemur þá í ljós hvort ástæða er til að breyta einhverjum mikilvægum atriðum í þessu frv. sem verður væntanlega samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að tala um frv. til laga um þingsköp Alþingis. Ég vil aðeins víkja að því sem hér kom fram í ræðu hv. 1. þm. Austurl. í sambandi við þá brtt. sem kom fram í Nd. um að fjölga í fjárlaganefnd úr níu mönnum í ellefu. Mér finnst vera heldur dapurlegur blær á þessari umræðu allri, en kemur manni kannski ekki svo mjög á óvart. Ég treysti því hins vegar að þetta mál verði skoðað ítarlega í nefndinni. Ég held að menn hafi ekki stigið hér rétt skref.

Ég vildi einnig spyrja um það hvort fljótlega yrði boðað til nefndarfundar þannig að það kæmu þá ekki fleiri óskir fram og hvort það sé búið að ganga frá því tryggilega að þetta nægi Alþfl. og Alþb. eða hvort við verðum hér eitthvað áfram og þurfum frekar að huga að breytingum vegna úrslita nýafstaðinna kosninga. Mér finnst sem sé vera heldur leiðinlegur blær á þessu máli.

Hér var einnig vikið að öðru máli. Ég vakti athygli á því hér þegar ekki óskylt mál var hér til umræðu sem er brtt. við 25. gr. Ég hreyfði því máli og Nd. hefur breytt frv. nokkuð í anda þess sem ég lagði þá til. Mín hugmynd var sú að binda það að fyrir lok nóvembermánaðar skyldi 2. umr. fjárlaga hafa farið fram og ég vildi einnig tímasetja 3. umr. við 15. des. Hér hefur sjálfsagt verið gerð einhver málamiðlun og í sjálfu sér ætla ég ekki að gera athugasemdir við það. Þó hefði ég talið betra að fastar hefði verið kveðið á um að 2. umr. færi fram fyrir lok nóvembermánaðar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en get ekki farið úr þessum ræðustól öðruvísi en minnast aðeins á það sem hér kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. og var einnig minnst á af hv. 2. þm. Reykn. sem tók nokkuð undir þá hugmynd að opna fyrir stöðugt útvarp og þá helst líka sjónvarp frá Alþingi. Ég vildi nú svona góðfúslega benda þessum ágætu þingmönnum á að í mínum huga er það a.m.k. nær að við áttum okkur á því að við þurfum fyrst að koma þessum fjölmiðlum til þjóðarinnar þannig að þjóðin geti fylgst með Ríkissjónvarpi og Ríkisútvarpi. Ég vona að menn átti sig á því að það eru ekki nálægt því allir Íslendingar sem hafa þá aðstöðu að geta hort á Ríkissjónvarpið og hlustað á Ríkisútvarpið. Ég hef marghreyft þessu máli hér í sölum Alþingis og alltaf fengið góðar undirtektir. En framkvæmdirnar hafa hins vegar alla tíð látið á sér standa. Ég held að það væri nær fyrir okkur að gera einhverjar heitstrengingar um það að koma þessum sjálfsagða ríkisfjölmiðli og þessu mikla öryggistæki til þjóðarinnar heldur en fara í beina tengingu héðan frá Alþingi.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það var aðeins vegna síðustu orða hv. 4. þm. Norðurl. v. sem ég vildi benda honum á að ég var ekki beint að taka undir að ég væri sammála því að það ætti að útvarpa og sjónvarpa stöðugt frá Alþingi en ég tók undir að mér fyndist það athygli vert að kanna það og benti á að það hefði bæði sína kosti og galla. En ég get alveg tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. að það er vissulega slæmt til þess að vita að ekki skuli vera þau skilyrði um allt landið að allir eigi kost á því að hlusta á útvarp og horfa á sjónvarp.

Ég hef nokkra reynslu af þessu sjálf því að það vill nú svo til að þar sem ég bý er ekki nokkur möguleiki á að horfa t.d. á Stöð 2 þó að ég noti alls konar tæknilegar græjur til þess að reyna að bæta úr því. Ég vildi aðeins skjóta því að hv. þm. að ég hef góðan skilning á því sem hann var að nefna í þessu sambandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til stjórnskipunar- og þingskapanefndar með 15 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

7. fundur, miðvikudaginn 29. maí, kl. 2 miðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra, frh. umr.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð að byrja á að minna á að þegar ég kvaddi mér hljóðs í umræðunni síðla fundar á mánudaginn var, eða reyndar mun nú hafa verið komið fram á þriðjudag, þá tók ég það sérstaklega fram að ég óskaði eftir nærveru nokkurra hæstv. ráðherra til að bera fyrir þá spurningar. Þar nefndi ég til hæstv. landbrh. og utanrrh., sem gaf með orðum sínum tilefni til þess að umræðan dróst eða hélt áfram. Sömuleiðis væri auðvitað ágætt, þar sem fjármálaskuldbindingar ríkisins koma nokkuð við sögu, að hæstv. fjmrh. væri einnig viðstaddur. En fyrst og fremst held ég þó að ég verði að óska eftir því að kannað verði um dvalarstað þeirra hæstv. landbrh. og utanrrh. og hvort þeir eru ekki væntanlegir hér til fundarins. (**Forseti:** Það rifjast upp fyrir forseta að hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi þessa tvo ráðherra, hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh., sem hann vildi eiga orðaskipti við. Eftir töflu hér munu þessir tveir hæstv. ráðherrar ekki vera komnir í hús en forseti mun láta athuga hvort þeir séu ekki væntanlegir. Sama gildir um hæstv. fjmrh. Ef hv. þm. getur beint ræðu sinni inn á önnur svið til að byrja með mun forseti láta athuga á meðan hvort þeir séu ekki væntanlegir.) Ef niðurstaða gæti fengist í það fljótlega þá er það allt í lagi, hæstv. forseti, en ég hafði nú ekki ætlað mér að halda hér ýkja langa tölu

og aðaltilefni mitt hingað var fyrst og fremst að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra og fá ákveðin atriði á hreint eftir því sem kostur er og þeir geta aðstoðað okkur við.

Að sjálfsögðu er hæstv. forsrh. hér og hann er ábyrgðarmaður ríkisstjórnarinnar í heild og það er hans stefnuræða sem við erum hér að ræða um, en það er þó óhjákvæmilegt að fá hæstv. utanrrh. hingað vegna þess að það voru tiltekin ummæli hans sem ég neyðist til að vitna til og spyrja út frá sem hér valda því að ég er í ræðustóli, og ég tel óeðlilegt að hann sé ekki viðstaddur þegar út af orðum hans er lagt. En þetta snýr í raun og veru í fyrsta lagi að því sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, bláu bókinni þunnu, um landbúnaðarmál. Í öðru lagi texta í ræðu hæstv. forsrh. um sama efni og í þriðja lagi ummælum sem hæstv. utanrrh. hafði í ræðustóli hér á Alþingi aðfaranótt þriðjudags. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. mun nú vera kominn í húsið svo að þess er að vænta að hann verði hér fljótlega í salnum.) Það kemur nú sárasjaldan fyrir að hæstv. landbrh. er ekki hér viðstaddur. Þá gef ég mér það að hann hljóti að vera á leiðinni einnig.

Þannig var að hv. 11. þm. Reykv. lagði spurningar fyrir hæstv. utanrrh. og hann var að nokkru leyti að svara honum í ræðu sinni eftir að hafa fjallað hér um örlög viðreisnarstjórnarinnar sálugu og fleira í þeim dúr, sem voru nú aðallega skoðanaskipti hæstv. utanrrh. og hv. 8. þm. Reykn., eins og þeir muna sem sátu á fundinum, en hv. 11. þm. Reykv. hafði spurt hæstv. utanrrh. hvernig því væri varið, hvort Alþfl. hefði fallið frá boðaðri andstöðu sinni við búvörusamninginn eða kröfum um endurskoðun á honum. Sömuleiðis spurði hann um afstöðu Alþfl. til upptöku veiðileyfagjalds og hvort Alþfl. væri fallinn frá kröfum um slíkt.

Hæstv. utanrrh. svaraði á eftirfarandi hátt samkvæmt útskrift á ræðu hans frá ræðuritun Alþingis sem ég hef nýlega fengið, með leyfi forseta:

„Fyrri spurningin var sú hvort Alþfl. hefði fallið frá afstöðu sinni varðandi endurskoðun búvörusamnings og varðandi það að stefna að því að taka upp gjaldtöku fyrir veiðileyfi í áföngum á komandi árum. Svarið við því er einfaldlega nei. Alþfl. hefur ekki fallið frá því. Og mætti ég kannski vitna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fyrst um landbúnaðarmál. Í þessari stefnuyfirlýsingu segir, með leyfi forseta. . :" o.s.frv. Síðan las hæstv. utanrrh. líklega þrjár línur upp úr þessu mikla riti, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Látum það nú vera. Utanrrh. segir skömmu síðar í ræðu sinni: „Að mínu mati getur þetta naumast skýrara verið. Í tíð fyrri ríkisstjórnar neitaði Alþfl. að fallast á eða standa að þeim drögum að búvörusamningi sem undirrituð voru af fyrrv. hæstv. landbrh. Hann [þ.e. Alþfl.] rökstuddi það með greinargerð" o.s.frv.

Hér er nokkuð málum blandið. Ég ætla að lýsa þeim skilningi mínum sem ég lagði í afstöðu Alþfl. eins og hún birtist í ríkisstjórn og á Alþingi og víðar varðandi búvörusamninginn sem gerður var sl. vetur. Staðreynd málsins er sú að Alþfl. lagðist ekki gegn því að hafin yrði framkvæmd þessa búvörusamnings. Alþfl. studdi það hér á Alþingi, ekki einu sinni heldur tvívegis í atkvæðagreiðslu, að hafin yrði framkvæmd fyrstu áfanga þessa búvörusamnings, þ.e. viðauka 1 um aðlögun að innanlandsmarkaði. Það sem Alþfl. setti fyrir sig varðandi nauðsyn þess að taka á vinnslu- og dreifingarkerfi búvara var ekkert ágreiningsefni milli stjórnarflokkanna og hefur mér vitanlega ekki verið. Það hefur allan tímann legið fyrir og eru allir sammála um það að næsta skref í rökréttu framhaldi af gerð búvörusamnings um framleiðslustig varanna milli Stéttarsambands bænda og ríkisvaldsins komi skipulagning á vinnslu- og dreifingarstigi. Um þetta er ekki og hefur ekki verið neinn ágreiningur þannig að menn gátu þess vegna tekið undir þá ósk og þær kröfur Alþfl. að í beinu framhaldi af búvörusamningi um framleiðslustigið yrði tekið á því sem við tekur, vinnslu og dreifingu vörunnar.

Alþfl. setti í sína greinargerð sínar hugmyndir um það hvernig þyrfti að halda þessari vinnu áfram, eins og þar segir í ræðu hæstv. utanrrh., og hverju þyrfti að bæta við til þess að Alþfl. gæti talið þetta ásættanlegt.

Í öðru lagi segir hæstv. utanrrh. í sinni ræðu: „Við það er síðan að bæta" — þessa umfjöllun um afstöðu Alþfl. til búvörusamningsins og landbúnaðarmálanna — „að meðan á stjórnarmyndunarviðræðum stóð," — þetta eru stjórnarmyndunarviðræður ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh. — „þótt þær stæðu yfir skamman tíma, var unnið sérstakt stefnuskjal um landbúnaðarmál sem er ítarlegra, lýsir þessu betur og er hugsað sem innlegg í þá hvítbók sem lýst hefur verið yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að verði lögð fram fyrir upphaf þings í haust."

Ég held ég hljóti nú að spyrja hæstv. utanrrh. og þá hæstv. forsrh. einnig: Hvað er á blaði um landbúnaðarmál í þessu undirskjali, þessum drögum að hvítbók sem varðar afstöðu hæstv. ríkisstjórnar til búvörusamningsins? — Og ég segi: Það gengur ekki að vísa til þess að eitthvað verði birt um þetta efni komandi haust af þeirri einföldu ástæðu að Alþingi og bændasamtökin og landbúnaðargeirinn þurfa að fá að vita það nú hver afstaða hæstv. ríkisstjórnar í raun og veru er til búvörusamningsins vegna þess að framkvæmd hans er þegar hafin og það er ekki hægt að slíta í sundur fyrstu hluta hans, aðlögunina að innanlandsmarkaði og sársaukafullar aðgerðir sem bændasamtökin með því hafa tekið á sig og sína umbjóðendur, og aðra hluta samningsins. Það er ekki hægt að hefja þær erfiðu aðgerðir, svo sársaukafullar sem þær eru, upp á von og óvon um það hvort við afganginn af samningnum verði staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Síðasta þing veitti með tvennum hætti í raun og veru heimildir sínar til þess að hefja framkvæmd þessa búvörusamnings. Það veitti þær með heimildum í lánsfjárlögum í fyrsta lagi og í öðru lagi voru sett ákvæði til bráðabirgða inn í lög um tekju- og eignarskatt til þess að tryggja sérstaklega skattalega meðferð greiðslna sem á grundvelli búvörusamningsins geta gengið til bænda.

Þess vegna er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram hvort hæstv. ríkisstjórn hefur í hyggju að hverfa að einhverju leyti frá þessum samningi.

Ég verð að segja að yfirlýsingar hæstv. landbrh. um þetta efni, þær sem fram hafa komið, hafa glatt mig. Ég hef ekki getað skilið hæstv. landbrh. öðruvísi en að það væri hans afstaða og hans vilji að standa að fullu og öllu við þennan samning. Ef svo ber að skilja ummæli hæstv. utanrrh. hér að það sé ekki útkljáð mál í ríkisstjórninni, eða að um það sé ágreiningur í ríkisstjórninni, sem óneitanlega læðist að manni grunur um, um þetta efni, þá verður það að komast á hreint núna strax, af þessum ástæðum sem ég hef nefnt og gæti rökstutt ítarlegar ef menn ekki taka þær gildar, að þessi samningur er ein heild. Það er ekki hægt að ætlast til þess að menn hefji framkvæmd hans og gangi í verulega sársaukafullar aðgerðir gagnvart landbúnaðinum og bændum í landinu nú á þessu vori og þessu sumri upp á von og óvon um það hvort aðrir hlutar samningsins verði virtir, þá ekki síst stuðningsaðgerðarþáttur samningsins. En ummæli hæstv. utanrrh. um að það standi jafnvel til strax í næstu fjárlögum að skera niður útgjaldaskuldbindingar ríkisins um milljarða króna í þessu sambandi verða naumast skildar öðruvísi en þannig að hann sé þar að vísa til þeirra stuðningsaðgerða sem ríkisvaldið hefur í þessum samningi lofað bændum eða landbúnaði.

Í Morgunblaðinu 23. maí kom frétt um að hæstv. ríkisstjórn hefði sent það til lögfræðilegrar skoðunar hvort hún væri skuldbundin af búvörusamningnum. Þar er vitnað til fjmrh. og segir hann, mér skilst að það hafi verið á fundi einhvers staðar með fréttamönnum daginn áður, 22. maí, að verið sé að kanna að hve miklu leyti ríkisstjórnin væri bundin af búvörusamningnum. Nú er það sjónarmið út af fyrir sig hvort ríkisstjórnin *vill fara þannig í þetta mál* að *hún hafi* eingöngu áhuga á hinni lögfræðilegu hlið málsins og því hvort hún sé í lögfræðilegum skilningi skuldbundin af þessu eða ekki. Gefi pólitískar og siðferðislegar hliðar málsins lönd og leið. Það er auðvitað hennar að meta það og vega.

Hæstv. landbrh. segir að vísu að hann telji sig skyldan að starfa eftir búvörusamningnum, og aftur ítreka ég það og undirstrika að þær yfirlýsingar hæstv. landbrh. gleðja mig. Hann er þar líka sjálfum sér samkvæmur því ég átti þess kost að hlusta á hann í kosningabaráttunni margítrekað lýsa því yfir að hann teldi að þessi samningur væri þannig úr garði gerður og þannig að honum staðið að hann bæri að virða. Ég held ég muni nokkurn *veginn orðrétt hans óbreytt orð í því* sambandi sem ég heyrði oftar en einu sinni á fundum.

Nú hef ég ekki undir höndum útkomuna úr þessari lögfræðilegu könnun, kannski geta hæstv. ráðherrar upplýst okkur um hana. Það er reyndar þannig að það er ástæða til þess fyrir lögfræðinga og stjórnlagafræðinga að velta fyrir sér þeirri braut sem hæstv. núv. ríkisstjórn virðist komin býsna langt út á, að draga almennt í efa gildi ákvarðana samninga og skuldbindinga sem fyrrv. stjórnvöld tóku. Þetta hefur birst í fjölmörgum myndum, ekki bara í því að þeir hafi afturkallað ýmsar embættisgjörðir forvera sinna, sumir hæstv. ráðherrar, heldur er svo komið að meiri háttar skuldbindandi samninga og löggjörninga, eins og búvörusamninginn, er ríkisstjórnin hæstv. jafnvel farin að draga í efa ef marka má þessa könnun. Eða hver var annars tilgangurinn með henni? En það er ekki aðalatriði málsins að mínu mati hvað út úr þessari lögfræðikönnun kemur. *Aðalatriði málsins er hin pólitíska* og siðferðislega hlið og afstaða ríkisstjórnarinnar í því sambandi. Ætlar hún að virða þennan gjörning sem ríkisvaldið hefur gert með lögmætum hætti á grundvelli tilskilinna heimilda við heildarsamtök í landinu um viðamikil atriði eins og búvörusamninginn og landbúnaðarstefnan til næstu ára er auðvitað. Og ég vil gefa hæstv. ríkisstjórn þau ráð, ef ég má setja mig á svo háan hest, að íhuga það vandlega hvort þeirri breiðu pólitísku samstöðu sem um þessi erfiðu mál tókst með gjörð búvörusamningsins skuli fórnað. Ég vil leyfa mér að ráðleggja hæstv. ríkisstjórn að hugsa sig vel um áður en hún kastar því á glæ sem þar náðist fram.

Þess vegna hlýt ég að leggja þá spurningu hér fyrir hæstv. ráðherra, auðvitað í fyrsta lagi hæstv. landbrh. sem ég vil gjarnan fá að heyra gefa sínar yfirlýsingar um að hann ætli að virða búvörusamninginn hér á Alþingi úr þessum ræðustól. Í öðru lagi hæstv. utanrrh. hvort hann treysti sér til að fara nánar yfir það hver hans afstaða og Alþfl. sé gagnvart því að virða búvörusamninginn, þar á meðal útgjaldaskuldbindingar ríkissjóðs í því sambandi og stuðningsaðgerðir samningsins við þessar breytingar í landbúnaði, þessa sársaukafullu og erfiðu aðlögun landbúnaðarins að breyttum aðstæðum. Er Alþfl. að ætlast til þess að bændur standi að sínum hluta samningsins, taki á sig þær erfiðu byrðar sem þeim er ætlað, en ríkisstjórnin *hafi það í hendi sinni að sleppa við sinn hluta*? Eða hvað áttu ummæli hans um það að fjmrh. ætti að hafa óbundnar hendur til þess að skera niður útgjöld ríkisins og það að hann gæti birst í fjárlagafrv. á komandi hausti að þýða? Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh.: Eru þeir tilbúnir til þess að leggja textann sem fyrir liggur milli stjórnarflokkanna um landbúnaðarmál fram hér á Alþingi þannig að ljóst megi verða þegar á þessu vori hvað ríkisstjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um í landbúnaðarmálum umfram það sem í stjórnarsáttmálanum stendur, ef eitthvað er? Það er nauðsynlegt að vita það vegna þess hvernig á stendur með búvörusamninginn og framkvæmd hans á þessu vori og þessu sumri. Þetta held ég að *sé í raun og veru alveg nauðsynlegt* að fá fram.

Ég ætla ekki, það verða sjálfsagt aðrir til þess, að tjá mig svo um ýmislegt fleira sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh., eins og ummæli hans um það að hann hefði ekki lesið stefnuræðutexta hæstv. forsrh. Hann treysti honum fyllilega til að semja sinn texta sjálfur og túlka fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þá stefnu sem þingflokkar beggja flokka hafa komið sér saman um að fylgja fram. Þetta á þá væntanlega líka við um landbúnaðarmál, hæstv. utanrrh. Traustið hlýtur að ná til þess málaflokks einnig. Þá vitna ég að lokum og aftur í stefnuræðu hæstv. forsrh., en þar segir á bls. 16, með leyfi forseta: „Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmál-

um sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár." Mér er ómögulegt að sjá hvað getur verið stærra í þessari sameiginlegu stefnumörkun en nýgerður búvörusamningur sem heitir reyndar á forsíðu: Stefnumörkun í landbúnaðarmálum. Undirtitill: Samningur, vegna þess að það var skilningur samningsaðilanna, sem auðvitað er staðreyndin, að með þessari gjörð væri verið að marka landbúnaðarstefnuna til komandi ára, það er staðreynd. Ekkert einstakt atriði mun hafa nándar nærri því eins mikil áhrif á hagsmuni hefðbundins landbúnaðar á næstu árum en einmitt þessi samningur. Og um hann náðist þessi breiða samstaða. Hann var samþykktur með yfirgnæfandi fjölda atkvæða á þingi Stéttarsambands bænda gegn tveimur. Það má því heita að alger samstaða hafi tekist um málið. Og það verður auðvitað að segjast eins og er að því verður ekki trúað að óreyndu að hæstv. ríkisstjórn, þó hún hafi sýnt ýmislegt skrautlegt af sér sl. vikur, sé svo gæfulaus að ætla að henda slíkri sáttargjörð frá sér a.m.k. án þess að byrja þá á því að óska eftir viðræðum við samningsaðilana um þá hluti. Óska a.m.k. eftir slíkum hlutum. (**Fjmrh.:** Við hvorn samningsaðilann?) Ég er að tala um viðsemjandann, hæstv. fjmrh. Ríkisstjórnin þarf ekki að óska eftir viðræðum við sjálfa sig, eða hvað? Ef hún vill ræða saman um sína hlið samningsins — hæstv. fjmrh., þegar tveir gera samning er yfirleitt annar kallaður viðsemjandi, þ.e. gagnaðilinn og ég er að vísa til þess að ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstjórn sé svo gæfulaus að hún mundi ekki a.m.k. opna málið með þeim hætti. Ummæli hæstv. utanrrh. hér í fyrrinótt urðu ekki skilin á þá leið. Það mátti skilja hann þannig að hann teldi ríkisstjórninni nánast í sjálfsvald sett að fara með þessa hluti eins og henni sýndist.

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi komið þessu sæmilega skýrt frá mér sem ég vil leggja fyrir hæstv. ráðherra, einkum og sér í lagi þá þrjá, hæstv. landbrh., utanrrh. og forsrh. Úr því að fjmrh. er hér kominn og farinn að kalla fram í þá gengur e.t.v. hann svo langt að fara alla leið í ræðustólinn en það kemur þá í ljós. Auðvitað væri það ekki óeðlilegt, m.a. vegna þess að hæstv. utanrrh. vék að vandanum við fjárlagagerðina og vék að verkefni hæstv. fjmrh. í því sambandi, að við fengjum einnig að heyra hvað vakir í huga hæstv. fjmrh. í þessum efnum. (**ÓRG:** Fjmrh. undirskrifaði samninginn.) Svo er það að vísu rétt að forveri hæstv. fjmrh., hv. núv. 8. þm. Reykn., undirritar tvo hluta samningsins, þ.e. viðauka I og II sem einmitt eru um fjármálaskuldbindingar ríkisins vegna aðlögunarinnar og stuðningsaðgerðir í því sambandi. (**Fjmrh.:** Stóð ekki öll ríkisstjórnin á bak við þetta?) Ríkisstjórnin stóð á bak við þetta með þeim hætti sem ég gerði reyndar grein fyrir hér í upphafi fundarins áður en hæstv. fjmrh. var mættur, að Alþfl. hafði þarna smávægilega fyrirvara á en greiddi síðan atkvæði hér á Alþingi í tvígang með lagaheimildum sem lutu að því að hefja framkvæmd samningsins. Þessar staðreyndir liggja fyrir. Og það er auðvitað ástæða til þess að hæstv. fjmrh. láti þá sína skoðun í ljósi einnig á því sem ég minnti hér á áðan, hversu langt eða skammt hæstv. ríkisstjórn telur sig geta gengið í því að fella úr gildi lögmætar ákvarðanir og stjórnarathafnir fyrrv. ríkisstjórnar og forvera sinna í ráðuneytum. Það hefur orðið mér nokkuð umhugsunarefni, m.a. í ljósi upplýsinga um það að ríkisstjórnin hafi sett það í lögfræðilega könnun hvort hún eigi yfir höfuð að gera nokkurn skapaðan hlut með undirskrift fyrrv. ríkisstjórnar á þessum samningi. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég sé ekki í fljótu bragði hvernig stjórnsýslan á að geta gengið fyrir sig með eðlilegum hætti ef slíkt er uppi trekk í trekk. Ég held að menn hljóti að þurfa að yfirvega slíkt mjög vandlega ef þeir telja sig geta fellt úr gildi eða bara ýtt út af borðinu lögmætum gjörningum forvera sinna í starfi. Og það er hætt við að yrði ærið köflótt og slitrótt stjórnsýslan við stjórnarskipti ef það yrði að almennri reglu.

En hæstv. forseti, ég treysti því að hér fáist skýr og greinargóð svör við þessu atriði. Ég vil að lokum undirstrika það hvers vegna ég sé mig knúinn til að fara hér í ræðustól og óska eftir þessum svörum. Það er vegna þess að ég tel mig geta borið um það að ef ekki fást skýr svör nú á þessu vori um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í þessu efnum þá óttast ég að framkvæmd landbúnaðarstefnunnar og búvörusamningsins hrynji af því að þá muni grafa undan því trausti sem menn hafa á þessari áætlun sem búvörusamningurinn er um aðlögun íslensks landbúnaðar að breyttum aðstæðum.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Við höfum nú búið við það alllengi að hér hafa verið umræður um stefnuræðu forsrh. og jafnframt höfum við haft til aflestrar stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur aftur á móti komið fram í máli ráðherra að bakskjöl lægju á bak við þar sem skýrt væri sagt frá hver hin raunverulega stefna væri í einstökum málaflokkum þó fá orð væru höfð um í stefnuræðu eða í stjórnarsáttmála.

Það hefur komið fram ósk frá þingmanni hér í salnum, hv. 9. þm. Reykv., um að þessi bakskjöl yrðu birt þingheimi. Það hefur komið fram að bakskjölin eru ekki neitt leyndarmál, það á að birta þau í hvítri bók í haust, örugglega fyrir jólamarkaðinn. Auðvitað höfum við ekkert við það að athuga að forsrh. sé fagurkeri og vilji koma þessu frá sér í bókarformi. En það hlýtur að vera eðlilegt að þingið krefjist þess að fá nú í handriti þessi skjöl til aflestrar. Það má vel vera að þetta sé skrifað í þeirri fljótfærni að þeir vilji láta vélrita þetta upp og ekki hef ég á móti því, þannig að það sé örugglega hægt að komast fram úr þessu. En það er náttúrlega ósvífni að halda gögnum fyrir þinginu, að halda gögnum um eðli máls fyrir þinginu á sama tíma og ráðherrar leyfa sér að vitna í þessi gögn eins og heilaga biblíu, sem sé nú eitthvað annað en hafi verið áður, þarna sé um traust undirstöðugögn að ræða sem sanni þeirra mál, en því er haldið fyrir þingheimi hver gögnin eru. Og mín krafa til forseta er sú að hann útvegi þingheimi þessi gögn svo hægt sé að lesa það yfir hvað um er að ræða í þessum málaflokkum.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur hv. 2. þm. Vestf. fyrir að taka svo til orða að menn hafi haft stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar lengi til aflestrar. Það er bersýnilegt að þingmaðurinn hefur ekki farið á hraðlestrarnámskeið. En varðandi bakskjölin sem rætt hefur verið um hefur það margkomið fram að að sjálfsögðu hafi stjórnarflokkarnir lagt í margvíslega vinnu til að undirbúa sitt samstarf og sinn samstarfssáttmála. Það hefur verið frá því greint að þessi gögn yrðu stjórnarflokkunum til halds og trausts við vinnu þeirra við þá hvítu bók sem verður gefin út með haustdögum.

Mér finnst alveg fráleitt að halda því fram að þingmaður geti hér á Alþingi krafist þess að gögn stjórnmálaflokka séu eins og opinber gögn afhent honum, það gengur ekki. (**Gripið fram í:** Gögn stjórnmálaflokka?) Gögn stjórnmálaflokka já, séu afhent honum. Það gengur ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning hef ég ekki óskað eftir því að hér yrðu birt gögn stjórnmálaflokka. Ég hef heldur ekki óskað eftir því að hér væru birt einhverjir ósamdir hlutir, eitthvað sem ætti eftir að semja og kæmi svo í hvítu bókinni. Ég fór fram á það að það skjal, sem m.a. utanrrh. hefur staðfest að lægi á bak við hans fullyrðingar hér í ræðustóli, sem er samkomulagsskjal á milli núv. stjórnmálaflokka sem stjórna þessu landi, og er þar með eðlilegt að sé opinbert skjal, verði afhent okkur í handritsformi til aflestrar. Mér finnst það skrýtið ef utanrrh. getur leyft sér það að tala hér um skjal sem standi á bak við hans fullyrðingar en svo komi hæstv. forsrh. og láti í það skína að það eigi eftir að semja þetta skjal. Mér finnst það alveg fráleitt að það sé hægt að blanda þessu tvennu saman. Hæstv. forsrh. hefur að sjálfsögðu fullar heimildir til að geyma alla pappíra Sjálfstfl. læsta ofan í skúffu þannig að menn komist ekki í það að lesa. Ég hef ekkert við það að athuga að sjálfsögðu, ekki nokkurn skapaðan hlut við það að athuga, teldi það til bóta þótt sumt af því færi ekki á flakk. En ég aftur á móti undirstrika kröfuna um að fá þetta skjal til aflestrar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlileg krafa hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að þau skjöl sem eru formleg stefnuskjöl ríkisstjórnarinnar verði lögð fyrir þingið, sérstaklega ef einhver hæstv. ráðherra vitnar í þau formlega í umræðu máli sínu til staðfestingar. Það er ekki hægt fyrir þingið að láta bjóða sér það að ráðherra vitni í einhver óbirt skjöl í rökræðum hér á þinginu og segi að þar með sé málflutningur þingmanna afsannaður. Ég vil þess vegna taka undir þá kröfu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að sé hér um formleg stefnuskjöl ríkisstjórnarinnar að ræða þá er eðlilegt að þau séu birt.

Ég vil hins vegar vekja athygli hv. þm. á því að það kann að vera að ræða hæstv. forsrh. hér áðan hafi verið diplómatísk aðferð til að koma því til skila að ummæli utanrrh. í þessum efnum væru oftúlkuð, svo notað sé frægt orðalag.

Utanrrh. hélt því fram að landbúnaðarskjalið væri stefnuskjal. Nú hefur hæstv. forsrh. sagt hér í ræðustól að svo sé ekki heldur séu þetta eingöngu minnisblöð stjórnmálaflokka. Þar með er búið að gefa til kynna að standi þau orð forsrh. að það liggi ekki fyrir neitt stefnuskjal sem utanrrh. gaf hér til kynna þannig að enn á ný hafi virðulegur utanrrh. oftúlkað það sem er stefna hæstv. ríkisstjórnar.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Hér eru auðvitað uppi mikil tíðindi. Hæstv. utanrrh. sagði á næturfundi fyrir skömmu: „Við það er síðan að bæta að meðan á stjórnarmyndunarviðræðunum stóð, þótt þær stæðu yfir skamman tíma, var unnið sérstakt stefnuskjal um landbúnaðarmál sem er ítarlegra, lýsir þessu betur og er hugsað sem innlegg í þá hvítbók sem lýst hefur verið yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að lögð verði fram fyrir upphaf þings í haust.“ Með öðrum orðum, hér er því algerlega slegið föstu í fyrsta lagi að skjalið hafi verið unnið þegar og sé tilbúið. Í öðru lagi að hér sé ekki um að ræða venjulegan snepil eða bakskjal heldur stefnuskjal og þar ofan í kaupið sérstakt stefnuskjal. Og það hafi verið lögð í það ákaflega mikil vinna að koma þessu stefnuskjali saman þrátt fyrir knappan tíma á hinum frægu Viðeyjarfundum. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að fá það alveg á hreint hvað í þessu skjali er vegna þess að ég veit ekki betur en að hæstv. landbrh. sé þegar farinn að framkvæma búvörusamninginn og sé þegar búinn að senda út reglur um það hvernig standa skuli að fyrstu skrefunum við framkvæmd þessa samnings. (**ÓRG:** Og lýsti því yfir að hann hefði aldrei séð neitt slíkt stefnuskjal.) Og auk þess mun hann hafa lýst því yfir að hann hafi aldrei séð slík stefnuskjöl og kannski ekki heldur hv. þm. Egill Jónsson, svo ég nefni höfuðleiðtoga Sjálfstfl. í landbúnaðarmálunum, með fullri virðingu fyrir hæstv. landbrh. Getur það verið að þessi ítarlegu, sérstöku stefnuskjöl hafi aldrei verið lögð fyrir flokkana? Getur það verið? Getur það verið? Ég vil inna formenn þingflokka stjórnarflokkanna eftir því hvort það er svo að plagginu hafi ekki verið dreift þar og þeir viti ekki um þessi ósköp.

Þetta er nauðsynlegt til að undirstrika það að vegna þess hvernig utanrrh. hefur hagað orðum sínum hefur hann brotið niður trúverðugleika búvörusamningsins að því er varðar afstöðu og framkvæmd og stöðu ríkisstjórnarinnar. Það er það alvarlega í málinu. Það eru þúsundir bænda núna allt í kringum landið að velta því fyrir sér hvernig hagað verði framkvæmd búvörusamningsins núna á þessu ári. Og það ríkir fullkomin óvissa um þennan samning af hálfu ríkisstjórnarinnar eftir að hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að það séu til undirmál, skjalfest undirmál af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Ég geri kröfu til þess, virðulegur forseti, að í þessum þingskapaumræðum komi utanrrh. eða forsrh. strax og fjmrh., sem er aðili samningsins, og greini frá mál-

inu og heiti því hér og nú að dreifa pappírnum. Ef þeir neita að dreifa þessum pappír þá er það auðvitað mjög alvarlegur hlutur og varpar rýrð á þann trúnað og það traust sem þarf að vera til staðar á milli bændasamtakanna í landinu og ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, og tek undir óskir hv. 2. þm. Vestf. í þeim efnum, að forseti hlutist til um það að allir þingmenn fái þetta sérstaka innlegg, stefnuskjal, á sitt borð og að ráðherrarnir svari því núna á þessari stundu í þessum þingskapaumræðum hvenær plagginu verður dreift. Utanrrh. hefur kvatt sér hljóðs um þingsköp tvisvar sinnum í skammri þingsögu sinni og nú á hann kost á að gera það í þriðja sinnið og verði það hið eftirminnilegasta ef hann lýsir því hér yfir að hann muni láta dreifa hér á eftir hinu sérstaka stefnuskjali í landbúnaðarmálum. Hinum skriflegu undirmálum gagnvart bændastéttinni í landinu sem ríkisstjórnin er með í skúffunum sínum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill skjóta því inn í þessa þingskapaumræðu að hann telur það liggja í augum uppi að sé um að ræða opinbert skjal sem eigi eftir að prenta, sem er í handriti, og ríkisstjórnin hefur undir höndum, þá hljóti hún að gefa það út þegar það er tilbúið en varla er hægt að ætlast til að þingmenn taki að sér prófarkalestur á slíku skjali. Forseti telur liggja í augum uppi að slíkt opinbert skjal hljóti að berast á borð þingmanna þegar þar að kemur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. geti notað betur þennan skamma tíma vorþings en að halda uppi umræðum af því tagi sem hér hafa farið fram. Það hefur meira að segja gerst og er alvanalegt að samkomulag stjórnarflokka í beinum tengslum við samning þeirra um stjórnarmyndun sé aldrei birt. Ég ætla t.d. að minna menn á það að allar götur frá hinu fræga þingrofi Tryggva Þórhallssonar hefur það viðgengist meðal þeirra ríkisstjórna sem stofnaðar hafa verið á Íslandi að gerður hefur verið samningur milli stjórnarflokkanna við forsrh. um að hann notaði ekki vald sitt sem hann fær samkvæmt lögum til þingrofs, nema með samþykki allra stjórnarflokkanna. Stundum hefur þetta verið gert með munnlegu samkomulagi. Stundum hefur þetta verið gert með skriflegu samkomulagi. Ég veit ekki til þess að þessu samkomulagi, sem er hluti af samkomulagi stjórnarflokka tengdu myndun stjórnarinnar, hafi nokkurn tíma verið beitt.

Ég vil einnig minna menn á það að sú aðferð sem hér er viðhöfð á sér fordæmi úr þingsögunni. Það var nákvæmlega með þessum hætti sem viðreisnarstjórnin, samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., fór að þegar hún var stofnsett. Aðalstefnuskrá hennar, útfærsla á því samkomulagi sem forsrh. hennar kynnti í grófum dráttum við stofnun þeirrar ríkisstjórnar, stefnuskráin sem stjórnin var síðan kennd við og hét Viðreisn og gefin var út sérprentuð í hvítri bók, hún kom ekki út fyrr en haustið eftir að til ríkisstjórnarinnar hafði verið stofnað. Það var nákvæmari útfærsla á þeim meginstefnumiðum sem ríkisstjórnin hafði komið sér saman um og forsrh. hafði greint frá í stefnuræðu sinni. Ég minnist þess ekki að hv. þm. sem þá sátu á Alþingi hafi talið þetta óeðlilegt.

Ég er hræddur um að það yrði skrýtinn málatilbúnaður hér á Alþingi ef alþingismenn krefðust þess jafnan að fá nákvæma útfærslu í öllum meginatriðum á þeim grófu stefnumiðum sem fram koma t.d. í stefnuræðu forsrh. þegar hann fylgir nýrri ríkisstjórn úr hlaði og hann lætur koma fram í stefnuræðu sinni að ríkisstjórnin muni leggja fyrir þingið síðar. Þá gæti t.d. stjórnarandstaðan krafist þess nú að ríkisstjórnin legði þegar í stað fram fjárlagafrv. sitt fyrir árið 1992, vegna þess að í framsögu hæstv. forsrh. þegar hann gerði grein fyrir stefnu ríkisstjórnar sinnar eru ákveðin ákvæði er varða gerð fjárlaga fyrir næsta ár sem nánar á eftir að útfæra. Þannig að slík krafa, ef menn teldu hana eðlilega, mundi verða til þess að þinghaldið hér yrði ansi furðulegt.

Sá háttur sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur haft á í þessu sambandi á sér fordæmi, eins og ég var að segja hér áðan, og er alls ekkert óeðlilegur. Þvert á móti finnst mér það horfa til heilla og betri starfshátta en viðgengist hefur að ríkisstjórn tilkynni Alþingi við upphaf starfsferils síns að hún muni gera þingi og þjóð nánari grein fyrir starfsáætlun sinni en tími vinnst til að gera á þeim fáu dögum sem teknir voru til stjórnarmyndunarviðræðna þegar reglulegt Alþingi kemur saman að hausti. Ég tel það til góðs en ekki til ills og ég sé ekki hvernig menn geta krafist þess á þeim grundvelli sem hér hefur verið lýst að ríkisstjórnin leggi nú fyrir Alþingi nákvæmar útfærslur á öllum þeim meginatriðum sem vikið er að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem birt hefur verið á þingi.

Ég tel, virðulegi forseti, að menn ættu að nota þennan tíma til einhverra betri hluta en til þess að hvetja til slíks storms í vatnsglasi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hér aðeins inn í þessa umræðu um þingsköp og ég byrja á því að ítreka þá kröfu að hér verði birt þau skjöl sem hæstv. ráðherrar vitna beint í máli sínu til stuðnings. Það á ekkert skylt við þann málflutning sem hæstv. heilbrrh. var með hér áðan.

Virðulegi forseti. Í öðru lagi vil ég koma inn á hvort þessi umræða um stefnuræðu sem engin stefna finnst í sé ekki að verða hálfgerður skrípaleikur. Ég varpa því fram til virðulegs forseta hvort ekki væri miklu nær að fresta umræðunni. Ég vitna þar líka til ummæla hv. 17. þm. Reykv. í gær, formanns þingflokks Alþfl., þar sem hann vitnaði til verndunar- og mannúðarsjónarmiða. Ég held að það fari að flokkast undir verndunar- og mannúðarsjónarmið að gefa nú ríkisstjórninni svolítinn tíma, eilítið frí til að reyna að tjasla saman einhverri stefnu. Því það kemur fram í hverjum málaflokkinum á eftir öðrum að bak við það litla sem þó kom fram í stefnuræðunni stendur hreint ekki

neitt, nema það sem hæstv. ráðherrar vitna til bakskjala. Þess vegna hljótum við að gera kröfu til þess að bakskjöl sem er vitnað beint til verði birt og sérstaklega það sem viðkemur landbúnaðarmálunum.

En ég ítreka, virðulegi forseti, þá spurningu mína til stjórnar þingsins hvort það væri ekki skynsamlegast í þessari stöðu að gefa nú ríkisstjórninni svolítinn tíma til þess að reyna að tjasla saman einhverri stefnu, til þess að við höfum þá eitthvað til þess að fást við á haustþinginu. Það væri hálfömurlegt ef svo færi að við hefðum enga ríkisstjórn lengur þá. (**SvG:** Það væri nær að skipta um stjórn, held ég.) Ég held það væri miklu skemmtilegra, hv. þm. Svavar Gestsson, að fá tækifæri til þess að fella stjórnina á málefnum en að taka þátt í þessum vandræðagangi stjórnarinnar hér.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því við hæstv. landbrh. að hann yrði hér í salnum þegar ég flytti mitt stutta mál og ég vil ítreka þá ósk mína. Hann var hér í salnum fyrir tveimur mínútum síðan. Hann er sá maður hér á þinginu sem mesta reynslu hefur í að meta mikilvægi þingskapaumræðu þannig að ég held að hæstv. landbrh. hljóti að verða við þeirri ósk minni að koma hér í salinn. Ég óska eftir því að það verði náð í hann. (**Forseti:** Vill þá hv. þm. fresta sinni þingskaparæðu á meðan verið er að gera hæstv. landbrh. viðvart? Þá getur annar hv. þm. tekið til máls.)

Steingrímur J. Sigfússon *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Ég hefði að vísu ekkert haft á móti því að landbrh. væri viðstaddur en ég ætlaði þó aðallega að ítreka það út frá orðum m.a. hæstv. heilbrrh. hér áðan, sem hélt nú eiginlega nokkuð sérkennilega ræðu undir liðnum þingsköp, að það verður að gera greinarmun á því hvort um er að ræða einhver minnisblöð eða pappíra, hvaða nafni sem þeir nefnast, sem stjórnarflokkarnir kunna að hafa sett á blað t.d. um innbyrðis verkaskiptingu sína og koma þeim einum við. Ef t.d. stjórnarflokkarnir hafa samið um það að eftir tvö ár færist til formennska í einhverri nefnd sem þeir hafa á sínu valdi eða eitthvað af því tagi sem óumdeilanlega kemur þeim einum við, þá það. Það eru þeirra mál. Þau skjöl mega þeir geyma hvar sem helst. En þegar þannig háttar til að það er vitnað í stefnuskjal sem ekki verður ráðið annað af orðum hæstv. utanrrh. en að liggi fyrir og einmitt það stefnuskjal kann að hafa áhrif á hagsmunamál heildarsamtaka úti í þjóðfélaginu, skipta miklu fyrir þúsundir fólks, þá er það ekki lengur bara eitthvað sem kemur stjórnarflokkunum einum við og eitthvað sem þeir geta farið með af sinni hentisemi.

Að vísu verð ég að segja vegna orða hæstv. heilbrrh. hér áðan, af því að hann vitnaði í samkomulag og undirmál eða leyndarmál milli stjórnarflokka fyrr á tíð um þingrof, að það væri ákaflega fróðlegt að fá það upplýst ef til er skriflegt samkomulag milli stjórnarflokkanna um þingrof. Var þetta svona „freudian slip" hjá hæstv. heilbrrh.? Var það óvart að læðast út úr honum að m.a. slíkir hlutir væru festir á blað í leynisamkomulagi stjórnarflokkanna? Ég býst við að fleiri en ég hafi haft áhuga á því að vita um slíkt. En ég vil fyrst og fremst undirstrika að hér er ekki um eitthvað að ræða sem hæstv. ráðherrar geta bara farið með og haft sín í milli án þess að nokkrum öðrum komi það við. Það er ekki svo.

Eins og m.a. ég í fyrri ræðu minni hér í dag og hv. 9. þm. Reykv. undirstrikuðum, þá verður það að komast á hreint núna hvort í þessu skjali eru einhverjir þeir hlutir sem hafa áhrif á framkvæmd búvörusamningsins t.d. og auðveldast og einfaldast væri auðvitað að fá þá skjalið birt. Reyndar er það svo að öðru verður ekki trúað en hæstv. ríkisstjórn ætli sér að virða búvörusamninginn. Til að mynda ef vitnað er í og miðað við ummæli eins og hæstv. forsrh. í sjálfri kosningabaráttunni þegar hann var reyndar ekki skilinn öðruvísi, t.d. í sjónvarpsþætti, en ef eitthvað væri þyrfti að gera ívið betur við bændur en fyrri ríkisstjórn hefði gert. Þess vegna verður ekki öðru trúað, nema það komi þá í ljós, en að við þennan samning eigi að standa.

Þess vegna ætla ég að lokum að segja það að auðvitað á ríkisstjórnin einn leik sem kannski dugar henni til þess að menn láta sér það lynda að hún geymi nú hvíta skjalið, stefnuskjalið um landbúnaðarmál sem hæstv. landbrh. hefur ekki séð. Það er nú sérkennileg uppákoma í einni ríkisstjórn að landbrh. hefur ekki séð stefnuskjalið um landbúnaðarmálin. Það væri gaman að vita hvort fjmrh. hefur séð stefnuskjalið um fjármál o.s.frv. En ef hæstv. forsrh. og/eða hæstv. landbrh. gefa hér skýr og afdráttarlaus svör um það að ríkisstjórnin ætli að virða búvörusamninginn að fullu og öllu, þá skiptir það að mínu mati minna máli þó að þetta landbúnaðarskjal liggi með hinu eitthvað fram á haustið. Ástæða þess að það er ekki þolandi að því verði leynt ... (**Landbrh.:** Maður verður nú að komast í stólinn til þess að geta sagt eitthvað.) Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur stundum leyst slík vandamál með því að kalla fram í.

En ef ríkisstjórnin gefur hér eitt stutt og skýrt já við því að hún ætli að virða búvörusamninginn og hæstv. utanrrh. mótmælir því ekki eða segir það sjálfur, þá held ég að við getum stytt umræðuna eða a.m.k. ég að mínu leyti því ég er ekki í þessu sem einhverjum æfingum hér af því að ég hafi gaman af því. Hér er allt of mikið í húfi til þess og ég sé að hæstv. forsrh. er mér sammála um það. Það eru svo stórir hagsmunir hér í húfi og svo erfiðir hlutir í raun og veru sem að baki liggja að það er ómögulegt að búa við það að ekki fáist hér alveg skýr og afdráttarlaus niðurstaða.

Ég veit að ég þarf ekki að rökstyðja það fyrir hv. þm. hvers vegna það er ómögulegt að láta vorið og sumarið líða án þess að algjörlega skýr niðurstaða fáist í málin a.m.k. að þessu leyti. Það verður ekki gert nema með tvennum hætti, annaðhvort að skjalið verði birt, og vonandi eyðir það þá óvissu sem uppi er, eða að hæstv. ríkisstjórn gefi hér svo skýr og afdráttarlaus svör að þar verði ekki um neitt að villast.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessi þingskapaumræða snýst um það hvort skjal sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa kallað bakskjal ríkisstjórnarinnar verði birt eða ekki. Búvörusamningurinn er væntanlega ekki hér í þingskapaumræðu, en forseta finnst hv. þm. hafa talað svo skýrt að það hljóti að skiljast hvað verið er að biðja um. Málið fjallar um það hvort um er að ræða opinbert skjal ríkisstjórnarinnar sem ekki hafi enn verið birt en muni verða birt þegar það er tilbúið.

Þetta vill forseti aðeins árétta við hv. þm. svo við getum haldið okkur við umræðuna sem hér á að fara fram í dag undir liðnum Stefnuræða forsætisráðherra annars vegar og hins vegar ríkisfjármálin, en að við reynum að halda okkur við þingskapaumræðu hins vegar.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála virðulegum forseta um það að þessa þingskapaumræðu er æskilegt að stytta og er mjög auðvelt að stytta. Henni er hægt að ljúka með því að einhver ráðherranna í ríkisstjórn, annaðhvort hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. eða hæstv. landbrh. svari því bara með einu jái hvort þeir eru reiðubúnir að birta þetta skjal eða ekki.

Ég vildi hins vegar beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort hann sé reiðubúinn að svara því hér í umræðunni á eftir um stefnuræðuna hvort hann hafi séð þetta stefnuskjal sem hæstv. utanrrh. sagði að væri grundvöllur landbúnaðarstefnunnar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég spyr vegna þess að í viðtali við Dagblaðið/Vísi, að mig minnir, skömmu eftir að ríkisstjórnin var mynduð, eða annan fjölmiðil, lýsti hæstv. landbrh. því yfir að hann hefði aldrei séð nein fylgiskjöl eða nein bakskjöl með stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar. Það hefði verið einhver bunki á borðinu hjá forsrh. í þingflokksherbergi Sjálfstfl. en hann hefði ekkert verið kynntur þingmönnum sérstaklega né heldur upp úr honum lesið.

Nú hefur það komið fram að hæstv. utanrrh. vísar í eitthvert skjal sem er að hans dómi stefnuskjal í landbúnaðarmálum og ég vil þess vegna beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn að tala hér í stefnuumræðunni á eftir og svara þessum spurningum þar svo að þessari þingskapaumræðu sé hægt að ljúka því að það veit hæstv. landbrh. manna best að þúsundir af bændum geta ekki beðið hvítu bókarinnar í haust til að fá svar við því hvort búvörusamningurinn verður virtur eða hvort út úr honum verða teknir nokkrir milljarðar í samræmi við það sem hæstv. utanrrh. hefur lýst yfir.

Ég vænti þess að hæstv. landbrh. geti svarað því beint hér í ræðustól í þessari þingskapaumræðu hvort hann er reiðubúinn til að veita þessi svör í almennu umræðunni hér á eftir. Ef svo er, þá getur þingið tekið afstöðu til málsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gjarnan upplýsa hv. 8. þm. Reykn. um það ef það mætti skýra málið að hæstv. landbrh. er næstur á mælendaskrá í umræðunni um stefnuræðu forsrh.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um þingsköp)*:

Frú forseti. Ég var ráðinn í því að láta það ekki eftir mér að fara að hafa gaman af því eða skemmtun hversu óskaplega svekktir fyrrv. ráðherrar Alþb. eru yfir því að hafa hrokkið úr ríkisstjórn, rétt eins og undin og þrútin hurð á hjörum. En ég er dálítið farinn að hafa af því skemmtun, ég get ekki neitað því.

Aðeins út af bakplagginu góða vil ég nefna það að þetta er vinnuplagg tveggja stjórnmálaflokka en þingmönnum til huggunar sem hér hafa talað get ég sagt það að að mínu áliti hefur það plagg ekkert að gera með stjórnskipulegt gildi búvörusamnings.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki óalgengt að þingmenn leiti á náðir forseta með það að þingið haldi sínum rétti og að á því sé ekki troðið. Eitt af því sem er grundvallaratriði er að upplýsingum sé ekki haldið leyndum fyrir þinginu. Hæstv. heilbrrh. hefur vafalaust leitað upplýsinga í stjórnarferli viðreisnar hvernig eigi að stoppa uppreisn í Hveragerði og kynnt sér þá einhverja aðra hluti í leiðinni. En leiðbeiningar um hvort þingmenn eigi rétt á því að hafa aðgang að þeim plöggum sem ráðherrar vitna til í ræðum sínum til staðfestingar máli sínu. Það er náttúrlega slík ósvífni að koma hér upp í ræðustól sem ráðherra og vitna til skriflegra plagga en neita þingmönnum um að mega lesa þau. Það er margsinnis sem það gerist að ráðherrar koma hér upp, vitna í tímarit, bækur, til þess að þeir þurfi ekki að standa hér jafnlengi og þingmenn geti lesið sér til og fengið nánari upplýsingar. Hér er hlutunum gersamlega snúið við. Boltinn er sendur út af og sagt að það megi ekki sækja hann, það megi ekki gá að því hvað stóð í plagginu.

Svo eru menn líka að blanda því saman hvort verið sé að biðja um plagg sem búið er að skrifa, búið er að liggja vandlega yfir, búið er að ganga frá, og einhverju öðru sem menn eiga óskrifað. Þetta á ekkert skylt við það hvort alþýðubandalagsráðherrarnir séu kátir eða glaðir yfir því að vera komnir úr ríkisstjórn. Það er mesti misskilningur hjá hæstv. forsrh. Auðvitað er honum frjálst að hafa þá skemmtun sem hann vill. Það hefur enginn neitt á móti því og þetta er ódýr skemmtun og þess vegna skaðar það ekki nokkurn mann. En hitt er aftur á móti mjög alvarlegt mál ef þær leikreglur eiga að verða teknar hér upp að þingið geti ekki treyst því að forseti beiti sér fyrir því að þingmönnum séu afhent þau gögn sem ráðherrar eru að vitna í. Það er mjög alvarlegt ef forseti er raunverulega orðinn ráðherra en ekki forseti þingsins, ef hann lítur ekki á það sem skyldur sínar að gæta réttinda þingsins til að afla gagna, heldur lítur svo á að hann sé fulltrúi framkvæmdarvaldsins í að halda gögnum leyndum fyrir þinginu. Þess vegna óska ég eftir afstöðu forseta, hvort hæstv. forseti muni beita sér fyr-

ir því að þessi gögn verði afhent þingmönnum jafnfljótt og verða má.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti sagði það í sinni stuttu ræðu þegar hann tók við þessu vandasama embætti að hann mundi leggja sig fram um að sýna réttláta fundarstjórn í þingsölum og jafnframt gæta réttar þingmanna, hvort sem er um að ræða stjórnar eða stjórnarandstöðu og það mun hann leggja sig fram um að gera hér eftir sem hingað til. Ef um er að ræða að greiða fyrir því að þingmenn fái einhver skjöl sem þeim ber, þá mun forseti að sjálfsögðu leggja sig fram um að svo verði. En hér hefur verið beint orðum til hæstv. ríkisstjórnar, eins og forseti hefur nú þegar nefnt í þessari þingskapaumræðu, um að ríkisstjórnin leggi fram skjöl. Forseti hefur lagt á það áherslu að það hafi komið skýrt fram hver sú beiðni er og forseti treystir því að hæstv. ríkisstjórn muni leggja fram öll þau gögn sem henni ber að gera sé um eitthvað slíkt að ræða sem ekki hefur nú þegar verið lagt fram en er tilbúið til afhendingar. Og vonandi hefur nú forseti talað svo skýrt að hv. 2. þm. Vestf. muni gefa honum tækifæri til þess að sanna það hvort hann hefur verið verður þess og rísi undir því vandasama hlutverki sem hann er í hér í forsetastóli.

Svavar Gestsson *(um þingsköp)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fulla samúð með hæstv. forseta í þeim erfiðu störfum sem hún hefur tekið sér á hendur og mun fyrir mitt leyti reyna að hjálpa henni hvað best ég get til þess að greiða úr þeim flækjum sem hér kunna að koma upp og vona að samstarfið verði hið besta.

En það er mjög athyglisvert mál sem hér hefur komið upp satt að segja. Ég get nú ekki neitað því að ég hafði hugsað mér að segja ekkert frá því en geri það að gefnu tilefni að ég hef dálítið gaman af því.

Það er þannig að fyrir nokkru var gert heiðursmannasamkomulag í Viðey. Það var um það að flytja verkefni frá þessum ráðherra hér, hæstv. landbrh., til þessa ráðherra hér, hæstv. umhvrh. Því var lýst yfir hátíðlega að þetta væri búið og gert og afgreitt. Það kallaði hæstv. forsrh. síðan oftúlkun. Svo kemur hæstv. utanrrh. hér fyrir nokkrum kvöldum og segir: Það hefur verið unnið sérstakt stefnuskjal um landbúnaðarmál sem lýsir landbúnaðarstefnunni betur en annað sem samið hefur verið um þau mál. Og hæstv. forsrh. er svo snjall að hann kemur hér upp fljótlega á eftir utanrrh. eftir að þessar þingskapaumræður hófust hér í dag og segir: Þetta er í raun og veru ekki stefnuskjal og þaðan af síður sérstakt. Þetta er í raun og veru bara plagg stjórnarflokkanna. Það er ómögulegt að vera að heimta það að menn birti plögg stjórnmálaflokkanna, sagði hann reyndar og ekki meira um það. Við héldum áfram og forsrh. þótti áfram gaman, sérstaklega að okkur fyrrv. ráðherrum Alþb. sem okkur þykir óskaplega skemmtilegt auðvitað að heyra. Núna heitir þetta ekki eitt plagg stjórnmálaflokks, hið sérstaka stefnuskjal. Hvað heitir það þá? Það heitir ekki oftúlkun heldur núna. Nei, það heitir ekki oftúlkun lengur. Heldur heitir það það að þetta plagg hafi ekkert með stjórnskipulegt gildi búvörusamningsins að gera. Þetta er penasta aðferð sem ég hef heyrt í þingskjölum til að lýsa því yfir að samráðherra einhvers sé ómerkingur í sínum yfirlýsingum því að hæstv. forsrh. er búinn að segja það með þessum skynsamlega hætti, snjalla hætti, og minnir mig reyndar á vissan forvera hans sem ég kann nú ekki við að nefna núna, að hafi ekkert með stjórnskipulegt gildi búvörusamningsins að gera.

Með öðrum orðum, hæstv. utanrrh. er bara að blaðra. Ýmist er hann að oftúlka eða þá hann er að tala um einhverja og einhverja pappíra sem enginn hefur lesið eða þá að það sem hann segir og þeir pappírar sem hann er að tala um hafa ekkert með stjórnskipulegt gildi í þessu tilviki búvörusamningsins að gera. Þetta er auðvitað afar athyglisvert og sýnir betur en margt annað hvernig ástandið er í ríkisstjórninni. Til gamans má kannski geta þess að þessi stjórn á eins mánaðar afmæli á morgun, eins og kunnugt er kannski og sumir muna. Það er hætt við að hún brosi ekki á móti heiminum á mánaðarafmælinu sínu eins og mörg lítil börn gera, heldur verði hún stúrin og heldur luntaleg í framan. Þó hæstv. forsrh. finnist stundum gaman að fyrrv. ráðherrum Alþb. er svo annað mál.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að ítreka það einu sinni enn að ég vil standa við búvörusamning. Sá hefur verið háttur okkar sjálfstæðismanna að vilja standa við samninga sem gerðir eru eins og efni standa til og skal ég ekki um það segja hvernig það fellur stuðningsmönnum síðustu ríkisstjórnar í geð sem urðu að standa í málaferlum síðustu mánuði síns valdaferils vegna riftunar á kjarasamningum sem þeir höfðu gert við opinbera starfsmenn, en það er svo aftur annað mál.

Ég sé heldur ekki að neitt af því sem ég hef heyrt hæstv. utanrrh. segja í sambandi við framlög til landbúnaðarmála þurfi að stangast á við það sem samið hefur verið um og ég hef sagt. Ég vil minna á þau markmið sem landbrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og Stéttarsamband bænda settu sér þegar samningurinn var undirritaður, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að stuðla að því að í landinu geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður. Að lækka vöruverð til neytenda án þess að slaka á þeim gæðakröfum sem gerðar eru til þessara vara og án þess að það komi niður á afkomumöguleikum bænda. Að koma á og viðhalda jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur og sauðfjárafurða. Að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu. Að stuðla að því að búskapur verði í sem bestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið."

Í samningnum er þannig beinlínis gert ráð fyrir því að opinber útgjöld til búvöruframleiðslu lækki. Það er sem sagt stefnt að því í fyrsta lagi að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu og talað um sex ár í því sambandi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að framleiðslan geti orðið hagkvæmari og meiri afrakstur af vinnu bóndans. Í samningnum setja bændur sér það háleita mark að verð á landbúnaðarafurðum megi

lækka um allt að 20%. Í þriðja lagi er talað um að framleiðslan sé í samræmi við innlendan markað og búskapurinn miðaður við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið.

Ég vil taka það fram í öðru lagi að í tengslum við febrúarsamningana 1990 varð samkomulag um skipan nefndar, sjö manna nefndarinnar svonefndu, sem hefðu það hlutverk að, með leyfi hæstv. forseta: „Setja fram tillögur um stefnumörkun er miði að því að innlend búvöruframleiðsla verði hagkvæmari og kostnaður lækki á öllum stigum framleiðslunnar í búrekstri bóndans á vinnslu- og heildsölustigi og í smásöluverslun." Sjö manna nefndin var skipuð fulltrúum frá landbrn., Stéttarsambandi, Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Ég hef átt fund með fulltrúum þessara aðila eftir að ég kom í landbrn. og ég óskaði eftir því að nefndin héldi áfram störfum og það er gert í fullri samvinnu og með fullri samstöðu við alla þá aðila sem hér eiga í hlut. Ég hef ekki fundið annað en þeir vilji standa við þau markmið sem gerð voru með búvörusamningnum.

Ég verð að segja það í þriðja lagi að það kemur mér auðvitað ekki á óvart þótt nokkrar deilur komi upp um það hér í þingsalnum hvernig eigi að skilja og skilgreina einstök orð þegar almennt er talað, en ég hygg að hitt sé öldungis ljóst að það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra sem hér erum að afrakstur bóndans af hans vinnu megi verða meiri, að okkur megi takast að bæta og auka hagkvæmni í búrekstri og að okkur takist að draga úr þeim opinberu framlögum sem hafa farið til þessa rekstrar.

Um þetta hefur verið talað meira og minna og hef ég satt að segja ekki miklu meira við þetta að bæta. Það sem ég hef hér sagt er í samræmi við það sem ég hef áður sagt um þessi mál. Ef ríkið gerir samning við atvinnustétt, þá ber handhöfum ríkisvaldsins auðvitað að reyna að efna samninginn. Þetta er augljóst mál og á ekki að þurfa að fara mörgum orðum um það hér í þinginu og ég hélt að fullburða stjórnmálamenn vissu það. (**Gripið fram í:** En stefnuskjalið?) Stefnuskjal. Við munum að sjálfsögðu standa við þá stefnuskrá sem birt hefur verið. Það var vikið að stefnunni í landbúnaðarmálum af hæstv. forsrh. og á þessu stigi hef ég svo ekki meira um þetta mál að segja.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þær umræður sem orðið hafa um stefnuræðu forsrh. hafa teygst á allmarga daga og er umræðan því orðin æði sundurlaus. Ég hafði ekki náð að svara öllum spurningum sem til mín hafði verið beint. Ég vil svara einni spurningu sem var beint til mín, ég hygg að það hafi verið á kvöldfundi, varðandi álmálið svokallaða. Það var spurt og vísað til þess að ég sem stjórnarmaður í Landsvirkjun hefði haft áhyggjur af því hvernig fyrirtækinu gæti reitt af við þau samningsskilyrði sem þá voru í undirbúningi og síðan var spurt hvað hefði breyst nú.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að bæði ég og hv. 1. þm. Norðurl. v. höfðum vissar áhyggjur af því að áætlanir og útreikningar Landsvirkjunar á kostnaði við að byggja þær miklu virkjanir sem til þurfa að koma ef af samningum verður gætu verið of lágt metnar. Og ég get alveg sagt það hreinskilnislega að mér hefur stundum þótt, til að mynda í því starfi sem ég hef gegnt lengst af að undanförnu, að ágætir verkfræðingar og hönnuðir hafi haft tilhneigingu til þess, hugsanlega vegna áhuga fyrir verkum, að vera í lægri kanti áætlana. Við þekkjum mörg dæmi þess, til að mynda varðandi byggingarsjóð Þjóðleikhúss eða endurviðgerða þar.

Við sögðum, bæði ég og hv. 1. þm. Norðurl. v., að það væri erfitt að sjá hvernig þessi staða væri fyrr en eftir að tilboð hefðu verið opnuð í meginþætti framkvæmdanna. Það hefur nú verið gert og niðurstaðan er afskaplega ánægjuleg fyrir Landsvirkjun og þá sem gjarnan vilja að þessir samningar geti gengið fram. Tilboðin, sem eru frá aðilum sem ætti vera óhætt að treysta að efndu þau tilboð sem þeir gera, eru þess eðlis að verkfræðingar, hönnuðir og ráðgjafar Landsvirkjunar hafa síst vanmetið kostnaðinn. Og sama gerist líka þegar tilboð í vélbúnað virkjana eru opnuð. Þessir þættir sem nú eru handfestanlegir skapa heilmikið öryggi varðandi þessa samningsgerð þótt menn geti deilt um það síðar meir hvort það sé nægjanlegt eða ekki. En þetta vildi ég nefna vegna þess að ég var spurður um það sérstaklega hvað hefði breyst. (**HG:** En verðið, raforkuverðið?) Raforkuverðið hefur ekki breyst, en það hlýtur að hafa meginþýðingu hvort það verð, eða hlutfall af álverði eins og menn vita að er miðað við, dugar til þess að standa á tilteknum tíma undir þeim kostnaði sem Landsvirkjun þarf að leggja til þegar útboð hafa borið þann árangur sem ég var að nefna.

Aðeins, þó að það skipti nú ekki öllu máli, þá vil ég líka geta þess vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. gat sérstaklega um orð sem fallið hefðu á fundi með ráðherrahópi í ríkisstjórninni og samningamönnum Landsvirkjunar. Ég hélt nú reyndar að það væri ekki venja að vitna svona í ummæli manna á fundum af því tagi, en látum það nú vera ef það er venja. Að vísu kemur mér það á óvart ef svo er en reyndar var ekki alveg rétt með farið. Það var að vísu rétt varðandi hina rússnesku rúllettu að ég gat þess á þessum fundi að einn af okkar ráðgjöfum hefði kallað það svo, að áhættan væri sú að það mætti líkja þessu við rússneska rúllettu. Það voru ekki mín orð. Þetta skiptir nú ekki öllu máli, en fyrst vitnað var í þetta, þá vildi ég hafa þetta rétt.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði hér í ræðu sinni áðan að ríkisstjórnin gengi þannig fram að menn gætu gert ráð fyrir að hún ætlaði almennt að draga í efa aðgerðir fyrri stjórnvalda og hafa þær ákvarðanir og aðgerðir að engu. Það er nú ekki svo og ég hlýt að leggja áherslu á það að samfelldni í stjórnskipun og stjórnarfari í landinu leiðir auðvitað til þess að menn eru bundnir, ekki síst gagnvart þriðja aðila, af því sem þeirra fyrirrennarar gera. Það er alveg ljóst. En á hinn bóginn getur stundum verið þannig staðið að málum að nauðsynlegt sé að grípa þar inn í eins og gerðist varðandi dómsmrn. þar sem á síðustu dögum fráfarandi

stjórnar hafði þannig verið gengið fram að óviðunandi var. Ég held að það sé varla ágreiningur um það að með þeim hætti var gengið þar fram að úr því varð að bæta. Ég er sammála þingmanninum að auðvitað er nauðsynlegt þar sem stjórnir koma og stjórnir fara, að þær stjórnir sem við taka hverju sinni virði það sem fyrri stjórnvöld hafa staðið að, ekki síst gagnvart þriðja aðila.

Þá vík ég aðeins að búvörusamningnum sem hefur verið reifaður hér. Auðvitað hlýtur það að hafa verið afskaplega óheppilegt að til slíks samnings hafi verið gengið, jafnyfirgripsmikils samnings hafi verið gengið á síðasta missiri fráfarandi ríkisstjórnar, stjórnar sem ekki var að hrökkva upp af tilfallandi, menn vissu að kjörtími hennar var úti, að þá skuli gengið frá samningi af þessu tagi þrátt fyrir það að yfirlýst sé að einn af burðarásum stjórnarinnar, einn stjórnarflokkurinn er með ríka fyrirvara um gerð samnings af þessu tagi. Það hlýtur að teljast afar óheppilegt að engu að síður skuli slíkt gert þegar um er að ræða jafnþýðingarmikinn samning fyrir báða aðila, bæði viðsemjanda ríkisins og ríkið, og jafnmikla bindingu til jafnlangs tíma eins og þar er um að ræða. Sá samningur er gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis. Spursmál er: Hvað felst í þessu? Þýðir þetta í raun almennur fyrirvari um samninginn allan eða bara tiltekna þætti hans sem þurfa lagabreytinga við? En mætti þá ekki segja um leið að þessar lagabreytingar hljóti eins og annað efni samningsins að vera slík forsenda samningsins að gangi þær ekki fram vegna þess að hið nýja Alþingi kjósi ekki að samþykkja lagabreytingarnar, þá sé samningurinn þegar úr gildi fallinn eða a.m.k. gæti viðsemjandi krafist þess að samningurinn væri úr gildi fallinn. Þýðir þá ekki þessi fyrirvari, þó almennur sé og auðvitað tengist því að það þarf lagabreyting til að koma til að saminginn megi efna eftir eðli hans og orðum, að samningurinn væri úr gildi fallinn ef þingið næði þessu ekki fram, því að fráfarandi ríkisstjórn gat auðvitað ekki skuldbundið Alþingi til þess, og reyndi það náttúrlega ekki, að samþykkja slíkar lagabreytingar, þannig að þarna er auðvitað á ferðinni gríðarlegur fyrirvari, því er ekki að neita.

Varðandi þriðja atriðið sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi varðandi það sem hann kallaði stuðningsaðgerðaþátt samningsins. Þar er um að ræða miklar fjárskuldbindingar. Auðvitað hlýtur ríkisstjórn sem tekur við völdum í landinu og þarf að huga að stórkostlegum halla ríkissjóðs að taka atriði eins og þetta til skoðunar. Ef niðurstaðan verður sú að ríkisstjórnin væri algerlega bundin af þessum þætti sérstaklega, þá gæti hún engu að síður tekið það atriði upp við viðsemjandann með skírskotun til þess ástands sem væri í ríkisbúskapnum. Það væri óhjákvæmilegt og í þágu landsins alls og þar með viðsemjandans, þjóðarinnar allrar, að draga úr eða fresta þessum þætti. Mér finnst það blasa við að þessir kostir séu færir.

Varðandi það að ríkisstjórnin hafi eingöngu áhuga á lögfræðilegri hlið málsins, þá er það auðvitað ekki svo. En vegna þess hvernig hér var að staðið, til þessa samnings gengið þrátt fyrir að einn stjórnarflokkurinn hefði það sem ráðherrann fyrrv. kallaði smávægilega fyrirvara en talsmenn þess flokks leggja þyngri merkingu í eins og menn hafa tekið eftir, þá er nauðsynlegt að hafa sem gleggsta mynd af því hver lögfræðileg staða málsins er. Ég vildi að þessi sjónarmið mín kæmu fram varðandi þessi atriði.

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það fór fyrir mér eins og fleirum undir ræðu hæstv. utanrrh. aðfaranótt þriðjudags að það vöknuðu ýmsar spurningar eins og hefur nú verið rætt um, bæði í umræðum hér á undan og eins þingskapaumræðu. En satt að segja kom mér þó enn þá meira á óvart yfirlýsing hæstv. forsrh. nú í hans síðustu orðum þar sem hann ómerkir algerlega ummæli hæstv. landbrh. sem hann lét falla hér í ræðu sinni á undan. Ég hlýt því að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Okkur var það öllum ljóst á síðasta vetri þegar búvörusamningur lá fyrir að hann hafði bæði bjartar og dökkar hliðar. En það var mat beggja aðila að samt sem áður væri ávinningur að því að hann væri gerður. Fyrir bændastéttina er það auðvitað alger forsenda að staðið verði við þær lágmarksskuldbindingar sem ríkið tekur þar að sér. Að öðrum kosti er hann bæði úr gildi fallinn og algerlega óviðunandi fyrir bændur. Við vitum það líka að framkvæmd á einhverju verki getur verið á ýmsa vegu og árangurinn fer eftir framkvæmdinni þó rammi hafi verið lagður.

Þegar frá búvörusamningnum hafði verið gengið þá kom auðvitað að því að byrja á undirbúningi á framkvæmd hans. Formaður Stéttarsambands bænda óskaði þá eftir því að Búnaðarfélag Íslands ynni með Stéttarsambandinu að því verki. Ég fyrir mitt leyti taldi það auðvitað sjálfsagt. Það væri skylda og ávinningur allra sem þar eiga hlut að máli að reyna að gera það besta úr samningnum sem hægt væri. En ég taldi að það þyrfti að leita samstarfs við fleiri aðila, m.a. Byggðastofnun vegna þess að henni er ætlað að sinna vissu hlutverki í framkvæmd búvörusamningsins. Því áttum við viðræður við hana og þar var því máli vel tekið og Byggðastofnun hefur þegar hafið undirbúning að því að standa að þessu verki. Vegna jákvæðra yfirlýsinga hæstv. landbrh. sem nú er nýtekinn við og atbeina hans eftir að hann hafði gefið út fyrstu reglur um framkvæmd samningsins, þá var hafist handa við það starf. Í síðustu viku fóru fulltrúar bændasamtakanna ásamt skrifstofustjóra landbrn. til að kynna þeim sem að þessari framkvæmd eiga að standa, sem eru ráðunautar búnaðarsambanda um allt land, þetta mál. Það er auðvitað alger forsenda fyrir því að þeir geti staðið að því verki að þeir geti treyst því sem í samningnum stendur. Ekki það, eins og hæstv. forsrh. sagði, að það eigi nú allt að taka til endurskoðunar og niðurskurðar.

Samningurinn byggist á því að sauðfjárbændum er ætlað að fækka bústofni sínum, en í staðinn skulu þeir studdir á margvíslega vegu til þess að finna nýjar atvinnugreinar. Fyrir bónda sem þarf að minnka sinn bústofn og draga úr sínum tekjum er það auðvitað úrslitaatriði að hann geti haft nokkuð rökstudda von eða

vissu fyrir því að við fyrirheitin um stuðning við leit að nýjum möguleikum verði staðið. Að öðrum kosti hlýtur hann að gefast upp. Það er því alveg ótrúlegur misskilningur af hæstv. forsrh. að segja að nú megi taka þetta allt til endurskoðunar og niðurskurðar. Það sé bara eðlilegt og sjálfsagt af ríkisstjórn að gera slíkt. Þetta er forsenda samningsins, þetta er undirstöðuatriði hans.

Eftir að hæstv. landbrh. hafði lokið máli sínu ætlaði ég að segja það að þrátt fyrir hans góðu yfirlýsingar, sem ég vil þakka honum fyrir og heils hugar styðja hann við að nái fram að ganga, þá væri það hæstv. landbrh. nauðsynlegt vegna ummæla hæstv. utanrrh. að fá algerlega ótvíræða yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. um að hann muni sjá fyrir því að við samninginn verði staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. En svo kemur reiðarslagið. Í staðinn fyrir að hæstv. forsrh. standi nú við bakið á flokksbróður sínum, hæstv. landbrh., þá kemur hann og segir að ríkisstjórnin hljóti að taka stuðningsaðgerðirnar, sem eru alger forsenda samningsins, til endurskoðunar.

Ég held að þessi orð hæstv. forsrh. hafi keyrt þetta mál í algert strand og ég sé ekki hvernig hæstv. landbrh. getur sætt sig við það að Alþingi fari heim án þess að fá einhvern stuðning við sína stefnu en fótunum sé ekki svo algerlega undan honum kippt.

Ég held að við þurfum kannski ekki öllu lengur að spyrja hvað í þessu sérstaka stefnuskjali stendur sem hæstv. utanrrh. lagði svo mikla áherslu á og hér hefur orðið nokkuð tíðrætt um. Það hefur hæstv. forsrh. skýrt með orðum sínum. Og eins og ég sagði, þá taldi ég nauðsynlegt fyrir hæstv. landbrh. að fá stuðning forsrh. við orð sín vegna ummæla utanrrh. til þess að eyða óvissu og tortryggni hjá bændum vegna framkvæmdar þessa samnings. Og ekki bætir það reyndar úr skák sem fram kemur í forustugrein Alþýðublaðsins, málgagns ríkisstjórnarinnar, í dag þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þótt eðlilegt og sjálfsagt sé á stundum að leita álits og umsagnar hagsmunaaðila þessara atvinnugreina," þ.e. landbúnaðar og sjávarútvegs, „er óþarfi að andi þeirra svífi yfir, undir og allt um kring í hvert skipti sem málefni tengd þeim ber á góma." Nú skal ekki lengur andi landbúnaðarins svífa yfir og allt um kring þegar fjallað er um málefni landbúnaðarins. Nú á að taka upp breytta stefnu samkvæmt málgagni ríkisstjórnarinnar.

Hér kom áðan fram að hæstv. ríkisstjórn er að láta kanna lagagildi búvörusamningsins. Ég vil taka undir að það væri ákaflega æskilegt að fá það álit nú í hendur. Kannski kemur hæstv. fjmrh. með það þegar hann flytur sína skýrslu hér á eftir og skal ég því lifa í voninni um að það komi fram þá. En hér var spurt um hver bæri ábyrgð á þessum samningi. Hæstv. forsrh. virtist draga í efa hversu mjög ríkisvaldið væri bundið af þessum samningi vegna þess að í honum stendur að hann sé háður þeim fyrirvara að Alþingi staðfesti hann með því að samþykkja þau ákvæði sem þar eru nauðsynleg. En hann virðist alls ekki vita það að Alþingi er búið að staðfesta þennan samning með sínum samþykktum. Það gerði Alþingi á sl. vetri með 38. gr. lánsfjárlaga þar sem segir:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að stofna til skuldbindinga með útgáfu skuldabréfa á árinu 1991 að upphæð allt að 1.700.000 þús. kr. vegna samnings landbrh. við bændur um fækkun fjár og aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði, sbr. lög nr. 46/1985. Heimild þessi gildir þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar lagabreytingar vegna framkvæmdar samningsins að öðru leyti."

Með því að samþykkja þessa fjárhæð og síðan að segja að þetta gildi þangað til nauðsynlegar lagabreytingar hafa verið framkvæmdar er Alþingi vissulega, ef ekki algerlega beint, þá a.m.k. óbeint búið að taka á honum ábyrgð.

Það hittist svo á að í síðustu viku fékk ég í hendur stjórnarsáttmála ríkisstjórnar í öðru landi. Það er ríkisstjórn sósíaldemókrata og hægri flokksins í Austurríki. Þetta er bók upp á 85 blaðsíður sem skilgreinir ítarlega hvað sú ríkisstjórn vill og ætlar að gera. Ég lít ekki svo á að stjórnarsáttmáli sé fyrst og fremst til þess að binda viðkomandi stjórnarflokka að því hvað þeir ætla að gera, heldur a.m.k. ekki síður að láta þjóðina vita hvað viðkomandi ríkisstjórn ætlar að gera svo hún þurfi ekki að lifa í ugg og óvissu, eða svo að notuð séu orð hæstv. utanrrh. á fundi hjá Alþfl. fyrir skömmu síðan, að lifa milli vonar og ótta, þegar hann var að lýsa trú alþýðuflokksmanna á tilveru þessarar ríkisstjórnar.

Í þessum langa stjórnarsáttmála er m.a. fjallað um landbúnaðarmál. Upphaf hans finnst mér vera athyglisvert fyrir okkur hér á Íslandi, m.a. vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

„Ríkisstjórnin ítrekar stuðning við landbúnað og skógrækt í dreifbýli um allt Austurríki. Þjóðfélagið væntir þess að landbúnaður og skógrækt gegni margþættu hlutverki, verndi náttúrulegt umhverfi, hlúi að útivistarsvæðum, stuðli að eflingu byggðar og framleiði hágæðamatvæli, hráefni og orku. Ef landbúnaður og skógrækt eiga að rísa undir þessum verkefnum verður nauðsynlegt að móta tekjustefnu fyrir bændur sem tryggir þeim hlutdeild í vaxandi velmegun þessa lands. Ákveðnum aðgerðum er ætlað að stuðla að þessu marki. Þær ná til framleiðslu vara, aukinna tekjumöguleika, félagslegra aðgerða, aðlögunar velferðarkerfis og aðgerða til að draga úr kostnaði."

Hér kveður við nokkuð annan tón en í hinni stuttorðu stefnuyfirlýsingu eða í málflutningi málgagns ríkisstjórnarinnar, Alþýðublaðsins, um stöðu og virðingu fyrir landbúnaði. Þar er ekki verið að togast á um það hvort landið eigi að vera á forræði bænda eða ekki eins og núv. ríkisstjórn byrjaði strax með deilum umhvrh. og landbrh. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir afdráttarlausa afstöðu hans í því máli.

En það var annað atriði í máli hæstv. utanrrh. á nætурfundinum sem vakti athygli mína og mig langaði að víkja að örfáum orðum. Ég hefði að sjálfsögðu helst viljað að hann væri hér viðstaddur, en ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. . . . (**Gripið fram í:** Hann á að vera hérna.) Það er nú verið að fjalla um stefnuræðu forsrh. (**Forseti:** Það verða að sjálfsögðu gerðar ráð-

stafanir til að láta hann vita.) en þetta var svar hæstv. utanrrh. við fyrirspurn hv. 4. þm. Austurl. um samninginn milli EFTA og EB, þ.e. um þau áhrif sem sá samningur hefði á forræði löggjafarsamkomu einstakra þjóða.

Hæstv. utanrrh. færði fram sína skoðun á því að hér væri ekki um að ræða neitt slíkt afsal sem þessi samningur hefði í för með sér. Hann sagði fyrst, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég nefni að það er áreiðanlega hægt að fara í öll þjóðþing EFTA-landanna og finna til einhver ummæli einhverra manna eins og t.d. á Alþingi Íslendinga um það að þar eru menn sem telja að þessi samningur feli í sér eitthvert framsal á valdi þjóðþinga. Það er hins vegar ekki afstaða þingmannasamtaka EFTA."

Ástæða þessara orða er sú að hv. 4. þm. Austurl. vitnaði í inngangserindi formanns þingmannasamtaka EFTA sem nú er Austurríkismaðurinn Schmidtmeier, inngangserindi sem hann flutti á fundi í síðasta mánuði. En drög að þessu erindi voru samin af starfsmönnum EFTA í Genf, aðstoðarmönnum framkvæmdastjóra EFTA, Georg Reiss, og þessi orð hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við hefðum hug á að sjá komið á fót þingmannasamkundu EES með virku ráðgjafar- og eftirlitsvaldi til þess að vega á móti minnkandi áhrifum þjóðþinga í lagasetningu sem eru að mestum hluta alþjóðleg."

Þetta er viðhorf starfsmanna EFTA sem vinna að þessu samkomulagi, að það hafi í för með sér minnkandi áhrif þjóðþinga í lagasetningu. En hæstv. utanrrh. virðist ekki vera kunnugt um þetta viðhorf, þá staðreynd að þetta er viðhorf þeirra starfsmanna EFTA sem í samningunum standa. Ég held að það sé því nauðsynlegt fyrir Alþingi Íslendinga að fá betri upplýsingar um þessi málefni úr því að hæstv. utanrrh. er alls ekki kunnugt um þetta. Ég efast ekkert um að hann mælir þetta af bestu þekkingu, en þekking hans virðist hins vegar ekki ná til þessara atriða. Ég held því að það væri full ástæða til þess að fulltrúar stjórnmálaflokkanna færu til fundar við starfslið EFTA sem þekkir þessa samninga til hlítar og veit hvað í þeim felst úr því að hæstv. utanrrh. er ekki kunnugt um efni þeirra.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég sé að hæstv. landbrh. er farinn en sem betur fer heyrði ég að hann kvaddi sér hér hljóðs áðan. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir hann, eins og ég sagði áður, að fá aðra yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. því ef það á að fara að skera niður fjármagnið sem á að koma til þeirra bænda sem ætla að gera samninga um fækkun á sínum bústofni þá er náttúrlega verið að koma aftan að þeim á slíkan hátt að alls ekki er viðunandi. Ég ætlaði t.d. að spyrja hæstv. landbrh., og rétt að gera það, hvort hafin væri vinna í landbrn. til að athuga hvernig þær 2 millj. kr. sem fyrirheit var gefið um að verja til landgræðslu og skógræktar mættu nýtast til þess að auka vinnu þeirra sem í sveitum búa. Þetta er mikil upphæð og skiptir miklu máli fyrir bændur að geta nú þegar þeir á næstu mánuðum, eða hefðu á næstu mánuðum við óbreyttar aðstæður gengið til samninga, að það lægi fyrir hvers þeir mættu þar vænta. Og þannig eru að sjálfsögðu fjölmörg atriði í sambandi við þessar viðaukabókanir. En með þá hótun sem fram kom hjá hæstv. forsrh. um að þetta verði allt saman tekið til endurskoðunar og niðurskurðar, þá er auðvitað gersamlega útilokað fyrir hæstv. landbrh. að ætla að láta halda áfram að vinna að þessu verki.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég hef mál mitt langar mig aðeins til þess að fá upplýsingar um það hvort það sé ekki ætlunin að þingflokksfundir hefjist kl. 4 eins og efni standa til eða hvort einhver breyting er þar á. (**Forseti:** Það er kl. 4 eða upp úr 4.) Mér er heldur verr við að þurfa að skipta ræðu minni svo að fá að tala hér í fimm mínútur. Ég ætlaði að tala hér nokkuð langt mál. Hér eru ekki inni í húsinu þeir aðilar sem ég vildi tala við og ég óska eftir að séu hér til viðtals þegar ég flyt mitt mál, bæði hæstv. utanrrh., ekki síður titlaður sem formaður Alþfl., og einnig hæstv. sjútvrh. Gjarnan mætti hæstv. iðnrh. vera hér einnig. Ég held að þessir menn þurfi að vera hér þegar við fjöllum um stefnuræðu ríkisstjórnarinnar. En mér kæmi það betur að fá að tala í upphafi næsta fundar heldur en fá að tala hér í 3–4 mínútur, virðulegi forseti. (**Forseti:** Má ég upplýsa þingmanninn um það að ef hann getur lokið máli sínu kl. 4.15, þá væri það í lagi.) Það get ég ekki. Ég er með miklu lengra mál, virðulegi forseti, en það. (**Forseti:** En gæti hv. þm. talað til kl. 4.15?) Við skulum sjá til. (**Forseti:** Gerðu svo vel.) Ég hafði hins vegar óskað eftir því að hér yrðu viðstaddir mál mitt hæstv. ráðherra utanríkismála og formaður Alþfl. og einnig hæstv. sjútvrh. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. um að það er verið að leita þeirra.) Takk. Ætli ég hinkri þá ekki við í ræðustólnum á meðan. (**Forseti:** Gerðu svo vel.)

Það er nokkuð gallað að ráðherrar skuli ekki geta verið hér í sætum sínum þegar fjallað er um stefnuræðu nýrrar ríkisstjórnar, nánast sá eini sem situr hér stöðugt er hæstv. forsrh. (**HG:** Þeir eru að leita að bakskjölunum.) Ég sá nú sjálfur rétt áðan staðarhaldarann í Viðey hér úti á götu þannig að það hefði nú verið hægt að færa það í tal við hann að fá lyklana að hirslunni og komast í þessa pappíra. Kannski er hann að sækja skjölin.

Ætli ég láti þetta ekki duga í bili. Ég vona að formaður Alþfl. komi hér fljótlega, en hér er kominn hæstv. iðnrh. Ég vænti þess að ekki verði langt í það að formaður Alþfl. verði hér einnig í sæti sínu og ég hafði einnig beðið um það að hæstv. sjútvrh. yrði hér viðstaddur.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að þessi ríkisstjórn hefur lagt upp í ferð án mikilla fyrirheita og við heldur litla trú almennings í landinu. Ríkisstjórnarsamstarf þessara flokka frá árinu 1959 til ársins 1971 er mönnum enn í minni og ömurlegur viðskilnaður þeirrar stjórnar. Hæstv. ráðherrar Alþfl., þeir Jón Baldvin Hannibalsson og Jón Sigurðsson, hafa nú um sinn horft til þessara ára með vissum trega og söknuði þrátt fyrir að á þessum árum væri nær allur togarafloti

landsmanna látinn drabbast niður og hverfa af skipaskrá og atvinnulíf landsmanna var eftir því. Engin tilraun hafði verið gerð á öllum þessum árum til að færa út fiskveiðilögsögu okkar og styrkja á þann hátt undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Það voru aðrir hagsmunir sem voru látnir sitja í fyrirrúmi.

Þingmenn Alþfl. munu í þessu stjórnarsamstarfi ganga að öllum verkum sem Sjálfstfl. vill, þó ekki væri nema af óttanum við þá sem kusu þá síðast en munu aldrei kjósa þá framar. Þetta vita sjálfstæðismenn í dag. Alþfl. má því fá eins marga ráðherra og hann vill. Hann má fá eins margar nefndir og hann vill, hann má fá eins mörg ráð og hann vill. Sjálfstfl. ætlar sér að ráða þessari örlagaferð Alþfl. Það verður hins vegar erfitt fyrir Alþfl. að binda svo hnúta eftir næstu kosningar að hann fái aftur tvo menn kjörna í fjárlaganefnd eins og hann var nú að semja um. Þjóðin ætlar nefnilega greinilega sjálf að sjá til þess að þar verði enginn fulltrúi Alþfl. eftir næstu kosningar.

Það hefur margt gerst á fáum mánuðum frá því að þessir prúðbúnu kratar sem hér sitja ferðuðust um landið sem trúboðar og boðuðu þá nýju strauma og stefnu sem áttu að sameina alla jafnaðarmenn á Íslandi í einn stóran jafnaðarmannaflokk. Þetta var aflið sem átti að beita gegn Sjálfstfl., höfuðandstæðingi jafnaðarstefnunnar eins og trúboðarnir sögðu hvert sem þeir fóru. Hér var hafður uppi, hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl., alveg ótrúlegur málflutningur og málatilbúnaður, ég segi ekki málaliðanna, til þess settur fram að ná því fylgi í komandi kosningum sem dygði Alþfl. til að geta gengið einn og óstuddur til stjórnarsamstarfs við Sjálfstfl. Svikamylla þessara hugsuða sem telja sig fulltrúa jafnaðarmanna á Íslandi gekk upp á kjördag, en nú hefur þjóðin áttað sig á lánleysi þessara manna.

Þegar mánuður var liðinn frá kosningum var staða stjórnarflokkanna sú samkvæmt skoðanakönnunum að Alþfl. er að verða minnstur flokka hér á Alþingi og ríkisstjórnarflokkarnir eru komnir í greinilegan minni hluta hér á Alþingi. Skilja ráðherrar Alþfl. og fylgdarlið þeirra í þingflokknum ekki þessi skilaboð þjóðarinnar? Er það virkilega rétt að blái þríhyrningurinn sem ákveðið var að draga um rósina rauðu, flokksmerki þeirra krata, sé óbreytanlegt óhappaverk frjálshyggjudeildarinnar í Alþfl.? Stærstum hluta þess fólks er kaus Alþfl. í síðustu kosningum er nú orðið ljóst að flokkurinn þeirra og rósin rauða munu visna undrafljótt í hinum bláa þríhyrningi íhaldsins. Misvitrir menn hafa nefnilega höggvið að rótum Alþfl.

Í þessu stjórnarsamstarfi sem ekki er nema mánaðar gamalt mega ráðherrar hafa sig alla við að verja það heiðursmannasamkomulag sem þeir hafa verið að gera. Er nú svo komið að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa eyðilagt þá góðu merkingu sem heiðursmannasamkomulag hafði, en það er nú notað almennt sem háðsyrði meðal þjóðarinnar.

Hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. hefur sagt að hann verði ekki deginum lengur í þessu stjórnarsamstarfi ef vextir hækki, ef verðbólga hækki, ef ekki tekst að bæta kjör hinna lægst launuðu í landinu. Ég spyr formann Alþfl.: Eru vextir ekki að hækka? Ég sé ekki betur en útlánsvextir af verðtryggðum lánum fari nú í um 11%.

Hæstv. viðskrh. telur sig aðeins hafa orðið varan við að örlað hafi á þenslu nú um sinn, en segir svo að þessi ríkisstjórn hafi ekki aðeins verið mynduð til samdráttaraðgerða, ekki síður til að rjúfa kyrrstöðuna, eins og ráðherrann orðaði það. Eru þetta virkilega rök fyrir vaxtahækkun, hæstv. viðskrh.? Í stefnuræðu sinni segir hæstv. forsrh. m.a.:

„Vitanlega er vaxtahækkun við núverandi aðstæður neyðarúrræði. Vextir voru háir fyrir og eru að sjálfsögðu til þess fallnir að tefja endurbata í atvinnulífi og geta reynst mörgum aðilum þungbærir." — Og enn segir forsrh.: „Það er hins vegar eitt mikilvægasta verkefni hagstjórnar á næstunni að tryggja forsendur fyrir lækkun vaxta á ný. Vaxtalækkun getur haft mikla þýðingu til að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í þjóðarbúskapnum að undanförnu."

Málatilbúnaðurinn og málflutningurinn í þessu vaxtamáli er með algjörlega hreinum ólíkindum.

Í Morgunblaðinu segir svo einnig í forustugrein 22. maí, með leyfi hæstv. forseta: „Eftir að Davíð Oddsson hafði rakið stöðu ríkisfjármála og efnahagsmála sagði hann að ríkisstjórnin hefði staðið frammi fyrir tveimur kostum, að hækka vexti eða hækka skatta, og valið fyrri leiðina. Sjálfsagt er vaxtahækkun óhjákvæmileg en það skiptir máli hve mikil hún verður og hvernig hún verður framkvæmd að öðru leyti. Þess má sjá merki að atvinnulífið er á leið upp úr öldudalnum þótt hægt fari. Of mikil vaxtahækkun getur orðið til þess að kæfa þá uppsveiflu í fæðingu. Sú vaxtahækkun sem nú hefur verið tilkynnt á spariskírteinum ríkissjóðs og nemur nær 2% er býsna mikil. Hætt er við að vaxtahækkanir banka og sparisjóða um næstu mánaðamót verði ekki minni. Þá eru raunvextir orðnir afar háir og með því hæsta sem þekkst hefur."

Mér er spurn: Trúa ráðherrar því að vaxtahækkun nú sé skref í þá átt að byggja upp íslenskt atvinnulíf? Á nú að taka þann efnahagsávinning frá atvinnurekstrinum sem hann hefur haft um sinn og færa til fjármagnsfurstanna í landinu? Á nú að fara að stefna framkvæmdastjórum fyrirtækjanna í landinu í biðsal bankastjóranna og lánastofnana þaðan sem fyrirtækjunum verður síðan meira eða minna stjórnað í stað þess að *tryggja enn betur en nú er heilbrigt og heillandi* atvinnulíf fyrir dugmikið fólk til að starfa við?

Aukin fjármagnsbyrði í atvinnurekstrinum í landinu er fáránleg aðgerð í dag. Er virkilega svo komið fyrir þingflokki sjálfstæðismanna að þar séu menn svo rótslitnir frá atvinnulífinu í landinu að þeir láti þetta yfir sig ganga? Það eru vissulega breyttir tímar í þeim flokki og þar mættu menn muna tímana tvenna.

Mér er það hins vegar ljóst að fjölskyldurnar fjórtán munu bæta hag sinn við þessar aðgerðir. Það er deginum ljósara. Það hefur verið séð til þess að launa þeim stuðninginn í síðustu kosningum. En unga fólkinu og hinum fjölskyldunum í landinu eru bundnir enn þyngri baggar með þessari ákvörðun.

En athugum aðeins betur hvað stendur í stefnuræðu forsrh. um þetta mál. Þar segir: „Flokkarnir undirstrika

báðir það meginverkefni að rétta hlut þeirra sem höllum fæti standa og hjálpa þeim til sjálfsbjargar." — Ja, hver trúir þessu? Trúir því einhver að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar verði til þess að auka stöðugleika og draga úr þenslu? Trúir því einhver að vaxtahækkanir nú og aukinn fjármagnskostnaður verði til þess að bæta stöðu atvinnulífs og heimila? Trúir því einhver að þessar aðgerðir verði til þess að búa atvinnufyrirtækin í landinu betur í stakk til að standa að nýjum kjarasamningum og rétta þar hlut þeirra sem nú um sinn hafa setið eftir við gerð kjarasamninga? Trúir formaður Alþfl. því að þessar aðgerðir leiði til þess að hægt verði að bæta kjör þeirra lægst launuðu? Ég held að þessu trúi enginn nema ráðvilltir ráðherrar núv. ríkisstjórnar.

Það vakti athygli mína þegar ég heyrði þær fréttir frá aðalfundi Vinnuveitendasambandsins hversu vonlitlir menn á því heimili eru um að takast megi að minnka það launabil sem nú er orðið á almennum vinnumarkaði. Það er áhyggjuefni ef þeir sem að þessum málum vinna telja sig ekki sjá þar færa leið. Það er alvarleg uppgjöf. Núv. ríkisstjórn er ekki treystandi til að leysa svo viðkvæmt mál.

Ég spyr hæstv. utanrrh. og formann Alþfl. um loforðin þrjú. — Ég vona að hann heyri máli mitt, hvað heldur virðulegur forseti um það? (**Forseti:** Forseti vonar það líka en eins og hv. þm. veit þá er nú komið inn á þingflokksfundartíma svo það er kannski erfitt að halda mönnum hér inni í salnum af því að þingflokksfundir áttu að byrja kl. 4. En forseti mun að sjálfsögðu reyna að koma skilaboðum til hæstv. utanrrh.) Virðulegi forseti. Ég vakti máls á þessu áður en ég hóf ræðu mína. Ef það er svo að þingflokksfundir standa yfir á meðan þingfundir eru í deild þá óska ég eftir að gera hér hlé á máli mínu. (**Forseti:** Eins og hv. þm. veit þá eiga þingflokksfundir að byrja kl. 4. Forseti veit að vísu ekki hvort menn bíða eftir því að geta hafið fundi meðan umræða er hér en það er það eina sem hann getur sagt að það er kominn tími á okkur að gera hlé á þessari umræðu. Ef hv. þm. á mikið eftir af sinni ræðu er kannski alveg eins heppilegt að fresta henni hér og nú nema ef hv. þm. er um það bil að ljúka henni.) Nei, ég er ekki um það bil að ljúka henni. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað að eitthvað af ráðherrageginu, hæstv. ráðherrum, yrðu nú hér inni, alla vega hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. Virðulegi forseti. Ég ætlaði að tala við hæstv. utanrrh.. Ætli hann sé ekki fáanlegur til að koma hér upp litla stund og sitja hér? (**Forseti:** Það skal upplýst að það er nú þegar búið að gera ráðstafanir til þess að hæstv. utanrrh. komi í salinn.) Ég er nú alveg hissa á því hvað það gengur illa að fá ráðherra í þessa stóla eins og þeir virðast annars vera eftirsóttir, að menn skuli ekki tolla meira í þeim. Það hlýtur að vera eitthvað annað sem býr að baki. (**Forseti:** Forseti verður nú að gera athugasemd við þetta vegna þess að honum finnst ráðherrar yfirleitt hafa setið hér þessa viku sem þessi umræða hefur staðið yfir meira og minna við umræðurnar. Það er svo með hæstv. forseta eins og hv. þm. að það kemur fyrir að þeir þurfi að bregða sér frá. Forseti vill endilega vekja athygli hv. þm. á því að hæstv. forsrh. hefur nær undantekningarlaust verið hér viðstaddur þessa umræðu.) Já, enda gaf ég hæstv. forsrh. sérstakan hónor í upphafi míns máls fyrir það hvað hann hefði setið hér við þessa umræðu, en hann er nánast sá eini af ráðherrunum sem það hefur gert. En mér er ekkert að vanbúnaði að bíða. Nóttin er björt og eins og við segjum þá er gaman að vaka og þess vegna getum við hinkrað hér litla stund. (**Forseti:** Vill nú ekki hv. þm. nota tímann og ræða það sem snýr að hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh.? Þeir eru báðir búnir að sitja hér.) Þeir eru búnir að sitja hér en þetta fer saman og það er erfitt að hafa ekki fulltrúa Alþfl. og ráðherra hér inni því þessi stjórn hefði aldrei orðið til nema fyrir tilverknað þeirra. Því það eru auðvitað þeir sem eru ábyrgðarmennirnir fyrir því sem við erum hér að ræða. — Hér gengur í salinn hæstv. utanrrh. og ég biðst afsökunar á því að vera að raska ró hans.

Ég var þangað kominn í máli mínu áðan að ég ætlaði að spyrja hæstv. utanrrh. og formann Alþfl. frekar út í loforðin þrjú sem hann hafði gefið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Ég vil þá spyrja hæstv. utanrrh. og formann Alþfl.: Hvað er Alþfl. tilbúinn að sitja við hátt verðbólgustig í þessari ríkisstjórn? Hvað er formaður Alþfl. tilbúinn að sitja við hátt vaxtastig í þessari ríkisstjórn og hvað er formaður Alþfl. tilbúinn að ganga langt til að jafna laun í þessu landi?

Hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. hefur afdráttarlaust lýst því yfir að ef sá árangur náist ekki í þessum grundvallarmálum fari Alþfl. úr ríkisstjórninni. Því er það svo nauðsynlegt að ráðherrann tali alveg skýrt og milliliðalaust til þings og þjóðar í þessum þremur punktum.

Á almennum fundi kratanna mun formaður þeirra hafa lýst því yfir að Alþfl. hafi lagt mikið kapp á það í stjórnarmyndunarviðræðum þessara flokka að Alþfl. fengi í sinn hlut sjútvrn. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir. Þá hafi verið gert heiðursmannasamkomulag milli formanna stjórnarflokkanna að setja á fót nefnd til að endurskoða fiskveiðistefnuna og gera tillögu til ríkisstjórnarinnar. Alþfl. fengi formann þessarar nefndar. Nú ber hæstv. forsrh. þetta til baka og segir nefndina skipaða með fullu jafnræði stjórnarflokkanna. Sjútvrh. skipi svo formann nefndarinnar en Alþfl. fær að gera tillögur um hann, en það fær Sjálfstfl. einnig ef ég hef skilið orð hæstv. forsrh. rétt.

Eitt enn er nauðsynlegt að fá alveg skýrt fram. Er þessari nefnd aðeins ætlað það verk að samræma stefnu Alþfl. og Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum eða á hún að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990? Í þeim lögum segir svo m.a., virðulegi forseti: „Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun." Hér er um grundvallarmál að ræða. Er því mjög nauðsynlegt að allur vafi sé af tekinn. Ætlar ríkisstjórnin að ganga á svig við þessa samþykkt Alþingis?

Hæstv. utanrrh. sagði í umræðunum þann 27. maí sl. að þessi nefnd ætti að koma með fullmótaða stefnu um breytingar á sjávarútvegsstefnunni, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu. — Ég endurtek, fullmótaða stefnu um breytingar á sjávarútvegsstefnunni. Ég spyr því hæstv. sjútvrh.: Eru þessi ummæli hæstv. sjútvrh. sögð eins og úr hans munni eða er hér eitthvað ofsagt? Eða það sem verra væri, er eitthvað sem ósagt er í þessu máli? Er stefnan alls ekki skýr? Að þessu spyr ég hæstv. sjútvrh. og bið hann að tala skýrt í þessu máli.

Vegna ítrekaðra yfirlýsinga ráðherra og þingmanna stjórnarflokkanna þurfa að fást mjög skýr svör ráðherra um hvort ætlunin sé einnig að breyta lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Svo samofin eru þau mál stjórnun fiskveiða að við því verða að fást svör.

Í stefnuræðu forsrh. segir: „Taka verður ríkt tillit til ákvæðis í lögum um stjórn fiskveiða að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar. Þetta grundvallaratriði þarf að vera virkt," segir í stefnuræðunni. Hvað er hæstv. forsrh. að tala um, þar sem hann segir að þetta grundvallaratriði þurfi að vera virkt? Að hverju er hér látið liggja, hæstv. forsrh.?

Í stjórnarmyndunarviðræðunum setti Alþfl. það fram sem kröfu að ríkið fengi um 5 milljarða kr. í tekjur af veiðileyfasölu. Því spyr ég hæstv. utanrrh.: Er þetta ekki rétt? Það er nauðsynlegt að um þetta fáist skýr svör og þá um leið um undirtektir Sjálfstfl. við þessum auðlindaskattstillögum Alþfl. Hafnaði Sjálfstfl. þessum tillögum? Það er því miður ekki ljóst, en við skulum vona að það hafi verið gert. Og hvaða kerfi eru menn að tala um að þurfi að vera virkt, ráðherrar góðir?

Virðulegi forseti. Umræður um stefnuræðu forsrh. hafa orðið nokkuð langar, en þó er mjög margt enn ósagt í þeim efnum. Það vekur vissulega athygli mína hve lítið er sagt í stefnuyfirlýsingunni m.a. um iðnaðarmál. Ráðherra þeirra mála má ekki gleyma sér svo við samninga við erlend risafyrirtæki að íslenskur iðnaður beri tjón af. Ég sakna þess einnig að sjá ekkert í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar um íþrótta- og æskulýðsmál. Ég sakna þess að sjá ekkert um jafnréttis- og fjölskyldumál og ég sakna þess einnig að það er hvergi minnst á menningarmál og listir. Allt þetta og miklu fleira, hæstv. forseti, eigum við eftir að ræða hér áfram í kvöld.

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. spurðist fyrir um með hvaða hætti yrði staðið að endurskoðun núverandi laga um stjórn fiskveiða. Það hefur áður komið fram að stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að hafa með sér hið besta samráð um þessa endurskoðun. Hér er um að ræða eitt af mikilvægustu verkefnunum sem við blasa og það er fullkomlega eðlilegt að stjórnarflokkar ákveði við upphaf samstarfs að standa á þann veg að slíkri endurskoðun að sem best samstarf sé á milli flokkanna frá upphafi vega í því efni. Það kemur býsna skringilega fyrir sjónir þegar talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna eru að reyna að gera það tortryggilegt þegar greint er frá því í upphafi að á þann veg eigi að standa að endurskoðun á svo mikilvægri löggjöf. Þvert á móti finnst mér að yfirlýsingar og samkomulag um þetta efni eigi frekar að vekja traust og séu frekar til þess fallnar að vekja traust bæði almennings í landinu og eins þeirra sem starfa í atvinnugreininni. Og það skýtur býsna skökku við þegar talsmenn stjórnarandstöðunnar eru að reyna að gera málið tortryggilegt fyrir þá sök að menn hafa einsett sér að starfa saman að endurskoðun þessara mikilvægu mála.

Hv. þm. vitnaði í bráðabirgðaákvæði laganna sjálfra sem kveður á um með hvaða hætti eigi að standa að þessari endurskoðun. Samkomulag stjórnarflokkanna um að setja á fót sérstaka nefnd til þess að vinna að endurskoðun var gert með tilvísun í þetta ákvæði laganna og er á því byggt. Í lögunum segir í VII. ákvæði til bráðabirgða: „Sjútvrh. skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga."

Kjarninn í þessu ákvæði er sá að athugunin á að beinast að mismunandi kostum við stjórn fiskveiða og við það skal miðað að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Það á að meta þá kosti sem eru fyrir hendi. Þar er ákvörðun þeirra sem stóðu að þessari lagasetningu á sínum tíma. Framsfl. hafði forustu fyrir þessari lagasetningu. Það var hann sem hafði forustu fyrir því að þetta ákvæði var sett í lög þar sem það er bundið að endurskoðunin eigi að ná til athugunar á öllum þeim kostum sem fyrir hendi eru við fiskveiðistjórnun. Fyrrv. ríkisstjórnarflokkar bera með öðrum orðum ábyrgð á því að þetta hefur verið fest í lög. Við endurskoðun á lögunum, sem fram fer á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem nú hefur tekið við, verður að sjálfsögðu farið eftir þessu ákvæði laganna og allir þeir kostir sem fyrir hendi eru verða teknir til skoðunar og mats. Ég lít ekki svo á að fyrrv. ríkisstjórn hafi verið að stefna hagsmunamálum sjávarútvegsins í einhverja óvissu þó að hún hafi sett niður lagaákvæði með þessu orðalagi. Það samkomulag sem gert hefur verið milli stjórnarflokkanna er í fullkomnu samræmi við þetta, að athugaðir verði allir kostir sem fyrir hendi eru. Um það ætti ekki að þurfa að verða ágreiningur og að sjálfsögðu verður farið eftir þeim lagaskyldum sem hér hefur verið vitnað til.

Í annan stað segir í þessu VII. ákvæði til bráðabirgða: „Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Hér er með öðrum orðum skýrt kveðið á um það að við þessa endurskoðun skuli hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi, svo sem gert hefur verið fram til þessa. Og það er kveðið á um að það skuli hafa samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis, með öðrum

orðum að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna séu kallaðir þar til ábyrgðar. Með formbundnum hætti verður þetta samráð haft í samræmi við skýr ákvæði þessara laga. Hvernig verður því fyrir komið? Endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar þar um, en stjórnarflokkarnir hafa gert ráð fyrir því að setja á fót nefnd sem ég tel að sé hæfilega skipuð með því að þar sitji sjö fulltrúar frá stjórnarflokkunum sem mundi hafa yfirumsjón með þessu verki. Samhliða þeirri nefnd mundi starfa önnur, formbundin nefnd þar sem þeir aðilar sem lögin tilgreina ættu sína fulltrúa þannig að samráð við þá verði formbundið í samræmi við ákvæði laganna. Með þessum hætti tel ég að sé staðið á sem bestan hátt að þeirri endurskoðun sem núverandi stjórnarflokkar hafa komið sér saman um og í fullu samræmi við ákvæði laganna. Og á þennan hátt tel ég að megi ná sem bestri stjórn á þessu vandasama verki og tryggja eðlilegt samráð allra.

Það er ekkert launungarmál að við setningu núverandi laga var býsna erfitt að vinna það verk í svo stórri samráðsnefnd sem raun bar vitni og ég hygg að það hafi verið mat margra sem að því verki komu að heppilegt hefði verið að hafa þar yfirstjórn sem skipuð væri færri aðilum til þess að verkstýra og leggja meginlínur og það hlýtur að vera á ábyrgð ríkisstjórnarflokka á hverjum tíma. Þess vegna tel ég að skipan af þessu tagi muni leiða til þess að verkið verði unnið á sem bestan og skipulegastan hátt og í fullu samræmi við ákvæði þeirra laga sem hér er verið að endurskoða.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. spurði einnig um afstöðu til Hagræðingarsjóðs og Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Ég geri ráð fyrir því að lög um þessa sjóði verði endurskoðuð. Að því er varðar Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þá hef ég lýst því yfir að þar verði ekki gerðar á neinar breytingar að svo stöddu. Það liggur fyrir mat aðila að kjarasamningum þess efnis að á meðan núverandi kjarasamningar gilda óska þeir eftir að engar breytingar verði þar á gerðar. Þessi ríkisstjórn vill fyrir sitt leyti standa að því að núverandi kjarasamningar haldi og því verða ekki gerðar neinar breytingar hér á á næstunni. En vitaskuld hlýtur að koma til þess að lögin verði tekin til endurskoðunar.

Sama má segja um Hagræðingarsjóðinn. Sjálfstfl. greiddi atkvæði á móti honum á sínum tíma, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. muni, vegna þess fyrst og fremst að við töldum að með þeim lagaákvæðum hefði þáv. ríkisstjórn stigið fyrstu skrefin til veiðileyfasölu. Gagnrýni okkar á Hagræðingarsjóðinn var fyrst og fremst fólgin í því og okkur þótti sem páv. sjútvrh. hefði verið helst til of undanlátssamur í því efni að opna fyrir veiðileyfasölu. Ákvæðin um þennan sjóð verða eins og annað tekin til endurskoðunar, en á næstunni verða engar breytingar gerðar þar á. Síðasta þing gerði breytingar á upprunalegum lögum til þess að sjóðinn mætti nota í þeim tilgangi að koma til móts við vanda loðnuveiðiskipa. Vel má vera að það þurfi að huga að því fyrir næsta haustþing að þær breytingar þurfi að framlengja vegna þess að nú horfir ekki byrlega fyrir loðnuveiðum. Ástandið fram undan er ekki bjart í því efni þannig að ég tel að það komi til athugunar hvort þau bráðabirgðaúrræði sem síðasta þing ákvað í því efni þurfi að framlengja á haustþingi.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Nokkru áður en umræðum um stefnuræðu var frestað í fyrrinótt var beint til mín spurningum um ákveðin efnisatriði varðandi mengunarvarnir í nýju álveri. Það gerðu hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson og hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson. Spurningar þeirra voru nánast samhljóða og raunar er það nú svo að svör við spurningum þeirra höfðu að nokkru komið fram fyrr um kvöldið í ræðu hæstv. iðnrh. En um það efni sem um er spurt skal þó þetta sagt:

Fulltrúar umhvrn., mengunarvarnadeildar Hollustuverndar og iðnrn. hafa setið fundi í Þýskalandi með fulltrúum Atlantal-hópsins vegna starfsleyfis fyrir álver á Keilisnesi. Ég ætla ekki að tíunda hér í smáatriðum þau efnisatriði sem þar hafa verið til umræðu, en vil þó segja að í þeim umræðum hefur verið góður andi og ég lít svo á að samkomulag hafi tekist í öllum meginefnum varðandi þessi mál. Ég tek þó fram að lokið er samtölum um þær umhverfisrannsóknir sem nauðsynlegt er að fari fram í grennd við Keilisnes og á þessu svæði. Um það verður rætt þegar fulltrúar samningsaðila okkar varðandi byggingu álvers koma hingað til lands eftir u.þ.b. fjórar vikur eða seint í júnímánuði.

Ég ítreka það sem áður hefur verið sagt að í nýju álveri á Keilisnesi verða gerðar strangar kröfur um mengunarvarnir og á þeim staðið. Það verða gerðar ýtrustu kröfur og sambærilegar við það sem tíðkast í hliðstæðum nýjum iðjuverum í öðrum löndum.

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið. Í raun og veru stytti svar hæstv. sjútvrh. áðan mitt mál að verulegu leyti vegna þess að það voru ákaflega skýr svör sem þar komu fram. Áður en ég held lengra vildi ég hins vegar óska eftir því, af því að ég veit að hæstv. sjútvrh. er í húsinu, að forseti gerði ráðstafanir til þess að hann yrði hér viðstaddur þegar á mitt mál liði.

Einnig hefði ég þurft að eiga orðastað við hæstv. forsrh. vegna þess sem fram kom hér í hans máli áðan. Það kom fram hjá hæstv. landbrh. í ræðu hans að hann stæði við hvert orð af því sem hann hefði sagt um búvörusamninginn. Það var býsna merkilegt. Ég er hér með Dagblaðið frá þriðjudeginum 7. maí þar sem blaðamennirnir Haukur Hauksson og Kristján Ari Arason spyrja hæstv. landbrh. út í stefnuna í landbúnaðarmálum. Fyrsta spurningin er svona, með leyfi forseta: „Alþfl. vill skera kostnað vegna búvörusamningsins niður um a.m.k. 5 milljarða. Hver er afstaða þín til þessa?" „Alþýðuflokkurinn átti sæti í þeirri ríkisstjórn," svarar hæstv. landbrh., „sem gerði þennan búvörusamning. Ég hef ekki rætt það við Alþfl. hvaða hugmyndir hann hefur til að ná fram 5 milljarða sparnaði. Það er of snemmt að spyrja menn hvernig þeir ætli

að bregðast við viðkvæmum málum sem varða heila starfsstétt eftir aðeins viku setu í ráðuneyti."

Þá spyrja blaðamennirnir: „Ætlar þú að framfylgja stefnu Alþfl. í landbúnaðarmálum?" „Ég veit ekki hver hún er," er svar hæstv. landbrh.

Í þriðja lagi spyrja þeir: „Hvaða breytingar vilt þú gera á búvörusamningsdrögunum?" Svar hæstv. landbrh. er þetta: „Búvörusamningurinn er bindandi að því leyti sem tekur til niðurskurðarins og fyrirgreiðslu til bænda." — Og fyrirgreiðslu til bænda. Það er það auðvitað sem skiptir höfuðmáli.

Hér áðan gerði forsrh. allar þessar yfirlýsingar, sem hæstv. landbrh. var að taka fram að hann stæði við, í raun og veru ómerkar þegar hann sagði að þetta þyrfti allt saman að skoða. Á bls. 16 í stefnuræðu hæstv. forsrh. segir, með leyfi forseta: „Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár." Núna, viku seinna hefur hæstv. forsrh. breytt þessari stefnu hér í þingsalnum. Það sem stóð í stefnuræðunni gildir því ekki lengur.

Fleira ætla ég ekki að segja um landbúnaðarmál en vil segja nokkur orð um sjávarútveginn og þá hefði ég gjarnan viljað að hæstv. sjútvrh. væri viðstaddur. Fyrst ætla ég að vísa í orð úr ræðu hæstv. utanrrh. frá umræðunni í fyrrakvöld þar sem hann segir: „Nú er það svo að það eru skiptar skoðanir í öllum stjórnmálaflokkum, jafnvel líka Framsfl., um fiskveiðistjórnina. Og það er alveg ljóst að sú stefna sem Alþfl. hefur gert að sinni hefur ekkert verið samþykkt fyrir fram í þessu stjórnarsamstarfi út af fyrir sig, þ.e. sá þáttur stefnunnar sem er tillaga um að taka upp gjaldtöku fyrir veiðileyfi í áföngum á næstu árum hefur ekki verið hafnað," eins og hæstv. utanrrh. leggur áherslu á. „Því hefur hins vegar ekki verið slegið föstu að hún skuli koma til framkvæmda. Ástæðurnar fyrir þessu eru mjög einfaldar." Nú vildi ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Tekur hann undir þessi orð hæstv. utanrrh. úr umræðunni fyrir tveimur kvöldum síðan að því hafi ekki enn þá verið slegið föstu að innheimta á gjaldi fyrir veiðileyfi komi til greina? Telur hæstv. sjútvrh. að þetta komi til greina?

Ég vil vitna í viðtal við hæstv. sjútvrh. sem Morgunblaðið átti við hann. Á aðalfundi Íslenskra sjávarafurða hf., sem er gamla Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, segir hæstv. sjútvrh.: „„Ætlunin er hins vegar ekki að skipta um kerfi annað eða þriðja hvert ár. Sjávarútvegurinn verður að byggja á því kerfi sem nú er. Þetta kerfi er þó ekki gallalaust og við verðum að þróa það og sníða af því gallana," fullyrti Þorsteinn. Hann sagði að fiskimiðin væru sameign þjóðarinnar og hugsanlega yrði að binda þennan sameiginlega rétt í stjórnarskrá. „Ég er andvígur því að stjórna veiðum með skattheimtu eða uppboði á veiðileyfum.""

Í Dagblaðinu 3. maí var sjútvrh. í yfirheyrslu hjá blaðamanni Dagblaðsins. Blaðamaðurinn spyr hæstv. sjútvrh. þannig: „Þú lýsir því yfir í DV í vikunni að hugmyndum krata um leigukvóta yrði stungið undir stól og undir engum kringumstæðum hrundið í framkvæmd. Má búast við einhverri breytingu á þessari afstöðu þinni?" Svarið er mjög skýrt eins og þau voru skýr sem komu hér fram áðan frá hæstv. sjútvrh. Svarið er nei. „Ertu hlynntur auðlindaskatti?" er þá spurt. „Nei," er svar hæstv. sjútvrh. „Ég tel að auðlindaskattur feli í sér aukin ríkisumsvif, hann dregur fjármuni frá atvinnugreininni. Þetta er í eðli sínu landsbyggðarskattur sem dregur fjármuni frá landsbyggðinni til miðstjórnarvaldsins. Það er andstætt mínum grundvallarhugmyndum í pólitík." Þannig orðar hæstv. sjútvrh. það.

Nú vil ég því spyrja hæstv. sjútvrh. Og af því að hæstv. utanrrh. lét liggja að því í umræðunni fyrir tveimur kvöldum síðan að það væri auðvitað ekki sjútvrh. að ákveða hvort þetta gjald yrði sett á eða ekki heldur væri það fjmrh. Og hann ítrekar það í blaðaviðtali við Dagblaðið daginn eftir að það sé fjmrh. að ákveða það hvort tekið verði gjald fyrir kvótana og það þýði ekki fyrir einhverja að þverskallast við í þeim efnum þegar loka þurfi fjárlögunum. En hæstv. sjútvrh. segir að þetta sé andstætt sínum grundvallarhugmyndum. Verði það nú ofan á hjá hæstv. fjmrh. að leggja slíkan skatt á sjávarútveginn, mun hæstv. sjútvrh. þá starfa undir þeim kringumstæðum í þessari ríkisstjórn sem sjútvrh.?

Ég ætlaði einnig að spyrja hæstv. sjútvrh. út í nefndarskipunina sem gerð hefur verið að umtalsefni. Hans svör voru svo skýr og greinargóð hér áðan í þeim efnum að ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í morgun fór ég yfir alla þá umræðu sem fram hefur farið um stefnuræðu hæstv. forsrh. og fór m.a. yfir þá þætti sem hér hafa aðallega verið ræddir að undanförnu, t.d. um sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál. Það var í raun og veru mjög athyglisverð yfirferð að virða það fyrir sér hvernig þessi mál hafa þróast í umræðunni og gjörbreyst frá því að umræðan hófst og þar til henni er u.þ.b. að ljúka.

Ef við lítum fyrst á sjávarútvegsmálin þá koma þau mér svona fyrir sjónir, virðulegi forseti. Í fyrsta lagi sagði Alþfl.: Við viljum sjútvrn. Alþfl. fékk ekki sjútvrn. Þá var hopað í það vígi á fundi, ég held hér í Reykjavík einhvers staðar, að Alþfl. hefði formann í nefnd sem ætti í raun og veru að móta sjávarútvegsstefnuna. Það dugði ekki heldur. Það var ekkert drengskaparsamkomulag á bak við það. Þá kom forsrh. hæstv. fram á sviðið og sagði í þriðja lagi: Það verður samráð um formann. Og þá kom fram í fjórða lagi hjá hæstv. utanrrh. og formanni Alþfl. að Alþfl. hefði allra náðarsamlegast tilnefningarrétt. Þannig að sjávarútvegsráðuneytisforusta Alþfl. hefur núna á þremur dögum eða svo breyst í tilnefningarrétt. Og það má segja að það sé út af fyrir sig nokkuð göfugt að sætta sig við lítinn hlut. En það er athyglisvert fyrir þann flokk sem ætlaði sér mikið í kosningabaráttunni í þessum málum og eftir kosningarnar, myndaði stjórnina að sögn til að breyta sjávarútvegsstefnunni í grundvallaratriðum, að allt talið, allar yfirlýsingarnar eru núna

orðnar tilnefningarrétturinn einn.

Það er líka mjög merkilegt, virðulegur forseti, að virða það fyrir sér að hæstv. utanrrh. hefur aftur og aftur sagt: Það á ekki að vera að hafa samráð við hagsmunaaðila í þessu máli. Það á ekki að láta þá ráða hlutunum. Stjórnarflokkarnir eiga að móta sína stefnu og ganga fram með hana. Hvað gerist síðan í því máli? Það að hæstv. sjútvrh., á síðustu klukkustund þeirrar umræðu sem fram fer um stefnuræðu forsrh., segir: Það á að mynda nefnd stjórnarflokkanna en það á líka að hafa samráð við hagsmunaaðila samhliða, ekki á eftir eins og hæstv. forsrh. var búinn að segja. Hann var búinn að lýsa því yfir að fyrst ætlaði stjórnin að móta sér stefnu og svo átti að hafa samráð. Nei, hæstv. sjútvrh. hefur alveg tekið af skarið í þessu efni sem betur fer og sagt: Það verður að vísu mynduð nefnd á vegum stjórnarflokkanna en samhliða verður unnið að málinu með hagsmunaaðilum og með sjútvn. þingsins. (Gripið fram í.) Eins og stendur í lögunum með skýrum hætti sem hæstv. utanrrh. hafði gefið í skyn að ætti að breyta. Þannig er nú hlutur þeirra alþýðuflokksmanna auðvitað orðinn alveg hverfandi lítill í þessu máli og von að þeir skuli allir vera farnir úr salnum. Er það vissulega í samræmi við þá fylgisþróun sem maður hefur séð hjá Alþfl. undanfarnar vikur. Það er ekkert eftir, það er ekkert eftir.

Varðandi annað meginmál þessara umræðna, sem ég vildi aðeins fara hér yfir, vil ég segja þetta. (**Gripið fram í:** Á ekki að auglýsa eftir Alþfl.?) Æ, ég veit ekki hvort það tekur því. Ég ætla að auglýsa eftir landbrh. (***Gripið fram í:*** *Hann er ekki í Alþfl.*) *Ég veit að* hann er ekki Alþýðuflokkurinn. Ég vil samt fá hann. Hæstv. forseti, hvort mundi vera hugsanlegt að finna nokkurs staðar eins og einn landb.- og samgrh.? (**Forseti:** Hann er skráður í húsinu og ég mun óska eftir að hann komi.) Já, það er fínt að fá hann.

Varðandi sjávarútvegsmálin, meðan við hinkrum aðeins eftir landbrh., þá hefur það auðvitað líka komið mjög skýrt fram að hæstv. sjútvrh. hefur algjörlega vikið frá þessari veiðileyfasölu og skattlagningu á sjávarútveginum. Algerlega vísað því út í ystu myrkur. Það sem eftir stendur af hinum hátimbruðu yfirlýsingum Alþfl. í sjávarútvegsmálum er tilnefningarréttur á formanni. *Það er reisn yfir þessu, það er reisn yfir þessu,* virðulegur forseti. (**Gripið fram í:** Það er vafi á því öllu.) Með tilnefningarréttinn? (**Gripið fram í:** Já.) Þá fer nú að fjúka í flest skjól. En þá sé ég að birtist hér í dyrunum vinur minn hæstv. landbrh., 2. þm. Norðurl. e., og ég vildi aðeins víkja að þeim málum.

Þau ganga þannig fyrir sig í þessari stefnuumræðu, sem hefur staðið í tvö og hálfan eða þrjá sólarhringa eða svo, sem sýnir hvað ríkisstjórnin er nú stefnuföst að hún getur ekki haldið sömu stefnunni út heila stefnuumræðu, að það byrjar á því að hæstv. forsrh. segir: Hér verður fylgt óbreyttri stefnu í landbúnaðarmálum. Það var í fyrstu ræðu. Það kom að vísu fram í ræðu hæstv. utanrrh. að hann hafði ekki lesið þá ræðu áður en hún birtist, sem er nú ákaflega athyglisvert. Látum það vera. Síðar í umræðunni segir hæstv. utanrrh., þessi með tilnefningarréttinn í sjávarútveginum: Það liggur fyrir mikilvægt stefnuskjal í landbúnaðinum. Það hefur verið unnið mikilvægt stefnuskjal í landbúnaðinum um að taka á landbúnaðarmálunum. Síðan hlupum við í það hér nokkrir í dag að auglýsa eftir þessu stefnuskjali og það bólaði ekkert á því. Enda kom hæstv. forsrh. og bætti um betur, það er þriðja skrefið á þessari vegferð, og sagði: Þetta er svo sem ekkert stefnuskjal, þetta er eins og hver önnur plögg stjórnmálaflokka. Síðan, þegar saumað var að ráðherrunum aðeins frekar þá sagði hann: Þetta skjal hefur ekkert stjórnskipulegt gildi. Síðan kemur hæstv. landbrh., ég kann nú ekki við að hæla honum eins mikið og ég vildi vegna þess að ég er viss um að það mundi koma honum illa. Hann segir: Búvörusamningur, takk. En þá gerast hér mikil undur í salnum. Sessunautur hæstv. forsrh. fer að ókyrrast mjög verulega og forsrh. tekur sig upp og flytur eina ræðuna til, en hann hefur flutt hér fleiri ræður en nokkur annar maður í þessum umræðum. Og hvað segir hann? Hann segir, eins og hv. 2. þm. Suðurl. benti á áðan: Það er fyrirvari um stuðningsaðgerðirnar í búvörusamningnum. Það eru ekki lítil tíðindi, virðulegur forseti.

Hverjar eru stuðningsaðgerðirnar í búvörusamningnum? Hvað er þar verið að tala um? Þar er verið að tala um hvorki meira né minna en allar forsendur þeirra ákvarðana sem hæstv. landbrh. tók og sendi út með bréfi 11. maí sl., þar sem birtast starfsreglur um kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu samkvæmt 1. hluta aðlögunar. (**Landbrh.:** Var tryggilega gengið frá samningum í síðustu ríkisstjórn?) Það var *eins og mögulegt var miðað við þá bandamenn sem við* vorum með og þú átt nú eftir að kynnast betur, hæstv. ráðherra. Nema hvað, þetta skjal er sent út. Það er sent til bænda og allra hlutaðeigandi aðila og nú á að fara að vinna eftir þessu skjali. Hvað gerist þá? Þá gerist það að hæstv. forsrh. kippir hinni hliðinni undan þessum samningi sem er stuðningsaðgerðirnar og allar bókanirnar sem fylgja búvörusamningnum. Það gerir hann með þeim orðum sem hann hafði fyrr í dag að það væri fyrirvari um stuðningsaðgerðirnar.

Hverjar eru þessar stuðningsaðgerðir? Þær birtast í viðauka II með búvörusamningnum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Jarðasjóð, Byggðastofnun og Lífeyrissjóð bænda. *Þær snerta þætti eins og vaxta- og* geymslugjöld, verðlagningu, viðskipti með fullvirðisrétt og greiðslumark, rannsóknir og leiðbeiningar, ný atvinnutækifæri, skattamál, landgræðslu og skógrækt, vandamál ungra bænda sérstaklega. Allir þessir þættir eru þá núna undir fyrirvara frá hæstv. forsrh.

Auðvitað geta menn skipst á skoðunum og orðum í þessum virðulega sal undir ýmsum formerkjum og oft haft gaman af því sem hér er að gerast eins og gengur, sem betur fer, annars væri ekki líft hér. En þannig háttar til með mál eins og þetta að hér er verið að tala um kjarasamning sem snertir heila stétt, samning sem gerður er af ríkinu annars vegar og bændastéttinni hins vegar. *Og það er mikið alvörumál af forsrh. landsins* að segja: Það er fyrirvari við alla hina hlið samningsins.

Hæstv. forsrh. benti á í ræðu sinni fyrr í dag að bú-

vörusamningurinn væri undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis við nauðsynlegar lagabreytingar. Hvað þýðir sá fyrirvari? Hann þýðir það að þeir sem að samningnum standa og greiða honum með einhverjum hætti atkvæði á Alþingi eru að taka á sig pólitíska ábyrgð á því að samningurinn verði framkvæmdur. Hverjir hafa tekið á sig þessa pólitísku ábyrgð nú þegar? Allir þeir flokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi með því að greiða atkvæði með lánsfjárlögunum fyrir tveim mánuðum eða svo. Með því að lánsfjárlögin kveða á um tiltekna þætti í þessum efnum upp á 1,7 milljarða, ef ég man rétt, þá er það þannig eins og hv. 2. þm. Suðurl. sagði fyrr í dag að það er litið þannig á að Alþingi sé búið að taka ábyrgð á búvörusamningnum. Og ég bendi á í þessu sambandi að hv. 2. þm. Suðurl. gegnir mjög mikilvægum trúnaðarstörfum fyrir bændastéttina í landinu þannig að það er vert að veita orðum hans í þessu sambandi sérstaka athygli.

Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég tel það algerlega óhjákvæmilegt út af þeim orðum sem féllu hjá hæstv. forsrh., þar sem hann setur fyrirvara við helminginn af búvörusamningnum í raun og veru, að þetta mál verði rætt nánar. Við alþýðubandalagsmenn fyrir okkar leyti áskiljum okkur allan rétt til þess, hvort sem það gerist undir umræðunni um ríkisfjármál hér síðar í dag eða með öðrum hætti, en það er algerlega nauðsynlegt að þessu þingi ljúki ekki án þess að ríkisstjórnin hafi gert þetta mál alveg skýrt. Stendur hún að búvörusamningnum eða ekki? (**Gripið fram í:** Og bakskjölin?) Ég tel satt að segja að ef þinginu lýkur án þess að þetta mál verði gert hreint sé framkvæmdin á fyrsta þætti aðlögunar búvörusamningsins í raun og veru öll í uppnámi. Það er ekki hægt að stefna bændastéttinni og öðrum aðilum þessa máls inn í algera óvissu sumarsins, það er ekki hægt að ljúka þinginu, þessu stutta þingi, öðruvísi en að á þessum málum verði tekið. Nú gæti farið svo að hæstv. landbrh. væri tilbúinn til að manna sig upp í það að mótmæla þessum fyrirvara hæstv. forsrh. En eins og málið liggur núna er það því miður í uppnámi út af þessum yfirlýsingum hæstv. forsrh.

Það sem liggur því fyrir, virðulegi forseti, í þessum tveimur stóru málum, annars vegar landbúnaðarmálunum og hins vegar sjávarútvegsmálunum, er þetta: Það virðist vera bullandi ágreiningur á milli flokkanna um efnistök í báðum málunum. Það virðist vera verulegur ágreiningur innan Sjálfstfl. í báðum þessum málaflokkum, verulegur ágreiningur. Það sem liggur hins vegar fyrir er það að hæstv. sjútvrh. hefur tekið af skarið í sjávarútvegsmálunum varðandi efnistök þeirra af fullri reisn andspænis yfirlýsingum forsrh. og utanrrh. Hæstv. landbrh. hefur hins vegar ekki treyst sér til að ganga fram með þeim hætti sem nauðsynlegt er gagnvart yfirlýsingum forsrh. í landbúnaðarmálum. Þess vegna hljóta þau mál að verða hér til umræðu, annaðhvort undir umræðunum um skýrslu fjmrh. eða með einhverjum öðrum hætti. Við alþýðubandalagsmenn hljótum að áskilja okkur allan rétt í þeim efnum.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að þó að stefnuumræða þessarar ríkisstjórnar hafi hafist með býsna dauflegum hætti og heldur svona undanrennukenndri ræðu hæstv. forsrh., þá hafi hún nú þróast þannig að hér sé að mörgu leyti um afar fróðlega umræðu að ræða. Það hefur komið í ljós að Alþfl. hefur orðið að bakka talsvert mikið í ýmsum málum. Það hefur komið í ljós að ríkisstjórnin hefur a.m.k. á yfirborðinu breytt um stefnu svo að segja frá degi til dags í þessum málum. Ég held að þó að kverið blása sé þunnt væri kannski full ástæða til þess að menn læsu það enn þá betur og hefðu þá til hliðsjónar þessa stefnuumræðu vegna þess að ég hygg að hún verði betri minnisvarði um upphaf þessarar ríkisstjórnar en flest annað því það rekur sig hvað á annars horn.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið. Umræða um stefnuræðu hæstv. forsrh. er orðin nokkuð löng og hefur leitt í ljós ýmsa athyglisverða hluti.

Það er fróðlegt að rifja það upp að árið 1971 var mynduð ríkisstjórn, vinstri stjórn hér á þessu landi. Þá var í vinnu sem dagskrárgerðarmaður hjá útvarpinu grínisti sem hafði þar með höndum þáttagerð. Sú ríkisstjórn gaf út málefnasamning og þessir grínistar sem unnu hjá útvarpinu kölluðu þann málefnasamning málamyndasamansetninginn. Nú er þessi grínisti orðinn forsrh. í þessu landi og ég held að það megi með réttu kalla þennan málefnasamning málamyndasamansetninginn. Það hefur þessi umræða leitt í ljós. Og einnig má kalla þessa stefnuræðu málamyndastefnuræðu því að það hefur komið í ljós við þessa umræðu að yfirlýsingar stangast nokkuð á. Einstakir ráðherrar hafa sem betur fer gefið hér út ákveðnar yfirlýsingar um sína málaflokka eins og hæstv. sjútvrh. gerði áðan, tók af skarið með það hvernig nefndaskipan í sjávarútvegsmálum á að verða. Það sparar mér að spyrja hann spurninga um þau mál.

Eigi að síður var erindi mitt upp í þennan ræðustól að spyrja spurninga og þá hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. um það með hverjum hætti þeir ætla að hafa samskipti við aðila vinnumarkaðarins í landinu og landssamtök. Það er ástæða til að spyrja slíkra spurninga vegna þess að þau mál hefur borið á góma í þessum löngu umræðum. Í morgun er leiðari í Alþýðublaðinu og kveikjan að honum eru þessar umræður hér. Lestur hans varð til þess að ég ákvað að inna eftir því hvort forustumenn ríkisstjórnarinnar eru sammála því sem hér er sagt. Hér segir svo, með leyfi forseta:

„Þótt eðlilegt og sjálfsagt sé á stundum að leita álits og umsagnar hagsmunaaðila þessara atvinnugreina“ — þar er átt við sjávarútveg og landbúnað — „er óþarfi að andi þeirra svífi yfir, undir og allt um kring í hvert skipti sem málefni þeim tengd ber á góma. Hagsmunaklíkurnar“ — takið eftir því — „hafa gott af því að verma áhorfendabekki af og til. Sjávarútvegsmálin, og þar með talin stjórn fiskveiða, hafa vafist fyrir stjórnmálaflokkunum. Þeir hafa átt erfitt með að móta heildstæða stefnu á því sviði sem taki mið af þeirri staðreynd að fiskimiðin eru sameign allrar þjóðarinn-

ar. Það er í senn hjákátlegt og aumkunarvert þegar stjórnarandstaðan og hagsmunapotarar kvótakónganna fyllast heilagri vandlætingu og hneykslan vegna þess að nokkrir aðilar frá stjórnarflokkunum ætla að setjst niður og ræða þessi mál í von um að komast að einhverri vitlegri niðurstöðu."

Síðar í þessum leiðara kemur niðurstaða hans sem er þannig, með leyfi forseta: „Það hlýtur því að vera ófrávíkjanleg krafa þjóðarinnar að kjörnir fulltrúar hennar fái að ræða þessi mál sín á milli án þess að hafa hagsmunaklíkur" — og takið eftir — „hagsmunaklíkur hangandi yfir sér, kjósi þeir svo. Málið mun á sínum tíma fá eðlilega umfjöllun í nefndum Alþingis og á Alþingi og hver veit nema hleruð verði viðhorf útgerðarmanna og fleiri aðila í fyllingu tímans."

Hæstv. sjútvrh. hefur tekið af skarið um það að hann ætlar ekki að hlera þetta í fyllingu tímans, heldur ætlar hann að hafa samráð eins og lögin gera ráð fyrir og ég fagna því. En hins vegar vil ég fá að heyra frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar og formönnum stjórnarflokkanna hvort þetta sé sá samskiptamáti sem á að ríkja við aðila vinnumarkaðarins, landssamtök ýmissa atvinnugreina, hvort það eigi að orða það þannig að menn ætli ekki „að hafa þessi samtök hangandi yfir sér" á meðan þeir eru að taka ákvarðanir. Mér finnst nauðsynlegt að vita þetta því að fram undan er erfitt tímabil hvað varðar þessi samskipti. Fyrrv. ríkisstjórn kappkostaði að hafa þessi samskipti góð og maður vissi ekki annað en um það væri breið pólitísk samstaða í þjóðfélaginu að hafa þessi samskipti sem best og hafa sem best samráð á þessum vettvangi.

Fram undan eru samningar í þá veru að framlengja þjóðarsátt. Ég var staddur á aðalfundi Vinnuveitendasambands Íslands og ég heyrði þann eindregna vilja hjá formanni Vinnuveitendasambandsins að framlengja þjóðarsátt. Hann sagði þar að hlutverk ríkisvaldsins í þeim samningum væri gríðarlega mikið og réði reyndar úrslitum um hvort þjóðarsáttin yrði framlengd eða ekki. Þessir samningar eru fram undan. Og það væri fróðlegt að heyra það hvort nú á að kasta þessum samskiptum fyrir róða og orða það þannig að menn vilji ekki hafa verkalýðshreyfinguna, Vinnuveitendasambandið, LÍÚ eða bændasamtökin hangandi yfir sér meðan menn eru að taka ákvarðanir í þessu þjóðfélagi.

Það var breið samstaða í þjóðfélaginu um að hafa þann vinnuhátt á eins og var í fyrrv. ríkisstjórn og ég vissi ekki annað en það væri breið samstaða um það einnig hjá þeim flokkum sem nú fara með stjórnartaumana. Ef svo er ekki, þá væri gott að heyra það úr þessum ræðustól hjá forustumönnum stjórnarflokkanna. Það er reyndar ófrávíkjanleg krafa að hæstv. forsrh. og utanrrh. komi upp í þennan ræðustól áður en umræðum lýkur og taki af skarið um það, á að halda því góða samráði og samskiptum við aðila vinnumarkaðarins sem verið hefur í næstu kjarasamningum?

Það er ekki ástæða til þess af minni hálfu að lengja þessa umræðu öllu meira. Ég vil aðeins áður en ég yfirgef þennan ræðustól taka eindregið undir það að það er auðvitað skýlaus krafa að áður en þessari umræðu lýkur eða þá umræðunni um ríkisfjármálin komi það fram hvort ríkisstjórnin ætlar að standa að stuðningsaðgerðunum við búvörusamning. Það var ófrávíkjanlegt skilyrði hjá bændastéttinni sem féllst á þessar sársaukafullu aðgerðir að stuðningsaðgerðirnar sem bókaðar eru með búvörusamningnum kæmu til framkvæmda og hægt væri að draga úr þeim gífurlegu áhrifum á byggð í landinu sem þessi búvörusamningur hefur óhjákvæmilega í för með sér. Það mætti tala um þetta langt mál, en ég ætla ekki að endurtaka það sem um þetta hefur verið sagt í mörgum ágætis ræðum við þessa umræðu.

Ríkisfjármál 1991.

Skýrsla fjmrh., 3. mál. — Þskj. 3.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það komu fram sérstakar óskir af hálfu þingmanna í stjórnarandstöðu um það að skýrsla um ríkisfjármál, stöðu, horfur og aðgerðir yrði til sérstakrar umræðu hér. Raunar var gert ráð fyrir því að sú umræða færi fram fyrr, eða í síðustu viku, en vegna langra umræðna um stefnuræðu hæstv. forsrh. hefur tafist að flytja þessa framsöguræðu og fylgja skýrslunni úr hlaði.

Strax eftir að stjórnarskipti urðu samþykkti ríkisstjórnin að gera úttekt á stöðu ríkisfjármálanna. Í stjórnarmyndunarviðræðunum lágu frammi upplýsingar frá fjmrn. og reyndar á síðasta degi einnig frá Ríkisendurskoðun. Á fyrstu vikum sem hæstv. ríkisstjórn starfaði var vandlega farið í saumana á ríkisfjármálum til að kanna rækilega hvernig raunveruleg staða ríkisfjármálanna væri við upphaf þessa stjórnartímabils. Þá kom að sjálfsögðu í ljós að ástandið var lakara en við var að búast. Jafnframt kom fram að ástandið var miklu lakara en talsmenn fyrrv. ríkisstjórnar sögðu fyrir kosningar og á ég þá sérstaklega við hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., sem hefur leyft sér að halda fram að ríkisfjármálin séu í allgóðu lagi og gert það reyndar svo lengi að eftir að upplýsingar lágu fyrir um annað í ráðuneytinu, þá hélt hv. þm., páv. ráðherra, blaðamannafund og sagði frá stöðunni allt öðruvísi en starfsmenn ráðuneytisins höfðu sagt honum á þeim tíma.

Sumir hafa talið að kosningar séu í eðli sínu nokkurs konar efnahagsvandi. Það er kannski hægt, með leyfi forseta, að rifja upp ummæli eins kunns hagfræðings sem hefur skrifað orðrétt nú þegar stjórnarskipti áttu sér stað: „Kosningar eru í eðli sínu nokkurs konar efnahagsvandi. Stjórnarliðar hafa tilhneigingu til að undirstrika að ástandið sé gott og leggi traustan grunn að framtíðinni. Mörgum frambjóðendum hættir til að hefja á þeim grunni uppboð á hvers konar kjarabótum sem launþegar og þá einkum fjölmennar láglaunastéttir eigi tilkall til. Lítið varð að sjálfsögðu úr andmælum við því frammi fyrir kjósendum. Með þessu móti var almenningur skilinn eftir með þveröfugar stefnuáherslur við það sem þurft hefði til þess að mynda

samstöðu um lausn hins raunverulega vanda." (**Gripið fram í:** Hvar eru þessi orð?) Þessi orð eru úr ritsmíð sem send var þeim aðilum sem stóðu að stjórnarmyndun, en jafnvel þótt hv. þm. komi hér í ræðustól á eftir og heimti það að því sé lýst nákvæmlega, þá er það tilgangslaust því að ég mun sýna honum þessi ummæli því að það er ekkert leyndarmál eftir hverjum þetta er haft. Ef hv. þm. telur sig deyja úr forvitni þessar nokkrar mínútur sem þessi ræða stendur yfir, þá get ég sagt honum það að maðurinn er Bjarni Bragi Jónsson, þekktur maður í sinni stétt og hefur skrifað margan góðan texta og vona ég að það sefi hv. þm. í örfáar mínútur. (Gripið fram í.) Ég er nú ekki dómbær á það hver er vel alinn og hver ekki, en þetta rifjar auðvitað upp, eins og hv. þm. veit, ummæli þess efnis að starfsmenn Seðlabankans lifa ekki á brauði einu saman.

Þegar farið var að skoða ríkisfjármálin kom sem sagt í ljós að þau voru öll í ólestri og það sem kannski verra var, og það er athygli vert fyrir þá sem hæst hafa haft í umræðunni um stefnuræðuna, að þau höfðu skapað efnahagsvanda sem var til staðar hjá þjóðinni. Efnahagsvandinn lýsti sér í því að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar hafði versnað verulega, öfugt við þá þróun sem varð á fyrstu fjórum mánuðum sl. árs. Í öðru lagi var viðskiptahallinn miklu meiri en á sama tíma árið áður og miklu meiri en fyrrv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir. Þegar litið er á ríkisfjármálin sérstaklega, eins og gert er í þessari skýrslu sem hér er til umræðu, blasa við þær staðreyndir að miðað við þá stöðu sem ríkisfjármálin eru í eftir fjóra fyrstu mánuði þessa árs, þá er ekki lengur búist við því að óbreyttu að fjárlög fyrir þetta ár verði með 4 milljarða rekstrarhalla heldur verði hallinn 5 milljarðar í viðbót eða helmingi meiri en fyrrv. ráðherra hafði haldið fram.

Í öðru lagi var ekki lengur gert ráð fyrir því að lánsfjárhallinn væri 5,9 milljarðar heldur gæti hann farið upp í 13,1 milljarð eða yrði 7,2 milljörðum hærri en gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Við þetta bættist, sem hefur þýðingu jafnframt, að talið var við stjórnarskiptin að húsnæðiskerfið þyrfti ekki á 18 milljörðum að halda, miðað við þær reglur sem fyrrv. ríkisstjórn starfaði við og ætlaði sér að starfa við, heldur þyrfti það á yfir 20 milljörðum að halda, 20–21 milljarði.

Þannig stóðum við frammi fyrir þeim vanda að lánsfjárhallinn yrði ekki 24 milljarðar heldur 34 milljarðar eða 10 milljörðum hærri en hv. 8. þm. Reykn. taldi að yrði við fjárlagagerðina. Þetta hefði nú eitt út af fyrir sig nægt til þess að ýmsir hefðu sagt að vandinn væri afar mikill og illyfirstíganlegur. En þegar við þetta bætist að fyrrv. ríkisstjórn lagði upp á þessu ári með það nesti að nýr sparnaður í landinu, sá sparnaður sem félli til á yfirstandandi ári, yrði 38 milljarðar og að hún mundi stefna að því samkvæmt lögum að afla allra lána sem ríkið þyrfti á að halda innan lands, þá kemur núna í ljós að sparnaðurinn verður að áliti Seðlabankans ekki 38 milljarðar heldur líklega 26 milljarðar eða 12 milljörðum minni en fyrrv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir í sínum áætlunum.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að það sé allt ríkisstjórninni fyrrv. að kenna sem hér hefur verið sagt. Auðvitað getur það verið að sparnaðurinn hafi verið ofáætlaður, en ég hygg þó að þeir sem skoðað hafa feril síðustu ríkisstjórnar síðustu mánuðina, síðustu sex mánuðina á að giska, geti verið sammála um það, allir þeir sem skoða hana með faglegum hætti, að stefnan sem sú ríkisstjórn fylgdi í vaxtamálum hafi gert það að verkum að fólk missti áhugann á því að spara en fór að eyða. Þetta var þess vegna ástandið sem blasti við þegar stjórnarskiptin fóru fram.

Þá spyr maður sig: Til hvaða ráða greip ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar? Reyndi hún ekki í tíma að grípa til þeirra aðgerða sem dygðu? Reyndi hún ekki að afla lána hér á landi, koma á jafnvægi til þess að hún gæti tekið lán fyrir þeim halla sem hún hafði þá þegar gert ráð fyrir að yrði á fjárlögum? Reyndi hún ekki við afgreiðslu lánsfjárlaga og afgreiðslu frumvarpa í lok síðasta þings að ná endum saman, að styrkja stöðu ríkissjóðs? Nei, öðru nær. Þar hallaði allt á aðra hliðina. Peningarnir runnu út. En það sem kannski er allra verst er að ríkissjóður stóð í ströngu við að greiða þeim lántakendum sem höfðu lánað ríkissjóði peninga, borgaði þá peninga út úr ríkissjóði.

Til að nefna dæmi um það hvað var að gerast fyrstu fjóra mánuðina má geta þess að fyrstu fjóra mánuðina á sl. ári seldi ríkið ríkisverðbréf fyrir 3,8 milljarða kr. En fyrstu fjóra mánuðina á yfirstandandi ári þegar þáv. ríkisstjórnin var að keppast við að búa til útgjöld, skrifa á kosningavíxla sem voru innstæðulausir, borgaði fjmrh. út 2,8 milljarða. Og það var á þessu augnabliki sem hann auglýsti það á kostnað íslenskra skattborgara að hann í öllu sínu veldi hefði komið í veg fyrir erlendar lántökur. Nú er það rangt því að á síðasta ári voru tekin erlend lán og það meira að segja örfáum dögum eftir að hæstv. ráðherra lét afgreiða hér á þingi lánsfjárlög rétt fyrir jól og sagðist þar ætla að taka alla fjármunina innan lands en ekki nýta heimildina til að taka erlend lán. Það liðu ekki tíu dagar áður en hann tók erlend lán.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma, en það er alveg ljóst eins og ég stend hér að þannig hefur verið haldið á ríkisfjármálunum á fyrstu mánuðum þessa árs að það hefur leitt til stórkostlegs efnahagsvanda sem tekur talsverðan tíma að vinna að lausn á. Og það tekur sjálfsagt lengri tíma en þetta ár. Þetta er sýnt í þeirri skýrslu sem við erum að ræða hérna og lýsir sér m.a. í því, svo að ég nefni eina tölu enn til sögunnar, að yfirdrátturinn í Seðlabankanum í fyrra eftir fjóra fyrstu mánuði ársins var 2,9 milljarðar en núna í ár eftir fjóra fyrstu mánuði ársins má snúa þessari tölu við. Það eru 9,2 milljarðar. Þannig er viðskilnaðurinn að munurinn er 6,3 milljarðar.

Að taka lán í Seðlabankanum með þessum hætti, að draga yfir, hefur þá þýðingu að það myndast þensla í efnahagskerfinu. Þetta hefur sömu þýðingu eins og að prenta seðla án þess að nokkur verðmætasköpun sé á bak við það, hefur sömu þýðingu og taka erlend lán. Sá sem stóð fyrir þessu var sá maður sem auglýsti á okkar kostnað að hann hefði komið í veg fyrir það að

ríkissjóður tæki erlend lán.

Því miður er staðan slík, eins og kemur rækilega fram í þessari skýrslu, að ríkisstjórnin fyrrv. ber ábyrgð á því og þá ekki síst fjmrh. og auðvitað forsrh. (**Gripið fram í:** Viðskrh.) Ekki svona óróleika. (Gripið fram í.) Nei, nei, nei. Og þeir sem sátu í þeirri ríkisstjórn. En sumir þeirra höfðu vit á því að finna sér förunaut til að skipta um stefnu. Sá er munurinn á þeim og hinum sem nú sitja utan garðs í stjórnarandstöðunni.

Það er út af fyrir sig athygli vert og var það hérna í umræðunum sem voru að klárast að sjá hve skelfilega svekktir þeir eru nú sem sitja utan stjórnarinnar en ætluðu sér að halda áfram, höfðu orð á því fyrir kosningarnar en fengu því ekki framgengt og ráðast nú linnulaust á þá ráðherra sem sátu í þeirri ríkisstjórn með þeim. (**Gripið fram í:** Hvers vegna sleppir þú þeim alltaf?) Ég sleppi þeim þegar mér sýnist. Ég þarf ekkert að spyrja hv. þm. um það hverjum ég sleppi og hverja ég tek. En þegar ég segi fyrrv. ríkisstjórn, þá vona ég að menn skilji hvað í því hugtaki felst. Það er ég a.m.k. búinn að segja fjórum eða fimm sinnum í minni ræðu og þeir sem vita hvað ríkisstjórn er ættu að geta vitað að það eru þeir ráðherrar allir sem í henni sitja, líka Borgfl. (**ÓRG:** Það er náttúrlega spurning hvort þetta er ríkisstjórn sem er núna.) Já, já, það getur verið spurning fyrir prófessor í stjórnmálafræðum og ég vona að kennslan hans í Háskólanum sé ekki með þeim endemum að hann þurfi að spyrja slíkra spurninga þar. En það er athygli vert að heyra hv. þm. kalla þetta hér fram í og sérstaklega athygli vert fyrir þá sem hafa verið nemendur hans að hann skuli þurfa að spyrja að þessu hér.

Það sem liggur fyrir er að sá ríkisfjármálavandi sem nú blasir við er efnahagsvandi og hann þýðir það í raun og veru að ríkisstjórnin, þar með taldir fyrrv. forsrh. og fjmrh., bera ábyrgð á því jafnvægisleysi í efnahagsmálum þjóðarinnar sem í raun og veru er smám saman að grafa undan þeim grunni sem kjarasamningarnir sem lækkuðu verðbólguna standa á. Og það er þetta sem er alvarlegt mál.

Ég held, virðulegi forseti, að fyrir þingtíðindin sé ástæða fyrir mig að segja það hér í eitt skipti fyrir öll að hér hafi hv. framsóknarþingmenn kallað fram í titrandi röddu um það að Alþfl. hafi líka verið í fyrrv. ríkisstjórn og reyndar líka fulltrúar Alþb. Ég tel því ágætt að fá það í eitt skipti fyrir öll að þeir hafi haft mikinn áhuga á því núna í þessum frammíköllum að skýra frá því að þeir hafi ekki verið einir að vinna þessi óhæfuverk heldur hafi fleiri þurft til. Vonast ég nú til þess að það hafi komist svo rækilega til skila að menn geti andað rólega í örfáar mínútur.

Mig langar til þess að vekja athygli á nokkrum atriðum sem er að finna í þessari skýrslu, ég ætla mér ekki að lesa upp úr skýrslunni nema síður sé, en ég held að það sé samt ástæða til þess að benda á örfá atriði sem ég tel að hv. þm. þyrftu aðeins að glöggva sig á. Kannski hafa allir hv. þm. gert það en ég vil þó leggja áherslu á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að í skýrslunni er sagt frá í hverju munurinn á framsetningu Ríkisendurskoðunar annars vegar og fjmrn. hins vegar er fólginn. Það sést á bls. 8 og 9. Ég hef þegar rakið helstu atriðin vegna afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs og þarf ekki að endurtaka það en það er að finna í 2. kafla þessarar skýrslu.

Í 3. kaflanum er sýnt hvernig ástandið hefði orðið á öllu árinu ef fram hefði verið haldið með sama hætti og hæstv. fyrrv. ríkisstjórn lagði grunninn að. Jafnframt er þar að finna hvaða áhrif tillögur núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur á þá framvindu sem ella hefði orðið. Á bls. 19 er fjallað um Lánasjóð ísl. námsmanna auk annarra útgjaldatilefna. Í því sambandi vil ég sérstaklega taka fram að það eina sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera er að breyta reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna þannig að sú fjárhæð sem þarf til útborgunar á lánum sé hin sama og fyrrv. ríkisstjórn ætlaðist til að nota í málið.

Í fjárlagagerðinni og þegar lánsfjárlög voru til afgreiðslu var því haldið fram að fjárvöntun væri 300–400 millj. í þennan sjóð að áliti forsvarsmanna sjóðsins, bæði þeirra sem störfuðu á vegum þáv. menntmrh. og þáv. fjmrh. Um leið og stjórnarskipti höfðu orðið kom í ljós að vandinn var tæpar 700 millj. Það eina sem verður gert er að breyta útlánareglum og reglugerð með þeim hætti að tölurnar verða eins og fyrrv. ríkisstjórn lagði til. Það verður að vísu erfitt en að sjálfsögðu vonumst við eftir stuðningi þeirra sem lögðu upp með þessum hætti þegar að skuldadögunum kemur.

Þá langar mig til að vekja athygli á því að í lok 3. kafla í þessari skýrslu er skýrt frá þeim vanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir vegna skuldbindinga sem á hann koma til með að falla á næstu árum og áratugum. Ég mun við síðara tækifæri gera frekari grein fyrir þessum vandamálum vegna þess að nú er svo komið að stór hluti útgjalda á hverju ári er bundinn vegna skuldbindinga sem ríkisstjórnir fyrir löngu síðan hafa tekið. En það er athygli vert nú og kann að hafa þýðingu fyrir hv. þm., ekki síst þingmenn stjórnarandstöðunnar, þ.e. þess hluta hennar sem sat í síðustu ríkisstjórn, að þær skuldbindingar sem taldar eru falla á ríkissjóð á næstu árum eru skuldbindingar vegna Ábyrgðadeildar fiskeldislána, eru skuldbindingar vegna þeirra sjóða sem settir voru á laggirnar, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Hlutafjársjóðs, Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að haustið 1988 áttu sér stað stjórnarskipti og þá var því haldið fram, ekki síst af þeim forsrh. sem tók við, hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að þáv. ríkisstjórn hefði tekið til óspilltra málanna og bjargað atvinnulífinu. Nú kemur það í ljós, og ég held að það sé full ástæða fyrir hv. þm. að átta sig á því, að sú björgunaraðgerð mun, eins og þá var sagt af þáv. stjórnarandstöðu, falla á ríkissjóð á þessu kjörtímabili og ugglaust því næsta líka. Þetta kunna að vera tíðindi fyrir einhverja og ætti kannski að vera umhugsunarefni fyrir þá sem í kosningabaráttunni héldu því fram að fyrrv. ríkisstjórn hefði sko bjargað öllu haustið 1988 og fram á árið 1989. Björgunaraðgerðin var að stórum hluta til frestur, lán-

taka sem núna mun falla á ríkissjóð á næstu árum.

Út af fyrir sig er það kannski björgun að fresta vandanum með þessum hætti og láta falla síðan á ríkissjóð, en það er athugunarefni fyrir þá sem hafa haldið því fram að þeir hafi dregið upp úr hatti sínum haustið 1988 og á árinu 1989 töfrabrögð sem hafi ekki kostað neitt og enginn þyrfti síðan að borga. Því það eru auðvitað skattborgararnir sem koma til með að þurfa að greiða þetta á næstu árum, jafnvel áratugum. *Ég mun síðar gera frekari grein fyrir þessum málum* þegar betra tækifæri gefst til. En ég vek athygli á því að í þessum kafla er sagt frá því hvaða þýðingu þetta getur haft fyrir framtíðina og ég veit að við erum þar á sama báti — þeir sem hafa verið fjmrh. — að þessi vandi er með þeim hætti að þingið verður að taka á honum með öðrum hætti en hingað til hefur verið gert. Ég ætla ekki, og ég tek það mjög skýrt fram, að kenna fyrrv. fjmrh. um það að þetta gerist með þessum hætti. Þetta er síður eða ósiður, eða hvað á að kalla það, sem Alþingi hefur stundað árum og jafnvel áratugum saman þótt þetta hafi færst í verulegan vöxt upp á síðkastið. Ég veit að við erum sammála um það, þeir sem hafa verið í fjmrn., að þessu þarf að breyta og það þarf á hverju ári sem skuldbindingar eru teknar að átta sig á því og færa það inn í fjárlög eða inn með þeim hætti til þingsins að það sé vitað hvað hlutirnir raunverulega kosta.

Angi af þessu máli er einnig annað og það er í sjöttu greinar heimildunum. Nú tek ég það fram að ég er ekki að skamma fyrrv. fjmrh. og fyrrv. ríkisstjórn fyrir það, heldur aðeins að benda á hvaða vandi er uppi einmitt fyrir hv. þm. og hæstv. ráðherra. En það er að í 6. gr. er mjög mikið af heimildarákvæðum án þess að nokkrar tölur séu nefndar. Síðan auðvitað standa ráðherrar frammi fyrir því að það er sagt: Þingið er búið að samþykkja eitthvað. — Og það er þrýst á ráðherrana á þann veg að þeir þurfa að leysa mál á grundvelli sjöttu greinar heimildar og þá er ekki gerður munur á því hvort það er títuprjónshaus eða körfubolti.

Ég nefni í þessu sambandi til að mynda, það væri hægt að nefna hvað sem er, kaup á húsum. Það er ekki sama hvort húsið kostar 10 millj. eða 600 millj. Ég er ekki að skamma fráfarandi fjmrh. í ríkisstjórninni fyrir þetta heldur aðeins að benda á að það eru auðvitað veikleikar í sjálfri fjárlagagerðinni sem gera það að verkum að fjmrh. eiga mjög erfitt um vik þegar á þá er þrýst. (**Gripið fram í:** Hvar er heilbrrh.?) Fyrrv.? (**Gripið fram í:** Núv.) Ef hv. þm. er að verða veikur þá ætti hann frekar að hringja í lækni. Hann er sjálfsagt austur í Hveragerði, já.

Þá vil ég að lokum varðandi þessa skýrslu og áður en ég lýsi aðgerðum ríkisstjórnarinnar fjalla örlítið um það sem er á öftustu síðu á fskj. 6. Það er yfirlit um samninga og skuldbindingar sem stofnað var til af fyrrv. ríkisstjórn á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl. Hv. 8. þm. Reykn. *Ólafur Ragnar Grímsson hefur sagt* að allt sem þarna standi hafi verið samþykkt af Alþingi. Hann hefur sagt það í blaðaviðtölum og sjónvarpsviðtölum og útvarpsviðtölum og haldið því fram að það sé einhver helber misskilningur hjá núv. fjmrh. að þessi heildarskuldbinding sé eitthvað á hans vegum. Hér er þetta birt svart á hvítu og það kemur auðvitað í ljós að hluti af þessu er með heimild Alþingis. Þar á meðal eru ýmsar heimildir af 6. gr. sem ég hef nýlega verið að lýsa hvernig eru, en einnig eru þar samningar sem gerðir eru án þess að Alþingi hafi lagt blessun sína yfir þá. Ég vil þó gera mun á þeim samningum sem eru gerðir eftir að Alþingi hefur greinilega hleypt framkvæmdum af stað, eins og t.d. þegar um er að ræða Menntaskólann í Kópavogi og Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki.

Ég vil hins vegar benda á varðandi búvörusamninginn af því að hann var til umræðu hér fyrr í dag. Ég ætla ekki að ræða efni hans. Ég ætla ekki að leggja dóm á hvort það er góður eða vondur samningur. Það dettur mér ekki í hug að gera. Ég ætla ekki heldur að leggja dóm á það hvort hann sé löglegur að allri gerð eða hver lagaleg staða hans er. En hitt vil ég segja að sé það rétt að einn stjórnarflokkurinn hafi haft fyrirvara í síðustu ríkisstjórn þá er það ljóst að fjmrh. í þeirri ríkisstjórn og landbrh. í þeirri ríkisstjórn skrifuðu undir samninginn vitandi það að þeir hefðu minni hluta Alþingis á bak við sig. Sé þetta rétt þá er það ljóst að munurinn á þessum samningi og samningi sem gerður var 1987 er sá að þá stóðu að samningnum flokkar sem voru í meiri hluta á Alþingi. Nú virðast hafa staðið að a.m.k. slaufunum sem svo eru kallaðar á þessum samningi flokkar sem voru í minni hluta á Alþingi. Þá geng ég út frá því að því hafi verið haldið fram í ríkisstjórninni að einn stjórnarflokkanna hafi haft fullan fyrirvara við samninginn. (**Utanrrh.:** Tveir.) Tveir er kallað fram í af formanni Alþfl. Og það er það sem er alvarlegt alveg burt séð frá efni samningsins, sem kannski er gott, að fulltrúar minni hluta Alþingis skuli skuldbinda stjórnvöld með milljörðum króna fram í tímann án þess að tryggja það að meiri hluti Alþingis standi með þeim og þá er ég ekkert að minnast á efni samningsins, ekkert að minnast á það hvort hann er löglegur eða ólöglegur, heldur einungis að það skuli a.m.k. ekki vera tryggt og ljóst þegar slíkar skuldbindingar eru gerðar að meiri hluti þess Alþingis sem a.m.k. þá situr eða stendur að baki þeirrar ríkisstjórnar sem ábyrgist slíkar undirskriftir skuli vera að réttu lagi og fyrir hendi. (**VS:** Hverjir samþykktu lánsfjárlög?) Ég skal svara því vegna þess að þetta kom ekki fram í lánsfjárlögum. Það kom fram í lánsfjárlögum, sem ég hélt að hv. þm. hefði kynnt sér og lesið af því ég veit að hv. þm. þekkir vel til í landbúnaði, að þar voru samþykktar 1700 millj. kr. og það er að sjálfsögðu gert með atbeina Alþingis, enda er sú tala ekki inni í því sem ég er hér að ræða heldur eru þetta tölur sem eru allt annars eðlis og eiga að koma til greiðslu ekki í ár heldur á næstu árum og eru greiðslur sem eiga að ganga til landgræðslu, til Framleiðnisjóðs og til Byggðasjóðs og fleiri verkefna. Þetta hélt ég nú að hv. þm. vissi — (**Gripið fram í:** Og veit ráðherrann þetta?)

Ég tek það samt sem áður fram aftur vegna allra þessara frammíkalla að ég er ekki að leggja dóm á þennan samning með neinum hætti heldur er ég aðeins

að lýsa því hvernig hann er gerður, því svo kann að fara að hann bindi Alþingi næstu ára. Ætla ég ekki frekar að fjalla um þennan samning að sinni. Ég hef aðeins rætt hér um þessa tæknilegu hlið sem ég tel þó vera mjög mikilvæga.

Í skýrslunni er getið að sjálfsögðu um þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórnin hefur gripið til og hefur ætlað sér að grípa til til þess að reyna að koma í veg fyrir verstu afleiðingar þess vanda sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir í kjölfar stjórnarskiptanna vegna aðgerðaleysis og tómlætis fyrri ríkisstjórnar. Langsamlega stærsta og veigamesta aðgerðin er að sjálfsögðu vaxtahækkunin sem varð til vegna þess að ríkisstjórnin fyrrv. hafði látið undir höfuð leggjast að færa vaxtastigið á ríkisverðbréfum til samræmis við það sem markaðurinn þurfti. Það er ekkert vit í því að segja og það sér náttúrlega hvert skólabarn í landinu að vextir séu 6% og svo selst ekkert einasta bréf. Þess vegna gætu vextirnir verið mínus 2%. Það hefur nákvæmlega sömu þýðingu ef það selst ekki neitt. Ég gæti líka haldið því fram að ég sé í milljón króna skóm. Það bara kaupir enginn skóna mína á milljón krónur. Og með sama hætti lýsti fjmrh. því yfir að vextirnir á spariskírteinunum væru 6%. Það var alveg rétt. Það bara keypti enginn skuldabréfin. (**ÓÞÞ:** Hvar fást svona skór.) Það er góð spurning hjá þeim sem greinilega hefur ekki kynnst slíkum verkfærum mjög lengi. En ef hann vill fá upplýsingar um það því ég hef staðið hér í því fræðsluhlutverki að kenna framsóknarþingmönnum, þar á meðal þeim sem situr hérna, þá er hægt hugsa ég að fá upplýsingar um það í kaupfélaginu.

Í sambandi við vaxtahækkunina hefur því verið haldið fram að hæstv. ríkisstjórnin sé að splundra þjóðarsáttinni. Ég vil segja það hér og nú að fyrrv. ríkisstjórn, ríkisstjórn hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Steingríms Hermannssonar, hækkaði líka vexti örfáum mánuðum eftir að þjóðarsáttin var gerð og auðvitað voru vextir þá ekki hækkaðir til þess að splundra þjóðarsáttinni. Vextir voru hækkaðir þá til þess að fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., gæti fengið peninga í ríkiskassann og til þess að halda því jafnvægi sem þurfti að vera í íslensku efnahagslífi til þess að þjóðarsáttin gæti haldið áfram að vera til. Og það er nákvæmlega það sama sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera. Hún er að hækka vextina til þess í fyrsta lagi að freista þess að auka sparnaðinn á kostnað eyðslunnar og einnig til hins að ríkissjóður geti aflað meiri lána til þess að standa undir þeim stórkostlega halla sem er í ríkisfjármálunum, annars vegar á ríkissjóði sjálfum og hins vegar vegna lánsfjárþarfarinnar sem er í húsnæðiskerfinu.

Hæstv. ríkisstjórn hefur enn fremur samþykkt og ákveðið að tillögu stjórnar Húsnæðisstofnunar að vextir á lánum sem gefin voru út af Húsnæðisstofnun frá 1984 verði hækkaðir 1. júlí úr 3,5% í 4,9%. Reyndar voru vextir hækkaðir á nýjum lánum 5. des. 1989 upp í 4,5% þannig að hækkunin á þeim vöxtum verður 0,4%.

Ég hélt satt að segja að hv. þm. Alþb. og Framsfl. fögnuðu þessu. Þeir gætu að vísu gagnrýnt það að vextir yrðu ekki hækkaðir heldur meira vegna þess að fulltrúar þeirra flokka lögðu til í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að vextirnir í þessu kerfi yrðu hækkaðir meira. Í þeim nefndum sátu bæði efnahagsráðgjafar fyrrv. forsrh. og fyrrv. fjmrh. og lögðu eindregið til að vextirnir af þessum lánum yrðu hækkaðir í yfir 5%. Það hefur ekki verið gert núna en þeir hafa verið hækkaðir í 4,9. Allt í einu er komið annað hljóð í strokkinn. Það er út af fyrir sig athygli vert hvernig menn verða umskiptingar um leið og þeir koma aftur í stjórnarandstöðuna. Það á nú við Alþb., því hinir hafa ekki verið í stjórnarandstöðu í manna minnum.

Þegar þetta mál kemur upp segja sumir: Þetta er óþokkabragð. Nú er hæstv. ríkisstjórn að hækka þessa vexti afturvirkt. Það er auðvitað alrangt. Vextirnir verða ekki hækkaðir fyrr en 1. júlí nk. en það gildir auðvitað um þau lán sem eru útistandandi. Og það er auðvitað út í bláinn að tala um að þetta séu afturvirkir vextir og borið saman við afturvirka skatta. Afturvirkir skattar eru það þegar ríkisstjórnir leggja skatta á tekjur sem menn hafa þegar unnið sér fyrir. En í þessu tilviki er um að ræða lán sem eru útistandandi, lán sem menn skrifuðu undir með þeim hætti að það var skýrlega tekið fram að vextir af lánunum gætu breyst. Þegar samningarnir voru gerðir 1986 stóð þannig á að ég var formaður í félmn. Nd. Þá lá fyrir undirsamningur um það að vaxtastigið hækkaði ekki út það kjörtímabil. Aðilar að samningnum, það fullyrði ég hér, vissu að vaxtastigið mundi breytast upp frá því af því að þeir voru það skynsamir að skilja að það hlyti að hafa áhrif á vaxtastigið á hvaða kjörum lífeyrissjóðirnir fjármögnuðu þetta kerfi.

Þetta vil ég að komi fram hér af því að því er stundum haldið fram að hér sé um einhverja stefnubreytingu núv. ríkisstjórnar að ræða, en sannleikurinn er sá að þessi viðhorf komu fram í nál., sem ég er með hér, frá fyrrv. ríkisstjórn sem fulltrúar Alþfl. að sjálfsögðu og fulltrúar Alþb. og fulltrúar Framsfl. sátu í og lögðu þetta eindregið til.

Ég vil minna á tvennt í sambandi við vaxtamálin. Það er að í húsnæðiskerfinu háttar þannig til að það fólk sem hefur lítil efni, á litlar eignir og það fólk sem er tekjulágt fær þessar upphæðir til baka í gegnum vaxtabótakerfið. Ég vil einnig taka það fram, af því að ég hef heyrt þá gagnrýni koma vegna vaxtahækkunarinnar almennt að bankarnir muni þá að sjálfsögðu ná sér í vaxtamun, að það er alveg út í bláinn að halda því fram að viðskiptabankarnir í landinu eigi einhvern rétt á meiri vaxtamun vegna vaxtabreytinga. Hafi verið þörf á vaxtamun í bankakerfinu, þá er það algerlega óháð þessari vaxtabreytingu því vaxtamunurinn er auðvitað munurinn á innláns- og útlánsvöxtum og það þarf ekkert að breyta honum þótt vaxtastigið hækki eða lækki.

Í sambandi við húsbréfakerfið, sem hv. þm. Framsfl. hafa margir hverjir rætt, skal það tekið fram að þar starfar nefnd á vegum hæstv. félmrh. Sú nefnd mun ljúka störfum innan mánaðar og það er ætlunin að hún leggi fram tillögur eins og hefur komið fram hjá hæstv.

félmrh. um það hvernig megi ná jafnvægi í því kerfi. Ég tel það vera mikilvægt mál og ég fagna því að fulltrúar Framsfl. í umræðum hér skuli taka undir að það þurfi að ná jafnvægi í því kerfi.

Vegna þess hve lengi ég hef talað hér, virðulegi forseti, sé ég ekki ástæðu til þess að vera að rekja í einstökum liðum aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þær hafa verið til umræðu í umræðunum sem fóru fram um stefnuræðuna. Þær eru skýrt settar fram í þessari skýrslu og engin ástæða til þess að vera að lesa þær upp sérstaklega í þessari ræðu. En ég má til áður en ég lýk ræðu minni að nefna örfá atriði.

Fyrst er kannski ástæða til þess að benda á að vaxtahækkunin mun að sjálfsögðu hafa einhver verðlagsáhrif á næstunni. Ég hef látið meta það og það er álitið að 1,5% í hækkun á vöxtum muni geta leitt til 0,5% hækkunar á framfærsluvísitölu. Ég vil einnig að það komi skýrt fram hér að margt af því sem fyrrv. ríkisstjórn hefði átt að vera búin að gera, t.d. í sambandi við verðlagningu á áfengi og tóbaki, og gert er ráð fyrir samkvæmt fjárlögum að mundi hækka verulega á þessu ári, átti auðvitað að vera búið að gera fyrir löngu en var ekki gert til þess að halda vísitölunni niðri. Það veit auðvitað hv. þm., fyrrv. fjmrh.

Það er líka rétt að það komi fram að vegna þjóðarsáttarsamninganna er gert ráð fyrir því að gjaldskrá opinberra fyrirtækja hækki eftir ákveðnum reglum og sumt af því mun taka gildi nú á næstunni og hafa áhrif á verðlag. Þetta tel ég rétt að komi fram og ætla ég þó ekki að rekja það mál neitt frekar hér, enda ekki ástæða til. Það er ekki hluti af þessari skýrslu. En það er samt ástæða til þess að minna á þetta um leið og ég minni á að samningar hafa tekist á milli atvinnurekenda, þar á meðal ríkisins, og launþeganna í landinu um það hvernig launþegum verður borgaður viðskiptakjarabatinn, eða viðskiptakjarabatabætur eins og maður kannski ætti að segja svo að maður noti nú langt og óþjált orð, og ber auðvitað að fagna því að slíkir samningar hafi tekist.

Ég vil ekki heldur ljúka máli mínu án þess að víkja örlítið að því sem fram hefur komið í umræðunni um ríkisfjármálin frá hv. 8. þm. Reykn. sem ég geri ráð fyrir að muni tala hér á eftir. Hann hefur sagt, af því að hann var ekki kominn hér í upphafi ræðu minnar ætla ég að ítreka það, á blaðamannafundi sem hann hélt eftir að hann hafði upplýsingar í höndunum um annað, tveimur dögum seinna, daginn áður en stjórnarskiptin urðu, þann dag sem hann vissi fyrir víst að hann mundi ekki áfram sitja í ríkisstjórninni: Hallinn á ríkissjóði verður ekki meiri en 6,4 milljarðar og það er enginn vandi að ná honum niður í fjárlagatöluna. Þann dag lágu upplýsingar fyrir, bæði honum og þeim sem voru að reyna að mynda stjórn, um allt, allt aðra hluti. Hann kaus auðvitað að gera þetta svona til að rugla þjóðina í ríminu. Það er alvarlegur hlutur þegar slíkt á sér stað.

Síðar hefur hann verið spurður: Hvernig ætlaði hann að ná þessu niður? Og hann hefur sagt: Sparnaður í rekstri 400 millj. Það er það sama og núv. hæstv. ríkisstjórn er að leggja til. Hann hefur sagt: Minni tilfærsla upp á 700–800 millj. Og ég spyr hv. þm.: Vill hann ekki skýra það út hér á eftir í ræðu sinni í hverju þetta var fólgið? Var þetta Lánasjóður ísl. námsmanna, sjúkratryggingar? Ég ætla að biðja hann að útfæra þessa hugmynd. Það getur vel verið að ég geti notað hana.

Hann ætlaði líka að draga úr framkvæmdum upp á 800–900 millj. Hvaða framkvæmdum? Vegaframkvæmdum? Ég vona að hann geri mér þann greiða líka að lýsa því fyrst hann gat það fyrir nokkrum dögum í hverju það felst sem hann sagði þegar hann sagðist ætla að draga úr framkvæmdum, 800–900 millj. Loks sagði ráðherrann fyrrv. við sama tækifæri: Ég ætla að hækka skatta um 1100–1200 millj. Og ég spyr hann: Hvaða skatta ætlaði hann að hækka? Hann hefur nefnt að full ástæða væri til að hætta við að hætta við jöfnunargjaldið á miðju ári. Það þarf lagabreytingu til. Ætlaði hann að flytja um það lagafrv. á vorþinginu? (**ÓRG:** Svarið er já.) Svarið er já. En þá kemur babb í bátinn vegna þess að það liggur hjá ríkisstjórninni yfirlýsing þess efnis að slíkt verði ekki gert því að utanrrh. núv. og páv. hafði skýrt frá því að það yrði fallið frá þessu gjaldi á miðju ári. Það eru fyrirliggjandi gögn um það frá okkar viðskiptalöndum sem við eigum samninga við.

Það er hins vegar athygli vert að svarið sé já en það vantar þarna enn þá talsvert á vegna þess að þetta mundi ekki nægja. Það þyrfti að hafa meiri tekjur og það væri vissulega fróðlegt að hann segði frá því og loks kannski að svara einni spurningu og hún er þessi: Af hverju gerði ekki hv. þm. þetta fyrir kosningar? Af hverju kaus hann heldur að tala um skattalækkanir fyrir kosningar þegar hann var að lýsa því þegar hann var lítill drengur vestur á fjörðum og manni skildist helst að hann hefði alltaf verið í frystihúsinu hjá konunum sem voru að vinna þar, hann hefði ekki gert annað. Og hann fór í sjónvarp og útvarp og sagði: Nú er hægt að lækka skattana á þessu fólki. En eftir kosningar átti að hækka skattana.

Er það ekki skrýtið að hann skuli ekki þegar hann var ráðherra og hafði tök á þessu og þegar hann sá hvernig peningarnir streymdu út úr ríkissjóði núna síðustu fjóra mánuðina að hann skyldi ekki segja þjóðinni þetta þá? Hann svarar þessu alveg örugglega á eftir, ef ég þekki hann rétt.

Svo er nú það að það mátti ekki hækka vextina. Ég spyr af því að það eru nú ekki töframenn alls staðar hér á landi, ekki í hverjum krók og kima. Þeir eru fáir en þeir eru til og einn þeirra, eða a.m.k. töframaður að eigin áliti, er fyrrv. fjmrh. Hvernig ætlaði hann að fjármagna 26 milljarðana, við skulum bara gefa honum lægstu tölu sem hann sjálfur miðaði við, á innanlandsmarkaði án þess að hækka vexti? Ég skal meira að segja lofa honum því að mæla með honum sem Nóbelsverðlaunahafa ef hann getur sýnt fram á að það sé hægt. Ég get ekki lofað því að þeir kaupi hugmyndina reyndar, en mín væri ánægjan að benda á hann. Hingað kemur alltaf blað og maður er beðinn um að stinga upp á þeim sem ættu að fá slík verðlaun og ef hv. þm. getur sýnt okkur fram á þetta, þá tel ég al-

veg fyllstu ástæðu til þess að mæla með honum. (**ÓRG:** En ég get náttúrlega ekki sannað kenninguna nema ég taki við.) Það hefur þá kannski verið ástæðan fyrir þessari yfirlýsingu.

Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Það hefur nokkuð tognað úr þessari skýrslu. Ég vona að virðulegur forseti og aðrir virði mér það til vorkunnar þótt svo hafi gerst því að umræður hafa orðið heilmiklar um þessa skýrslu þrátt fyrir að hún hafi ekki komist hér á dagskrá. Það er alveg ljóst að tómlæti fyrrv. ríkisstjórnar og aðgerðaleysi hefur skapað hér efnahagslegt vandamál og lausatökin í þessum málum hafa leitt til þess að grafið hefur verið undan jafnvæginu og þar með þeim grunni sem svokölluð þjóðarsátt hvílir á. Þess vegna verður viðnámið erfiðara en ella.

Ég vona að lokum, virðulegur forseti, að hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, og aðrir sýni hæstv. ríkisstjórn skilning og stuðning því að það skiptir gífurlega miklu máli að á ný verði náð jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar til þess að hægt verði að gera kjarasamninga áfram sem leiða til þess að verðbólgan hlaupi ekki á nýjan leik upp eftir öllu. Því miður hefur það gerst á undanförnum mánuðum að horfið hefur til verri áttar í þessum efnum, en þetta er hægt ef allir leggjast á eitt. Í því sambandi vil ég minna á að flokkur minn, Sjálfstfl., lagðist á árar með fyrrv. ríkisstjórn þegar gerðir voru svokallaðir þjóðarsáttarsamningar á sínum tíma. Þegar gerðir voru svokallaðir þjóðarsáttarsamningar eftir áramótin í fyrra stóð Sjálfstfl. með þeirri samningsgerð. (**GÁ:** Í desember.) Ég þekki ekki almanakið í Árnessýslu, en ég veit alveg hvernig almanak við notum hér í Reykjavík. Samningarnir voru gerðir fyrri hluta sl. árs. En það getur vel verið að það hafi verið desember í Búnaðarbankanum. (**ÓRG:** Hann á við atkvæðagreiðsluna um bráðabirgðalögin.) Atkvæðagreiðslan snerist þar um bráðabirgðalögin en ekki um þjóðarsáttina og á því er mikill munur. Ég þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir að benda á það og þann mun sem þar er á í leiðinni.

Virðulegi forseti. Ég hef hér í nokkrum orðum gert grein fyrir efni þessarar skýrslu. Hún liggur hér fyrir. Ég hef því miður heyrt á fyrirrennara mínum og reyndar sumum öðrum þingmönnum Framsfl. og Alþb. að það vandamál sem við sé að glíma sé ekki stórt. Því miður er vandamálið mjög stórt, svo stórt að það er vissulega þörf á því að við öll í sameiningu tökumst á við það ef við viljum í alvöru, sem ég trúi að hv. þm. fráfarandi stjórnarflokka vilji, halda verðbólgunni í skefjum, ná jafnvægi á ný og þeim stöðugleika sem þessi þjóð þarf á að halda í sínu efnahagslífi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér gert grein fyrir þessari skýrslu og staðið til í nokkra daga að byrja umræður um hana. Hins vegar hefur mikill tími, eins og allir vita, farið í umræður um stefnuræðu forsrh. og verð ég að segja að fyrir nýliða á Alþingi þá hafa þær umræður nú stundum verið nokkuð furðulegar. En hvað um það.

Ég ætla ekki að fara hér í fyrri hluta skýrslunnar þar sem rakin er staða og framvinda fyrstu fjögurra mánaða í ríkisbúskapnum, heldur fyrst og fremst um hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar sem viðnámsaðgerðir.

Í fyrsta lagi er talað um aðgerðir á sviði vaxtamála sem við höfum orði vitni að síðustu daga. Það verður einnig beitt meira aðhaldi í ríkisbúskapnum, er sagt, og hert eftirlit með innheimtu tekna og útgjöldum ríkissjóðs. Og í þriðja lagi hefur ríkisstjórnin ákveðið að lækka útgjöld og falla frá ýmsum lántökuáformum.

Ríkisstjórnin hefur talað mikið um stöðugleika í ríkisfjármálunum og vill allt gera til að viðhalda þeim stöðugleika að eigin sögn. Hún væntir þess að þær aðgerðir sem hún boðar í ríkisfjármálum verði til þess að á ný náist stöðugleiki í verðlags- og kjaramálum. En fyrsta aðgerðin sem við höfum orðið vitni að, hækkun vaxta, er beinlínis til þess fallin að vinna á móti þessu markmiði, enda kom fram hér áðan í ræðu hæstv. fjmrh. að 1,5% hækkun vaxta mundi leiða til 0,5% hækkunar framfærsluvísitölu og hleypa verðbólgunni af stað.

Fyrst voru sem sé hækkaðir vextir á ríkisvíxlum í 14,5%. Þar næst á skuldabréfum ríkissjóðs í 7,9% og síðan kom hækkun vaxta á lánum Húsnæðisstofnunar, afturvirk, hvað sem hver segir, til ársins 1984. Í kjölfarið fylgir að sjálfsögðu ávöxtunarkrafa húsbréfa og afföllin eru komin í 23%.

Nú ræða lífeyrissjóðirnir um hækkun á sínu lánsfé til Húsnæðisstofnunar og í Morgunblaðinu 23. maí segir hæstv. fjmrh. að það sé nokkur hætta á því að bankarnir muni ákveða að auka vaxtamun inn- og útlána til þess að auka tekjur sínar. Það er einnig vitnað í ummæli bankastjóra Íslandsbanka, að vaxtamunur sé óeðlilega lítill og það verði að breytast.

Vaxtaskriðan er í fullum gangi og ekki séð fyrir endann á því hversu mikilvirk hún verður né hve mikilli eyðileggingu hún á eftir að valda.

Þegar lífeyrissjóðirnir hafa hækkað vexti á sínum lánum til Byggingarsjóðs ríkisins þá kallar það á enn frekari hækkun vaxta í húsnæðiskerfinu. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þessar vaxtahækkanir nú þar sem ég veit að það verður örugglega gert meira hér í kvöld og einnig af fulltrúa Kvennalistans.

Þá kemur einnig fram í þessari skýrslu að það eigi að gera ráðstafanir til að innheimta eftirstöðvar af eldri skattskuldum og það kemur fram að útistandandi skattskuldir séu 10–12 milljarðar króna. Það er nánast sú upphæð sem talið er að lánsfjárhalli ríkissjóðs stefni í verði ekki brugðist við. Það er auðvitað í hæsta máta óeðlilegt að slíkt geti gerst og vitaskuld engar líkur á því að þetta innheimtist. Ég er þó sammála því að gert sé átak í að innheimta þessar skuldir en geri þó alveg eins ráð fyrir því að það skili sér mjög illa, svo þar verður ekki um stóran afla að ræða, því miður.

Það er einnig rætt um niðurskurð á útgjöldum til almannatrygginga og hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Hvar skera á niður í almannatryggingum er ekki ljóst. Ekki heldur hvar sparnaður í rekstri sjúkrastofnana muni koma fram. Á síðasta ári var reynd sú leið að loka sjúkradeildum og senda sjúklinga heim. Í flestum

tilfellum var hér um ósjálfbjarga fólk að ræða, enda væri það annars ekki inni á sjúkrahúsum. Aðstæður heima til að taka við þessum sjúklingum voru ekki kannaðar. Þarna var verið að velta vanda ríkissjóðs yfir á aðstandendur þessara sjúklinga sem yfirleitt voru ekki í stakk búnir til að sinna þessu hlutverki. Oftar en ekki varð þetta til þess að að loknu þessu tímabili voru aðstandendurnir sjálfir orðnir sjúklingar og þá fer nú að fara lítið fyrir þeim sparnaði, að ekki sé nú talað um mannlega þáttinn í þessu máli.

Hvað Lánasjóð ísl. námsmanna varðar þá er það alltaf ámælisvert þegar verið er að koma aftan að fólki með því að breyta forsendum sem fólk hefur notað við sína áætlanagerð. Námsmenn hafa gert og þeir verða að gera áætlun um það hvernig þeir fjármagna nám sitt og þeir eru búnir að gera ráð fyrir þeirri úthlutun og þeim úthlutunarreglum sem í gildi eru í ár a.m.k. Það er ekki hægt að vinna að fjármálum á þennan hátt. Það þarf miklu lengri tíma til þess að námsmenn geti tekið mið af þessu og geti þá tekið mið af breyttri stöðu Lánasjóðsins ef verður að breyta forsendum þar.

Síðan á að lækka framlag til vegamála um 350 millj. kr. Lækkunin á að koma jöfnum höndum niður á viðhaldi og nýframkvæmdum. Nú hefur mér borist í hendur bréf frá Vegagerðinni sem ég geri ráð fyrir að allir aðrir þingmenn hafi einnig fengið sem sýnir áætlaðan niðurskurð framkvæmda upp á alls 150 millj. kr. Þar kemur fram að framkvæmdir á Vestfjörðum eru skornar niður um 22 millj. og á Austfjörðum um 24 millj. Aftur á móti á höfuðborgarsvæðinu um aðeins 13 millj. Nú vita það allir að Vestfirðir og Austfirðir eru þau landsvæði þar sem mest er ógert í vegamálum, þar sem vegirnir eða öllu heldur götuslóðar sumir og torfæruakstursvegir sem þó eru taldir hlutar af þjóðvegakerfinu eru hvað flestir. Á Vestfjörðum á einnig að skerða fé til jarðgangagerðar um 100 millj. samkvæmt upplýsingum samgrh. Á Vestfjörðum er því niðurskurður til vegamála 122 millj. kr. sem er 35% af skerðingunni yfir allt landið.

Það er rætt um að falla frá heimild til Landsvirkjunar um 400 millj. kr. og fyrirtækinu er ætlað að taka þá upphæð með gjaldskrárhækkun og að hluta úr eigin rekstri er sagt. Það kemur sem sagt alltaf að því að það er verið að bæta álögum á neytendur. Hæstv. fjmrh. heldur því fram að ekki megi hækka skatta en ég get ekki betur séð en verið sé að því þó þetta séu kannski óbeinir skattar. Þetta eru þó póstar sem allir verða að greiða. Menn geta ekki hætt að greiða hita og rafmagn eða nota það.

Í umræðunni um stefnuræðu forsrh. var upplýst að ríkisstjórnin hefði samþykkt að byrja aðgerðir til að jafna húshitunarkostnað. Í þessari skýrslu er svo talað um hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar þannig að þá er um leið búið að taka þetta aftur til baka, alla vega hvað varðar þær orkuveitur sem eru háðar orkukaupum frá Landsvirkjun.

Þá hefur einnig komið fram visst ósamræmi í málflutningi stjórnarliða hér í umræðum undanfarna daga um landbúnaðarmál. Meginmálið í því er, og ég ætla ekkert að fara að rekja þau ummæli öll sem hér hafa fallið, hvort ríkisstjórnin ætlar að standa við sínar skuldbindingar sem samþykktar voru af fyrri ríkisstjórn. Þar á ég við þau uppkaup á fullvirðisrétti sem bændur hafa reiknað með. Í þessum samningi er ýmislegt sem betur hefði mátt fara. Þá á ég sérstaklega við þá byggðaröskun sem flöt skerðing mun hafa í för með sér. Ég hefði talið æskilegt að þar hefði verið tekið tillit til landnýtingar og byggðasjónarmiða og þau svæði sem sérstaklega eru fallin til sauðfjárframleiðslu væru undanskilin ákvæðum um flata skerðingu. En ef ekki á að standa við þær fjárskuldbindingar af hálfu ríkissjóðs sem búvörusamningurinn byggir á, þá er alveg eins hægt að lýsa því yfir að það eigi að leggja niður hefðbundinn landbúnað á Íslandi. En ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn sé ekki svo skammsýn.

Það væri auðvitað hægt að hafa langt mál um ýmislegt sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan. Þó geri ég ráð fyrir því að umræðurnar sem áfram verða hér í kvöld muni mikið fara í deilur um fjármálaaðferðir fyrri ríkisstjórnar og hvað sú núv. hefur hugsað sér að gera.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það að þegar fjárlög eru undirbúin fyrir árið 1992, og ég tek þar undir síðustu orðin í skýrslu fjmrh., þarf að móta stefnuna í ríkisfjármálunum og náttúrlega ekki síst í ljósi þeirra skuldbindinga sem ríkissjóður kemur til með að þurfa að standa við á næstu árum. Þá legg ég einnig til að ýmsar fjáröflunarleiðir verði skoðaðar betur, svo sem eins og það að leggja skatta á fjármagnstekjur, eins og gert er í flestum OECD-löndum í kringum okkur. Það má einnig skoða það að hafa tvö skattþrep í tekjuskatti. Það má einnig skoða það að hafa tvö skattþrep í virðisaukaskatti.

Að öðru leyti ætla ég að láta það bíða betri tíma að koma með tillögur um breyttar áherslur í fjármálum ríkisins.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er aðeins örstutt leiðrétting. Ég hélt að þingmönnum Vestfirðinga væri um það kunnugt að það er ákveðið að byrja á jarðgöngum fyrir vestan nú á þessu ári og það verður staðið við þann framkvæmdahraða á þessu ári sem hafði verið ákveðinn áður. Þó svo að greiðslur til þeirra framkvæmda verði með nokkuð öðrum hætti en sumir höfðu kannski reiknað með breytir það engu um verkhraða né verklok. Ég bjóst af þeim sökum við að þingmenn Vestfirðinga mundu láta í ljósi ánægju yfir því að ráðist yrði í þetta verk nú og verður bráðlega skrifað undir verksamning þar að lútandi.

Ég vil að þetta komi fram. Þetta hefur að vísu komið fram í blöðum hvað eftir annað en svo virðist sem ýmsir eigi erfitt með að skilja hvernig þetta mál stendur. Það verður farið í jarðgöng fyrir vestan eins og ákveðið hafði verið. Það er ekki gert ráð fyrir því að fresta í einu né neinu gerð jarðganga né verklokum og mun ég með glöðu geði um leið og frá verksamningi er gengið kynna þingmönnum Vestfirðinga greiðslur, tilhögun og annað sérstaklega, þannig að þeir þurfi

ekki að vera í vafa um hvernig að því verki verður staðið.

Um vegamálin vil ég að öðru leyti segja að óhjákvæmilegt var, eins og ástandið var í ríkisfjármálum, að draga nokkuð úr útgjöldum ríkissjóðs á þessu ári og að sjálfsögðu hlaut ég að taka þátt í því sem samgrh. og geri ráð fyrir því að meiri hluti þingmanna skilji nauðsyn þess.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt fyrir skýrslu um fjármál ríkisins og gert glögga grein fyrir því ástandi sem þar er við að etja. Þar kemur fram, eins og vænta mátti, hrikaleg arfleifð frá fyrri ríkisstjórn sem núv. hæstv. ríkisstjórn verður að taka á sínar herðar og ráða fram úr í fjármálum ríkisins.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að margítreka það sem oft hefur komið fram úr þessum ræðustól um þessi efni en mér þykir þó rétt að segja hér um þessi efni fáein orð. Ég hafði kvatt mér hljóðs undir umræðum um stefnuræðu forsrh. en í þær umræður blandaðist einnig að nokkru umræða um fjármál ríkisins eins og kannski var ekkert óeðlilegt og í sjálfu sér hefði ekki farið illa á því að þessir tveir dagskrárliðir hefðu verið ræddir samtímis. Ýmislegt í þeim umræðum var auðvitað þess efnis að það hefði verið ástæða til að gera athugasemdir við. Annað var einnig athyglisvert af öðrum toga, til að mynda það að sumir af forustumönnum fyrrv. ríkisstjórnar viðurkenndu að það hefði hallast mjög á merinni í efnahagsstjórninni og í stjórn ríkisfjármála á síðari hluta stjórnartímabilsins. Þetta viðurkenndu m.a. bæði formaður og varaformaður Framsfl., þeir hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson. Aðrir slógu nokkuð úr og í í þessum efnum, m.a. hv. 1. þm. Norðurl. e. sem sagði á þá leið að tími núv. hæstv. ríkisstjórnar hefði verið notaður til þess að draga upp ranga mynd af ástandi þjóðmála um leið og hann í hinu orðinu viðurkenndi að nokkuð hefði farið úrskeiðis í efnahagsstjórninni á síðustu mánuðum þeirrar ríkisstjórnar sem nýlega hefur kvatt.

Ég held að engum hafi komið á óvart að þeir sem forstokkaðastir voru við það að verja það ástand sem nú blasir við í þessum efnum voru auðvitað talsmenn Alþb. Ég tók eftir því t.d. að hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon lét þess getið að viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar væri sá besti sem nokkur ríkisstjórn hefði látið eftir sig í fjölda ára, í marga áratugi. Hann tók sérstaklega til samanburðar viðreisnarstjórnina, sem lauk sínum ferli 1971, og sagði að æ síðan hefði orðið viðreisn verið skammaryrði. Þessi hv. þm. sagði að í tíð viðreisnarstjórnarinnar hefði verið einstakt góðæri til sjávarins og tekjur í þjóðfélaginu miklar en þrátt fyrir það hefði það farið svo að viðskilnaðurinn hefði verið með þeim hætti sem áður er lýst að orðið viðreisn væri æ síðan skammaryrði. Ég held að hv. þm. þurfi að endurskoða sína söguþekkingu. Ef söguskoðun þessa hv. þm. er með þessum hætti þá er eitthvað meira en lítið bogið við það sem hann hefur lesið sér til um því tæplega hefur hann fundið þetta upp hjá sjálfum sér þó að ég skuli ekki um það segja.

Ég ætla ekki að dvelja lengi við þetta sögulega atriði en vil þó minna á það að á árunum 1967 og 1968 töpuðu Íslendingar, og þarna gengur nú þessi hv. þm. í salinn sem var að fara nokkrum orðum um viðreisnarstjórnina sálugu, 40% af sínum útflutningstekjum vegna þess að sjávarafli brást og viðskiptakjör versnuðu. Þetta var það sem þessi hv. þm. kallaði alveg einstakt góðæri til sjávarins á þeirri tíð. Samt fór það svo að þegar sú stjórn lauk sínum ferli var verðbólga nálega engin. Þá var jöfnuður í ríkisfjármálum. Þá var jöfnuður í viðskiptum við útlönd og þá voru skuldir þjóðarbúsins litlar. Að vísu hafði orðið að taka nokkur erlend lán til að komast yfir erfiðleikaárin 1967 og 1968, en skuldir þjóðarbúsins voru þó tiltölulega mjög litlar og efnahagslegt jafnvægi ríkti á flestum sviðum þjóðlífsins.

Ég held að þessi hv. þm. Alþb. og þeir alþýðubandalagsmenn aðrir sem ætla sér að fara í söguskoðun af þessum toga ættu að gera það einhvers staðar annars staðar en hér því að þeim mun verr mun þeim gegna sem þeir fara að sækja samanburð við þessa stjórn sem nú hefur nýlega skilið við hér á landi, samanburð við aðrar og fyrri stjórnir og þá allra helst við viðreisnarstjórnina. Þetta var því alger fjarstæða sem þessi hv. þm. hélt fram og það var jafnframt alger fjarstæða að staðan við stjórnarskiptin nú væri með þeim hætti sem hann lýsti.

Í þeirri skýrslu sem hæstv. fjmrh. hefur hér mælt fyrir eru upplýsingar eins og fram kom í hans máli. Þar eru notuð hófsöm orð og þar eru notaðar, mér liggur við að segja, einnig hófsamar tölur því þar er afar varlega farið með hvort tveggja. Hefur þó sjaldan verið tilefni til að taka sterkt til orða eins og nú er við stjórnarskipti í vor eftir þann hraklega viðskilnað sem fyrri ríkisstjórn skilur eftir sig varðandi fjármál ríkisins.

Ég hef tekið eftir því að ýmsir stjórnmálamenn hafa tekið svo til orða að þessi staða í fjármálum ríkisins hafi komið á óvart. Ég hlýt að segja það hér að hún kom ekki mér á óvart. Margsinnis í umræðum um fjármál ríkisins hér á síðasta þingi rakti ég þessi mál lið fyrir lið. Og niðurstaðan varð æ hin sama. Hún varð sú að það var við hrikalegan vanda að etja í fjármálum ríkisins sem yrði mesta og helsta vandaverk nýrrar ríkisstjórnar að fást við þegar hún tæki við völdum. Ég ritaði um þetta nokkrar greinar í Morgunblaðið og þó að ýmislegt hafi versnað síðan, þá standa allar þær upplýsingar sem þar koma fram. Og ekkert af því sem síðan hefur gerst kemur mér í raun á óvart utan það að ég hafði ekki upplýsingar um að staða á lánsfjármarkaði hafði versnað svo mikið sem raun ber vitni um og lýst hefur verið hér til að mynda af hæstv. fjmrh.

Það sem gerðist fyrir kosningar í þessum efnum og í þinglokin var auðvitað það að hæstv. fyrrv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. ríkisstjórn gaf á garðann helst til ótæpilega og dreifði út heimildum, dreifði út fjármunum og tók ákvarðanir um fjárskuldbindingar og lántökur sem áttu að koma til gjalda á næsta kjörtímabili, þ.e. á því kjörtímabili sem nú er hafið. Og þetta var gert í gríðarlega miklum mæli. Þessi leikur hæstv. ríkisstjórnar

sem þá sat hófst með því að páv. hæstv. fjmrh. bauð allt í einu tvo milljarða til fjárfestingar umfram fjárlög og umfram það sem tillögur lágu fyrir um í lánsfjárlagafrv. sem þá var raunar óafgreitt.

Allt í einu bauð hæstv. fjmrh. til fjárfestingar í landinu tvo milljarða rétt fyrir kosningar. Og svona til þess að sýna fram á hvaða tala þetta er, þá eru allar fjárveitingar til að mynda til hafna í landinu samkvæmt fjárlögum eitthvað um 500 millj. Hann bauð sem sagt bara svona allt í einu fjórum sinnum þá tölu, enda var að draga að kosningum. Þó að þessu væri þá hafnað af samráðherrum hans, þá fór það svo að næstum því sú tala varð staðreynd þegar dregnar höfðu verið saman þær nýju lántökuheimildir og þær nýju fjárskuldbindingar sem ákveðnar voru við afgreiðslu á lánsfjárlögum. Það kemur enda í ljós í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu að staðan í fjármálum ríkisins hefur versnað ef skuldbindingar eru teknar með um í kringum 10 milljarða kr. frá því að þingi lauk.

Nú veit ég að þeir sem sátu hér á síðasta Alþingi og auðvitað flestir aðrir sem hér eiga nú sæti kannast við ýmislegt af því sem hæstv. fyrrv. fjmrh. sagði gjarnan í umræðum um ríkisfjármál á síðasta kjörtímabili. Hver man ekki orðaleppa eins og þá sem fylgdu hverju nýju fjárlagafrv. að frv. væri hornsteinn stöðugleika og jafnvægis í fjármálum ríkisins? Hver man ekki eftir því að hver fjárlög þessa ráðherra áttu að móta ramma um efnahagslífið sem allir aðrir aðilar í þjóðfélaginu áttu að laga sig að? Hver man ekki eftir því að hver ný fjárlög áttu að mynda grundvöll að nýrri hagstjórn á Íslandi? Og hver man ekki eftir því að þessi hv. þm. sem hér gengur um gólf og þá var fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, lét þess getið að allt hið jákvæða sem áunnist hefði í efnahagsmálum þjóðarinnar, þar á meðal þjóðarsáttin, hefði náðst vegna þess að grundvöllurinn hefði verið lagður í fjármálum ríkisins og í stjórn ríkisfjármála? Þessar fullyrðingar glumdu aftur og aftur frá munni þessa hv. þm. sem þá var í sæti ráðherra.

Þetta muna allir þeir sem þá sátu hér á Alþingi. En það vita allir nú að allt var þetta rangt. Það vita allir nú að allt þetta var blekking. Það vita allir að ríkisfjármálin og meðferð þeirra hjá fyrri ríkisstjórn lögðu ekki grundvöll að stöðugleika heldur voru ríkisfjármálin og meðferð þeirra mesta ógnin sem þjóðarsáttin stóð frammi fyrir og stendur enn frammi fyrir og mesta ógnin sem efnahagslífið í heild stendur frammi fyrir við stjórnarskiptin.

Enn fremur eru ríkisfjármálin og meðferð þeirra á síðasta kjörtímabili mesta ógnin við lífskjör fólksins í landinu. Þetta eru þær staðreyndir sem fyrir liggja og enginn blekkingaráróður hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrv. fjmrh., getur komið í veg fyrir það að fólkið í landinu viti þessar staðreyndir.

Víst er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mikill íþróttamaður í sinni list, sínum blekkingaleik. Hann hafði líka sér til aðstoðar hæfa menn til þess að hjálpa sér við að búa út blekkingaleikinn. Þessi hæstv. ráðherra sem þá var, núv. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hafði í sínu ráðuneyti þrjá pólitíska aðstoðarmenn, þrjá pólitíska vildarmenn sína. Hann átti rétt á samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands og samkvæmt reglugerð við stjórnarráðslögin að hafa einn pólitískan aðstoðarmann og það skal ekki gagnrýnt að svo var. En hann réð sér aðra tvo pólitíska vildarmenn, annan sem kallaður var efnahagsráðgjafi fjmrh. og hinn sem kallaður var upplýsingafulltrúi fjmrh. Hvort tveggja pólitískir vildarmenn páv. hæstv. fjmrh. ráðnir í fjmrn. án heimildar laga og með þeirri ráðningu voru lög um Stjórnarráð Íslands brotin og reglugerð við stjórnarráðslögin einnig þverbrotin. Þó að þetta væri rakið fyrir þessum hæstv. ráðherra sem þá var og þeirri ríkissstjórn sem þá sat var það eins og að skvetta vatni á gæs. Aðrir ráðherrar í þeirri ríkisstjórn og stuðningsmenn þeirrar ríkisstjórnar létu það sem vind um eyrun þjóta þó að fjmrh. þeirrar ríkisstjórnar færi þannig með lög landsins og misnotaði aðstöðu sína til þess að ráða pólitíska vildarmenn sína til þess að búa út áróðursplöggin sem hann dreifði til þjóðarinnar. Þessir vildarmenn hæstv. páv. ráðherra, núv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, voru helstu aðstoðarmenn hans við að búa út þann blekkingaáróður sem dreift var til þjóðarinnar og dreift var hér á Alþingi alla hans tíð, m.a. þeirra gagna sem á kostnað þjóðarinnar var dreift í kosningabaráttunni.

Þessum meisturum öllum, sem að sjálfsögðu eru íþróttamenn í sínu fagi, tókst í kosningabaráttunni án efa að villa um fyrir verulegum þorra kjósenda um að staðan í ríkisfjármálum og að stjórnartökin í fjármálum ríkisins hefðu verið með allt öðrum hætti en raun bar vitni um. Þeir gátu ábyggilega fengið þorra kjósenda til þess að trúa því að hér hefði verið unnið stórvirki, hér hefði verið lagður grundvöllur jafnvægis og stöðugleika í fjármálum ríkisins, lagðir nýir og nýir hornsteinar og allt hvað heiti hefur. Allt var þetta gert á kostnað skattborgaranna. Allt var þetta gert með aðstoð manna sem ráðnir voru án lagaheimildar. Þetta kalla ég ekki einungis að fara á svig við lög heldur að misþyrma því siðferði sem við verðum að leitast við að hafa í heiðri í stjórnarathöfnum á Íslandi. Þannig eru eftirmæli sem þessi hæstv. fjmrh. fyrri ríkisstjórnar fær.

Ég skal ekki spá um það hvað þessi blekkingaáróður hefur þýtt í atkvæðatölum í kosningunum. En það er ekkert ótrúlegt að með slíkum aðferðum hafi Alþb. dregið upp úr atkvæðakössunum 1–2 þingmenn. (**SvG:** Hvað ertu að segja um kjósendur með þessu?) Ég er að segja það að blekkingameisturum Alþb. tókst að blekkja þjóðina og hv. þm. Svavar Gestsson ber fulla ábyrgð á því. (**SJS:** Er þjóðin svona vitlaus að þínu mati?) Einhverjir eru það, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Og ég hef oft undrast það, m.a. í umræðum hér um stefnuræðu forsrh. hversu mikið rugl getur komið út úr þessu gáfulega höfði hv. þm. Steinsgríms J. Sigfússonar því að ég hefði aldrei trúað því fyrir fram að svo mikið rugl gæti komið út úr þessum manni eins og ég hef sumpart lýst hér og eins og hann hefur dengt hér yfir þingheim á undanförnum dögum.

Það liggur auðvitað fyrir hér í skýrslu hvernig þessi staða er og ég þarf ekki að fara um það mörgum fleiri orðum, en dæmið horfir þann veg við að þegar fjárlög

voru afgreidd voru þau afgreidd með 4 milljarða halla. Fjmrh. sagði þann 29. apríl að hallinn mundi verða að óbreyttu 6,4 milljarðar. Fjmrn. sagði á sama tíma að hallinn yrði 8 milljarðar og Ríkisendurskoðun sagði á sama tíma að hallinn mundi verða að óbreyttu 12,2 milljarðar. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gert því skóna að hallinn verði án aðgerða 9–10 milljarðar kr.

Ég vil gjarnan rifja það upp að þegar fjárlög voru afgreidd fyrir síðustu jól með rétt rúmlega 4 milljarða halla, þá lýsti ég því að það væri mitt mat að raunverulegur halli á fjárlögunum eins og þau lágu þá fyrir væri eigi minni en 7 milljarðar. Ég lýsti því og greindi það í sundur eftir einstökum gjaldaliðum í hverju þetta væri fólgið og ég rakti einnig að tilteknir þættir í tekjuáætlun fjárlagadæmisins væru þannig úr garði gerðir að þeir væru á afar veikum forsendum reistir, enda var þá skákað tölum niður á blað við lokaafgreiðslu fjárlaga sem ekki voru í samræmi við það sem sérfræðingar fjmrn. höfðu látið í ljós nokkrum dögum áður. Það kemur enda í ljós að miðað við núverandi áætlanir er gert ráð fyrir að um 800 millj. kr. vanti á að tekjuhliðin standist.

Ég vil láta þess getið að ég sagði að hallinn yrði eigi minni en 7 milljarðar og það mat mitt var varlegt. Raunverulegt mat mitt var 8 milljarðar. Ég vildi hafa borð fyrir báru að nefna heldur lægri tölu en þá niðurstöðu sem ég komst að í raun og veru. Það sem síðan hefur gerst skilar þessu áfram á þann veg að hallatölur eru hærri en það sem ég þá hafði áætlað. Samanlagður halli ríkissjóðs á árunum 1988–1991 miðað við þetta var því um 30 milljarðar kr. á verðlagi þessa árs. En þetta var ekki nóg heldur hafði hæstv. fjmrh. af sinni fjármálasnilld og páv. ríkisstjórn tekið upp þá hætti að binda ríkinu bagga, ákveða skuldbindingar á herðar ríkissjóði utan fjárlagadæmisins í miklu stærri mæli en nokkru sinni hafði áður þekkst. Ég reiknaði þessar skuldbindingar sem falla nú á allra næstu árum við þinglokin síðustu upp á 23 milljarða kr. Samtals um 53 milljarða kr. sem sú ríkisstjórn skilaði í arf í hallatölum á ríkissjóði til næstu ríkisstjórnar.

Nú hefur eins og fram hefur komið bæst við þessar tölur og í raun og veru þyrfti að fara enn betur ofan í saumana á þeim málum en þó hefur verið gert í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Þar kemur fram að þessar tölur munu hækka a.m.k. um 10 milljarða eða þar í kring. Þetta er nú það sem við blasir.

Þótt hæstv. fyrrv. fjmrh. héldi því tíðum fram að hann væri að lækka hallann í sinni tíð þá miðaði hann ævinlega við árið 1988 og kenndi Sjálfstfl. um það sem þá hafði farið úrskeiðis. Nú bar svo við að á árinu 1988 sátu tvær ríkisstjórnir og þá voru tveir fjármálaráðherrar. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sat þangað til í september á því ári og fjmrh. var núv. hæstv. utanrrh. Sá fjmrh. hafði þá lýst því yfir alveg þangað til komið var fram á haust að hans áætlanir stæðu til þess að halli á ríkissjóði á árinu yrði 693 millj. kr., það var nákvæm tala, býsna nákvæm. Þó að ég ætli ekki að fullyrða að hún hefði orðið nákvæmlega þetta ef hans hefði notið við í fjmrn. til ársloka, þá varð niðurstaðan sú eftir að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði tekið við fjármálastjórninni að í lokin var þessi tala 7,2 milljarðar í halla eða 10,5 milljarðar kr. á verðlagi þessa árs, 1991. Honum ferst því illa að taka þetta ár til viðmiðunar því þá greiddi hann út úr ríkissjóði allt það sem að hans dómi var frambærilegt til þess að létta á árinu sem kom á eftir. Og þó að hallinn hafi ekki verið jafnmikill og þetta á árinu 1989 og 1990, þá hefur hann samt náð þeim hrikalegu tölum sem ég hef hér enn einu sinni rifjað upp.

Ég skal ekki fara út í það að skýra í hverju það er fólgið að hallatölur Ríkisendurskoðunar eru hærri en áætlanir fjmrn. og núv. fjmrh. sem styðst við tölur fjmrn. en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur gjarnan brugðið á þann leik að segja að þetta sé einungis bókhaldsatriði. Ef það er svo að hallarekstri ríkissjóðs megi skáka til og frá með einhverjum bókhaldsaðferðum þá er það nú ekki mikið vandamál að fást við og þá ætti að vera hægurinn hjá fyrir núv. hæstv. fjmrh. og núv. ríkisstjórn að lækna þau mein sem þar er við að fást ef það mætti laga þau aðeins með bókhaldsaðferðum. En því miður er staðan ekki þannig og ég held að engum blandist hugur um það að hér er við slík hrikaleg vandamál að fást að þau fela í sér, eins og ég áður sagði, ógn við allt efnahagslífið, ógn við þjóðarsáttina og ógn við kjör almennings í landinu.

Þó að sá gáfulegi hv. þm. sem nú er genginn úr salnum, Steingrímur J. Sigfússon, hafi látið svo ummælt að engin ríkisstjórn í ég veit ekki hversu langan tíma hafi skilað svo góðu búi sem þessi, þá er nú þetta samt niðurstaðan sem hér hefur verið rakin, að ríkisfjármál hafa aldrei verið í slíkum ógöngum eins og þau nú eru við þessi stjórnarskipti. (**ÓRG:** Þetta er nú meira ruglið í þér.) Og aldrei áður hefur fráfarandi ríkisstjórn og fráfarandi fjmrh. leyft sér að eyða svo af því fé sem þjóðin átti að hafa til ráðstöfunar á næsta kjörtímabili, þ.e. því kjörtímabili sem nú er nýhafið, eins og gerðist í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, aldrei áður. Aldrei áður hafa menn setið uppi með slíkar skuldbindingar sem ekki verður komist hjá að greiða. Þetta er sú niðurstaða sem fyrir liggur um viðskilnaðinn, þetta er sú niðurstaða sem fyrir liggur í fjármálum ríkisins við þessi stjórnarskipti. (**ÓRG:** Trúir þingmaðurinn sjálfur þessu rugli?) Núv. hæstv. ríkisstjórn þarf því að vinna mikið björgunarstarf og það björgunarstarf er ekki auðvelt. Fyrstu skrefin í því björgunarstarfi er verið að stíga um þessar mundir, en þau skref eru auðvitað stutt miðað við það sem þarf að taka til hendi til þess að rétta við hið sökkvandi skip ríkisfjármálanna.

Ég skal ekki fara að ræða einstök atriði en mig langar þó, vegna þess að síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Vestf., sem því miður er ekki hér staddur inni og raunar ýmsir aðrir hafa talað um það að það væri verið að skera niður fé til Lánasjóðs ísl. námsmanna, til þess að víkja aðeins að því máli. Þessi hv. þm., sem er hér nýr á þingi, sá myndarlegi fulltrúi Kvennalistans, sagði að það væri komið aftan að fólki. (**Gripið fram í:** Myndarlega kona.) Myndarlegi þingmaður Kvennalistans. (**Gripið fram í:** Kona vil ég segja.) Myndarlegi þingmaður Kvennalistans, segi ég. (**ÓRG:** Það er verið að gera grín að þingmanninum í ræðustól, skilurðu

það ekki?) Ég held að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson geti fengið orðið hér á eftir, ég trúi því. En vegna þessara orða hv. 6. þm. Vestf. vil ég láta það koma hér fram að þetta byggist á misskilningi ellegar vanþekkingu.

Við afgreiðslu fjárlaga, þ.e. við 3. umr., var fé sem var ætlað í fjárlagafrv. til Lánasjóðs ísl. námsmanna skorið niður um 200 millj. Þá stóðu áætlanir til þess að miðað við umfang sjóðsins og lánareglur þyrfti sjóðurinn á þessu fé að halda og 100 millj. betur eða 300 millj. Þetta var rækilega skýrt, bæði í meðförum fjvn. og í umræðum hér á Alþingi. Ríkisstjórnin ákvað eigi að síður að skera niður töluna sem var í fjárlagafrv. um 200 millj. og sinna að engu leyti þeirri þörf sem var til viðbótar um 100 millj., þ.e. skerða ráðstöfunarfé sjóðsins sem hann þurfti á að halda um 300 millj. kr. Og það var ítarlega tekið fram af talsmanni ríkisstjórnarinnar, hv. þáv. formanni fjvn., núv. hæstv. heilbrrh., að ætlun ríkisstjórnarinnar væri sú að mæta ekki þessari fjárþörf, hvorki með nýju lánsfé né á annan hátt. Sú hæstv. ríkisstjórn tók því ákvörðun um að það skyldi verða skarð í þá fjárþörf sem Lánasjóður ísl. námsmanna taldi sig þurfa á að halda um 300 millj. kr. Á vordögum var talið að vantaði 400 millj. kr. í þennan sjóð eða skömmu fyrir þinglok. Og nú er talið að vanti 700 millj. Það sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera er að auka við fé þessa sjóðs um 400 millj. kr. en hún ætlar ekki að skaffa þær 300 millj. kr. sem fyrrv. ríkisstjórn hafði tekið ákvörðun um að skera niður.

Þetta er það sem ég kalla að sé misskilningur. Með þessu er ekki verið að koma aftan að fólki vegna þess að námsmenn og Lánasjóðurinn vissu um alla þessa hluti. Það var hins vegar hæstv. menntmrh. sem vanrækti það að bregðast við þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar með því að skerða námslánin eða minnka umfang af rekstrarsviði sjóðsins. (**SvG:** Þetta er rangt, þingmaðurinn veit ekkert hvað hann er að segja.) Það vill nú svo vel til að það eru fáir sem trúa frammíköllum Alþb. og það vill svo til að allt það sem ég hef hér sagt um þetta er skjalfest. (**SvG:** Það breytir engu um það að það var lygi ...) Það breytir auðvitað engu í munni hv. þm. Svavars Gestssonar, ég er alveg viss um það. Hann getur haldið áfram að tala hér úti í sal og farið með tómt fleipur til þess að breiða yfir eigin aumingjaskap þegar hann var í þessu ráðuneyti. (**SvG:** Er þingmaðurinn reiður?) Nei, ég er ekki nokkurn skapaðan hlut reiður. Ég er bara að sýna fram á hvernig þetta var þegar þú varst við völd. En ég vildi láta þetta koma hér fram vegna þess að hv. þm. er hér nýr á þingi og fylgdist auðvitað ekki með þessum gangi mála og ég vildi upplýsa hann um það hvernig þetta mál liggur fyrir.

Þetta er auðvitað eitt dæmið af afar mörgum um það að fyrrv. ríkisstjórn tók ákvarðanir um að búið skyldi við skarðan hlut á fjárlögum þessa árs. Svo var t.d. í almannatryggingum, og hér er fyrrv. heilbrrh. Þar vissu menn að vantaði um milljarð, en síðan var ekkert gert til að mæta þessu á þann hátt að niðurskurðurinn yrði raunhæfur og látið vaða á súðum þangað til það kæmi á aðra, þ.e. núv. hæstv. ríkisstjórn að þurfa að taka á þessum málum, taka við syndum fyrrv. ríkisstjórnar og taka síðan á því hvernig ætti að framkvæma það. Slík dæmi eru auðvitað fjölmörg í öllum þessum málum, t.d. í ýmsum gjaldskrárákvæðum sem ákveðin voru með afgreiðslu fjárlaga. Þá var gert ráð fyrir því að gjaldskrárhækkanir skyldu koma, eins og þeir kölluðu það, eftir þjóðarsátt, þ.e. á síðari hluta ársins þegar sú ríkisstjórn væri farin frá. Þá kæmi það á aðra, þ.e. núv. hæstv. ríkisstjórn að framkvæma þær hækkanir sem nauðsynlegar voru til að standa undir útgjöldunum.

Þetta eru nokkur dæmi um þann leik sem leikinn var í fjármálum ríkisins í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og ekki nema lítið af því sem ég hef hér rakið, en þó þannig að það blandast engum hugur um hver niðurstaðan er og hver viðskilnaðurinn hefur verið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef verið að velta því svolítið fyrir mér undanfarna daga hvort ég ætti að blanda mér í það uppgjör og þá fortíðarhyggju sem hér hefur riðið húsum undanfarna daga og hef setið á mér þar til nú. Ég ætla ekki að velta mér upp úr fortíðinni enda má kannski segja að maður hafi hér undanfarna daga verið vitni að því sem mætti kalla nokkurs konar uppgjör hjúskaparaðila eða hjóna og það er heldur óviðurkvæmilegt að blanda sér í slíkt. Það er best að sleppa því að blanda sér í slík uppgjör.

Ég er ekki dómbær á það hvort skilnaður var eina færa leiðin hjá þeim sem bjuggu saman fram að 1. maí sl. eða hvort nær hefði verið að halda því hjónabandi áfram, þó ekki væri nema út af sameiginlegum afkvæmum Alþfl. og Alþb. Ég hélt að einhver í stjórnarliðinu hefði kannski hlotið eitthvert uppeldi í guðfræði og gæti gengið á milli ef það væri vandamál.

En ég ætla sem sagt ekki að velta mér upp úr fortíðinni. Mig langar að horfa aðeins til þess sem er að gerast þessa dagana í ríkisfjármálum og þess sem snertir kannski ekki síst heimilin í landinu og það eru vaxtahækkanir í húsnæðiskerfinu. Þá á ég bæði við vaxtahækkanir á lánum Byggingarsjóðs ríkisins og hækkaða ávöxtunarkröfu húsbréfa sem hefur komið fram að undanförnu.

Ég verð að segja það fyrir mig að mér finnst það þyngra en tárum taki hvað húsnæðislánakerfið hefur farið í gegnum margar kollsteypur á undanförnum árum. Það er þyngra en tárum taki hvað stjórnvöld eru gersamlega rúin öllu trausti í þessum málaflokki hjá almenningi. Það þýðir ekkert fyrir talsmenn flokkanna að koma hér í pontu og benda hver á annan því að hér eiga margir hlut að máli. Enda má kannski segja að forsagan nái um 30 ár aftur í tímann og hún hefjist þegar farið var að brenna sparifé landsmanna á verðbólgubálinu og veita lán til húsbyggjenda og til atvinnurekenda á neikvæðum vöxtum.

Mín kynslóð, við sem höfum verið að reyna að koma undir okkur fótunum á árunum eftir 1980, hefur mátt súpa seyðið af þeim neikvæðu vöxtum sem voru hér um árabil sem og gamla fólkið sem fær nú mun minna út úr lífeyrissjóðunum en efni stóðu til.

Ég sagði að þessi saga væri kannski orðin 30 ára

saga, hún hefði hafist þegar farið var að brenna upp spariféð. Næsta tímabil í þessari sögu má segja að byrji með húsnæðiskerfinu frá 1986. Þetta kerfi hefur verið nánast í andarslitrunum frá því að því var komið á eða kannski má segja að dauðateygjurnar hafi byrjað árið 1987 þó að nú fyrst sé formlega verið að jarðsetja þetta kerfi. Kerfið hefur alla tíð verið meingallað og það hefur verið gagnrýnt frá fyrstu tíð af fjölmörgum og m.a. af þingkonum Kvennalistans. Ég vil minna á það hér í þessari umræðu að þingkonur Kvennalistans hafa alla tíð gagnrýnt þetta kerfi og þegar í upphafi fyrir tvennt. Í fyrsta lagi fyrir það að það væri of mikill vaxtamunur í þessu kerfi sem fengi aldrei staðist til lengdar. Í öðru lagi var kerfið gagnrýnt fyrir að það væri fráleitt að allir ættu sama rétt til láns með niðurgreiddum vöxtum, óháð eignum og tekjum. Þetta fyrirkomulag hlaut að leiða til þess að skriðan færi af stað.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson kom hér í pontu fyrir nokkrum dögum og ræddi um húsnæðislánakerfið. Hann gagnrýndi húsbréfakerfið m.a. fyrir það að með húsbréfunum væri verið að fjármagna neyslu fólks vegna þess að það er verið að endurfjármagna gamlar íbúðir. Það má því kannski segja að verið sé að fjármagna neyslu að vissu marki. Þetta gerðist líka í kerfinu frá 1986. Niðurgreiddir vextir buðu upp á það að við íbúðaskipti tóku þeir lán sem áttu skuldlausar íbúðir fyrir. Að sjálfsögðu tóku þeir lán með niðurgreiddum vöxtum þannig að kerfið frá 1986 fjármagnaði neyslu ekki síður en húsbréfakerfið og hafði í rauninni að mínu mati áhrif á þá þenslu sem hér varð á árunum 1987 og 1988.

Það voru ýmsir skafankar sniðnir af þessu kerfi frá 1986 en eftir stóð samt niðurgreiðsla vaxta til allra. Að mínu mati er löngu tímabært að taka á vanda þessa kerfis og vaxtahækkunin á nýjum lánum, vaxtahækkunin úr 3,5% í 4,5% var dregin allt of lengi. Menn hikuðu ekki við það í fyrri ríkisstjórn að hækka vexti á húsbréfum úr 5,75% í 6% af því að húsbréfin eru markaðstengd en létu hitt kerfið malla í 3,5% vöxtum allt of lengi. Ég reikna með að það hafi m.a. verið gert í krafti þess að búið var að skilgreina stóran hóp sem var í hinni svokölluðu biðröð sem forgangshóp. Þetta var með öðrum orðum hópur fólks sem var í íbúðum undir ákveðnum stærðarmörkum og því eðlilegt að það stækkaði við sig eða keypti sér sína fyrstu íbúð. Það breytir ekki því að það voru margir slíkir úti í samfélaginu sem ekki komust inn í þessa biðröð, þeir komust aldrei með fótinn inn fyrir dyrnar áður en kerfinu var lokað, voru fyrir utan og var vísað á húsbréfakerfið. Sá hópur er ekkert betur settur þó hann hafi ekki komist með fótinn inn fyrir dyr. Ég tel í sjálfu sér ekki óeðlilegt að uppræta þessa biðröð eins og gert var.

Húsnæðiskerfið frá 1986 er afurð kjarasamninga það ár og þar af leiðandi skilgetið afkvæmi ASÍ, VSÍ, VMS og ríkisstjórnarflokkanna sem þá voru Framsfl. og Sjálfstfl. Þessi tilurð kerfisins skýrir kannski að hluta til af hverju verkalýðshreyfingin hleypur alltaf í vörn fyrir þetta kerfi, sem byggir á því að niðurgreiða fjármagn til ríkra jafnt sem blankra. Mér finnst vörn verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu kerfi vera í grundvallaratriðum andstæð þeim hugmyndum sem verkalýðshreyfingin að öðru leyti byggir á þannig að ég á afskaplega erfitt með að skilja þetta. Hins vegar er enginn vandi að skilja af hverju verkalýðshreyfingin mótmælir afturvirkum vaxtahækkunum, og ég vil kalla þær afturvirkar þó svo að fjmrh. hafi mótmælt því hér í pontu áðan. Það voru gefin mjög ákveðin fyrirheit 1986 um að vextirnir yrðu 3,5% og mundu ekki hækka, a.m.k. ekki í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat. Ég hygg að flestir, a.m.k. almenningur, hafi skilið það sem svo að það væri eiginlega verið að festa þessa vexti. Engu að síður er kveðið á um það í því skuldabréfi sem fólk fékk upp í hendurnar að vextir væru breytilegir og fólki bæri að greiða þá vexti sem ríkisstjórnin ákvæði á hverjum tíma. Þetta kom m.a. fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan og er vissulega rétt.

Hins vegar var ákvæði í þessu skuldabréfi sem baktryggði fólk í rauninni gagnvart þessari vaxtahækkun. Það var ákvæði sem kvað á um að það væri ákveðið greiðslumark og ef hækkun yrði á þessu greiðslumarki vegna misgengis lánskjaravísitölu og launa eða ef hækkun yrði á því vegna hækkunar á raunvöxtum skyldi mismunurinn á breyttu greiðslumarki og upphaflegu færast á sérstakan jöfnunarreikning og bætast við höfuðstól lánsins. Þetta þýddi með öðrum orðum að lánstími lengdist og í þessu ákvæði fólst trygging lántakanda gagnvart misvitrum stjórnvaldaaðgerðum og ráðstöfunum í efnahagsmálum. Sá sem tekur lán, sá sem skrifar undir lán, hefur ekki bara skyldur, hann hefur líka ákveðin réttindi. Þetta voru réttindi þess fólks sem skrifaði undir skuldabréfin. Mig langar til þess að lesa hér 4. gr. sem er með stærra letri aftan á þeim skuldabréfum sem fólk fékk upp í hendurnar. Þar segir: „Lánakjör, þ.e. vextir, þóknun og verðtrygging skv. 3. gr., eru breytileg." — Þannig að það er skýrt að þau eru breytileg. — „Heimilt er að breyta þeim skv. 30. gr. laga nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, enda verði slík breyting kynnt opinberlega er hún tekur gildi. Sú greiðsla sem nefnd er í skuldabréfinu er miðuð við upphafleg lánskjör. Tilgreindir ársvextir og þóknun eru einnig miðaðir við upphaflega vexti. Lánakjör breytast einnig samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Skuld á jöfnunarreikningi sem til verður vegna ákvæða um greiðslumark telst hluti af höfuðstóli lánsins. Lánskjör, þar með taldir vextir og verðtrygging, vegna skuldar á jöfnunarreikningi, skulu vera hin sömu og af upprunalegu láni."

Það er skýrt kveðið á um það í þessu skuldabréfi að þarna sé ákveðin baktrygging í lögunum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Þessi trygging var hins vegar tekin af hér á hinu háa Alþingi daginn fyrir þingslit í vor. Þar með var búið í haginn fyrir þá afturvirku vaxtahækkun sem nú á sér stað, það var verið að búa í haginn fyrir það að vaxtahækkunin gæfi af sér tekjur í ríkissjóð. (**Félmrh.:** Líka tryggja vaxtabætur.) Ég veit að það var gert til þess að tryggja vaxtabætur og ég ætla að koma inn á það hér á eftir, hæstv. félmrh. (**Fjmrh.:** Rennur ekki í ríkissjóð.) Ja, Byggingar-

sjóð ríkisins, fyrir mér er þetta nú bara að fara úr einum vasanum í annan. Ég veit ekki hvort fjmrh. er sammála mér í því, en hann getur þá komið hér upp á eftir og útskýrt það.

Þessi breyting á lögunum var gerð að frumkvæði fyrrv. stjórnarflokka. Í mínum huga er þessi breyting kannski enn alvarlegri en vaxtabreytingin nú. Hún er enn alvarlegri vegna þess að þetta var baktryggingin sem fólk hafði á skuldabréfinu. Það kemur skýrt fram á skuldabréfinu að vextir geti verið breytilegir og fólki beri að greiða vexti sem ákveðnir eru hverju sinni af ríkisstjórn Íslands. Þegar þessi lög voru sett voru menn vel meðvitaðir um hvað gæti gerst. Þetta gerist ekki óvart, þetta fer ekki óvart inn í lögin á sínum tíma, menn voru meðvitaðir um hvað þeir voru að gera.

Þó að félmrh. segi að þetta hafi verið gert til þess að tryggja vaxtabætur, þá er það nú þannig að vaxtahækkun ein og sér hefði litlu breytt fyrir lántakendur. Hún hefði afskaplega litlu breytt fyrir lántakendur sem eru með þessi lán, vegna þess að þetta hefði bæst við höfuðstólinn. Þetta hefði ekki þyngt árlega greiðslubyrði þeirra. Vaxtabæturnar sem verið var að tryggja þessu fólki koma kannski í fyrsta lagi til álita eftir 15–20 ár og þá á væntanlega flest af þessu fólki orðið það mikið í eignum sínum að vaxtabætur koma hvort eð er ekki til greina. Ég held því að vaxtabæturnar hafi fyrst og fremst verið yfirvarp. Þetta var yfirvarp hér á Alþingi. Þessi breyting fór hins vegar tiltölulega hávaðalaust fram enda var hún kynnt þannig að það væri verið að búa til rétt til vaxtabóta og var kynnt afskaplega jákvætt. Það vakti athygli mína að það tók ekki nokkur einasti þingmaður til máls um þetta hér á Alþingi í vor, ekki nokkur einasti. Félmrh. kynnti málið og það tók enginn til máls um þetta. Ég ætla ekki að ásaka þingmenn fyrir það í sjálfu sér, ég held að þetta sé kannski dæmi um það hvernig mál, mjög mikilvæg mál fyrir almenning í landinu, fara hér í gegnum þingið á síðustu dögum á vorin án þess að menn átti sig nokkuð á því hvað hér er að gerast. Ég held að þingmenn hafi ekki áttað sig á því að þetta var miklu alvarlegri hlutur en vaxtahækkunin.

Hv. þm. Pálmi Jónsson kom inn á það að menn yrðu að hafa visst siðferði í stjórnarathöfnum. Það sem gerðist hér í vor er ekki siðferði í stjórnarathöfnum. Það er ekki siðferði vegna þess að baktryggingin sem fólkið hafði þegar það tók lánin var tekin af.

Með lagabreytingunni sem varð í vor og með hækkun vaxta nú er búið að breyta þeim grundvallarforsendum sem þúsundir einstaklinga byggðu lántökur sínar og greiðsluáætlanir á þegar þeir tóku þessi lán. Þetta er með öllu óþolandi og það eru svona vinnubrögð, sem ég vil leyfa mér að kalla óvönduð, sem hafa eyðilagt tiltrú almennings á stjórnvöldum. Stjórnvöld virðast sníða sín lög og miða aðgerðir sínar við að tjaldað sé til einnar nætur og það sé alltaf hægt að breyta lögunum þegar þeim sýnist svo. Þetta eru ekki ábyrgar stjórnarathafnir. Þegar fólk er að fjárfesta í íbúðarhúsnæði er það ekki einnar nætur ævintýri. Það er verið að skipuleggja framtíðina og það er verið að fjárfesta til frambúðar.

Mig langar í þessu sambandi að minnast sérstaklega á einn hóp sem nú fær á sig vaxtahækkun. Þessi hópur er aldraðir. Aldraðir voru á sínum tíma hvattir til að fjárfesta í söluíbúðum fyrir aldraða. Talsvert stór hópur fólks gerði þetta, fjárfesti í söluíbúðum fyrir aldraða þrátt fyrir að ævisparnaður þess, sá ævisparnaður sem það átti í skuldlausum íbúðum, dygði ekki til þess að kaupa nýjar sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða. Það fór út í það að kaupa þessar íbúðir þrátt fyrir þetta vegna þess að það buðust hagstæð lán. Því buðust hagstæð lán á 3,5% vöxtum, mörgum hverjum og öðrum á 4,5% vöxtum. Nú er þessu fólki gert að greiða 4,9% vexti og það bendir allt til þess að þeir vextir geti hækkað enn frekar því það segir á bls. 25 í skýrslu fjmrh., með leyfi forseta: „Í þessari ákvörðun um vaxtahækkun er gengið út frá því að vextir á lánum lífeyrissjóðanna til sjóðsins verði ekki hærri en 6,5% á næstu árum. Að öðrum kosti þarf að hækka vexti á útlánum sjóðsins enn frekar til að tryggja eiginfjárstöðu hans.“ Það má því eins búast við því að vaxtahækkanirnar verði meiri síðar.

Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. félmrh. hvort aðstæður þessa hóps hafi verið skoðaðar sérstaklega, þ.e. fólks sem býr í sérhönnuðum söluíbúðum fyrir aldraða og fjárfesti í þeim vegna hagstæðra lánakjara. Og mig langar líka til að spyrja hvort það hafi verið skoðað hversu stór þessi hópur er, hve stór hópurinn er sem er með 3,5% vexti og hversu stór hópurinn er sem er með 4,5% vexti. Mig langar líka til að spyrja hvort ekki sé ástæða til að kanna möguleikana á því að halda lægri vöxtum á þessum lánum en öðrum lánum frá Byggingarsjóði ríkisins. Ástæðan fyrir því að ég spyr að þessu er sú að söluíbúðir aldraðra eru ekki á almennum markaði, þetta eru ekki íbúðir sem fólk getur selt hverjum sem kaupa vill, heldur er yfirleitt á þeim félagslegur forkaupsréttur, þ.e. að það er tryggður forkaupsréttur ýmist hjá Samtökum aldraðra, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur eða hverjum þeim sem byggði þessar íbúðir. Og síðan eru þær endurseldar öðru fólki yfir 65 ára aldri, þannig að þær eru ekki á hinum frjálsa markaði á sama hátt og aðrar íbúðir sem fjármagnaðar eru af byggingarsjóðnum.

Við vitum það öll að það er erfitt fyrir fullorðið fólk að binda sér skuldabagga þegar það er komið á þennan aldur og það er mjög erfitt fyrir þetta fólk að sjá ekki greiðslubyrði sína svart á hvítu, að geta ekki vitað nákvæmlega hver greiðslubyrðin er af þeim skuldum sem það er að taka á sig. Þetta fólk getur ekki bætt við sig vinnu ef greiðslubyrði þyngist eins og við sem yngri erum, það hefur hreinlega enga möguleika á því. Í þessu sambandi langar mig til að benda á það að almennar kaupleiguíbúðir eru núna á 4,5% vöxtum og félagslegar kaupleiguíbúðir eru á enn lægri vöxtum. Þetta er það kerfi sem viðbúið er að notað verði fyrst og fremst til að byggja yfir aldraða í framtíðinni. Ég sé ekki af hverju aldrað fólk, sem ekki átti kost á kaupleiguíbúðum á sínum tíma, á að bera hærri vexti en þeir sem eru inni í almenna kaupleiguíbúðakerfinu.

Sú vaxtahækkun sem nú á sér stað getur ekki bara skrifast á reikning núv. ríkisstjórnar, þótt ég ætli síst af

öllu að afsaka hana. Það blasir við og var margsinnis á það bent í kosningabaráttunni að þessi vaxtahækkun var í pípunum, ef svo má segja. Mín skoðun er sú eftir að hafa kynnst þessum breytilegu vöxtum sem fólk býr líka við á lífeyrissjóðslánunum og má eins búast við að hækki á næstu dögum, að fastir vextir á langtímalánum séu mun skynsamlegri en breytilegir vextir. Það er kannski kosturinn við húsbréfakerfið að þar er gert ráð fyrir föstum vöxtum sem fólk getur þá reiknað með og það getur reiknað út sína greiðslubyrði vegna þess. Húsbréfakerfið hefur hins vegar ekki fengið þann frið sem það þarf til að þróast. Ég held að þetta sé alls ekki óskynsamlegt kerfi. Mikil lánsfjárþörf ríkissjóðs og þar af leiðandi hörð samkeppni á peningamarkaðinum hefur hins vegar unnið gegn húsbréfakerfinu og það hafa komið fram ýmsir veikleikar í framkvæmd húsbréfakerfisins. Það dapurlega við þessi kerfi öll, sem við erum alltaf að taka upp í húsnæðismálunum, er að það koma alltaf holskeflur tæpu ári eftir að kerfinu er komið af stað vegna þess að það reiknar enginn með að sú þörf fyrir fjárfestingu í íbúðarhúsnæði sé fyrir hendi sem síðan kemur fram. Það hafa verið nokkur óheillaspor í húsbréfakerfinu að undanförnu og ég held að stærsta óheillasporið og það langversta hafi verið þegar Landsbréf, viðskiptavaki húsbréfanna, hætti einn góðan veðurdag að kaupa húsbréfin. Ég verð að segja það að sem áhorfandi úti í bæ og sem manneskja sem er hugsanlega að velta fyrir sér að sækja um lán í húsbréfakerfinu var þetta reiðarslag. Þetta virkaði á mann eins og skemmdarverk, eins og tekin hafi verið pólitísk ákvörðun í Landsbankanum um það að hætta nú að kaupa húsbréf.

Annað óheillaspor sem hefur átt sér stað í húsbréfakerfinu var þegar stórum kaupendum skuldabréfa ríkissjóðs voru boðnir 7,05% vextir ef þeir keyptu fyrir nógu háar upphæðir. Þá voru húsbréfin á 5,75% vöxtum. Það var náttúrlega borin von að lífeyrissjóðirnir litu við húsbréfum á 5,75% vöxtum meðan þeir gátu keypt skuldabréf ríkissjóðs á 7,05%, enda leiddi það til hækkunar vaxta í 6%. Með öðrum orðum, mikil lánsfjárþörf ríkissjóðs hækkaði vexti hjá húskaupendum í 25 ár. Hún jók greiðslubyrði húskaupenda í 25 ár.

Það þriðja sem hefur mistekist í framkvæmd húsbréfakerfisins, og hefur reyndar verið bent á hér í þessum ræðustól undanfarna daga, er markaðskynningin því hún hefur verið með eindæmum slæm. Ég held að almenningur í landinu átti sig ekkert á því hvað verið er að tala um þegar ýmist er verið að tala um ávöxtunarkröfu, afföll, nafnvexti, raunvexti og annað slíkt í tengslum við húsbréfin.

Það blasir við að húsbréfakerfið er í klemmu. Það er 8,8% ávöxtunarkrafa á húsbréfum og hún er allt of há. Það eru 22,6% afföll og þau eru líka allt of mikil. Það kom fram hér í máli bæði hæstv. viðskrh. og félmrh. í umræðum fyrir nokkrum dögum að þetta væri kannski ekki eins alvarlegt og menn vildu vera láta því það hefðu alltaf verið afföll inni í húsnæðiskerfinu. Sá væri munurinn að afföllin væru nú ljós þar sem lánin væru öll á einum stað. Ef ég man rétt þá orðaði hæstv. viðskrh. það einhvern veginn á þá leið að fólk þyrfti ekki lengur að taka skammtímalán, framlengja þau, velta á undan sér og fá ættingja til þess að skrifa upp á skuldir sínar.

Við þessu vil ég segja það að það er til fjöldi fólks og hefur alltaf verið til og verður til sem greiðir sín lán á gjalddögum, sem tekur ekki á sig meiri skuldir en það ræður við að greiða og fólk sem bindur ekki ættingjum sínum skuldabagga ef það kemst hjá því og veltir ekki undan sér skammtímalánum. Þetta fólk þarf núna að taka á sig afföllin í húsbréfakerfinu rétt eins og hinir, það losnar ekkert við afföllin inni í húsbréfakerfinu. Ég vil því vísa þessum rökum til föðurhúsanna.

Ég hef sagt það hér fyrr að það sé óþolandi að búa við stöðugar kollsteypur í húsnæðismálum. Eins og málin hafa verið á undanförnum árum, allt frá 1986, má segja að það sem fólk hefur átt að gera er að grípa gæsina meðan hún gefst vegna þess að hún getur verið flogin á morgun. Það er stöðugt verið að breyta kerfinu, það er stöðugt verið að gera lagabreytingar, það er stöðugt verið að gera vaxtabreytingar, þannig að þetta er alltaf spurning um að grípa gæsina því á morgun er hún flogin. Með þessu er verið að ýta undir happdrættishugarfar í húsnæðismálum og þeim er hálft í hvoru refsað sem ekki hoppa á tilteknu augnabliki sem hentar ríkiskerfinu, hentar markaðnum, þó að það henti alls ekki einstaklingunum.

Félmrh. hefur komið hér upp og varið húsbréfakerfið með oddi og eggju. Ég hef sagt það hér að ég telji húsbréfakerfið í grundvallaratriðum gott, en mér finnst hins vegar hæstv. félmrh. verja þetta kerfi umfram það sem skynsamlegt getur talist. Hún hefur m.a. haldið því fram að húsbréfakerfið dragi ekki til sín aukið lánsfé. Munurinn sé fyrst og fremst sá að húsnæðislán séu nú á einum stað. Þetta er ekki rétt samkvæmt mínum kokkabókum a.m.k. Húsnæðislánakerfið hefur dregið til sín sífellt meira fjármagn á undanförnum árum. Árið 1986 tók það til sín 12,3 milljarða, árið 1987 14,7 milljarða, árið 1988 19,5 milljarða og 1990 20,5 milljarða og þetta er á verðlagi í maí 1991. Þannig hefur verið stöðug aukning inni í þessu kerfi.

Húsbréfakerfið hækkar vexti vegna þess að það dregur til sín svo mikið lánsfé. Húsbréf hafa flesta eiginleika ríkisskuldabréfa en ríkið hefur ekki sömu stjórn á útgáfu húsbréfa og ríkisskuldabréfa og þar með minnka möguleikar ríkisins til að hafa áhrif á vexti. Ég held að það sé nauðsynlegt að ríkið hafi meiri stjórn á útgáfu húsbréfa en það hefur haft til þessa. Ég sé enga ástæðu til að hafa nánast sjálftöku í húsbréfunum eins og er í dag. Það sem þarf fyrst og síðast að gera er að setja þak á lán úr húsbréfakerfinu.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði í viðtali við eitthvert dagblaðanna um síðustu helgi að þetta kerfi væri eiginlega óalandi og óferjandi. Það sem þyrfti þó að gera væri að það þyrfti að takmarka lán til annarra en þeirra sem væru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn. Þessu vil ég mótmæla. Ég vil mótmæla því að fyrst og fremst séu veitt lán til þeirra sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn vegna þess að það er til fullt af fólki sem hefur farið mjög varlega í sínar fjárfesting-

ar, er búið að fjárfesta einu sinni í íbúð, býr þröngt og á afskaplega lítið í þessum íbúðum þó það sé búið að borga af þeim í mörg herrans ár. Það hefur ekki eignast mikið í þessum íbúðum á þeim tíma og það á ekki að setja þessu fólki stólinn fyrir dyrnar. Það á hins vegar að setja þeim stólinn fyrir dyrnar sem eiga talsverðar eignir og hafa miklar tekjur og geta lagt talsvert af mörkum til þess að eignast dýra eign. Þeir sem hafa löngun til og ráð á að eignast 15 millj. kr. eign ættu að fjármagna hana meira með eigin fé en gert er í dag. Hámarkslán úr húsbréfakerfinu er núna 9,4 millj. og ég sé enga ástæðu til þess að veita svo há lán úr þessu kerfi.

Nú er verið að tala um að veita greiðsluerfiðleikalán og það er byrjað að veita greiðsluerfiðleikalán út úr húsbréfakerfinu. Núna eru til dæmi um greiðsluerfiðleikalán upp á 9,4 millj. kr. Ég verð að segja að það orkar mjög tvímælis, svo ekki sé meira sagt, að veita fólki lán sem skuldar svo mikið og er með slíkan greiðsluvanda. Fólk sem er með greiðsluvanda upp á 7–9 millj. kr. vegna íbúðarhúsnæðis á hreinlega að selja þá íbúð sem það getur ekki staðið í skilum með. Það eru hreinar öfgar að koma og sækja um greiðsluerfiðleikalán vegna slíkra hluta. Ekki síst þegar horft er til þess að sá sem skuldar 7,3 millj. kr. og er í erfiðleikum þarf að fá 9,4 millj. út úr húsbréfakerfinu vegna affallanna, þannig að skuldir hans aukast brúttó um 2 millj. kr.

Það sem ég hef verið að reyna að segja hér varðandi húsbréfakerfið er að þó ég sé fylgjandi því í grundvallaratriðum, þá óttast ég þensluna og ég óttast sjálfvirknina í húsbréfakerfinu. Ég óttast líka að það sé skekkja í áætlunum mjög margra sem nú eru að taka húsbréf. Margir sem núna taka húsbréfalán telja sig geta staðið undir þessum lánum vegna vaxtabótanna. En hvernig lítur dæmið út eftir 15 ár hjá þessu fólki? Húsbréfalánin eru jafngreiðslulán, þ.e. summa vaxta og afborgana er allan tímann sama upphæð að raungildi. Vextirnir eru hæstir fyrst í þessu kerfi en vægi þeirra minnkar eftir því sem á líður og vægi afborgana eykst. Samhliða þessu, þegar hluti afborgana stækkar og vaxtagreiðslan minnkar þó að greiðslubyrðin sé sú sama, þá minnka einnig möguleikar fólks til vaxtabóta. Það fær ekki vaxtabætur út á afborganirnar.

Í vaxtabótakerfinu kemur svo það til viðbótar að þar er engu að treysta. Það er hægt að breyta vaxtabótakerfinu árlega ef stjórnvöldum býður svo við að horfa og fólk er að taka lán til 25 ára. Það getur ýmislegt breyst á 25 árum er ég hrædd um. Svo mikið hefur breyst á undanförnum árum í húsnæðismálum að ég tel að það sé engu að treysta í vaxtabótakerfinu. Vaxtabótakerfinu var breytt strax á fyrstu mánuðum þess. Mig minnir að lögin um vaxtabætur hafi verið sett á haustmánuðum 1989. Strax í desember 1989 var lögunum breytt. Upphaflega átti að draga 5% af tekjum fólks frá vaxtagjöldum. Í desember var því breytt í 6% með handaupprettingu hér á Alþingi. Miðað við reynsluna af stjórnvaldsaðgerðum í þessum málum er því engu að treysta. Og það er ekki óhætt að mínu mati fyrir fólk að gera út á vaxtabótakerfið.

Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að fulltrúi Kvennalistans í húsnæðismálastjórn samþykkti ekki vaxtahækkun þar núna á lánum Byggingarsjóðs ríkisins, úr 3,5% og 4,5% í 4,9%. Við treystum ekki ríkisvaldinu í vaxtabótamálum.

Ríkisstjórnin hefur látið þau boð út ganga að vaxtahækkunin nú sé í raun til þess gerð að lækka vexti, eins mótsagnakennt og það nú er. Þetta þýðir væntanlega að hækkun vaxta á að draga úr eftirspurn eftir lánsfé, þar af leiðandi ætti verðið á lánsfénu að lækka. Þetta getur þó tæplega gerst meðan það er ríkið sjálft sem heldur uppi eftirspurninni eftir þessu sama lánsfé. Vaxtalækkun verður ekki varanleg fyrr en lánsfjárþörf ríkisins minnkar og töfrabrögð eins og þau sem heyrst hafa í fjölmiðlum, að selja húsbréf á erlendum markaði, duga ekki, þau breyta ekki þessu dæmi. Í mínum huga getur það ekki verið annað en erlend lántaka á mun hærri raunvöxtum en nokkur ástæða er til. Ég sé enga ástæðu til að greiða yfir 8% raunvexti á erlendum markaði eins og húsbréfin bjóða nú upp á.

Mig langar til þess að vekja athygli á því vegna þessara vaxtahækkana að það er allt sem bendir til þess að vextir muni hækka á lífeyrissjóðslánunum. Þá er ég ekki að tala um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna hjá byggingarsjóðunum, heldur er ég að tala um þau lífeyrissjóðslán sem hafa verið lánuð út til einstaklinga. Það er margt sem bendir til þess að vextir þar, sem eru víða 7%, muni hækka í 8–9%. Og þessi vaxtahækkun hittir líka fyrir íbúðareigendur, hún hittir fyrir þetta sama fólk. Að stórum hluta til er það þessi svokallaði misgengishópur sem er með þessi lán á sínum herðum, hann hefur ekkert losnað við þau. Jafnvel þó hann sé kominn inn í 1986-kerfið hafa þessi lán fylgt fólkinu úr einni íbúð í aðra.

Ég er sannfærð um það að þessar vaxtahækkanir geta haft mjög alvarlegar afleiðingar á vinnumarkaði. Þær auka verulega greiðslubyrði fólks vegna húsnæðis og eins vegna þess að framfærsluvísitalan mun hækka, eins og kom fram í máli fjmrh., og enn frekar ef verður af þeirri hækkun á gjaldskrám opinberra fyrirtækja sem hér var boðuð og talin nauðsynleg.

Að lokum langar mig aðeins til þess að koma inn á Lánasjóð ísl. námsmanna vegna þess að þar er boðaður niðurskurður. Menn geta svo sem bókfært hann hvernig sem þeir vilja en samkvæmt skýrslu fjmrh. á að lækka viðbótarfjárþörf til Lánasjóðsins um 300 millj. kr. Þetta þýðir með öðrum orðum að það þarf að skera 300 millj. kr. niður á haustlánum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Námsmenn hafa látið hafa það eftir sér að þetta þýði í raun 800–900 millj. kr. skerðingu á lánunum á ársgrundvelli.

Menntmrh. hefur falið stjórn Lánasjóðsins að gera tillögur um aðgerðir til að ná fram þessari skerðingu. Tillögur sem heyrst hafa eru fyrst og fremst þær að skerða framfærslugrunninn og samhliða því átti að draga úr skerðingu lána vegna atvinnutekna. Skerðingin á framfærslugrunninum átti að vera um 16,7%, eftir því sem ég fregnaði síðast, eða úr 56.106 kr. í 46.716 kr. pr. einstakling. Með þessu er hægt að draga úr kostnaði Lánasjóðsins. En samhliða þessu átti, eins

og ég sagði áðan, að draga úr skerðingu lána vegna atvinnutekna og það átti að vera vinnuhvetjandi. Þetta þýðir með öðrum orðum að áður var það þannig að 75% af tekjum námsmanns í leyfi umfram grunnframfærslu komu til frádráttar lánum, nú eiga það að vera 50%. Þetta hefur ekki í för með sér minnkuð útgjöld Lánasjóðsins. Ég reikna með að þetta eigi að vera einhver plástur á sárið sem skerðingin á framfærslugrunninum er. Þessi plástur finnst mér mjög vafasamur vegna þess að ég er sannfærð um að þetta kemur miklu fremur körlum en konum til góða. Karlmenn hafa hærri sumartekjur en konur og þar af leiðandi hafa þeir meiri möguleika en konur á að auka samanlagðar tekjur og lán yfir árið með þessum reglum. Ég vil því vara við þessum hugmyndum og tel að það ætti mun fremur að skerða framfærslugrunninn minna og hafa óbreytt tekjuviðmið eins og það er í dag, þ.e. að 75% af umframtekjunum komi til frádráttar en ekki 50%.

Mig langar til þess að spyrja að því hvort sú skerðing sem þarna er verið að vinna að í Lánasjóðnum sé tímabundin eða varanleg, hvort þetta þýði að námsmenn megi hugsanlega búast við því að tekjur sjóðsins verði skertar um allt að einn milljarð á næsta ári samkvæmt þessu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Hér hefur nú í tvo og hálfan klukkutíma verið samfelldur ræðuflutningur fyrrv. stjórnarandstöðu. Það er nokkuð fátítt að þannig sé staðið að stjórn þingsins að menn búi við það að á eftir ræðu fjmrh., sem flutti skýrslu, hafði mjög góðan tíma til að semja þá ræðu, tók sjálfur fram að hann hefði beðið lengi eftir flutningi, þannig að hann hafði möguleika til að sníða af henni annmarka ef einhverjir voru, er flutt um 40 mínútna ræða af fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn., mjög sköruleg ræða. Svo höfum við búið við stöðuga fræðslu kvennalistafulltrúa eftir það, m.a. um húsbréfin, mjög ítarlegt, þó ríkisfjármál séu hér fyrst og fremst á dagskrá.

Ég vildi leita eftir upplýsingum hjá forseta hvort við megum búast við svipaðri skipan mála næstu tvo og hálfan tíma og hvað fyrirhugað væri fram eftir nóttu, því það fer að verða einfalt stærðfræðilegt reikningsdæmi að finna út hvað þessi umræða mun standa lengi með sama áframhaldi og sömu stjórnun á þessum hlutum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er greinilegt að hv. 2. þm. Vestf. er ekki ánægður með hvernig forseti stjórnar þinginu þennan stutta tíma sem hann hefur haft það hlutverk, en ég vil þá af þessu tilefni upplýsa það að fulltrúar fyrrv. stjórnarandstöðu, þ.e. fulltrúar Sjálfstfl., hafa talað hér nákvæmlega 1 klukkustund og 42 mínútur og fulltrúar Kvennalistans, þeir tveir sem hafa talað, hafa talað nákvæmlega í 43 mínútur.

Það má gagnrýna forseta fyrir það að hafa ekki gætt þess að hleypa núverandi stjórnarandstöðuþingmanni annarra en Kvennalista fyrr að í röðinni en það má kannski virða forseta það til vorkunnar að menn voru búnir að bíða lengi eftir því að þessi umræða um ríkisfjármálin hæfist vegna þess að stefnuræðan hefur tekið nokkuð langan tíma. Á meðan hafa menn verið að færa sig á mælendaskrá um ríkisfjármál sem jafnvel ætluðu að tala í stefnuræðunni en hættu við það. Það á sérstaklega við um þingmenn Kvennalista en engin þeirra talaði hér á síðustu fundum í stefnuræðunni af því þær völdu það að halda sig við málefnið, þ.e. ríkisfjármálin, á réttum dagskrárlið. Þess vegna taldi forseti það réttlætanlegt að þeir tveir fulltrúar Kvennalistans sem eru á mælendaskrá í þessari umræðu fengju að tala eftir þeirri röð sem þeir settu sig á mælendaskrá.

Það sem fyrir liggur er þá að næst er fulltrúi Alþb. á mælendaskrá, þar næst fulltrúi Framsfl. og þar næst Sjálfstfl., síðan Alþb., Framsfl., Sjálfstfl., Framsfl., Alþb., Framsfl. og síðan aftur Framsfl. Svona er mælendaskráin eins og hún liggur fyrir á þessari stundu og vonar forseti að hv. 2. þm. Vestf. sé nokkru fróðari um hvernig forseti hefur reynt að raða þessu niður eftir því hvernig þingflokkar hafa hugsað sér að tala og reynt að skipta þessu nokkuð bróðurlega. Forseta ber að gæta réttlætis, bæði gagnvart stjórn og stjórnarandstöðu og þess vegna biður nú forseti hv. 2. þm. Vestf. að virða honum það til vorkunnar þó hann reyni að gæta líka réttlætis gagnvart þingmönnum stjórnarliða eins og stjórnarandstöðu.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti. Mér þykir það miður að hafa knúið herra forseta til þess að þurfa að flytja hér langa ræðu undir þeim kringumstæðum að röddin er í tæpasta lagi. En það verður að segjast eins og er að mjög hefur breyst skipan mála hvað framhaldinu við kemur nema hvað varðar Alþfl. Það getur alls ekki aumara verið. Þar sem ég er nú á mælendaskrá og geri ráð fyrir því að komast að á milli fjögur og fimm með sama áframhaldi, og þá eru menn í fastasvefni, þá þætti mér mjög vænt um ef hæstv. forseti mundi nú strax, því ekki er ráð nema í tíma sé tekið, boða hæstv. viðskrh. á þennan fund og hæstv. heilbrrh. Sú er skýringin á að hæstv. heilbrrh. er boðaður að minni ósk að þar er um fyrrverandi formann fjvn. þingsins að ræða og hann hefur verið borinn alveg ægilegum sökum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta er ljúft að verða við þeirri beiðni að gera þessum hæstv. ráðherrum viðvart um að nærveru þeirra sé óskað. Hæstv. viðskrh. mun vera í húsinu og forseti mun reyna að koma boðum til hæstv. heilbrrh. Hann er ekki í húsinu samkvæmt töflu en forseti mun gera ráðstafanir til að hann verði látinn vita að svona undir morgun sé hans vænst á þessum fundi.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi segja nokkur orð um þann sérkennilega og afar óvenjulega hátt sem þessi umræða hefur mótast af. Ég teldi nauðsynlegt að hv. þm. Pálmi Jónsson væri hér í salnum og reyndar

einnig hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Geir Haarde.

Það var þannig fyrr í dag að það komu óskir til þingflokka stjórnarandstöðunnar frá formönnum þingflokka stjórnarliðsins og hæstv. ríkisstjórn um að stjórnarandstaðan greiddi fyrir umræðum í þinginu og meðferð mála með því að þeir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem væru á mælendaskrá í stefnuumræðunni færu af þeirri mælendaskrá og samið yrði um það að hún yrði sérstaklega stytt til þess að hæstv. fjmrh., sem skiljanlega var orðinn nokkuð órór yfir því að hafa orðið að bíða hér lengi eftir að flytja sína skýrslu, gæti komist að með eðlilegum hætti. Stjórnarandstaðan varð við þessari ósk. Við gerðum það í góðri samvinnu hér í dag að ryðja mönnum út af mælendaskrá í umræðunni um stefnuræðu forsrh. til þess að geta greitt fyrir því að hér gæti hafist umræða í kvöld sem við héldum að yrði aðallega milli fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna og hæstv. ríkisstjórnar. En eins og hér hefur komið fram hefur þessi umræða nú staðið í tæpa þrjá tíma og henni hefur verið hagað þannig af hálfu stjórnarliðsins að einn þingmaður Sjálfstfl., hv. þm. Pálmi Jónsson, hefur talað lengur en allir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa talað í þessari umræðu til þessa. Það er staðreynd málsins. (Gripið fram í.) Ég heyri það greinilega að hv. þm. er mjög ánægður með þessa framgöngu sína og er hreykinn af henni. En ég hef ekki vanist því fyrr að svona sé haldið á málum hér á Alþingi. Venjan hefur verið sú hér þegar stjórnarandstaða hefur greitt þannig fyrir gangi mála í þinginu að þeirri eðlilegu reglu sé fylgt þegar ráðherra mælir fyrir skýrslu að áður en þingmenn stjórnarliðsins hefja umræður um að mál fái a.m.k. einn fulltrúi frá hverjum stjórnarandstöðuflokki að tala um skýrslu ráðherrans. Það er afar óvenjulegt að ríkisstjórnin kjósi að halda þannig á máli að fulltrúi Sjálfstfl. í fjvn. komi hér rakleiðis í ræðustól eftir að tveir ráðherrar Sjálfstfl. hafa talað og einn þingmaður Kvennalistans talaði í tæpar tíu mínútur, ekki lengur. Eini fulltrúi stjórnarandstöðunnar, fulltrúi Kvennalistans hafði talað hér í tæpar tíu mínútur en tveir ráðherrar Sjálfstfl. höfðu talað þegar þriðji þingmaður Sjálfstfl. kemur hér í ræðustól og talar í rúmar 40 mínútur, og flutti ræðu sem ég ætla ekki að gera mjög að umræðuefni hér en það er ræða sem við sem sátum hér á þingi á síðasta kjörtímabili erum búin að heyra oft. Í þessari ræðu var nánast ekkert vikið að skýrslu fjmrh., mjög lítið. Og það litla sem að henni var vikið þá var gefið til kynna að hún væri kannski ekki marktæk. En að öðru leyti var þetta bara svona almenn endurtekning á þeim fullyrðingum sem hv. þm. flutti hér ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki tíu sinnum, kannski tuttugu til þrjátíu sinnum á síðasta þingi.

Ég verð að segja við virðulega ríkisstjórn að ég botna nú satt að segja ekkert í þessari stjórn á málum hér í þinginu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Að koma til stjórnarandstöðunnar í dag og biðja um skilning og fyrirgreiðslu á meðferð umræðunnar, fá þann skilning og fyrirgreiðslu og haga málum síðan þannig að Sjálfstfl. nánast einokar þessa umræðu fyrstu þrjár klukkustundirnar tæpar. Nánast, sagði ég. Það eina sem hefur komist að er fyrst einn þingmaður Kvennalistans með hógværa málefnalega ræðu í tæpar tíu mínútur þegar þriðji þingmaður Sjálfstfl. kom í umræðuna, hinir tveir sem töluðu á undan voru að vísu ráðherrar, en þegar tveir ráðherrar Sjálfstfl. höfðu talað þá kom þingmaður Sjálfstfl. eftir að stjórnarandstaðan hafði haft tæpar 10 mínútur af umræðunni og talaði fjórum sinnum lengur en stjórnarandstaðan hafði þá talað í umræðunni.

Ef þeir stjórnarþingmenn sem hér eru á mælendaskrá töluðu jafnlengi og hv. þm. Pálmi Jónsson þá mundi þessi umræða standa til klukkan 9 í fyrramálið. Ég tel þess vegna alveg nauðsynlegt að hæstv. forseti og formenn þingflokka stjórnarflokkanna íhugi nú í rólegheitum í ljósi þess sem hér hefur gerst af hálfu Sjálfstfl. hvort það sé ekki eðlileg kurteisi og virðbrögð við stjórnarandstöðuna og þingheim eftir þetta að umræðunni verði lokið hér eða frestað eftir skikkanlegan tíma. Eða er það virkilega ætlunin eftir það kurteislega og vinsamlega samkomulag sem tókst hér í dag og þann skilning sem stjórnarandstaðan hefur sýnt að fara að setja þingmenn stjórnarandstöðunnar í þá stöðu að annaðhvort verði þeir að skera ræður sínar niður í brot af því sem fulltrúi Sjálfstfl. úr hópi þingmanna talaði hér áður en nokkur þingmaður Alþb. og áður en nokkur þingmaður Framsfl. hafði kvatt sér hljóðs? Er það ætlunin að setja þingmenn stjórnarandstöðunnar í þá stöðu að þurfa að skera ræðutíma sinn niður í brot af því sem hv. þm. Pálmi Jónsson notaði hér eða láta fundinn standa ella til kl. 9 eða 10 í fyrramálið látlaust? Og er þá aðeins tekið mið af þeim sem nú þegar eru komnir á mælendaskrá. Ég veit að það þarf ekki að útskýra það fyrir hæstv. forseta, hæstv. forsrh. og fjmrh. og formönnum þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. að þetta er ekki hægt.

Ég tek sem dæmi að á kjörtímabilinu 1979–1983 var sá lengsti fundur sem þá var haldinn og var hann einstakur á því fjögurra ára tímabili, var honum lokið u.þ.b. kl. 6 um morguninn. Það var einstakt. Ég ætla hins vegar ekki að fara fram á það hér að þessari umræðu verði frestað fljótlega upp úr miðnætti eða svona í hæsta lagi kl. 1 eða 2 eða svo, ég ætla ekki að fara fram á það vegna þess að ég tel það satt að segja óþarft. Því ég vænti þess að formenn þingflokka stjórnarflokkanna, forsrh. og forseti þingsins sýni í ljósi þess sem hér hefur gerst þá sjálfsögðu kurteisi við stjórnarandstöðuna að taka afleiðingum af framgöngu hv. þm. Pálma Jónssonar og annarra sem hér hafa talað af hálfu stjórnarliðsins vegna þess að þeir geta ekki farið með málið á þann veg að stjórnarandstöðunni sé ekki veittur sami möguleiki og stjórnarþingmaður tekur sér hér í umræðum.

Virðulegi forseti. Ef ég færi út í það að svara öllu því rugli sem hv. þm. Pálmi Jónsson var með hér í sinni ræðu, þessari almennu pólitísku ræðu sem hann flutti hér, þá þyrfti ég til þess svona einn til tvo klukkutíma. Ég er þess vegna settur í þær stellingar hér, virðulegur forseti, og hæstv. forsrh. og fjmrh. að annaðhvort láti ég þessum fullyrðingum hv. þm. Pálma Jónssonar ómótmælt og hann geti þá komið á eftir og

sagt: Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. fjmrh., svaraði í engu því sem ég sagði um hans störf og þar með er hann auðvitað með sinni þögn að samþykkja það sem ég var að segja. Ég er settur í þá stöðu að annaðhvort fari ég í það hér lið fyrir lið að hrekja þessar fullyrðingar eða taka þessa áhættu að þingmaðurinn segi í framhaldinu: Ja, þarna sjáið þið, ég tók þingmanninn fyrir, fyrrv. ráðherra, strax og þingið kom saman að loknum kosningum, tætti í sundur hans fjármálastjórn og hann svaraði engu.

Þetta er staðan sem búið er að skapa í þessari umræðu af hálfu Sjálfstfl. Þegar stjórnarandstaðan greiðir fyrir þingstörfum með því að ætla að taka á þessari umræðu, sem við héldum að væri eðlilegt, að hæstv. fjmrh. flytti sína ræðu, síðan kæmi einn talsmaður frá hverjum stjórnarandstöðuflokkanna og síðan einstakir þingmenn í kjölfarið um einstaka þætti og umræðunni gæti lokið á skikkanlegum tíma.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að flytja hér einhverja tveggja tíma svarræðu við öllu þessu rugli sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni. Ég bið hins vegar forráðamenn ríkisstjórnarinnar og forseta þingsins og formenn þingflokkanna að hugleiða hér í hliðarsölum hvernig þeir ætla að bregðast við framhaldinu í þessari umræðu því að þetta er alvörumál. Þetta er ekkert svona grínmál, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (**ÖS:** Ég er að hugleiða.) Já, það er gott.

Ég ætla hins vegar að segja það við hv. þm. Pálma Jónsson að hann flutti þessa ræðu sem hann flutti hér áðan alloft á síðasta kjörtímabili. Hann flutti hana við 1. umr. fjárlaga, 2. umr. fjárlaga, 3. umr. fjárlaga, 1. umr. um lánsfjárlög, 2. umr. um lánsfjárlög, 3. umr. um lánsfjárlög og við mörg önnur tækifæri. (Gripið fram í.) Jú, það má líta þannig á en hún var líka margflutt, hv. þm. Og það er einmitt það sem ég er að vekja athygli hér á að af hálfu Sjálfstfl. hefur þessari umræðu nú þegar, áður en nokkur þingmaður talar af hálfu Framsfl. eða Alþb., verið breytt í almenna pólitíska umræðu af því tagi sem fram fór hér á síðasta kjörtímabili þegar við hins vegar skildum ríkisstjórnina þannig hér í dag og forustumenn þingflokka stjórnarflokkanna að menn vildu samninga um auðvelda meðferð mála hér á þessu sérstaka aukaþingi. Ef þetta eru leikreglurnar sem okkur er boðið upp á í samningum við stjórnarandstöðuna þá er eiginlega ekki hægt að gera neina samninga. Það er alveg ljóst.

Við hv. þm. Pálma Jónsson vil ég einfaldlega segja þetta: Hann flutti þessa ræðu oft. Og þótt Sjálfstfl. fengi fjmrn. og þótt Sjálfstfl. fengi landbrn. og þótt hv. þm. Pálmi Jónsson á þingflokksfundi í Sjálfstfl. gerði sérstakt tilkall til þessara ráðherraembætta þá dæmdi þingflokkur Sjálfstfl. þennan málflutning ótvírætt í vali sínu á ráðherrum. Þingflokkur Sjálfstfl., þrátt fyrir allan þennan ræðuflutning, þrátt fyrir allan þennan málflutning á síðasta kjörtímabili, taldi það ekki þjóna hagsmunum flokksins að gera þennan hv. þm., Pálma Jónsson, að ráðherra ríkisfjármála eða landbúnaðarmála. Þar með hefur Sjálfstfl. auðvitað kveðið upp sinn dóm yfir þessum málflutningi. Því samkvæmt öllum venjulegum siðum innan flokka hefði auðvitað hv. þm. verið valinn til ráðherradóms af hálfu Sjálfstfl. ef trúnaðurinn og traustið hefði verið fyrir hendi af hálfu flokksins.

Það var hins vegar athyglisvert að hv. þm. Pálmi Jónsson sagði ekki orð um það í sinni ræðu sem hann hefði fordæmt mjög harðlega ef sá sem hér stendur eða fyrrv. samgrh. hefðu staðið að því sem núv. hæstv. samgrh. og núv. hæstv. fjmrh. hafa gert varðandi niðurskurð og aðferðir og vinnubrögð í vegamálum. Þá hefði verið flutt hér löng fordæmingarræða. Hv. þm. hefur utan þings sagst vera andvígur þeim niðurskurði m.a. í hafnarframkvæmdum á Blönduósi sem ákveðinn er af ríkisstjórninni og fjallað er um í þessari skýrslu sem hér er til umræðu. En hv. þm. sagði ekki orð um það. Hann sagði ekki orð um það sem er mikilvægast í þeirri skýrslu sem hér er flutt, þ.e. tillögurnar sem ríkisstjórnin er með, þótt það liggi fyrir að þingmaðurinn, ef hann er sjálfum sér samkvæmur, sé á móti þessum tillögum. Þannig að það sem er kjarni málsins, hvort hv. þm. Pálmi Jónsson styður tillögur ríkisstjórnarinnar núna eða ekki, var hvergi að finna í hans ræðu. Þess vegna er það auðvitað jafnskýr spurning eftir þessa 40 mínútna ræðu, lengstu ræðu þingmanns sem enn hefur verið flutt í þessari umræðu, og það var áður, hvort hæstv. fjmrh., sem nú er að ganga úr salnum, hefur stuðning fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn. við þessum tillögum eða ekki.

Hv. þm. Egill Jónsson lýsti því yfir í sjónvarpinu í kvöld að hann styddi ekki þessar tillögur. Þannig að það liggur fyrir að tveir fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn., þeir einu sem hér eru á þingi, styðja ekki tillögurnar. Það hefðu einhvern tímann þótt tíðindi að fulltrúar flokks fjmrh. í fjvn. styddu ekki tillögurnar. Og þá auðvitað vaknar sú spurning: Er þingmeirihluti hér fyrir þessum tillögum eða ekki? Er þingmeirihluti fyrir þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar eða ekki? Þegar yfirlýsingar fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn., sem nú hafa komið fram opinberlega, að vísu ekki hér í þingsalnum en í fjölmiðlum, liggja fyrir um andstöðu þeirra við þessar tillögur þá er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. og fjmrh., áður en þingið fer heim, leiði það í ljós með einhverjum hætti hér í þinginu hvort þessar aðgerðir hafa þingstuðning eða ekki.

Það kom okkur í stjórnarandstöðunni satt að segja á óvart þegar við fórum að lesa í fjölmiðlum yfirlýsingar frá þeim tveimur hv. þm. sem ég hef nú nefnt eða hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, svo ég haldi áfram að bæta við, þingmönnum stjórnarliðsins sem hafa lýst því yfir opinberlega að þeir séu á móti þessum tillögum, því við höfðum talið í barnaskap okkar að þessar tillögur hefðu verið blessaðar í þingflokkum stjórnarliðsins. Nú kemur í ljós að svo var ekki. Þetta er bara eitthvað sem var ákveðið á ríkisstjórnarfundinum og þar með talið að málið sé afgreitt. En, virðulegir ráðherrar, hér er þingræði. Það dugir ekki bara að það sitji einhverjir menn í kringum borð í gamla fangelsinu við Lækjartorg og segi: Hlutirnir eiga að vera svona og svona. En það sé ekki leitt í ljós hvort þeir hafa þingmeirihluta á bak við sig fyrir þessum tillögum. Og það sérkennilega kom fram í fjölmiðlum í dag að það eru

þingmenn stjórnarandstöðunnar sem taka þessum tillögum af meiri skilningi og meiri stuðningi heldur en þingmenn stjórnarliðsins. Þannig að það kann að vera komin upp sú staða hér að hæstv. ríkisstjórn þurfi á atkvæðum stjórnarandstöðuþingmanna að halda hér í þinginu til að hafa meiri hluta á bak við þessar aðgerðir sínar.

Þess vegna vil ég spyrja að því hvort það sé ekki ætlun hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að leita með einhverjum hætti eftir staðfestingu þingsins núna á þessum aðgerðum þannig að hér í þinginu fari fram einhvers konar atkvæðagreiðsla um þessar aðgerðir. Ég vænti þess að þeir, sem hafa talað hæst og lengst á síðasta kjörtímabili um vinnubrögð í ríkisfjármálum, um að leita þurfi eftir samþykki Alþingis við hverju því sem gert er og að öll tvímæli séu tekin af varðandi stuðning eða ekki stuðning við einstök atriði í ríkisfjármálum, fari ekki nú að hopa frá. Sérstaklega þegar þessir sömu menn hafa nú þegar lýst því yfir, eins og hv. þm. Egill Jónsson og hv. þm. Pálmi Jónsson, að þeir séu á móti þessum aðgerðum, þá fari þeir ekki að sitja hér í þinginu eins og einhverjar dúkkulísur og brjóta öll sín boðorð, rífa í tætlur allar sínar ræður frá síðustu þremur til fjórum árum um vinnureglur í ríkisfjármálum sem við vorum sammála um að ætti að beita og enginn ágreiningur var hér á síðasta kjörtímabili um að ætti að beita. (**PJ:** Það hefur engin yfirlýsing komið frá mér um það.) Að það eigi ekki að beita þeim aðferðum? (Gripið fram í.) Ég las í blaði viðtal við hv. þm. þar sem það kom fram að niðurskurður á framkvæmdum í höfnum kæmi honum mjög á óvart og væri í andstöðu við það sem hann hefði viljað. (**PJ:** Þetta er rangt.) Ja, við getum bara flett þessu upp í blöðum, hv. þm. En það er þess vegna nauðsynlegt í ljósi þessa frammíkalls að taka af öll tvímæli í málinu. Alla vega er það ljóst að hv. þm. Egill Jónsson lýsti því yfir í sjónvarpinu í kvöld að hann styðji ekki þessar aðgerðir. Það er a.m.k. ljóst. Það hlustaði ég sjálfur á núna í kvöldmatarhléinu. Og ég ætla að vona að þessi hæstv. ríkisstjórn fari ekki að gera það í sinni fyrstu göngu að ganga hér fram án þess að leita eftir umboði og staðfestingu þingsins á því sem stjórnin er að gera.

Þess vegna er mín fyrsta spurning til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.: Munu þeir í ljósi þessa ekki bera þessar aðgerðir með einum eða öðrum hætti upp hér í þinginu þannig að atkvæðagreiðsla fari fram um málið?

Áður en hv. þm. Pálmi Jónsson flutti sína ræðu hafði ég eingöngu ætlað mér að ræða hér tiltölulega stutt og kurteislega við hæstv. fjmrh. Því það er nú einu sinni þannig með þennan klúbb fyrrverandi fjármálaráðherra að þeir hafa svona vissa samúð með þeim sem embættinu gegnir í það og það sinn. Ég hafði ekki ætlað mér að fara að flytja hér einhverja langa ræðu í kappræðustíl til að svara því sem hæstv. fjmrh. sagði hér. Ég verð að vísu að segja það að það kom mér dálítið á óvart að framsagan fyrir skýrslunni var eiginlega meira um mig heldur en skýrsluna. (**Fjmrh.:** Það er vegna þess að . . .) Já, hæstv. fjmrh., það er nú skiljanlegt að hann reyni að leika sér að frægu orðatiltæki sem ég notaði einu sinni með þessum hætti. (**Fjmrh.:** Um hvern var það?) Það veit hæstv. ráðherra jafn vel og ég vegna þess að ég held að hann hafi nú þegar vitnað í það hér á þessu stutta þingi. Þannig að hann þarf ekki að látast hér í sæti sínu eins og hann þekki það ekki. (**HÁ:** Það var eitthvað um skó líka.) Já, það var nýtt hjá ráðherranum, hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Þess vegna væri kannski tilefni til að fara í einhverja langa yfirferð um stöðu ríkisfjármála fram og aftur. Ég ætla hins vegar ekki að gera það. Ég ætla bara að segja örfá orð um þessar skýrslur allar saman sem menn hafa talað hér um.

Í ágústmánuði 1989 lagði ég fyrir þáv. ríkisstjórn skýrslu um stöðu ríkisfjármála á árinu 1990. Niðurstaða þessarar skýrslu var sú að hallinn á fjárlögum árið 1990 yrði 15 milljarðar ef ekkert væri að gert og engar nýjar ákvarðanir yrðu teknar. Skýrslur af þessu tagi eru hefðbundin vinna í fjmrn. Þær eru í samræmi við þær eðlilegu forsendur sem embættismenn fjmrn. gefa sér þegar þeir framreikna óbreytt ástand á þeirri forsendu sem er sú eina forsenda sem þeir sem embættismenn geta gefið sér, að engar nýjar ákvarðanir verði teknar af neinu tagi. Þannig var sú skýrsla sem embættismenn fjmrn. settu saman á lokadögum mínum í fjmrn. samkvæmt — hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Ég heyri í þér og get svarað þessu öllu saman á eftir.) Ég er ekkert að segja þetta endilega til þess að hæstv. ráðherra geti svarað því, ég er ekkert endilega að segja það þess vegna. — Sú skýrsla, sem embættismenn fjmrn. gerðu í lok aprílmánaðar og hæstv. fjmrh. vitnaði hér til og reyndi að nota til þess að ómerkja það sem ég gerði grein fyrir, var nákvæmlega eins. Það var skýrsla sem var byggð á því að engar nýjar ákvarðanir væru teknar. Það er kannski rétt að það komi fram hér, hæstv. fjmrh., að það var ég sem óskaði eftir því að þessi skýrsla yrði sett saman. Þetta var ekki eitthvert plagg sem ég vildi ekki að yrði unnið. Þvert á móti. Ég setti embættismönnunum það fyrir strax að loknum kosningum að vinna þessa skýrslu og sagði þeim reyndar fyrir kosningar að þeir ættu að vera tilbúnir að gera hana. (**Fjmrh.:** Hvaða skýrslu notaði ráðherrann til annarra hluta?) Ég kem að því líka, hæstv. ráðherra. Það er alveg óþarfi fyrir ráðherrann að grípa svona fram í eða vera svona órólegur. (**Fjmrh.:** Ég er svo spenntur.) Og það er líka alveg óþarfi fyrir ráðherrann að vera svona spenntur eða kannski er hann að bíða eftir því að ég segi hérna í lokin hvað ég mundi gera ef ég væri fjmrh. svo að hann viti kannski hvað hann eigi að gera. En ég er að segja þetta hér, virðulegi ráðherra, vegna þess að mér finnst þetta ekki alveg sanngjarnt. Mér finnst þetta ekki samboðið — fyrirgefðu þó að ég segi það — mér finnst þetta ekki samboðið manni í embætti fjármálaráðherra að vera að leika sér svona með þessum hætti. Ég get skilið leiðarahöfunda Morgunblaðsins. Ég geri engar kröfur til þeirra. En fjármálaráðherra finnst mér að geti ekki leyft sér að túlka þetta með þessum hætti.

Ég lagði síðan fram greinargerð sem var miðuð við það að það yrðu teknar ákvarðanir, m.a. yrði tekin sú

ákvörðun að sækja þær tekjur sem í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að yrðu sóttar. En embættismenn fjmrn. gáfu sér það að þar sem það hefði ekki verið gert nú þegar á fyrstu þremur til fjórum mánuðum ársins, yrði það ekki gert á þeim átta til níu mánuðum sem eftir væru. Það var auðvitað eðlileg embættisleg forsenda, en afar óeðlileg pólitísk forsenda. Og bara með þessu eina atriði er eytt helmingnum af þeim mun sem tölulega séð er á þeirri niðurstöðu sem ég var með og sem embættismenn fjmrn. voru með. Hinn þátturinn í muninum felst í því að þeir gáfu sér að þar sem ekki væri búið að ná inn þeim sparnaði, m.a. í heilbrigðiskerfinu, sem gert hefði verið ráð fyrir í fjárlögum, þá yrði það ekki gert á þeim mánuðum sem eftir væru af árinu. Aftur eðlileg embættisleg forsenda en afar óeðlileg pólitísk forsenda af þeim sem taka við að stýra ráðuneytinu pólitískt. Og þegar þetta er tekið inn í myndina, þá er enginn munur, hæstv. fjmrh., á þeirri skýrslu sem ég lagði fram og þeirri greinargerð sem embættismenn ráðuneytisins sögðu — það þýðir ekki að taka um magann og þykjast hlæja í einhverju „nervösiteti" hér í salnum. (Gripið fram í.) Já, ég ætla að vona að hæstv. ráðherra geri það, en það væri hins vegar fróðlegt að vita hjá hæstv. forseta hvort það verður milli kl. 10 og 11 í fyrramálið miðað við það vinnulag sem virðist eiga að vera á þessum umræðum. (**Forseti:** Forseti getur strax upplýst hv. þm. um það að það er ekki gert ráð fyrir að fundir hefjist hér kl. 10 í fyrramálið. Það er gert ráð fyrir að fundir hefjist kl. 2.) Ég átti ekki við það, virðulegi forseti. Ég átti við það hvort ætlunin væri að þessi fundur stæði til kl. 10 í fyrramálið, sem nú er. (**Forseti:** Ekki hafði forseti gert ráð fyrir því, nei.) Nei, en ef þingmenn stjórnarandstöðunnar haga sér eins og þingmenn stjórnarliðsins, þá stendur sá fundur svona lengi, virðulegi forseti, og það er þess vegna sem ég lýsti því hér í upphafi minnar ræðu að það er óhjákvæmilegt ef forseti og formenn þingflokka stjórnarliðsins vilja halda góðri samvinnu hér við stjórnarandstöðuna að þá verði fyrri áform þeirra um fundahöld hér í alla nótt endurskoðuð, í friði og án frekari þrýstings af hálfu stjórnarandstöðunnar. Og ef það verður ekki gert sjálfkrafa af hálfu forseta og formanna þingflokka stjórnarflokkanna, þá er það alvarleg yfirlýsing um það hvernig forseti og formenn þingflokka stjórnarflokkanna hyggjast vinna hér í framhaldinu.

Þær þrjár skýrslur sem hér hafa verið til umræðu, Ríkisendurskoðunar, embættismanna fjmrn. og mín, eru þess vegna allar mjög líkar. Það eru hins vegar í þeim fólgnar mismunandi forsendur á þann veg að Ríkisendurskoðun gefur sér það að ekkert aðhald sé neins staðar og engar nýjar ákvarðanir teknar. Embættismenn fjmrn. gefa sér það að það verði aðhald en engar nýjar ákvarðanir teknar. Ég gekk hins vegar út frá því að það væri bæði aðhald og ríkisstjórn tilbúin til þess að taka nýjar ákvarðanir sem þyrfti að taka því það hvarflaði satt að segja aldrei að mér að menn ætluðu að gefa sér þá forsendu að sitja hér í ríkisstjórn án þess að taka nokkrar nýjar ákvarðanir. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því og reyndar líka hæstv. viðskrh. hvort það sé virkilega ætlun núv. hæstv. ríkisstjórnar að ná ekki inn þeim tekjum sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum að náð sé inn. Þá er ég ekki að tala um það hvort stjórnin ætli að hækka skattana í heild sinni, heldur samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef stefnir í það að verði ekki teknar nýjar ákvarðanir, þá muni tekjuhlutfall ríkisins lækka.

Hæstv. ráðherrar hafa talað mikið hérna um þenslu. Ég veit að ég þarf ekki að útskýra það fyrir hæstv. viðskrh. hagfræðilega að sé hérna þensla þá er það auðvitað galin ríkisstjórn sem fer að lækka það tekjustig sem í fjárlögunum er gert ráð fyrir. En það er það sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að gera. Með því að taka engar nýjar ákvarðanir — og hún hefur ekki enn þá boðað það, ekki í þessari skýrslu og ekki í ræðu ráðherrans hérna áðan — þá benda upplýsingar til þess að hún sé að lækka tekjustigið um núll komma eitthvað á landsframleiðslu. Og svo segið þið við fólkið sem er að mótmæla vaxtahækkununum, virðulegir ráðherrar og hæstv. félmrh.: Við verðum að gera þetta slæma, að hækka vextina vegna þenslunnar. Ríkisstjórn sem sækir sér ekki það tekjustig sem er í fjárlögunum nú þegar lögfest getur ekki sagt: Við erum neydd til þess að hækka vextina vegna þenslunnar. Það er ekki hægt, hæstv. félmrh. Það eru blekkingar. Og það fólk, venjulegt launafólk, sem núna er knúið til þess að borga tugi þúsunda eða jafnvel rúmlega 100 þúsund í viðbótarkostnað vegna vaxta, það er verið að spila með það þegar ríkisstjórnin segir: Vegna þenslunnar verðum við að gera þetta, en hún ætlar ekki að sækja sér tekjustigið. Þess vegna hef ég m.a. bent ríkisstjórninni á það hvernig hún geti farið að því að hluta til: Með því að fresta lækkun jöfnunargjaldsins.

Hæstv. fjmrh. vitnaði í það að utanrrh. hefði skrifað til Brussel ákveðið bréf þar sem hann hefði sagt að ríkisstjórnin ætlaði að fella þetta gjald niður. Það er að vísu rétt að hæstv. núv. utanrrh. skrifaði á sínum tíma bréf til Brussel, sem hann reyndar bar nú aldrei upp í síðustu ríkisstjórn, virðulegi fjmrh., hann bar það bréf aldrei upp í síðustu ríkisstjórn. Það bréf var aldrei samþykkt í síðustu ríkisstjórn þannig að það liggur engin ríkisstjórnarsamþykkt fyrir á bak við það bréf. Það bréf skrifaði hann upp á sitt eindæmi, en látum það nú vera. Það er að vísu mikilvæg staðreynd í málinu. Þá er það alveg ljóst, virðulegi fjmrh., að það yrðu engar eða a.m.k. mjög litlar athugasemdir gerðar við það í Brussel ef þrepunin yrði með þeim hætti að hér yrði staðar numið þó að gjaldið allt væri fellt niður um næstu áramót. Því að það sem meginkrafan er um af hálfu Evrópubandalagsins og EFTA er að gjaldið sé fellt niður um næstu áramót. Þeir gera ekki miklar athugasemdir við það þó að það sé tekið í einu þrepi strax um næstu áramót en ekki í tveimur eða þremur þrepum á árinu sjálfu. Þar með er engin fyrirstaða, virðulegi ráðherra, fyrir því að gera þetta með þeim hætti sem ég hef lýst. En sú aðferð sem ég lýsti getur skilað ríkinu nokkur hundruð millj. kr. í þær tekjur sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að ríkið nái inn. Það sem auðvitað stendur upp á hæstv. ríkisstjórn að svara hér í þessum umræðum, sérstaklega þá ráðherra sem vilja

láta taka sig alvarlega í efnahagslegri umræðu, er þetta: Hvernig rökstyður ríkisstjórnin það að láta tekjustigið vera með þessum hætti í fjárlögunum ef ríkisstjórnin er að berjast gegn þenslu og er ekki að skera ríkisútgjöldin niður að neinu marki? Það er aðeins ein skýring á því. Það eru pólitískir hagsmunir Sjálfstfl. en það eru ekki efnahagsleg rök fyrir því. Þar með er það auðvitað alveg ljóst að núv. hæstv. ríkisstjórn er ekki að bregðast með rökréttum efnahagslegum hætti við þessum aðgerðum. Ég sé hins vegar að hæstv. ráðherrar tveir, viðskrh. og fjmrh., eru búnir að vera hér í svona 5–10 mínútur í hörkuumræðum um þetta atriði og það er kannski í fyrsta sinn sem þeir ræða þetta vandamál sín á milli. Það er nú gott. (**ÓÞÞ:** Það er bakskjal til um þetta allt.) Nei, ég held að það sé ekkert bakskjal til um þetta því það hefur ekki komið fram, virðulegi þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að neitt sameiginlegt bakskjal sé til um tekjuöflun eða niðurskurð í ríkisfjármálum. (**ÓÞÞ:** Þá er heiðursmannasamkomulag um það.) Nei, það er ekki heldur heiðursmannasamkomulag um það. Það er bara ekki neitt. Og eins og ég sagði um hæstv. fjmrh. daginn sem hann tók við, að hann væri ekki öfundsverður af því hlutverki að vera fjmrh. í ríkisstjórn sem hefur ekkert prógramm í ríkisfjármálum. Það er þess vegna sem ég mun hafa mikla samúð með hæstv. fjmrh. og fara mildum höndum um hann hér í þinginu vegna þess að hann hefur verið settur í þá erfiðu stöðu að vera fjmrh. í ríkisstjórn sem hefur ekkert prógramm í ríkisfjármálum og verður bara að reyna að klóra sig fram úr þessu frá degi til dags. Og það skýrist best á því þegar maður skoðar þessa skýrslu.

Hæstv. fjmrh. sagði það hér, að mig minnir, í ræðunni, alla vega kemur það fram í skýrslunni, að með þessum svokölluðu aðgerðum sé stefnt að því að draga úr lánsfjárþörf — eða því sem er kallað á vondu máli lánsfjárhalli og er hluti af hinni sérkennilegu mállýsku sem tíðkast hér í efnahagsumræðunni og þjónar eiginlega þeim tilgangi einum að búa til mikinn vegg milli almennings í landinu og þeirra sem ræða þessi mál í vinnunni hjá sér — en að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera í heild um 6 milljarða. Þetta er sagt í skýrslunni og þetta er sagt af ráðherranum hér.

Ég hef lesið þessa skýrslu nokkuð oft og það má vera að það sé mín sök en ég hef ekki komið þessu upp í nema 3,6 milljarða hvernig svo sem ég les þessa skýrslu. Mér þætti þess vegna mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það hér hvernig menn fá þessa 6 milljarða, sem er svona þessi heilaga tala sem búið er að blása hér út í öllu fjölmiðlakerfinu, í skýrslunni, í leiðurunum, að nú sé ríkisstjórnin þó með þetta prógramm um að draga úr lánsfjárþörfinni í heild um 6 milljarða. En þegar ég legg saman sundurliðunina í skýrslunni þá fæ ég ekki út nema 3,6, ég fæ út rétt rúmlega helming. (Gripið fram í.) Nei, ég held ég leggi alveg rétt saman, hv. þm. Það er auðvitað lykilatriði áður en þessi umræða heldur lengra áfram að hæstv. fjmrh. útskýri fyrir mér og öðrum hér í salnum: Hvernig er þessi tala fengin? Eða er þessi umræða kannski bara öll byggð á einhverri vitleysu, einhverjum misreikningi?

Ég fór hins vegar að reyna að átta mig á því hvernig menn gætu fundið þessa tölu, 6 milljarða. Niðurstaða mín varð sú að það gæti verið að gert sé ráð fyrir því að 1,5 milljarðar til viðbótar við þessa 3,6 komi með því að Húsnæðisstofnun endurgreiði ríkissjóði skammtímaskuldina, þennan fræga víxil, virðulegi félmrh., sem ég samþykkti að yrði tekinn fyrir ráðherrann og Húsnæðisstofnun en ráðherrann og Húsnæðisstofnun gátu svo ekki staðið í skilum með. En sá er bara galli á gjöf Njarðar að þessi 1,5 milljarða víxill er lánveiting innan hins opinbera. Hann er lánveiting innan hins opinbera í eðli sínu og uppruna þannig að þótt hann sé greiddur þá breytir það engu um heildarlánsfjárþörf hins opinbera. Það er því ekki hægt að telja greiðslu á þessari 1,5 milljarða lánveitingu Húsnæðisstofnunar þannig að ef það sé greitt sé verið að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera, því það er bara tilflutningur milli tveggja aðila sem báðir eru í opinbera geiranum.

Það er hins vegar líka algjörlega skilið eftir opið í þessari skýrslu hvernig Húsnæðisstofnun ætli að endurgreiða þennan víxil. Það má segja að hún geti gert það með því að hún afli sér lánsfjár á markaðnum, hjá lífeyrissjóðunum eins og félmrh. er alltaf að tala um. Þessir vondu lífeyrissjóðir vilja ekki kaupa þessa pappíra. Jú, jú, hún gæti kannski gert það þannig. En þá væri ekkert verið að minnka lánsfjárþörf hins opinbera, þá mundi hún aukast aftur um þessa 1,5 milljarða. Það er kannski hægt að gefa sér það að það dragi úr eftirspurn eftir húsnæðislánum um tæpa 2 milljarða vegna vaxtahækkunarinnar, en það er líka mjög hæpið og nánast algjörlega úr lausu lofti gripið. Þannig að þó ég reyni með öllum góðum vilja þá ég sé ekki hvernig hægt er að ná þessari 6 milljarða tölu út úr þessari skýrslu. Ég botna bara ekkert í því og það væri fróðlegt að vita hvernig ríkisstjórnin hefur farið að því. Ég hef spurt ýmsa og ég hef ekki fengið nein svör. Nema menn telji þessa 1,5 milljarða með í 6 milljörðunum, en það er bara blöff. Ég vona að fyrsta ganga ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og vinar míns hæstv. fjmrh. sé ekki byggð á svona einföldu blöffi.

En jafnvel þótt þessi upphæð, 1,5 milljarðar, sé tekin með þá vantar enn þá u.þ.b. milljarð og hvernig geta menn reiknað með honum? Jú, það er hugsanlegt að gefa sér þennan milljarð með því að eftirspurn eftir húsbréfum minnki vegna vaxtahækkunarinnar. Það er hugsanlegt að 1 milljarður af þessum 6 sé fenginn með þeim hætti. En það er náttúrlega bara eins og að labba út á stéttina hjá sér í fyrramálið og segja: Það mun rigna 20. ágúst, því það hefur ekki nokkur maður hugmynd um það hvort vaxtabreytingarnar hafa yfir höfuð nokkur áhrif á eftirspurnina eftir húsbréfum eða hver þau áhrif kunni að verða. (**Fjmrh.:** Sagðirðu 20. ágúst?) Ég tók það bara svona sem dæmi. Ég hefði alveg eins getað sagt 10. ágúst, virðulegi ráðherra. (Gripið fram í.) Já, það má vel vera, hæstv. forsrh., að þið séuð nú þegar komnir á það stig í efnahagsstjórninni að vera eins og frumstæðu þjóðflokkarnir í Afríku sem telja það bara sniðugast að fara út á stétt og gá til veðurs og gá hvort það muni rigna eftir þrjá mánuði. En

ég verð að segja að Persakeisari var nú bara hátíð hjá slíkum vinnubrögðum.

En, virðulegi fjmrh., ég hef lesið þessa skýrslu af athygli og vandlega og með vinsemd og ég kem því ekki heim og saman hvernig þessir 6 milljarðar eru fengnir. Mér þætti þess vegna nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. kæmi hér í ræðustól fljótlega og útskýrði þetta grundvallaratriði, vegna þess að ef 6 milljarðarnir eru fengnir með því að vera með 1,5 milljarða í þessum húsnæðisvíxli og endurgreiðslu á honum og svo 1 milljarð í spekúlasjónum út af minni eftirspurn eftir húsbréfum, þá er alveg ljóst að tæpur helmningur af þessum 6 milljörðum er bara hókus pókus og bara svona gamaldags, simpill hókus pókus, sem hefur engin áhrif á efnahagslífið hér í landinu. Ég bara vona að þetta sé ekki þannig. Ég vona að þetta sé þannig að ég hafi lesið þetta vitlaust. Ég tel alveg nauðsynlegt að það mál sé gert klárt hér í umræðunni strax. Því ef það er virkilega þannig að hæstv. ríkisstjórn í sinni fyrstu göngu hafi feilreiknað sig um 50% þá verður bara að byrja á öllu upp á nýtt.

Þar að auki, virðulegi fjmrh., af þessum 3,6 milljörðum sem þó er hægt að finna í skýrslunni eru 900 millj. vegna erlendra lána, vegna lækkunar á erlendum lánum, þ.e. tæpur $^1/_6$ af þessum svokölluðu 6 milljörðum, sem þó finnast ekki, en segjum 900 millj. af þessum 3,6 milljörðum er lækkun á erlendum lánum. Hins vegar er sagt að aðgerðin sé gerð til þess að minnka lánsfjáreftirspurnina innan lands. Það er öll röksemdin sem menn eru með fyrir aðgerðunum. Minnka þensluna innan lands með því að draga úr lánsfjáreftirspurninni innan lands og þess vegna spyr ég: Af hverju er þá verið að reikna þessar 900 millj. þar sem dregið er úr erlendum lántökum með í þessum 3,6 milljörðum? Það er auðvitað ekki hægt. Það er auðvitað þriðji hókus pókusinn í þessu ef málflutningur stjórnarinnar er tekinn gildur. Ef hann er dreginn frá, þá standa eftir 2,7 milljarðar sem eru sannanlega og finnanlega minnkun á innlendri lánsfjáreftirspurn — 2,7 milljarðar en ekki 6. Innan við helmingur af því sem ríkisstjórnin segist vera að gera og allt sjónarspilið um vaxtahækkunina á þetta allt saman er réttlætt með.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð bara pínulítið hryggur þegar ég las þetta. Mér fannst þetta svo skrýtið og svo undarlegt og það gæti bara ekki verið að mennirnir væru vitandi vits að setja þetta fram með svona hætti eða hvort það hefði orðið einhver alvarleg brotalöm innan ríkisstjórnarinnar í þessari ákvarðanatöku þannig að mennirnir vissu bara ekki hvað þeir væru að gera sjálfir og kæmu til þingsins og þjóðarinnar og segðu: Við erum að minnka þetta um 6 milljarða — en það er bara í reynd um 2,7. — Nú er hæstv. utanrrh. kominn í salinn, hann var þó fjmrh. í rúmt ár, hann hlýtur að vita hvað hann var að gera. Og ég vona að hæstv. utanrrh. sem hefur hvað eftir annað sagst vera mikill snillingur í ríkisfjármálunum og á alltaf svona stóra bunka af tillögum og hugmyndum um það hvernig eigi að fara með ríkisfjármálin, að hann útskýri það fyrir mér hérna á eftir hvernig hann fær þessa 6 milljarða eða fái endursögn af þeim spurningum sem ég hef verið að bera hérna fram vegna þess, í fullri vinsemd, virðulegi utanrrh., að samkvæmt skýrslunni sjálfri er ekki hægt að koma þessu upp í nema 2,7 milljarða. (Gripið fram í.) Ekki ef maður dregur svo frá 900 millj. sem eru minnkun á erlendum lántökum, sem ég nefndi hér áðan, vegna þess að það er sagt að þessir 6 milljarðar séu til þess að minnka lántökuþörfina hér innan lands.

En þessar 900 millj. í erlendum lántökum sem þarna er verið að breyta eru 200 millj. vegna fjárhagsvanda loðnu-, rækju- og síldarverksmiðjanna, 300 millj. vegna lántöku Byggðastofnunar og 400 millj. vegna lántöku Landsvirkjunar. (**Gripið fram í:** Fjmrh. er að láta reikna þetta út.) Virðulegi þm. Ég ætla ekki að gera neina athugasemd við það þó hæstv. fjmrh. ráðgist við embættismenn sína hér í hliðarsölum og tel ekki sanngjarnt að það sé verið að gera neina athugasemd við það hér í þingsalnum. Ég tel satt að segja rétt að hann geri það vegna þess að ef málið er svona eins og ég hef verið að lýsa því, þá er bara öll þessi skýrsla og allar þessar svokölluðu aðgerðir byggðar á einhverjum hróplegum misskilningi og það er þá nauðsynlegt að ríkisstjórnin komi saman til fundar í fyrramálið og átti sig á þeim misskilningi og komi þá til þingsins á morgun eða föstudaginn og útskýri það nákvæmlega hvort hún ætlar að standa við það sem hún er búin að segja þjóðinni núna í nokkra daga að sé kjarninn í stefnu stjórnarinnar og fyrstu aðgerðum, að minnka innlendu lánsfjárþörfina um 6 milljarða, ef það er áfram stefnan þá lýsi hún nákvæmlega hvernig á að minnka þetta um 6 milljarða þannig að það sé alveg ótvírætt, en það sé ekki byggt að helmingi á svona hókus pókus sem ég hef hér verið að lýsa.

Virðulegi forseti. Fjmrh. sagði það hér í sinni ræðu að ráðið væri að hækka vextina og það væri það sem ríkisstjórnin hefði gripið til í þessum málum. Nú lýsti ég því hér fyrir nokkru síðan að ég teldi þetta algjörlega misráðið hjá hæstv. ríkisstjórn eins og hún fer í þessar vaxtabreytingar. Ég vil hins vegar strax taka það fram, eins og ég hef gert áður hér í þinginu, að ég hef ekki gert athugasemd við það þótt vextirnir á ríkisvíxlum væru hækkaðir eitthvað og ég get endurtekið það hér. Ég geri ekki athugasemd við það. Ég hefði að vísu ekki hækkað þá eins mikið og hæstv. fjmrh. gerði, a.m.k. ekki strax og ekki í einu. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að segja neitt um það vegna þess að það sem mér finnst á skorta í öllum málflutningi ríkisstjórnarinnar og kannski á skorta í skilningi hennar líka vegna þess að ég vil ekki gefa mér það að hún sé viljandi að blekkja þingið og þjóðina með þessum hætti, ég vil ekki gefa mér það, þá finnst mér á skorta að gerður sé greinarmunur af hálfu ríkisstjórnarinnar á ríkisvíxlunum og markaðseðli þeirra annars vegar og spariskírteinunum hins vegar.

Hæstv. fjmrh. sagði það hér áðan að það hefði orðið að hækka vexti á ríkisverðbréfum, hann notaði samheitið fyrir ríkisvíxlana og spariskírteinin, þetta var allt í einum potti. Og hæstv. ráðherra sagði reyndar líka að það hefði enginn keypt skuldabréfin — sem voru nú

vonandi mismæli vegna þess að staðreyndirnar eru með allt öðrum hætti, eins og ég mun hér lýsa. Ég stend þess vegna í þeim sporum að velta því fyrir mér: Skilja mennirnir ekki við hvað þeir eru að fást eða eru þeir virkilega svona óskammfeilnir að halda að við hér í þingsalnum og þar með þjóðin sjáum ekki í gegnum svona blekkingar?

Ríkisvíxlarnir eru skammtímapappírar sem taka mið af skammtímasveiflum fyrst og fremst í millibankavöxtum bankakerfisins. Spariskírteinin eru hins vegar langtímapappírar og vextirnir á þeim mynda grundvöllinn að vaxtagólfinu í landinu í heild til langframa.

Ef ríkissjóði tekst á árinu að selja nægilega mikið af ríkisvíxlum jafnt og þétt, þessum skammtímapappírum sem hver um sig hefur gildistíma í fáeinar vikur, þá þarf ekkert að hreyfa vextina á spariskírteinunum. Það var þess vegna engin nauðsyn að hreyfa vextina á spariskírteinunum ef vaxtahækkunin, hin mikla vaxtahækkun á ríkisvíxlunum var réttlætanleg og hefði fengið að standa út árið, vegna þess að það skiptir engu máli efnahagslega hvað snertir árangurinn að draga úr þenslunni, og við skulum gefa okkur það að það þurfi að gera það aðeins. Þá skiptir það engu máli hvort ríkissjóður nær þessu inn með ríkisvíxlum eða spariskírteinasölu ef magnið í heild helst árið á enda. Þannig að ef nægilegt magn af ríkisvíxlum er selt á þessum háu vöxtum ríkisvíxlanna, þá er hægt að láta spariskírteinin vera kyrr og þar með komast hjá því að hækka allt raunvaxtastigið í landinu um þriðjung. En að fara í hvort tveggja í einu í sambærilegu stökki, að hækka vextina á ríkisvíxlunum og vextina á spariskírteinunum er auðvitað slíkt glæfraspil að maður undrast annaðhvort fífldirfskuna eða eitthvað annað sem ég ætla ekki að nefna hér, hjá hæstv. ríkisstjórn að gera það, enda er það komið á daginn þremur eða fjórum dögum eftir að hæstv. ríkisstjórn tók þessa ákvörðun að það er byrjað að spila með þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ekki af stjórnarandstöðunni heldur af Seðlabankanum.

Því hvað var það sem gerðist í gær? Það sem gerðist í gær var það að Seðlabanki Íslands, líklegast sömu mennirnir og ráðlögðu hæstv. fjmrh., eins og þeir voru alltaf að reyna að sannfæra mig um, að hækka vextina á spariskírteinunum upp í 8%, að á verðbréfaþinginu hækkaði Seðlabankinn ávöxtunarkröfuna á spariskírteinunum úr 8,15% í 8,65–8,85%. Ég vil segja við virðulegan fjmrh.: Ekki hefði ég viljað fá svona rýtingsstungu frá Seðlabankanum í bakið á mér. Því þessi ákvörðun Seðlabankans er hrein og klár rýtingsstunga í bakið á fjmrh. Þar með er Seðlabankinn að koma í veg fyrir það að fjmrh. geti selt eitt einasta skírteini á þeim 8% vöxtum eða 7,9% vöxtum sem hann var nýlega búinn að hækka þau í því að auðvitað fara allir í Seðlabankann og kaupa þau á 8,65–8,85%. Eða með öðrum orðum, virðulegi forsrh., Seðlabankinn sjálfur er fáeinum dögum eftir að ríkisstjórnin hækkaði spariskírteinin í 7,9% búinn að hækka ávöxtunarkröfuna upp í næstum því alveg þessi frægu 9% sem hæstv. fjmrh. keypti sín spariskírteini á sællar minningar.

Hæstv. forsrh. getur labbað í fyrramálið upp í Seðlabanka og keypt spariskírteini ríkisins á 8,85% raunvöxtum. En samt eru ekki liðnir nema tæpir þrír sólarhringar síðan hæstv. forsrh. stóð hér í ræðustól í salnum og tók sem dæmi um það sem óhugsandi væri nú að spariskírteinin færu í 9% eins og hann hefði keypt þau á 1986 eða 1987, óhugsandi, það nánast lá í orðunum. En það vantar bara í dag 0,15% upp á það að hann geti það í Seðlabankanum í fyrramálið. Ég þess vegna bara spyr: Hvað er að gerast eiginlega? Það er Seðlabankinn sjálfur, meiri hluti bankastjórnarinnar, Jóhannes Nordal og Birgir Ísleifur Gunnarsson, sem afhjúpa á innan við viku vitleysuna í því sem ríkisstjórnin var að gera með vaxtabreytingu sinni og sanna þar með það sem ég sagði hér í ræðustólnum að þessi ákvörðun mundi bara leiða til vaxtaskrúfu. Seðlabankinn er strax búinn að búa hana til. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. og reyndar hæstv. forsrh. sem fer með stjórn efnahagsmála: Reiknuðu þeir með því þegar þeir fyrir tæpri viku síðan hækkuðu ávöxtunarkjör spariskírteinanna um tæp 30%, eða upp í 7,9%, að innan viku mundi Seðlabankinn hækka ávöxtunarkröfuna á verðbréfaþinginu í 8,65–8,85%?

Ég vil til samanburðar nefna það að þegar ríkisstjórnin hækkaði vextina í 7,9% var ávöxtunarkrafan á verðbréfaþinginu 7,95%. Og við sem höfum staðið í því að reyna að stýra sölu þessara markaðsbréfa reiknuðum með því að það væri skilningur á milli Seðlabankans, fjmrn. og ríkisstjórnarinnar um það að Seðlabankinn mundi ekki breyta ávöxtunarkröfu hjá sér, hvarflað aldrei annað að okkur. (Gripið fram í.) Það má vel vera, hæstv. landbrh., að það hafi verið barnaskapur. Það má kannski skilja þetta frammíkall hæstv. landbrh. þannig að hann hafi vitað að Seðlabankinn mundi hækka ávöxtunarkröfuna upp í tæp 9% raunvexti. Var það þannig að hæstv. landbrh. vissi það? (Gripið fram í.) Ég held að það sé hins vegar þannig að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki vitað þetta. Þess vegna ætla ég ekki hér í kvöld að skamma hæstv. ríkisstjórn fyrir þetta. En það sýnir hins vegar fáránleik þess sem hér er að gerast og það verðbólgubál sem búið er að kveikja með þessari aðgerð að það er Seðlabankinn sem fyrstur setur vaxtaskrúfuna af stað. Það eru ekki viðskiptabankarnir. (**Fjmrh.:** Hvaða verðbólgu spáir hann nú?) Það skal ég ekkert um segja. Ég hef ekki séð þau skjöl. En ég bara sé að það er Seðlabankinn sjálfur sem setur þessa vaxtaskrúfu af stað og það er Seðlabankinn sem mætur fyrstur í samkeppnina við fjmrh. Það er þess vegna sem ég sagði hér: Ég hefði ekki viljað fá svona rýtingsstungu í bakið á mér frá Seðlabankanum ef ég hefði verið fjmrh.

Það er auðvitað alveg ljóst að ávöxtunarkrafan á húsbréfunum hlýtur að hækka bara næstu daga í kjölfarið á þessu. Það segir sig sjálft. Það getur ekki annað gerst. Já, afföllin fara í svona 25–30% og kannski yfir 30%. Og hvað ætlar hæstv. félmrh. að segja þá vegna þess að hún sagði í síðustu viku að nú þyrfti ekki meira? Hvað ætlar hæstv. félmrh. að segja þegar afföllin verða komin upp í 25–30% eftir fáeinar vikur, kannski strax í næstu viku? Þegar raunvaxtakrafan á húsbréfunum verður kannski komin upp í 9%. Og

hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera þegar viðskiptabankarnir á grundvelli þess sem Seðlabankinn hefur nú þegar gert á verðbréfaþinginu hækka raunvaxtastigið í bankakerfinu upp í 11%? Vegna þess að það hefur almennt verið talið eðlilegt af hálfu viðskiptabankanna að raunvaxtastigið í viðskiptabönkunum væri í kringum 2% eða ekki minna fyrir ofan það sem er ávöxtunarkrafa spariskírteina á verðbréfaþinginu. Viðskiptabankarnir geta því með fullum rökum sagt við ríkisstjórnina og Seðlabankann: Við erum bara einfaldlega að framreikna það sem þið, ríkisstjórnin og Seðlabankinn, eruð búin að gera. Seðlabankinn og ríkisstjórnin eru með þessu búin að skrifa upp á 11% raunvexti í viðskiptabankakerfinu núna strax.

Ég verð þess vegna að segja það við virðulegan fjmrh. að ég kalla það kraftaverk ef hann selur eitthvað af þessum spariskírteinum við þessar aðstæður. Og þetta er satt að segja svo dapurlegt, þetta er slík tragedía í efnahagsstjórn að það er eiginlega ekki hægt að gagnrýna þetta með hefðbundnum hætti í stjórnarandstöðu. Það er eins konar harmleikur á fyrstu vikum ríkisstjórnarinnar að hennar eina tæki sem átti að leysa allan þennan vanda sé með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki upphaflega að tala svona lengi og biðst afsökunar á því að hafa tekið hér meiri tíma en ég ætlaði mér. Mér er hins vegar rétt hér í ræðustólinn ljósrit af nýrri verðbólguspá frá Seðlabankanum. Þar kemur fram, ef ég les þetta rétt, að í stað þeirra 5% sem Seðlabankinn áður spáði að verðbólgan yrði á haustmánuðum eða fyrstu mánuðum vetrarins, (**Gripið fram í:** Júní.) já, núna í júní og fram á haustið. (Gripið fram í.) Þá les ég þetta nú ekki alveg rétt, hv. þm., og kannski rétt að hv. þm. geri sjálfur grein fyrir því. (**Gripið fram í:** Er það ekki rétt?) Jú, jú, en það stendur þó hér á þessu blaði frá formanni bankaráðs Búnaðarbankans, sem rétti mér þetta blað, að í stað 5% verðbólguspár sé komin tæplega 10. Er þetta ekki rétt lesið? — Í stað 5% verðbólguspár sé komin ný spá um það að verðbólgan hafi tvöfaldast, að verðbólguhraðinn hafi tvöfaldast vegna þessara aðgerða. Það er misskilningur, segir hæstv. fjmrh. Ég ætla að vona það. (**Fjmrh.:** Það er vegna fyrri ríkisstjórnar.) Já, já, já, já, vegna fyrri ríkisstjórnar, elsku fjmrh. Já. Á þetta að vera þannig að þegar verðbólgan byrjar að loga og allt er hér komið í gamla farið af því að stefnan frá 1986–1987 var endurvakin, kenningar Seðlabankans fengu aftur að sjást í framkvæmd, kenningar Sjálfstfl. fengu aftur að sjást í framkvæmd og þegar þeir skila nákvæmlega sömu niðurstöðu 1986–1988, þá eigi bara að standa í brúnni bjartsýnn og gleiður og segja: Vegna fyrri ríkisstjórnar. Á þetta að vera þannig? Það ætla ég að vona að verði ekki.

En það er auðvitað mjög merkilegt að fá í lok þessarar ræðu, þar sem ég var að lýsa því hvernig Seðlabankinn hefði brugðist við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, afrit af verðbólguspá Seðlabankans sjálfs þar sem segir að hún sé að breytast úr 5% í 10%. Það er tilkynning frá Seðlabanka Íslands um það að þessi ríkisstjórn hafi með ákvörðunum sínum sett verðbólgubálið af stað á nýjan leik.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hér áðan ætlaði ég mér ekki að tala svona lengi. En hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að það hefði enginn keypt skuldabréfin og þar var aftur verið að blanda saman ríkisvíxlum og spariskírteinum. Ég vil bara segja það hér og vona að hæstv. fjmrh. hlusti á það að það seldist meira, hæstv. fjmrh., af spariskírteinum ríkissjóðs á fyrstu þremur mánuðum þessa árs en á fyrstu þremur mánuðum ársins í fyrra. (**Gripið fram í:** Hverjir eiga þessi spariskírteini nú og verðbréfin?) Það eru margir. Eitt af því góða sem okkur tókst er að búa til fjölmennan hóp, ég held að það sé nú þegar um 16 þúsund Íslendingar sem eru áskrifendur að spariskírteinum ríkissjóðs. En á fyrstu þremur mánuðum þessa árs á 6% vöxtum, virðulegi fjmrh., seldist meira af spariskírteinunum en í fyrra. Það er nú staðreyndin í málinu þrátt fyrir að vextirnir væru 6% á spariskírteinum og var selt meira af þeim í ár en í fyrra. Það er því auðvitað fullkomið rugl — (Gripið fram í.) já, bíddu ögn rólegur, ég ætlaði líka að koma að því, ég veit allt um það, virðulegi ráðherra. En það er auðvitað fullkomið rugl þess vegna þegar virðulegur fjmrh. kemur hér í stólinn og segir að pappírarnir hafi ekki selst. Munurinn er sá, virðulegi fjmrh., að þeir sem stjórnuðu ríkisfjármálum hér fyrir nokkuð mörgum árum síðan gáfu út sérstakan bréfaflokk af spariskírteinum, nokkuð stóran, sem kom til innlausnar í febrúarmánuði. Og það kom auðvitað allt til innlausnar í febrúarmánuði á tiltölulega fáum vikum. Og vegna þess, eins og oft gerist, að það fólk sem hafði keypt spariskírteini fyrir nokkrum árum hafði ætlað sér að nota þann sparnað með einhverjum hætti þegar að innlausninni kæmi, þá innleysti það að hluta þessi spariskírteini. En það er auðvitað ekki hægt með nokkurri sanngirni að netta út heildarinnlausn sem kemur til framkvæmda á fáeinum vikum í febrúarmánuði á móti allri sölunni sem varð meiri en árið áður og segja: þar með var salan minni en í fyrra, og fá þannig réttlætingu fyrir því að hækka vextina úr 6% í 7,9%.

Ef menn trúa sjálfir svona málflutningi, ef þeir byggja efnahagsaðgerðir sínar á því að þeir trúi því að það sé rétt og eðlilegt að skoða veruleikann svona, þá er eðlilegt að þetta sé allt að fara hér í einhverja vitleysu á fyrstu 3–4 vikunum. En ég trúi því ekki að þeir trúi þessu sjálfir. Þetta er bara sett fram í einhverju áróðursskyni. Því á þeim mánuðum sem ég bar ábyrgð á fjmrn. á þessu ári seldum við meira af spariskírteinum en í fyrra þrátt fyrir það að vextirnir væru þeir sömu og þeir voru í fyrra. Það er þess vegna ekki hægt að finna nein rök fyrir því að það þurfi að hækka vextina á spariskírteinunum til þess að selja meira af þeim. Hækkunin á ríkisvíxlunum ein gæti dugað en með því að hækka spariskírteinin var eingöngu verið að hækka vaxtagólfið í landinu í heild, enda hefur Seðlabankinn nú þegar á innan við viku afhjúpað blekkingarnar í því sem ríkisstjórnin er að gera.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari ræðu borið fram nokkrar spurningar til virðulegra ráðherra. Sú sem mikilvægust er fyrir framhald þessarar umræðu er hvernig ríkisstjórnin fær út þessa 6 milljarða, sem eru lykiltalan í þessum tillögum, því það er ekki hægt að lesa

hana út úr þeim gögnum sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið.

Í öðru lagi er mikilvægt að spyrja að því: Hvernig hyggst ríkisstjórnin leiða það í ljós hér á þinginu að það sé þingmeirihluti á bak við þessar aðgerðir?

Í þriðja lagi. Reiknaði hæstv. ríkisstjórn með því að Seðlabankinn mundi umsvifalaust hækka ávöxtunarkröfu spariskírteina á verðbréfaþinginu upp í tæp 9%? Ef svo er, hvernig reiknar þá ríkisstjórnin með að framhaldið verði eða kom þessi hækkun Seðlabankans ríkisstjórninni fullkomlega á óvart? Og ef svo er, þá er kannski nauðsynlegt að þingið gefi ríkisstjórninni frí í nokkra daga eða vikur svo að hún geti sest upp í Stjórnarráðið á nýjan leik og reiknað allt sitt dæmi upp frá grunni.

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hóf mál sitt hér í kvöld á því að segja að það hefðu verið óskir stjórnarandstöðunnar að um þessa skýrslu um ríkisfjármál færu fram sérstakar umræður. Það er út af fyrir sig rétt, enda ekki að undra að menn vildu fá að taka sérstaka umræðu hér í þingsölum um þessa skýrslu eða um þau stórtíðindi sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn virtust uppgötva, að erfitt ástand og alvarlegt væri ríkjandi í ríkisfjármálunum. En strax eftir stjórnarmyndunina var mikill hávaði gerður og farið með það í fjölmiðla með miklum látum að ríkisfjármálin væru í hreinu öngþveiti.

Það var reynt að gera lítið úr þeim stöðugleika sem ríkti í efnahagsmálum og því jafnvægi sem hafði náðst og friði á vinnumarkaði sem kenndur hefur verið við þjóðarsátt. Það var reynt að gera lítið úr því og reynt að þyrla upp miklum látum út af því sem betur mætti fara. Auðvitað er alltaf eitthvað sem betur má fara. Ég býst við því að það sé í ríkisfjármálunum og víðast hvar í þjóðfélaginu sem finna má hluti sem má lagfæra og/eða bæta. En það var samt vandinn í ríkisfjármálunum sem átti að vera aðalbaráttumál hinnar nýskipuðu ríkisstjórnar að takast á við og átti m.a. auðvitað líka að hjálpa þeim hæstv. ráðherrum að þurfa ekki að standa við stór orð um skattalækkanir sem búið var að tala mikið um fyrir kosningarnar. Það var sem sagt gert lítið úr stöðu mála.

Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði í sinni 40 mínútna löngu gömlu fjárlagaræðu m.a. um þetta og sagði að ég hefði hér í umræðum um stefnuræðu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. forsrh. sagt að ríkisstjórnin hafi dregið upp ranga mynd af þjóðmálum. Ég sagði reyndar að ríkisstjórnin hefði notað fyrstu daga sína illa af því að hún hefði reynt að draga upp ranga mynd af viðskilnaði fyrri ríkisstjórnar og þá átti ég einmitt við þetta sem ég hef nú verið að segja. Það var reynt að gera lítið úr því sem áunnist hafði og reynt að velta sér upp úr því sem e.t.v. má segja að hefði mátt betur fara. En það sem var að gerast var þó öllum ljóst. Mátti vera öllum ljóst. Það voru ýmis ákvæði, bæði í lánsfjárlögum og ýmis ákvæði og fyrirheit sem gefin höfðu verið um viðbótarútgjöld í væntanlegum fjáraukalögum sem hv. þm. sem hér sátu fyrir kosningar var í raun ljóst. Hv. þm. vissu það eða áttu að vita það.

Það er að sjálfsögðu markmið allra ríkisstjórna að reyna að gæta aðhalds í ríkisbúskap og ríkisfjármálum og fara sem best með fjármuni skattborgaranna, reyna að draga úr ríkisútgjöldunum þar sem það er kleift. Stöðva útgjaldaþensluna og flytja þá á milli útgjaldaliða. Ef nauðsynlegt er að auka útgjöld á einum stað að leita þá að því hvar eða hvort hægt er að spara annars staðar. Þetta gerði síðasta ríkisstjórn og tókst vel á ýmsum sviðum.

Ég ætla ekki út af fyrir sig að fara hér í flókinn talnaleik um þessi mál. Það hefur hæstv. fjmrh. reynt að gera og hv. þm. Pálmi Jónsson. Því hefur hv. þm. Ólafur Ragnar, fyrrv. hæstv. fjmrh., svarað að verulegu leyti. Og það hefði auðvitað verið gaman ef hæstv. viðskrh. hefði aðeins tekið þátt í þeirri umræðu líka og greint frá því hvernig hann sá hlutina fyrir kosningarnar og í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og hvernig hann sér þá í dag ef það er svo að allt hafi umvenst og kúvent á svo sem tveimur eða þremur dögum, kannski einni viku, eftir kosningarnar.

Þeir sem gegnt hafa embættum fagráðherra hafa verið miklu meira bundnir við sín mál. Í þeim málaflokki sem ég fór með voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að reyna að draga úr ríkisútgjöldum. Ég hef reyndar greint frá þeim í umræðum um stefnuræðu hæstv. forsrh. og skal ekki eyða löngum tíma í það hér. Vissulega tókst ekki allt sem áformað var, m.a. vegna andstöðu Alþfl. Ég hef líka rætt það ítarlega og farið yfir það og skal því ekki heldur fara mörgum orðum um það, kem þó aðeins að því síðar í ræðu minni. En það er að hluta til ástæðan fyrir meiri halla á ríkissjóði en ráðgert var. Að hluta til ástæða fyrir þeirri stöðu sem nú er, ívið verri en fjárlög gerðu ráð fyrir, en var skilmerkilega greint frá í fjárlagafrv. og tillögur voru uppi um en náðist ekki samkomulag um að framkvæma fyrir kosningar. Væntanlega tekst nýjum heilbrrh. betur að ná fram áætluðum markmiðum í samstarfi við nýjan flokk en að sjálfsögðu þó fyrst og fremst með sínum eigin samstarfsmönnum í sínum eigin flokki sem voru áður á móti tillögunum.

Í framsöguræðu hæstv. ráðherra var reyndar ekki mikið sagt um þær aðgerðir sem grípa á til og um þau ákvæði sem þessi skýrsla fjallar um. Hann sagði þó að það þyrfti að draga úr útlánum til húsnæðismála ef ég tók rétt eftir. Það þyrfti a.m.k. að ná jafnvægi á þeim markaði. Það ætlar hann kannski að gera með því að halda áfram að hækka vextina, halda áfram að hækka vextina á húsbréfunum, þannig að vaxtakapphlaupið haldi áfram eins og bent hefur verið á í umræðum hér áður og kom vel fram í lokaorðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Hann viðurkenndi líka að áhrif þessara vaxtahækkana væru nokkur á verðlag sem auðvitað allir vita og vissu fyrir. En það er meira en að það hækki verðlagið og hækki framfærsluvísitöluna. Auðvitað kemur þetta harðast niður á skuldugum tekjulitlum einstaklingum og svo auðvitað atvinnulífi sem hefur verið að rétta úr kútnum en á núna að skila þeim afkomubata til fjármagnseigendanna í hærri vöxtum.

Það var ekki orð í ræðu hæstv. fjmrh. um þær niðurskurðartillögur og sparnaðaraðgerðir sem þó er reynt að leggja til í þessari skýrslu, enda veit hæstv. ráðherra trúlega nú þegar að það verður erfitt að koma þeim fram því blöðin og fjölmiðlarnir eru þessa dagana fullir af mótmælum hans stuðningsmanna, hv. þm. ríkisstjórnarinnar. Að lokum bað hæstv. ráðherra að vísu um tillögur frá stjórnarandstæðingum ef það mætti koma honum að gagni því hann sér það nú þegar að það koma engar tillögur frá stjórnarliðunum. Þeir ætla ekki einu sinni að styðja þessar tillögur sem hann hefur sjálfur reynt að setja á blað.

Skýrslur um stöðu ríkisfjármála eru auðvitað góðra gjalda verðar og það er gott að fá þessar upplýsingar hér upp á borðið og geta rætt um það hver staðan er þessa fyrstu fjóra mánuði. Við vitum þó og sjáum á þessu að sveiflur eru miklar á milli ársfjórðunga og það er ekki alltaf gott að segja til um það þó við sjáum hver staðan er í dag hver hún verður eftir einhverjar vikur eða mánuði í viðbót.

Tillögurnar sem hér eru settar fram eru í sjálfu sér ekki merkilegar eða háreistar. Það eru, eins og margbúið er að tala um áður, vaxtahækkanirnar. Það er hér talað um að bæta innheimtu. Það er talað um að lækka útgjöldin. Þar er fyrst fyrir að taka að það eigi að hætta aðstoð við atvinnuvegina. Það er talað um að fyrirgreiðsla við atvinnuvegi skuli minnka. Það er þá verið að tryggja það fyrir fram að ekki verði farið að styðja við atvinnulífið þegar vaxtahækkanirnar eru farnar að segja til sín þar. Þá á það að vera ljóst að það atvinnulíf sem ekki getur borið þessar vaxtahækkanir skuli þá bara fara sinn veg.

Í öðru lagi er hér talað um niðurskurð framkvæmda án þess að það sé þó nákvæmlega tilgreint í þessari skýrslu. Í þriðja lagi er svo auðvitað einu sinni enn talað um að útgjöld almannatrygginga skuli lækka.

Þetta hefur auðvitað oft áður verið reynt. Menn hafa sest niður á miðju ári, reyndar stundum fyrr á fjárlagaárinu en núna. Ég hygg ég muni eftir því að hafa einhvern tíma sest niður með núv. hæstv. fjmrh. til að skoða fjárlög, gott ef ekki var strax í janúarmánuði, til að sjá hvort ekki væri hægt þá að koma fram með einhverjar tillögur til að draga úr ríkisútgjöldum. Það er allt saman góðra gjalda vert út af fyrir sig. En það eru ekki merkilegar tillögur sem hér eru settar fram, enda ekkert samkomulag um þær.

Það er mikið talað um þenslumerki og að það þurfi að grípa til aðgerða til að draga úr því sem þar kann að vera að gerast. Og hvar á að draga úr þenslunni? Er það í Bolungarvík? Er hún að birtast þar? Ætli hv. þm. Einar Guðfinnsson geti upplýst okkur um það. Hann var a.m.k. að tala um það hér í ræðu fyrir einum tveimur eða þremur dögum síðan að það þyrfti að berjast gegn þessum þenslumerkjum. Eru þau kannski á Blönduósi? Ætli hv. þm. Pálmi Jónsson geti kannski upplýst okkur um hvernig ástandið er þar? Kannski það sé á Stokkseyri eða Eyrarbakka þar sem fulltrúar fiskvinnslu gengu á fund hæstv. ráðherra, ég hygg það hafi verið í gærkvöld, og tíminn var notaður til þess að ræða um stöðu fiskvinnslufyrirtækis þar sem er eitt af þeim sem ekki hefur tekist að koma fyrir vind eins og tókst þó með fjölmörg önnur fyrirtæki. En þar eiga líklega vaxtahækkanirnar að hjálpa til að draga úr að ekki verði þenslan á Stokkseyri og Eyrarbakka til þess að drepa atvinnulífið þar. Ég veit að þessi þensla er ekki á Raufarhöfn. Það er mér kunnugt um úr mínu eigin kjördæmi þar sem Raufarhöfn var sá staður sem fór einna verst af öllum út úr loðnubrestinum á sl. vetri og átti reyndar að reyna að laga aðeins til hvað varðar ástand mála þar með aðgerðum fyrrv. ríkisstjórnar en núv. ríkisstjórn ætlar að taka það til baka.

Hvar munu þessi þenslueinkenni koma fyrst fram? Ég hygg að það verði hér á höfuðborgarsvæðinu fyrst og fremst, a.m.k. alla vega fyrst. Og kannski hæstv. forsrh. gæti reynt að semja við virðulegan borgarstjóra í Reykjavík, jafnvel þótt sá virðulegi borgarstjóri sé nú í sumarfríi, að þeir ræði saman þessir ágætu félagar um það hvort hægt væri að draga eitthvað úr framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu á vegum borgarinnar. Þó mér sé kunnugt um það og við vitum það að þær framkvæmdir eru sjálfsagt mest og kannski eingöngu af tekjum borgarinnar, af sköttum, ekki beint að þar sé verið að berjast á lánamarkaði, gæti það dregið úr þenslunni. Og sú sérstaka staða Reykjavíkurborgar að hafa svo miklar tekjur úr að spila sýnir náttúrlega fyrst og fremst misskiptinguna í skattstofnunum og jafnvel misskiptingu í verkefnum milli sveitarfélaga og milli sveitarfélaga og ríkis en þó fyrst og fremst í skattstofnunum og er full ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að taka það mál til athugunar.

Það kemur fram hér í skýrslunni að vegna þessara þenslueinkenna hafi tekjur ríkissjóðs aukist um 2% að raungildi á þessum fyrstu mánuðum, nokkru meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það er hér síðan talað um skuldbindingar til langs tíma, hvar af reyndar Reykjavíkurborg er nú með eina af hærri tölunum. Ætli hæstv. forsrh. hafi verið algerlega ókunnugt um þá skuldbindingu? Svo mætti a.m.k. halda af því hvernig hæstv. ráðherrar hafa hér rætt um þessar skuldbindingar sem tengdust m.a. afgreiðslu lánsfjárlaganna.

Stærsta skuldbindingin er auðvitað tengd búvörusamningnum. Nú er svo komið að við vitum í raun ekki hvert stefnir með það mál eftir umræður í þingi hér seinustu daga. Það er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að spyrja einu sinni enn um það hver sé afstaða hæstv. ráðherra í því máli og hvert stefni.

Aðrar skuldbindingar eru t.d. Vestfjarðagöngin, Vesmannaeyjaferjan og yfirtaka lána hjá Byggðastofnun. Og hvar ætli eigi að bera niður í þessum sparnaðaraðgerðum? Ég kem kannski aðeins nánar að því síðar. Ég nefndi það að gert væri ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs hefðu aukist um 2% að raungildi, nokkru meira en reiknað var með, fyrstu fjóra mánuðina, en hins vegar hafa reiknimeistarar hæstv. fjmrh. komist að þeirri niðurstöðu að á ársgrundvelli verði tekjur ríkissjóðs 800 millj. kr. minni en áætlað var.

Það er að vísu ekki stór misvísun, innan við 1%, nákvæmlega 0,78%, af heildartekjunum. En er ekki hæpið að binda sig algerlega við þá útreikninga ef nú þegar hefur orðið 2% raunaukning, sem er þó staðreynd

þessara fyrstu fjögurra mánaða, en gefa sér það svo að það tapist og meira til á því sem eftir lifir ársins? Ég a.m.k. leyfi mér að vera með efasemdir um þennan útreikning. Ég leyfi mér að vera með efasemdir um hann án þess að ég ætli þó á þessu stigi að fullyrða nokkuð um það.

Síðan er hér rætt um útgjöldin á hinn bóginn og þar er talað um hækkun á almennum rekstrarútgjöldum um 12,7%. Það segir hér: Hækkunin kemur að mestu fram í útgjöldum menntmrn. og heilbrrn., án þess að það sé nokkuð skýrt eða tilgreint í þessari annars ágætu skýrslu. Þar spyr maður: Er þetta kannski sú ákvörðun að greiða ríkisspítölunum nú þegar 130 millj. kr. vegna halla sl. árs og það sett inn í greiðsluáætlun þó það hafi ekki verið gert ráð fyrir því í fjárlögum og síðan fyrirhugað að staðfesta það í fjáraukalögum síðar á árinu? Eða er þetta hvað varðar menntmrn., þó ég þekki reyndar minna til þar, sú fyrirframgreiðsla á framlagi til Lánasjóðsins sem upplýst hefur verið um að innt hafi verið af hendi?

Tilfærslur eru hér tilgreindar líka og þar er hækkunin reyndar heldur minni en á almennum rekstrarútgjöldum, eða 10,1%. Mest á lífeyristryggingunum sem stafar af því m.a. að lífeyrisþegum fjölgar hlutfallslega og hefur verið að fjölga. Við höfum vitað um þessa þróun lengi og eigum sjálfsagt eftir að verða vör við hana í framtíðinni enn frekar. Einnig að ekki varð samkomulag um áætlaðar sparnaðaraðgerðir, m.a. með tekjutengingu grunnlífeyrisins. Hins vegar kemur hér fram að sjúkratryggingarnar hafa hækkað mjög lítið, eða um 1,5% milli þessara fyrstu fjögurra mánaða, frá árinu 1990–1991. Þar hygg ég að sé að koma fram sparnaður sem gripið hefur verið til á því sviði og á sviði lyfjamála í ráðuneyti heilbrigðismála og hann sé nú að skila sér, þrátt fyrir það sem hæstv. utanrrh. sagði í Kastljósþætti 30. apríl sl. Þar sátu þeir saman hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. og leyfðu alþjóð og fréttamönnum tveim sem ég veit nú ekki hvaða hlutverki gegndu þar öðru en að hlusta á þá líka eins og við hin hæla hvor öðrum. Þar sagði hæstv. utanrrh.: „Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og lyfjamál þarfnast allt uppstokkunar og kerfisbreytingar." Fréttamaður skaut þá reyndar inn í spurninguna hvort ekki hefði verið reynt að gera eitthvað á þessu sviði. Hæstv. utanrrh. svaraði því til og sagði: „Nei, þar hefur aðeins farið fram prósentvíshömlun en ekki neinar aðgerðir." Nú er því komið að nýjum hæstv. heilbrrh. að framkvæma þessar aðgerðir sem þeir ágætu félagar vonandi ná nú saman um að vinna að.

Reyndar finnst mér dálítið merkilegt að heyra þetta frá hæstv. utanrrh. og formanni Alþfl. vegna þess að eins og margoft hefur komið fram var það m.a. vegna andstöðu hans og hans flokksmanna sem ekki náðist að hrinda fram þeim hugmyndum sem fjárlög gerðu þó ráð fyrir.

Á bls. 18 í skýrslunni er rætt um endurmat á útgjaldahlið. Þar er sagt m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Á fjárlögum var gert ráð fyrir því að ná fram sparnaði með breytingum á lögum um almannatryggingar og breyttu skipulagi í innflutningi og dreifingu lyfja, samtals að fjárhæð um 400 millj. kr. Nauðsynlegar lagabreytingar hafa enn ekki náð fram." Nú er það reyndar svo að það sem ráðgert var að spara þar var enn meira en þessar 400 millj. kr. Í fjárlagafrv. segir að stefnt sé að sparnaði upp á 500–600 millj. og ráðgert var að ná með breytingum á almannatryggingalöggjöfinni u.þ.b. 200 millj. kr. Hér erum við því að tala um kannski 700–800 millj. kr. svoleiðis að þegar var nú vitað um þetta. Sú útgjaldaaukning sem nú er talin blasa við upp á 1500–1700 millj. kr. í þessum geira er þess vegna ekki ítarlega útskýrð hér. Hér eru taldir upp nokkrir liðir en ekki gerð grein fyrir því að þarna voru uppi hugmyndir um að ná verulegum hluta þessa inn með ákveðnum sérstaklega tilgreindum hugmyndum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að á þessu sviði eins og mörgum öðrum væri vandanum velt á nýja ríkisstjórn. Og ég verð að segja að þar kemur vel á vondan, þ.e. Alþfl. og hæstv. fjmrh. ásamt hæstv. heilbrrh., að glíma við þessar tillögur. Ég út af fyrir sig hef lýst því yfir áður og geri enn hér að ég er tilbúinn að aðstoða þessa ágætu hæstv. ráðherra til góðra verka. Ég get auðvitað ekki ætlast til þess að menn fallist endilega á þær hugmyndir sem ég hafði sett fram, en það verður fróðlegt og forvitnilegt að sjá hvaða hugmyndir það eru sem þessir ágætu herramenn eiga eftir að sýna alþjóð.

Mig langar í því sambandi að vitna örstutt í blaðaviðtal við hæstv. heilbr.- og trmrh. Sighvat Björgvinsson, sem birtist í Dagblaðinu 25. maí sl., þar sem hann segir m.a., með leyfi forseta: „Við viljum koma í veg fyrir að hægt sé að ávísa á lyf sem ekki eru á lyfjaskrá þannig að ríkið borgi vítamín o.fl. Það þýðir 80–100 millj. kr. sparnað á heilu ári." Auðvitað er enginn vandi að lækka ríkisútgjöld með því að láta fólkið borga fyrir þjónustuna, með því að láta sjúklingana borga fyrir lyfin, með því að láta sjúklingana sem fara á heilsugæslustöðvarnar og í sjúkrahúsin borga fyrir þjónustuna þar. Það er enginn vandi að lækka útgjöldin í menntmrn. með því að láta menn borga fyrir skólavistina ef það er sparnaðurinn sem hæstv. ráðherrar ætla að grípa til. Í mínum huga er þetta tilfærsla og auðvitað skattheimta í öðru formi.

Menn geta auðvitað sagt: Við ætlum ekki að hækka skatta. Hæstv. fjmrh. hristir höfuðið, enda hefur hann lýst því yfir að hann ætli ekki að hækka skatta. Hann ætlar hins vegar bara að láta almenning borga fyrir þjónustuna. Nú er ég ekki að segja að það komi ekki til greina í þessu tilviki sem hér er nefnt. En ég vil hins vegar að menn tali alveg skýrt og það sé ljóst að hér er auðvitað ekkert annað en verið að færa til. Það er ekki verið að spara. Það er ekki verið að draga úr heildarútgjöldum. Það er verið að láta menn borga í öðru formi. Ef þeir eiga ekki að gera það í gegnum skattana, þá eiga þeir bara að gera það beint, borga lyfin, borga læknisþjónustuna eða hvað það nú er. (**Fjmrh.:** Eins og fyrrv. heilbrrh. hefur gert á sumum sviðum.) Það hefur fyrrv. heilbrrh. reynt að forðast. Hann var að reyna að leita leiða til þess að draga úr þessum útgjöldum með ýmiss konar aðferðum sem bitnuðu ekki á þeim sem þyrftu á þessari læknisþjón-

ustu að halda. (Gripið fram í.) Ég heyri að hæstv. fjmrh. nefnir lýtalækningarnar. Þar höfum við reynt að fara þá leiðina að flokka og velja það sem hægt væri að kalla fegrunaraðgerðir og segja: Fólk getur greitt fyrir fegrunaraðgerðir. Við höfum reyndar líka reynt þetta í sambandi við tannréttingar með því miður minni árangri og væri hægt að ræða um það nokkuð hér en það ætla ég ekki að gera í umræðunum á þessari nóttu. Það kann að verða tími til þess aftur síðar.

Síðar í þessu samtali við hæstv. heilbr.- og trmrh. segir einnig: „Sparnaður í aðeins einum lyfjaflokki, magalyfjum, getur orðið 200–300 millj. kr." Ég vona að þetta sé rétt og ég skal þá taka ofan fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. ef honum tekst þetta á þessu ári. Ég nota að vísu ekki mikið höfuðföt en ég mundi kannski fá það lánað hjá hæstv. utanrrh. bara til þess eins að geta tekið ofan fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. ef honum tekst þetta.

Enn síðar segir hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég krefst þess ekki að hann sé viðstaddur endilega þessa umræðu vegna þess að ég veit að hann þarf að koma hér um fjögurleytið í nótt til þess að svara fyrirspurnum frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, en þá mætti kannski í þeirri ræðu hv. þm. ítreka þetta til hæstv. heilbrrh. Hann segir hér: „Þá má nefna að við ætlum að fresta framkvæmdum í byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva sem ekki er búið að skuldbinda og reiknum einnig með sparnaði í rekstri. Samtals gerir þetta sparnað upp á meira en 600 millj. kr. á þessu ári." Hann er áður í viðtalinu búinn að segja að reksturinn eigi að spara 500 millj. þannig að hann ætlar að taka 100 millj. í niðurskurð á framkvæmdum.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. heilbrrh. hvar þetta eigi að koma niður því að hann hefur ekki enn sýnt um það neina lista eins og þó hæstv. samgrh. hefur reynt að gera hvað varðar sinn málaflokk, að vísu við lítinn fögnuð sinna flokksmanna. En ég hygg við lestur á sérstöku yfirliti úr fjárlögum þessa árs um þær framkvæmdir sem á að ráðast í á þessu ári við byggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða fyrir samtals 290 millj. kr. að erfitt verði að skera niður nú um mitt ár 100 millj. Ég hefði a.m.k. gjarnan viljað vita hvar það er.

Ég held nefnilega að flest af því og allar stóru tölurnar sem hér eru tilgreindar eru vegna verka sem eru í gangi, eru jafnvel langt komin, verkefni sem eru búin að vera í gangi í nokkur ár. Það er ekki mikið af nýjum verkefnum og sé um það að ræða eru það smátölur. Ég leyfi mér að nefna eina: Grundarfjörður, heilsugæslustöð, 4 millj. kr. sem með loforði frá hæstv. heilbrrh., þáv. hv. formanni fjvn., var ákveðið að hefja framkvæmdir við á þessu ári. En hann ætlar kannski að bregðast því loforði nú og þá væri ágætt að vita það sem fyrst. Stór tala er hér í sjúkrahúsið á Ísafirði upp á 25 millj. kr. sem er fyrst og fremst endurgreiðsla á lánum. Svo er hérna önnur smátala, aðrar 4 millj. kr., í sjúkrahúsið á Patreksfirði sem ég gæti trúað að hv. fyrrv. formaður fjvn. hafi átt einhvern þátt í að koma hér inn. Kannski ætlar hann að skera það aftur. Jafnvel þó hann skeri þessar tvisvar sinnum fjórar og kannski fjórar einhvers staðar annars staðar í viðbót, þá verður honum erfitt að ná þessum 100 millj. Það er alveg áreiðanlegt.

Á bls. 21 í skýrslu hæstv. fjmrh. er talað um lánsfjárþörf opinberra aðila og þar er einmitt talað um það sem er kannski stærsta meinið í þessu öllu saman og þyrfti e.t.v. fyrst og fremst að taka á, þ.e. húsnæðislánakerfið. Aukningin er einkum rakin til þarfa húsnæðislánakerfisins. Ég nefndi það í ræðu hér í gær eða fyrradag að ég vonaðist til þess að hæstv. félmrh. tækist að glíma við þau vandamál sem þar eru uppi, en það verður ekki auðvelt fyrir þann ágæta ráðherra. Ég er alveg fullviss um það.

Við þingmenn Framsfl. höfum sagt það hér áður að við teljum nauðsynlegt og tökum þar undir með hæstv. fjmrh., sem nefndi það í sinni ræðu hér áðan, að draga úr útgáfu húsbréfanna, draga úr útlánum á þessu sviði, en að lokun 1986-kerfisins sé ekki lausnin. Það er aðeins tilflutningur. Það er ekki lausn. Það er ekki sparnaður. Hér verður að taka á málum og gildir þá kannski einu hvaða kerfi er um að ræða.

Hæstv. forsrh. sagði hér áður í umræðum um stefnuræðuna að hann undraðist árásir framsóknarmanna á hæstv. félmrh. Ég vil segja við hann og hæstv. félmrh. að hér er ekki um að ræða neinar árásir. Ég a.m.k. tek það ekki til mín. Við vorum og erum enn þeirrar skoðunar að 1986-kerfið hefði mátt lagfæra með ýmsum aðgerðum og það hefði mátt gera með breytingum en ekki byltingu. Við höfðum reyndar til samkomulags talið að það mætti reka þessi kerfi bæði tvö saman vegna hinnar miklu trúar margra og ekki síst hæstv. félmrh. á húsbréfakerfinu. En hverjir hefðu trúað því þegar verið var að ræða það og móta það kerfi og búa því lagaramma að ávöxtunarkrafan þar yrði 8–9%, að vextirnir færu í 8–9%? Nú eru þeir að nálgast 9% á húsbréfum. Og hverjir hefðu trúað því að afföllin færu í 22–25%? Enginn. Ég fullyrði að enginn hefði trúað því. Hefði mönnum dottið það í hug á því stigi, þá hefðu menn ekki talið að það væri lausn á ríkjandi vanda. Ekki einu sinni hæstv. félmrh. gat dottið það í hug.

Það sem mig undrar í sambandi við málflutning hæstv. félmrh. er það að tala enn um að allt sé í lagi og þetta muni lagast og einhver var nú að tala um það, fann það í skýrslu, að þetta mundi líklega lagast með hækkandi sól. Það er út af fyrir sig gott ef það gerir það, en þetta er ekki í lagi í dag.

Það er ýmislegt fleira sem ekki hefur gengið eftir í sambandi við húsbréfakerfið og hæstv. félmrh. hefur reyndar bent á líka, t.d. innri fjármögnunin, sem átti að vera einn af stóru kostunum við þetta kerfi, að fá fjármuni frá þeim sem eru að selja húsnæðið. Það var gert ráð fyrir að næðust a.m.k. 30% en ef ég man rétt að hafa séð eða heyrt eftir hæstv. félmrh., þá hefur líklega ekki náðst nema um 20%, ef það hefur þá einu sinni náðst að vera það.

Nei, tillögurnar hér eru fyrst og fremst vaxtahækkanirnar sem munu bitna harkalega á ýmsum aðilum í þjóðfélaginu, hinum skuldugu og atvinnulífinu, og færa, eins og ég sagði áðan, batann í atvinnulífinu til

fjármagnseigendanna. Annað sem talið er upp í skýrslunni eru hertar innheimtuaðgerðir, sem líka er út af fyrir sig ágætt. Hér er og talað um að falla frá ráðningu í nýjar stöður — einhvers staðar minnir mig nú að ég hafi heyrt þetta fyrr — og beita almennu aðhaldi varðandi útgjöldin. Allt góðra gjalda vert. Allt saman hlutir sem hægt er að styðja. En svo koma hér nokkrar tillögur um niðurskurð rekstrarútgjalda og frestun á framkvæmdum.

Ég hef reyndar þegar farið nokkrum orðum um frestun framkvæmda á heilbrigðisþjónustunni. Hér er um að ræða viðkvæma hluti sem ekki er sama hvernig að verður staðið. Þessir liðir eru m.a. taldir upp í skýrslunni á bls. 25, 26 og 27, þar sem reynt er að gera grein fyrir hugmyndum hæstv. fjmrh. Ég leyfi mér að segja að mér finnst ekki allar þessar hugmyndir geðugar. Hvað varðar almannatryggingarnar, þá ítreka ég það að ég trúi því ekki að það eigi að fara inn á þá braut að láta menn greiða fyrir þjónustuna. Ég var með tillögur um það að reyna að færa til innan almannatryggingakerfisins þannig að þeir sem þyrftu síður á aðstoð þess að halda létu nokkuð af því sem þeir fá úr þessu almenna kerfi okkar, þessu samfélagslega mikilvæga kerfi, almannatryggingunum, en þeir sem þurfa fremur á að halda nytu þess þá. Með þessu móti hefði átt að vera hægt að spara allnokkrar upphæðir, sem ég veit ekki hvort hæstv. núv. ríkisstjórn er sammála um að gera. Ég óttast að hún muni frekar fara þá leið að láta menn borga eins og mér sýnist þegar vera vísbendingar um í viðtalinu sem ég vitnaði til áðan við hæstv. heilbr.- og trmrh.

Síðan eru hér nokkrir aðrir þættir sem hefði verið ágætt að einhverjir hv. stjórnarþingmenn hefðu velt fyrir sér og hlustað á upptalningu og kannski síðan svarað hvort þeir væru sammála. Það á að skera niður í hafnarframkvæmdum. Það á að skera niður í vegagerð. Það á að skera niður hjá Byggðastofnun. Reyndar hefði kannski þurft að fá einhverja skýringu á hvað þessi texti þýðir, en hæstv. fjmrh. lét nú ekki svo lítið að fara ítarlega yfir þessa þætti áðan. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Fyrirhuguð lántaka Byggðastofnunar um 900 millj. kr. lækkar um 300 millj. kr. og tengist þetta yfirtöku ríkissjóðs á 1200 millj. kr. skuldum stofnunarinnar.“ Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. fjmrh. útskýrði þetta aðeins nánar fyrir okkur síðar í nótt eða í fyrramálið eða hvenær það nú verður sem hann kemst aftur að.

Síðan á að fella niður tjónabætur til Rafmagnsveitna ríkisins sem auðvitað þýðir hærra raforkuverð. Það á að breyta hér til um lántökuheimild til Landsvirkjunar, falla frá lántökunni upp á 400 millj. kr. sem var vegna þess að fallið var frá gjaldskrárhækkun. En þetta hlýtur þá að þýða að gjaldskráin á aftur að hækka.

Ég nefndi áðan fyrirhugaðar fjárveitingar til nokkurra hafna í landinu á stöðum sem loðnubresturinn hafði bitnað harkalega á. Síðan á að skera niður fjárveitingar til síldarverksmiðja.

Hvað eiga þessar tillögur allar sammerkt? Þess vegna hefði nú verið fróðlegt að hér hefði verið þó ekki væri nema einn hv. óbreyttur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, helst utan af landsbyggðinni vegna þess að þær eiga allar að bitna þar. Þar eru þenslumörkin sem á að bregðast við núna. Þar er þenslan sem nú örlar á. Þess vegna á auðvitað að ráðast á garðinn þar.

Það kemur sem sagt fljótt fram hver stefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar er gagnvart landsbyggðinni og þarf kannski engan að undra. Landsbyggðarþingmenn ríkisstjórnarinnar hafa líka verið að láta frá sér heyra þessa dagana þó að við vitum það reyndar að þeir mega sín lítils eins og fram hefur komið. Þó að þeir hafi jafnvel sumir hverjir mótmælt þessu stjórnarsamstarfi mega þeir sín lítils vegna þess að þeir eru allir inni á þingi á atkvæðum kjósenda í Reykjavík og á Reykjanesi. Kjósendur í Reykjavík og Reykjanesi völdu þessa menn á þing þannig að þeir geta varla haft hátt.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þetta öllu lengra. En þó eru nokkur atriði enn sem mig hefði langað að spyrja um. Ég sagði að vísu áðan að það væri sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að spyrja meira um búvörusamning og afstöðu til hans. Þó er það dálítið merkilegt að lesa viðtöl í blöðunum undanfarna daga þar sem hæstv. fjmrh. er að velta því fyrir sér hvort ríkisstjórnin sé bundin af búvörusamningnum en landbrh. lýsir því yfir í Morgunblaðinu 23. maí að hann segist skyldur að starfa eftir búvörusamningnum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði það líka í blaðaviðtali nú á dögunum, þó að mér heyrðist hann hér áðan í frammíkalli vera að neita því, að hann væri afar óánægður með niðurskurðinn á hafnarframkvæmdafénu og taldi að það kæmi sér mjög illa, enda hefði hann verið að berjast fyrir framkvæmdum í sínu kjördæmi sem hefðu átt að greiðast af þessu fé.

Allir sem horfðu á sjónvarpsfréttir í kvöld vita afstöðu hv. þm. Egils Jónssonar til tillagna hæstv. ráðherra, bæði fjmrh. og reyndar einnig samgrh., þ.e. hvernig samgrh. ætlar að fara að.

Hæstv. menntmrh. segir í Morgunblaðinu 23. maí að ekki sé ljóst hvernig eigi að ná þeim sparnaði sem áætlaður er hjá Lánasjóðnum. Að vísu hafa síðar komið fram hugmyndir um það. Hvort hæstv. ráðherra gerir þær að sínum á eftir að koma í ljós. Auðvitað þarf að taka á málefnum Lánasjóðsins. Ég er ekki að gera lítið úr því og get út af fyrir sig fallist á það. Það sem þarf að gæta að þar er auðvitað að jafnrétti til náms sé eftir sem áður tryggt og menn eigi kost á því að stunda sitt nám. Það getur vel verið að það megi eitthvað skoða hvernig framfærsla er útreiknuð og hvernig áherslur eru lagðar í því. Ég þekki ekki það mál nægjanlega vel en vil ekki dæma fyrir fram um það að slíkt megi ekki gera ef meginmarkmiðin eru tryggð. Þetta voru viðbrögð hæstv. menntmrh. Hann vissi ekki hvernig átti að ná fram þessum sparnaði.

Hv. þm. Matthías Bjarnason segir einnig í Morgunblaðinu að hann styðji ekki þann niðurskurð fjárveitinga til vegagerðar sem ríkisstjórnin hefur boðað. Hann lýsir því hér yfir að hann styðji bara ekki þennan niðurskurð.

Það má halda áfram að telja svona. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og Ingi Björn Albertsson hafa

báðir lýst því yfir að þeir muni ekki styðja hugmyndir hæstv. fjmrh. um að hætta við lántöku vegna þyrlukaupa. Vafalaust er hægt að finna fleiri álíka yfirlýsingar úr blöðum og fjölmiðlum undafarna daga sem ég hirði ekki um að tína til, enda margkomið fram í umræðum hér síðustu daga að ríkisstjórnin er ekki sammála um yfirleitt nokkurn skapaðan hlut nema vaxtahækkunina. Það virðist vera það eina sem enginn hv. þm. stjórnarinnar, ég hef þá a.m.k. ekki rekist á þá, hefur mannað sig upp í að mótmæla og þykir mér það reyndar furðu sæta.

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn erum tilbúnir til þess að skoða allar hugmyndir sem fram eru settar og líta á þær. Við viljum skoða allar góðar tillögur um það hvernig hægt sé að gæta aðhalds í ríkisfjármálum og leita sparnaðar. En við hvorki getum né munum styðja tillögur sem bitna fyrst og fremst á landsbyggðinni og ég treysti því reyndar að það muni hv. stjórnarþingmenn ekki gera heldur þegar á reynir. Við sjáum það nú og fengum þær fréttir hér áðan úr ræðustól að verðbólgan væri þegar á skriði, þegar á uppleið á nýjan leik. Það væri fróðlegt að heyra það og það skulu vera mín lokaorð að spyrja hæstv. utanrrh., og ég vænti að einhver komi því til hans, hvað hann segi um þessar nýju spár eftir að hafa lýst því yfir á almennum fundi hjá Alþfl. að hann ætlaði ekki að sitja í ríkisstjórn sem hækkaði vextina og hann ætlaði ekki að sitja í ríkisstjórn sem hleypti verðbólgunni á skrið á nýjan leik. Nú er hins vegar ljóst að það er að gerast. Þær spár sem við stjórnarandstöðuþingmenn höfum verið að hafa uppi þessa dagana þegar fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru að líta dagsins ljós eru nú að sannast og það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. utanrrh. ætlar nú að standa við stóru orðin.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er búið að fjalla nokkuð um þessa skýrslu. Ég verð þó að segja í upphafi að það urðu mér nokkur vonbrigði að hæstv. fjmrh. skyldi ekki gera grein fyrir þeim niðurskurðaráformum sem eru í þessari skýrslu því það er margt sem ekki er alveg fyllilega ljóst og skýrt orðað þannig að ástæða hefði verið til að fá frekari upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra.

En ég vil fyrst víkja svona almennt að þessari skýrslu. Það má segja að það sé einkenni á henni að það er verið að draga upp ákaflega dökka mynd af ástandinu, mála mjög ljóta mynd og búa til þá tilfinningu hjá fólki að hér sé allt í voða og þurfi að gera eitthvað ákaflega róttækt til að færa hlutina til betri vegar. Síðan þegar maður skoðar þessar hugmyndir um aðgerðir, þá er maður mest hissa á hvað það er í raun og veru lítið í þessari skýrslu um aðgerðir borið saman við þá mynd sem búið er að draga upp.

Ég vil nefna í sambandi við þetta að það er gert ráð fyrir því að þessar viðnámsaðgerðir minnki lánsfjárþörf hins opinbera úr 34 milljörðum kr., eins og það er áætlað að verði í dag, niður í 28–29 milljarða miðað við þær tölur sem eru gefnar upp í skýrslunni. Hins vegar kemur þar fram að nýr sparnaður er áætlaður 26 milljarðar eða minni upphæð en gert er ráð fyrir að lánsfjárþörfin verði þannig að þær aðgerðir eru greinilega algjörlega ófullnægjandi til þess að færa hlutina til jafnvægis miðað við þær forsendur sem skýrslan er reist á. Það hlýtur að vekja upp þær spurningar hvaða áform stjórnarflokkarnir hafa til viðbótar þessari skýrslu því að miðað við það sem fram hefur komið og haldið hefur verið fram af hæstv. fjmrh. þarf að gera mun meira en þarna kemur fram til þess að einhver von sé um jafnvægi hér í ríkisfjármálum.

Það kemur svona nýliða eins og mér líka dálítið á óvart hvað það eru í raun og veru litlar sveiflur í núverandi áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs miðað við það sem gengið var frá í fjárlögum. Mér þykir í raun og veru ekki mikil skekkja eða stórt vandamál í þeim tölum sem um er að tefla ef menn eru að spá því núna að útgjöld ríkissjóðs verði um 1% hærri en þau voru áætluð eða liðlega 4 milljörðum kr. af 106. Þó að talan ein sér sé nokkuð há þá er þetta ekki há fjárhæð í svona stóru dæmi þannig að ég tel nú ekki ástæðu til að fara á taugum bara á því að skoða þetta litla frávik.

Hitt kemur mér líka á óvart, þegar menn eru búnir að draga upp þá mynd að eyðslan sé hér að fara í gang með minnkandi sparnaði upp á 11–12 þús. milljónir, að þá sé ekki gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist neitt heldur þvert á móti er gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs minnki. Á bls. 17 í skýrslunni þar sem fjallað er um tekjur A-hluta ríkissjóðs er gert ráð fyrir því í endurmati 1991 að heildartekjur ríkissjóðs verði 800 millj. kr. lægri en þær eru í fjárlögum þannig að ekki er gert ráð fyrir því að ríkissjóður fái neinar tekjur af þessari þenslu. Það má vel vera, en ég fæ nú samt ekki skilið að ríkissjóður, sem byggir sína tekjustofna upp að meginhluta til af óbeinum sköttum, skuli ekki fá inn auknar tekjur í gegnum aukna eyðslu og væri kannski ágætt ef hæstv. fjmrh. mundi útskýra það í örfáum orðum.

Ef við víkjum að einstökum málum vil ég fyrst nefna fyrirhugaðan niðurskurð í vegamálum um 350 millj. kr. Það hefur komið fram hjá hæstv. samgrh. að áformað er að lækka framlög til jarðgangagerðar á Vestfjörðum um 100 millj. kr. Jafnframt hefur komið fram yfirlýsing um að það muni ekki seinka verklokum. Ég hefði talið rétt að fá það fram með óyggjandi hætti hjá hæstv. ríkisstjórn hvort áform væru um að seinka verkbyrjun, breyta framkvæmdaáformum. Hins vegar gaf hæstv. samgrh. yfirlýsingu hér fyrr í kvöld sem mátti skilja þannig að það ætti að hefja framkvæmdir á þeim tíma sem áður hafði verið áformað. Ég vildi gjarnan beina því til hæstv. fjmrh. að hann skýrði það frekar hvort verkið muni hefjast á þeim tíma sem áformað hefur verið hingað til og hvort framkvæmdin muni ekki verða með þeim hætti sem gert hefur verið ráð fyrir. Og í öðru lagi, fyrst gert hefur verið ráð fyrir því að lækka fjárveitingu til þessarar framkvæmdar á þessu ári, hvort þá muni verða bætt við á næsta ári fé til að mæta þeim niðurskurði sem verður á þessu ári.

Almennt verð ég að segja það um niðurskurð á þessu vegafé að ég er ákaflega óánægður með að það skuli

vera farið í að skera niður þær 350 millj. sem ríkissjóður leggur fram til vegamála á þessu ári. Ég tel reyndar að ástandið í samgöngumálum í þeim kjördæmum sem niðurskurðurinn bitnar einna helst á, Austfjarðakjördæmi og Vestfjarðakjördæmi, sé ekki með þeim hætti að ástæða sé til að draga úr því sem þegar hefur verið ákveðið að gera í þeim efnum. Menn eru býsna langt á eftir í samgöngumálum í þessum kjördæmum miðað við mörg önnur kjördæmi og það er m.a. ein ástæðan fyrir því að mínu mati hversu erfið byggðaþróunin hefur verið í þessum kjördæmum, og þá sérstaklega Vestfjarðakjördæmi, á undanförnum árum. Ég hef ástæðu til að ætla að það sé einhver vafi á um það að niðurskurðurinn á vegafé njóti stuðnings meiri hluta á Alþingi. Það hafa komið fram yfirlýsingar frá tveimur þingmönnum stjórnarliðsins um það að þeir styðji ekki þennan niðurskurð. Það eru hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason og hv. 3. þm. Austurl. Egill Jónsson. Og reyndar hef ég nokkra ástæðu til að ætla að þeir séu fleiri. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að ríkisstjórnin hafi meiri hluta Alþingis á bak við sig í þessum niðurskurði.

Ég vil líka benda á að í Morgunblaðinu í dag kemur skýrt fram í viðtali við hv. 1. þm. Vestf. að hann telur að það sé ekki hlutverk ráðuneytis eða Vegagerðar að skera niður framkvæmdir sem Alþingi hefur samþykkt. Hann telur að Alþingi eitt geti breytt þeirri ákvörðun sem búið er að taka. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann sé ósammála hv. 1. þm. Vestf. um það að ekki sé heimilt að skera niður þessar framkvæmdir nema þá með samþykki Alþingis eins og fram kemur í Morgunblaðinu í dag.

Það er fleira sem ástæða er til að fara yfir í sambandi við þessi niðurskurðaráform. Eins og hér var bent á áðan er það ansi sláandi að allmikið af þessum niðurskurði bitnar á landsbyggðinni. (**ÓÞÞ:** Vegna þenslunnar þar.) Vegna þenslunnar á landsbyggðinni, bætir hv. 2. þm. Vestf. við. Ég vildi þá beina því til hæstv. fjmrh., af því að ég heyri að hann hlustar mjög grannt, hvort hann sé sammála þeirri skoðun sem hér hefur komið fram að þenslan sé á landsbyggðinni, að nauðsynlegt sé að draga þar saman fremur en annars staðar á landinu.

Sem dæmi um framkvæmdir sem koma illa við okkur landsbyggðarmenn get ég í fyrsta lagi nefnt að skorið er niður framlag vegna loðnubrests um 100 millj. Tjónabætur vegna óveðurs eru skornar niður um 100 millj., sem ég hygg að sé fé sem eigi að renna til Rafmagnsveitna ríkisins til að mæta þeim útgjöldum sem fyrirtækið varð fyrir í vetur vegna óveðurs. Og hvernig hugsar ríkisstjórnin sér að Rafmagnsveitur ríkisins bæti sér upp þessar 100 millj. sem þær fá ekki? Eiga þær að bæta sér það upp með því að hækka gjaldskrána á sínu rafmagni?

Þá nefni ég björgunarþyrlu. Því verki er frestað, alla vega þetta árið. Það þykir mér slæm tíðindi og ég veit að landsbyggðarmönnum almennt mun þykja það mjög vond tíðindi því við búum við þær aðstæður að byggja okkar afkomu og búsetu að miklu leyti á útgerð. Það er ekki stórmannlegt hjá hæstv. ríkisstjórn að ýta til hliðar þeirri samþykkt og þeim áformum að ráðast hér í það að kaupa þyrlu sem gæti dugað til þess að bjarga sjómönnum á hafi úti ef því væri að skipta. Mér finnst satt að segja það vera hálfkaldar kveðjur frá stjórnvöldum til þessarar stéttar og minni hæstv. fjmrh. á það að sjómannadagurinn er nk. sunnudag og betri fréttir hefði hann getað fært sjómönnum á þeim degi.

Ég nefni líka niðurskurð á 400 millj. kr. lántökuheimild til Landsvirkjunnar og segir í skýrslunni að Landsvirkjun eigi að bera þessa fjárþörf að hluta með gjaldskrárhækkun og að hluta úr eigin rekstri. Það kemur fram í ársskýrslu Landsvirkjunar að það varð verulegur hagnaður á þeirri stofnun í fyrra. (**Fjmrh.:** Bókhaldslegur.) Bókhaldslegur, sögðu Landsvirkjunarmenn. Alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. Og þeir bentu reyndar á það líka að það hefðu verið greiðsluörðugleikar hjá þeim. Þeir hefðu í raun og veru verið í vandræðum með að eiga handbært fé fyrir útgjöldum þannig að ef þessi lántökuheimild verður skorin niður, þá eiga þeir ekki í neina sjóði að sækja til að standa undir sínum útgjöldum ef miðað er við þessar upplýsingar. Það er því einboðið að álykta sem svo að Landsvirkjun muni bæta sér þetta upp með því að hækka gjaldskrána. (**Fjmrh.:** Eða fresta framkvæmdum.) Já, eða fresta framkvæmdum en ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh. hvernig hann hugsar sér að þessum niðurskurði á lántökuheimild verði mætt, að hve miklu leyti fólk á von á því að niðurskurðinum verði mætt með því að hækka raforkuverðið.

Það er dálítið skondið hjá stjórnvöldum sem um daginn tóku ákvörðun um að auka niðurgreiðslur á þeim svæðum þar sem orkuverðið er hvað hæst — og var út af fyrir sig ákaflega ánægjulegt að fá þau tíðindi — að grípa svo til aðgerða fáum dögum síðar sem stuðla að því að taka þetta til baka. Og þá er ég að tala um þessa lántökuheimild Landsvirkjunar og tjónabæturnar hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Ég var hér með spurningu til hæstv. fjmrh. sem reyndar hefur komið fram fyrr í umræðunum. Ég vildi kannski endurtaka hana þannig að hún félli örugglega ekki niður. Þegar ég fór að leggja saman þessar tölur á bls. 25 og 26, ef ég man rétt, af þessum niðurskurði, þá komst ég upp í 3650–3750 millj. kr. en í skýrslum segir að stefnt sé að því að minnka lánsfjárhalla hins opinbera í heild um 6 milljarða kr. Þarna vantar um 2200 millj. upp á að ég nái þessari tölu heim og saman og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsti mig um það hvar er að finna niðurskurð upp á þá upphæð. (**Fjmrh.:** Ég hef áður kennt reikning.) Já, ég held að hæstv. ráðherra geti verið viss um að sú kennsla hafi dugað nokkuð vel þannig að hann geti verið nokkuð viss um að þessar tölur eru vel lagðar saman. (**Gripið fram í:** Hefur ráðherrann kennt þingmanninum?) Já.

Ég vil aðeins víkja að vaxtamálum. Það er að vísu búið að ræða þau ansi mikið þannig að ég ætla að sleppa því að fara mjög ítarlega yfir það mál. En ég vil láta þá skoðun koma fram að hækkun vaxta á íbúðarlánum er í mínum huga í raun og veru ekkert annað en skattahækkun. Hækkun vaxta eykur útgjöld þeirra sem greiða lánin og hlýtur einfaldlega að vera hækkun á

þeim gjöldum sem þessar fjölskyldur þurfa að bera til að afla sér húsnæðis. Byggingarsjóður ríkisins er ekkert annað en sjóður í eigu ríkissjóðs og þessi sjóður er einfaldlega að hækka sína skatta til þess að ná inn tekjum. Hæstv. ráðherra benti hér áðan á að hækkun vaxta um 1,5% mundi þýða 0,5% hækkun á framfærsluvísitölu. Hækkun á framfærsluvísitölu þýðir hækkun á lánskjaravísitölu og það leiðir af sér hækkun á skuldum þannig að þeir sem skulda þessari stofnun munu þegar upp er staðið búa við það að skuldir þeirra hafi aukist í kjölfar þessara aðgerða og þessar hækkanir af skuldunum munu síðan leiða af sér aukna greiðslubyrði af vöxtum. Þá erum við komnir hringinn og vandséð í hverju hagur manna er fólginn, alla vega sé ég ekki betur en þessi hækkun vaxta leiði einfaldlega til kjaraskerðingar einu sinni ef ekki tvisvar.

Þá er hér eitt atriði í sambandi við húsnæðismálin sem væri rétt að fara aðeins yfir. Það kemur fram í þessari skýrslu, það er getið um það á bls. 21 að ein aðalástæðan fyrir aukinni lánsfjárþörf opinberra sjóða sé aukið fé í húsnæðislánakerfinu. Það kom hins vegar fram hjá hæstv. félmrh. í ræðu sem hún flutti hér fyrr í þessari viku að það væri hrein blekking að halda því fram. Ég mundi vilja beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. hvort hann stendur á þessari skoðun sem fram kemur í skýrslunni eða hvort hann er sammála hæstv. félmrh. um það að framlög til húsnæðismála séu ekki orsökin fyrir þessari auknu lánsfjárþörf.

Aðgerðir í húsnæðismálum eru samkvæmt þessari skýrslu um ríkisfjármál, þær einu sem ákveðnar eru, að hækka vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Það kemur fram í plaggi sem ég er með hér undir höndunum og heitir kosningayfirlýsing Sjálfstfl. og er í hvítum lit, sem hæstv. forsrh. kallar lit uppgjafarinnar, að í húsnæðismálum ríki ófremdarástand og tafarlaust verði að grípa til aðgerða. Þær aðgerðir sem við höfum séð er vaxtahækkun á lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Er það að mati hæstv. fjmrh. nægjanleg aðgerð til þess að ekki ríki lengur það ófremdarástand í húsnæðismálum sem Sjálfstfl. heldur fram í sinni kosningayfirlýsingu að sé eða hvað þarf frekar að gera í þessum málaflokki til þess að ástandið verði viðunandi?

Nú hefur ríkisstjórnin tekið þá ákvörðun að svokallað húsbréfakerfi verði það íbúðalánakerfi sem við eigum að búa við á næstunni eða í ókominni framtíð. Um þetta húsbréfakerfi hefur margt verið rætt og vissulega er ástæða til þess að hafa verulegar áhyggjur af því hvernig mál hafa þróast í því kerfi. Þar sýnist mér að hlutirnir hafi að mörgu leyti farið á annan veg en til var stofnað og menn áformuðu. Ég vil vitna hér til hæstv. félmrh. sem hefur verið óþreytandi baráttumaður fyrir húsnæðiskerfi til handa launafólki sem a.m.k. að hans mati væri fullboðlegt. Þegar verið var að kynna þetta kerfi fyrir tveimur árum og hæstv. félmrh. var að berjast fyrir því innan þáv. ríkisstjórnar að vinna fylgi við þetta kerfi voru sett fram ýmis rök þessu kerfi til gildis sem áttu að sannfæra menn um hversu gott það væri. Þar voru m.a. sett fram þau rök að ekki mundu verða nein afföll á húsbréfum. Með leyfi forseta vitna ég hér orðrétt í viðtal við hæstv. félmrh. í Pressunni sem birtist 23. febr. 1989. (**ÓÞÞ:** Það er til hreinnar fyrirmyndar að vitna svona í skjöl sem hægt er að sannreyna að rétt sé frá sagt.) Þar segir orðrétt:

„Það hefur komið fram ótti við að það muni myndast afföll af þessum húsbréfum. Ég held að sá ótti sé ástæðulaus vegna þess að húsbréfin verða sambærileg eign og spariskírteini ríkissjóðs. Í núverandi kerfi hafa hins vegar afföllin af lánsloforðunum verið mjög mikil þar sem verðbréfamarkaðurinn hefur verið að græða á neyð fólksins og þörf þess fyrir skammtímafyrirgreiðslu. Það er ekkert slíkt uppi í þessu fyrirhugaða húsbréfakerfi. Það er ekkert slíkt uppi í húsbréfakerfinu að það verði nein afföll."

Þetta voru rökin fyrir rúmum tveimur árum. Ég efast í sjálfu sér ekkert um það að hæstv. félmrh. hafi verið þeirrar skoðunar þá og henni hafi verið talin trú um það af sérfræðingum að þetta mundi verða svona. En hver er veruleikinn í dag? Ég ætla að veruleikinn sé sá að afföllin séu 22–23% og það séu ýmsir sem séu að græða á neyð fólksins. Miðað við þær tölur sem fram koma í skýrslu hæstv. fjmrh. um að á þessu ári verði gefin út húsbréf fyrir 12 milljarða kr., þá verða afföllin miðað við þessa tölu a.m.k. 2,5 milljarðar kr. Hver fær þennan pening í sinn vasa? Eitt er víst að það er ekki launafólkið sem fær þennan pening í sinn vasa. En það er launafólkið sem á að borga þennan pening.

Hæstv. félmrh. sagði hér á Alþingi 5. maí í fyrra aðspurður af þingmanni sem þá hafði mikinn áhuga á húsnæðismálum og talaði oft um þann málaflokk, hæstv. núv. samgrh., sem spurði félmrh. að því hvort ástæða væri til þess að ætla að vextir mundu hækka þegar húsbréfakerfið yrði opnað 15. maí fyrir kaup á eldri íbúðum. Svar hæstv. félmrh. var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þegar það opnast núna 15. maí fyrir það fólk sem vill nýta sér húsbréfakerfið til kaupa á eldri íbúðum spurði hv. þm. hvort ástæða væri til að ætla að raunvextir mundu hækka við það. Ég tel ekki ástæðu til að ætla það."

Hæstv. félmrh. taldi ekki ástæðu til þess að ætla að frekari útgáfa húsbréfa mundi hækka raunvexti. Hver hefur reyndin orðið? Menn verða að átta sig á því að þegar við erum með takmarkað magn af fé sem hægt er að sækja í og ásóknin er aukin í þetta takmarkaða fé, þá leiðir það ekki til neins annars en gengisfellingar á þeim pappírum sem menn eru að reyna að selja í skiptum fyrir peninga. Eins og menn hugsa sér húsbréfakerfið í dag, þá þýðir það að menn muni gefa óhemjumagn út af þessum húsbréfum, bæði á þessu ári og næstu árum. Húsbréfin verða því sá pappír í umferð sem er langmestur að umfangi. Vilji menn selja slíka pappíra, eins og nauðsynlegt verður til þess að fjármagna þetta húsbréfakerfi, verða húsbréfin að vera besti ávöxtunarkosturinn á markaðnum. Að öðrum kosti munu þessi bréf ekki seljast í neinum verulegum mæli. Það þýðir einfaldlega að ávöxtunarkrafan verður að vera hæst af húsbréfum borið saman við aðra pappíra. Við sjáum hver þróun er að verða með ríkis-

skuldabréfin. Raunávöxtun á þeim er komin upp í 7,9%. Því miður eru engar horfur á því að afföllin af húsbréfunum muni neitt lækka á næstunni í ljósi þessa. Ég sé í rauninni ekki ástæðu til þess að ætla annað, því miður, en að afföllin muni aukist og þau muni verða viðvarandi á næstunni.

Það er því alveg ljóst í mínum huga að húsbréfakerfið er komið út í ákveðnar ógöngur sem bitna eingöngu á því fólki sem í raun og veru er ætlunin að hjálpa. Það eru fleiri milljarðar sem menn eru að henda í þessi markaðsviðskipti og menn geta svo sem gert sér það í hugarlund hverjir það eru sem hirða þessa peninga.

Ég vil nefna líka greiðsluerfiðleikalánin sem menn eru nýlega búnir að opna í þessu húsbréfakerfi með reglugerð frá 21. jan. sem á að gilda í tæpt ár og af þeim tíma eru liðnir núna fjórir mánuðir. Það eru nú þegar komnar um 1100 umsóknir um greiðsluerfiðleikalán. Meðalupphæð á þeim lánum sem búið er að afgreiða er um 3,3 millj. kr. Miðað við þessi afföll geta menn reiknað út hvað hver og einn er látinn borga í afföll til þess að geta fengið fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins til að koma einhverju lagi á sín fjármál. (**Félmrh.:** Hvað kostar það fólk að vera í vanskilum?) Það kostar býsna mikið fyrir fólk að vera í vanskilum. En ég vil benda hæstv. félmrh. á það að ef fólk hefur eitthvert fé til þess að semja við lánastofnanir og aðra lánardrottna, þá geta menn samið um afslátt á sínum skuldum, gert þær upp fyrir minni upphæð en fullkomlega uppreiknuð skuld gefur tilefni til. Með þessum húsbréfum er enginn afsláttur veittur, ekki ein einasta króna. Þeir sem eru að gera upp sínar vanskilaskuldir með húsbréfum verða að borga þær alveg upp í topp með lögfræðikostnaði, dráttarvöxtum og öllu. Og það er nú býsna hart fyrir fólk að jafnvel ríkisbankar eru farnir að taka þessi afföll af pappírum sem ríkissjóður Íslands ábyrgist.

Nú er ég kannski kominn að nokkru leyti út fyrir þessa skýrslu um ríkisfjármál þegar ég er farinn að ræða svona mikið um þetta húsbréfakerfi og ég hygg að rétt væri að taka upp þessa umræðu síðar. Það mun örugglega gefast tækifæri til þess. En ég vil benda mönnum á það að engar líkur eru á því að sú aðgerð að loka 1986-kerfinu og vísa því fólki sem þar hefur beðið í biðröð eftir afgreiðslu yfir í húsbréfakerfið muni minnka lánsfjárþörfina. Ég bendi á það að í húsbréfakerfinu geta menn fengið mun hærra lán en í 1986-kerfinu. Mér sýnist því að menn séu í raun og veru að taka ákvörðun um það með þessu að heildarlánsfjárhæðin til þessa hóps verði hærri en hún hefði orðið í gamla kerfinu. Ég get ekki séð að gert sé ráð fyrir því í þessari skýrslu um ríkisfjármál að svo muni verða með þennan hóp sem eru nokkur þúsund manns og ég sé ekki heldur að það sé gert ráð fyrir því að allt stefnir í það að greiðsluerfiðleikalánin verði mun hærri í heildina tekið á þessu ári en áætlað er. Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að á þessu ári væri áformað að 1–1,5 milljarður kr. færi í greiðsluerfiðleikalán. Miðað við þann fjölda sem nú þegar hefur sótt um eftir 4 mánuði af 12, sem eru 1100 manns, og það að meðalupphæð lána er 3,3 millj. má ætla að þessi upphæð fari verulega fram úr þessari áætlun.

Ég held að ég láti hér staðar numið. Það hefði vissulega verið ástæða til þess að fara frekar yfir einstaka liði í þessari skýrslu en ég læt þetta gott heita, enda orðið áliðið nætur eða snemma dags og ég held að það sé svo sem komið nægilegt fyrir hæstv. fjmrh. að moða úr í bili.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er orðið nokkuð áliðið dags og ég ætla ekki að hafa hér langt mál. En það er einkum tvennt sem ég ætla að koma hér inn á í örstuttu máli.

Í fyrsta lagi hinar sérstöku aðgerðir til þess að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs, einkum er varðar samgöngumálin. Það kom fram í orðum hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir sinni skýrslu hér fyrr í kvöld að ýmsir frambjóðendur hefðu ekki þorað að segja ýmsa hluti fyrir kosningar. Þá dettur mér nú í hug að ég held að það hafi verið eins með hv. frambjóðendur Sjálfstfl. að þeir hafi ekki sagt það fyrir kosningar að það fyrsta sem þeir vildu gera þegar þeir fengju völdin væri að draga saman fjármagn til samgöngumála og til vegamála. A.m.k. var það þannig með frambjóðanda Sjálfstfl. í Norðurl. e., hv. 2. þm. Norðurl. e. sem nú er orðinn hæstv. samgrh. Hann talaði ekki mikið um það í kosningabaráttunni að það yrði hans fyrsta verk þegar hann hefði fengið völdin að draga saman fjármagn til vegamála. Hann hefur frekar talað í þá átt — er hæstv. samgrh. kannski þarna í hliðarsal? (Gripið fram í.) Ég heyrði nú ekki hvað hæstv. ráðherra sagði en hann hefur haft uppi stór orð um mikilvægi samgöngumála og þar er ég honum mikið sammála. Hann hafði t.d. mörg stór orð um vegamál í tengslum við umræður um langtímaáætlun hér fyrir aðeins 2–3 mánuðum síðan. Ég minnist sérstaklega orða hans þegar hann talaði um að hann teldi það óhæfu að hugsa sér það að um aldamót yrði ekki búið að leggja bundið slitlag á Bárðardal. Nú hefur þessi hv. þm., núv. hæstv. samgrh., fengið völdin og ég held að það sé ástæða til þess að gleðjast, miðað við öll stóru orðin sem áhugamaður um bættar samgöngur, að þessi hv. þm. hafi nú fengið svo mikil völd.

Slagorð Sjálfstfl. í kosningabaráttunni var Byggð með byggð, sem á væntanlega að þýða að byggðirnar, sveitarfélögin, geti unnið betur saman. Lykillinn að því eru að sjálfsögðu bættar samgöngur og ég vona að hæstv. samgrh. sé mér þar sammála.

Það sem ég ætlaði í öðru lagi að gera að umtalsefni hér eru orð hæstv. fjmrh. í sambandi við búvörusamninginn sem hann viðhafði hér fyrr í kvöld þegar hann mælti fyrir skýrslu sinni. Það hefur komið fram að hæstv. ríkisstjórn hefur leitað álits ríkislögmanns á búvörusamningnum og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort það álit liggi ekki nú þegar fyrir. Það hafa farið óljósar fregnir af því að það álit liggi nú þegar fyrir þó að hæstv. ráðherrar hafi talað eins og svo sé ekki. Og það sem var nú merkilegast við hans ræðu hvað sneri að búvörusamningnum var það að sennilega hafi alls ekki verið þingmeirihluti fyrir samningnum á vorþingi

vegna þess að Alþfl. hafi haft þar ákveðinn fyrirvara og hæstv. utanrrh. skaut þá inn í að Borgfl. hafi einnig haft á honum fyrirvara. Ég vil því spyrja: Hverjir voru þessir fyrirvarar? Eftir þeim upplýsingum sem ég hef voru þeir ekki þannig að þeir hafi sett búvörusamninginn sem slíkan í hættu og eins og ég benti á með frammíkalli þegar hæstv. ráðherra talaði, þá samþykkti þingið lánsfjárlög sem eru lykill að búvörusamningi hvað snertir fjármagn úr ríkissjóði. Fjmrh. fær sjálfsagt tækifæri til þess að svara öllum þeim spurningum sem bornar hafa verið upp við hann og ég býst við að hann svari þessari spurningu líka.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef voru fyrirvarar Borgfl. fyrst og fremst þeir að umhvrn. yrði nefnt og við því var orðið. Alþfl., og sjálfsagt getur hæstv. viðskrh. svarað því líka síðar, lagði áherslu á að það yrði ákveðið að 50% sem reiknað er með í beinum greiðslum og upphaflega áttu að vera um það bil yrðu nákvæmlega 50%. Eins voru þeir með fyrirvara er sneri að alþjóðlegum samningum og við því var orðið. Við því var brugðist af hæstv. ríkisstjórn. Þetta eru því algerlega nýjar fréttir ef Alþfl. er nú að reyna að fría sig frá þessum samningi en það mátti helst skilja það á frammíkalli hæstv. utanrrh. hér í kvöld.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hún er þegar orðin nokkuð löng og næst ekki að ljúka henni hér í kvöld, en ég óska að sjálfsögðu eftir svörum hæstv. ráðherra við þessum spurningum.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

8. fundur, fimmtudaginn 30. maí, kl. 2 miðdegis.

Ríkisfjármál 1991, frh. umr.

Skýrsla fjmrh., 3. mál. — Þskj. 3.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er rétt að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. er ekki kominn til fundar en það svo sem sakar kannski ekki í bili því að hér er m.a. mættur hv. 2. þm. Norðurl. v., sem blandaði sér lítillega í þessar umræður í gærkvöldi, þessar umræður um skýrslu um ríkisfjármál fyrir árið 1991. Satt best að segja var það nú þannig að svona fyrstu tvær til tvær og hálf klst. af þessari umræðu var hún nokkuð sérkennileg.

Hér kom auðvitað fyrstur hæstv. fjmrh. og eyddi mestöllum tíma sínum í stjórnmálaumræður eða eldhúsdag þar sem hann var aðallega að taka fyrir forvera sinn á ráðherrastóli. Og að sama skapi fór lítið fyrir faglegum eða málefnalegum útlistingum hans á skýrslunni sjálfri eða framtíðinni í ríkisfjármálunum. Látum það nú vera. Hæstv. fjmrh. lítur kannski svo á að skýrslan tali að einhverju leyti fyrir sig sjálf.

En öllu sérkennilegri var þó ræða hv. 2. þm. Norðurl. v. Reyndar var hann þriðji sjálfstæðismaðurinn svo gott sem í röð sem kom hér og talaði í umræðunni og væri nú hægt að spyrja sig nokkurra spurninga um þá stýringu á umræðunni sem þar birtist, að þrír af fjórum fyrstu ræðumönnum voru hv. þm. eða hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. Og þegar umræðan hafði staðið í tvær og hálfa klst. hafði einn annar hv. þm. en þessir sjálfstæðismenn talað í stutta stund. En hvað um það. Ég ætla að koma lítillega að þessari ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. síðar. en verð þó að segja fyrst vegna þess svips sem var á umræðunni að það var vægast sagt sérkennilegt að hlusta á þennan hv. þm. koma hér og tala í um þrjá stundarfjórðunga með þeim hætti sem hann gerði, að svo til hvert einasta orð voru skammargusur og fúkyrðaflaumur aðallega um hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., og ræðumaður fékk líka svolitla skammta frá hv. 2. þm. Norðurl. v. En, herra forseti, vegna þess að mér er ekki kunnugt um hvað kann að hafa verið samið um hér um framhald umræðunnar en ég hef heyrt af því einhverjar spurnir að það eigi að fara að ljúka þinginu svona hvað úr hverju, þá get ég eftir upphaf þessarar umræðu og m.a. vegna þeirra árása sem ég sat undir frá hv. 2. þm. Norðurl. v. ekki annað en tekið hér þó nokkurn tíma í að svara því. Fyrir utan þær spurningar sem ég síðan hugðist leggja fyrir hæstv. fjmrh. og varða beint efni skýrslunnar, sem ég hafði hugsað mér að fara yfir og gera athugasemdir við eða ræða í einum sex tölusettum liðum. Ég hlýt þess vegna að búa virðulegan forseta undir að í þetta fari einhver tími. Ég held að ég geti þó fullyrt að ég nái að ljúka máli mínu á skemmri tíma en hv. 2. þm. Norðurl. v. notaði í fúkyrðaflutning sinn í gærkvöldi, svo málefnalegur og merkilegur sem hann var.

En fyrst þá um efni skýrslunnar og það sem hæstv. ríkisstjórn er hér að leggja til eða fjalla um í sínum skjölum. Ég held ég komi þá fyrst að því sem í raun og veru er kannski aðalinnihald þessarar skýrslu sem og hryggjarstykkið í aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum eða efnahagsmálum og það eru vaxtahækkanirnar. Þær birtast hér í nokkrum liðum og hafa verið að koma fram með ýmsum hætti í þjóðfélaginu síðustu sólarhringa. Eins og segir hér í skýrslunni í kafla IV, um viðnámsaðgerðir, þá hefur þegar verið tekin ákvörðun um að hækka vexti á spariskírteinum ríkissjóðs í 7,9%. Eins og hv. 8. þm. Reykn. upplýsti svo í gærkvöldi fylgdi Seðlabankinn í kjölfarið með ákvörðun um að hækka ávöxtunarkröfu bréfanna á verðbréfaþingi, þannig að hún er nú þar að nálgast 9%.

Í öðru lagi tók ríkisstjórnin ákvörðun um, og reyndar var það hennar fyrsta ákvörðun, að fíra ríkisvíxlunum upp í 14,5%.

Í þriðja lagi er hér ákvörðun um að hækka vexti á lánum Byggingarsjóðs ríkisins á öllum útistandandi lánum frá 1. júlí 1984 í 4,9%.

Í fjórða lagi er svo ákvörðun um að loka endanlega húsnæðislánakerfinu frá 1986 og þá með þeim hætti að þeim sem þar bíða í biðröð, og hafa sumir gert árum

saman, verði hent út og vísað á markaðinn.

Þetta eru nú í raun og veru aðgerðirnar hjá hæstv. ríkisstjórn sem aðallega eru þess virði að ræða um. Síðan er þarna kafli um sérstakar aðgerðir sem ég kem lítillega að síðar. En þetta er í raun og veru það sem máli skiptir af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert og það sem markar einhverja stefnu. Þar sem einhver afstaða kemur fram. Og það er nú ekki svo oft, enn sem komið er, sem við höfum haft tækifæri til að taka á einhverju sem hæstv. ríkisstjórn er þó að gera. Þar sem við vitum hvað hún ætlast fyrir, þar sem einhver stefna liggur fyrir. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að ræða lítillega um þessi vaxtamál í því framhaldi.

Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni gagnvart vaxtahækkun á húsnæðislánum og lýst óánægju minni og vonbrigðum með það að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. félmrh. skuli láta pína sig til þess, eins og ég vona að hafi verið, því að mér þætti verra ef hún hefur gert það sjálfviljug, hæstv. félmrh., að hækka vextina á húsnæðislánunum afturvirkt. Þetta er í eðli sínu afturvirk aðgerð af því að hún raskar þeim forsendum fólksins sem það hafði til að ganga út frá þegar það tók sín lán og gerði sínar fjármálaskuldbindingar. Við getum verið hér í orðaleikjum um það hvort þetta sé afturvirk vaxtahækkun í þeim skilningi að það eru ekki innheimtir hjá mönnum hærri vextir alveg aftur til 1984. Er það það sem menn eiga að þakka fyrir? Eiga menn að falla á knén og þakka ríkisstjórninni fyrir að *hún skuli ekki rukka á einu bretti hærri vexti alveg aftur* til 1984? Nei, við höfðum nú ekki einu sinni hugarflug til að láta okkur detta það í hug, enda ekki hægt og ólöglegt. En þetta er afturvirk aðgerð í þeim skilningi að hún raskar þeim forsendum sem fólk hafði til að ganga út frá. Að mínu mati er það ekki spurningin um hversu mikil vaxtahækkunin er sem er aðalatriðið heldur eðli aðgerðarinnar, „prinsippið" sem hér er brotið. *Og að þetta skuli gert að hluta til gagnvart sömu* aðilum og áður hafa þolað hið illræmda misgengi lánskjara og launa er dapurleg staðreynd.

Hæstv. fyrrv. forsrh. og hv. núv. 7. þm. Reykn., hefur játað það fyrir mér, og ég held héðan úr ræðustóli líka, og ég veit að ég brýt engan trúnað þó að ég segi að hann telji það að mörgu leyti einhverja erfiðustu aðgerð sem hann hafi tekið þátt í á sínum tíma og hafi um hana mikla þanka. Og það skil ég vel. Því að eftir á að hyggja held ég að allir sem komu nálægt því að skapa misgengi lánskjara og launa á árunum 1983–1984 og fram á árið 1985 hafi yfir því vonda samvisku. Ég held að það sé þannig. Ég vona að hér komi enginn upp og hælist yfir því að hafa tekið þátt í því með þeim afleiðingum. En hér er því miður verið að gera sambærilegan hlut. Og það er hárrétt sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. að þessi aðgerð verður að ýmsu leyti verri vegna þess að búið er að kippa úr sambandi ákvæðunum um greiðslujöfnun lánanna, það var gert á sl. vori. Og það er rétt að það komi þá fram af því að ég stóð að þeirri ákvörðun ásamt með fleirum að sú ákvörðun var af okkar hálfu, af minni hálfu, tekin í beinum tengslum við ákvörðun um að hækka ekki vextina á lánunum frá 1984 með þessum hætti. Og það sem lá fyrir var að það var málamiðlun um að til greina gæti komið að hækka vextina við eigendaskipti á íbúðum, sem er allt annars konar aðgerð af því að þá vita menn að hverju þeir ganga þegar þeir gera nýja kaupsamninga, og hugsanlega hækka vextina t.d. 10 árum eftir stofndag láns. Sá er munur á að að því hefðu menn nokkurn aðdraganda og menn væru búnir að borga niður um fjórðung lánsins, komnir í gegnum erfiðasta hjallann sem gjarnan eru fyrstu nokkur árin eftir íbúðakaup eða íbúðabyggingar.

Þetta læt ég nægja um vaxtamál húsnæðislánanna en ég verð að ítreka það og undirstrika að ég er algjörlega andvígur þessari aðferð, hún er ógeðfelld, órétt-mæt og ósanngjörn og ég spái því að menn eigi eftir að fá yfir því vonda samvisku, þeir sem að þessu standa, ekki síður en ákvörðuninni um misgengi lánskjara og launa á sínum tíma.

Í öðru lagi um efnahagsáhrif vaxtahækkananna. Það er satt best að segja með ólíkindum að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki reyna, um leið og hún hrindir úr vör þessari hrikalegu vaxtahækkunarskriðu, snýr í gang þennan vaxtahækkunarspíral eða hvað sem menn vilja nú kalla það, að það skuli engin gögn vera lögð fram eða borin á borð fyrir menn um það hvaða áhrif þessar vaxtahækkanir hafa út í efnahagslífið.

Ég fór á fjörurnar og fór að leita mér upplýsinga um það. Hvað liggur nú fyrir um vægi vaxtanna í okkar efnahagsmálum? Hver eru t.d. áhrif vaxtahækkana af þessu tagi á heimilin í landinu? Á atvinnureksturinn í landinu? Hvað er til um það? Er hæstv. ríkisstjórn með mat á því? Ég spyr hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Það kom fram í ræðu minni.) Vill hæstv. fjmrh. reiða fram þau gögn umfram það sem kemur fram í þessu skjali og er nú ekki merkilegt? Það er tafla um greiðslubyrði lána miðað við misjafna vexti. Það er auðvitað gagnlegt fyrir okkur að þurfa ekki að reikna það út sjálfir en *eins og kunnugt er hafa landsmenn átt góða* stærðfræðikennara á undanförnum áratugum og geta lagt saman og dregið frá og margfaldað sjálfir. Er eitthvað t.d. um áhrif vaxtahækkananna á kaupgreiðslugetu atvinnulífsins af því að nú stendur til að endurnýja kjarasamninga á komandi sumri eða hausti?

Ég fór til Þjóðhagsstofnunar, hafði samband við menn þar og lagði skriflegar spurningar fyrir Þjóðhagsstofnun um þessi efni af því að mér lék hugur á að vita hvað til væri af gögnum um þessi mál. Og ég satt best að segja trúði ekki öðru en að sett hefði verið í gang vinna í Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka eða hjá ríkisstjórn til að reyna að meta áhrif þessara vaxtahækkana á efnahagslífið, annarra en þeirra einna sem er jú sögð vera orsökin fyrir þessari ákvörðun, að það þurfi að draga úr þenslu og eftirsókn í lánsfé.

Þjóðhagsstofnun, eftir að hafa haft eina þrjá til fjóra daga, brást þannig við og gat ekki betur gert að eigin sögn en að senda mér eins og hálfs árs gamla greinargerð um þetta efni sem tekin var saman þá að beiðni þáv. ríkisstjórnar. Sú greinargerð er dagsett 1. nóv. 1989 og ég hlýt að skilja það svo að það séu ekki til nýrri gögn. Ekki heildstæð gögn sem eitthvað er á að græða í sambandi við áhrif vaxtahækkana eða vaxta-

stigs á afkomu atvinnulífsins og heimilanna í landinu. Ég ætla þess vegna að leyfa mér að vitna lítillega í þessa greinargerð, þó að hún sé orðin eins og hálfs árs gömul, og taka dæmi t.d. um það hvaða áhrif vaxtahækkanirnar frá 1985–1988 höfðu á afkomu heimilanna og atvinnulífsins í landinu. Ég yrði manna glaðastur ef hæstv. fjmrh. gæti reitt fram nýrri tölur og betri gögn en það væri þá æskilegt að hann gerði það hér í umræðunni.

Í greinargerðinni, sem eins og áður segir Þjóðhagsstofnun tók saman að ósk ríkisstjórnarinnar haustið 1989, er fyrst gerð grein fyrir vandkvæðum sem því eru samfara að meta áhrif vaxtaþáttanna í þjóðartekjum og þjóðarútgjöldum, afkomu atvinnulífs og heimila o.s.frv. og að sjálfsögðu tímans vegna fer ég ekki langt út í þá sálma enda geta menn þá kynnt sér það. Því eru að sjáfsögðu ákveðnir erfiðleikar samfara að meta slíkt, en þó er samkvæmt ákveðnum aðgerðum, fyrst og fremst með svonefndri tekjuskiptingaraðferð, hægt að áætla talsvert hlutfall vaxta í þjóðartekjum og í afkomu og útgjöldum heimila og atvinnulífs. Og þá er að sjálfsögðu reynt að skoða áhrif raunvaxtanna eins og þeir eru skilgreindir í þessu sambandi. Það eru ýmsar fróðlegar tölur og töflur í þessari greinargerð, að vísu taka þær fyrst og fremst til áranna 1985 til og með 1988, eðli málsins samkvæmt þar sem skjalið er orðið eins og hálfs árs gamalt. En ég segi: Það er bráðnauðsynlegt að Þjóðhagsstofnun verði falið hið snarasta að gera nýja greinargerð af þessu tagi. Þá kæmu fram áhrif vaxtalækkunar á árunum 1988, 1989 og 1990 á afkomu atvinnulífs og heimila í landinu. Og það væri auðvitað mjög gagnlegt að fá þær viðbótarupplýsingar.

Ef teknar eru heildareignir lánakerfisins í árslok 1988 þá námu þær tæpum 360 milljörðum kr. Þessar eignir gáfu af sér um 25,6 milljarða í vexti miðað við árslokastöðu og svarar það til 7,1% raunávöxtunar lánsfjár á árinu 1988. Ef teknir eru raunvextir í lánakerfinu í heild og þeir skoðaðir á þessum fjórum árum er það þannig að á árinu 1985 voru þeir 3,1%, á árinu 1986 5,7%, á árinu 1987 5% og árið 1988 eru þeir orðnir 7,1%. Ef aðeins er tekinn atvinnureksturinn og opinberir aðilar og heimilunum sleppt út úr, þá er vaxtastigið gagnvart atvinnurekstrinum og opinberum aðilum orðið 7,7% á árinu 1988. Af þessu má sjá að það má áætla að heimilin hafi greitt um 5,7 milljarða króna í vexti á árinu 1988 miðað við verðlag í árslok. En það er talið að skuldir heimilanna í landinu hafi þá verið um 100 milljarðar króna og raunvaxtastig lánakerfisins gagnvart heimilunum var einmitt talið 5,7% á árinu 1988 þannig að vaxtagreiðslur heimilanna eru þar með 5.7 milljarðar að talið er á þessu tímabili. Ef við skoðum hvernig raunvaxtagreiðslur heimilanna þróuðust á þessum fjórum árum þarf enginn að vera hissa á því að heimilin í landinu væru farin að stynja undan vaxtaokrinu á árinu 1988. Árið 1985 var raunvaxtastig gagnvart heimilunum 1,6%, árið 1986 3,5%, árið 1987 3,4% en árið 1988 er það komið upp í 5,7% og vaxtaútgjöld heimilanna þar með orðin 5.7 milljarðar króna að talið var.

Að sama skapi má ætla að vaxtakostnaður atvinnulífsins og opinberra aðila hafi á sama ári verið um 16,5–17 milljarðar kr. og þá sjá menn að hér er ekkert verið að hreyfa neinum smástærðum í efnahagslífinu. Ef við uppreiknum lauslega í huganum þessar tölur til núverandi verðlags ætti ekki að vera fjarri því að vaxtaútgjöld heimilanna á árinu 1991 væru 7 milljarðar kr. miðað við sama vaxtastig, um 7 milljarðar króna. Þá eru menn fljótir að reikna það út hvað hvert prósentustig í hærri raunvöxtum þýðir fyrir heimilin í landinu. Það má reikna með því að hvert prósentustig yfir lánakerfið í heild sinni í dag, þá er ég að tala um atvinnulíf, opinbera aðila og heimilin eins og þessu er skipt þarna, sé um 3,5 milljarðar kr., hver prósentustigshækkun í raunvöxtum. Sem sagt, sú vaxtahækkunarákvörðun sem ríkisstjórnin hefur þegar hrint út í þjóðfélagið færir til um 7 milljarða, færir til svona 5,5 til 6–7 milljarða kr. frá þeim sem skulda til hinna sem eiga peningana. Í raun og veru er þetta ekkert flóknara en þetta, svona verður þessi tilfærsla. Vaxtaútgjöld heimilanna eru þá, miðað við þessi hlutföll, væntanlega á ársgrundvelli að hækka þessa dagana um 1,2 til 1,5 milljarða kr. vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar vegna þess að það er ríkisstjórnin sem ríður á vaðið með Seðlabankann ýtandi á eftir sér.

Ég segi alveg eins og er að þessar tölur segja mér ýmislegt þó þær séu nokkurra ára. Þær segja mér ýmislegt vegna þess að ég var hér á Alþingi ásamt mörgum fleiri hv. þm. sem hér sitja inni, og ég fylgdist með þeirri þróun mála sem varð á árunum 1984–1988. Það ætti að vera flestum hér inni í það fersku minni að það sé ástæðulaust að rifja upp hvaða áhrif vaxtaskriðan hafði á þeim tíma.

Það er auðvitað ýmislegt annað sem fróðlegt er að fara yfir í þessum dúr og reyna að greina það í tölum hvað gerist þegar vextir hækka í þjóðfélaginu því það ættu menn að gera áður en þeir taka blindandi ákvarðanir um svona afdrifaríka hluti. Ég ætla að nefna nokkrar aðrar upplýsingar úr gögnum frá Þjóðhagsstofnun. Ég trúi náttúrlega ekki öðru en að hæstv. fjmrh. kunni þetta allt utan að því svo ábyrgur maður tekur varla ákvarðanir um svona hluti nema vita hvað hann er að gera — eða hvað, hæstv. fjmrh.? Varst þú t.d. ekki búinn að ná þér í þessa greinargerð um áhrif vaxtastigsþáttarins í þjóðarbúskapnum frá Þjóðhagsstofnun áður en þú tókst ákvörðunina? Ég sé að þú ert kominn með hana núna.

Ef við tökum vaxtagjöld atvinnurekstrarins og skoðum þau sem hlutfall af veltu, vergum rekstrarafgangi og vergum þáttatekjum, og skoðum svo launahlutfallið í því samhengi, þá kemur ýmislegt athyglisvert í ljós, m.a. um það hvernig þessi hlutföll breyttust í kjölfar vaxtahækkana á árunum 1985–1988. Þannig hækkuðu t.d. vaxtagjöld atvinnurekstrarins sem hlutfall af veltu úr 1,3% árið 1985 í 3,7% árið 1988. Ef við tökum þetta hlutfall af vergum rekstrarafgangi fyrirtækjanna verður þetta enn þá meira sláandi. Það sem gerist á árunum 1985–1988 er að hlutfall vaxtagjaldanna af vergum rekstrarafgangi hækkar úr 11,8% í 42,4%. Þannig var komið árið 1988 að 42,4% af rekstraraf-

gangi fyrirtækjanna fór beint í þessar vaxtagreiðslur.

Ef þetta er skoðað sem hlutfall af vergum þáttatekjum verður þarna svipuð breyting, hækkar úr 4,3% í 11%. Ef við tökum svo hlutfall launanna af þessum sömu þáttatekjum þá getum við að lokum reiknað út hlutfall vaxta af launum og það ætla ég að láta verða mínar síðustu tölur til að þylja yfir hv. þingheimi sem hefur kannski engan áhuga á þessu og það er allt í lagi með það. En ég ætla að lesa þetta hér upp fyrir menn, þó ekki væri nema fyrir vin minn hæstv. fjmrh. sem þarf að heyra þetta nokkrum sinnum til þess að hafa eitthvað til að hugsa um í sumar.

Þetta er þá þannig að hlutfall vaxta af launum samkvæmt þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar breyttist á árunum 1985–1988 þannig að það fór úr 6,7% í 15,1%. Það er engin smábreyting sem þar gerist. Það hefur engin smáræðisáhrif ef menn ætla að setjast niður t.d. og ræða kjarasamninga hvar þessi hlutföll standa. Svo segir hæstv. ríkisstjórn við okkur að hún sé með vaxtahækkunarákvörðunum sínum að auðvelda skuldsettum íslenskum atvinnuvegum að framlengja kjarasamninga. Ef hún er nú kannski að hækka þetta hlutfall sem fer beint út úr rekstri fyrirtækjanna miðað við t.d. launagreiðslur þeirra, tvöfalda það eða rúmlega það eins og þarna var gert, þá þýðir ekkert fyrir menn að bera slíkt á borð. Því miður er það svo að skuldastaða sjávarútvegsins, fiskvinnslunnar í landinu sem var landlægt að miða við þegar verið var að reyna að átta sig á því hver launagreiðslugeta atvinnulífsins væri. Og af því að hæstv. sjútvrh. er mættur hér til leiks þá væri fróðlegt að fá að heyra hans álit á því hvort það muni auðvelda íslenskum sjávarútvegi þátttöku í gerð kjarasamninga, sem geta vonandi skilað einhverjum sæmilegum kjörum til vinnandi fólks í landinu, að taka á sig raunvaxtahækkun upp á 1,5–2% eða hvað það nú verður. Minna verður það ekki þegar kemur fram á haustmánuðina eins og þetta horfir hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég gæti nefnt ýmislegt fleira upp úr þessum gögnum sem mér fundust athyglisverð og segja ýmislegt þó að þau séu orðin nokkurra mánaða gömul. En staðreyndirnar um það sem skeði á þessum árum standa að sjálfsögðu fyrir sínu. Ég sagði það í umræðum um stefnuræðu forsrh. að það væri skynsamlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn að fara yfir reynsluna af hávöxtunum á árunum 1984–1988, skoða það hvað það var sem gerðist. Þótt margt fleira væri vitlaust í efnahagsstjórn á þeim tíma en vaxtamálin ein gætu þeir engu að síður lært ýmislegt af því sem þar gerðist.

Herra forseti, ég læt hér þá lokið umræðum um vaxtamál þó að ég hefði svo sannarlega talið ástæðu til þess að ræða það jafnvel lengi enn og að margir tækju þátt í því. Ýmsir hafa rætt um vaxtamál á undanförnum árum eða afkomu sjávarútvegsins og undirstöðuatvinnugreina í landinu, um hugmyndir um fastgengisstefnu eða tengingu við Evrópugjaldmiðla eða hvað það nú er. Halda menn að það verði léttara fyrir sjávarútveginn ef búið verður að svínhækka á honum vextina með allar skuldirnar á bakinu? Atvinnugrein sem í heild sinni átti nokkra mánuði eftir í gjaldþrot haustið 1988. Óbreytt efnahagsstjórn í nokkra mánuði í viðbót hefði gert íslenskan sjávarútveg gjaldþrota á einu bretti haustið 1988. Það sjá menn ósköp einfaldlega með því að skoða hvað var orðið eftir af eigin fé í þeim atvinnurekstri. Það var nánast búið. Öflugustu fyrirtækin í landinu voru farin að tapa fé í stórum stíl. Risarnir, fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa, sem hafa staðið langt upp úr öðrum fyrirtækjum hvað snertir góðan rekstur og sterka eiginfjárstöðu, voru komin í bullandi tap og síðustu fyrirtækin sem áttu eitthvert eigið fé voru að brenna það upp þessa haustmánuði. Þannig er staðan því miður enn í dag. Þó svo menn hafi komist rétt upp fyrir strikið þá er skuldsetning sjávarútvegsins alveg gífurlega mikil enn þá, því miður. Skuldirnar hafa ekki gufað upp. Afkoman hefur hins vegar batnað vegna skynsamlegrar efnahagsstjórnunar en hún fer örugglega niður á leið núna ef svo heldur sem horfir, því miður.

Herra forseti. Ég hafði líka ætlað mér að ræða lítillega um þessar sérstöku aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar og ég neyðist til þess m.a. vegna inngöngu hv. 2. þm. Norðurl. v. í umræðunum í gær sem lét svo lítið að eyða nokkrum orðum á ræðumann og hv. 8. þm. Reykn. Hann hefur oft áður tekið þátt í umræðum um t.d. niðurskurð á vegafé, en þá að vísu hin síðari árin hinum megin við borðið, í stjórnarandstöðu. Það er nú einu sinni þannig að þá virðast menn segja ýmislegt sem kemur ekki út úr þeim þegar þeir eru komnir í ríkisstjórn eða orðnir stuðningsaðilar ríkisstjórnar. Ég tók eftir því að hv. þm. Pálmi Jónsson, þó hann flytti gömlu fjárlagaræðuna sína, þá sagði hann ekki það sem hann sagði 1989 um niðurskurð á vegafé. Það var mjög athyglisvert og sjálfum mér til skemmtunar fór ég í þingtíðindin og náði mér í þau gögn og er með þau hér. Ég er að hugsa um að leyfa hv. þm. að heyra það hér á eftir, ef hann vildi vera svo vænn að tolla í þingsalnum, en hann tekur nú upp þann hátt sem ýmsir hafa stundað hér á árum áður að rjúka burtu þegar hann er búinn að ljúka af sínum skömmum og þorir ekki að taka við andsvörum. (**ÓRG:** Hann hefur alltaf gert það, hann Pálmi, alltaf gert það.) Það má vera hans mál, hann skal fá að heyra þetta engu að síður eða þá aðrir.

Hæstv. ríkisstjórn er með ýmsa tilburði til að draga úr útgjöldum, eða sýna aðhald, eins og það er orðað á fínu máli. En satt best að segja er það nú ekki beysið ef í raun og veru er horft á það eins og er. Það er nokkuð sérkennilegt hvar hæstv. ríkisstjórn ber niður. Ég verð að segja alveg eins og er, eins og reyndar kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. í gærkvöldi, að það er nú heldur dapurlegt að sjá að hæstv. ríkisstjórn skuli loksins finna björgunarþyrluna sem eina af stóru holunum til þess að taka úr. Eftir allt það sem á undan er gengið um það mál og þá samstöðu þó sem orðin var um það að hefjast handa um það verkefni að endurnýja björgunarþyrlukost Landhelgisgæslunnar, að hún skuli verða fyrir barðinu. Er það ekki ýmislegt annað, hv. þm., sem við gætum byrjað á fyrr? Eru ekki ýmsar byggingar í landinu eða ýmislegt annað af því tagi sem við gætum orðið sammála um að sé ekki jafnbrýnt að

endurnýja og björgunarþyrlukost Landhelgisgæslunnar? Þannig háttar til, eins og menn vita, að núverandi þyrla er að eldast, hún fer í stóra skoðun á næsta ári og verður meira og minna úr leik til að sinna sínum björgunarstörfum, ef ekki verður þá búið að ráðast í endurnýjun. Það væri fróðlegt að fá hv. 5. þm. Reykv. Inga Björn Albertsson, sem fór hamförum í þessu þyrlukaupamáli fyrir þinglausnir og kosningar á s.l. vori, hér í ræðustólinn og heyra hann lýsa afstöðu sinni til þessa niðurskurðar á áformum um að endurnýja þyrlurnar. Það væri mjög fróðlegt. Hefur hv. þm. skipt algjörlega um skoðun? Styður hann þennan niðurskurð?

Í öðru lagi er ákveðið að skera niður framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég ætla tímans vegna ekki að hafa um það mjög mörg orð enda held ég að ég þurfi þess ekki. Það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera er í hnotskurn það að kippa inn á einu bretti á nýjan leik skerðingum fyrrv. ráðherra Sjálfstfl. á námslánum, þeirra Sverris Hermannssonar, núv. bankastjóra, og Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. þingmanns. Ríkisstjórnin afrekar þetta á fyrsta mánuðinum sem hún lifir. Ég held að námsmenn og aðrir sem fyrir þessu verða þurfi ekki skýrari vitna við. Það verður gaman að vita hvað þeir segja, vökustaurarnir í Háskóla Íslands í næstu kosningum, hæstv. fjmrh., sem þú hefur stundum verið að reyna að styðja. (**Fjmrh.:** Þetta eru ykkar tillögur.) Þetta eru ekki okkar tillögur, hæstv. fjmrh., vertu ekki að reyna að bjarga þér fyrir horn með því. Það er alveg skýrt að það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera er að innleiða á nýjan leik þær skerðingar sem menntmrh. Sjálfstfl. hafa jafnan beitt sér fyrir. Stjórnin er ekki mánaðargömul þegar núverandi hæstv. menntmrh. Sjálfstfl. er búinn að koma því til leiðar að það eigi að skerða námslán um 16%. Til viðbótar er svo það að hæstv. ríkisstjórn er svo vitlaus og gæfulaus í þessum efnum að hún missir peninga út til baka með því að breyta útlánareglum og ívilna í auknum mæli þeim sem hafa góðar tekjur vegna sumarvinnu eða búa í heimahúsum. Það tekur auðvitað engu tali hversu gæfulaus hæstv. ríkisstjórn er í þessum efnum. Allir námsmenn eru sammála um það að aðstaða þessara aðila sé að sjálfsögðu betri og síður ástæða til að hafa áhyggur af þeim en t.d. einstæðum foreldrum í námi. En það er akkúrat það sem er gert hérna. Námslánin verða hækkuð til þeirra sem búa heima hjá foreldrum sínum og eru þar í fæði og húsnæði og öllu tilheyrandi og þau eru hækkuð hjá námsmönnum sem hafa góðar tekjur á sumrin, en lækkuð á hinum sem mesta hafa framfærsluþörfina. Skýrari skilaboð um þann ójöfnuð sem þessi ríkisstjórn stendur fyrir er ekki hægt að gefa. Ég veit að námsmenn munu ekki þurfa frekari vitna við. Nú hefur það gerst trekk í trekk síðan 1982 að það sem Alþb. og vinstri stjórnir hafa beitt sér fyrir, jafnréttissinnað námslánakerfi og að skaffa þá peninga sem til þess þarf, rífur Sjálfstfl. jafnan niður þegar hann kemst í ríkisstjórn. Um það þarf ekki fleiri orð.

Síðan kemur að því í fjórða lið að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að skera niður framlög til vegamála um 350 millj. kr. Sú lækkun kemur að sjálfsögðu að verulegum hluta til niður á framkvæmdafé Vegagerðarinnar, því það er ekki hægt að skera niður reksturinn í miðjum klíðum með sama hætti og framkvæmdirnar. Ég get endurtekið það sem ég sagði við Stöð 2 í gærkvöldi, að vísu margt fleira, að ég ætla ekki að ásaka hæstv. ríkisstjórn þó hún sé að reyna að sýna aðhald og ég mun koma að því í lokin að ég gagnrýni það ekki þó hæstv. ríkisstjórn reyni að spyrna við fótum. En ég gagnrýni sumt af því sem hún gerir í því sambandi. Ég tel það rangt og að hún hefði frekar átt að reyna að gera eitthvað annað. Ég verð að segja það alveg eins og er að vegaframkvæmdirnar úti um landið eru ekki sá liður sem ég tel skynsamlegt að byrja á. Þenslan er ekki á Austurlandi. Þenslan er ekki á Vestfjörðum, sem er að setja efnahagslífið úr skorðum að mínu mati. Þetta er auðvitað dapurleg ganga fyrir hæstv. samgrh. að þurfa að stíga sín fyrstu spor í því embætti með þessum hætti, að senda hv. þm. upplýsingar um að hann eða ríkisstjórnin hafi ákveðið að skera niður vegafé um 350 millj. kr.

Þarna er ýmislegt sem mætti ræða í því sambandi. Það er t.d. ákveðið vegna þess að það var snjóléttur vetur framan af að þá sé bara allt í lagi að kippa þeim peningum í burtu. Það er eins og hv. ríkisstjórnarsinnar gleymi því að það kemur vetur að nýju og það byrjar oftast að snjóa í september-október á haustin og það þarf að fara að moka fjallvegi fyrir vestan og austan oft um miðjan september með ærnum kostnaði. Venjan hefur verið sú að þakka fyrir það ef menn eru ofan heldur en neðan við strikið að vori, því þá sé síður hætta á því að menn þurfi aukafjárveitingar vegna snjómoksturs á haustmánuðum. Þetta er alveg nýtt í stöðunni að fara að eyða svona peningum áður en tilefni er til, eins og hér er áformað að gera.

En að lokum um vegamálin, þá neyðist ég til þess sögunnar vegna að vitna til umræðna sem áður hafa orðið um svipaðar aðstæður og spurninguna um það hvort ríkisstjórn hafi stöðu til þess einhliða að ákveða slíkan niðurskurð framkvæmda sem Alþingi hefur samþykkt. Það sjónarmið hefur verið flutt hér á Alþingi oftar en ekki af miklum þrótti af sumum hv. þm. að hæstv. ríkisstjórn, framkvæmdarvaldið geti ekki í tilviki vegamálanna t.d. hróflað við ákvörðunum Alþingis nema fá fyrir því samþykki. Þetta hafa menn flutt ýmsir eins og fyrrv. formaður fjvn. og núv. hæstv. heilbrrh. Ég á honum í raun og veru skuld að gjalda fyrir hlýlegt orðalag í nefndaráliti fjvn. frá því fyrir einum þremur árum síðan þegar hann taldi þann sem hér stendur hafa verið algerlega umboðslausan til þess að áforma niðurskurð á vegaframkvæmdum og féllst ekki á þær eða fjvn. Sömuleiðis hefur hv. 2. þm. Norðurl. v., sem taldi sig þess umkominn að ausa hér fúkyrðum yfir ýmsa þingmenn, áður tjáð sig í svipuðum tilvikum. Hann gekk svo langt á sínum tíma að saka t.d. undirritaðan nánast um lögleysu og er þó hv. 2. þm. Norðurl. v. einn af fáum ráðherrum lýðveldissögunnar sem hefur sjálfur verið dæmdur fyrir löglausar stjórnarathafnir og ríkið þurft að borga skaðabætur fyrir. Það hefur ekki enn hent ræðumann þannig að ég verð að segja alveg eins og er, að mér fannst hv. 2.

þm. Norðurl. v. vera furðu digurbarkalegur þegar hann talaði hér í gær. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Hann er flúinn af hólmi, hv. þm., og þorir greinilega ekki að sitja hér undir þessari umræðu. Ég skil hann vel af því að nú skal farið að vitna í hugarverk hans.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson sagði í umræðum um fjáraukalög á Alþingi 9. nóv. 1989 að ríkisstjórnin væri með áform um að lækka útgjöld ríkisins vegna fjárfestinga um 650 millj. kr. Þar af hafði þáv. samgrh., núv. ræðumaður, fallist tregur til á það að lækka útgjöld til vegaframkvæmda um 33 millj. heilar, 33 millj. En hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ég tel útilokað annað en að Alþingi taki þetta mál alveg sérstaklega fyrir og ef Alþingi ætlar sér að fallast á niðurskurð af þessu tagi sé það ákveðið hvar þessi niðurskurður á að koma niður en það sé ekki til frjálsrar meðferðar hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórnar hvernig því verður ráðstafað og hvaða ákvörðunum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga eða afgreiðslu vegáætlunar fyrir þetta ár sé kippt til baka. Þetta vil ég að sé alveg skýrt, og ég tel það vitaskuld afar einkennilega að verki staðið," — hæstv. samgrh., hlustaðu nú á flokksbróður þinn sem talaði á Alþingi 9. nóv. 1989, hv. þm. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v. sagði: „Ég tel það vitaskuld afar einkennilega að verki staðið, að maður taki nú ekki sterkar til orða, og afar óviðfelldið að um leið og verið er að taka ákvarðanir um það að auka útgjöld ríkisins um meira en 8 milljarða kr. umfram það sem fjárlög kveða á um skuli á sama tíma verið að kippa til baka ýmsu af því sem Alþingi taldi við afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu vegáætlunar vera nauðsynjaverk í framkvæmdum og hefur samþykkt," — afar ógeðfellt og afar einkennilega að verki staðið, sagði hv. þm. Er þetta sem sagt ekki lengur ógeðfellt, hv. 2. þm. Norðurl. v.? Ekki lengur afar einkennilega að verki staðið? Er ekki lengur ástæða til þess að Alþingi fjalli um þetta alveg sérstaklega? Er það ekki lengur óviðunandi að einstakir hæstv. ráðherrar ráðskist með þetta að geðþótta? Er það allt gleymt og allt í lagi?

Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði oftar um þetta mál en ég hef ekki haft tíma til þess enn þá að finna öll gullkornin sem út úr honum komu á þessum haustdögum og vetrarmánuðum 1989 og 1990. Ég veit t.d. að einhvers staðar í þingtíðindunum eða annars staðar sagði hv. þm. frá því til marks um níðingsskap þáv. samgrh. og fjmrh. að svo skepnulegir hefðu þeir verið í sér að þeir hefðu lagt til að skera niður 1–2 millj. kr. í vegarspotta í Húnavatnssýslum sem lægi heim að bæ þar sem byggi hjartveikur bóndi. Þetta var innlegg í umræðuna af hálfu hv. 2. þm. Norðurl. v. á þessum árum til marks um skepnuskap auðvitað þess sem hér talar, að ég hafi lagt mig í líma við það að leita uppi vegarspotta heim að bæjum þar sem menn væru hjartveikir og koma í veg fyrir það að vegirnir væru byggðir upp sjálfsagt í von um að þeir hrykkju upp af í ófærðinni einhvern vetrardaginn. Svona var málflutningur hv. þm. og ég skal fara í það að leita þetta uppi í þingtíðindunum eða fjölmiðlum eða hvar þetta var, en ég man þetta mjög skýrt, út af 33 millj. kr. áformuðum framkvæmdum sem þá var verið að ræða um. Meira var það ekki þá. Hér er verið að tala um 350 millj. kr.

En síðan segir hv. 2. þm. Norðurl. v., og er þá orðinn enn skörulegri í málflutningi og afdráttarlausari um þessa ósvinnu ríkisstjórnarinnar, hinn 21. des. 1989 í umræðum um fjáraukalög á Alþingi, með leyfi forseta, upp úr þingtíðindunum:

„Það er einnig sérkennilegt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að nýr meiri hluti á Alþingi, eins og hann kallaði það, geti breytt fyrri ákvörðun. Nú mega kannski vera deilur um það hvort nýr meiri hluti sé á hv. Alþingi. Ég lít ekki svo á. En þó nýr meiri hluti væri á Alþingi getur hæstv. ríkisstjórn ekki breytt ákvæðum vegáætlunar né ákvæðum fjárlaga án þess að fara með málið í gegnum löggjafarsamkunduna. Engin heimild er til þess, hvorki fyrir hæstv. samgrh. né hæstv. ríkisstjórn, að skera niður fé til einstakra verka upp á einsdæmi. Þess vegna verður málið að hljóta staðfestingu Alþingis og fá þá eðlilegu meðferð í þingmannahópum sem vegamál ævinlega hafa hlotið svo að þetta sé mögulegt," sagði hv. þm. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v. „Staðreyndir málsins eru þær" sagði hann enn fremur síðar, „að Alþingi hefur afgreitt vegáætlun og henni verður ekki breytt nema með nýrri ákvörðun Alþingis."

Ég hef nú gert hv. þm. þann heiður að vitna í hugverk hans, ræður hans á Alþingi og hann talaði alveg skýrt þarna. Undir þetta tóku ýmsir fleiri. Hv. þáv. formaður fjvn. studdi hv. þm. Pálma Jónsson í þessari afstöðu og fleiri garpar og skörungar gerðu það með drengilegum og eftirminnilegum hætti, m.a. í minn garð, og ég vænti þess að þessar hetjur séu sjálfum sér samkvæmar og engin breyting hafi orðið á þeirra sannfæringu í þessum efnum. Þá þarf auðvitað ekki vitnanna við að niðurskurður hæstv. samgrh. er með öllu ómark, algert bull og rugl, ekkert mark á honum takandi. Við þurfum engar áhyggjur að hafa af því. Vegaframkvæmdir verða ekki minnkaðar, þar sem ekkert liggur fyrir um að hæstv. ríkisstjórn hyggist afla samþykkis Alþingis við slíku. Hún hefur ekki óskað eftir því. Það liggur ekkert þingmál hér fyrir. Það er ekki beðið um afstöðu þingsins til þess. Málið er alveg skýrt, eða hvað? Ég veit að þeir garpar á landsbyggðinni hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. þm. Austurl. Egill Jónsson, gæti verið 3. þm. þvísa kjördæmis nú eða eitthvað svoleiðis, telja það ekki eftir sér að koma hér upp og staðfesta mín orð í þessu sambandi.

Hæstv. heilbrrh. er ekki þekktur fyrir það að skipta um skoðun, fyrir það að komast í mótsögn við sjálfan sig, aldeilis ekki. (**ÓRG:** Hvar er hann?) Aldeilis ekki. Hann hlýtur að styðja þetta. Var hann þá bara meðvitundarlaus á ríkisstjórnarfundinum þegar þetta var ákveðið, eða hvað? Eða ekki viðstaddur? (**Gripið fram í:** Hann var á hælinu.) Hann hefur verið austur í Hveragerði líklega. En hvað um það, herra forseti. Ég læt þá lokið þessari umfjöllun minni um þennan niðurskurð. Ég skammast mín ekki fyrir að hafa tekið hér svolítinn tíma til þess að setja þetta mál í svona tiltek-

ið sögulegt samhengi. Ég tel að ég hafi fullan rétt á því og það sé skylda mín sem þingmanns hér. (Gripið fram í.) Menn eru eitthvað órólegir út af fundatímanum. Það er kominn einhver óróleiki í vissa líkamshluta á sumum mönnum. (Gripið fram í.) Nei, það stendur ekki til, hæstv. fjmrh. og það eru nú einhverjir aðrir sem hafa þörf fyrir að gera það þessa dagana.

Þá að lokum nokkur orð út af ummælum og umræðum sem hér hafa orðið um einn þátt ríkisútgjaldanna, þann sem tengist landbúnaðarmálum og svonefndum búvörusamningi í samkomulagi ríkisvaldsins og bænda um landbúnaðarstefnu og búvöruframleiðsluna næstu árin, sem óneitanlega er eitt af stórum málum fjárskuldbindinga ríkisins og ríkissjóðs hér á næstu árum. Sú umræða öll var svo sérkennileg, hæstv. forseti, sem ég veit að forseti gæti tekið undir ef hann væri að blanda sér í umræðurnar, að ég held að það verði í minnum haft af þeim sem með því fylgdust hvernig hún þróaðist, sú umræða um landbúnaðarmál og væri auðvitað ástæða til þess að fara rækilega yfir það hvernig yfirlýsingar gengu á víxl í þeim efnum. Tímans vegna sleppi ég því nú og líka af hlífð við hæstv. ríkisstjórn að vera ekki að tæta hana meira í sundur, þetta flak sem hún er þegar orðin, en ástæða er til. En því er nú þannig háttað að hér er alvörumál á ferðinni. Það er ekki bara þannig að það sé hægt að ræða þetta svona sem kennslubók um það að ríkisstjórnin hafi ekki stefnu og sé í mótsögn við sjálfa sig, einn segi þetta og annar hitt. Ef það kæmi ekki öðrum við en hæstv. ríkisstjórn og aðrir yrðu ekki fyrir barðinu á því, þá mundi ég láta það eiga sig núna, 30. maí. Ég mundi gera það. En bara því miður stendur ekki þannig á. Hér er stórt og viðamikið hagsmunamál heillar atvinnugreinar og heillar stéttar í landinu á ferðinni og það er ekki hægt að una við það að Alþingi fari þannig heim að ekki skýrist línur í afstöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessu sambandi. Sá sem hér stendur getur ekki sannfæringar sinnar vegna annað en gert það sem í hans valdi stendur til þess að reyna að knýja fram slíkar skýrar línur af því að ég er svo sannfærður um að það væri mikið óhapp ef svo færi að þetta mál yrði í uppnámi eftir að þing færi heim, ef hæstv. ríkisstjórn gerir ekki með einhverjum hætti hreint fyrir sínum dyrum. Og auðvitað er best að hún geri það hér á Alþingi. Auðvitað er það langbest og langeðlilegast að hæstv. ríkisstjórn noti tækifærið þar sem umræður eru uppi um málið hér á Alþingi og geri þingheimi grein fyrir sinni afstöðu í þeim efnum. Við getum ekki beðið eftir því að búið verði að ritskoða eða ritstýra eða semja blöðin í hina hvítu bók þangað til hún kemur út í jólabókaflóðinu. Það er ekki nóg. Íslenskir bændur, forsvarsmenn landbúnaðarins, Stéttarsamband bænda, búnaðarsamböndin, Búnaðarfélagið og alþingismenn geta ekki látið bjóða sér það að þetta stóra og viðamikla hagsmunamál verði bara skilið eftir í uppnámi og haldist svo fram á haust- eða vetrardaga. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki búið við það. — Og hvernig er það, herra forseti. Það er ekki nokkur leið að hæstv. ríkisstjórn tolli í þingsalnum. Þeir eru eins og fló á skinni, fjmrh., landbrh. og aðrir sem hefðu ástæðu til þess að sitja undir þessari umræðu. Ég er að vísu þakklátur fyrir að hæstv. sjútvrh. er hér og þykir mér nærvera hans betri mörgum öðrum úr þessum klúbbi í ríkisstjórninni. En ég hefði gjarna viljað hafa þá hér, fjmrh. og landbrh., eða hefur stjórnin ekki áhuga á því að greiða fyrir þessari umræðu?

Þetta gekk þannig til í umræðum um landbúnaðarmálin að hæstv. utanrrh. sagði aðfararnótt þriðjudagsins að það væri alveg nauðsynlegt að skera niður útgjöld til landbúnaðarmála um marga milljarða króna til þess að unnt væri að ná endum saman í ríkisfjármálum. Og hann varð ekki skilinn öðruvísi, hæstv. utanrrh., en hann væri að vísa til búvörusamningsins og hann teldi að fjmrh. ætti að hafa óbundnar hendur af því að skera hugsanlega niður búvörusamninginn. Þetta þóttu okkur nokkur tíðindi og ill og hæstv. ráðherrar voru spurðir.

Hæstv. landbrh. kom í ræðustólinn og sagði, eins og hann hefur gert nokkrum sinnum áður og þökk sé honum fyrir það: Ég vil virða búvörusamninginn. Og mikið meira var það ekki sem hæstv. landbrh. sagði, enda þurfti hann þess ekki. Það var gott og blessað sem hann sagði og hefði það bara fengið að standa, þá hefðu menn getað komið í ræðustólinn og þakkað fyrir og sagt: Gott, þetta er þá komið á hreint. Landbrh. ætlar að virða búvörusamninginn og því er ekki mótmælt af hálfu annarra aðila í ríkisstjórninni. En því miður (**Gripið fram í:** Þá er þingið bara búið.) Þá er þingið búið og ég farinn alla vega úr þessum ræðustól fyrir löngu. En því miður stóð það ekki. Því miður gerðist það ekki, því að hæstv. forsrh. tölti hér ekki færri en þrjár ferðir í ræðustólinn í gær og bætti um betur í hverri þeirra, fyrst með því að gera hæstv. utanrrh. náttúrlega algerlega ómerkan varðandi undirplaggið um landbúnaðarmálin. Hann berháttaði það svo gersamlega að það var ekki pappírsins virði í lokin. Fyrst var það bara eitthvert plagg stjórnmálaflokks. Síðan hafði það enga stjórnskipulega merkingu, tengdist ekki búvörusamningnum á nokkurn hátt og maður beið bara eftir að hann kæmi eina ferðina einn og segði að það væri ekki til, þetta plagg, sem utanrrh. hafði vitnað í. — Ég bið hæstv. landbrh. að vera rólegan, þetta kemur allt saman. (**Fjmrh.:** Það er hægt að skála við ræðumann.) Já, ég skála við hann við tækifæri, ég og hæstv. landbrh., og í öðru en vatni.

Þetta fór auðvitað þannig að eftir þau ummæli sem hæstv. forsrh. lét falla hér var þetta mál aftur komið í uppnám og í raun og veru meira en það. Það var í verri stöðu en það var eftir blaðrið í utanrrh., m.a. vegna þess að við höfum verið að læra það þessa dagana að það á ekkert mark að taka á utanrrh. Skilaboðin frá hæstv. forsrh., sjútvrh. og hæstv. landbrh. hafa yfirleitt verið þau undanfarna daga: Æ, verið ekki að taka mark á Alþfl., takið ekki mark á utanrrh. Það er ekkert heiðursmannasamkomulag til eða það er alla vega ekki svona. Það verður engin veiðileyfasala. Búvörusamningurinn verður virtur. Það er ekkert plagg til sem neinu máli skiptir í landbúnaðarmálum. Þetta hafa alltaf verið skilaboðin, þess vegna kipptu menn sér ekki allt of mikið upp við það þó að hæstv. utanrrh.

væri eitthvað að nudda um þessi landbúnaðarmál eins og þeir kratar yfirleitt eru því að það væri alveg marklaust og stæði ekki til í þessari ríkisstjórn að gera neitt með það. En það var því miður ekki hægt eftir að hæstv. forsrh. hafði talað svona.

Svo kom hæstv. fjmrh. í gærkvöldi og var enn með nýja rós í þennan vöndul. Þá var það eitthvað um það, að búvörusamningurinn — ja, það orkaði tvímælis að fyrir honum hefði verið þingmeirihluti. Og allt í einu var Alþfl. farinn að sverja hann af sér að fullu og öllu. Það er kannski nauðsynlegt að fara yfir það hvernig það mál formlega séð stóð. Það stóð þannig að Alþfl. lagðist ekki gegn undirskrift búvörusamningsins. Hann hafði fyrirvara þar um ákveðin atriði sem þyrftu að koma í framhaldinu. Það er rangt sem hæstv. utanrrh. kallaði fram í, að Borgfl. hafi haft þar til enda nokkurn fyrirvara. Það gerði hann ekki. Ég bið menn að kalla til vitnis þá forsvarsmenn Borgfl. á þeim tíma. Það var komið til móts við óskir þeirra um tvö tiltekin atriði í samningnum og þeir féllu frá öllum fyrirvörum og studdu samninginn eins og hann lagði sig. Síðan er rétt að minna á það að Alþfl. studdi samninginn á Alþingi í tvígang við atkvæðagreiðslu með atkvæði sínu áður en þing fór heim. Það er auðvitað alveg út í loftið að tala svo um það núna að ekki hafi verið eðlilegur bakgrunnur í þingræðislegum skilningi fyrir þessum samningi, alveg út í hött. Og þó svo menn vilji ræða um þessa lögformlegu hlið málsins og spyrja sig að því: Var þetta löggerningur? Er ríkisstjórnin bundin af samningnum? þá er það auðvitað pólitíkin í málinu sem mestu máli skiptir. Hvað vill hæstv. ríkisstjórn? Vill hún virða samninginn eða ekki? Hver er afstaða hennar, hvað sem lagakrókunum líður? Og eins og ég hef áður sagt trúi ég því ekki að hæstv. ríkisstjórn sé svo gæfulaus að hún ætli bara hugsunarlaust að henda þessari víðtæku samkomulagsgerð frá sér.

En vegna þess að lagaatriði hefur borið hér á góma vil ég bera fram þá spurningu við hæstv. fjmrh., og ég geri það bæði sem þingmaður og fyrrv. landbrh. af því að mér er málið skylt: Vill hæstv. fjmrh. afhenda mér álit ríkislögmanns um lögmæti eða skuldbindingar búvörusamningsins gagnvart ríkisstjórninni? Vill hæstv. fjmrh. afhenda mér álit ríkislögmanns, sem ég veit að er til, um þetta atriði? Ég tel mig hafa nokkra heimtingu á því sem alþingismaður og sem fyrrv. landbrh. að fá það í hendur. Hæstv. fjmrh. er velkomið að afhenda mér það í trúnaði ef hann vill, en ég hefði gjarnan viljað fá það. Reyndar tel ég að allir hv. alþm. ættu að fá það því það á ekki að leyna Alþingi upplýsingum sem þegar liggja fyrir. Eða er það eitthvað sem er vandræðalegt fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessu áliti ríkislögmanns? Getur það hugsast að ríkislögmaður segi í áliti sínu að ríkisstjórnin sé algerlega skuldbundin af þessum samningi? Getur það hugsast að ríkislögmaður segi, sem ég tel líklegast og get mér þess vegna til, að þetta sé ósköp einfaldlega fullkomlega gildur löggerningur af hálfu ráðherranna sem undir hann skrifuðu og þar með sé það embættisskylda núv. hæstv. landbrh. og núv. hæstv. fjmrh. að framkvæma samninginn, að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar, að fullgilda hann og fullnusta og leggja þær fram hér á Alþingi? Það þykir mér langlíklegast að sæmilega góður lögmaður eins og ríkislögmaður og hans stafsfólk segi í sínu áliti af því að það er rétt. Af því að það er það sem er rétt. Ef þarna stendur eitthvað annað þá eru það tíðindi sem við hv. alþm. þurfum að fá fregnir af sem fyrst.

Ég tel sem sagt, virðulegur forseti, og þess vegna tek ég þetta hér upp í umræðunni, mér er ómögulegt að gera annað, að samvisku minnar vegna geti ég ekki skilið við þetta mál svona. Það er allt of mikið í húfi til þess og Alþingi verður að vera að störfum á meðan það hefur brýnum skyldum og brýnum verkefnum að gegna, svo einfalt er það mál. Til þess er nú einu sinni þjóðþingið að halda vel utan um hagsmuni þjóðarinnar og láta sig varða hin mikilvægustu mál og þetta er tvímælalaust mjög mikilvægt mál. Ég get ekki farið frá þessu máli svona gjörsamlega í uppnámi eins og misvísandi yfirlýsingar ráðherra bera vott um, sem hafa skotið yfirlýsingar hvers annars niður hér á víxl eina og þeir væru á leirdúfuskytteríi með marghleypu. Ég get ekki skilið þannig við þetta mál. Það er algerlega óboðlegt að þingið fari heim og hæstv. ríkisstjórn ætli kannski að aka sér undan því að svara skýrt til um þetta mál.

Það er ekki hægt líka vegna hæstv. landbrh. Það er ekki hægt að gera honum það að skilja hann aleinan eftir inni í ríkisstjórninni með málið í þessu ástandi. M.a. vegna þess að hæstv. landbrh. hefur gefið út starfsreglur um uppkaup á fullvirðisrétti og samninga við bændur sem tengjast aðlögun landbúnaðarins að breyttum aðstæðum og eru hluti af þessum samningi. Dettur mönnum virkilega í hug að forsvarsmenn bænda séu svo litlir karlar að þeir uni því að það sé verið að framkvæma hinn sársaukafulla hluta samningsins gagnvart þeim á sama tíma og ríkisstjórnin er með umræður um það uppi að skera hitt niður? Hvers konar samningar væru það? Hvers konar vinnubrögð eru það? Hvers konar framkoma er það gagnvart einum viðsemjanda? Að ætla honum að framkvæma það sem til hans heyrir og er honum óhagstætt en ræna svo e.t.v. af honum í haust öllu því sem hann á að fá á móti.

Það gengur ekki svoleiðis fyrir sig. Þessi samningur er ein heild. Og ég veit að ríkislögmaður hlýtur að segja það í sínu áliti. Þess vegna var það alveg með ólíkindum að heyra hæstv. forsrh. tala um að fá á því álit hvort ríkisstjórnin væri bundin af þessum hluta hans, af einstökum hlutum samningsins. Þetta er ein heild. Viðauki II sem bæði landbrh. og fjmrh. skrifa undir er nákvæmlega jafngildur hluti samningsins og önnur ákvæði hans. Nákvæmlega eins. Og ég minni hæstv. núv. fjmrh. á það að forveri hans skrifar undir báða viðaukana um fjármálaskuldbindingar samningsins. Ég veit að hæstv. núv. fjmrh. hlýtur að átta sig á því hvaða þýðingu það hefur. Það var auðvitað ekki gert út í loftið. Að sjálfsögðu ekki.

Hæstv. forsrh. hafði uppi þau orð hér í gær líka um þetta mál að það hefði verið óheppilegt að ríkisstjórnin gekk frá búvörusamningi skömmu fyrir lok kjörtímabilsins. Ég kemst ekki hjá því að svara þessu

nokkrum orðum. Í fyrsta lagi segi ég nú: guði sé lof að það tókst. Og það held ég að margir fleiri segi þessa dagana vítt og breitt um landið, þakka sínum sæla fyrir að það eigi ekki undir þessa herra að sækja eins og þeir birtast okkur um þau mál. Ég veit meira að segja að ýmsir taka undir með mér í hjarta sínu þó þeir vilji auðvitað ekki viðurkenna það hér og ég ætlast ekki til þess. Ég ætla ekki að særa það út úr þeim.

En þannig var þetta nú að það var unnið hörðum höndum að því að koma á þessum samningi samfellt í hartnær tvö ár. Þetta er ósköp einfaldlega svo viðamikið mál að það tók þann tíma að innsigla þetta samkomulag. Menn ættu að þekkja bakgrunninn í því sambandi. Í fyrsta lagi þurfti að útkljá ágreiningsefni sem voru uppi í framkvæmd gamla búvörusamningsins. Það þurfti að fara í viðamikla heimildasöfnun. Það stóðu yfir miklar viðræður og í þriðja lagi komu síðan aðilar vinnumarkaðarins inn í þessa vinnu og áttu sinn þátt í þeirri víðtæku sáttargjörð sem varð um þetta mál að lokum. Og ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. úr því að hann er einn hér eftir, nei fyrirgefðu, hæstv. landbrh., ykkur báða spyr ég: Skiptir það engu máli í þessu sambandi varðandi afstöðu ríkisstjórnar, hvað sem lagakrókum líður, hvað sem ríkisfjármálum líður, að þessi búvörusamningur var innsiglaður með mjög víðtæku samkomulagi í þjóðfélaginu? Milli stjórnvalda, bændasamtakanna og aðila vinnumarkaðarins, sem áttu þátt í að móta þær tillögur sem mynda að nokkru leyti grundvöll samningagjörðarinnar. (Gripið fram í.) Og hæstv. landbrh. hefur talið að þetta skipulag hafi gefist svo vel að hann hefur ákveðið að setja þessa nefnd á eins og hann upplýsti hér í umræðunum í gær, hæstv. fjmrh., og lýsir þar með beinum stuðningi við það að halda þessu áfram.

Sá var munurinn á, hæstv. fjmrh., og það er ástæða til að fara þá yfir það úr því að hér er kallað fram í, að sjö manna nefnd vísaði ákveðnum þáttum málsins til stjórnvalda af eðlilegum ástæðum og sagði: Það er ekki okkar að taka pólitískar ákvarðanir um byggðaáhrif þessara skipulagsbreytinga í landbúnaðinum. Það er ekki okkar að taka pólitískar ákvarðanir um gróðurverndarmál eins og þau tengjast landbúnaðinum. Það gera aðrir aðilar. Við erum hér að tala um innra skipulag landbúnaðarframleiðslunnar og skila tillögum um það.

Þetta var hárrétt hjá sjö manna nefnd. Af eðlilegum ástæðum tók síðan ráðuneytið og samningsaðilarnir við málinu frá sjö manna nefnd eins og það kom og útfærðu tillögurnar á þessum sviðum. Það lá í hlutarins eðli, hæstv. fjmrh., að slíkar breytingar yrðu á samningnum á lokastigi. Og það var alltaf yfirlýst að þær mundu koma inn í samninginn. Þá skilur vonandi hæstv. fjmrh. það.

En ég spyr um þetta. Og af því að það er verið að ræða um það að menn vilji halda í þjóðarsátt og framlengja hér skynsamlega kjarasamninga þá minni ég á að þetta samstarf aðila vinnumarkaðarins, bændasamtakanna og ríkisvaldsins er sprottið upp úr þjóðarsáttarsamningnum. Það var liður í þeim samningum að reyna að fara í þær skipulagsbreytingar í landbúnaði sem gætu leitt til lægra vöruverðs og minni útgjalda hjá ríkissjóði. Hæstv. ráðherrar eru hér að barma sér undan erfiðri stöðu í ríkisfjármálum. Eru þeir búnir að gleyma því að þessi búvörusamningur mun spara ríkinu milljarða króna á milljarða ofan miðað við þau útgjöld sem verið hafa til landbúnaðarmála ef óbreyttri stefnu hefði verið haldið? (Gripið fram í.) Vill ekki hv. 3. þm. Austurl. koma hér í ræðustól á eftir og rökstyðja það þá?

Mér finnst því dálítið sérkennilegt að það skuli eins og tapast út úr umræðunni hvað þarna er þrátt fyrir allt verið að reyna að gera. Eða ætlar ríkisstjórnin bara að henda því? Og hvað ætlar hún þá að gera ef hún ætlar ekki að virða búvörusamninginn? Hver er þá landbúnaðarstefna hennar? Þá er ég hræddur um að hæstv. landbrh. komist í vanda. Eða hæstv. forsrh. Hvað segir hann í sinni stefnuræðu um landbúnaðarmál? Muna menn það? Hann segir að stefna stjórnarinnar sé að framkvæma þá stefnu sem stjórnvöld og bændur hafi komið sér saman um á undanförnum árum. Það var nú það sem hæstv. forsrh. sagði. Hann er því ekki aðeins farinn að bora göt á vin minn landbrh. heldur er hann farinn að skjóta sjálfan sig í lappirnar í raun og veru með þeim yfirlýsingum sem hann gaf hér í gær. Þannig er nú það.

Hvað heitir svo búvörusamningurinn, af því að hæstv. forsrh. talar um stefnumörkun milli bænda og stjórnvalda í landbúnaðarmálum? Hann heitir stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt. Hann heitir það. Það er yfirskrift plaggsins. Undirtitill er samningur. Ég taldi hæstv. forsrh. ekki geta talað skýrar en hann nákvæmlega sagði í sinni stefnuræðu. Að hann væri að tala um þessa stefnumörkun því þetta er það eina sem þessir aðilar hafa á síðustu missirum innsiglað með þessum hætti og heitir stefnumörkun.

Ég held, herra forseti, og ég vona að þetta sé komið sæmilega til skila sem ég hef hér haft fram að færa um þetta mál. Ég bíð nú svaranna hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er gjörsamlega óhugsandi að stjórnin ætli sér að komast upp með það að fara heim án þess að gefa með einhverjum hætti á þessum dögum skýr svör. Best er auðvitað og eðlilegast að þau komi fram hér á Alþingi. Ef stjórnin vill gera það með bréfi til bændasamtakanna eða með einhverjum öðrum hætti er það í góðu lagi mín vegna. Mér er kunnugt um að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki ónáðað forustu Stéttarsambands bænda mikið undanfarna daga með þeirri undantekningu að hæstv. landbrh. hefur haft samband við forustu Stéttarsambandsins en aðrir ráðherrar hafa ekki gert það. Ekki hæstv. fjmrh., sem talar hér um fjárskuldbindingar með tilteknum hætti, ekki hæstv. forsrh., ekki hæstv. utanrrh. Það hefur lítið farið fyrir samráðinu við bændasamtökin sem eru þó viðsemjendur þeirra að þessu leyti.

Nú, herra forseti. Ég læt þá lokið máli mínu og bíð hér svo svara hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra. Ég vona að þau verði gefin skýr og afdráttarlaus. Og ég vil að lokum taka það fram að ef þau svör koma ekki hér þá mun ég sjá mig knúinn til að óska eftir sérstakri umræðu um þetta mál áður en Alþingi fer

heim. Það er óhjákvæmilegt. Svörin verða að fást.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Skýrsla hæstv. fjmrh. er ekki mikil að vöxtum en ef grannt er skoðað má þó greina hver meginlína hæstv. stjórnar er. Sú lína liggur ekki í þá átt sem við kvennalistakonur kysum.

Við höfum bent á hættuna sem er fólgin í því að hækka vexti. Það hafa þingkonur Kvennalistans rakið ítarlega í þessari umræðu og mun ég ekki endurtaka það. Ég vil hins vegar bæta því við að þessi vaxtahækkun er mjög brött. Og því hygg ég að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir. Ég er dálítið undrandi á að hann skuli ekki hafa leitað annarra leiða en að taka slíkt skref, svo stórt sem það er. Ef þessi vaxtahækkun verður til langframa er svo þrengt að fyrirtækjum að lítið svigrúm verður fyrir þau sum hver til launahækkana. Viðskiptakjarabatinn fer fyrir lítið í vexti.

Um þetta fjallaði ég raunar lítillega í utandagskrárumræðunni nú fyrir skömmu og ítreka það hér. Ég óttast einnig að orðið tímabundin sem finna má um vaxtahækkunina í skýrslu hæstv. fjmrh. geti orðið ansi ótímabundin.

Öllum eru ljósar þær leiðir sem færar eru til að bæta hag ríkissjóðs, niðurskurð á ríkisútgjöldum, vaxtahækkun, þá leið sem hér er farin til þess að örva sölu á ríkisskuldabréfum og auka hlut ríkisins í innlendum sparnaði og svo sú leið sem þessi hæstv. ríkisstjórn ekki vill fara, en það er að ná inn auknum tekjum með því að skattleggja þá sem geta borgað, þ.e. hátekjufólk og fjármagnseigendur. Flöt skattlagning hlýtur alltaf að leiða til óréttlætis. Tekjuöflun ríkissjóðs virðist ekki eiga að fara eftir því lögmáli að sækja peningana þar sem þeir eru, að kalla þá til ábyrgðar sem mega við því að greiða til samneyslunnar, heldur er frekar farið út í það að íþyngja þeim sem minnst mega sín, eru skuldsettir og eru jafnvel farnir að greiða skatta af smánarlaunum. Hér er því hreinlega um pólitíska ágreining að ræða og mjög skýr skil á milli þeirra hugmynda sem við kvennalistakonur höfum um réttlæti í samfélaginu og þeirra sem þessar aðgerðir bera vott um. Er það nema sanngjarnt að leita frekar fjár í ríkiskassann hjá þeim sem hafa háar tekjur eða miklar fjármagnstekjur en að greiða þessa sömu flötu skattprósentu og að hátekjufólk þurfi að greiða jafnháa eða lága prósentu, eftir því hvernig á það er litið, og millitekjufólk í stað þess sem gert er núna að seilast til skuldsettra fjölskyldna sem þegar eru að sligast undan vöxtunum? Eða til námsmanna sem samkvæmt þeim niðurskurði sem verið er að boða munu margir hverjir þurfa að hverfa frá námi verði hugmyndir þær sem nú eru uppi ofan á vegna peninganna? Það bitnar auðvitað ekki síst á konum eins og fram hefur komið hér hjá kvennalistakonum fyrr í umræðunni. Eða er það sanngjarnt að vera að seilast til sjúklinga?

Nú er boðaður niðurskurður á útgjöldum til almannatrygginga. Raunar er það kallað endurmat á bls. 19 í skýrslu hæstv. fjmrh. Þessi niðurskurður er ekki skilgreindur almennilega. Einnig er talað um að eitthvað þurfi að gera í sambandi við heilsugæsluna. Þá er hætt við að verið sé að hugsa á svipuðum nótum og svo margoft áður. Að finna einhverjar klæðskerasniðnar patentlausnir. — Ég er alveg fús til að hinkra við ef menn eru uppteknir. Ég vil gjarnan að það sé hlustað á þessa ræðu.

Ég var að deila á það ef ætti að fara að spara í heilsugæslunni með því að finna einhverjar klæðskerasniðnar patentlausnir eins og sumarlokanir í stað þess að leita t.d. þeirra hugmynda sem starfsfólk við sjúkrahúsin hefur, fólkið sem þekkir hve kostnaðarsamur sparnaður hagræðingarfræðinga oft er. Leita til fólksins sem þekkir oft miklu einfaldari og betri leiðir til sparnaðar án þess að það bitni á starfsfólki eða sjúklingum. Og það eru auðvitað sjúklingarnir fyrst og fremst sem þarf að hugsa um. Ég varpa þessari hugmynd hér fram og vildi óska þess að henni yrði sinnt þó ég sé ekki óskaplega bjartsýn á það.

Þetta er aðeins eitt af þeim dæmum þar sem hugsað er út frá röngu sjónarhorni. Það er hugsað ofan frá — og ég verð að segja það að þeir sem hafa komið sér fyrir efst í píramídanum eru ekki alltaf réttsýnir, þeir hafa ekki alltaf það sjónarhorn sem best væri — í stað þess að hugsa innan frá, hlusta á grasrótina. Ég hef gert mér það að reglu að spyrja starfsfólk sjúkrastofnana sem ég hitti hvort það viti um sparnaðarleiðir á sinni stofnun. Svarið er undantekningarlaust já. Hvort það hafi verið spurt álits. Svarið er undantekningarlítið nei. Hins vegar er því oft bætt við að ráðgjafar og hagræðingarhönnuðir hafi verið á staðnum eins og grár kettir og tekið bara nokkuð vel fyrir sitt starf án þess að það hafi skilað svo ýkja miklu.

Vissulega hefur sums staðar náðst sparnaður á sjúkrahúsum en ég bendi á að oft eru farnar rangar leiðir. Lækkun lyfjakostnaðar hefur verið á stefnuskrá flestra stjórna undanfarin ár eða áratugi. Halda menn að nú gangi betur en áður án þess að fara þá leið að íþyngja þeim sem síst skyldi, þ.e. sjúklingunum? Það má ekki gerast. Þar af leiðandi verður að fara út í slíkar aðgerðir af mikilli gát.

Auk þess er hér verið að spara á stað þar sem í fljótu bragði mætti nú halda að full ástæða væri til. Ég á þar við sparnaðinn við Landsvirkjun. Ég verð að viðurkenna það að fyrst þegar ég heyrði að nú ætti að fara að spara hjá Landsvirkjun hugsaði ég: Eru menn að sjá að sér? Eru þeir kannski hættir við að eyða miklu fé í undirbúning áhættufyrirtækisins álvers og virkjananna sem fylgja? Nei, það var ekki svo vel, síður en svo. Það átti að hækka orkuverð til neytenda en ekki að draga úr áhættusamri fjárfestingu sem hugsanlega nýtist aldrei nema að hluta. Mönnum datt ekki í hug að fara að klípa af þeim 800 milljónum, eða næstum milljarði, sem á að fara í undirbúning stórvirkjana stóriðjunnar. Ekki verður það a.m.k. lesið út úr skýrslum hæstv. fjmrh. Það er því ekki verið að taka fé þar sem það er haldbært frá fjárfestingu sem verður okkur kannski aldrei arðbær og getur spillt hag okkar, t.d. ef álver rís og ef svo fer, sem við kvennalistakonur óttumst, að það muni eyðileggja ímynd landsins sem lands hreinleika, hreinnar framleiðslu og óspillts ferðamannalands. Þetta kann að reynast okkur dýr baggi. Ef

svo fer sem horfir með álverð á heimsmarkaði þá held ég að þessar 800 millj. sem stóð til að eyða til Landsvirkjunar vegna undirbúnings við álver sé sá peningur sem ætti að seilast til, en ekki fara að hugsa um hærra orkuverð.

Ég vil leyfa mér að benda hæstv. fjmrh. á fyrirsögn í Dagblaðinu í dag. Þar stendur: „Hroðalegt útlit í álinu." Þar er líka mjög fróðlegt línurit þar sem sést að álverð er stöðugt á niðurleið. Þetta átti að bjarga öllum okkar hagvexti. Með leyfi forseta langar mig líka að lesa örstutta klausu úr þessari grein þar sem stendur: „Verð á áli heldur áfram að lækka á heimsmarkaði og hefur verðið ekki verið jafnlágt í meira en fjögur ár eða frá byrjun ársins 1987. Verðið hefur lækkað jafnt og þétt að undanförnu og hafa menn ævinlega vonað að það færi ekki miklu neðar. Verðið lætur hins vegar stöðugt undan."

Ég er bara að bjóða upp á og benda mönnum á leiðir sem nær væri að fara en þær leiðir sem þessi skýrsla sem hér er til umræðu bendir á.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta. Þótt ekki sé margt að finna í þessari skýrslu hæstv. fjmrh. er þó þar að finna skýra pólitíska afstöðu, afstöðu sem við kvennalistakonur erum síður en svo sáttar við.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil leitast við að svara nokkrum af þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða lengi efni þeirra ræðna sem hér hafa verið fluttar þótt full ástæða sé til, heldur mun ég reyna fyrst og fremst að beina sjónum mínum að fyrirspurnum sem beint hefur verið til mín.

Það fyrsta sem verður á vegi mínum er að ræða þá fyrirspurn hvort fyrirhuguð skerðing á lánum úr Lánasjóði ísl. námsmanna væri tímabundin eða varanleg. Það eina sem ég get sagt um þetta á þessari stundu, og segi það auðvitað í forföllum menntmrh., er að það framlag sem gengur nú til Lánasjóðs ísl. námsmanna er heldur meira en stóð til að veita Lánasjóðnum á síðari hluta þessa árs. Niðurskurðurinn sem nú á sér stað miðar að því að ekki þurfi að leggja sjóðnum meira til á þessu ári. Hvort þessi ráðstöfun er tímabundin eða varanleg er heldur ekki hægt að segja um á þessari stundu því að þessar ráðstafanir sem nú eru gerðar eru eingöngu gerðar með útlánareglubreytingum og reglugerðarbreytingum. Á næstunni er fyrirhugað að setja á stofn nefnd sem endurskoðar lög Lánasjóðsins en þau hafa verið nánast óbreytt í tíu ár. Má þá gera ráð fyrir að gerðar verði breytingar á þeim lögum sem ugglaust geta orðið til þess að breyta útlánareglum jafnframt. Sú breyting yrði a.m.k. varanleg.

Hér hefur verið spurst fyrir um það hvort þessar aðgerðir sem er að finna í skýrslunni verði lagðar fyrir þingið og það verður að sjálfsögðu gert. A.m.k. þær aðgerðir sem eru breytingar á lögum, enda er það skylda. Það er auðvitað skylda að leggja fyrir þingið í fjáraukalögum þar sem verið er að breyta fjárlögum, jafnvel þótt deildar meiningar séu um hvort skylt sé að setja fjármuni sem til eru á fjárlögum í ákveðna framkvæmd eða ákveðna rekstrarliði, því sumir hafa haldið því fram að fjárlög séu einungis heimildarlög fyrir ríkisstjórn, bæði hvað varðar tekjur og útgjöld. En samkvæmt venju mun það auðvitað verða gert að leggja fram fjáraukalög þar sem þessar breytingar verða sýndar.

Ég vek athygli á því að fyrri ríkisstjórn gerði ýmsar útgjaldabreytingar frá fjárlögum án þess að hafa nokkra heimild Alþingis til þess, en ætlaði síðar á árinu að leggja þessar breytingar fyrir þingið í fjáraukalögum. Það er nákvæmlega sömu sögu að segja um þær breytingar eins og þær breytingar sem nú verða gerðar. Þær verða að sjálfsögðu lagðar fram í fjáraukalögum.

Hv. 8. þm. Reykn. sagði að lítið væri að marka sumar tölur sem kæmu frá ráðuneytinu og benti máli sínu til stuðnings á skýrslu sem hefði komið fram á árinu 1990, ef ég man rétt. Ef ég veit rétt, þá mun sú skýrsla hafa fyrst og fremst verið um það að sýna fram á óskir viðkomandi ráðuneyta um það hvað ætti að setja í fjárlög. Af því tilefni vil ég segja að ef slíkar óskir yrðu skráðar í skýrslu vegna fjárlagaundirbúningsins, þá get ég vel ímyndað mér að sá óskalisti gæti numið tugum milljarða umfram það sem hægt er að verða við.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort ætlunin væri að sækja þær tekjur sem ákveðið hefði verið að sækja þegar fjárlög voru afgreidd. Í því sambandi vil ég segja þetta: Það var gert ráð fyrir því að sérstök hækkun á áfengi og jöfnunartollar gæfu 500 millj. Til þess að hægt hefði verið að ná tekjum með hækkun á áfengi og tóbaki hefði slík hækkun þurft að koma í upphafi árs. Það var ekki gert né heldur á þeim tíma sem eðlilegt hefði verið að hækka áfengið, sem hefði þá verið í mars, heldur var hækkunin dregin og fyrsti hluti þeirrar hækkunar kom ekki fram fyrr en nú fyrir nokkrum dögum. Með sama hætti eru ekki efni til þess að leggja á jöfnunartolla sem gefa þessar tekjur því að samkvæmt áliti tekjudeildar mun jöfnunartollurinn gefa um 80 millj. ef hann væri lagður á nú.

Ég bendi enn fremur á að það sem hefur lækkað tekjuáætlunina eru 400 millj. sem áttu að koma frá Aðalverktökum á þessu ári, en fyrrv. fjmrh. heimti inn á sl. ári. Ég efast um að jafnvel hv. 8. þm. Reykn. geti farið aftur til Aðalverktaka og sagt: Ég vil fá þessar 400 millj. á nýjan leik.

Hlutafjárkaup eru talin rýra tekjuskatt um 400 millj., þ.e. skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa. Það þyrfti lagabreytingu til þess að ná þessum fjármunum inn og dygði varla til því að þar yrði um afturvirka breytingu að ræða í orðsins fyllstu merkingu.

Þá er til viðbótar þess að geta að 300–500 millj. er upphæð sem tekjuáætlunin lækkaði um vegna þess að ákveðið var að setja minni skatta á fyrirtækin í landinu eftir viðræður við m.a. Vinnuveitendasambandið í framhaldi og meðfram þeim kjarasamningum sem gerðir voru á sl. hausti.

Þetta vildi ég að kæmi fram því að þetta skýrir það hvers vegna tekjulækkun hefur orðið og jafnvel þótt veltuaukning verði á móti, þá efast ég um að tekjurnar náist. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að það verður varla hægt að ná í nýjar tekjur héðan af á ár-

inu nema með lagabreytingu. Hann hefur að vísu nefnt jöfnunargjaldið, en það gildir það sama um jöfnunargjaldið. Ef heimta á inn jöfnunargjaldið allt árið, sem vissir aðilar segja að sé ekki hægt, allra síst núna þegar við stöndum í samningum vegna EES, þá þarf lagabreytingu til þess að af því geti orðið.

Varðandi það að ekki sé hægt að sjá meira en 3,6 milljarða út úr áformum ríkisstjórnarinnar um aðhaldsaðgerðir vil ég segja það, og þarf ekki að nefna þessa 3,5 milljarða sem mér sýnist menn nokkuð sammála um, að munurinn felst í því að þeir sem gagnrýna þessar ráðstafanir taka ekki mark á því þegar Húsnæðisstofnun endurgreiðir lán sitt, en þess ber að geta að Húsnæðisstofnun og Byggingarsjóður ríkisins eru nú í betri efnum en áður til þess að endurgreiða þetta lán vegna vaxtahækkunarinnar. En það var alveg ljóst að að öðrum kosti hefði ekki verið hægt að greiða þessa upphæð til ríkissjóðs sem aftur hefði þýtt að ríkissjóður hefði þurft að taka ný lán til þess að standa undir sínum þörfum.

Til viðbótar vil ég geta þess að vaxtabreytingin hlýtur að leiða til þess að það hægist á á húsnæðismarkaðnum og leiðir til þess að samdráttur verður í útgáfu og kaupum með húsbréf. Ég nefni það jafnframt, og ég hygg að hæstv. félmrh. komi að því máli í sinni ræðu, að það er ætlunin að sú nefnd sem nú vinnur að þessu máli skili hugmyndum um það hvernig ná megi jafnvægi á þeim markaði.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um vexti. Aðeins segja það að vissulega er rétt að það er erfitt að þurfa að taka jafnafdrifaríka ákvörðun og að hækka vexti jafnmikið og gert var. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að fyrrv. ríkisstjórn hafði látið undir höfuð leggjast að fylgja markaðsvöxtum um langt bil. Og vegna þess sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. um stóra innlausn í febrúar þá er það að sjálfsögðu rétt. Það er einnig rétt hjá honum að það kann að hafa selst meira af bréfum en áður, en auðvitað ber ríkissjóði að líta á nettótölur. Ef um stóra innlausn er að ræða er það sjálfsögð skylda að reyna að sjá til þess að þeir sparendur sem hafa átt slík bréf spari aftur í nýjum bréfum, enda þekkja fyrrv. fjmrh. að það hefur verið eitt helsta einkenni á þeirra ráðstöfunum að reyna að ná áframhaldandi sparnaði hjá ríkinu, en ekki láta það gerast að sparnaðurinn fari annað.

Ég ræddi það í minni ræðu og það kom enn fremur fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hver yrðu verðlagsáhrif af vöxtunum. Við höfum látið reikna út áhrifin á framfærsluvísitöluna og ég þarf ekki að ítreka það. Það sem hins vegar skiptir kannski máli er að samkvæmt nýrri spá um verðlagsþróun á þessu ári í ljósi ákvörðunar ríkisstjórnarinnar og einnig ákvörðunar aðila vinnumarkaðarins um sérstaka hækkun launa vegna viðskiptakjarabata er reiknað með að vísitala framfærslukostnaðar hækki um 7,8% innan ársins 1991 og 6,7% milli áranna 1990–1991. Til samanburðar var gert ráð fyrir 7% hækkun innan ársins 1991 og 6,8% milli ára í spá sem lá til grundvallar framlengingu kjarasamninganna í nóvember sl. Ástæðan fyrir þessu ferli verðbólgunnar innan ársins og ástæðan fyrir þeirri breytingu sem hefur orðið á fyrri áætlunum er sú að framan af ári voru verðbreytingar hægari en búist var við, m.a. vegna hagstæðra ytri skilyrða, ekki síst lækkandi olíuverðs en einnig vegna þess slaka sem fram kom í ríkisfjármálunum. Vona ég að þetta svari að einhverju leyti þeim fyrirspurnum sem hafa komið fram um verðlagsáhrif aðgerðanna og reyndar verðlagsáhrif nýgerðra samninga um viðskiptakjarabætur.

Ég get því miður ekki tímans vegna farið hér ítarlega út í það hvernig mætti hugsa sér að breyta greiðslum úr skattgreiðslum skattgreiðenda í neytendagreiðslur notenda eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi um. Hann bað mig um að skýra það hvernig á því stæði að Byggðastofnun fengi 300 millj. kr. minna lán. Því er til að svara að á sama tíma og ríkissjóður yfirtók 1200 millj. kr. lán af Byggðastofnun var samið um það við forstjóra Byggðastofnunar að Byggðastofnun tæki um það bil 300 millj. kr. minna lán á yfirstandandi ári, en það samsvarar nokkurn veginn því sem ríkissjóður þarf að greiða vegna 1200 millj. kr. lánsins á yfirstandandi ári.

Hv. þm. gagnrýndi það einnig eins og margir fleiri að niðurskurðurinn bitnaði fyrst og fremst á landsbyggðinni. Því er til að svara að þeir sem skoða fjárlög á hverjum tíma verða strax áskynja um það að greiðslur fara að miklum hluta til út á landsbyggðina. Þess vegna er ekki óeðlilegt þegar þarf að skera niður að það lendi í sama mæli á framkvæmdum á landsbyggðinni.

Ég ætla ekki að ræða hér um búvörusamninginn. Það verður sérstök umræða um búvörusamninginn í fyrramálið að tilstilli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Það var gagnrýnt nokkuð í ræðu hv. 5. þm. Vestf. að verið væri að skera niður erlenda lántöku vegna RARIK annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar. Því er til að svara að ætlunin er að þetta framkallist ekki í gjaldskrá nema að mjög óverulegu leyti og ástæðan fyrir því er auðvitað sú að hér er um að ræða frestun á framkvæmdum.

Ég ætla ekki heldur að ræða það sem kom fram í hans máli en hefði samt verið ástæða til, þ.e. vaxtahækkanir og skattahækkanir. Hv. þm. hélt því fram að vaxtahækkunin jafngilti skattahækkun og í raun væri enginn munur á þessu tvennu. (**SJS:** Á húsnæðislánum aðallega.) Á húsnæðislánum aðallega, rétt er það. Á þessu er auðvitað sá mjög mikli munur að skattar eru greiddir vegna þarfa ríkissjóðs eftir föstum ákveðnum reglum sem Alþingi setur, en vextir eru eins og leiga eða annað afgjald og miðast við þá upphæð sem tekin er að láni og aðeins greiddir af þeim sem taka hlutina að láni. Ég veit ekki hvort það fer nú vel á því að ég sé með kennslu hér í því hvað séu vaxtahækkanir og skattahækkanir, en vegna þess að hv. þm. er fyrrverandi nemandi minn í stærðfræði skildi ég hann þannig að hann óskaði eftir því. Ég hef kennt honum það mjög vel eins og fram hefur komið í máli hans og reyndar atvinnu hans sem fjallar um tölur og ég hélt kannski að hann vildi að ég héldi sams konar fyrirlestur um þessi mál og ég gerði í stærðfræði á sínum tíma.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir

minntist á búvörusamninginn. Ég ætla ekki að fjölyrða um hann, en bendi aðeins á að 1700 millj. kr. sem koma fram í lánsfjárlögum á yfirstandandi ári eru skýrt afmarkaðar til ákveðinna hluta en ekki nauðsynleg forsenda heildarsamningsins og ætla ég ekki frekar að fara út í þau mál, enda verða þau til umræðu hér síðar.

Þegar ég fylgdi skýrslunni úr hlaði ræddi ég nokkuð hvaða aðgerðir eru afturvirkar og hverjar ekki. Af því að svo mikil gagnrýni kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni kemst ég þó ekki hjá því að minna á það að efnahagsráðgjafar bæði forsrh. og fjmrh., þeir Már Guðmundsson og Bolli Héðinsson, komust að því ásamt öðrum nefndarmönnum sem fengu það hlutverk að gera tillögur um húsnæðismálin að hækka skyldi alla vexti í gamla húsnæðiskerfinu á öllum skuldabréfum frá 1984. Ég veit ekki betur en Már Guðmundsson sé flokksbróðir hv. þm. og hann hafi setið í nefndinni á vegum Alþb. eða a.m.k. formanns Alþb.

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að náðst hefur nokkuð víðtækur skilningur á því að þingi ljúki á morgun og þess vegna er hver mínúta dýrmæt í þessari umræðu. Ég hef þess vegna ákveðið að hafa þessi orð ekki fleiri að sinni en ég veit að fleiri ræðumenn eiga eftir að taka til máls og komi fram spurningar af þeirra hálfu mun ég að sjálfsögðu svara þeim síðar í umræðunni.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu. Hjá því verður þó ekki komist að fjalla hér örlítið meira um húsnæðismálin í tilefni þeirrar umræðu sem var hér í gærkvöldi og nótt og að hluta til í dag um húsnæðismálin. Reyndar hefur einnig verið beint til mín ákveðnum spurningum um nokkra þætti húsnæðismála sem ég mun hér svara.

Mér er það auðvitað ekki mikil ánægja að vera að endurtaka mig mikið í þessari umræðu um húsnæðismál, en það er sama hve oft ég reyni að leiðrétta hér villandi ummæli eða misskilning eða hvað á að kalla það sem fram kemur í máli ýmissa ræðumanna um húsnæðismálin, þau virðast sífellt vera endurtekin hér úr ræðustól.

Það sem sérstaklega var rætt í síðari hluta þessarar umræðu um ríkisfjármálin var þessi meinta aukning sem um er talað á fjármagni í húsnæðismálin, afföllin, ég vil nokkuð ræða hér um greiðsluerfiðleikalán sem bar á góma hér í gærkvöldi, vaxtahækkun á þjónustuíbúðum aldraðra sem einnig var rædd hér og greiðslujöfnun fasteignalána.

Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um það sem fram kom í ræðu hv. 10. þm. Reykv. Hún fjallaði nokkuð um það að húsnæðislánin fjármögnuðu neysluna í landinu. Mér finnst það stangast nokkuð á við það sem sagt er um húsbréfin að þau beri mikil afföll að fólk fari að leysa út húsbréf með miklum afföllum til þess að fjármagna neysluna. Ég held að það sé miklu fremur svo að þegar við bjuggum alfarið við gamla húsnæðiskerfið voru það lánsloforðin sem fjármögnuðu neysluna, þegar allir voru að sækja sér niðurgreitt fjármagn, hvort sem þeir þurftu á því að halda eða ekki. Ég held að með því kerfi hafi farið raunverulega miklu meira gegnum húsnæðislánin í Húsnæðisstofnun til fjármögnunar á húsnæðismarkaðinum en þörf er fyrir og þar af leiðandi má draga þá ályktun að verulegur hluti af því hafi runnið til neyslunnar. Frá því að húsbréfakerfið komst á hafa farið í gegnum það kerfi 3300 íbúðaviðskipti frá upphafi, eða á 18 mánuðum, á sama tíma og á fyrstu 18 mánuðum 1986-kerfisins röðuðu sér 10000 manns í biðröð.

Ég vil líka nefna máli mínu til sönnunar, ef við tökum núna fyrstu fjóra mánuðina, þar sem íbúðaviðskiptin eru hvað mest á þeim tíma, þá hafa farið 1200 viðskipti í gegnum húsbréfakerfið sem þýðir á ári 3600 íbúðaviðskipti ef það yrði fært yfir á heilt ár. Einnig eru í gangi nokkur lán enn þá í gamla kerfinu.

Hv. þm. ræddi hér líka um aukninguna til húsnæðismála sem mér finnst allt of oft koma fram í máli ræðumanna og er hreinn misskilningur sem ég vil fara hér nokkrum orðum um. Hv. 10. þm. Reykv. talaði um að 1988 hefði fjármagn til húsnæðismála verið 12,3 milljarðar, árið 1989 18,7, árið 1990 19,5 og 20,5 í ár. Mér finnst hér vera sami misskilningurinn uppi og t.d. kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. þegar hann talaði hér fyrr í þeim umræðum sem hafa orðið í þessari viku þar sem hann talaði um að útlán hefðu aukist um 60–70% meðan íbúðabyggingar hefðu aukist um 16–17%. Það er auðvitað ekkert hægt að setja neitt samasemmerki þarna á milli. Ég geri ráð fyrir að þingmaðurinn hafi verið að tala um nýbyggingar og hafi þá gleymt alveg fjármagni til notaðra íbúða en fjármagn til útlána, a.m.k. í gegnum 1986-kerfið, hefur að stærstum hluta runnið til notaðra íbúða. Þetta er það sama og uppi var hjá hv. 5. þm. Vestf. sem talaði um að lokun 1986-kerfisins minnki ekki lánsfjárþörfina því lánin séu hærri í húsbréfakerfinu.

En hverjar eru staðreyndir þessa máls? Ég hef dregið það fram sem enginn virðist vilja hlusta á eða taka sem rök í þessu máli að með húsbréfakerfinu er stærri hluti af íbúðaviðskiptum lánað af einni hendi, í gegnum húsbréfakerfið. Með því móti erum við að færa farveginn til fjármögnunar húsnæðismála sem að stórum hluta hefur verið hjá bönkum, lífeyrissjóðum og með handhafabréfum. Ég get nefnt það sem dæmi að útistandandi skammtímalán í bönkum núna eru 13 milljarðar króna vegna íbúðaröflunar eingöngu. Útistandandi lán í bönkum hjá einstaklingum eru um 38 milljarðar en vegna íbúðaröflunar um 13 milljarðar kr.

Ef við tökum bara dæmi sem liggur fyrir um hvað hefur dregið úr lánum sem einstaklingar taka hjá bönkum til íbúðakaupa þá getum við tekið árið 1988 þegar húsbréfakerfið var ekki til. Þá voru lán sem einstaklingar tóku í bönkum 2600 millj. til íbúðaröflunar. Ef við tökum árið 1990 þar sem húsbréfakerfið er komið til sögunnar, að vísu að hluta enn þá 1986-kerfið, þá erum við að tala um að útlán bankakerfanna hafi dregist saman úr 2600 millj. í 1650 millj. Við erum að tala um það að með tilkomu húsbréfakerfisins hefur dregið úr útlánum í bönkum til einstaklinga til íbúðaröflunar um einn milljarð.

Það eru þessar staðreyndir sem ég er að tala um. Við erum að flytja farveginn í fjármögnun til húsnæðismála að verulegu leyti frá bönkum, lífeyrissjóðum og handhafabréfum yfir í húsbréfakerfið. Við erum því ekki að tala um nýtt fjármagn. Þegar við verðum komin alfarið með húsbréfakerfið, ef það gengur eftir og ekki 1986-kerfið, munu enn dragast saman þau skammtímalán sem fólk hefur þurft að taka í bankakerfinu og í mörgum tilfellum hafa leitt til greiðsluerfiðleika og stundum gjaldþrota hjá heimilum í landinu.

Ég hygg að þegar við erum að tala um að það hafi dregist saman um einn milljarð á sambærilegu verðlagi frá 1988 til 1990 í bankakerfinu, þá séum við ekki að tala um minni fjárhæðir sem hafi minnkað hjá lífeyrissjóðunum og handhafabréfin eru svo til að hverfa. Við erum jú að ræða um lánamarkaðinn í heild, hvað stór hluti af honum fer til húsnæðismála og hvað stór hluti fer til annarra þarfa. Hér bendi ég strax á einn milljarð sem ég hafði upplýsingar um að lán hefðu dregist saman um í bankakerfinu og gæti þá gengið til annarra þarfa eins og atvinnulífsins. Og þá höfum við ekki nefnt það sem einnig hefur skeð á sl. tveim árum og er ekki svo lítið mál fyrir ríkissjóð, að framlögin til Byggingarsjóðs ríkisins hafa minnkað. Þegar frá hefur verið dregin sú upphæð sem hefur aukist í vaxtabætur hafa ríkisframlögin minnkað um 2 milljarða, sem aftur hefur skapað svigrúm til þess að auka félagslega íbúðakerfið.

Síðan hefur mikið verið talað um afföllin í húsbréfakerfinu samfara útgáfu húsbréfa. Það var nokkuð einkennilegur málflutningur hér í gær hjá einum hv. þm., 5. þm. Vestf., þegar hann gaf sér þá einföldun að tala um útgáfu húsbréfa upp á 12 milljarða, taka svo afföllin þar af og segja að fólk þyrfti að borga 2,5 milljarða í afföll úti á verðbréfamarkinum. Hverjar eru staðreyndir þessa máls? Hv. þm. tekur ekki innri fjármögnunina sem er á milli 20 og 30%. Þar erum við ekki að tala um 2,5 milljarða heldur 1 og 1,5 milljarða. En skoðum nú verðbréfamarkaðinn í heild. Hvað er mikið á verðbréfamarkaðinum? Verðmæti útistandandi bréfa eru um 130 milljarðar króna og húsbréf sem gefin hafa verið út frá upphafi eru um 13 milljarðar. Við erum því að tala um innan við 10% af þessu.

Ef við tökum spariskírteinin aftur sem dæmi. Verðmæti útistandandi spariskírteina er sennilega um 40 milljarðar króna og þar eiga einstaklingar um 20 milljarða. Af þessum 130 milljörðum sem ég nefndi að væri verðmæti útistandandi bréfa á markaðinum er áætlað að einstaklingar eigi tæpa 60 milljarða kr. Hvenær heyrum við talað um afföll af þessum bréfum sem þessir einstaklingar eiga þegar þeir þurfa að leysa þennan sparnað út af markaðinum? Það virðast hvergi í þessu peningakerfi okkar á lánamarkaðinum vera til nein afföll nema í húsbréfakerfinu. Hv. 5. þm. Vestf. ætti einmitt að reikna út þessi afföll, sem ég hef verið að nefna, á þessum verðbréfapappírum sem einstaklingar eiga, sem eru sennilega um 58 milljarðar hér á markaðinum eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Oft og iðulega þurfa þessir einstaklingar að leysa þennan sparnað sinn út. Það væri fróðlegt ef hv. þm., sem hefur reiknað og stúderað mikið húsbréfakerfið ef marka má orð hans þó ég sé langt í frá sammála þeim tölum sem hann reiðir hér fram, reiknaði afföllin einnig hjá þessum einstaklingum sem hafa þurft að búa við mikið af skammtímalánum í bönkum, sífellt þurft að endurnýja þau með ærnum kostnaði, lántökukostnaði, stundum lögfræðikostnaði, og kannski hann vildi líka reikna út þau afföll sem fólk varð fyrir þegar það þurfti að búa við að fasteignaverð rauk upp með tilkomu 1986-kerfisins.

Ef við skoðum hverjir bera þessi afföll, þá hef ég haldið því fram og tel mig með rétti vera að halda því fram að íbúðarkaupendurnir sjálfir beri ekki afföllin nema þau komi fram í hækkuðu íbúðaverði. Það sem fyrir liggur í því efni er t.d., svo ég vitni í fréttabréf Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, að fasteignaverð fór lækkandi frá miðju ári 1989 alveg fram á annan ársfjórðung 1990, en hefur síðan verið nokkuð stöðugt. Það er nú nokkuð gefandi fyrir það hjá þeim sem eru í íbúðarkaupum að fasteignaverð sé stöðugt. Það segir einmitt í þessu sama bréfi og vitna ég þar orðrétt: „Mjög algengt er að húsbréf séu látin ganga upp í kaup á húsnæði. Í fasteignaviðskiptum eru húsbréf metin á uppreiknuðu verði þannig að engin afföll verða við slík viðskipti. Seljandi íbúðar, sem fær hluta af kaupverði greiddan með húsbréfum, getur þannig notað þau sem greiðslu í húsnæði sem hann kaupir og verðmæti þeirra helst þá óbreytt.“ Þeir menn sem þetta skrifa ættu að hafa vit á verðbréfamarkaðinum, þannig að ég leyfði mér að vitna hér til þeirra orða í þessu efni.

En það er aldrei svo í þeim umræðum sem fram fara hér, innan þessara veggja og úti í þjóðfélaginu, í fjölmiðlunum, að það sé verið að ræða um kosti húsbréfakerfisins. Það kemur þó íbúðarkaupendum og seljendum við hverjir eru kostir húsbréfakerfisins. Skyldi það bara ekki vera svo að sú umræða sem mögnuð er upp innan og utan þessara veggja eigi að hluta til þátt í þeim afföllum sem eru á húsbréfakerfinu? Ef það er ekki traust á þessum húsbréfum og fólk vill ekki fjárfesta í þeim sinn sparnað, þá er það auðvitað leið til þess að hækka ávöxtunarkröfuna á húsbréfunum. Þegar við tölum um kosti húsbréfakerfisins erum við að tala um hærra lánshlutfall sem munar fólk mjög miklu að þurfa ekki að leita í þessi skammtímalán í bönkum. Við erum að tala um minni skammtímalán. Við erum tala um að útborgun, sem mörgum hefur verið erfið, hafi með tilkomu húsbréfakerfisins lækkað úr 75% í 50–70% og við erum að tala um lækkun á fasteignaverði íbúða fyrst og núna helst það stöðugt. Og við erum að tala um að fólk þarf ekki að bíða í tvö til þrjú ár eða þaðan af lengur til þess að koma sér þaki yfir höfuðið, heldur getur gert sín íbúðarviðskipti þegar það þarf á því að halda. Þessir kostir eru aldrei nefndir hér, heldur dregin fram sífellt þessi affallaumræða og aukið fjármagn til húsnæðismála sem ekki stenst og ég tel mig hér hafa fært rök fyrir.

Tölum um seljendur sem bera þessi afföll ef þeir leysa bréfin út á markaði. Það gera þeir ef þeir láta þau ekki ganga upp í önnur kaup og standa t.d. í nýbyggingum. En skyldu nú engir kostir vera í því máli fyr-

ir seljendurna? Við skulum aðeins líta á það. Ef þeir leysa út bréfin vegna þess að þeir standa í nýbyggingum, þá eru þeir komnir með verulegt fjármagn í hendur til þess að fjármagna sína nýbyggingu og geta oft á tíðum, og hef ég heyrt um það mörg dæmi, fengið verulegan staðgreiðsluafslátt á móti þegar fólk er að kaupa byggingarefni, innréttingar og fleira. Skyldi það nú ekki vega á móti þessum afföllum sem sífellt er verið að tala um? (**Gripið fram í:** Í hvaða búð er það?) Á ég að leiðbeina hv. þm. um það? Stendur hann í íbúðarbyggingu? Þá skulum við gera það hér í hliðarsölum á eftir.

Þetta er aldrei tekið með í reikninginn. Fólk sem stóð í nýbyggingum þurfti nefnilega að bíða í langan tíma eftir að fá þessi lán, var farið út í nýbyggingar og þurfti að festa í alls konar skammtímalánum. Það kom til mín maður og talaði mikið um þessi afföll vegna nýbygginga og reiddi fram tölur á borðið. Og þegar við höfðum farið yfir það og ég hafði spurt hann um skammtímalán sem hann hefði þurft að taka og hvað hann hefði fengið í staðgreiðsluafslátt af því að hann gat borgað mikið í efniskaup vegna nýbyggingarinnar, þá komumst við að því að þarna stóð nálægt á sléttu þó að hann færði fyrst á borð með sér að hann hefði þurft að bera 800 þús. kr. afföll af íbúðinni. Þetta taka menn aldrei með í reikninginn. Umræðan er svo einhæf um þetta mál að mér finnst hún ekki samboðin virðingu þingmanna.

Það er eins og þegar hér er verið að tala um að vextir í gamla kerfinu séu 3,5 eða 4,5% og það sé miklu hærra í húsbréfakerfinu eða 6%, sumir nefna nú 8%, þá taka hv. þm. aldrei með í reikninginn þann hluta af íbúðarkaupunum sem þarf að fjármagna í skammtímalánum, aldrei. Og það er bara blekking að setja dæmið þannig upp að þeir sem fjármagna sín íbúðakaup í gegnum gamla kerfið þurfi bara að borga 3,5% en aðrir þurfa að borga 6% sem fara í gegnum húsbréfakerfið. Staðreyndin er nefnilega sú sem hefur verið reiknuð út að þegar íbúðaviðskipti eru skoðuð í heild og fjáröflun til þeirra, þá eru vextirnir ekki 3,5%, ekki 4,5% heldur nálægt 7%. Og fólki sem stendur í íbúðarkaupum eða sölu er ekki greiði gerður að setja fram svo villandi upplýsingar sem oft berast frá þessari ágætu og virðulegu samkomu hér.

Það er athyglisvert í þessari umræðu að ég tel að enginn sem hér hefur talað hafi mælt 1986-kerfinu bót. Það hefur enginn hér mælt 1986-kerfinu bót eða viljað halda því áfram, enda eru þingmenn farnir að sjá að það er auðvitað engin skynsemi í því. Við værum búnir að ávísa hér mörgum milljörðum fram í tímann ef við hefðum haldið áfram því kerfi. Og auðvitað er það svo og hv. þm. vita það að 1986-kerfið hefur þrengt að lánamarkaðinum þegar lífeyrissjóðirnir settu 55% af sínu fjármagni inn í húsnæðiskerfið. Og kostirnir í húsbréfakerfinu eru líka þeir að það er ekki verið að setja meira fjármagn inn í húsnæðismálin heldur en þarf eins og var í 1986-kerfinu. Þar er um að ræða innri fjármögnun og þar er minni eftirspurn eftir lánum af því að þar er ekki fólk í biðröð eftir gjafalánum eins og var í 1986-kerfinu.

Ég skal nú fara hratt yfir sögu hér þó að það væri hægt að tala hér langt mál. Hér var líka reynt að gera greiðsluerfiðleikalánin tortryggileg. Hv. 10. þm. Reykv. fannst mér reyna að gera það með því að draga fram eitt afmarkað dæmi úr greiðsluerfiðleikalánunum sem verið er að afgreiða og nefndi dæmi um einstakling sem hafði fengið 9 millj. kr. lán.

Förum nú hér aðeins yfir og ég skal reyna að vera eins stuttorð og ég mögulega get. Hver er ástæðan fyrir greiðsluerfiðleikum hjá fólki? Við skulum nú byrja á því að tala um hverjar ástæðurnar eru. Það er vegna þess að lánshlutfallið hefur verið lágt í þeim húsnæðiskerfum sem við höfum búið við, m.a. 1986-kerfinu. Mér er sagt af þeim sem vinna að þessum málum að stór hluti af þessum hóp, þessum 1000 manns sem nú sækja um greiðsluerfiðleikalán, sé tilkominn vegna 1986-kerfisins, sé tilkominn vegna þeirra skammtímalána sem fólk hefur þurft að taka til viðbótar því sem það fékk í 1986-kerfinu. Það eru þessi skammtímalán sem fólk hefur ekki ráðið við. Síðan hafa komið upp í einstökum tilfellum ófyrirséð atvik eins og veikindi eða slys hjá fólki þannig að það hefur þurft að minnka við sig vinnu um langan tíma og allar greiðsluáætlanir raskast og er það nú ekki minna mál en við erum að tala um þegar við erum að tala um hækkun á vöxtum. Í sumum tilfellum er það líka að fólk hefur keypt dýrara og stærra en það réði við. Og síðan er um það að ræða að í 1986-kerfinu fékk fólk lánsloforð og keypti án þess að hafa fengið greiðslu eða rétta ráðgjöf og greiðslumat. Fólk var búið að gera samning um miklu meira en það réð við. Í sumum tilfellum hefur fólk gengist í ábyrgð fyrir aðra. Í öllum tilfellum eru skoðaðar aðrar leiðir en greiðsluerfiðleikalán áður en þau eru veitt. Það er skoðað hvort hægt er að bjarga fólki með því að lengja lánin í bankakerfinu sem eru kannski til 2–3 ára upp í 8 ár. Það er skoðað. Hv. þm. nefndi: Af hverju er þessu fólki ekki bara vísað á það að selja sitt hús? Það er alltaf gert í slíkum tilfellum. Fólki er alltaf sagt að selja sínar íbúðir í svona tilfellum. En af hverju gengur það ekki? Vegna þess að það er oft svo mikið fjárnám á þessum íbúðum og lögtök að það hefur í langan, langan tíma verið reynt að selja þessar íbúðir en það hefur ekki gengið. Og þá fyrst er farið að skoða hvort það mundi bjarga viðkomandi ef honum væri fært að breyta sínum vanskilum og erfiðustu lánum yfir í hagstæðari lán og síðan gæti viðkomandi selt sína íbúð og fengið þá meira fyrir hana en ef hún hefði farið á nauðungaruppboð. Það þekkja allir að út úr slíkum dæmum fær fólk mikið minna.

Meðalgreiðsluerfiðleikalán sem hafa verið afgreidd eru um 3,3 millj. kr. Það er meira en var gert ráð fyrir. Þá reiknuðum við með að 1,5–2 millj. yrði meðaltalið. Greiðsluerfiðleikar hjá fólki eru meiri en menn gerðu ráð fyrir vegna þeirra ástæðna sem ég nefndi. Fólk gat ekki leyst sín mál með þeim 600 þús. kr. sem það áður fékk gegnum greiðsluerfiðleikalánin. Hv. 5. þm. Vestf. talaði um að allir þessir 1000 umsækjendur mundu fá afgreiðslu. En þriðjungi hefur verið synjað. Af þeim rúmlega 330 sem hafa verið afgreiddir hafa 232 fengið afgreiðslu og 101 fengið synjun.

Ég vil nefna það að flestir þeirra sem fá þessi lán eru langt undir þeim tölum sem hv. þm. nefndi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hafa liðlega 20 fengið hærra lán en 5 millj. kr. Þá er það í algerlega sérstökum tilfellum, þegar aðstæður eru með þeim hætti sem ég nefndi hér áðan, til þess að forða nauðungarsölu hjá fólki af því að það hefur ekki getað selt sínar íbúðir út af miklu fjárnámi og lögtökum sem eru á þeim íbúðum.

Ég á sennilega eftir 2–3 mínútur, virðulegi forseti. Það er aðeins út af breytingu á greiðslujöfnun fasteignaveðlána sem hv. 10. þm. Reykv. nefndi líka. Áður var það þannig að ef þessum lögum hefði ekki verið breytt, þá hefði vaxtahækkunin lagst við höfuðstólinn og ekki myndað grundvöll vaxtabóta. Eftir að þessum lögum hefur verið breytt, þá myndar vaxtahækkunin grundvöll fyrir vaxtabótum. Og ég skildi ekki hv. þm. þegar hann ræddi um þessi mál af því að mér skildist á hv. þm. að þar sem þessar vaxtabætur mundu skila sér seint á lánstímanum mundu þær vera miklu minni eða kannski hverfa, en það er einmitt það að þær skila sér strax. Eignarhlutinn er meiri og vaxtagjöldin minni eftir því sem líður á lánstímann og því mun þessi vaxtahækkun skila sér strax til fólks sem hefur lágar og meðaltekjur. Samkvæmt þeim útreikningum sem ég hef látið gera í þessu sambandi mundi fólk með yfir 200 þús. kr. núna ekki fá þessa vaxtahækkun bætta af því að vaxtagjöld t.d. hjá hjónum eru að meðaltali eftir því sem reiknað hefur verið út um 800 þús. en hámark vaxtagjalda sem má reikna sér í vaxtabótakerfinu 750 þús. Aftur á móti kæmi sá hópur að mestu inn sem er með 150–200 þús. kr. í tekjur vegna þess að vaxtagjöld hjá þessu fólki eru að meðaltali 670 þús. en hámarkið er 750 þús. kr.

Vegna sölu íbúða aldraðra, og það skulu verða mín lokaorð, kom sú reglugerð til framkvæmda 1988 um það að veita sérstök lán vegna þjónustuíbúða aldraðra. Það var ekki byrjað að veita lán vegna þessa lánaflokks fyrr en 1989. Spurt var um fjöldann. Það voru 40 þjónustuíbúðir sem fengu lán í gegnum þennan lánaflokk 1989. Vextirnir voru 3,5% fram í nóvember 1989 en þá 4,5%. Árið 1990 var þetta 131 íbúð en þá voru vextirnir komnir í 4,5% þannig að vaxtahækkun var ekki nema 0,4% og árið 1991 voru 70 íbúðir óafgreiddar og vextirnir því hækkaðir um 0,4%. En hér er samtals um að ræða 600 íbúðir.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu því að mér er ljóst að það hafði verið ætlunin að ljúka þinghaldinu á morgun og því er því miður ekki mikill tími til þess að ræða mál mikið lengur ítarlega þótt full ástæða væri til þess.

Ég vildi aðeins út af ummælum hæstv. félmrh. um gagnýni á húsbréfakerfið segja það að það er svo með öll kerfi að þau hafa sína kosti og sína galla, hvort sem það er 1986-kerfið eða húsbréfakerfið. Og hæstv. félmrh. segir að ekkert sé talað um kosti húsbréfakerfisins. Ég heyri ekki hæstv. félmrh. tala mikið um kosti 1986-kerfisins og það má vera að það sé rétt sem hv. 10. þm. Reykv. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði hér í mikilli ágætisræðu um húsnæðismálin í gærkvöldi að mínu mati að umræðan snerist allt of mikið um hvítt og svart. Auðvitað eru miklir gallar á 1986-kerfinu og kostir líka. En aðalgallinn er að sjálfsögðu sá að þar var verið að lána fjármagn út á miklu lægri vöxtum en viðkomandi stofnun þurfti að taka lánin á. Og það viðurkenna allir að slíkt gat ekki gengið og það hefði leitt til þess að húsnæðissjóðirnir hefðu orðið gjaldþrota.

Ég hef sagt það hér í umræðunum og lýst því oft yfir áður að ég skilji að sjálfsögðu nauðsyn þess að hækka vextina í þessu kerfi. Og það var auðvitað hægt að lagfæra það, hækka vextina og ná jafnvægi í því kerfi alveg með sama hætti og nú þarf að ná jafnvægi í húsbréfakerfinu. Þar er ekkert jafnvægi. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. félmrh. að þetta kerfi hefur ýmsa kosti. Þar er hærra lánshlutfall og þar eru ýmsir kostir. En það verður að gera einn fyrirvara við þessa kosti, það verða að vera til peningar. Það verður að vera til fé til þess að fjármagna alla þessa kosti með sama hætti og það varð að vera til fé til þess að fjármagna kostina í 1986-kerfinu. Það hefðu að sjálfsögðu allir kosið að geta haldið áfram að lána fólki með lágum vöxtum og viðhalda þeim kosti, en til þess þurfti peninga. Það þurfti peninga úr ríkissjóði og það þurfti peninga á lánamarkaðinum.

Ég skal nú reyna að stytta mál mitt, þó að hæstv. ráðherrar hafi ekki mjög mikið verið að greiða fyrir stuttri umræðu hér, með því að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig eigi að ná þessu jafnvægi. Ég geri mér vel grein fyrir því að það er ekkert einfalt mál. Það er staðreynd að mikið af því fjármagni sem kemur í gegnum húsbréfakerfið fer ekki til húsnæðismála. Það liggur alveg ljóst fyrir. Auðvitað er hægt að halda því fram að það sé minna af fjármagni, og sjálfsagt er það rétt, ekki efast ég um það, sem kemur úr bankakerfinu inn í húsnæðismálin en áður var. Þetta skiptir bara engu meginmáli. Það sem skiptir máli er að það fer svo mikið af fjármagni til húsnæðismála með veði í íbúðum að það er töluvert mikið umfram það sem byggt er. Sú aukning sem er á sparnaði landsmanna fer í svo miklum mæli til þessa málaflokks að við höfum ekki efni á því.

Þetta er nú ekki flóknara en það. Og hæstv. ríkisstjórn hefur komið auga á þetta eins og svo margir áður. Og Seðlabankinn hefur komið auga á þetta enn einu sinni, þótt Seðlabankinn kæmi ekki að mínu mati nægilega auga á þessa staðreynd í upphafi. Því að bæði ég og fleiri spurðum skipti eftir skipti: Hvaða áhrif mun þetta kerfi hafa til langframa á efnahagslíf landsmanna og jafnvægi á lánamarkaðinum? Og það fengust lítil svör.

Nú sé ég að hæstv. ríkisstjórn hefur fengið ráðleggingar frá Seðlabankanum þar sem sagt er, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi að síður virðist ástæða til að stinga við fæti og gaumgæfa leiðir til að draga úr framboði húsbréfa tímabundið.“ Ætli þetta sé ekki staðreynd sem hæstv. fjmrh. stendur frammi fyrir og hæstv. félmrh. líka og allir þeir sem hér eru á Alþingi og þjóðin í heild sinni?

Þá getur hæstv. ríkisstjórn í sjálfu sér komið og sagt að við sem nú erum í stjórnarandstöðu séum að gagnrýna þetta kerfi á óréttmætan hátt. Það er allt í lagi þótt menn segi það. En það verður að viðurkenna að þarna er vandamál sem verður að ráðast á. Það er ekki nóg að skera niður einhverja vegarspotta fyrir austan og norðan og dúlla við að tína til einhverjar smátölur. Það veit hæstv. fjmrh., sérstaklega þegar hann hefur nú engan stuðning fyrir því í flokknum sínum og stjórnarandstaðan í Sjálfstfl. er orðin svo stór hér á þingi að það þykir sjálfsagt að hún fái að tala fyrst eins og var hér í gær. Ég geri engar athugasemdir við það. En ég taldi það í reynd vera að fulltrúi stjórnarandstöðunnar í Sjálfstfl. hefði fengið að tala hér fyrstur af stjórnarandstöðunni í gær og mér þótti það óþarft af hv. 8. þm. Reykn. Ólafi Ragnari Grímssyni að vera að gera athugasemdir við það þó að stjórnarandstöðunni væri raðað upp með þessum hætti. Því að það hefur komið berlega í ljós að þar er veruleg andstaða við það sem er verið að gera.

Þá er spurt: Hvað viljið þið gera í húsnæðismálunum? Hvernig viljið þið takmarka þetta? Ætli það sé ekki eins og í flestum öðrum málum að þar eru ekki margir kostir. Seðlabankamenn nefna þá að rétt sé að lækka tímabundið lánshlutföll, hleypa af stokkunum nýjum flokki með styttri lánstíma og lána minna. (**Félmrh.:** Er þingmaðurinn sammála því?) Sammála því? Ja, ég held að ég geti bara ekkert annað en verið sammála því. Þegar ekki eru til peningar til að lána út er ekkert annað að gera en að stoppa það. Ég kann engin önnur ráð. Ef bankarnir hafa ekki meiri peninga og sparnaður hefur dregist saman, þá kann ég ekki ráð, hæstv. félmrh., til þess að halda áfram lánunum. En svo virðist sem hæstv. félmrh. haldi að það eigi að halda áfram eins og ekkert sé og það eigi ekki að lána í nokkurn skapaðan hlut annan í þessu þjóðfélagi nema til húsnæðismála. Það er stefna út af fyrir sig. (**Félmrh.:** Þetta er rangt.) Þetta er rangt, já. Hæstv. félmrh. getur komið og rætt það betur hér á eftir. En það eru atvinnuvegir, það er ríkissjóður og það er margt annað sem þarf að halda gangandi í þessu ágæta landi okkar.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann telji að þurfi að gera til að ná jafnvægi í þessu kerfi og hvað honum finnst um tillögur Seðlabankans sem ég hef fullan skilning á. En það er kannski svo í öllum málum að stjórnarandstaðan hefur fullan skilning á því að það þurfi að skera niður til ýmissa mála þótt stjórnarandstaðan í Sjálfstfl. hafi ekki skilning á því. Og það má líka vera að hæstv. fjmrh. hafi fullan skilning á því að þarna þarf að taka í taumana en Alþfl. hafi ekki nokkurn skilning á því. Einhvern veginn virðist þetta liggja svona. En það er nauðsynlegt fyrir þá sem ætla sér að kaupa húsnæði á næstunni að vita eitthvað um það hvað er að fæðast í núv. ríkisstjórn í þessum málum, hvort það stendur til að takmarka þar.

Þetta er mín aðalspurning til hæstv. fjmrh. En ég vildi aðeins þó segja það, vegna þess að hann kom inn á það að nú væri að koma að skuldadögunum í öllum þessum sjóðum sem settir voru á stofn á sínum tíma og talaði um þá alla undir einu formerki, að ég hef fullan skilning á því að hæstv. ráðherrar þurfi að koma sér saman um þetta mál og ég vil gjarnan gera hlé á ræðu minni til þess. En ég ætla aðeins að segja það, hæstv. fjmrh., að lokum, að Atvinnutryggingarsjóðurinn var settur á stofn og þar voru gerðar verulegar kröfur um eigið fé. Hæstv. fjmrh. getur ekki talað um þann sjóð eins og það sé allt saman tapað fé. (Gripið fram í.) Mér fannst hæstv. fjmrh. gera það hér í gær. En ég var hins vegar að lesa það í blöðum í morgun að nú væri búið að taka upp þá reglu að fella niður staðgreiðslu skatta og það var vitnað í þessu blaði um að það hefði verið rætt í síðustu ríkisstjórn. Ég kannast ekki við það. Ég man ekki betur en fjmrn. segði alla tíð: Það má aldrei ganga inn á það að fella niður staðgreiðslu skatta. (**Gripið fram í:** Var það gert núna?) Enda hef ég fullan skilning á því. Þetta kemur mér verulega á óvart því þessu var ávallt neitað, enda var ég að hlusta á ágætan mann úr fjmrn. fyrir stuttu síðan lýsa því í fjölmiðlum að nú ætlaði fjmrn. að fara að finna eitthvert það gott mál þar sem dregist hefði að borga staðgreiðslu skatta í þeim tilgangi að dæma viðkomandi aðila í tukthús. Það er því mikilvægt að eitthvert prinsipp ríki í þessum málum. Það er ekki vont mál að líta til með atvinnufyrirtækjum sem eru í vanda, en menn verða að sjálfsögðu að gera það á þeim grundvelli að almennar leikreglur séu virtar. Þess vegna fannst mér hæstv. fjmrh. fara nokkuð óvönduðum orðum um Atvinnutryggingarsjóðinn.

Hlutafjársjóðurinn kom síðar til, m.a. vegna tillöguflutnings Sjálfstfl. og Kvennalistans hér á Alþingi. Hann var ekki í upphaflegum tillögum. Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. jafnframt um það, vegna þess að fyrrv. ríkisstjórn fór út í það gegn mótmælum atvinnulífsins að koma á fót Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins sem m.a. var gert í þeim tilgangi, og það var um það rætt, að allar þær skuldir sem ríkissjóður væri í ábyrgð fyrir hjá sjávarútveginum væru tryggari vegna þess að atvinnugrein sem á í sjóði til erfiðleikaáranna hlýtur að vera tryggari greiðandi en atvinnugrein sem á enga slíka sjóði. Ég hef hins vegar tekið eftir því að talsmenn Sjálfstfl. taka undir þær kröfur sjávarútvegsins að það beri að leggja þennan sjóð niður. Ég tek ekki undir þær kröfur, m.a. vegna þess að ég veit um allar ábyrgðir ríkisins í þessum efnum og þess vegna vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um það: Stendur til að gera það og gerir hæstv. fjmrh. sér grein fyrir því hvaða þýðingu það getur haft fyrir þá tryggingu sem ríkið hefur að þessu leytinu?

Hæstv. forseti. Ég talaði heldur lengur en ég ætlaði mér og upphaflega ætlaði ég mér ekki að tala, en ég vænti þess að þetta verði ekki til þess að lengja umræðuna um of.

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég sé hvergi hæstv. félmrh. í salnum. (**Félmrh.:** Ég heyri vel í þingmanninum.) Félmrh. er handan við vegginn þannig að hann heyrir og þá geri ég engar frekari kröfur til forseta um það mál.

Ég vil fyrst biðja félmrh. velvirðingar á því að vera

ekki hér inni undir allri hennar ræðu sem hefði verið sjálfsögð kurteisi. Ég brá mér aðeins frá, reyndar í fyrsta skipti síðan ég settist í þingsalinn, og fór á útifund sem var á Lækjartorgi rétt áðan, einmitt um vaxtamál og húsnæðismál, sem launþegahreyfingin hafði boðað til. Sá fundur var vissulega mjög fróðlegur og þær áherslur sem þar voru settar fram og kröfur til stjórnvalda voru mjög afdráttarlausar. Ég hygg að hæstv. félmrh. hefði haft nokkuð gott af því að vera á þessum fundi og heyra hljóðið í fólki.

Ég tók t.d. sérstaklega eftir því að einn ræðumanna upplýsti að hæstv. félmrh. hefði gefið það út fyrr í vetur að fólkið í biðröðinni í gamla kerfinu mundi fá lán. Síðan hefði það gerst eftir kosningar að sami félmrh. hefði sest í sama stólinn, en niðurstöðuna þekkjum við. Það er búið að sparka þessari biðröð út á götu og á affallamarkaðinn.

Það var ýmislegt í því sem ég heyrði úr ræðu hæstv. ráðherra sem mér fannst vera með nokkuð sérstökum hætti. Ég vil segja það í fyrsta lagi að mér þótti dálítið kyndugt að heyra hæstv. félmrh. vera að ýja að því að umræður hér á Alþingi ættu sinn þátt í því að svo væri komið í afföllum sem nú er. Ég gat ekki betur skilið ráðherrann en þannig að hv. þm. sem væru að fjalla um húsbréfakerfið með öðrum hætti en hún kærði sig um væru vísvitandi að hleypa af stað umræðu sem stuðlaði að auknum afföllum. Ég vænti þess að ráðherrann leiðrétti mig hafi ég misskilið orð hennar í þessu efni.

Ég verð að segja það af því að ég hef fylgst með þessum málum alveg frá því að samið var um gamla húsnæðislánakerfið frá 1986 og einmitt sérstaklega fylgst með þeirri umræðu sem varð hér í þinginu — ég er tilbúinn til að gera hlé á máli mínu ef ég trufla hæstv. félmrh. (Gripið fram í.) Einhver eru nú afföllin þar.

Mér er það ákaflega minnisstætt að lesa þær ræður sem hæstv. félmrh. flutti á Alþingi þegar var verið að leggja fram frv. um 1986-kerfið og hvernig hæstv. ráðherra gekk fram í því máli, bæði innan þings og utan. Ef ástæða væri til að ætla að einstakir menn taki sér það fyrir hendur að koma ákveðnum hlutum illa, þá held ég að hefði verið ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort hæstv. núv. félmrh. hefði með gauragangi sínum í sér á þeim tíma ekki átt nokkurn þátt í því ástandi sem skapaðist í biðröðinni strax og kerfið opnaðist. En ég ætla ekki að bera það á hæstv. félmrh. og vænti þess að hann lýsi því hér yfir á eftir að hann hafi ekki verið með þessar meiningar eins og ég taldi að hann væri með.

Hæstv. félmrh. kom hér með atriði sem ég verð að leiðrétta. Í sambandi við greiðsluerfiðleikalánin, þær tölur sem ég nefndi þar, þá var samkvæmt upplýsingum sem ég fékk 27. maí búið að afgreiða 333 umsóknir. Þar að auki var stofnunin búin að afgreiða 108 umsóknir til viðbótar af sinni hálfu, en beðið var eftir svörum lánardrottna, hvort þeir samþykktu að taka við húsbréfunum sem greiðslu. Samtals var stofnunin því búin að afgreiða af sinni hálfu 441 umsókn. (**Félmrh.:** Synja hve mörgum?) Hún var búin að synja 101 og það þýðir að það eru 18,6% af því sem stofnunin var búin að afgreiða sem hún hafði synjað. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég hafi haldið því fram að allir þeir sem sæktu um fengju lán, það kom ekki fram í mínu máli.

Ég get að mörgu leyti tekið undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. og vísað til þess til að stytta mína ræðu. Í grundvallaratriðum er það þannig að þegar menn eru að deila út peningum verður að vera til fé. Menn geta ekki ráðstafað meira fé en til er. Það gildir það sama hvort menn eru að tala um húsbréfakerfi eða 1986-kerfi. Bæði kerfin eru með þeim hætti, eins og 1986-kerfið var í upphafi og húsbréfakerfið nú, að þau eru nokkuð opin þannig að nánast hver sem er gat gengið inn í þessi kerfi og sótt sér fé. Það er bara því miður þannig að það er ekki hægt að mínu viti að halda úti almennu húsnæðislánakerfi sem gengur út á það að ávísa meira fé en til er. Það er einföld staðreynd. Markaðurinn og markaðslögmálin bregðast við þessari staðreynd með því að fella þessa pappíra í verði. Hæstv. félmrh. verður bara að horfast í augu við þær staðreyndir að það eru gífurleg afföll af þessum bréfum. Og ráðherrann verður líka að horfast í augu við þá staðreynd að það er ekkert sem bendir til þess að þau afföll muni minnka. Þau munu miklu fremur aukast. Þetta kerfi gengur því miður ekki upp í þeirri mynd sem það er og ég er þeirrar skoðunar að húsbréfakerfið geti ekki verið okkar almenna húsnæðislánakerfi. Hins vegar getur það verið hluti í ákveðinni heild. Þá erum við komnir út í umræðu sem tekur langan tíma og ég ætla ekki að fara inn á að þessu sinni. En ráðherrann verður að viðurkenna að það sem hann sagði hér um húsnæðislánakerfið í upphafi þegar ráðherrann beitti sér fyrir því að fá þetta kerfi lögfest, þær upplýsingar og fullyrðingar sem komu fram hjá hæstv. ráðherra þá hafa ekki staðist. Þær fullyrðingar sem ég rakti í nótt frá ráðherra um það að það yrðu engin afföll í kerfinu hafa ekki staðist. Þær fullyrðingar frá ráðherranum um það að vextir mundu ekki hækka hafa heldur ekki staðist.

Það er engin bót að því að geta bent á eitthvað annað verra. Slæmt kerfi verður ekki betra þó að maður geti bent á að það hafi verið til afföll áður í öðru formi og jafnvel í öðrum pappírum, það breytir því ekki. Hins vegar get ég ýmislegt sagt um það ástand sem var áður og ég tel nú að ráðherra gangi nokkuð langt í að draga upp dökka mynd af því sem var áður en húsbréfakerfið kom. Ég er ekki að segja að 1986-kerfið hafi verið gott. Það var það ekki að mínu viti. Það var of opið og of auðveldur aðgangur að fé fyrir of marga. Hins vegar get ég ekki tekið undir þær ásakanir hennar á það kerfi sem stöðugt hafa verið í gangi undanfarin ár. Og menn mega varast, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl., að draga upp of dökka mynd af öðru en fegra myndina um of af hinu. Við komumst ekki að neinni viðunandi niðurstöðu með þeim hætti því auðvitað er okkar verkefni það að reyna að komast að einhverri niðurstöðu með húsnæðislánakerfi sem gagnast því fólki sem kerfið er fyrir. Og það er hvorki fyrir mig né hæstv. félmrh. Það er fyrir fólkið. Við verðum

að horfa á staðreyndirnar alveg kalt og bregðast við samkvæmt því.

Sú ályktun sem gerð var á útifundinum sem ég var að nefna áðan bendir ekki til þess að sjónarmið hæstv. félmrh. eigi mikinn stuðning.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það hafði verið um það rætt að reyna að stytta þinghald í dag og við kvennalistakonur höfum gert okkar til þess að svo mætti verða, en eftir ræðu félmrh. hér áðan sé ég ekki ástæðu til að reyna neitt sérstaklega að skera niður mitt mál. Mér finnst ýmislegt hafa komið þar fram sem ástæða er til þess að svara. Ég mun taka mér tíma í það en ég ætla mér hins vegar ekki að taka meiri tíma en nauðsyn krefur og mun reyna eftir bestu getu að hafa mál mitt stutt.

Ég taldi mig hafa flutt hér í gær ræðu um húsnæðismálin sem hefði verið málefnaleg. Ég tók bæði galla og kosti á 1986-kerfinu og ég tók líka galla og kosti á húsbréfakerfinu. Ég gekk meira að segja svo langt að lýsa því yfir að ég teldi húsbréfakerfið í grundvallaratriðum gott. Ég leyfði mér hins vegar að gagnrýna ýmsar hliðar á því og það skyldi ég auðvitað ekki hafa gert. Vei mér fyrir það. Vei mér fyrir það að segja nokkurn skapaðan hlut misjafnt um þetta húsbréfakerfi. Það var a.m.k. að skilja hér á félmrh. í pontunni áðan, og heggur þar sá er hlífa skyldi.

Hæstv. félmrh. hélt því fram að ég hefði misskilið sitthvað en mér finnst félmrh. eiginlega hafa misskilið flest í mínu máli. Hún hélt því fram að ég hefði sagt hér í pontunni að húsbréfin væru til þess að fjármagna neysluna. Þar var ég að vísa í orð hv. 1. þm. Austurl. sem ræddi um þessi mál. Hann taldi og telur og sagði það hér áðan að húsbréfin séu notuð til þess að fjármagna neysluna. Ég benti á að þetta væri vissulega rétt að ákveðnu marki en þetta hefði líka gilt í 1986-kerfinu. Ef hæstv. félmrh. hefði hlustað þá hefði hún tekið eftir því og ekki þurft að leggja mér orð í munn í pontunni áðan.

Ég gerði aukningu til húsnæðislánakerfisins að umtalsefni í gær. Þar sagði félmrh. að hefði verið misskilningur á ferðinni hjá mér. Það er enginn misskilningur á ferðinni, það hefur orðið mikil aukning á fjármagni til húsnæðislánakerfisins með einum og öðrum hætti. Það er vissulega komið meira á eina hendi en áður var, en aukning hefur samt orðið. Ég taldi það upp í gær að það hefðu farið 12,3 milljarðar inn í húsnæðislánakerfið á árinu 1986 og núna eru þessir milljarðar komnir upp í 20,5 eða voru á síðasta ári. Vissulega veit ég að á þessum tíma, árið 1986, var talsvert lánað af lífeyrissjóðslánum til húsbygginga og ég veit að það voru líka bankalán. En það þarf enginn að segja mér að þar hafi verið 8 milljarðar á ferðinni. Það hefur orðið aukning, hvort sem menn vilja horfast í augu við það eða ekki. Spurningin er auðvitað sú: Höfum við efni á þessari aukningu? Eins og hv. 1. þm. Austurl. benti á verða þá að vera til peningar til þess að lána og það verða að vera til peningar sem ekki þarf að lána á okurvöxtum.

Afföllin bar hér á góma. Hæstv. félmrh. hélt því fram að íbúðarkaupendur bæru ekki afföllin nema þau kæmu fram í fasteignaverði og hæstv. félmrh. hélt því fram að þau hefðu ekki komið fram í fasteignaverði því fasteignaverð væri stöðugt. Það kann að vera að fasteignaverð hafi verið heldur stöðugra en oft hefur verið en engu að síður er það svo að þegar fólk er að leita sér að íbúð þá eru tvö verð í gangi. Það er annars vegar verð sem er svokallað staðgreiðsluverð og hins vegar verð ef greitt er með húsbréfum. Í bæklingi sem Húsnæðisstofnun gaf út, líklega fyrir svona eins og einu ári, var húskaupendum bent á það að hefðu þeir húsbréf þá jafngilti það staðgreiðslu. Þeir gætu farið með þessi húsbréf og fengið lægra verð út á þau. Nú er staðreyndin bara allt önnur. Þeir sem koma með peningana fá staðgreiðsluafsláttinn. Þeir sem koma með húsbréfin fá hann ekki. Staðreyndin er allt önnur heldur en gefin var upp í bæklingnum frá Húsnæðisstofnun ekki alls fyrir löngu. Kannski stendur þetta enn í þessum bæklingum, ég hef ekki skoðað nýjustu útgáfuna.

Hæstv. félmrh. hélt því fram að umræðan hér á Alþingi ætti þátt í afföllunum og það hefur nú reyndar verið bent á fásinnuna í því af hv. 5. þm. Vestf. Hún hélt því líka fram hér í gær að það væri raunverulega fjölmiðlum að kenna hver afföllin væru orðin. Það er alltaf einhverjum öðrum að kenna. Málið er að þetta kerfi er að vissu marki gallað þó maður geti engu að síður sagt að það sé í grundvallaratriðum gott. En það eru þarna gallar. Það er of mikið af húsbréfum í umferð, það er of mikið af fjármagni í umferð.

Hæstv. ráðherra hélt því fram að kostirnir væru aldrei dregnir fram, bara gallarnir. Ég verð að segja að mér finnst þetta dálítið barnalegar yfirlýsingar af hálfu félmrh., því umræðan sem ég hef orðið vitni að hér um þessi mál hefur verið málefnaleg og menn hafa séð kostina í húsbréfakerfinu. Félmrh. hélt því hér fram að húskaupendum væri enginn greiði gerður með því að vera með þessa gagnrýnu umræðu hér á þingi. Þeim er heldur enginn greiði gerður með því að félmrh. stingi höfðinu í sandinn og neiti að horfast í augu við staðreyndir.

Mér var borið það líka á brýn af hæstv. félmrh. að ég hefði reynt að gera greiðsluerfiðleikalánin tortryggileg með því að taka eitt tiltekið mál og blása það upp. Ég er svo sannarlega ekki á móti því að fólk fái greiðsluerfiðleikalán en það sem ég var að benda á var sú sjálftaka sem á sér stað inni í húsbréfakerfinu, að fólk skuli geta komið og fengið 9,4 millj. kr. í greiðsluerfiðleikalán og jafnvel að fólk skuli yfirleitt geta komið og fengið 9,4 millj. kr. lán í þessu lánakerfi þar sem fjármunir eru af skornum skammti. Það var það sem ég var að gagnrýna í grundvallaratriðum, ekki það að fólki væru veitt greiðsluerfiðleikalán. Og það er útúrsnúningur, hæstv. félmrh., á mínu máli að setja það svona fram eins og gert var áðan.

Hæstv. félmrh. benti á að það væru kannski aðeins liðlega 20 manns sem hafa fengið greiðsluerfiðleikalán yfir 5 millj. kr. Það kann vel að vera satt. En spurningin stendur engu að síður um það, eigum við að

veita svona há lán, hvort sem þau heita greiðsluerfiðleikalán eða almenn húsbréfalán?

Hæstv. félmrh. vék svo að því sem ég sagði um breytinguna á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Sú breyting var gerð á þinginu í vor, daginn fyrir þinglausnir. Ég tel, og er í rauninni orðin enn staðfastari í því, að margir þingmenn hafi ekki áttað sig á því sem hér var að gerast. Hér gerast hlutir mjög hratt síðustu daga fyrir þinglok og eflaust hafa sumir hverjir vitað vel hvað hér fór fram en aðrir hafa ekki áttað sig á því. Hæstv. félmrh. sagði að hún hefði ekki skilið það sem ég sagði um greiðslujöfnun fasteignaveðlána. Hún hefði ekki skilið mín orð. Eins og ég sagði fyrr þá held ég að hún hafi yfirleitt ekki skilið mína ræðu eða a.m.k. kosið að skilja hana ekki. Hæstv. félmrh. sagði að þessi lög hefðu verið sett til þess að vaxtahækkun myndaði grundvöll til vaxtabóta. Vissulega gerist það með þessum lögum. En vaxtabótaréttur inn skiptir bara engu máli. Hefðu lögin verið óbreytt, þá hefði greiðslubyrði fólks á hverju ári ekki aukist þrátt fyrir vaxtahækkun, heldur hefði lánstíminn lengst. Og það sem skiptir okkur öll máli sem erum að kaupa húsnæði er greiðslubyrðin á ári hverju. Hefði lögunum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána ekki verið breytt hefði lánstíminn einfaldlega lengst með raunvaxtahækkuninni en greiðslubyrði fólks orðið sú sama. Og það veit hæstv. félmrh. vel því lögunum var í rauninni breytt til þess að fá aukið fjármagn inn í Byggingarsjóð ríkisins. Það var aðalatriðið. Aðalatriðið var ekki að mynda rétt til vaxtabóta. Það sem ég sagði var að að óbreyttum lögum skipti það engu máli fyrir það fólk sem hefði fengið á sig raunvaxtahækkun þó það myndaðist ekki við það réttur til vaxtabóta vegna þess að það sem fer inn á jöfnunarreikninginn greiðist undir lok lánstímans. Það bætist við höfuðstólinn og greiðist upp undir lokin. Þá á fólk orðið það mikið í sinni eign að þó það hafi formlega rétt til vaxtabóta hefur það engan raunhæfan rétt til þeirra.

Félmrh. ræddi lítillega um íbúðir fyrir aldraða og sagði að það hefðu verið veitt lán til 600 íbúða fyrir aldraða sem fá nú á sig vaxtahækkun úr 3,5 og 4,5% í 4,9%. Félmrh. svaraði því hins vegar ekki einu orði hvort þessi hópur hefði verið skoðaður sérstaklega, en sú var mín spurning, og hvort hugsanlegt væri að hann nyti lægri vaxta en þeirra sem nú tóku gildi almennt í Byggingarsjóði ríkisins, þ.e. á þessum lánaflokki væru ekki hærri vextir en er á almennum kaupleiguíbúðum. Sú var mín spurning og henni var ekki svarað hér og því var ekki svarað hvort þessi hópur hefði verið tekinn til sérstakrar skoðunar við þessa vaxtahækkun.

Áður en ég fer héðan úr pontu langar mig til þess að lesa upp ályktun sem samþykkt var á útifundinum á Lækjartorgi sem haldinn var vegna, eins og það var kallað, vaxtaokurs og svika í húsnæðismálum. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Útifundur á Lækjartorgi 30. maí 1991 mótmælir harðlega fram komnum vaxtahækkunum ríkisstjórnarinnar og varar við afleiðingum þeirra. Hækkun vaxta stríðir gegn markmiðum gildandi kjarasamninga og veldur enn frekari vaxtahækkunum í fjármagnskerfinu. Launafólk sættir sig ekki við að ávinningur af þjóðarsátt þess sé færður fjármagnseigendum á silfurfati með því að kynda undir vaxtaokri." — Ég er tilbúin til þess að gera hlé á lestrinum meðan alþýðuflokksmennirnir ráðgast hérna, ég held þeir hefðu gott af því að heyra þessa ályktun.

„Fundurinn fordæmir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hækka vexti á húsnæðislánum afturvirkt til ársins 1984. Með þessu móti eru settar enn meiri álögur á húsnæðiskaupendur og kaupmáttur þeirra skertur.

Fundurinn mótmælir harðlega þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að loka biðröðinni í almenna húsnæðislánakerfinu frá 1986 og svíkja þar með gefin fyrirheit. Þá mótmælir fundurinn því að ekki skuli staðið við lagabreytingar um að hækka lánshlutfall í húsbréfakerfinu í 75% af matsverði úr 65% fyrir þá sem eru að kaupa í fyrsta skipti. Fundurinn krefst þess að horfið verði frá öllum afturvirkum hækkunum og stjórnvöld, fjármagnskerfi og lífeyrissjóðir sameinist um að lækka vexti.

Útifundur á Lækjartorgi krefst þess að hægt sé að treysta forsendum og fyrirheitum. Of lengi hafa stjórnvöld leikið sína sérislensku rúllettu í húsnæðis- og vaxtamálum með fjármuni launafólks og skuldbindingar að veði."

Það er kannski ástæða til þess að félmrh. kynni sér þessa ályktun vegna þess að hún hefur nú farið með þennan málaflokk nokkuð lengi, gefið ýmis fyrirheit og ýmis loforð þannig að það stendur ekki síst upp á hana að standa við þau.

EFRI DEILD

8. fundur, fimmtudaginn 30. maí, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, 2. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 11 (sbr. 9), n. 13.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá stjórnskipunar- og þingskapanefnd á þskj. 13 um frv. til laga um þingsköp. Um efnisatriði vísa ég til þess sem fram kom þegar formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Austurl., gerði ítarlega grein fyrir málinu við 1. umr. hér í vikunni. Eins og kom fram í máli hans hélt nefndin sameiginlega fundi með neðrideildarnefndinni og ræddi þá flest atriði frv. og samþykkti fyrir sitt leyti þær brtt. sem afgreiddar voru í Nd. og fluttar voru af stjórnskipunar- og þingskapanefndinni þar. Nefndin hefur einnig komið saman eftir að afgreiðslu Nd. á málinu lauk og er sammála um að mæla með því að frv. verði afgreitt óbreytt frá deildinni eins og það liggur fyrir á þskj. 11.

Þrír hv. þm. skrifa undir nál. með fyrirvara, þ.e. fulltrúar Framsfl. í nefndinni, hv. 1. þm. Austurl. og hv. 2. þm. Suðurl. Enn fremur skrifar fulltrúi Kvennalistans, hv. 15. þm. Reykv., undir nál. með fyrirvara en ég býst við að þau geri grein fyrir því á eftir í hverju fyrirvari þeirra er fólginn.

Í nefndinni urðu töluverðar umræður um þá breytingu sem varð á 14. gr. frv. í meðförum Nd. þegar ákveðið var að fjölga nefndarmönnum í fjárlaganefnd úr níu í ellefu. Menn deildu í sjálfu sér ekki um þá ákvörðun að fjölgað skyldi í nefndinni, að vísu voru athugasemdir við það, en meginatriðið í umræðum nefndarmanna var aðferðin sem var beitt við þetta. Menn töldu að þar sem stefnt hefði verið að því við afgreiðslu málsins að samstaða yrði milli þingflokka um málið þá hefði verið betur staðið að málinu með því að hugmyndin um ellefu manna fjárlaganefnd hefði komið fram á fyrri stigum þess en rétt á þessu lokastigi sem raun bar vitni um í Nd. og voru menn í sjálfu sér sammála um það að æskilegt hefði verið að standa þannig að málinu. Á hinn bóginn var á það bent að hér væri um atriði að ræða sem samið hefði verið um milli flokka á þessu stigi og í sjálfu sér væri ekkert óeðlilegt við það að þannig væri staðið að afgreiðslu mála hér á hinu háa Alþingi. Þótt það væri mikilvægt atriði þá væri hitt aðalatriðið, að menn væru í megindráttum sammála um ágæti þess að ellefu manns yrðu í fjárlaganefndinni.

Á fundum nefndarinnar komu fram nokkur atriði sem nefndin taldi ástæðu til að geta um sérstaklega í nál. þótt ekki væru lagðar fram neinar brtt. frá henni. Þessi atriði eru talin upp í nál. og ég skal gera örstutta grein fyrir þeim.

1. Stöðugt útvarp frá Alþingi. Nefndin er á einu máli um að kanna beri hvort það sé tæknilega mögulegt og hvaða kostnaður því fylgir að útvarpa á sérstakri rás umræðum frá Alþingi. Slíkt er miklu auðveldara nú eftir að Alþingi verður komið í eina málstofu en þegar tvær deildir störfuðu samtímis. Nefndin leggur til að forsætisnefndin óski eftir því við Ríkisútvarpið að kannað verði hvaða kostnaður fylgi þessu.

2. Fundatímar þingsins. Nefndin beinir þeim tilmælum til forsætisnefndar að hún kanni nú í sumar hvort ekki gæti náðst samstaða um að breyta fundatímum þingsins þannig að þeir hefjist eitthvað fyrr en nú er. Áður fyrr hófust þingfundir kl. 1.30 en síðan var reglulegum fundatíma breytt til kl. 2, eins og hann er núna, en fyrir örfáum árum var líka gerð sú breyting að hefja fundi í sameinuðu þingi á fimmtudögum kl. 10, fyrirspurnafundi, og mun það vera mál flestra að það hafi gefist vel. Nefndin er ekki með ákveðnar hugmyndir um hvernig þetta ætti að vera en beinir þessum tilmælum til forsætisnefndar. Eitt ber þó að nefna í þessu sambandi sem ekki má gleymast og það er að fyrir hádegi fer nú fram allt nefndastarf þingsins og það má ekki ganga á þann tíma sem nefndunum er ætlaður til starfa nema gera jafnframt einhverjar ráðstafanir til þess að það starf geti gengið eðlilega fyrir sig.

3. Meðferð fjárlagafrv. Nefndin er í megindráttum samþykk þeirri skipan sem taka á upp en beinir þeim tilmælum til væntanlegrar fjárlaganefndar og forseta þingsins að gengist verði fyrir því í sumar áður en nefndin hefur störf að setja strax í upphafi einhverjar starfsreglur sem bæði nefndin og fastanefndirnar geta starfað eftir. Að dómi nefndarinnar er hyggilegt að að þessu verki komi bæði fjárlaganefndin, þeir þingmenn sem hafa átt hvað mestan þátt í þeirri vinnu sem fram hefur farið við undirbúning þingskapafrv. og mótuðu þessar hugmyndir á fyrra stigi um breytingar á meðferð fjárlagafrv. og þeir aðilar sem hafa haft mest samskipti við nefndina, þ.e. fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun annars vegar og Ríkisendurskoðun hins vegar ásamt auðvitað starfsmönnum Alþingis. Þetta telur nefndin mjög hyggilegt að gera frekar fyrr en seinna.

4. Störf fastanefnda. Nefndin hvetur til þess að fastanefndir hefji þegar í sumar störf. Þær hafa til þess umboð fram til 1. okt. Það er mikilvægt að þær noti sumarið til þess að undirbúa haustþingið eftir því sem ástæða þykir til.

5. Húsnæðismál Alþingis. Um þau urðu talsverðar umræður hér við 1. umr. um frv. til stjórnarskipunarlaga. Nefndin beinir því til forsætisnefndar að hún hraði athugun á húsnæðismálum Alþingis í því skyni að fá niðurstöðu í þau mál.

Ég skal svo ekki, herra forseti, lengja þessa umræðu en legg til að málið verði afgreitt óbreytt til 3. umr.

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Frsm. nefndarinar, hv. þm. Björn Bjarnason, hefur gert grein fyrir því nál. sem allir nefndarmenn rita undir og hef ég í sjálfu sér engu við það að bæta. Þótt margt megi segja um þetta mál þá höfum við rætt það svo ítarlega að ég ætla ekki að nota þennan tíma til að lengja þá umræðu.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir því að ástæðan fyrir því að ég rita undir þetta nál. með fyrirvara er einfaldlega sú að það var staðið að þessu máli með þeim hætti að gengið var til verksins þannig að ná ætti samstöðu milli allra þingflokka hér á Alþingi um þetta mikilvæga mál. Síðan gerist það skyndilega, eftir að málið hafði verið útrætt í nefnd í Nd., að fulltrúar stjórnarflokkanna koma sér saman um breytingu að því er varðar fjvn. án samráðs við aðra.

Það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að meiri hluti á Alþingi á hverjum tíma getur að sjálfsögðu gert þær breytingar sem hann telur æskilegar og varða samkomulag á milli flokka. Það viðurkennum við að sjálfsögðu sem störfum í stjórnarandstöðu. Það er hins vegar mjög sjaldgæft að stofnað sé til mála með þeim hætti sem gildir um þetta mál og það verður að halda það í heiðri ef gott samstarf á að takast. Þetta hefur í sjálfu sér verið viðurkennt af öllum nefndarmönnum og verður því að líta svo á að hér hafi verið um mistök að ræða. Með þessu erum við á engan hátt að halda því fram að við höfum ekki verið tilbúnir til samkomulags um þetta mál í Framsfl. ef mikill meiri hluti hefði viljað þessa breytingu. Það má segja að á það hafi ekkert reynt. Við verðum að sjálfsögðu í starfi sem þessu að sætta okkur við breyting-

ar sem mikill meiri hluti þingsins vill gera.

Þetta er orðinn hlutur en að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira. Við höfum gert það nægilega. Ég er að öllu öðru leyti ánægður með það samstarf sem hefur átt sér stað í þessu máli. Það var bæði lærdómsríkt og gagnlegt og ágæt samstaða ríkti meðal nefndarmanna í þeirri vinnu sem þarna fór fram.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, virðulegi forseti, en vildi aðeins gera grein fyrir ástæðu þess að ég undirritaði þetta nál. með fyrirvara.

Jón Helgason:

Herra forseti. Mér finnst það satt að segja dapurlegur endir á meðferð þessa máls sem búið er að leggja mikla vinnu í að ná samstöðu um og allir hafa lagt sig fram um það að þá skyldu stjórnarflokkarnir taka til þess bragðs að ákveða að afgreiða það með meirihlutavaldi eftir að nefndarvinnu var lokið. Það er ástæðan fyrir mínum fyrirvara.

En ég vil láta í ljós þá von og einlægu ósk að þessi vinnubrögð, sem þarna voru tekin upp, boði ekki framhald þeirrar vinnu sem nú þarf að fara fram um þetta mál hér í þinginu.

Í nefndarstarfinu lögðum við nefndarmenn einmitt áherslu á það að við stjórn þingsins nú að lokinni breytingu yrði reynt að ná sem víðtækastri samstöðu allra flokka sem fulltrúa eiga á Alþingi þannig að um stjórn þingsins, stefnu og vinnubrögð næðist sem best samkomulag. Það veitir sannarlega ekki af því. Að sjálfsögðu hefur þessi breyting í för með sér að mörgu þarf að hyggja og það nú þegar eftir að breytingin hefur átt sér stað.

Ég vil taka undir það sem stendur í nál. að nú þegar kjósi fastanefndir sér forustu þannig að þær séu reiðubúnar að hefja störf.

Þessi breyting þarf að leiða til þess að nefndastörf verði mikilvægari og að einhverju leyti draga úr umræðum um mál í Alþingi. Kannski getur sú hugmynd sem hér er varpað fram um opna nefndafundi og útvarp frá Alþingi, útvarp frá nefndafundum þar sem menn skiptast á skoðunum um málið, komið að nokkru leyti í staðinn fyrir umræðu í þinginu. En ég held að það sé mjög mikilvægt að skipuleggja starfið vel til þess að tíminn nýtist sem best.

Eitt atriði annað langar mig að minnast á við þetta tækifæri og það eru erlendu samskiptin. Mér finnst það ekki vera mikið sem um þau er fjallað í þessum þingsköpum þó að umfang þeirra fari sífellt vaxandi. Því hlýtur að reyna mjög á ákvæðið sem er í þingsköpunum um það að stjórn þingsins setji þarna ákveðnar reglur til þess að þessi samskipti verði í eðlilegu horfi og sem markvissust og þannig að allir þingmenn geti fylgst með því sem þar fer fram.

Það er margt meira sem hægt væri að fjalla um en aðalatriðið er þetta að menn taki nú höndum saman og verði samtaka um að vinna að framkvæmd þessarar breytingar þannig að sem best megi fara.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nál. stjórnskipunar- og þingskapanefndar með fyrirvara. Mínir fyrirvarar eru nokkuð almenns eðlis. Ég hef af því vissar áhyggjur að þessi þingsköp séu þannig að hægt sé að beita þeim á þann hátt að meiri hlutinn geti gengið fram hjá minni hlutanum. Ég hef þá í huga 3. gr. þar sem eru ákvæði um kosningu varaforseta og einnig 20. gr., sem mér yfirsást þangað til ég fór að kanna málið betur, en þar varð á breyting sem ég held að geti á vissan hátt verið eilítið hættuleg, þó svo að ég sé ekki þar með að segja að það sé ætlunin. Eins og greinin hljóðar núna er hægt að halda nefndafundi ef meiri hluti nefndar samþykkir það. Ég hef af því vissar áhyggjur að þar með sé hægt að halda nefndafundi á meðan á þingfundi stendur. Ég hef af þessu vissar áhyggjur þó ég sé ekki að segja að þetta sé sett þarna inn til þess að hægt sé að beita því þannig að meiri hlutinn geti alltaf haldið fundi þegar þeim dettur í hug þó svo að minni hlutinn vilji taka þátt hér í umræðum á þingfundi.

Ég vil vekja máls á þessu hér, ekki svo að skilja að ég búist við því að þessu verði misbeitt heldur einungis að segja að ég samþykki þetta í trausti þess að þessum þingsköpum verði ekki beitt nema á jákvæðan hátt, ekki neikvæðan. En það eru t.d. þessar tvær greinar sem ég hef vissar áhyggjur af þó svo ég hafi enga ástæðu til að ætla það að núverandi meiri hluti sé að setja þetta þannig að þeir ætli sér að misnota þetta heldur er ég einungis að vara við því og ég vil ekki túlka þetta á neikvæðan hátt heldur eingöngu á jákvæðan.

Mér er viss þyrnir í augum hve mikið ræðutími manna er takmarkaður, t.d. í utandagskrárumræðum, þó ég telji það sem hér hefur verið sæst á málamiðlun sem ég get sætt mig við. Ég er einnig ósátt við það hvernig er hægt að samþykkja mál hér í þinginu, þ.e. að ekki skuli einhver lágmarksfjöldi þingmanna þurfa að segja já til þess að frv. verði að lögum eða ályktun Alþingis samþykkt. Ég tel að það sé ekki heppilegt fyrirkomulag að það skuli vera hægt að allt niður í einn geti sagt já ef allir hinir sitja hjá. Ég tel þetta ekki eðlilegt og er búin að margminnast á þetta bæði á fundum nefndanna og hér í þessari deild. En þetta er niðurstaðan og auðvitað sætti ég mig við þá niðurstöðu sem meiri hlutinn kemst að en ég vil lýsa því hér að ég tel þetta fyrirkomulag ekki heppilegt.

Almennt vil ég segja að ég vonast til að þessi þingsköp verði Alþingi til farsældar og okkur sem hér störfum nú og í framtíðinni og að þeim verði aldrei beitt á neikvæðan hátt heldur einungis í anda lýðræðis.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. þá skrifa ég undir nál. án fyrirvara og stend þannig fyrir hönd Alþb. að þessum breytingum sem hér er verið að gera á þingsköpum Alþingis í tilefni af því að verið er að breyta stjórnarskrá landsins.

Ég tel að þau þingsköp sem hér er verið að samþykkja hafi mjög marga kosti. Í fyrsta lagi þá geti þessi þingsköp tryggt opnara þinghald en verið hefur

t.d. með þeim ákvæðum sem þar eru um hugsanlega opna nefndafundi og um beint útvarp frá Alþingi. Í öðru lagi þá geti þessi þingsköp tryggt lýðræðislegra þingstarf en ella, m.a. með því að stjórnarandstaða eigi lögbundna aðild í raun og veru að kosningu varaforseta og vegna yfirlýsinga sem fram hafa komið frá stjórnarliðinu um að það verði rætt að stjórnarandstæðingar geti átt formenn í einstökum nefndum. Í þriðja lagi tel ég að þingsköpin eins og þau líta hér út muni í raun og veru tryggja allvel rétt minni hluta, m.a. vegna þess að þröskuldurinn til þess að samþykkja bráðabirgðaafbrigði er hærri en hann var.

En það ber líka að viðurkenna það sem fram kom hér hjá hv. 15. þm. Reykv. að samkvæmt þessum þingsköpum hefur meiri hlutinn mjög mikinn rétt. Það veltur því mjög mikið á meiri hlutanum núna fyrstu skrefin hvernig þróunin verður við framkvæmd hinna nýju þingskapa og að meiri hlutinn misbeiti ekki valdi sínu á neinn hátt gagnvart minni hlutanum. Það væri náttúrlega mjög alvarlegur hlutur ef menn áttuðu sig ekki á því að við erum núna að ganga inn í algerlega nýtt skeið við framkvæmd þinghaldsins og að við skiljum það, bæði sem erum í minni hlutanum og þeir sem skipa meiri hlutann núna, að það er um að ræða alveg sérstakar skyldur sem á báðum þessum mikilvægu þáttum þingsins liggja, stjórnarliði og stjórnarandstöðu.

Eitt af því allra mikilvægasta við breytinguna sem nú er að ganga yfir er það að gert er ráð fyrir að þingmennirnir séu í raun og veru starfandi allt árið og það sé hægt að kalla þingið saman hvenær sem er. Ég bendi í þessu sambandi á það að nú er rætt um að hugsanlega verði gengið frá samningum í næsta mánuði um Evrópskt efnahagssvæði. Við þær aðstæður að við höfum ný þingsköp og þar með nýjan þátt í stjórnskipuninni þá tel ég að ætti að kalla þingið saman til aukafundar til að fjalla um slíkt mál fremur en að ríkisstjórnin ein afgreiði málið með þeim hætti sem verið hefur.

Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að þarna reynir í raun og veru mjög mikið á ríkisstjórnina varðandi framkvæmd hinna nýju þingskapa. Ef ríkisstjórnin afgreiðir mál eins og EES-málið svo að segja með hefðbundnum gamaldags hætti, þeim að ljúka málinu af sinni hálfu einhvern tímann snemma sumars og leggja það svo fyrir þingið í haust, þá er það í raun og veru mjög slæm byrjun á framkvæmd hinna nýju þingskapa.

Í þessum efnum geri ég ráð fyrir því að stjórnarliðar kunni að segja: Já, en þá verðum við að hafa tryggingu fyrir því af hendi stjórnarandstöðunnar að málefnalega verði um málið fjallað og menn séu ekki að ræða um mjög marga aðra hluti á slíku sérstöku þingi en það er boðað saman til að fjalla um. Þá liggur auðvitað sú skylda á okkur stjórnarandstæðingum að halda þannig á málum. En aðalatriðið er það að menn bindist samtökum um það, stjórn og stjórnarandstæðingar, að framkvæma hin nýju þingsköp í anda þeirrar umræðu sem fram hefur farið og að menn loki ekki máli eins og t.d. EES-málinu óðruvísi en að þingið verði kallað saman. Ég er alveg sannfærður um það að við þessar aðstæður, að ný ríkisstjórn og nýtt þing standi svona að málum á grundvelli hinna nýju þingskapa, þá munum við strax geta í sameiningu mótað hér allt önnur og mér liggur við að segja með fullri virðingu fyrir öllum þroskaðri þingræðisleg vinnubrögð en stundum hafa sést hér án þess að ég sé að nefna einstök nöfn í þeim efnum og á sjálfur vafalaust þátt í því að hlutirnir hafa verið alla vega hér eins og fleiri.

Þetta vildi ég nefna til að undirstrika það að hér er um að ræða mikilvægt mál sem ég sem fulltrúi og minn flokkur, sem nú er í stjórnarandstöðu, lítur þannig á að honum beri skylda til að vanda sig við að framkvæma. Ég tel t.d. að sumt af því sem er í nál. og hv. 3. þm. Reykv. gerði grein fyrir hér áðan sé mjög mikilvægt. Varðandi fjárlaganefndina alveg sérstaklega að hún temji sér allt önnur vinnubrögð heldur en verið hefur. Og að þarna sé mikil skylda bæði á okkur í stjórnarandstöðunni en líka stjórnarliðinu. Og að menn reyni í raun og veru að setja sig inn í alveg nýja tíma og ímyndi sér svo að segja að við séum að ganga hér að ónumdu landi og ætlum að byggja það eins og við teljum skynsamlegast, en ekki eins og var gert í fyrra og hittiðfyrra og fyrir 20 árum og 30 árum og 40 árum.

Umhverfisráðherra (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að ég kom að þessu máli á sínum tíma sem þingflokksformaður Alþfl. og átti ásamt öðrum þingflokksformönnum nokkurn þátt í að móta þær tillögur sem sigla nú hraðbyri til þess að verða lög. Einnig hafði ég raunar átt sæti í nefnd sem endurskoðaði þingsköp á sínum tíma þar áður. Ég hef skrifað undir þetta nál. án fyrirvara og styð þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir að verði að lögum.

Að vísu skal það fúslega játað að um einstök atriði hér má hafa margar skoðanir og rökstyðja allar vel. Það er eitt atriði sem ég vil aðeins nefna í þessari umræðu sem ég er ekki fullsáttur við, enda þótt ég hafi um það ekki gert neinn ágreining og muni ekki gera það. Ég held að það sé misráðið þegar fyrirspurnir eru til umræðu að aðrir tali en fyrirspyrjandi og sá ráðherra sem svarar, einfaldlega vegna þess að þær ræður sem þar verða fluttar verða yfirleitt hvorki fugl né fiskur og bæta litlu við umræðuna. Ef menn vilja ræða þau mál sem ber á góma í fyrirspurnum þá geta menn auðvitað tekið þau upp með öðrum hætti. En ég geri engan ágreining enda er þetta minni háttar mál. Ég held að efnislega hefði verið skynsamlegra að hafa þetta þannig að eingöngu fyrirspyrjandi og sá sem svarar tækju til máls.

Ég held að við séum hér á merkum tímamótum og get alveg heils hugar tekið undir með hv. 9. þm. Reykv. um það að nú getur orðið mikil breyting og breyting til batnaðar í störfum þingsins. En það er eins og ævinlega að veldur hver á heldur og það erum við öll sem eigum hér sæti og forsætisnefnd og forseti. Það er því ákaflega mikið undir því komið hvernig framkvæmdin verður á þessum lögum. Textinn er ekki nema hálf sagan, hvernig framkvæmdin verður skipt-

ir auðvitað mjög miklu máli.

Mér hefði fundist líka að stíga hefði mátt nokkru lengra í þá átt að setja skorður við löngum ræðuhöldum. En mér er alveg ljóst að það er umdeilt efni og ágreiningsefni margra hér. En ég held að það hafi ekki skaðað að settar verði þrengri skorður í þeim efnum. En einkanlega held ég þó og tek þar enn og aftur undir með hv. þm. Svavari Gestssyni að það þurfi kannski svolítið meiri þroska, held ég að hann hafi sagt eða eitthvað í þá veruna. Ég held að það eigi að gera miklu meira af því en gert hefur verið að þingflokkar geri með sér samkomulag, þegar verið er að ræða meiri háttar mál, um það hvernig umræðan skuli fram fara. Og að það samkomulag haldi. Oft hafa verið gerðar slíkar tilraunir þingflokksformanna og forseta um það að ætla umræðu um ákveðið efni svo og svo langan tíma. En það hefur nú verið allur gangur á hvernig það hefur haldið. Ég held að það mundi verða mjög til bóta og gera umræðu alla og umfjöllun mála hér á löggjafarþinginu markvissari, einbeittari og áheyrilegri ef menn kæmu sér saman um ramma fyrir umræður þar sem ræður væru ekki mjög langar. Ég held að það sé meginatriði og það sem kannski skilur þinghaldið hér hjá okkur mest frá því sem tíðkanlegt er t.d. á Norðurlöndunum er þessi ómarkvissa umræða út um víðan völl.

Sömuleiðis held ég, eins og var raunar vikið að hér áðan, að þetta með að kalla þing saman utan hins hefðbundna þingtíma sé nauðsynlegt og gott og gagnlegt alveg burt séð frá því hvaða meginmál er til umfjöllunar. Þá er ég ekki að tala sérstaklega um samningana um Evrópskt efnahagssvæði, alls ekki, bara önnur mál sem eru mikilvæg. Til þess að ríkisstjórn, hver sem hún er, og það veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson og fleiri hér geta tekið undir, að forsenda þess að þing verði kallað saman er auðvitað sú að það verði samkomulag um þinghaldið í öllum meginatriðum og þingið sé kallað saman af sérstöku tilefni til að ræða sérstakt mál og menn virði það samkomulag, enda þótt freistandi sé að efna til flugeldasýninga af ýmsu tagi undir slíkum kringumstæðum. Þá verða menn líka að sýna þann þroska, svo ég noti aftur það orð, að hafa þinghaldið skipulegt, samfellt og láta það snúast um það mál sem kveikti umræðuna. Þetta held ég að skipti ákaflega miklu máli.

Ég endurtek og legg á það þunga áherslu að ég held að það sé jafnmikið komið undir framkvæmd þessara þingskapa og hinum skrifaða texta sem hér liggur fyrir og það veltur því á miklu hvernig til tekst um framkvæmdina. Sjálfsagt má það vera rétt og eðlilegt að þessi þingsköp verði endurskoðuð mjög fljótlega í ljósi fenginnar reynslu því áreiðanlega mun nauðsynlegt reynast að gera á þeim einhverjar breytingar.

Einu atriði langaði mig, herra forseti, til að víkja að áður en ég lýk máli mínu og það var atriði sem hv. 15. þm. Reykv. nefndi hér áðan varðandi það að í raun er hægt að samþykkja með einu já-atkvæði við nafnakall. Þetta er auðvitað rétt ábending og yfirborðsrökin sem hafa verið flutt í því máli hljóma nokkuð vel. En um þetta var ítarlega rætt og fjallað í nefndinni sem málið fékk til umfjöllunar í þessari hv. deild. Auðvitað er það svo að í rauninni er enginn munur á því hvort það er einn sem segir já eða hvort það eru 17 sem segja já, vegna þess að það er alltaf mikill minni hluti og ég sé ekki að það séu rök í sjálfu sér. Hins vegar eru meginrökin þau að með því að greiða ekki atkvæði eru þingmenn auðvitað að taka afstöðu í málinu. Ég skil að sumu leyti þann málflutning sem þeir sem hafa þessar skoðanir hafa hér í frammi. En ég get ekki á hann fallist og mér heyrðist það vera mjög almenn skoðun í nefndinni þegar þetta var rætt að það hafði ekki hljómgrunn.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ég held að hér sé verið að vinna mjög gott verk og ég get út af fyrir sig tekið undir með þeim sem hér hafa sagt að það er miður og mér þykir það persónulega miður að upp skuli hafa komið ágreiningur nokkur um nefndarkjör á síðustu stigum málsins. Ég tek undir það. Mér þótti það miður og hefði verið betri svipur á því ef þetta hefði getað til efnda gengið í góðu samkomulagi. En það er nú bara eins og hlutir gerast hér og varð ekki við gert í þessu tilviki. En hér er verið að vinna gott verk og ég vona að það verði störfum á hinu háa Alþingi til góðs.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tel að þessar umræður sem hér hafa farið fram endurspegli þær umræður sem fóru fram í nefndinni og hér hafi komið fram þau atriði sem á var drepið í umræðum innan nefndarinnar. Mér finnst að vísu heldur fast að orði kveðið þegar það er kallað mistök að fjölgað hafi verið úr níu í ellefu í fjárlaganefndinni. Eins og ég sagði þá deildu menn um aðferðina en um hina efnislegu niðurstöðu er víðtæk samstaða og greinilega og, eins og hér hefur komið fram, út fyrir raðir stjórnarflokkanna. En ég tel að ekki eigi að líta á þessa aðferð sem þarna varð að nota á þessu stigi málsins sem neina vísbendingu um það hvernig menn ætla að vinna á grundvelli hinna nýju þingskapa, þvert á móti tel ég að í þingsköpunum séu ýmis ákvæði sem eigi að tryggja sem víðtækasta samstöðu um meðferð mála hér á Alþingi og unnt verði að leysa úr þeim ágreiningi sem þar kemur á sem málefnalegastan hátt og sem lýðræðislegastan og þingsköpin miði að því að tryggja slíka málsmeðferð. Er það mikils virði og fer náttúrlega eftir hugarfari hvernig að er staðið. En það hlýtur að verða markmið allra sem hér eru og allra á Alþingi að fyrstu skrefin verði á þann veg að þessi samstaða verði sem víðtækust og góður samstarfsandi myndist á grundvelli hinna nýju reglna.

Ég vildi aðeins í tilefni af orðum hv. 9. þm. Reykv. um nauðsyn þess að kallað yrði saman sérstakt þing í sumar ef þróun mála í viðræðum EFTA og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði gæfi tilefni til minna á það að í hinum nýju þingsköpum er gert ráð fyrir að fastanefndir þingsins starfi allt árið. Menn verða í umræðum um annars vegar nauðsyn þess að kalla saman aukaþing og hins vegar þau málefni sem

fyrir þingið koma að huga að hlutverki nefndanna og að allar nefndirnar sitja nú allt árið en ekki aðeins utanrmn. eins og áður var. Og að það komi til álita almennt þegar menn velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að kalla þing saman eða Alþingi taki afstöðu til einstakra mála sem upp koma hverju sinni. Þá er auðvitað mun viðaminna að kalla fastanefndir saman til fundar til að ræða um einstök málefni. Í þingsköpum eru líka ákvæði um það að þessar nefndir geti haldið fundi fyrir opnum tjöldum þannig að þingmenn gætu látið að sér kveða um málefni án þess að ráðist yrði í jafnviðamikið verkefni og það að kalla þingið allt saman til fundar.

Við höfum nú verið hér að störfum í bráðum þrjár vikur. Eins og við vitum þá var þetta þing kallað saman til þess að samþykkja og staðfesta þær breytingar sem við erum hér að fjalla um. Í raun og veru held ég að tæknilega séð hafi verið unnt að vinna það verk á rúmlega viku eða svo. Við höfum þó gefið okkur þrjár vikur til að vinna þetta starf og þar hefur blandast náttúrlega inn í að við erum með nýja ríkisstjórn sem hefur gert grein fyrir stefnu sinni. En ég vona að þetta þinghald, þótt það hafi verið gagnlegt allt saman, gefi ekki vísbendingu um það að aukaþing sem kölluð yrðu saman þyrftu að dragast á langinn eins og raun hefur orðið hér. Það væri æskilegast að sjálfsögðu, eins og hæstv. umhvrh. nefndi, að þegar menn ákveða að kalla saman þing af sérstöku tilefni sé alveg búið að ákveða það fyrir fram í samvinnu milli þingflokka hvernig að málsmeðferð verði staðið.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram og ítreka að í umræðunum annars komu fram þau meginsjónarmið sem komu fram í umræðunum í nefndinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–90. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
91. gr. og ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

8. fundur, fimmtudaginn 30. maí,
kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1, n. 12.

Frsm. stjórnskipunar- og þingskapanefndar (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Mér er ánægja að mæla hér fyrir nál. frá stjórnskipunar- og þingskapanefnd hv. deildar um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem nefndin hefur fengið til meðferðar.

Þingmál þetta er hv. deildarmönnum ekki ókunnugt. Þetta er staðfestingarfrv. á þeirri breytingu sem Alþingi samþykkti að gera á stjórnarskránni fyrr á þessu ári. Þessi breyting hefur þegar fengið staðfestingu hv. Ed. þingsins.

Þessi stjórnarskrárbreyting er forsenda þess að Alþingi megi starfa í einni málstofu framvegis og er jafnframt skilyrði þess að þau áform um breytingar á þingsköpum sem hér hafa verið til umræðu nái fram að ganga.

Í stuttu máli, herra forseti, er það álit nefndarinnar að þetta frv. beri að samþykkja, að sjálfsögðu óbreytt. Var fullur einhugur í nefndinni um að mæla með samþykkt frv. Það má geta þess til gamans, virðulegi forseti, að nefndarfundurinn sem þessa afstöðu tók í stjórnskipunar- og þingskapanefnd í gær mun verða, ef öll áform ganga hér eftir, síðasti nefndarfundur sem haldinn hefur verið í deildum Alþingis.

Að svo mæltu, herra forseti, vil ég leyfa mér að leggja til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–28. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SAÞ, StH, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, MB.

10 þm. (SP, VE, ÁJ, DO, FI, FrS, JóhS, JónS, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

NEÐRI DEILD

9. fundur, fimmtudaginn 30. maí,
að loknum 8. fundi.

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

9. fundur, föstudaginn 31. maí, kl. 8.30.

Umræður utan dagskrár.
Málefni EES.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár hefst hér utandagskrárumræða að beiðni hv. 1. þm. Austurl. um málefni EES. Þetta er umræða sem fer fram samkvæmt 1. mgr. 32. gr. þingskapa, þ.e. hún má standa í allt að hálftíma. Málshefjandi hefur tvisvar sinnum þrjár mínútur til umráða, en aðrir tvisvar sinnum tvær mínútur.

Halldór Ásgrímsson:
Virðulegur forseti. Tilefni þess að ég bað um þessar umræður hér er frétt í Morgunblaðinu fyrir tveimur dögum síðan undir fyrirsögninni: „Tilbúnir til tvíhliða viðræðna jafnhliða EES-viðræðunum." Þar er haft eftir aðalsamningamanni bandalagsins að bandalagið sé reiðubúið til að hefja tvíhliða viðræður við Íslendinga og Norðmenn um þessi mál, en áður hafði hann sagt að EB legði ríka áherslu á það að EFTA-ríkin veittu EB-ríkjum einhver veiðiréttindi. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. vegna þess að mér finnst hans svör ekki vera nægilega skýr:

1. Eru þessar viðræður aðeins framhald þeirra viðræðna um sjávarútvegsmál sem hafa farið fram allt frá árinu 1976?

2. Er verið að flytja deiluna um að veiðiheimildir komi í stað frekari tollívilnana yfir í formlegar tvíhliða viðræður, þ.e. verður sú krafa uppi á borðinu í þeim viðræðum af hálfu Efnahagsbandalagsins að veiðiheimildir komi í stað tollívilnana?

3. Við hverja munu þessar viðræður fara fram? Er það eingöngu við DG 14 sem ég veit að hæstv. utanrrh. kannast við?

Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög varhugavert að flytja þessa deilu yfir í tvíhliða viðræður á þessu stigi. Ég get fallist á það að áfram verði kannað hvort mögulegt sé að ná rammasamningi um sjávarútvegsmál og að því loknu sé rétt að taka afstöðu til þess hvort gengið sé til formlegra, tvíhliða viðræðna sem ræðst að sjálfsögðu fyrst og fremst af því hvort krafan um veiðiheimildir er uppi á borðinu af hálfu Evrópubandalagsins. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða og það er afar mikilvægt að hæstv. utanrrh. tali skýrt í málinu og fari rétt með. Hann segir hér í þessu viðtali, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er varðar okkur Íslendinga, þá höfum við áréttað við EB að okkar tilboð frá tíð fyrrv. sjútvrh. frá 1987 um að vera tilbúnir til viðræðna um rammasamning um fiskveiðimálefni á grundvelli tvíhliða samskipta standi."

Ég vil í þessu sambandi vitna til þess sem þar fór fram og hæstv. utanrrh. hefur stundum vitnað til áður. Þar kom fram að hér væri um að ræða að taka upp þráðinn aftur frá viðræðum sem stóðu frá 1976 til 1983 og annað ekki. Þetta kemur fram í fundargerð á fundi frá 7. mars, sem þáv. sjútvrh. ásamt embættismönnum átti við Manuel Marin, og þann 29. mars 1990 var fundur um þessi mál í sjútvrn., en þar kom fram: „Bandalagið lítur ekki á gerð slíks samnings, þ.e. rammasamnings, sem eftirgjöf af Íslands hálfu. Fyrir frekari viðskiptaívilnanir fyrir íslenskar sjávarafurðir yrðu að koma tilslakanir á sjávarútvegssviðinu í formi fiskveiðiheimilda til handa bandalaginu."

Ég vil þess vegna taka fram að þessar viðræður fóru ekki fram 1987 eins og hæstv. utanrrh. sagði í þessu viðtali heldur 1989 og þar var ekki um neitt tilboð að ræða, heldur voru þær viðræður áframhald viðræðna sem hafa staðið allt frá 1976. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að hæstv. utanrrh. fari rétt með þessi mál ef hann vill ástunda góð samskipti og hafa góða samvinnu um úrlausn þessara mjög svo mikilvægu mála. Mér er það mjög vel ljóst að hann er þar í erfiðu hlutskipti og þarf á samstöðu að halda, en hann verður þá að fara rétt með mál í þessu viðkvæma máli.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Mér er ánægja að því að svara fyrirspurnum hv. 1. þm. Austurl. í tilefni af þessari Morgunblaðsfrétt og svörin eru einfaldlega þessi. Það hefur nánast ekkert breyst í samningsstöðu Íslands að því er þessi mál varðar eins og raunar kemur skýrt fram í svörum mínum við spurningum Morgunblaðsins. Samningsstaðan er algerlega óbreytt að því leyti. Samningarnir eru áfram á borðum EES-samninganna. Sameiginlegar kröfur EFTA eru óbreyttar. Við setjum fram óskir um tollfrjálsan aðgang, hindrunarlausan aðgang fyrir sjávarafurðir á mörkuðum Evrópska efnahagssvæðisins og við höfnum kröfum EB um veiðiheimildir.

Það eina sem gerst hefur er það að aðalsamningamaður EB, Horst Krenzler, skýrði frá því á blaðamannafundi sl. mánudag að EB mundi nú leita eftir tvíhliða viðræðum við þær þjóðir innan EFTA sem þeir teldu málið helst varða. Síðar upplýsti hann að hér ætti hann við Íslendinga, Norðmenn, Svía og Finna, þ.e. þær EFTA-þjóðir sem ekki væru landluktar.

Að því er Norðmenn varðar eru það einfaldlega viðræður á grundvelli rammasamnings sem þegar er í gildi á milli Noregs og Evrópubandalagsins. Sá samningur er frá árinu 1985. Hann kveður m.a. á um gagnkvæmar veiðiheimildir og reyndar voru það Norðmenn sem óskuðu eftir því að þær viðræður yrðu teknar upp nú.

Að því er okkur Íslendinga varðar táknar þessi yfirlýsing Krenzlers þá breytingu af hálfu EB að þeir segjast nú vera við því búnir að taka aftur upp þráðinn um tvíhliða viðræður um einhvers konar samstarfs- eða rammasamning við Ísland af því tagi sem hæstv. sjútvrh. skýrði frá hér í ræðu sinni áðan að Íslendingar hefðu áður rætt við EB. (**HÁ:** Fyrrv.) Fyrrv., já. Að vísu höfum við ekki enn fengið neina formlega tilkynningu um að EB fylgi þessu eftir þannig að hér

er ekki meira fram komið en þessi yfirlýsing Krenzlers frá umræddum fréttamannafundi. Formlega hefur því enn ekki verið farið þess á leit af hálfu EB að taka þessar viðræður upp. Við erum hins vegar við því búnir og ég hef svarað því.

Allt frá því að fríverslunarsamningur Íslands var gerður við EB 1972 og varð virkur með bókun 6 var ráð fyrir því gert að efnt yrði til slíkra viðræðna um einhvers konar rammasamning af þessu tagi. Íslendingar eru eina þjóðin sem hefur ekki slíkan rammasamning. Á tímabili var lítt eftir því leitað af hálfu Íslendinga. Þó var það svo að árið 1981 voru til drög að slíkum samningi sem Íslendingar hins vegar höfnuðu. Síðan hefur þráðurinn verið tekinn upp, m.a. í tíð hæstv. fyrrv. sjútvrh., eins og hann vitnaði til, árið 1989. Það er prentvilla í Morgunblaðinu, ártalið 1987, að sjálfsögðu var það 1989 í mars og október. Það eina sem er um þetta með öðrum orðum að segja er þetta:

EB mun þá væntanlega óska formlega eftir því núna að hefja þessar tvíhliða viðræður. Þau formlegu tilmæli hafa enn ekki borist þannig að það hefur nákvæmlega ekkert gerst formlega í þessu máli. Við höfum hins vegar lýst því yfir að við erum sömu skoðunar nú af hálfu þessarar ríkisstjórnar og fyrrv. ríkisstjórnar, við erum tilbúnir til þess að taka þessar viðræður upp ef EB óskar eftir.

En ég legg áherslu á það að lokum að samningsstaðan er algerlega óbreytt. Það hefur hvergi verið hreyft þeirri hugmynd að taka þessi mál af borði EES-samninganna. Samningsstaða EFTA er alveg óbreytt og þessar tvíhliða viðræður tákna undir engum kringumstæðum það að við séum fallnir frá þeirri grundvallarstefnu að við föllumst ekki á að veita veiðiheimildir til EB í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að hér er um mjög þröngan tíma að ræða. Hæstv. ráðherrar og aðrir þingmenn en málshefjandi hafa aðeins tvær mínútur til umráða tvisvar sinnum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það sem komið hefur fram varðandi samningaviðræðurnar um Evrópskt efnahagssvæði og það sem Ísland varðar, krafa EB um sérstakar viðræður við Íslendinga og einnig Norðmenn að upplýst er, eru auðvitað veruleg tíðindi. Það sem hér virðist vera að gerast er það að EFTA-ríkin eru ekki lengur að tala einni röddu við Evrópubandalagið í þessum viðræðum, þ.e. að EFTA-ríkin tefldu þar saman til loka. Nú er það að gerast að hluti af EFTA-ríkjunum beinir Evrópubandalaginu til sérviðræðna við Íslendinga um sjávarútvegsmál og við Norðmenn um sjávarútvegsmál. Og á morgun fara þrír íslenskir ráðherrar til fundar við fulltrúa ríkisstjórnar Noregs til þess að ræða þessa stöðu. Þannig virðist mér málið liggja. Og það er komið að því varðandi fornarkostnaðinn, sem hæstv. utanrrh. ræddi svo oft í fyrravetur hér á Alþingi og sem aðrir þyrftu að taka á sig í sjávarútvegsmálum, ætla nú íslenskir ráðherrar að því er virðist og samkvæmt orðum hæstv. utanrrh. að fara til Noregs og biðja um að upp á þennan fornarkostnað verði skrifað. Ég bið um það að hæstv. utanrrh. greini hér skýrt og skilmerkilega frá því í þessum viðræðum hvort EFTA-ríkin eru sundruð í þessu máli. Krenzler, aðalsamningamaður Evrópubandalagsins, segir á blaðamannafundi: Nú verða aðilar að gefa eftir í sjávarútvegsmálunum fyrir utan umferð í gegnum Alfalýðveldin, Austurríki og Sviss.

Þetta er auðvitað stóralvarleg staða sem hér er uppi og það er alveg nauðsynlegt að hér sé talað skýrt.

Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp hér og það væri sannarlega þörf á því að ræða það lengur en kostur er á undir formi þessara viðræðna.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu og ég tek undir það að við þurfum að fá skýr svör í þessu máli.

Í upphafi samningaviðræðna EB og EFTA var lögð á það rík áhersla að grundvallarforsenda af hálfu Íslands og reyndar allra EFTA-ríkjanna var að samið yrði um fríverslun með fisk. Í nóvember 1990 var fallið frá því. Reyndar var einnig fallið frá flestum öðrum fyrirvörum EFTA-ríkjanna sem settir höfðu verið í upphafi. Þá var hopað í þá stöðu að krefjast tollfrjáls aðgangs að mörkuðum EB fyrir sjávarfurðir. Aðrir þættir samningsins hafa allan tímann varla verið nefndir. Það er fyrst nú sem farið er að renna upp fyrir almenningi að í viðræðunum um EES er ekki verið að semja um fisk, heldur fyrst og fremst um fjórfrelsið svonefnda. Það sem lagt var upp með í upphafi sem meginmál er fokið út í veður og vind.

Nú berast af því fréttir að EFTA sé að hlaupa frá því að styðja Íslendinga á sjávarútvegssviðinu og að vísa eigi þeim málum í tvíhliða viðræður Norðmanna og Íslendinga. Það hefur jafnvel heyrst að komið gæti til greina að samið verði um EES án þess að ljóst verði hvort Íslendingar fái að flytja tollfrjálst inn á markaði EB og það verði hluti af heildarsamningi. Þetta eru að vísu mjög óljósar fréttir og vona ég að þær séu ekki á rökum reistar.

Við kvennalistakonur höfum frá upphafi bent á að í stað samninga um EES hefði verið rétt að taka strax upp tvíhliða viðræður við EB um viðskiptamál og fara fram á endurbætur á gildandi samningi við bandalagið. Við viljum halda áfram þeirri góðu samvinnu sem við höfum haft við EB á ýmsum sviðum, en án þess að gerast aðilar að Evrópubandalaginu eða taka stórt skref þar inn eins og verið er að gera með aðild að Evrópsku efnahagssvæði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að greina þingheimi frá því að í gær var utanrmn. að störfum eftir því sem tími leyfði að ræða þessi mikil-

vægustu málefni okkar um þessar mundir og verður í dag á þeim fundum sem haldnir verða á milli þingfunda. Aðalsamningamaður okkar er einmitt hér nú og mun verða á fundum með nefndinni að sjálfsögðu. Allir vita að þrír ráðherrar fara til Noregs á morgun. Málin eru sem sagt í deiglunni. Meginatriðið er það að enginn hefur léð máls á því að leyfa Evrópubandalagsþjóðum neinar veiðiheimildir innan okkar landhelgi. Hitt stendur líka alveg fast að við krefjumst tollfrelsis fyrir okkar afurðir.

Ég held að við Íslendingar höfum náð saman um þetta sjónarmið og meðan við erum að vinna sameiginlega að því að ná þessu fram, þá held ég að það sé ástæðulaust að hafa miklar umræður hér í þinginu, enda er það nú væntanlega að fara heim. Utanrmn. mun að sjálfsögðu starfa eins og þörf krefur.

Aðalatriðið er að við erum sameinuð um þessar meginkröfur okkar og getum þess vegna gjarnan gleymt fortíðinni og því sem við höfum verið að rífast um. Von mín er a.m.k. sú að við getum sameinast um að ná þessum kröfum.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég skil hann svo að hér sé eingöngu um það að ræða að halda áfram þeim viðræðum sem hafa staðið allt frá árinu 1976.

Það er hins vegar mjög mikilvægt að það sé sameiginlegur skilningur milli Íslands og Efnahagsbandalagsins um form þessara viðræðna. Og ef þessi tilvitnun í Krenzler er rétt, þá má líta svo á að hann sé að túlka það að verið sé að flytja þessa deilu yfir á annað svið. Og það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að ekki sé gengið til þessara viðræðna með þeim skilningi. Því hlýt ég að leggja á það áherslu að það komi fram sameiginlegur skilningur á viðræðunum áður en þær hefjast.

Í öðru lagi vildi ég ítreka þá spurningu til hæstv. utanrrh. sem hann svaraði ekki: Við hverja fara þessar viðræður fram? Er hér um að ræða viðræður við DG 14 eða undir þeirra forustu, eða er um að ræða viðræður við Evrópubandalagið, þ.e. utanríkismáladeild þess, þ.e. DG 1? Það hefur mikla þýðingu í þessu máli. Ef eingöngu er um að ræða framhald á því sem áður hefur farið fram, þá væri eðlilegt að það væri við DG 14. Ef um eitthvað annað er að ræða, þá er það væntanlega við DG 1.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég árétta það enn sem svar við fyrirspurn hv. 1. þm. Austurl. að það er ekki verið að flytja samninga okkar við Evrópubandalagið yfir í tvíhliða viðræður. Að því er varðar við hverja verður rætt ef formleg ósk berst frá EB um að taka upp þráðinn um rammasamning, þá höfum við lýst því yfir af okkar hálfu að þær viðræður eigi að fara fram við utanríkisdeildina, þótt það sé hennar mál hvort hún kveðji DG 14, sjávarútvegsdeildina, til þeirra viðræðna. Við ræðum við utanríkisdeildina alveg eins og við svöruðum því til þegar ósk barst um tvíhliða viðræður um landbúnaðarmálin. Við erum að vísu eina EFTA-ríkið sem tók ekki upp slíkar tvíhliða viðræður vegna þess að við erum í samningum við framkvæmdastjórnina samkvæmt hennar umboði og ræðum því við utanríkisdeildina eina, þótt hún megi kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar.

Ég vil, virðulegi forseti, árétta það í tilefni af orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að það hefur engin breyting orðið á því að EFTA talar einni röddu í þessum samningum. Samningsstaðan er enn sameiginleg og sameiginlega flutt af formennskulandi EFTA og þessi mál hafa ekki verið tekin út af því samningsborði.

Hver er þá samningsstaðan? Hún er einfaldlega sú að mínu mati að ég held að sú stund sé að nálgast að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins geri sér grein fyrir því að synjun Íslendinga á einhliða veiðiheimildum til EB í okkar lögsögu er pólitísk alvara sem verður ekki breytt. Spurningin er miklu fremur um mat á jafnvægi í þessum samningum, þ.e. þetta sem hv. þm. þekkja orðið mjög vel, að leggja mat annars vegar á kröfu okkar um hindrunarlausan tollfrjálsan aðgang gegn kröfum EB um rýmri innflutning landbúnaðarafurða og svo hugsanlega sjóðsstofnun.

Við Íslendingar höldum því fram að við þurfum ekki að taka á okkur neinn fórnarkostnað sérstaklega sem aðgöngumiða að þessu svæði. Hitt er svo annað mál að jafnvægi einstakra ríkja er mismunandi. T.d. er það ljóst að jafnvægismatið fyrir hönd Noregs er meira. Þeir hafa hagstæða niðurstöðu úr þessum samningum eins og þeir standa nú og það hefur komið skýrt fram, m.a. af hálfu forsætisráðherra Noregs eftir Vínarfundinn, og þá vísa ég til norskrar pressu, að þeir gefa fyllilega í skyn nú orðið að þeir væru hugsanlega reiðubúnir að verja nokkru meiru til en Íslendingar, sem eru að verja þjóðarhagsmuni, til þess að koma slíkum samningum á.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel það mjög sérkennilegt í þessari stöðu að verið sé að ræða um það milli tveggja EFTA-ríkja sérstaklega, án aðildar allra EFTA-ríkjanna, hvernig eigi að jafna á merinni, hvernig eigi að tryggja jafnvægi í heildarsamningum. Ég held að það sé mjög ills viti að nú sé í raun verið að taka upp tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið af Íslands hálfu á þessari stundu. Ég held að það veiti þeim og hinum EFTA-ríkjunum sem ekki standa í okkar sporum varðandi sjávarútvegsmál færi á því að skilja okkur eftir. Og ég tel það furðulegt í raun að hér skuli koma fram yfirlýsingar eins og frá formanni utanrmn. í gær að það sé eitthvert sérstakt fagnaðarefni að nú sé að koma til tvíhliða viðræðna við Evrópubandalagið um sjávarútvegsmál á þessari stundu. Ég held að það sé mikið vanmat á stöðunni. Og ég endurtek að ég hef miklar áhyggjur af þessari stöðu eins og hún blasir við varðandi okkar hagsmuni og er þó enginn talsmaður þess að þessir samningar um Evrópska efnahagssvæðið sem slíkir gangi upp. En auðvitað hljótum við að leggjast á árar a.m.k. að það fari ekki á versta veg.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það alveg skýrt fram að viðræðufundur sá sem fram fer í Ósló á morgun að beiðni norska forsætisráðherrans er alls ekki samningafundur af einu eða neinu tagi heldur samráðsfundur. Hann er haldinn að ósk norska forsætisráðherrans og samkvæmt samkomulagi forsætisráðherra beggja landanna.

Kristín Einarsdóttir:
Virðulegur forseti. Fyrir mér hefur það legið fyrir í langan tíma að þessar samningaviðræður eru komnar í hið mesta óefni. Það væri óheillaspor fyrir Ísland að tengjast EB svo *nánum* böndum sem þessi samningur gerir ráð fyrir. Okkur er engin nauðsyn á að gerast aðilar að alþjóðasamningi eins og þessum til að aðlaga okkar löggjöf að því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur. Við þurfum ekkert að láta af hendi mikilvæg stjórntæki í efnahagsmálum og afsala okkur *dómsvaldi í mikilvægum málum til erlendra dómstóla.*
Ég tel að það sem er að gerast þessar síðustu vikur og daga sýni alltaf betur og betur að þetta er ekki rétt leið sem valin var af stjórnvöldum á sínum tíma. Við hefðum strax átt að fara í tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið um allt samningssviðið, bæði um sjávarútvegsmál *sem og önnur mál sem við höfum haft.*
Ég skora á ríkisstjórnina að gaumgæfa vel hvert skref sem stigið er og hafa það í huga að það er erfiðara og erfiðara að koma til baka og slíta sig lausa ef svo stórt skref verður stigið inn í Evrópubandalagið sem nú virðist eiga að gera.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Nú hefur þessi umræða staðið í hálftíma og fulltrúar allra þingflokka hafa fengið tækifæri til þess að tala tvisvar svo forseti getur ekki haldið umræðunni áfram. — Hv. 8. þm. Reykn. hafði beðið um orðið, en eins og *forseti sagði, þá treystir hann sér ekki til þess að hefja* annan umgang í umræðu en nú ætlar hv. þm. að tala um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. Í upphafi þessarar umræðu bar hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. *sjútvrh., fram tvær meginspurningar* til hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. hefur ekki svarað annarri þessara spurninga. Satt að segja er það mikilvægara, virðulegi forseti, að gefa utanrrh. tækifæri til að svara henni sem þarf ekki að taka lengri tíma en það að segja eitt já hér í stólnum en halda upp á mínútu við ákveðinn *hálftíma.*
Þetta atriði sem hér um ræðir er sú spurning hv. 1. þm. Austurl. hvort ítrekað verði við Evrópubandalagið ef formleg beiðni berst um viðræður frá Evrópubandalaginu að þær viðræður yrðu eingöngu á grundvelli þeirra viðræðna sem fram hafa farið frá 1976. Þetta er *lykilatriði málsins og hæstv. utanrrh. þarf ekki* annað en koma hér upp í stólinn og segja já við þessari spurningu hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh., til þess að málið liggi ljóst fyrir. Þetta er mikilvægasta hagsmunamál Íslands (**Utanrrh.:** Ég get sagt já úr sæti mínu.) og getur líka sagt já úr sæti sínu. Ég vil nú biðja virðulegan forseta að skilja að þetta mál er svo stórt að það er satt að segja ekkert mál stærra sem við munum fjalla um hér á síðasta degi þingsins. Ég bið þess vegna um það að hæstv. utanrrh. verði gefið færi á því, jafnvel undir forminu þingsköp, að koma hér upp í ræðustólinn og svara því að það sé skýrt og ljóst af hans hálfu að ef til þeirra viðræðna verður stofnað, þá verði það sagt formlega af Íslands hálfu að það verði eingöngu á grundvelli þeirra viðræðna sem staðið hafa frá árinu 1976. Því ef það já kemur ekki hér í þingsalnum, þá hefur þessi umræða satt að segja orðið til lítils. (**Utanrrh.:** Spurningunni var þegar svarað svo það er óþarfi að fara í stólinn.)
Hæstv. utanrrh. kallaði fram úr sæti sínu, virðulegi forseti: Spurningunni hefur þegar verið svarað. Það er rangt, hæstv. utanrrh. Spurningunni var ekki svarað af hæstv. utanrrh.
Hv. 1. þm. Austurl. sagði hér í inngangsræðu sinni að það væri mikilvægt í þessu máli að utanrrh. gerði tvennt í senn: Talaði skýrt og greindi rétt frá. Ef hæstv. utanrrh. segir nú úr sæti sínu: Þessari spurningu hefur þegar verið svarað, þá er hann ekki að tala skýrt vegna þess að það má fara í gegnum orð hans hér í stólnum í þessari umræðu. Hann hefur ekki vikið einu orði að því að því verði lýst yfir af Íslands hálfu að ef til þessara viðræðna verði stofnað, þá verði það sagt af Íslands hálfu að þær verði á grundvelli viðræðnanna frá 1976. Og fyrst hæstv. utanrrh. segir það hér úr sæti sínu og ætlar að standa við það og láta það verða sín síðustu orð hér í dag um þetta mál að því hafi þegar verið svarað, *þá er alveg ljóst að þetta mál er ekki* skýrt af Íslands hálfu og það er einhver maðkur í þessari mysu. Það er því ekki ljóst hvað er verið að gera af hálfu ríkisstjórnar Íslands í þessu mikilvægasta máli sem, og hv. 1. þm. Austurl. bendir réttilega á, er höfuðatriði að gert sé ljóst af Íslands hálfu að verði eingöngu *á grundvelli þeirra viðræðna sem staðið hafa frá* 1976.
Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að tala hér um þingsköp. Ég ítreka enn að ef hæstv. utanrrh. vill skilja við málið og þingið með þeim hætti að ró og samstaða sé með þjóð og *þingi um framhald málsins, þá komi hann upp í ræðu*stólinn og segi já við þessari spurningu þó undir forminu þingsköp sé.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson *(um þingsköp)*:
Virðulegi forseti. *Ég hef aðeins tvisvar á þingferl*inum talað um þingsköp og þykir mjög miður ef ég þarf að fara að gera það að kæk. En ég vil gjarnan af gefnu tilefni endurtaka það sem fram kom í svörum mínum áðan sem var þetta:
Það hefur engin breyting á því orðið að það er ekki verið að taka *þessa samninga um Evrópskt efnahags*svæði af núverandi samningssviði og færa yfir í tvíhliða viðræður. Það er ekki verið að því. Það eina sem gerst hefur er að aðalsamningamaður EB hefur loks-

ins svarað jákvætt áður fram bornum óskum Íslendinga um tvíhliða viðræður, þ.e. til þess að taka þráðinn upp aftur eins og hv. 1. þm. Austurl. lýsti. Þessari spurningu var því þegar skýrt og skilmerkilega svarað. (**Gripið fram í:** Er það tilviljun að það gerist núna?) Ég er að rifja upp það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni.

Umræður utan dagskrár.

Búvörusamningur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst önnur utandagskrárumræða um búvörusamninginn að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. Sú umræða fer fram eftir samkomulagi um tíma. Það er ekki hálftímareglan, heldur hefur orðið samkomulag um að hún megi standa í eina klukkustund.

Forseti vill leyfa sér að leggja það til að hún verði þá með þeim hætti að menn tvöfaldi þann ræðutíma sem nota má undir hálftímareglunni, þ.e. málshefjandi megi þá tala tvisvar sinnum í sex mínútur í staðinn fyrir tvisvar sinnum þrjár og ráðherra og aðrir þingmenn sem taka til máls tali þá tvisvar sinnum í fjórar mínútur eða allt að því í staðinn fyrir tvisvar sinnum tvær. Forseti beinir því nú til þingheims að þessar tillögur verði teknar til greina og tíminn verði virtur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir að skapa pláss fyrir þessa umræðu hér. Ég held að það hafi því miður reynst algerlega óhjákvæmilegt að færi gæfist á að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra og gefa þeim eitt færi enn á því að reyna að skýra afstöðu hæstv. ríkisstjórnar eða öllu heldur einstakra ráðherra til þessa máls sem hér er á dagskrá.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. segir um landbúnaðarmál, með leyfi forseta: „Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár.“ En í ræðu aðfaranótt sl. þriðjudags sagði hæstv. utanrrh. á hinn bóginn ýmislegt sem gaf mönnum tilefni til að spyrja hvernig ætti þá að skilja texta í stefnuræðu hæstv. forsrh. Aðspurður um afstöðu Alþfl. til búvörusamnings, veiðileyfasölu og fleira sagði hæstv. utanrrh. í ræðu sinni að Alþfl. hefði ekki fallið frá afstöðu sinni varðandi endurskoðun búvörusamnings og gjaldtöku fyrir veiðileyfi og hafði um það ýmis fleiri orð, vitnaði til fyrirvara Alþfl. og greinargerðar um landbúnaðarmál. Og að síðustu greindi hæstv. utanrrh. frá sérstöku stefnuskjali um landbúnaðarmál sem væri ítarlegra en ákvæði málefnasamnings og lýsti betur því sem hæstv. ríkisstjórn hygðist fyrir í landbúnaðarmálunum.

Hæstv. landbrh. tók svo til máls hér í upphafi fundar í fyrradag og endurtók þá yfirlýsingu sem hann hefur áður gefið í fjölmiðlum að hann vilji, eins og hann orðar það, virða búvörusamninginn. En sú yfirlýsing fékk ekki að standa lengi því að hæstv. forsrh. kom hér ítrekað í ræðustól í sömu umræðu og sagði m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Varðandi þriðja atriðið sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi varðandi það sem hann kallaði stuðningsaðgerðaþátt samningsins, þ.e. búvörusamningsins, er þar um að ræða miklar fjárskuldbindingar. Auðvitað hlýtur ríkisstjórn sem tekur við völdum í landinu og þarf að huga að stórkostlegum halla ríkissjóðs“, segir nú reyndar hæstv. forsrh., „að taka atriði eins og þetta til skoðunar. Ef niðurstaðan verður sú að ríkisstjórnin væri algerlega bundin af þessum þætti sérstaklega, þá gæti hún engu að síður tekið það atriði upp við viðsemjendur með skírskotun til þess ástands sem væri í ríkisbúskapnum. Það væri óhjákvæmilegt og í þágu landsins alls og þar með viðsemjandans, þjóðarinnar allrar, að draga úr eða fresta þessum þætti. Mér finnst það blasa við að þessir kostir séu færir,“ segir hæstv. forsrh. Og hann verður ekki skilinn öðruvísi, hæstv. forsrh., en að hann telji það opið að taka upp, fresta eða fella niður ákveðna þætti þessa samnings.

Hæstv. fjmrh. kom enn fremur í umræðunni um ríkisfjármál sem stóð í fyrrakvöld og bætti um betur í þetta safn og voru þá yfirlýsingar hæstv. ráðherra orðnar fjórar, hver í sína áttina og má segja að ein hafi gengið til hverrar höfuðáttar, yfirlýsingar ráðherra um búvörusamning.

Af þessum sökum, hæstv. forseti, sé ég mig knúinn til að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Það er ljóst í mínum huga að þessi samningur er ein heild. Hæstv. ríkisstjórn hefur það ekki á valdi sínu að tína einstök atriði út úr samningnum og ákveða hvað hún vill standa við og hvað ekki, svoleiðis er þessi samningur ekki úr garði gerður. Það er nauðsynlegt að eyða allri óvissu um framkvæmd samningsins sem hæstv. landbrh. hefur þegar hafið framkvæmd á. Í fyrsta lagi spyr ég hæstv. landbrh.: Þegar hann, hæstv. ráðherrann, segist vilja standa við samninginn og virða hann, er þá hæstv. landbrh. að tala um samninginn allan? Um heildina? Eða telur hæstv. landbrh. að ríkisstjórnin hafi það á valdi sínu að framkvæma ákveðna hluta samningsins en aðra ekki? Það er alveg nauðsynlegt að það komi fram hjá hæstv. landbrh. vegna þess sem komið hefur fram í máli m.a. hæstv. forsrh. — er ekki hæstv. landbrh. að tala um samninginn í heild?

Í öðru lagi spyr ég hæstv. forsrh., og nú ætla ég að prófa að orða spurninguna svona, ef það mætti auðvelda hæstv. forsrh. að gera upp hug sinn: Hyggst hæstv. forsrh. styðja landbrh. sinn, sem hefur ítrekað lýst því yfir að hann vilji virða búvörusamninginn og telur það embættisskyldu sína að framkvæma hann, samanber viðtal við hann í Morgunblaðinu? Hyggst hæstv. forsrh. styðja landbrh. sinn? Þetta er einföld spurning.

Í þriðja lagi vil ég spyrja, og væntanlega hæstv. forsrh., nema ef vera skyldi hæstv. fjmrh.: Verður lögfræðiálit ríkislögmanns á réttarstöðu búvörusamningsins sent þingmönnum og gert opinbert á næstu dög-

um? Ég hygg að það sé æskilegt til þess að menn séu ekki að geta sér til um það hvað í því standi að það komi fram.

Í fjórða lagi spyr ég hæstv. fjmrh., af því hann hefur ekki talað jafnskýrt og hæstv. landbrh. hefur gert um embættisskyldur sínar í þessu sambandi: Hverjar telur hæstv. fjmrh. vera embættisskyldur sínar gagnvart búvörusamningnum og þá ekki síst stuðningsaðgerðaköflum, viðaukum I og II, sem fjmrh. fyrrv. og forveri hæstv. núv. fjmrh., undirritaði? Hverjar telur hæstv. fjmrh. vera embættisskyldur sínar í því ljósi að þessir kaflar samningsins eru undirritaðir af forvera hans?

Í fimmta lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Má líta svo á ef framkvæmd búvörusamningsins verður ekki stöðvuð á næstu dögum að þar með sé hæstv. ríkisstjórn í reynd að lýsa því að hún ætli að virða samninginn?

Í sjötta lagi hefði ég viljað spyrja: Verður það leyniskjal um landbúnaðarmál, sem að sögn hæstv. utanrrh. er til milli ríkisstjórnarflokkanna, gert opinbert? Þá á ég við það sem hæstv. utanrrh. kallaði sérstakt stefnuskjal en forsrh. hæstv. gaf ýmis önnur nöfn í umræðum hér í fyrradag. Verður þetta skjal birt, gert opinbert á næstunni? Ég held að það þurfi ekki að útskýra hversu bagalegt það er ef tvennum gögnum um þetta mál á að halda leyndum. Þar á ég við annars vegar álit ríkislögmanns og hins vegar þetta svokallaða stefnuskjal sem síðan reyndist ekkert stefnuskjal vera og lengi ég ekki umræðuna með því að rekja það.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta er nú orðin nokkuð þrálát umræða. Hér hefur verið talað um búvörusamninginn æ ofan í æ þessa fáu daga sem þing hefur setið og hafa þó verið gefin skýr svör um efni málsins og skýrari en einstök atriði í bókunum með búvörusamningi raunar eru. Þau markmið sem sett voru með búvörusamningi voru að stuðla að því að í landinu gæti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður. Það er annað markmið að lækka verð á landbúnaðarvörum. Enn er það markmið að koma á jafnvægi milli framleiðslu og sölu mjólkur- og sauðfjárafurða, að þessi hagræðing í landbúnaði komi ekki niður á afkomumöguleikum bænda og leiði til lækkunar á opinberum útgjöldum til þessarar framleiðslu. Það eru þess vegna margvísleg markmið sem sett eru.

Eins og forvera mínum í landbrn. er kunnugt er auðvitað fjarri því að unnist hafi tími til þess síðan hann fór úr ráðuneytinu að vinna úr samningnum í einstökum atriðum svo hægt sé að gera þinginu á þessari stundu nákvæma grein fyrir því hvernig undirbúningur stendur í sambandi við einstök lög eða reglur sem setja þarf. Ég nefni m.a. í tengslum við skattalög. Og einmitt á þessari stundu situr sjómannanefndin á fundi til þess að ræða framhald þessa máls og hvernig áfram skuli unnið að því að koma meiri hagræðingu í landbúnaðinn og koma markaðs- og sölumálum hans í nútímalegra horf.

Um hitt, hvernig beri að efna einstakar bókanir og einstök atriði í tengslum við samninginn, er óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að lesa hér stuttan kafla úr einni bókun sem lýtur að landrækt og skógrækt. Þar stendur m.a., með leyfi forseta: „Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verður til lengri tíma litið, ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta, telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu," ég endurtek, að gera kröfu — „til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs í tengslum við nýja landgræðsluáætlun stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum eða um 2 milljörðum kr. út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar." Svo mörg voru þau orð. Ekki held ég að nokkur maður geti litið þessa kröfugerð sem skuldbindandi fyrir næsta Alþingi. Og ég held satt að segja að varla sé til sá bóndi í landinu sem ekki lítur á þetta sem yfirboð þegar því er heitið í tengslum við nýjan búvörusamning að Alþingi eigi að verja á tilteknu árabili 2 milljörðum kr. til viðbótar því sem ella yrði lagt fram í tengslum við nýja landgræðsluáætlun. Þetta er í hæsta máta mjög loðið orðalag, alls ekki skýrt og gefur ekki tilefni til þess að fjölyrða um það. Ný landgræðsluáætlun liggur fyrir. Það var unnið að henni í tíð forvera míns í landbrn. Um hana var fullkomið samkomulag milli þeirra flokka sem sitja á Alþingi og það var talið þegar frá henni var gengið að við yrðum hér í þessari stofnun fullsæmd að því að geta staðið við þau fyrirheit sem þar voru gefin.

Ólafur Þ. Þórðarson *(um þingsköp)*:

Herra forseti, hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hæstv. landbrh. að þessi umræða er orðin dálítið þrálát. En ástæðan fyrir því að umræðan er orðin þrálát er sú staðreynd að það skjal sem skrifað var úti í Viðey, stefnumarkandi skjal og vitnað hefur verið í af hæstv. utanrrh. og vitað er að verður birt í hvítri bók þegar haustar, hefur ekki fengist afhent þinginu í handritsformi til yfirlestrar. Ef þetta skjal hefði nú verið afhent þinginu til yfirlestrar þá væri óvissunni eytt. Þá þyrfti hæstv. landbrh. ekki að koma hér aftur og aftur og lýsa því yfir að hann væri stuðningsmaður búvörusamningsins. Þá þyrfti hæstv. forsrh. ekki að koma hér og tala eitthvert rósamál til þess að koma í veg fyrir að utanrrh. og landbrh. rjúki saman. Þá væri vitað hvað verið væri að tala um.

Það hlýtur að vera grundvallaratriði, ef forseti vill tryggja að þingstörf geti gengið fram með eðlilegum hætti, að upplýsingum eins og þessum sé ekki haldið leyndum fyrir þinginu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vekja nokkra athygli þegar um er að ræða eins brýnt hagsmunamál og hér er fjallað um hver svör hæstv. landbrh. voru nú áðan. Í stuttu máli sagt svaraði hann engu af því sem til hans var beint. Ég vil vekja athygli á því að sá búvörusamningur sem gerður var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar er skilgetið afkvæmi þeirrar þjóðarsáttar sem gerð var fyrir rúmu ári síðan. Hann er ávöxtur þeirrar vinnu sem

bændasamtökin og samtök atvinnulífsins lögðu í þetta mál og ríkisstjórnin, í þessu sem öðru, fór að eins og formaður Vinnuveitendasambandsins lýsti svo greinilega fyrir hálfum mánuði. Ríkisstjórnin stóð síðan í einu og öllu við sitt til að þessi hluti þjóðarsáttarinnar mætti fram ganga. Og það er kannski í stíl við annað hjá núv. ríkisstjórn að hún telur sig ekki vera bundna af því frekar en öðrum gerðum sinna forvera.

Í þessum samningi er það algjört lykilatriði að staðið verði við stuðningsaðgerðirnar. Það er þess vegna útúrsnúningur hjá hæstv. landbrh. þegar hann vitnar í eina tiltekna bókun en ekki í stuðningsaðgerðirnar, en þar er tiltekið nákvæmlega og meira að segja upp á ár hvað á að leggja fram. Um það er spurt hvort við það verði staðið með tilvísun til orða hæstv. forsrh. sem taldi í umræðu í fyrradag að það væri þjóðhagslega hagkvæmt að hverfa frá því.

Ég ætla aðeins að snúa mér að lögfræðilegri hlið þessa máls. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvers vegna er álitsgerð ríkislögmanns ekki birt? Hún hlýtur að vera grundvallaratriði í þessu máli. Er það kannski vegna þess að lögfræðileg skoðun á þessu máli mundi leiða í ljós að fjmrh. sé stjórnskipulega skylt að leggja til við gerð fjárlaga að staðið verði við þennan samning? Er það kannski vegna þess að það er einungis Alþingi sem getur með sínu fjárlagavaldi breytt nokkru þar um? Er það vegna þess að þetta sé í raun stjórnskipuleg skylda fjmrh. í dag? Er það kannski líka vegna þess að lögfræðileg álitsgerð og vinna mundi leiða í ljós að það að Alþingi samþykkti mótatkvæðalaust lánsfjárlögin, sem við komu búvörusamningnum, þýðir það í raun að Alþingi sé búið að taka á sig þær skyldur að breyta lögum á annan hátt sem þarf til þess að standa við samninginn? Skyldi lögfræðileg úttekt leiða þetta í ljós með vísun til þeirra orða hæstv. forsrh. í umræðu hér áður að það eigi eftir að gera þarna lagabreytingar og það sé óvíst hvernig það fari? Skyldi það líka vera vegna þess að lögfræðileg álitsgerð mundi leiða það í ljós að ekki hafi komið fram þeir fyrirvarar af hálfu stjórnarflokkanna að þeir séu til þess fallnir að þurfa að taka málið upp hér á ný?

Virðulegur forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að vísa til þess að ég treysti því að hæstv. sjútvrh. og landbrh. hafi það jarðsamband umfram aðra ráðherra þessarar ríkisstjórnar að þeir sjái til þess að þessum samningi verði framfylgt.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Sá samningur sem hér er til umræðu er í nokkrum liðum. Hann er undirritaður af landbrh. nema tveir viðaukar sem undirritaðir eru af landbrh. auk fjmrh. Þar fyrir utan eru síðan bókanir og samningur sem einungis landbrh. ritar undir. Það sem snýr að fjmrn. og fjmrh. er sá hluti samningsins sem hann skrifar undir með þeim fyrirvara sem nefndur er.

Nú er ljóst að fengist hefur samþykkt Alþingis til að stofna til þeirra fjárskuldbindinga sem þarf til að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem kveðið er á um í viðauka I í samningnum. Nauðsynlegar lagaheimildir hafa þannig fengist fyrir því að hrinda í framkvæmd þeim skyldum til uppkaupa á fullvirðisrétti og bústofni sem lagðar eru samkvæmt samningnum á ríkissjóð á þessu ári. Þetta liggur fyrir. Það sem eftir stendur eru stuðningsaðgerðir í viðauka II. Það er embættisskylda fjmrh. að fylgja fram þessum samningi eins og öðrum þeim samningum sem fjmrh. hefur skrifað undir. Fyrirvarinn sem gerður er er fyrirvari um samþykkt Alþingis um fjárveitingar til þeirra verkefna sem þar eru nefnd. Og það þekkja allir, bæði fyrrv. ráðherrar og aðrir, að stundum hefur það gerst að fjárveitingar hafa breyst þrátt fyrir fyrirliggjandi samning. Með þessum orðum er ég ekki að lýsa því yfir að ekki verði staðið við samninginn, heldur einungis að svara mjög skýrt þeirri fyrirspurn sem til mín var beint um embættisskyldu fjmrh. Vona ég að það sé alveg ljóst hvert svarið er því að fjölmargir slíkir samningar liggja fyrir undirritaðir af fjmrh. með fyrirvara um samþykki Alþingis en í þessu tilviki er þar einungis um að ræða fyrirvara um ákvæði í fjárlögum hverju sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með þau sinnaskipti sem orðið hafa í röðum þeirra alþýðubandalags- og framsóknarmanna er þeim finnst nú að ríkisvaldið eigi að standa við gerða samninga sem varða kjör heilu stéttanna. Ég vil rifja það upp að fyrir kosningarnar 1987 gagnrýndum við kvennalistakonur harðlega hvernig þáv. landbrh. Jón Helgason stóð að búvörusamningnum. Okkur fannst þá og finnst enn að það sé mjög óeðlilegt að ríkisstjórn geri samning sem bindur hendur næstu ríkisstjórnar. Það eru óeðlileg vinnubrögð. (**Gripið fram í:** Þetta er gert í kjarasamningum.)

Það er stefna Kvennalistans að landbúnaður skuli rekinn eins og hver önnur atvinnugrein. Það þýðir að framleiðslan verður að standa undir kostnaði við rekstur inn og að smám saman verður að draga landbúnaðinn undan pilsfaldi ríkisins. Íslenskur landbúnaður er oft borinn saman við landbúnað í öðrum Evrópuríkjum og bent á að á báðum þessum svæðum er landbúnaður ríkisstyrktur. En það má benda á að íslenskur sjávarútvegur nýtur ekki ríkisstyrkja þó að sjávarútvegur í Evrópuríkjum geri það. Þarna þyrfti að koma á sama fyrirkomulagi varðandi íslenskan landbúnað enda er slík verndarstefna á undanhaldi í heiminum.

Íslenskur landbúnaður er að ganga í gegnum mjög sársaukafullar breytingar og þær eiga eftir að verða meiri líkt og gerðist t.d. í Danmörku þegar danskir bændur voru að aðlagast aðildinni að Evrópubandalaginu. En hér erum við að sumu leyti að glíma við annan vanda sem byggist m.a. á offramleiðslu og tæknibreytingum auk þeirrar miðstýringarkreppu sem íslenskur landbúnaður er í.

Að mínum dómi gekk nýi búvörusamningurinn of skammt í nauðsynlegri aðlögun að ríkjandi aðstæðum enda var gengið mun skemmra en sjömannanefndin lagði til. Þessi búvörusamningur er gallaður að því

leyti að þar er ekki tekið á verðmyndun, ekki tekið á vinnslu eða dreifingu landbúnaðarvara og þar er ekkert tillit tekið til landnýtingarsjónarmiða við fyrirhugaðan niðurskurð. Það er því nauðsynlegt að halda áfram því verki sem hafið er, að endurskoða landbúnaðarkerfið og létta af ríkissjóði miklum skuldbindingum sem hann hefur gagnvart landbúnaðinum. En samningur er samningur og hann á að virða, hvort sem hann er gerður við bændur eða BHMR. Og það hlýtur að vera ljóst að það er of seint að taka búvörusamninginn til endurskoðunar og breyta honum hvað varðar þetta ár. Bændur hafa þegar keypt sinn áburð og skipulagt sinn rekstur og það má ekki koma aftan að þeim með þeim hætti að rifta gerðum samningum. En að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin skoðað þennan samning í samráði við bændur, og það er mjög mikilvægt. Ef það er vilji ríkisstjórnarinnar að endurskoða búvörusamninginn verður það að sjálfsögðu að gerast í samvinnu við bændur. Önnur vinnubrögð eru stjórnvöldum ekki sæmandi. Og ég ítreka þá spurningu sem hér hefur verið borin fram: Verður það ekki gert? Verður ekki staðið við samninginn og ef til endurskoðunar kemur, verður það þá ekki gert í samráði við bændur?

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessara umræðna vil ég taka fram að ekkert af því sem fram kom í mínum orðum fyrr við umræðuna stangaðist á við það sem hæstv. landbrh. hafði sagt. Ég fór yfir efnisþættina og ég vakti athygli á því að óheppilegt hefði verið að svo umfangsmikill samningur væri gerður þegar einn stjórnarflokka, burðarás í ríkisstjórn, hefði ríka fyrirvara um slíka samningsgerð. Og í rauninni mætti segja að kjósendur í landinu hafi talið almennt að fyrir utan þennan ríka fyrirvara eins stjórnarflokksins hefðu fleiri ríka fyrirvara. Ég vil vekja athygli á því að sjálfur sérfræðingur þingsins í þingsköpum, hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson, efsti maður framsóknarmanna, sagðist ekki geta stutt samninginn óbreyttan. Og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, efsti maður Alþb., tók í svipaðan streng og sagði: Ég styð samninginn í meginatriðum en með ákveðnum breytingum.

Þingflokkur Alþfl. hefur ríka fyrirvara, þingmenn Framsfl. og þingmenn Alþb. styðja ekki samninginn óbreyttan. Þetta er sá grundvöllur sem er lagður fyrir kjósendur fyrir kosningarnar sl. vor. Það fer því ekki vel á því að tala með þeim hætti sem þingmenn hafa talað hér.

Varðandi spurningar sem til mín var beint, hvort ég styddi minn landbrh., þá geri ég það að sjálfsögðu og geri engar athugasemdir við neitt í hans svari áðan.

Varðandi lögfræðilegt álit ríkislögmanns er þar um að ræða minnisblað sem beðið var um. Það var beðið um minnisblað varðandi tvo þætti, annars vegar lagalegan grundvöll nýgerðs búvörusamnings, vegna þessa ríka fyrirvara eins stjórnarflokksins og vegna þess að tekið er fram að samningurinn er háður því að tilteknar lagabreytingar verði gerðar. Í annan stað var óskað eftir því að farið yrði yfir það hvaða lagabreytinga þarna væri verið að vitna til, hvaða lagabreytingar væru nauðsynlegar til þess að hægt væri að efna samninginn samkvæmt efni hans.

Við höfum fengið áfangaálitsgerð frá ríkislögmanni og mér finnst eðlilegt að þegar ný landbn., sem starfar milli þinga, hefur verið kosin fái sú nefnd þessi plögg til skoðunar.

Varðandi leyniskjalið fræga sem spurt var um þá hefur því þegar verið svarað. (Gripið fram í.) Þeirri spurningu hefur þegar verið svarað, hv. þm., og ekki bara einu sinni heldur margoft. En ég vek athygli á því að meginatriðið í samkomulagi stjórnarflokkanna sem lýtur að þessum þætti snýr ekki endilega að búvörusamningnum sem slíkum, heldur að taka til rækilegs endurmats vinnslu og dreifingu og markaðs- og sölumál í þessum mikilvæga þætti. Um það er enginn ágreiningur í ríkisstjórninni frekar en um annað hvað þennan málaflokk varðar, hversu mjög sem menn reyna að sýna fram á hið gagnstæða. Ástæðurnar fyrir því að menn eru með umræður af þessu tagi eru auðvitað þær að það var gengið frá þessu máli með þessum hætti af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar. Það var gengið til svo viðamikils samnings án þess að allir stjórnarflokkarnir stæðu á bak við hann og meira að segja þeir stjórnarflokkar sem þóttust standa að baki samningsins höfðu menn innan borðs eins og hv. 2. og 5. þm. Vestf. sem höfðu sjálfir ríka fyrirvara gagnvart þessum samningi.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa hafið þessa umræðu. Ég tek undir það að það er mjög nauðsynlegt að þjóðin viti hvar hún stendur og ekki hvað síst bændur í þessum málum áður en þingi verður slitið.

Um þetta mál vil ég segja að það hefur um nokkurt árabil verið að þjóðfélagið hefur stutt að landbúnaðarstörfum með þeim hætti að ráðstafa almannafé til þess að halda uppi framleiðsluverði í landbúnaðarafurðum. Um þessa ráðstöfun hefur verið allsæmileg samstaða hingað til. En það virðist þó komið svo að samstaðan sé heldur að bresta og sýnt að við taki harðari afstaða stjórnvalda, sérstaklega gagnvart sauðfjárbændum.

Fyrri búvörusamningur, sem ég held að hafi verið gerður 1986 eða 1987, var tilraun til að skipuleggja landbúnaðarstarfið í landinu. Sá samningur hefur orðið til þess að koma verulegu skipulagi á þessi störf, sérstaklega mjólkurframleiðsluna. Nýi samningurinn tekur sérstaklega á sauðfjárræktinni, eins og komið hefur fram í umræðum. Fulltrúar bænda voru að vissu leyti með í umræðum um þennan samning og við gerð hans. Þótt e.t.v. hafi ekki verið haft nægilegt samráð við sauðfjárbændur er þetta samt sem áður samningur sem gerður var milli ríkisvalds og bænda.

Ég held að það verði fyrst og fremst að koma í ljós, eins og ég sagði, hvort staðið verður við þær fjárskuldbindingar sem ríkisvaldið hefur hér gert. Það er mjög mikilsvert fyrir bændur að vita að hverju þeir ganga. Þeir geta ekki tekið ákvarðanir um búrekstur sinn vikulega eða frá degi til dags og þess vegna m.a.

var þessi samningur gerður og lokið við hann fyrir kosningar í vor þó að þar væri verið að binda hendur næstu stjórnar í stórum ákvörðunum sem má auðvitað gagnrýna en hefur þó alltaf viðgengist. Það er sífellt verið að binda hendur næstu ríkisstjórnar. Það er aldrei hægt að taka ákvarðanir á hv. Alþingi sem ekki binda ríkisstjórn eitthvað fram í tímann. Það er ekkert einsdæmi að slíkt sé gert. Þarna var verið að gera kjarasamning við heila stétt manna, við bændur, og þess vegna verður að standa við þennan samning.

Mér finnst ekki hafa komið hér fram skýr afstaða af hálfu hæstv. landbrh., þótt hann segi að hann vilji virða samninginn. Það hefur tæplega komið nógu skýrt fram heldur af hálfu forsrh. og þess vegna er það sem þessi umræða fer fram. Við viljum fá skýr svör: Verður staðið við búvörusamninginn eða ekki?

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. upplýsti að hann vilji standa við samninginn í meginatriðum. Ég hlýt að taka undir það með hv. 2. þm. Vestf. að það er afar illt að fá ekki að sjá þetta sérstaka stefnuskjal sem hæstv. utanrrh. upplýsti að skrifað hefði verið úti í Viðey. Hver eru þessi meginatriði sem hæstv. forsrh. vill standa við?

Ég vil hins vegar leiðrétta hæstv. forsrh. þegar hann fullyrðir að m.a. Framsfl. sé sömu skoðunar. Hér er um afar viðkvæma samninga að ræða og vissulega skiptar skoðanir á milli þingmanna en þingflokkur framsóknarmanna tók þá afstöðu að styðja þennan samning og það gerðum við framsóknarmenn í ríkisstjórn, svo við styðjum samninginn eins og hann er og það er ekki unnt að draga út úr þessum samningi einstök atriði og ætla að standa við önnur en ekki þau.

Þótt óljós væru svör hæstv. landbrh. vil ég þó skilja hann svo að hann vilji standa við öll meginatriði samningsins.

Eitt af meginatriðum samningsins er að ná fram lækkun á landbúnaðarafurðum og þar gerðu hv. alþýðuflokksmenn hvað þyngstar athugasemdir. Nú er það hins vegar að gerast, samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins, að vextir í bönkunum hækka töluvert meira en hæstv. ríkisstjórn hækkaði vextina og reið á vaðið með. M.a. er mér tjáð að afurðalánavextir hækki meira en allir aðrir vextir í landinu. Afurðalánavextir hækka úr 14,25%, ef ég man rétt, í 18,50%, a.m.k. hækka þeir meira en allir aðrir vextir í landinu og það eru afurðastöðvarnar sem fyrst og fremst bera þessa vexti. Hvað halda hv. þm. að þessi mikla vaxtahækkun muni hafa í för með sér? Mun hún hafa í för með sér lækkun á verði landbúnaðarafurða? Það væri kannski rétt að hæstv. viðskrh. svaraði þeirri spurningu. Hann er manna kunnugastur vaxtakerfinu í þessu landi.

Hér er vitanlega hafin sú sprenging sem hlýtur að hafa það í för með sér að verðlag rýkur upp úr öllu valdi. Það kom mjög ítarlega fram í þeirri skýrslu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór yfir í gær að lækkun fjármagnskostnaðar atvinnuveganna á hvað stærstan þátt í því að það hefur tekist að halda niðri verðlagi á tíma þjóðarsáttar til þessa. Og m.a. tókst að halda niðri verði á landbúnaðarafurðum betur en á nokkru öðru í þessu landi. Landbúnaðarafurðir hafa á einu ári aðeins hækkað um u.þ.b. 2%. Heldur hæstv. ríkisstjórn að þessi mikla hækkun á afurðalánavöxtum leiði til þess að svo verði áfram?

Vitanlega hefði þurft, virðulegi forseti, að fá umræðu um þessa vaxtasprengingu og ekki takmarkaða heldur í allan dag. Ég hef þó ekki viljað fara fram á það. Ég er sannfærður um það að þeir beinverkir, sem nú hljóta satt að segja að hrjá hæstv. ríkisstjórn, og þau mótmæli sem heyrast alls staðar á landinu séu næg viðvörunarorð.

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það væri sannarlega ástæða til þess að taka búvörusamninginn til gagngerðrar umræðu og endurskoðunar. Fyrrv. landbrh. leggur áherslu á að hann verði í gildi. Um hvað er þessi búvörusamningur? Það er ástæða til þess að fara að spyrja að því vegna þess að afleiðingarnar af þessum samningi fara að birtast þjóðinni í haust þegar við sjáum 55 þús. kindum slátrað. Þessar kindur verða urðaðar og það er ekki þessari þjóð til sóma.

Spurningin er sú hvort ekki hefði mátt og átt að standa að þessu máli á lengri tíma, gefa því lengri aðlögun. Þetta snertir búsetuna í landinu og þegar er verið að fjalla um viðkvæma búsetu þurfum við að fara okkur hægt. Ég á erfitt með að skilja það að fyrrv. landbrh. skuli vera stoltur af þessum samningi. Hver veit um það hver áhrif hann kann að hafa á viðkvæmar sveitir landsins? Ef fyrrv. ríkisstjórn hefur lagt af mörkum skerf til þess að efla frjálshyggjuna í landinu þá er það með þessum samningi, að setja framleiðsluréttinn í landbúnaði á markaðstorg frjálshyggjunnar með jafnskyndilegum hætti og raun ber vitni með því að leyfa frjálsa sölu, þá er það þessi samningur sem vitnar um slíkt. Það er enn eitt skrefið til viðbótar við þá frjálshyggju sem ríkir í sjávarútvegsmálum og er enn eitt verk fyrrv. ríkisstjórnar á grundvelli frjálshyggjunnar. Ætluðum við að mynda vinstri stjórn um slíka stefnumótun, á grundvelli frjálshyggju og grundvelli markaðstorgs hennar? Ég vona ekki. Það væri þess vegna sannarlega ástæða til þess að milda þennan búvörusamning, taka hann til endurskoðunar, en það er of seint vegna þess hvernig að þessu máli var staðið.

Vita þingmenn það að þessi samningur er ekki til á þingskjali? Jafnmikilvægt og viðkvæmt mál hefur ekki komið til umræðu í þinginu á grundvelli þingskjals. Verður staðið að öðrum slíkum mikilvægum samningum með þeim hætti í framtíðinni? Það vona ég ekki. Þar vona ég að hæstv. forsrh. hafi forustu um að staðið verði öðruvísi að samningsgerð en fyrrv. landbrh. gerði hvað þetta mál varðar.

Já, það má víða koma við í sambandi við þennan samning. En eitt til viðbótar. Þetta er líka samningur um kjaraskerðingu, einhliða 2% kjaraskerðingu í haust

og 4% kjaraskerðingu aftur 1992. Og þetta er líka samningur um flata skerðingu, einhliða flata skerðingu og það veit enginn bóndi hve stór og mikil sú skerðing verður í haust. Það kemur ekki í ljós fyrr en vitað er hver hin frjálsu framlög af fullvirðisrétti verða.

Frú forseti. Það er ástæða til þess að endurskoða þennan samning, en hann er kominn nú þegar til framkvæmda. Ég vona af einlægni að hann leggi ekki heilu byggðarlögin í rúst, en það er hætta á því að ein sveit af annarri verði illa leikin eftir þennan samning. En alvarlegast er að við vitum ekki hvaða sveit það verður. Við vitum ekki hvernig þessi samningur kemur til með að virka þegar upp verður staðið. Það er vont að gera samning sem slík óvissa felst í sem snertir lífskjör jafnmargra og raun ber vitni.

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er tímabær umræða og væri vissulega ástæða til þess að hafa hana lengri en eina klukkustund. Nokkuð er ljóst að það mun verða eitt af okkar fyrstu verkum þegar við komum saman í haust að halda þessari umræðu áfram. En ég vildi aðeins minnast á það sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. þegar hann talaði um stefnuræðu forsrh. fyrir fáum dögum síðan þar sem hann sagði m.a.: „Við það er síðan að bæta að meðan á stjórnarmyndunarviðræðunum stóð, þótt þær stæðu yfir skamman tíma, var unnið sérstakt stefnuskjal um landbúnaðarmál sem er ítarlegra og lýsir þessu betur og er hugsað sem innlegg í þá hvítu bók sem meiningin er að gefa út á haustdögum."

Af þessu tilefni og vegna þess að það hefur margkomið fram í umræðum hér að menn hafa beðið um það að fá þessi skjöl hér afhent, en því hefur verið hafnað, þá vil ég beina orðum mín sérstaklega til hæstv. landbrh. í þessum efnum. Verum minnugir þess, þingmenn, að í desember árið 1990 stóð hv. þm. Halldór Blöndal hér dögum saman í ræðustól og krafðist trúnaðarskjala, vinnuskjala og undirstrikaði það nógu rækilega þá og rökstuddi rétt þingmanna til þess að fá slík skjöl afhent. Nú bið ég þennan mann, Halldór Blöndal (**Gripið fram í:** Hæstv. ráðherra.), sem nú er hæstv. ráðherra, að lesa þessi ummæli, rifja þau upp og standa við stóru orðin og láta þingmenn hafa þessi vinnuskjöl þegar í stað. Það var hans krafa þá og við henni var orðið.

Ég tek undir hvert orð sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði hér áðan um vaxtaokrið og þá svívirðu sem þar er höfð í frammi. Hvað halda menn að sé verið að leysa með þessari stefnu? Þensluna? Hvar er þessi þensla? Er hún vestur á Sléttu, hæstv. landbrh.? Er hún í Norðurlandskjördæmi eystra? Er þenslan þar? Er þenslan í Norðurlandskjördæmi vestra? Er þenslan að setja allt úr skorðum á Vestfjörðum, Einar Guðfinnsson? Nei. Það er hér sem vandamálið er og á því eiga menn að taka. En með þessari brjáluðu vaxtastefnu er verið að kollsigla velflest atvinnufyrirtækin í landinu. Og halda menn eins og hv. þm. Egill Jónsson og Pálmi Jónsson að þessi vaxtastefna, sem þeir eru að styðja, verði til þess að bjarga ungum bændum eða til að rétta hag afurðastöðvanna á Íslandi?

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti, hæstv. forseti. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt þó að hæstv. forsrh. veki á því athygli að ég hafi séð annmarka á þeim búvörusamningi sem undirritaður hefur verið. Í þeim búvörusamningi eru mörg atriði sem menn hefðu viljað skoða og vafalaust setja niður á blað með misjöfnum hætti eftir því hver hefði frá samningi gengið. Hins vegar er hann í dag undirritaður af tveimur ráðherrum fyrrv. ríkisstjórnar og það er farið að vinna eftir honum.

Eitt atriði bið ég þó hæstv. forsrh. að hugleiða hvort sé svo mjög skynsamlegt. Íslenska ríkið ætlar að fara að kaupa upp fullvirðisrétt í sauðfé. Það ætlar að byrja á þessu núna strax á vordögum. En á haustdögum er heimilt fyrir bændur að fara og kaupa fullvirðisrétt í sauðfé. Ef við hugsum okkur nú að jafnklókir menn búi á Íslandi og var þegar séra Sigvaldi stundaði búskap, þá er hætt við því að einhver bóndinn færi af stað og keypti fullvirðisréttinn á sama tíma og ríkið, en hliðraði til með dagsetningar.

Með þessu tiltæki, að ætla að hleypa af stað frjálsum kaupum í haust en fara af stað núna í sumar með kaup ríkisins, er hættan á því að til flats niðurskurðar komi miklu meiri. En það er þessi jafni, flati niðurskurður sem má ekki eiga sér stað því að hann er í reynd í mörgum tilfellum hrein aftaka á bændum þar sem þeir eru ekki með stærri fullvirðisrétt en svo að verði hann minnkaður eins og þarna er verið að tala um, þá þýðir það að þeir verða að bregða búi. Þess vegna fannst mér það mjög ógætilegt að heimila kaup á fullvirðisrétti í sauðfé á haustdögum og ég taldi satt best að segja að menn væru ögn klókari þegar þeir stæðu að svona samningagerð en kemur fram í því að heimila það.

Nú hef ég talað nokkuð skýrt, hæstv. forsrh., og vænt þætti mér um það ef það yrði í nokkru metið og skjalið góða yrði afhent til aflestrar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka svörin, þau sem þó komu. En það verð ég að segja að ég hélt að hæstv. ráðherrar réðu við það að svara jafnskýrum og einföldum spurningum og ég bar upp með svolítið greinarbetri hætti. Ég undanskil þó hæstv. fjmrh. sem svaraði alveg skýrt og þakka ég honum fyrir það.

Það eru engin tíðindi, hæstv. landbrh., að það er nokkur munur á annars vegar ákvæðum bókana samningsins og hins vegar samningshlutunum sjálfum. Það hélt ég að lægi í hlutarins eðli og þyrfti ekki að rökræða um. Ástæðan fyrir því að spurt er um stuðningsaðgerðakafla búvörusamningsins, þ.e. viðauka II, er einfaldlega sú að hæstv. ráðherrar hafa nefnt atriði út úr þeim hluta samningsins sem til greina komi að kippa til baka, endurskoða eða fresta, þ.e. framlög til Framleiðnisjóðs, Byggðastofnunar, Lífeyrissjóðs bænda og Jarðasjóðs. Menn hafa vitnað beint inn í þann hluta

samningsins og gefið tilefni til efasemda, því miður, um að við þann hluta samningsins eigi að standa. Og svar hæstv. landbrh. nú var miklu lakara mörgum sem hann hefur áður gefið vegna þess að hann í raun og veru svaraði með því að lesa upp úr markmiðskafla samningsins og síðan ræða um eina tiltekna bókun. Spurning mín til hæstv. landbrh. var einföld og skýr. Þegar landbrh. talar um að virða samninginn, er hann þá ekki að tala um samninginn allan? Vonandi getur hæstv. ráðherra komið hér upp og svarað játandi.

Ég þakka hæstv. fjmrh., hann verður ekki misskilinn. Hann svaraði skýrt. Hann lítur á það sem embættisskyldu sína að fullnusta samninginn, að framkvæma hann og undirbúa þar með lagabreytingar ítem tillögur um fjárveitingar til að standa við ákvæði samningsins. Hæstv. fjmrh. svaraði þar alveg skýrt.

Við hv. þm. Kvennalistans hlýt ég að segja, eins og reyndar talsmann Kvennalistans hér í gær í umræðum, en að þessu sinni var það 18. þm. Reykv.: Þær þurfa að lesa þau ákvæði samningsins sem lúta að gróðurvernd og landnýtingu, hlutverki Landgræðslunnar t.d. eins og það er byggt inn í samninginn. Í markmiðskafla samningsins er gróðurvernd upp talin þannig að á mörgum stöðum eru landnýtingar- og gróðurverndarsjónarmið fléttuð inn í samninginn beinlínis auk þess sem þau hljóta að vera hluti af framkvæmd hans.

Hæstv. forsrh. gaf að mínu mati merkustu yfirlýsingu þessarar umræðu til þessa af sinni hendi, þ.e. að hann styðji hæstv. landbrh. Hæstv. forsrh. lofaði því hér að styðja hæstv. landbrh. Það hlýtur auðvitað að vera nokkuð mikilvægt innlegg í þessa umræðu og ég leyfi mér þar með að túlka það svo að hæstv. forsrh. sé í raun og veru fallinn frá fyrri vangaveltum og hugmyndum um endurskoðun samningsins, vegna þess að það er ljóst að hæstv. landbrh. er ekki á þeim buxum, og hann hafi lofað að styðja landbrh. til góðra verka í þessu sambandi og þurfi þá ekki frekar vitnanna við.

Vegna þess að hæstv. forsrh. notaði síðan tíma til þess að rifja það upp að ýmsir frambjóðendur í alþingiskosningunum síðustu voru með athugasemdir við búvörusamninginn, þá er það rétt. En í hvaða átt gengu þær athugasemdir, hæstv. forsrh.? Ég man ekki eftir einum einasta manni sem var með umræður um búvörusamninginn fyrir kosningar nema þá þær gengju í átt til þess að vera betri við bændur, að gera betur við landbúnaðinn, ekki rjúfa samninginn hinum megin frá eins og hæstv. ríkisstjórn er núna að tala um. Í þessum hópi var hæstv. forsrh. sem í sjónvarpinu taldi þennan samning fullharkalegan í garð bænda. Það væri hætta á því að komið gæti til flats niðurskurðar. Og ef hæstv. forsrh. er sjálfum sér samkvæmur, þá hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að ekki komi til greina að hrófla við samningnum bændum til óhagræðis. Það hlýtur þá að vera í hina áttina. Og þannig var það sem þeir töluðu ýmsir hv. þm., Pálmi Jónsson, Egill Jónsson, borgarstjórinn í Reykjavík sem þá var í framboði. Síðan er það þannig að talsmaður Alþfl. í þessum umræðum er á sömu skoðun. Öll hans ræða gekk út á það hér, eina talsmanns Alþfl. í umræðunum, að þessi samningur væri fullóhagstæður bændum og það þyrfti að gera betur við bændur og sveitirnar. Ekki stendur á mér, hv. þm. Það er alveg á hreinu.

Og þá er komið að því að lokum (**Gripið fram í:** Það er gott að breyta um skoðun.) af því að hæstv. utanrrh. er hér í hliðarsölum og hann þykist góður fyrir sinn hatt, eins og sagt var hér áður, hæstv. utanrrh., og merkir samkvæmt orðabókum að vera rogginn með sig, að vera góður fyrir sinn hatt, en því miður er það einu sinni enn þannig að það er hæstv. utanrrh. sem hefur verið að fullu og öllu ómerktur hér í umræðunni. Ég held að niðurstaða þessarar umræðu sé sú að ríkisstjórnin komi til með að standa við búvörusamninginn, af því að forsrh. hefur lýst yfir stuðningi við landbrh., og upp er risinn talsmaður Alþfl. í landbúnaðarmálum sem vill, ef eitthvað er, gera betur við bændur. Og hann er eini talsmaður Alþfl. í þessari umræðu. Ég tek þess vegna fullt mark á því að það sé afstaða Alþfl. sem hér er fram borin af talsmanni hans, að að sjálfsögðu beri að fullu og öllu að standa við samninginn og þau ákvæði hans sem eru bændum til hagsbóta og ef einhverjar breytingar komi til, þá hljóti þær að vera í þá átt að gera betur við bændur.

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju yfir þeim ummælum hv. 4. þm. Norðurl. e. að þessi málefni hafi skýrst og umræðan hafi leitt til þess að hann er nú nokkru fróðari en áður. Ég vil líka taka undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan að þessi búvörusamningur er ávöxtur þeirrar vinnu sem bændur og aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram. Það var eftirtektarvert að hv. þm. lagði sérstaka áherslu á þann þátt í samningsgerðinni sem laut að samstarfi þessara aðila. Og það er einmitt á þeim grundvelli sem ég hef ákveðið að vinna áfram að þessum málum og hef eins og ég hef sagt óskað eftir því við sjömannanefndina að hún haldi áfram störfum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en vil þakka fyrir það að þessar umræður hafa farið fram. — [Fundarhlé.]

Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar hf. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1991 til jafnlengdar 1995, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur (A),
Jón Illugason framkvæmdastjóri (B),
Pétur Torfason verkfræðingur (A).

Varamenn:
Guðrún Kristín Jóhannsdóttir kennari (A),
Sigurður Rúnar Ragnarsson vélvirki (B),
Ingvar Þórarinsson bóksali (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til fjögurra ára, frá 1. júlí 1991 til 30. júní 1995, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður (A),
Páll Pétursson alþingismaður (B),
Guðmundur Árni Stefánsson bæjarstjóri (A),
Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri (B).

Varamenn:
Hafsteinn Kristinsson iðnrekandi (A),
Vigdís Sveinbjörnsdóttir kennari (B),
Erling Garðar Jónasson tæknifræðingur (A),
Kristín Einarsdóttir þingkona (B).

Kosning fimm manna í orkuráð til fjögurra ára, frá 1. júlí 1991 til jafnlengdar 1995, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Guðjón Guðmundsson alþingismaður (A),
Sverrir Sveinsson rafveitustjóri (B),
Þóroddur Th. Sigurðsson verkfræðingur (A),
Þorvarður Hjaltason kennari (B),
Ingólfur Árnason, fyrrv. rafveitustjóri (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, frá 27. maí 1991 til jafnlengdar 1995, skv. 2. gr. laga nr. 88 8. nóvember 1982, um Viðlagatryggingu Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gísli Ólafsson forstjóri (A),
Alexander Stefánsson, fyrrv. alþingismaður (B),
Úlfar Thoroddsen sveitarstjóri (A).

Varamenn:
Hrafnkell A. Jónsson, formaður Verkalýðsfélagsins Árvakurs, Eskifirði (A),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (B),
Svanhildur Árnadóttir bæjarfulltrúi (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 96 28. september 1990, um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður (A),
Jón A. Eggertsson framkvæmdastjóri (B),
Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusamb. Vestfj. (A),
Kristín Hjálmarsdóttir, formaður Iðju, Akureyri (B).

Varamenn:
Vilhjálmur Egilsson alþingismaður (A),
Þórður Ólafsson, formaður Verkalýðsfél. Boða (B),
Eiríkur Stefánsson, formaður Verkalýðsfélags Fáskrúðsfjarðar (A),
Sigurður T. Sigurðsson, formaður Hlífar, Hafnarf. (B).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jóhannes Bergsveinsson læknir (A),
Sigrún Sturludóttir húsfrú (B),
Hörður Zóphaníasson skólastjóri (A),
Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður (B).

Varamenn:
Jóna Gróa Sigurðardóttir borgarfulltrúi (A),
Elín Jóhannsdóttir kennari (B),

Birgir Dýrfjörð rafvirki (A),
Dríía Kristjánsdóttir bóndi og skólastjóri (B).

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn Byggðastofnunar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Matthías Bjarnason alþingismaður (A),
Stefán Guðmundsson alþingismaður (B),
Pálmi Jónsson alþingismaður (A),
Ragnar Arnalds alþingismaður (B),
Karvel Pálmason, fyrrv. alþingismaður (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþingismaður (B),
Egill Jónsson alþingismaður (A).

Varamenn:
Eggert Haukdal alþingismaður (A),
Ingibjörg Pálmadóttir alþingismaður (B),
Sturla Böðvarsson alþingismaður (A),
Skúli Alexandersson, fyrrv. alþingismaður (B),
Magnús Guðmundsson kennari (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson alþingismaður (B),
Árni Ragnar Árnason alþingismaður (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gunnar S. Björnsson byggingameistari (A),
Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri (B),
Þórhallur Jósefsson blaðamaður (A),
Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður (B),
Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur (A),
Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri (B),
Jónína Óskarsdóttir bæjarfulltrúi (A).

Varamenn:
Gunnlaugur S. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri (A),
Hákon Hákonarson vélvirki (B),
Kristín Guðmundsdóttir deildarstjóri (A),
Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður (B),
Helga E. Jónsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir kennari (B),
Petrína Baldursdóttir forstöðumaður (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður (A),
Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður (B),
Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður (A),
Ingibjörg Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður (B),
Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður (A).

Varamenn:
Gísli Baldur Garðarsson hæstaréttarlögmaður (A),
Sólveig Guðmundsdóttir lögfræðingur (B),
Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur (A),
Arnmundur Backman lögfræðingur (B),
Guðríður Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Bessí Jóhannsdóttir kennari (A),
Áslaug Brynjólfsdóttir fræðslustjóri (B),
Sigurður Björnsson söngvari (A),
Helga Kress dósent (B),
Helga Möller kennari (A).

Varamenn:
Lovísa Christiansen innanhússarkitekt (A),
Pétur Bjarnason fræðslustjóri (B),
Dríía Hjartardóttir bóndi (A),
Helgi Hjörvar framkvæmdastjóri (B),
Ragnheiður Davíðsdóttir blaðamaður (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sólveig Pétursdóttir alþingismaður (A),
Bolli Héðinsson hagfræðingur (B),
Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur (A),
Sigríður Lillý Baldursdóttir eðlisfræðingur (B),
Jón Sæmundur Sigurjónsson hagfræðingur (A).

Varamenn:
Margrét S. Einarsdóttir (A),
Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður (B),
Svala Árnadóttir skrifstofumaður (A),
Sigrún Jónsdóttir þjóðfélagsfræðingur (B),
Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfi (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 19. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir fulltrúi (B),
Magnús Erlendsson fulltrúi (A),
Valþór Hlöðversson blaðamaður (B),
Guðni Guðmundsson rektor (A),
Magdalena Schram framkvæmdastjóri (B),
Davíð Stefánsson nemi (A).

Varamenn:
Friðrik Friðriksson framkvæmdastjóri (A),
Gissur Pétursson fulltrúi (B),
Hjálmar Jónsson sóknarprestur (A),
Bríet Héðinsdóttir leikkona (B),
Arnór Benónýsson leikari (A),
Kristín A. Árnadóttir (B),
Halldóra Rafnar blaðamaður (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Lárus Bjarnason bæjarfógeti (A),
Hörður Hjartarson forstjóri (B),
Sigurður Eiríksson sýslumaður (A),
Gísli Sigurðsson bókari (B),
Egill Guðlaugsson bóndi (A).

Varamenn:
Pétur Blöndal forstjóri (A),
Páll Björnsson sýslumaður (B),
Árni Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Ástríður Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur (B),
Þorsteinn Ásbjörnsson bankamaður (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður (A),
Jóhann Sigurjónsson menntaskólakennari (B),
Guðmundur Þ. Benediktsson bæjargjaldkeri (A),
Páll Hlöðversson skipatæknifræðingur (B),
Freyr Ófeigsson héraðsdómari (A).

Varamenn:
Þorsteinn Hjaltason lögfræðingur (A),
Magnús Þorvaldsson tryggingamaður (B),
Gísli Auðunsson læknir (A),
Lára M. Ellingsen ritari (B),
Ólafur Erlendsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Halldór Þ. Jónsson sýslumaður (A),
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri (B),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (A),
Ásgerður Pálsdóttir bóndi (B),
Gunnar Þ. Sveinsson bankamaður (A).

Varamenn:
Erlingur Óskarsson bæjarfógeti (A),
Magnús Sigurjónsson verslunarmaður (B),
Þorbjörn Árnason lögfræðingur (A),
Vignir Einarsson kennari (B),
Stefán Gunnarsson smiður (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Bjarni S. Ásgeirsson lögfræðingur (A),
Þórður Ólafsson lögfræðingur (B),
Páll Ólafsson bóndi (A),
Hjörtur Gunnarsson kennari (B),
Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður (A).

Varamenn:
Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur (A),
Sigríður Jósefsdóttir lögfræðingur (B),
Halldór Ibsen framkvæmdastjóri (A),
Unnur Steingrímsdóttir lífefnafræðingur (B),
Gunnlaugur Ó. Guðmundsson yfirdeildarstjóri (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jón G. Tómasson borgarritari (A),
Skúli Pálmason hæstaréttarlögmaður (B),
Hjörleifur B. Kvaran lögfræðingur (A),
Borghildur Maack hjúkrunarforstjóri (B),
Hermann Guðmundsson lögfræðingur (A).

Varamenn:
Dögg Pálsdóttir lögfræðingur (A),
Eggert Ólafsson lögfræðingur (B),
Haraldur Blöndal lögfræðingur (A),
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögfræðingur (B),
Sigrún Benediktsdóttir lögfræðingur (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Kristján Torfason bæjarfógeti (A),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (B),
Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari (A),
Magnús Aðalbjarnarson fulltrúi (B),
Stefán Ármann Þórðarson fulltrúi (A).

Varamenn:
Guðrún Inga Sveinsdóttir oddviti (A)
Þórir Haraldsson laganemi (B),
Þóra Grétarsdóttir bankastarfsmaður (A),
Bjarni Þórarinsson kennari (B),
Guðmundur V. Ingvarsson garðyrkjumaður (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björgvin Bjarnason skrifstofustjóri (A),
Björn Teitsson skólameistari (B),
Jens Kristmannsson framkvæmdastjóri (A),

Birkir Friðbertsson bóndi (B),
Ágúst Pétursson skrifstofumaður (A).

Varamenn:
Sigurður Guðmundsson símstjóri (A),
Kristjana Sigurðardóttir verslunarmaður (B),
Engilbert Ingvarsson bóndi (A),
Aðalbjörg Sigurðardóttir kennari (B),
Daði Guðmundsson sjómaður (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gísli Kjartansson lögfræðingur (A),
Páll Guðbjartsson framkvæmdastjóri (B),
Guðjón Ingvi Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Sigurður B. Guðbrandsson afgreiðslumaður (B),
Ingi Ingimundarson aðalbókari (A).

Varamenn:
Jósef H. Þorgeirsson framkvæmdastjóri (A),
Magnús Stefánsson sveitarstjóri (B),
Helgi Kristjánsson fiskverkandi (A),
Þorvaldur Heiðarsson trésmiður (B),
Böðvar Björgvinsson útgefandi (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 10. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður (A),
Jón Sveinsson lögfræðingur (B),
Sigurður B. Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Már Guðmundsson hagfræðingur (B),
Frosti Bergsson framkvæmdastjóri (A).

Varamenn:
Árni Árnason framkvæmdastjóri (A),
Jón H. Ríkharðsson verkfræðingur (B),
Sigríður Arnbjarnardóttir kennari (A),
Salvör Gissurardóttir lektor (B),
Vilhjálmur Þorsteinsson kerfisfræðingur (A).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Dagskrá fundarins er tæmd og lýkur þá störfum sameinaðs Alþingis. Á deildafundum sem boðaðir hafa verið að loknum þessum fundi eru á dagskrá til lokaafgreiðslu frv. til stjórnarskipunarlaga og nýrra þingskapalaga. Í framhaldi af því verða frv. staðfest og birt sem lög síðar í dag og er áformað að fyrsti fundur Alþingis samkvæmt nýjum lögum verði síðdegis.

Alþingi mun þá starfa í einni málstofu. Hún verður skipuð þeim þingmönnum sem nú eiga sæti í sameinuðu Alþingi. Þessi sameiginlegi vettvangur þingmanna allra mun hins vegar fá ný verkefni sem er það löggjafarstarf sem nú fer fram í deildum Alþingis.

Ég þakka hv. þm. í sameinuðu þingi samstarfið á þessu stutta þingi.

Páll Pétursson:
Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri fyrir hönd okkar þingmanna til að þakka hæstv. forseta fyrir réttláta og lipra fundarstjórn á þessu stutta en nokkuð annasama þingi. Ég vil jafnframt þakka skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis fyrir vel unnin störf og ég vil biðja þingmenn að árétta þessar þakkir mínar með því að rísa úr sæti. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og endurtek þakkir mínar fyrir ánægjulegt samstarf á þessu stutta þingi og segi fundi slitið.

EFRI DEILD

9. fundur, föstudaginn 31. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Þingsköp Alþingis, 3. umr.

Frv. PP o.fl., 2. mál. — Þskj. 11 (sbr. 9).

Enginn tók til máls.
ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, BBj, EgJ, EG, EKJ, HÁ, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, ÓE, SalÞ, SigG, StG, SJS, KSG.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 15).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Hv. deildarmenn. Þetta verður síðasti fundur deildarinnar á þessu þingi. Við höfum nú afgreitt ný þingskapalög sem taka eiga gildi innan skamms. Áður hefur deildin samþykkt frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Bæði frv. sem deildin hefur afgreitt varða mikilsverða breytingu á starfsháttum Alþingis, raunar mestu breytingar á skipulagi þess og starfi síðan 1875, þegar Alþingi fékk löggjafarvald og hóf störf í tveimur deildum.

Um þessi frv. hafa orðið talsverðar umræður, bæði á þessu þingi og eins á síðasta þingi þegar frv. til stjórnarskipunarlaga var samþykkt hið fyrra sinni og kynntar voru hugmyndir um ný þingskapalög. Ég vona að þær breytingar sem nú hafa verið samþykktar verði þingi og þjóð til góðs og að þær vonir sem menn hafa bundið við hið nýja skipulag um greiðari þingstörf og ekki síst sterkari stöðu Alþingis í stjórnkerfinu muni rætast á næstu árum.

Þetta verður því síðasti fundur þessarar deildar, hv. efri deildar Alþingis. Lausleg athugun, reyndar eftir því sem næst verður komist, sýnir að þetta mun vera 7874. fundur deildarinnar frá því að fyrst var haldinn fundur í deildinni 1875. Deildin hóf störf í þessum sal nokkrum árum síðar, þ.e. 1881. Hér hafa margir merkir áhrifamenn átt sæti og miklir ræðuskörungar flutt mál sitt og hér hafa margar mikilsverðar ákvarðanir verið teknar.

Efri deild Alþingis á sér merka sögu sem er með nokkuð öðrum hætti en hinnar deildar þingsins, neðri deildar. Í upphafi var efri deild skipuð með öðrum hætti en neðri deild. Í henni áttu sæti sex konungskjörnir þingmenn og sex þingmenn kjörnir af sameinuðu þingi. Sú skipan hélst í megindráttum fram til 1915 þegar konungskjörið var fellt niður, en þá kom í staðinn hið svokallaða landskjör þegar kjörnir voru til efri deildar sex þingmenn á landinu öllu. Sú skipan mála hélst til ársins 1934 þegar hið eldra landskjör féll niður og síðan þá hefur þriðjungur þingmanna verið kosinn til deildarinnar á fyrsta fundi sameinaðs Alþingis að afloknum alþingiskosningum.

Ég veit að ég mæli fyrir munn allra sem hér eru að það hefur verið gott að starfa í efri deild Alþingis. Það hefur jafnan farið það orð af starfsanda deildarinnar að hann væri góður og hér ríkti meiri eindrægni heldur en í öðrum starfsdeildum þingsins. Umræður hafa verið styttri og samstaða betri.

Nú við starfslok þessarar deildar verður þessi fundarsalur sem við nú erum í tekinn til annarra nota þannig að senn lýkur efri deild störfum hér og þinghaldi í þessum sal.

Ég þakka ykkur, hv. deildarmenn, fyrir samstarfið á þessu stutta þingi sem hefur verið ánægjulegt og gott í alla staði. Mér hefur sem forseta þessarar deildar verið sýnd tillitssemi í hvívetna. Ég þakka skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis öllu fyrir aðstoð og ánægjulegt samstarf. Jafnframt færi ég varaforsetum og skrifurum deildarinnar þakkir fyrir þeirra störf og góða aðstoð.

Ég óska öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og ykkur öllum allra heilla í störfum sem fram undan eru.

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þingdeildarmanna þakka virðulegum forseta fyrir ágæta fundarstjórn á þessu stutta vorþingi.

Þessi fundur er síðasti fundur þessarar hv. deildar, efri deildar Alþingis, en hún hefur starfað allt frá árinu 1875. Þetta er því söguleg stund.

Á síðasta kjörtímabili átti ég sæti í neðri deild Alþingis. Ég hef því mjög skamma reynslu af starfi í efri deild. Þrátt fyrir stutta setu í deildinni vil ég taka undir það sem virðulegur forseti sagði áðan þegar hann mælti til okkar þingmanna að það er gott að starfa í deildinni. Ég vona að hv. þm. efri deildar flytji þann góða anda og þá eindrægni sem hér hefur ríkt með sér þegar deildirnar sameinast í eina málstofu.

Ég vil að lokum þakka öllu starfsfólki fyrir störf þess. Ég flyt góðar óskir okkar allra til forseta og fjölskyldu hans um gleðilegt sumar. Ég bið hv. þingmenn að rísa úr sætum og taka þannig undir orð mín. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir góðar óskir og hlýjar í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þær óskir. Ég ítreka heillaóskir til ykkar allra.

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Síðasta fundi efri deildar er slitið.

NEÐRI DEILD

10. fundur, föstudaginn 31. maí,
að loknum fundi í Sþ.

Stjórnarskipunarlög, frh. 3. umr.

Frv. MF o.fl., 1. mál (deildaskipting Alþingis o.fl.). — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 37:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JónS, KHG, KÁ, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, SighB, SAÞ, StH, ÖS, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, MB.

nei: ÓÞÞ.

4 þm. (SP, VE, FrS, GÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 14).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Matthías Bjarnason):

Nú er störfum deildarinnar lokið á þessu þingi og þetta er jafnframt síðasti fundur neðri deildar Alþingis. Það eru vissulega merk tímamót. Nú verður sú breyting á að hér í þessum sal mun framvegis Alþingi allt starfa þegar hin nýsamþykktu stjórnarskipunarlög hafa gekið gildi. Þess er vænst að fyrsti fundur Alþingis samkvæmt hinu nýja skipulagi verði haldinn síðdegis í dag.

Neðri deild Alþingis hefur starfað síðan 1875 eða í 116 ár. Hér í deildinni var frá upphafi vettvangur hinna þjóðkjörnu þingmanna og hér hafa aldrei setið aðrir þingmenn en þeir sem hafa haft umboð til þess frá kjósendum. Jafnframt hafa setið hér tveir þriðju allra þingmanna og það segir sig sjálft að í neðri deild hafa auk löggjafarstarfsins farið fram meginátök stjórnmálanna í landinu. Einkum var það þó á fyrri hluta starfstíma deildarinnar, áður en hin almenna stjórnmálaumræða færðist yfir í sameinað þing. Í deildinni hafa jafnan átt sæti forustumenn íslenskra stjórnmála og hinir merkustu þingskörungar gegnt hér forsetastörfum fyrr á tímum. Ber þar auðvitað fyrstan að nefna Jón Sigurðsson sem kosinn var fyrsti forseti deildarinnar 1875. Síðan hafa 27 menn gegnt forsetastörfum í deildinni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri við þessi tímamót. Vafalaust mun starf deildarinnar verða mikið rannsóknarefni fræðimanna síðar meir. Ég vil nú við starfslok deildarinnar þakka ykkur, hv. þingdeildarmenn, fyrir samstarfið á þessu stutta þingi. Ég þakka skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis öllu fyrir aðstoð og ánægjulegt samstarf þennan stutta tíma sem ég hef gegnt hér forsetastörfum. Jafnframt færi ég varaforsetum og skrifurum deildarinnar þakkir fyrir þeirra störf og góða aðstoð. Ég óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og ykkur öllum allra heilla í störfum sem fram undan eru.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil flytja virðulegum forseta þessarar deildar þakkir okkar þingmanna í neðri deild fyrir hans mildu og hógværu fundastjórn, sem hann hefur sýnt á þeim stutta tíma sem hann hefur verið forseti þessarar deildar.

Virðulegur forseti rakti hér í ávarpi sínu þá merku sögu sem þessi deild hefur átt. Og fyrir okkur sem lítum með nokkrum ljóma sögu Vestfjarða þá er það ánægjulegt samhengi sögunnar að hinn síðasti forseti þessarar virðulegu deildar skuli, líkt og hinn fyrsti, vera úr hópi þingmanna Vestfirðinga.

Ég vil flytja forseta árnaðaróskir okkar. Það eru e.t.v. nokkrar ýkjur að óska honum góðrar heimferðar og heimkomu því hann mun ásamt okkur hinum koma aftur til þings hér síðdegis í dag. En engu að síður geri ég það hér úr stólnum að óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og bið deildarmenn að sýna þakklæti okkar og virðingu við hinn síðasta forseta neðri deildar með því að rísa úr sætum og flytja honum þakkir okkar. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Matthías Bjarnason):

Ég þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þm. þessarar deildar fyrir að taka undir þær óskir. Ég ítreka heillaóskir til deildarmanna.

Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi. Síðasta fundi neðri deildar er slitið.

1. FUNDUR

föstudaginn 31. maí,
kl. 3 síðdegis.

Tilkynning um gildistöku stjórnarskipunarlaga og þingskapalaga.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Í dag hefur Alþingi samþykkt sem lög frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, og frv. til laga um þingsköp Alþingis. Þau hafa nú verið staðfest af forseta Íslands og birt í Stjórnartíðindum.

Í hinum nýju lögum um þingsköp Alþingis er ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Þegar lög þessi, ásamt stjórnarskipunarlögum um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, hafa öðlast gildi fellur niður umboð embættismanna þingsins og þingnefnda. Skal þá aldursforseti Alþingis boða til þingfundar og standa fyrir kosningu kjörbréfanefndar og forseta Alþingis sem gengst síðan fyrir kosningu varaforseta og fastanefnda samkvæmt ákvæðum laga þessara."

Samkvæmt þessu ákvæði fer nú fram kosning níu manna í kjörbréfanefnd eftir 1. gr. laga um þingsköp Alþingis og vil ég biðja um lista.

Kosning kjörbréfanefndar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Geir H. Haarde (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Guðni Ágústsson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

Kosning forseta.

Aldursforseti kvaddi þau Árna M. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og Valgerði Sverrisdóttur, 3. þm. Norðurl. v., til að gegna teljarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn., með 57 atkv. — 2 seðlar voru auðir og 1 seðill ógildur.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Salome Þorkelsdóttir er rétt kjörin forseti Alþingis.

Ég vil leyfa mér að óska henni til hamingju með kjör hennar sem forseta Alþingis og árna henni allra heilla í starfi og bið hana að taka við stjórn þessa fundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir hlýjar árnaðaróskir í minn garð. Jafnframt þakka ég hv. alþm. það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig forseta Alþingis.

Þessi fundur markar tímamót í sögu og störfum Alþingis. Þegar stofnað var ráðgefandi Alþingi með tilskipun konungs 8. mars 1843, sem tók til starfa 1. júlí 1845, var það í einni málstofu. Í umræðum um aukin áhrif Alþingis var það krafa dönsku stjórnarinnar að Alþingi starfaði í deildum, að öðrum kosti yrði að torvelda þinginu að gera breytingar á frumvörpum stjórnarinnar. Árið 1874 setti konungur Íslandi stjórnarskrá. Samkvæmt henni skyldu eiga sæti á Alþingi 30 þjóðkjörnir þingmenn og sex konungskjörnir sem ættu sæti í tólf manna efri deild og hefðu þar stöðvunarvald í atkvæðagreiðslum.

Það var upphaf skiptingar Alþingis í tvær deildir sem hefur staðið síðan þrátt fyrir miklar breytingar á stjórnskipan og tilhögun á vali þingmanna.

Á undanförnum áratugum hafa öðru hverju vaknað hugmyndir um að hverfa frá skiptingu Alþingis í deildir en ekki orðið úr framkvæmdum. Menn hafa rökrætt hvað vinnist og tapist við þá breytingu, en nú hefur Alþingi tekið þá ákvörðun að starfa í einni málstofu. Þess er vænst að við það verði þingstörf greiðari og nefndastörf vandaðri. Eðlilega sakna einhverjir deilda Alþingis en þær heyra nú sögunni til og það er okkar að marka veginn og þá er mikils um vert að við þingmenn verðum öll samtaka og leggjumst á eitt um að veita hinni nýju skipan brautargengi svo að til farsældar megi verða þingi og þjóð.

Kosning varaforseta.

Fór nú fram kosning fjögurra varaforseta Alþingis, skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa.

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa að tekist hefur samkomulag milli þingflokka um kjör fjögurra varaforseta sem ásamt nýkjörnum forseta Alþingis munu mynda hina nýju forsætisnefnd þingsins. Því verður aðeins lagður fram einn listi í þessari kosningu.

Í þessu samkomulagi felst að Sjálfstfl. hefur gefið eftir einn varaforseta sem flokkurinn hefði fengið í sinn hlut ef hann hefði kosið að beita þingstyrk sínum til fulls. Ég vil taka það fram að þetta er gert til að undirstrika þá samstöðu sem verið hefur milli þingflokka um þær breytingar sem gerðar hafa verið í dag á starfsháttum Alþingis og í þeirri von að samstarf verði áfram með sama hætti í hinni nýju forsætisnefnd. Við sjálfstæðismenn viljum láta á það reyna hvort samstarf allra þingflokka í forsætisnefnd um þingstörfin getur orðið farsælt. En ég vil láta það koma jafnframt skýrt fram að þessi ákvörðun okkar nú hefur ekki sjálfstætt fordæmisgildi, hvorki þegar kosnir verða varaforsetar næsta haust né síðar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
2. varaforseti: Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
3. varaforseti: Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., 4. varaforseti: Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og vænti góðs samstarfs við þá. Okkar bíða mikil verkefni nú í sumar við að undirbúa þinghaldið í haust samkvæmt hinum nýju þingsköpum.

Kosning í fastanefndir.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Björn Bjarnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),

Sólveig Pétursdóttir (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

3. Félagsmálanefnd.
Guðjón Guðmundsson (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Einar Kr. Guðfinnsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

4. Fjárlaganefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Einar Kr. Guðfinnsson (A),
Margrét S. Frímannsdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón Kristjánsson (B),
Sturla Böðvarsson (A),
Árni Johnsen (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Páll Pétursson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ragnar Arnalds (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Einar Kr. Guðfinnsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Björn Bjarnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

9. Samgöngunefnd.
Árni M. Mathiesen (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Árni Johnsen (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Sturla Böðvarsson (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Össur Skarphéðinsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Björn Bjarnason (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Páll Pétursson (B),
Geir H. Haarde (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Varamenn:
Árni R. Árnason (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Einar Kr. Guðfinnsson (A),

Hjörleifur Guttormsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón Helgason (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

2. FUNDUR

föstudaginn 31. maí,
að loknum 1. fundi.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 4. mál. — Þskj. 16.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 57 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Ég fylgi hér úr hlaði till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Ályktunartillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 31. maí 1991 og standi sú frestun til septemberloka nema kveðja þurfi það saman skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar."

Ályktunartillaga þessi skýrir sig sjálf og er byggð á ákvæðum stjórnarskrár landsins eins og þeim hefur nýlega verið breytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 17). — [Fundarhlé.]

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er störfum þessa fundar að ljúka. Ég vil við þetta tækifæri þakka öllum þeim sem hafa lagt fram mikla vinnu við að koma hinni nýju skipan Alþingis á. Þar má nefna bæði þingflokksformenn, þingnefndir sem störfuðu í báðum deildum, ásamt og ekki síst starfsmönnum Alþingis. Ég óska þingmönnum og öllu starfsfólki gleðilegs sumars og vænti þess að við hittumst öll ekki síðar en við upphaf nýs þings í haust.

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 114. löggjafarþings, frá 31. maí 1991 og standi sú frestun til septemberloka nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum þessa Alþingis, 114. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum allra heilla.